



„Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri“

Um margbrotna stöðu skáldsins og þýðandans Jóns Óskars
í íslensku menningarumhverfi

Guðmundur S. Brynjólfsson

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs
vorið 2022



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar við doktorspróf í almennri bókmenntafræði.

Reykjavík, 17. mars 2022

Torfi Tulinius

deildarforseti

Doktorsnefnd:

Benedikt Hjartarson leiðbeinandi

Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Ólafur Rastick

„Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri“:

Um margbrotna stöðu skáldsins og þýðandans Jóns Óskars í íslensku menningarumhverfi

© Guðmundur S. Brynjólfsson

Reykjavík 2022

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ORCID 0000-0003-3025-9542

Efnisyfirlit

Aðfararorð	3
Ágrip	4
Abstract	7

Fyrsti kafli

Inngangur

1. Rannsóknarspurningar, bygging kaflaskipting	10
1.1 Maðurinn	19
1.2 Fjögur tímabil	22
1.2.1 Fyrsta tímabil	23
1.2.2 Annað tímabil	33
1.2.3 Þriðja tímabil	35
1.2.4 Fjórða tímabil	40
1.2.5 Samantekt um tímabil	45
1.3 Staða Jóns Óskars í íslenskri bókmenntasögu	45
1.3.1 Hér og þar	48
1.4 Erlendir straumar	51

Annar kafli

Arrière-garde

2. Dæmi úr stríði	54
2.1 <i>Arrière-garde</i> og tíminn	58
2.1.1 Enn um tímann	68
2.1.2 Einskonar framandgerving	78
2.2 Bakgrunnurinn	87
2.3 T.S. Eliot og Jón Óskar, hin fagurfræðilega endurtekning og frestun	97
2.3.1 Hik, frestun, upplausn	122
2.4 Hið íslenska samhengi	126
2.5 Íslenskt <i>arrière-garde</i> í framkvæmd	142
2.6 Yfirlit	149

Þriðji kafli

Jón Óskar og Albert Camus

3. Alexander skoraður á hólmi	153
3.1 Plágan og önnur veikindi	168
3.2 Var Jón Óskar existensíalisti?	174
3.3 Stíll og stríð	179
3.4 Greinileg áhrif	186
3.5 Viðfangsefnið	197
3.6 Til hvers var barist?	208

Fjórti kafli

Utangarðs

4. Jón um Jón	210
4.1 Sölvi	217
4.2 Bóhemían sem skipulagt kaos	234
4.3 Játningagrunnurinn	237
4.3.1 Birkiland	241
4.3.2 Kortlagning hefst	247
4.3.3 Lengra út á jaðarinn	260
4.4 Hefðin og heilsuleysið	273
4.5 Á jaðri jaðarsins	286
Niðurlag	294
Heimildaskrá	299

Aðfararorð

Fljótlega eftir að ég lauk meistaranámi í almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands á vordögum 2012, þar sem ég skrifaði ritgerðina *In Thore fuerunt duo esse, um tvíhyggju og dulúð í þremur ferðabókum Thors Vilhjálmssonar* undir leiðsögn doktors Benedikts Hjartarsonar, þá lektors í almennri bókmenntafræði, fór ég að hugleiða frekara nám, frekari bókmenntarannsóknir. Eftir að hafa ráðfært mig við Benedikt og hann lýst sig reiðubúinn að gerast leiðbeinandi við doktorsverkefni sem ég útlistaði fyrir honum í grófum dráttum hófst ég handa við námið. Þá tók fyrst og fremst við mikil gagnaöflun og lestur sem leiddi mig inn á skemmtilega, og að nokkru, framandi stíga bókmenntarannsókna. Ég fór að fást við ný hugtök, og um sumt, aðra þætti bókmennta en ég hafði áður fengist við.

Að vinna undir handleiðslu Benedikts Hjartarsonar hefur verið afar gefandi og lærdómsríkt. Hann hefur opnað mér nýja sýn á ýmsa þætti rannsóknasviðsins og hefur verið ómetanlegt að njóta þess að geta gengið í þann mikla fróðleikssjóð sem hann býr yfir í bókmenntafræði og skyldum greinum sem þessi rannsókn hefur teygst sig inn á. Benedikt hefur verið iðinn við að benda á lesefni og koma með afar mikilvægar leiðbeiningar um efnistöð og uppbyggingu rannsóknarinnar. Þá hafa samtöl við hann oft framkallað hugmyndir sem mér hefur verið unnt að vinna frekar með. Allt þetta þakka ég af heilum hug. Doktor Gunnþórunn Guðmundsdóttir prófessor í almennri bókmenntafræði og doktor Ólafur Rastrick dósent í þjóðfræði sátu í doktorsnefnd og kann ég þeim bestu þakkir fyrir góðar ábendingar og yfirlestra og liðlegheit þegar ég þurfti að spyrjast fyrir um málefni er vörðuðu þeirra sérsvið. Hörpu Rún Kristjánsdóttur bókmenntafræðingi þakka ég prófarkalestur og einstaka hvatningu á meðan á vinnu stóð. Þá þakka ég Colleen Johnson kærlega fyrir veitta ráðgjöf.

Um þriggja ára skeið naut ég doktorsnámsstyrks úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og þakka ég það hér. Einnig hlaut ég einn af þeim kennslustyrkjum sem Háskóli Íslands úthlutar, sem ekki er síður þakkarvert. Þá þakka ég Unu Margréti Jónsdóttur, dóttur Jóns Óskars, og manni hennar Hólmsteini Eiði Guðrúnarsyni fyrir að bjóða mér heim til sín og ræða um skáldið og manninn, Jón Óskar. Kristínu Jónsdóttur, ekkju Jóns, þakka ég hlý orð og hvatningu þá er lagt var af stað í þennan leiðangur.

Síðast en ekki síst vil ég þakka mínum nánustu fyrir hvatningu og fyrir að gefa mér tíma og rými til þess að sinna þessu verkefni.

Ágrip

Í þessari ritgerð er könnuð staða skáldsins og þýðandans Jóns Óskars á íslenskum menningarvettvangi. Höfundarverki Jóns er fylgt eftir frá því hann fer að láta að sér kveða opinberlega á fimmta áratug síðustu aldar og nánast allt þar til hann lést 20. október 1998.

Árin sem Jón Óskar var virkur í bókmenntalífinu voru mikil umbrotaár bæði alþjóðlega og ekki síður hér heima á Íslandi. Þannig stendur síðari heimsstyrjöldin enn þegar Jón lætur á sér bæra sem skáld og hann er rétt um tuttugu og þriggja ára þegar lýðveldið er stofnað á Þingvöllum. Hann er á hátindi sem rithöfundur á því skeiði þegar byggist upp spenna milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna og fer ekki varhluta af andrúmslofti kaldastríðs eins og það birtist okkur hér uppi á Íslandi. Hann er af þeirri kynslóð sem var nánast skyldug til að taka afstöðu með eða á móti herliði á íslenskri grund í kjölfar Keflavíkursamningsins, Jón Óskar sér '68 kynslóðina vaxa úr grasi og svo bregðast sjálfri sér og samferðafólki. Hann fylgdist með uppgangi rokktonlistarinnar sem hann gefur lítið fyrir, hann horfir á erlendar sjónvarpsstöðvar sýna beint frá Persaflóastríðinu 1991. Hann lifir ekki aðeins tímana tvenna, hann lifir ótrúlega byltinga- og breytingatíma.

Inn í þetta samfélag yrkir Jón, mestmegnis óhefðbundin ljóð, móðernísk – enda eitt af hinum svokölluðu „atómskáldum“. En hann þýðir líka erlenda ljóðlist og færir inn í íslenskt bókmenntakerfi, hann snarar ljóðlist úr öðrum tíma og stillir upp með þeirri formbyltingu sem fór fram í íslenskri ljóðagerð um og upp úr miðri tuttugustu öld. Þannig kemur Jón sér fyrir sem einskonar hliðvörður sem hleypir inn t.d. frönsku sýmbólistunum og mörgum öðrum skáldum frönskum og ítölskum sem höfðu gert garðinn frægan í Evrópu áratugum fyrr. Seinkoma (e. *lateness*) þessara erlendu skálda í gegnum hlið Jóns Óskars, þýðingar hans, inn í íslenskar bókmenntir eru í raun líkt og örmynd af nánast öllu höfundarverki Jóns – og líka veru hans, því allur hans ferill markast af seinkomu eða hiki. Þannig er stíll hans og erindi, en þó alls ekki undir neikvæðum merkjum, heldur sýnir ritgerðin fram á að Jón Óskar er það sem kallað er *arrière-garde* höfundur, eða bakfylkingarhöfundur, en orðin *arrière-garde* og bakfylking eru notuð jöfnum höndum í ritgerðinni.

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla þar sem hugtök á borð við seinkoma, hik, *arrière-garde* eru leiðarstef, auk hugtaka á borð við tímabrengr, töf og frestun – og reyndar annarra af svipuðum meiði, en allt eru þetta hugtök sem með einum eða öðrum hætti fást við tímann og glímu manns og skálds við hann.

Rannsóknarspurningin er fjórþætt:

- 1) Hver er staða Jóns Óskars á íslenskum menningarvettvangi?
- 2) Hvernig birtist hann sem *arrière-garde* höfundur?
- 3) Hver eru helstu stíleinkenni Jóns og hver er fagurfræði hans, eða skáldskaparfræði?
- 4) Hvert sækir hann aðferð og fagurfræði og hvernig þróast þessir þættir á höfundarferlinum?

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar er Jón Óskar kynntur og gerð grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem er viðhöfð í ritgerðinni, þar kemur fram að rannsóknin er fyrsta viðamikla tilraunin til þess að varpa ljósi á Jón Óskar sem skáld og þýðanda, fyrsta tilraunin til þess að skoða hlutverk hans og stöðu og loks fyrsta tilraunin til þess að rýna í margt af því sem er undirliggjandi í fjölbreyttu höfundarverki hans. Skáldskapur Jóns, þýðingar hans og æviminningaskrif eru til umfjöllunar í kaflanum og eru, eins og í öðrum köflum ritgerðarinnar, grunnurinn að öllu því sem hér er til skoðunar.

Í öðrum kafla er hugtakið *arrière-garde* kynnt eins nákvæmlega og kostur er enda er hér verið að beita því í fyrsta sinn í rannsókn á íslenskri bókmennta- og menningarsögu, en með hugtakinu er greind skáldskaparfræði Jóns Óskars og hið fagurfræðilega inntak í erindi hans á íslenskum menningarvettvangi, rætur þeirrar fagurfræði og eðli hennar. *Tíminn* er fyrirferðamikilið hugtak í þessum kafla ritgerðarinnar og leiðir það í margvíslegar áttir, svo sem að heimsslitafræðum, dulhyggju og aftur í franskan klassíkisma, svo eitthvað sé nefnt. Þá er gerð ítarleg grein fyrir því í þessum hluta hvernig T.S. Eliot hefur áhrif á Jón og hvernig sjá má í skáldskap Jóns Óskars þætti sem rekja má beint – en þó um Eliot – til enska skáldsins og heimspekingsins T.E. Hulme. Mikilvægi Henris Bergson er undirstrikað og sýnt fram á hvernig áhrifa hans gætir í höfundarverki Jóns.

Þriðji kafla hefst á því að greint er frá sérstöku samtali sem Jón Óskar á við Alexander Jóhannesson, eða öllu heldur bók hans *Meningarsamband Frakka og Íslendinga* (1943), þrjátíu árum eftir að sú bók kemur út og allnokkrum árum eftir að Alexander deyr. Annars greinir þriðji kaflinn að stærstum hluta frá þeim áhrifum sem Albert Camus hefur á texta Jóns og fagurfræði. Í því sambandi má nefna hvernig annálastíllinn úr *Plágunni* endurómar í minningabókum Jóns, einnig er samhljómurinn í viðhorfum Camus og Jóns til existensíalismans áhugaverður. Einnig fyrirlitu Camus og Jón Óskar mjög snemma, verandi dyggir vinstrimenn, ógnarstjórn Stalíns í Sovétríkjunum. Þá er í kaflanum greint frá stöðu endurminningabóka Jóns í samanburði við endurminningabækur höfunda á borð við Kristmann Guðmundsson og Halldór Laxness.

Fjórði kaflinn sýnir fram á að áhugi Jóns á sérstæðum persónum í mannlífinu vaknar snemma og birtir með ákveðnum hætti þá samlíðun sem Jón hafði ætíð með lítilmagnanum. Hér er kannað hvernig Jón kortleggur bóhemíuna í Reykjavík, í bæði viðleitni til að samsama sig henni en um leið til þess að gera lesendum endurminningbókanna ljóst hvar hann stendur sjálfur innan þeirrar sömu bóhemíu. Hér eru samanburðarfræði áberandi þáttur, því Jóni er skoðaður í samanburði við skáld hinnar íslensku bóhemíu, menn eins og t.d. Jóhannes Birkiland, Steindór Sigurðsson og Vilhjálmm frá Skáhholti. Leiðarstef kaflans er þó sú kenning að undir lok skáldskaparferils síns hafi Jón samsamað sig æ meira utangarðsmanninum í íslenskum veruleika, enda taldi hann sig löngum utangarðs og ekki njóta sannmælis í ýmsum menningarkreðsum þjóðarinnar, þannig hafi Jón að endingu séð sjálfan sig sem einskonar Sölva Helgason sinnar tíðar.

Abstract

This thesis investigates the status of the poet and translator Jón Óskar (1921-1998) within the Icelandic cultural field. Jón Óskar's literary career is followed from the 1940s, from the time of his first published poem, and almost up to his death on October 20, 1998.

The years in which Jón Óskar was active in literary life were turbulent years both in Iceland and internationally. Jón Óskar published his first poems during the WWII and he was 23 years old when the Icelandic Republic was founded, at Þingvellir. He was at his peak as a writer at the time of the Cold War and the tension of that period in Iceland marks both his personality and his literary career. Jón Óskar belonged to the generation which was almost forced to take sides with or against military forces on Icelandic territory, after the US defence agreement in 1951. Moreover, Jón Óskar saw the '68 generation grow up and then betray the society and its own ideology. He witnessed the newborn rock and roll music evolve, the genre of music he despised; he watched foreign television stations, via satellite, broadcast directly from the 1991 Gulf War. Therefore, it is no exaggeration to state that Jón Óskar lived through an incredibly turbulent transition period.

During this era of rapid modernization and social change Jón Óskar writes his modernist unconventional poetry and early on in his career he is defined as one of the “atomic poets”. The generation of poets who made their appearance after the WWII came to be known as the “atomic poets”. The poets involved introduced a structural revolution in Icelandic literature and they are, rather inaccurately, sometimes referred to as the first modernists in Icelandic poetry. Jón Óskar also translates foreign poetry from a different era, mainly by the French symbolists, into Icelandic. Moreover, he sees his translations of such texts in harmony with the poetry of the Icelandic modernists, who use irregular form in days when form and structure is significantly changing. Thus, he establishes himself as a gatekeeper, being the one who controls access to the Icelandic literary field. For example, he is pivotal in introducing the work of the French symbolists and other French and Italian poets, who had been at their peak of fame in Europe decades earlier, to the Icelandic literary scene. The *lateness* of those foreign poets into Icelandic literature, through the gates of Jón Óskar and his translations, is actually like a microcosm of almost all of the author's oeuvre – and also his presence, but his entire career is marked by lateness, late arrival, or hesitation. Such was his style and role, not in a negative sense though, because the thesis demonstrates that Jón Óskar can be characterised as a rear-guard (*arrière-garde*) author.

The thesis is divided into four main chapters, in which terms such as *late arrival*, *hesitation* and *arrière-garde* are guiding principles, as well as *time distortion* and *delay or suspension* – and indeed others of similar nature: in a nutshell, all concepts that in one way or another deal with time and man’s struggle with temporality.

The research question is fourfold:

- 1) What is Jón Óskar’s position within the Icelandic cultural field?
- 2) How does he appear as an *arrière-garde* author?
- 3) What are Jón Óskar’s characteristics according to: writing style, aesthetics, or poetics?
- 4) What were the influences on Jón Óskar’s method and aesthetics? And how did they evolve?

In the first chapter of the thesis, Jón Óskar is introduced and the methodology used in the thesis outlined. The study is the first extensive attempt to highlight Jón Óskar as a poet and translator, the first attempt to examine his role and status in the Icelandic cultural field, and the first attempt to analyse the roots of his writing. All of his writings, his translations and memoirs are under consideration in this chapter and are, as in other chapters of the thesis, the foundation of the study.

The second chapter focuses on the term *arrière-garde*, but this is the first time it is being used in a study of Icelandic literary and cultural history. The term is a tool to identify and analyse the method of Jón Óskar's writing and his aesthetic presence within the Icelandic cultural scene, the roots of the aesthetic involved as well as its nature.

Temporality is an important concept in this chapter, the concept of time points towards specific themes such as: Christian eschatology, mysticism, and French classicism – to name just a few. This section outlines how the works of T.S. Eliot influence Jón Óskar and how his writings feature elements that can be directly traced – to and beyond Eliot – to the English poet and philosopher T.E. Hulme. Henri Bergson’s importance is also underlined in this chapter, explaining how some of Bergson's ideas are echoed in Jón Óskar’s writings.

The third chapter begins with the reporting of a peculiar “conversation” that Jón Óskar has with Alexander Jóhannesson, or rather with his book *Menningarsamband Frakka og Íslendinga* (The French-Icelandic Cultural Union, 1943), thirty years after its publication, and several years after Alexander’s death. Above all, the third chapter focuses on the influence Albert Camus has on Jón Óskar’s writing and aesthetics. This includes how the chronicle-style from the *Plague* echoes in Jón's memoirs, moreover, it is also interesting to note the

harmony in Camus's and Jón's views on existentialism. Also, Camus and Jón Óskar despised very early, being loyal leftists, Stalin's threat regime in the Soviet Union. Finally, the chapter analyses the status of Jón Óskar's memoirs, compared to the memoirs of authors such as Kristmann Guðmundsson and Halldór Laxness.

The fourth chapter reveals that Jón Óskar's interests in peculiar characters within the society arise early and this highlights the compassion he always had with the underdog. The chapter examines how he maps the bohemian milieu in Reykjavik, both to identify himself with it, but at the same time to make the readers of the memoirs realize where he himself is situated within that same bohemia. Here, comparative studies are the key factor as Jón is compared to poets of the Icelandic bohemia, men such as Jóhannes Birkiland, Steindór Sigurðsson and Vilhjálmur frá Skáholti, among others. The theme of the chapter, however, is the theory that towards the end of his writing career Jón identified himself with the Icelandic cultural outsiders, more than ever. Hence, his opinion was that for long periods his writing did not receive the acclaim he thought it was due. And therefore, he saw himself as an outsider, on a par with the famous artist, Sölvi Helgason.

Fyrsti kafli

Inngangur

Rannsóknarspurningar, bygging og kaflaskipting

Jón Óskar er einskonar eyland í íslenskri bókmenntasögu. Ljóð hans og ljóðþýðingar sköpuðu honum snemma nafn. Hann var einn af *Birtings*-mönnum og var þar í hópi manna sem voru misþekktir í menningarlífinu, en örugglega má halda því fram að Jón Óskar hafi ekki verið þeirra frægastur. Endurminningar hans eru áhugaverðar, bæði hvað varðar efnistöð og stílbrogð og standa um margt sér í íslenskum bókmenntum, sex bækur. Þar er sögð menningarsaga af öðrum sjónarhóli en finnst í skrifum annarra, hvort heldur eru skáld eða listamenn. Þetta mikla sex binda sjálfsævisögulega verk Jóns hefur hlotið svipuð örlög og margar aðrar sjálfsævisögur. Um það hefur lítið verið fjallað en það er ekki fyrr en á síðustu áratugum sem íslenska sjálfsævisagan hefur fengið einhverja umræðu að ráði og þá oft afmarkaðir þættir hennar.¹ Þannig hefur t.d. minnið, svo eitthvað sé nefnt, verið skoðað nokkuð á undanförunum árum.

Smálega hefur þó verið vikið að skrifum Jóns í sýnisbókum og í fræðiritum um afmörkuð efni, þ.á m. um þýðingar, móðernisma og/eða atómskáldin. Sem *Birtings*-manns er Jóns Óskars getið en þáttur hans ekki rakinn ítarlega.² Um smásagnagerð Jóns hefur lítið sem ekkert verið fjallað og sama gildir um sagnfræðileg skrif hans. Jón kemur fyrir í æviminningum samtíðarmanna eins og t.d. Hannesar Sigfússonar³ og Agnars Þórðarsonar⁴ og í ævisögum

¹ Hér er rétt að geta nokkurra texta sem fást við rannsókn á, meðal annars, íslenskum ævisögum: Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: Um sjálfsævisögur kvenna*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997; *Íslenskar konur: Ævisögur*, ritsjtj. Ragnhildur Richter. Mál og menning, Reykjavík 2002; Soffía Auður Birgisdóttir. „Skáldævisagan: Tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“, *Skíma* 2/2004, bls. 41-44; Soffía Auður Birgisdóttir. „Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar“, *Andvari* 1/2001, bls. 158-168; Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Skáldað líf: Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“, *Skírnir* 2003 (vor), bls. 109-125; Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Líf á bók: Um ævisögur og sjálfsævisögur“, *Skíma* 2/2004, bls. 33-36; Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Sjálfi í frásögn: Um *Flökkulíf* og *Framhaldslíf förumanns* eftir Hannes Sigfússon“, *Skírnir* 2007 (vor), bls. 180-197.

² Þó hefur nokkuð verið ritað um *Birting* og árið 2015 varði Þröstur Helgason viðamikla doktorsrannsókn um það efni við Háskóla Íslands. Þar verður ljósari en áður þáttur Jóns í ritstjórn og önnur aðkoma að tímaritinu en auðvitað er staða hans þar þó ekki viðfangsefni rannsóknar Þrastar. Þröstur Helgason. *Opna svæðið: Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi*. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands / Háskólaútgáfan, Reykjavík 2020.

³ Hannes Sigfússon. *Flökkulíf*. Iðunn, Reykjavík 1981; Hannes Sigfússon. *Framhaldslíf förumanns*. Iðunn, Reykjavík 1985.

⁴ Agnar Þórðarson. *Kallað í Kremlarmúr*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1978; Agnar Þórðarson. *Í vagni tímans*. Mál og menning, Reykjavík 1996.

manna eins og t.d. Steins Steinars í bókum Gylfa Gröndals,⁵ en slík brot eru vitaskuld bara glefsur. Þetta er aðeins handahófskennd upptalning, alls ekki tæmandi, til þess gerð að benda á stöðu Jóns sem skálds sem hvergi hefur verið miðpunktur rannsóknar, heldur aukapersóna með óljóst hlutverk. Vitaskuld er Jón Óskar ekki einsdæmi í þessum efnum og fátt hefur verið skrifað um samtímamenn hans úr skáldastétt en þó hefur frekað örlað á viðleitni í þá átt að gera öðrum skil en honum.⁶

Þegar svona er komið er ekki óeðlilegt að hugmyndir um jöðrun innan bókmenntaheimsins skjóti upp kollinum. Þá er ekki átt við svokölluð neðanjarðarskald eða –rithöfunda eða þá sem eru fæstum sýnilegir, gefa lítt eða ekki út, ellegar í litlum upplögum hjá óþekktum forlögum, heldur þá jöðrun sem ríkir innan hins viðurkennda bókmenntakerfis. Á þeim jaðri staðsetti Jón Óskar sig sjálfur í eigin skrifum, eins og sýnt verður fram á í þessari rannsókn.

Það hefur verið venjan að bókmenntasagan sé skrifuð með þvinguðum hætti, ef svo má að orði komast, sem endalaus keðja atburða/stefna sem hver á fætur annarri sé uppreisn gegn því sem áður var. En einmitt þesskonar skrif henta ekki öllum og allra síst mönnum eins og Jóni Óskari. Þessi ritgerð andæfir slíkum sjónarmiðum og staðsetur Jón Óskar með öðrum hætti en áður hefur verið gert. Hugmyndin um að hið nýja í bókmenntum leysi af hólmi hið gamla, og jafnvel ráðist gegn því, á ekki við í því bókmenntalega rými sem Jón Óskar skapaði sér – eða varð hlutskipti hans. Hér verður þó að nefna að slíkur bókmenntasögulegur lestur útilokar ekki á stöku stað hina hefðbundnu nálgun, enda er hér gengið í smiðju Júrijs Tynjanov sem fyrst og síðast varar við naív⁷ lestri á bókmenntasögunni, og gerir í raun einnig athugasemd við hugtakið sjálft, bókmenntasaga en kýs þess í stað að tala um „bókmenntalega þróun“.⁸

Eiginleg rannsóknarspurning þessarar ritgerðar er í fjórum meginliðum:

⁵ Gylfi Gröndal. *Leit að ævi skálds* 1. bindi. JPV, Reykjavík 2000; Gylfi Gröndal. *Leit að ævi skálds* 2. bindi. JPV, Reykjavík 2001.

⁶ Líklega hefur mest fræðilegt efni komið út um Sigfús Daðason, af samtímamönnum Jóns Óskars, t.a.m.: Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús: Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*. JPV, Reykjavík 2007. Þá hefur einnig nokkuð verið ritað um Thor Vilhjálmsson, t.d.: *Fuglar á ferð: Tíu erindi um Thor Vilhjálmsson*. ritstj. Helga Kress. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands/Háskólaútgáfan, Reykjavík 1995; Örn Ólafsson. *Rit Thors Vilhjálmssonar*. Útgefanda ekki getið, útgáfustaðar ekki getið, 2016. Nýverið kom út viðamikilið safn ljóða Einars Braga í tveimur bindum en þar ritar formálsorð Ástráður Eysteinnsson og er sá texti mikilvægur í þessu samhengi. Ástráður Eysteinnsson. „Blik í dagsins auga: Um feril og ljóðagerð Einars Braga“, *Einar Bragi Ljóðasafn* 1. bindi. Dimma, Reykjavík 2021, bls. 5-72.

⁷ Með naív er átt við það að til þess að taka bókmenntasöguna alvarlega þarf fyrst að viðurkenna hana sem vísindi, það hefur ekki verið gert að mati Tynjanovs. Hún er að hans mati vísindagrein sem lýtur í raun lögmálum þróunarfræðinnar, þ.e. hún þróast, hún stökkbreytist. En hún silast ekki áfram af andófi einu saman við það sem áður var.

⁸ Jurij Tynjanov. „On Literary Evolution“, þýð. C.A. Luplow í *Twentieth-Century Literary Theory: An Introductory Anthology*, ritstj. Vassilis Lambropoulos og David Neal Miller. Albany, State University of New York Press, 1987, bls. 153. Hvað varðar bókmenntasöguhugtakið þá verður það látið liggja á milli hluta í þessari ritgerð enda ekki viðfangsefni hennar að kryfja það sjálft til mergjar.

- 1) Hver er staða Jóns Óskars á íslenskum menningarvettvangi?
- 2) Hvernig birtist hann sem *arrière-garde* höfundur?
- 3) Hver eru helstu stíleinkenni Jóns og hver er fagurfræði hans, eða skáldskaparfræði?
- 4) Hvert sækir hann aðferð og fagurfræði og hvernig þróast þessir þættir á höfundarferlinum?

Rannsókninni er ætlað að fylla upp í mynd þeirrar hefðar sem kennd hefur verið við íslenskan módernisma. Hún beinir sjónum að áður ókönnuðum uppsprettum og kortleggur með nýjum hætti þær hefðir sem íslenskur módernismi sprettur úr. Þannig má sjá hvernig hefð „íslensks“ módernisma er samsett og eins eru raktir einstaka þættir hennar með skýrari hætti en áður til ákveðins bókmenntasögulegs samhengis, hvort heldur þeir tengjast sýmbólisma, framúrstefnuhreyfingum, existensialisma eða heimspekistefnum sem voru á hátindi útbreiðslu sinnar á fyrri hluta tuttugustu aldar – svo dæmi séu nefnd. Síðast en ekki síst er markmiðið að auka skilning á verkum skáldsins Jóns Óskars og hlutverki þeirra á íslenskum menningarvettvangi. Þá er markmið rannsóknarinnar að greina samtal Jóns Óskars við ólíka strauma evrópskra nútímabókmennta á síðustu öld og skoða hverju þetta samtal skilaði inn í íslenskt bókmenntakerfi.⁹

Sjónarhornin á viðfangsefni þessarar rannsóknar eru nokkur. Þau eru af bókmenntasögulegum toga en jafnframt hugmynda- og menningarsöguleg. Einnig og eðlilega eru efnistökin skáldskaparfræðileg. Þannig skarast þessir þættir og þess vegna er rétt að útskýra ögn betur.

Af vettvangi bókmenntasögunnar er játningahefðin fyrirferðarmest og í framhaldi af henni, eða jafnvel óhjákvæmilegur hluti hennar, kemur eskatólógían sem dregin er fram í höfundarverki Jóns Óskars og þá einnig guðfræðin sem vísað er til í ritgerðinni. Þá eru það hinir ævisögulegu textar Jóns, þeir eru endurlit úr öðrum tíma, standa mjög nálægt höfundi og eru þannig sögulegir, en einnig sögulegir í öðrum skilningi þess orðs, þeir eru saga til næsta bæjar.¹⁰ Síðan eru það hin sagnfræðilegu skrif Jóns, en hjá honum fjalla þau alltaf með einum

⁹ Sjá m.a. Benedikt Hjartarson. „Af úrkynjuðum, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi“, *Ritið* 1/2006, bls. 79-119; Benedikt Hjartarson. „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefnunnar: Ótímabærar hugleiðingar um hefðarvitund og nýsköpun“, *Són: Tímarit um óðfræði*, 8/2010, bls. 175-207; Benedikt Hjartarson. „Ímagismi og vortisismi: Stefnuyfirlýsingar í íslenskri þýðingu“, *Skírnir* (haust) 2005, bls. 279-303; Ástráður Eysteinnsson „T.S. Eliot á Íslandi“ (meðhöf. Eysteinn Þorvaldsson). *Skírnir* 2008 (haust), bls. 404-437; Ástráður Eysteinnsson. *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999; Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús; Yfirlýsingar: Evrópska framúrstefnan, ýmsir þýðendur*, ritstj. Benedikt Hjartarson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2001.

¹⁰ Í *Orðabók Menningarsjóðs*: „sögulegur 1 sagnfræðilegur, sannfræðilegur [...] 2 mikilvægur, frásagnarverður“, bls. 1022.

eða öðrum hætti um texta, t.a.m. texta gamalla dómabóka eða ritaðra sagnaþátta um Sölva Helgason. Að endingu er um að ræða þýðingar sem oft, lang oftast reyndar, eru úr fortíð. Allt eru þetta ólíkar bókmenntagreinir og jafnvel greinar á mörkum sjálfs bókmenntahugtaksins og þar er meginástæðan fyrir því að hér verður farin leið sem ekki er hefðbundin, það vill segja, viðtekin línuleg bókmenntasöguleg greining er ekki fær og heldur ekki hefðbundin bókmenntafræðileg greining. Vitaskuld falla svo að lokum einnig hefðbundin skrif Jóns Óskars, ljóð, skáldsaga og smásögur, inn í bókmenntasöguna.

Því er haldið fram hér að þetta höfundarverk kalli á menningarsögulegt og hugmyndasögulegt sjónarhorn auk skoðunar á skáldskaparfræðilegum þáttum. Hér verður nú nánar vikið að þessari sundurgreiningu svo auðveldara sé að rekja sig áfram eftir rannsókninni:

Rannsóknin er öðrum þræði menningarsöguleg greining. Það er þar sem t.d. er litið til skrifa Bourdieus, þ.e. þegar undir er bókmennta- og menningarfélagsfræði. Þegar fjallað er um bókmenntakerfi er t.d. stuðst við kenningar Júrís Tynjanov og Itamars Even-Zohar. Og að endingu fellur bóhemían undir hinn menningarsögulega þátt. Þessa þætti þarf að greina og er helsta ástæðan það mikla magn ævisögulegra texta sem Jón Óskar lét frá sér fara, en eitt helsta viðfangsefni hans í þeim skrifum virðist vera að staðsetja sjálfan sig og verk sín. Þannig gagnast hugmyndir Bourdieus þegar rýnt er í fagurfræði Jóns sem löngum tekur einskonar siðferðileg viðmið, Tynjanov og Even-Zohar eru aftur á móti afar gagnlegir þegar hin kerfislæga hugsun er undir í uppstillingum Jóns og má segja að, sér í lagi Tynjanov, bakki upp hugmynd William Marx um *arrière-garde*.

Einnig er um að ræða hugmyndasögulega greiningu. Áhersla er lögð á eskatólógíuna, útópíu, endurlausn, bið og hugmyndir um tímann. Hér er það sem *arrière-garde* eða bakfylkingarhugtakið nýttist hvað best. Það er verkfærið sem þessi rannsókn notar til þess að kanna allt það sem varðar tímann, hvort heldur það er tímaskekkjan í þýðingum, tengingar við evrópsk verk fortíðar í víðara samhengi, og gildir þá einu hvort um er að ræða T.S. Eliot eða T.E. Hulme, frönsku sýmbólistana eða George Sand, Carlo Levi og Ignazio Silone.

Rannsóknin skiptist í fjóra meginkafla. Fyrsti kafli er einskonar inngangur þar sem grundvöllurinn er lagður, hér er einnig lauslega skoðaður bakgrunnur Jóns, frá ævisögulegu sjónarhorni, og tiplað á þeim þáttum sem ítrekaðir verða í rannsókninni. Þá er hér einnig snert á þeim flötum sem mikilvægir verða að teljast þótt ekki reynist kleift að fylgja öllum eftir af þunga í síðari köflum ritgerðarinnar.

Í öðrum kafla rannsóknarinnar er fagurfræði Jóns Óskars undir, hér er því haldið fram að hún byggist á frestun eða hiki og ákveðnu samspili tíma og rýmis. Því er haldið fram að hún sé nokkuð sérstæð og í raun einstök í íslensku samhengi, mótsagnakennd en samt með skýrar

útlínur. Þegar rætt er um hikið þá er það nátengt hugmyndinni um seinkomuna (e. *lateness*) sem er annað hugtak sem á stundum rennur saman við hugmyndina um hik, bæði þessi einkenni eru tengd *arrière-garde* hugmyndinni sem skýrð er ítarlega í kaflanum. Þó er ekki dregið jafnaðarmerki á milli þessara fyrirbæra heldur undirstrikað hvernig þau fylgjast að í tilfalli Jóns Óskars. Þannig er stundum notað hugtakið *hik* þegar einnig hefði komið til álita að nota annað orð, svo sem *frestun*, *töf*, *seinkun* eða annað af svipuðum meiði. Jafnvel gætu í sumum tilfellum komið til álita orð eins og *efi*, *eftir á*, *tímabrensl*, *tímavilla*. Þessi seinkun í skrifum er seinkun hins óumflýjanlega, hikið er vegna hins óumflýjanlega; þannig er þessi hugmynd eskatólógísk, en á það hafa t.d. Frank Kermode og Ben Hutchinson bent auk annarra og verður sá þráður tekinn upp í kaflanum.¹¹

Þegar rætt er um eskatólógíu í þessari rannsókn er rétt að gera grein fyrir því við hvað er átt nákvæmlega, eða eins nákvæmlega og unnt er að nálgast það hugtak. Það er meðvituð ákvörðun að tala hér um eskatólógíu en ekki heimsslitafræði, því hér er gert ráð fyrir handanveruleika Guðs (þ. *Transzendenz*) og eins er í orðsifjafræði ekkert sem gefur til kynna að um *heim* sé að ræða.¹²

Guðfræðingurinn Sigurjón Árni Eyjólfsson tekur saman það sem kalla mætti „tegundir eskatólógíu“ í samhengi við hugmyndina um staðleysu – sú tvennd hefur löngum verið samferða í vitund fólks:

1. Staðleysa og eskatólógía eru nánast það sama.
2. Skilin á milli staðleysu og eskatólógíu eru þannig að annað útilokar hitt.
3. Sérstaða eskatólógíu og staðleysu er með þeim hætti að þær hafa hvor um sig sitt eigið hlutverk en tengjast.¹³

Þegar síðar í þessari rannsókn er rætt um eskatólógíu í samhengi við skáldskap Jóns Óskars og í samhengi við þær hugmyndir um tíma sem raktar eru í ritgerðinni er skilningurinn á hugtakinu sá sem lýst er í fyrsta lið hér að framan; enda rímar sú leið við hugmyndir Pauls Tillich og

¹¹ Ben Hutchinson. *Lateness and Modern European Literature*. Oxford University Press, Oxford 2016, bls. 307-325. Frank Kermode. *The Sense of an Ending: Studies in the Theory of Fiction*. Oxford University Press, New York 1973, bls. 95 og víðar.

¹² Orðið eskatólógía er komið úr grísku, nánar tiltekið af *ta eschata* sem þýða mætti *hinir síðustu hlutir* og vísar m.a. til væntingar kristinna um upprisu og dóm. Í víðasta samhengi er eskatólógía orðræða um endalok. Þar sem vísað er til *enda* í þessu samhengi gæti það merkt endalok einstaklings, eða lok okkar tíma. Kristin söguhyggja er hér mikilvæg því hún gengur útfrá línulegum framgangi sögunnar, ekki hringferli eða öðrum möguleikum. Sagan hefur upphaf og mun þar af leiðandi líða undir lok. Því er eskatólógía nær því að vera sögulitafraði frekar en heimsslitafraði. Sjá t.d.: Alister E. McGrath. *Christian Theology: An Introduction* (þriðja útgáfa). Blackwell Publishing, Malden/Oxford/Victoria 2006, bls. 553.

¹³ Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Trú, von og þjóð – Sjálfsmynd og staðleysu*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2014, bls. 94-95.

Ernsts Bloch – en þeir eru báðir í heimildargrunni vegna þessara þátta, tímans, rýmisins og eskatólógíunnar, þar sem hin útópíska hugsun er undirliggjandi.

Óumflýjanlegur hluti eskatólógískra þælinga er biðin, en hikið og töfin sem hér eru sett í forgrunn greiningarinnar á skrifum Jóns Óskars eru birtingarmynd slíkrar biðar. Samfara biðinni er þjáning, biðin eða óvissan verður til í þjáningunni. Þannig er biðin kjarni eskatólógíunnar, þessir þættir haldast í hendur og styrkja tenginguna við játningabókmenntirnar, draga upp þá mynd af ævisögulegum skrifum Jóns Óskars, að þar sé um játningabókmenntir að ræða.¹⁴ En stílbragðið, hik, töf, er einnig greinilegt, eins og sýnt verður fram á, í ljóðagerð Jóns. Og enn raungerist eskatólógísk hugsun í umfjöllun Jóns Óskars um bóhemíuna og þar sem bóhemían er eskatólógískt fyrirbæri í sjálfri sér, svo sem sýnt verður fram á í ritgerðinni, þá liggur greining undir þeim formerkjum beint við.

Í kaflanum er einnig greint það fagurfræðilega umhverfi sem ríkir þegar Jón Óskar fer að láta að sér kveða sem rithöfundur. Það er í þessum kafla sem kenningar og hugmyndir um Jón Óskar sem *arriére-garde*, eða „bakfylkingarskald“ verða lagðar fram, en þær munu verða hryggjarstykki í allri greiningu á höfundarverki Jóns. Samspil tímans og *arriére-garde* er hér kannað og tímahugtakið skoðað í því ljósi. Gaumgæft er hvernig Jón vinnur fram og aftur eftir ási tímans, t.d. í þýðingum sínum, og til glöggvunar þar er m.a. litið á hugmyndir Ernsts Bloch. Fyrirferðarmestur er þó Henri Bergson hvað varðar greiningu á þessum tímahugmyndum, en þar er litið til hugmynda Frakkans um tímann og raunveruna. En til þess að skoða hugtakið samtími eða samtímaleiki er farið í smiðju til Ítalans Giorgio Agamben. Þá eru og raktir þræðir aftur til Haraldar Níelssonar sem einmitt er einn af þeim fyrstu sem kynnir Bergson á Íslandi. Í þessu sambandi er og skoðað með hvaða hætti Guðmundur Finnbogason kynnir Bergson hér og hvernig þættir í skrifum Þórbergs Þórðarsonar eru eins og „fyrirboði“ um þá stefnu sem Jón Óskar tekur. Guðfræðilegar tengingar eru skoðaðar og mátaðar jafnt við hugmyndir um eskatólógíu sem og játningahefðina en þekkingarhefðir fortíðar og ræturnar úr t.d. játningahefðinni skipta meginmáli í því hvernig tengja má Jón við eskatólógíu.

Hér er líka athugað hvernig þessi fagurfræði Jóns Óskars mótast og þróast. Hvað hefur þar helst áhrif? Einn af þeim sem þar er nefndur er Sigurður Nordal, vikið er að þætti Ágústas H. Bjarnasonar og síðast en ekki síst Jeans-Maríes Guyau. Mikið er horft til T.S. Eliot en til hans eru rakin sterk áhrif endurtekningar og hiks í skáldskaparmáli, í framhaldi af því er bent á T.E.

¹⁴ Hinn dæmigerði játningahöfundur er alltaf að búa sig undir eitthvað, oftast hreint og beint dauðann eða brothvarf héðan úr heimi. Það er þess vegna, að stærstum hluta, að hann skoðar líf sitt og sú skoðun miðar oftast en ekki að þjáningunni í lífinu, píslunum, ömurð og eynd. Hvað þar liggur að baki er flókið, en ætla mætti – í það minnsta þegar um er að ræða höfunda sem gera sér einhverja, jafnvel veika, von um framhaldslíf – að um sé að ræða viðurkenningu eða ábendingu til æðri máttar um að viðkomandi hafi mátt þola nóg í lifanda lífi.

Hulme sem áhrifavald á fagurfræði Jóns Óskars. Þá er greint hvernig T.S. Eliot er í raun boðberi hugmynda sem eiga rætur hjá frönskum þjóðernissinum og bent á hvað skilar sér inn í fagurfræði Jóns úr þeim ranni. Horft er aftur til franskrar ný-klassíkur og hugsuða á borð við Charles Maurras.¹⁵

Ennfremur er hér vikið að hinum mystísku efnisþáttum sem eiga þátt í að móta fagurfræði hiksins og endurtekningarinnar og lúta m.a. að hugmyndinni um upplausn höfundarins, eða galdrinum í stíl Jóns. Í þessum efnisþáttum er litið til Rolands Barthes og Pers Faxneld. Í þessu samhengi eru líka skoðaðar guðspekitengingar Bergsons, vikið að deilum innan íslensku kirkjunnar við upphaf tuttugustu aldar og hvernig þær deilur áttu þátt í að kynna hér til sögunnar nýja hugsuði. Þetta er mikilvægt vegna þess að svo er að sjá sem Jón líti á sig sem einskonar nýja sköpun, eða endursköpun hinna gömlu meistara sýmbólismans.

Þróunin í fagurfræði Jóns er sett undir mælistiku t.d. Pierres Bourdieu þar sem sýnt er fram á hvernig kallast á siðfræði, fagurfræði og hugmyndin um menntun. Þá er skoðað hvernig Jón Óskar horfir á stöðu sína á meðal skáldbræðra sinna um miðja tuttugustu öld. Bókmenntaumhverfið sem hann hrærist í bæði sem nýliði og þegar fram í sækir er og kannað. Dregin eru fram þau tímabrengl sem svo oft einkenna texta Jóns, skoðað er hvernig Jón Óskar virðist sem skáld og þýðandi liggja í einskonar tímalegu tómarúmi, og dæmi tekin þar um úr textum skáldsins. Grafist er fyrir um áhrifavalda Jóns í þessum efnisþáttum og t.d. skoðaðir textar eftir Tristan Corbière. Hugmyndin um Jón Óskar sem *arrière-garde* er stöðugt undir í öllum efnisþáttum kaflans, líkt og annarra kafla í ritgerðinni, og í því sambandi er t.d. tekið konkret dæmi um *arrière-garde* viðbrögð Jóns Óskars við pólitískum álitamálum þessa tíma.

Sótt er í margar og á stundum ólíkar áttir og mörg og fjölbreytileg sjónarhorn eru uppi í þessari ritgerð í þeirri viðleitni að skýra og rýna fagurfræði Jóns Óskars og þann fjölþætta vef sem hér er til skoðunar varðandi list hans og menningarlega afstöðu. Þróun hans sem rithöfundar og þýðanda, og samfélagsrýnis er flókin og kallar á verkfæri af þeim margbreytilega toga sem áður er getið.

Í þriðja kafla er haldið áfram að rannsaka fagurfræði Jóns, hikið eða töfina; hinn undarlega tíma. Jón Óskar er borinn saman við Albert Camus, sem höfundur og persóna í hinu íslenska bókmenntakerfi. Hér er fyrst og fremst litið á hvernig ákveðnir þættir í lífshlaupi Camus og

¹⁵ Um hugmyndafræði Maurras, sjá t.d. Venita Datta. *Birth of a National Icon: The Literary Avant-Garde and the Origins of the Intellectual in France*. State University of New York Press, Albany 1999, bls. 215 og víðar; Michael Curtis. *Three against The Third Republic: Sorel, Barrès, and Maurras*. Greenwood Press, Westport 1976, bls. 68-71, 122-123, 224-226. Charles Maurras (1868-1952) var hugmyndafræðingur og leiðtogi frönsku þjóðernishreyfingarinnar *Action française* og ritstýrði málagnni hennar sem hét sama nafni. Hann var einarður talsmaður nýklassísismans í Frakklandi og áhrifavaldur bæði í stjórns- og menningarmálum. Michael Curtis. *Three Against The Third Republic*, bls. 59-63.

skrif hans, bæði bókmennta- og heimspekileg, ríma við skrif Jóns og stöðu. Þannig er dregið fram hvernig Jón Óskar, sem þýddi nokkuð eftir Camus, gengur á margan hátt inn í hlutverk hins franska skálds í íslensku samhengi. Með svipuðum hætti verður vikið að Giovanni Papini, en með hliðsjón af skrifum hans og Camus verða endurminningabækur Jóns greindar og raktir þræðir inn í hefð játningabókmennta. Þá eru einnig í þessari lotu þýðingar Jóns á þremur smásögum eftir Camus: „Gesturinn“,¹⁶ „Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína“¹⁷ og „Þöglir menn“¹⁸ og svo *Plágan* eftir sama höfund. Þessar þýðingar styrkja enn frekar þá kenningu að Camus hafi verið mikill áhrifavaldur á höfundarverk Jóns því efni, og efnistöð í þessum sögum hafa marga skyldleikabætti við skrif Jóns Óskars. Julia Kristeva, Roland Barthes og Walter Benjamin leggja til helstu verkfærin þegar áhrif Camus á Jón eru skoðuð og er þá áherslan á upptöku texta, hermun og yfirfærslu.¹⁹

Horft er til þess í þriðja kafla hversu áhrif játningabókmennta skila sér inn í stíl *Plágunnar* eftir Camus og svo aftur hvernig annálastíll *Plágunnar* berst inn í stílbrögð Jóns Óskars er hann skrifar endurminningar sínar. Skoðaðar eru kenningar um textatengsl og rittengsl og áhrifakvíðann og þar gengið í smiðju til Juliu Kristevu, Walters Benjamin og Harold's Bloom. Skoðað er í tengslum við játningabókmenntir hvernig hugmyndin um veikindi smitast um ólíka texta en slíkir textar einkenna mjög þær bókmenntir; og er hér tekið dæmi um heilsu Jóns og *Pláguna* en þessum þætti er síðan fylgt eftir í lokakafla ritgerðarinnar. Þá er komið inn á áhuga beggja, Jóns og Camus, á mennskunni, á stöðu lítilmagnans og textar skoðaðir í tengslum við það. Litið er á slag um slíkan texta eftir Jón, harkalega ádeilu á ljóð hans „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“.

Í þessum þriðja kafla er einnig bent á hvernig Jón Óskar veigrar sér ekki við að eiga samtál við texta löngu látins manns, nánast gefa færi á ritdeilu út yfir gróf og dauða. Hér er átt við grein, og hún skoðuð ítarlega, þar sem Jón Óskar eyðir miklu þúðri í að berjast við ritgerð Alexanders Jóhannessonar *Meningarsamband Frakka og Íslendinga*. Í þessum kafla er dregið fram hvernig Jón telur sig vera hinn eina sanna boðbera franskra bókmennta – og þá aðallega nútímaljóðlistar – inn á íslenskan bókmenntavettvang. Undirliggjandi í greiningu er T.S. Eliot og skrif hans um hefðina og glíman við hefðarhugtakið. Starf Jóns sem ljóðapýðanda er skoðað í þessum kafla, m.a. til þess að sannreyna stöðu hans og finna út á hve traustum fótum skoðanaágreiningur hans við Alexander Jóhannesson er reistur.

¹⁶ Albert Camus. „Gesturinn“, þýð. Jón Óskar, *Nýtt Helgafell* bls. 19-25 (1)1959.

¹⁷ Albert Camus. „Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína“, þýð. Jón Óskar, *Nýtt Helgafell* bls. 175-191 (3-4) 1959.

¹⁸ Albert Camus. „Þöglir menn“, þýð. Jón Óskar, *Nýtt Helgafell* bls. 110-117 (2)1959.

¹⁹ Um hugtakið hermun, sjá síðar í ritgerðinni skrif Walters Benjamin þar um.

Hvað er Jón að skrifa í æviminningum sínum? Litið er til þess að hann skrifar inn í hefð, gamla hefð. Sú staðreynd er skoðuð með hliðsjón af hugmynd Pauls Valéry um seinkunina, eins eru hér undir hugmyndir Bens Hutchinson um seinkomuna og skrif Franks Kermode. Hér er og litið til þess hvernig höfundur skapar „nýtt sjálf“ í skrifum sínum, hvernig hann fyllir út í mynd sem fyrir er og hvernig hann mátar sig við gefnar stærðir sem samfélagið hefur skipað. Leitað er í skrif Bourdieus og stuðst við kenningar hans í því skyni að bæði kanna stöðu mannsins Jóns Óskars, bakgrunn hans og veru í nýjum menningarheimi, Reykjavík, en ekki síður með það í huga að staðsetja skrif hans og setja í samhengi við átök á menningarvettvangi hér heima. Þá er hrakningasaga Jóns Óskars á milli forlaga gerð að umtalsefni í þessum kafla og þá sérstaklega þáttur Þorsteins Thorarensens í henni, en þar birtast þeir sem *arrière-garde* bræður, Þorsteinn og Jón Óskar.

Í fjórða kafla má segja að fullkomnist myndin af Jóni sem bakverði. Hér er skoðuð afstaða hans til íslenskrar bóhemíu og vera hans í henni. Sýnt er fram á að Jón dregur mjög nákvæmlega upp mynd af bóhemíu Reykjavíkur og ljóst er að enn á ný er Jón að máta sig við fjarlægán franskan tíma í þeim skrifum sínum. Walter Benjamin er hér notaður í kenningagrunn aðallega vegna hugmynda hans um endurgerðina. Elizabeth Wilson, Jerrold Seigel og Henry Murger leggja til verkfæri til greiningar á bóhemíunni en þau koma með ólík sjónarhorn og hugmyndir sem sprotnar eru upp úr ólíkum jarðvegi á ólíkum tímum. Einnig er tekið mið af hugmyndum Kermode vegna eskatólógíunnar, þá er bakvarðarkenning Williams Marx miðlæg í þessum kafla. En í greiningu á bóhemnum og bóhemmenningunni, þar sem mest er stuðst við Wilson, Seigel og Murger, er einnig afhjúpað með rannsókn á textum Jóns að áhugi hans á þeim sem standa á jaðrinum á sér lengri sögu en ætla mætti. Eins eru dregnar fram svipmyndir af mönnum sem stóðu utan við hina „viðurkenndu“ bóhemíu í Reykjavík til þess að skerpa á þeim skrifum sem Jón sjálfur leggur fram um efnið.

Kannað er hvernig Jón fer, undir lok höfundarverks síns, að fást meira við þá sem utangarðs standa og/eða höllum fæti, og ekki þá síst í sögulegu ljósi. Þar ber hæst umfjöllun hans um Sölva Helgson og allur sá tími og vinna sem hann ver í að rannsaka hann og sinna. Í því samhengi er meðal annars litið til kenninga franska ljóðskáldsins og bókmenntarýnisins Stéphanes Mallarmé, sem hann setur fram í „Crise de vers“. Sýnt er fram á það í þessum kafla að Jón samsamar sig Sölva Helgasyni með mjög afgerandi hætti. Meðal þeirra kenningasmiða sem þarna er beitt er Pierre Bourdieu og hugmynd hans um menningarlegt auðmagn er uppi þegar ákveðnir þættir í samspili Jóns við Sölva eru skoðaðir. Matei Calinescu er einnig mikilvægur í þessum kafla vegna þess sem hann hefur sett fram um nútímann og enn er litið til T.S. Eliot vegna hefðarhugtaksins en einnig vegna hugmynda hans um sjónarhornið.

Heilsuleysi, veikindi, eru þáttur sem hér er tengdur við bæði játningabókmenntir og bóhemíuna og skoðuð eru slík skrif hjá Jóni og fleirum. Markmiðið er að sýna fram á hvernig þessar tvær hefðir falla saman í eitt í tilfalli Jóns Óskars. Hér er Sigurður Nordal nálægur til greiningar sem og stóru játningahöfundarnir, Rousseau, Ágústínus og Amiel.

1.1 Maðurinn

Við upphaf þessarar rannsóknar er rétt að skoða í grófum dráttum æviferil Jóns Óskars, þannig að hægt sé að gera sér nokkra grein fyrir því úr hvaða umhverfi hann sprettur og hvaða bakgrunn hann hefur, er hann kemur inn í skáldasamfélag Reykjavíkur á fimmta áratug tuttugustu aldar.

Jón Óskar Ásmundsson var fæddur á Akranesi 18. júlí 1921. Foreldrar hans voru Ásmundur Jónsson sjómaður og rafvirki og Sigurlaug Einarsdóttir húsmóðir. Jóni segist svo sjálfum frá að það hafi ekki verið bókmenntaheimili: „Engar ljóðabækur voru til heima hjá mér, þegar ég var á barnsaldri, og yfirleitt engar fagurbókmenntir, engar Íslendingasögur, litlar eða engar þjóðsögur.“²⁰ Jón var ekki mikið við hefðbundið nám en gekk þó bæði í Héraðskólann í Reykholti í Borgarfirði og Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Gagnfræðaprófi lauk hann þó ekki frá þessum skólum heldur frá Menntaskólanum í Reykjavík, utanskóla. Strax eftir gagnfræðaprófið fór Jón í kaupamennsku að Innra-Hólmi undir Akrafjalli. Það var ekki bókmenntaheimili fremur en bernskuheimili hans. Foreldrar hans hafa þó greinilega verið orðin þess áskynja hvert hugur hans stefndi því þetta ár gáfu þau honum í afmælisgjöf áskrift að *Eimreiðinni*. „Ég hélt samt ekki áskriftinni við. Eimreiðin var þá á niðurléið, Tímarit Máls og menningar á uppleið.“²¹ Jón mat þó gjöfina mikils og segir hana minnisstæðari sér en aðrar afmælisgjafir. Þegar Jón var að Innra-Hólmi hélt hann uppi bréfasamskiptum við Hannes Sigfússon, sem segja má að hafi verið tengiliður hans við bókmenntaumhverfið sem hann hafði þá lítillega kynnst í Reykjavík.²² Hér er ekki ætlunin að rekja frekar svo nákvæm brot úr lífshlaupi Jóns Óskars, en þetta er tekið fram hér vegna þess að það gefur góða vísbendingu um umhverfið sem Jón kemur úr og undirstrikar sérstöðu hans í hópi íslenskra samtímahöfunda.

Jón var við nám í píanóleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík 1940-1945.²³ Hann hafði þó áður kynnst nótaborði, því harmóníum var til á bernskuheimili Jóns á Akranesi en það hafði

²⁰ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*. Iðunn, Reykjavík 1969, bls. 18

²¹ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 85.

²² Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 80-88.

²³ *Morgunblaðið* 28. október 1998, bls. 42.

verið keypt fyrir systur hans.²⁴ Jón Óskar lagði fyrir sig tungumálanám á námskeiðum hér heima og erlendis og stundaði sjálfsnám af kappi, þar lagði hann sig helst eftir frönsku og ítölsku en einnig öðrum málum. Hann stundaði píanókennslu um árabíl og lék einnig í danshljómsveitum á árabílinu 1946-1956, lengst af með hljómsveit Karls Jónatanssonar.²⁵ Hann var einn af stofnendum tímaritsins *Birtings* og var í ritstjórn þess svo lengi sem það kom út 1955-1968. Jón Óskar náði að sitja í stjórn bæði Rithöfundafélags Íslands (1966-1967) og Rithöfundasambandsins (1968-1970), þá sat Jón í stjórn Tónmenntaskóla Þjóðkirkjunnar í þrettán ár, 1980-1993. Jón Óskar var ávallt afdráttarlaus í skoðunum er vörðuðu hernað og hverslags misrétti, kúgun. Þannig var hann einarður andstæðingur hersettunnar hér á landi og hann lét einnig mjög í sér heyra í baráttu gegn nýlendukúgun einkum í Mið- og Suður Ameríku.²⁶ Eftir innrásina í Ungverjaland, og jafnvel nokkru fyrr, snerist hann harður gegn Sovétríkjunum og þeirri pólitík sem þar var iðkuð. Jón kvæntist Kristínu Jónsdóttur myndlistarmanni frá Munkaþverá í nóvember 1975 og eignuðust þau eina dóttur, Unu Margrėti Jónsdóttur.²⁷

Jón Óskar hóf skáldskaparferil sinn á hefðbundnum nótum ljóðlistar eins og vikið verður að hér í fyrsta kafla, en fór fljótlega að gera tilraunir með ljóðformið auk þess að sinna smásagnaskrifum. Um svipað leyti fer hann að taka að sér sín fyrstu þýðingarverkefni, en til að byrja með – og annað slagið á seinni árum – virðist Jón hafa þýtt bók og bók til þess að eiga fyrir salti í grautinn og jafnvel sem stílæfingar.²⁸ Jón var í senn borgaralegur alþjóðasinni og þjóðrækin Íslendingur, mótaður af lýðveldisstofnun, hernámi landsins og umbrotum í Evrópu – menningarlegum straumum og stefnum samtíðar sinnar. Hann var gagnmenntaður maður en laus við prófgráður.

Til að glöggva sig betur á höfundarverki Jóns Óskars eru hér dálkar þar sem hans helstu verk eru listuð upp. Hér eru ekki taldar einstakar greinar, ekki verk útgefin erlendis, né heldur

²⁴ Jakob Ágúst Hjálmarsson. Útfararræða þann 28. október 1998 í Dómkirkjunni í Reykjavík. <http://www.jakobagust.is/?p=1010> (sótt 2.2. 2017).

²⁵ Ýmsan fróðleik er að finna um hljómsveit Karls Jónatanssonar á vefsíðunni glatkistan.com en það er afar vandaður vefur sem Helgi Jónsson hefur haldið úti af metnaði og leggur áherslu á íslenska tónlistarsögu. Þar segir m.a.: „Fyrsta útgáfa sveitarinnar sunnanlands við stríðslok síðsumars 1945 hafði að geyma fimm meðlimi en þeir voru Karl á harmonikku, nafni hans Karl Adolfsson saxófón- og klarinettuleikari og Arnljótur Sigurðsson trommuleikari sem báðir höfðu starfað með Karli fyrir norðan, en aðrir í sveitinni voru þá Páll Ólafsson fiðlu- og bassaleikari og Jón Óskar skáld (Ásmundsson) sem lék á píanó. Þessi útgáfa sveitarinnar var að öllum líkindum fyrst hljómsveita til að spila í tívolíinu í Vatnsmýrinni en það opnaði sumarið 1946. Á þessum árum söng Guðrún Jakobsen eitthvað með hljómsveitinni, að minnsta kosti 1947.“ <https://glatkistan.com/2015/11/28/hljomsveitir-karls-jonatanssonar/>; sótt 27/12 2019.

²⁶ Frægt dæmi um þetta í skáldskap hans er ljóðið „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“ sem fyrst birtist í *Tímariti máls og menningar* 3/ 1954, bls. 236-237.

²⁷ Formáli að minningargreinum um Jón Óskar. *Morgunblaðið* 28. október 1998, bls. 42.

²⁸ Sjá t.d. Haraldur Jóhannesson. Minningargrein um Jón Óskar. *Morgunblaðið* 28. október 1998, bls. 44.

einstaka smásögur eða ljóð. Þá eru heldur ekki safnrit sem Jón kom að með einum eða öðrum hætti talin upp hér:

LJÓÐ	LJÓÐA- ÞÝÐINGAR	SKÁLD- og SMÁ SÖGUR, FRÆÐI	ENDUR MINNINGAR og GREINASÖFN	AÐRAR ÞÝÐINGAR
<i>Skrifað í vindinn</i> 1953	<i>Ljóðaþýðingar úr frönsku</i> 1963.	<i>Mitt andlit og þitt</i> 1952	<i>Páfinn situr enn í Róm</i> 1964.	<i>Viktoría Grandolet</i> 1946.
<i>Nóttin á herðum okkar</i> 1958.	<i>Ljóðastund á Signubökkum</i> 1988.	<i>Leikir í fjörunni</i> 1968.	<i>Fundnir snillingar</i> 1969.	<i>Plágan</i> 1952.
<i>Söngur í næsta húsi</i> 1966.	<i>Undir Parísarhimni</i> 1991.	<i>Sögur 1940-1964</i> 1973	<i>Hernámsáraskáld</i> 1970.	<i>Oscar Wilde</i> 1956.
<i>Þú sem hlustar</i> 1973.		<i>Sölví Helgason</i> 1984.	<i>Gangstéttir í rigningu</i> 1971.	<i>Allir synir mínir</i> 1958.
<i>Næturfærð</i> 1982.		<i>Konur fyrir rétti</i> 1987.	<i>Kynslóð kalda stríðsins</i> 1975	<i>Kristur nam staðar í Eboli</i> 1959
<i>Steinn sem syngur</i> 1993.			<i>Borg drauma minna</i> 1977.	<i>Leyndarmál Lúkasar</i> 1961.
<i>Hvar eru strætisvagnarnir?</i> 1995.			<i>Vitnað fyrir manninn</i> 1978.	<i>Nashyrningurinn</i> 1961.
<i>Ljóð</i> 1995.			<i>Týndir snillingar</i> 1979.	<i>Upp á líf og dauða</i> 1962.
<i>Laufin, trén og vindarnir</i> 2012.			<i>Undarlegt ferðalag</i> 1994.	<i>Fitubolla</i> 1979
				<i>Yves frændi</i> 1981.
				<i>Allir menn eru dauðlegir</i> 1982.
				<i>Litla Skotta</i> 1983.
				<i>Grímuleikur</i> 1989.

Hér eru aðeins stærri verk hans talin og fyrst og fremst bókaútgáfur. Það má sjá á þessari uppröðun að Jón byrjar af nokkrum krafti sem þýðandi, ekki bara ljóða heldur einnig skáldsagna og leikrita. Um miðbik höfundarferilsins er áberandi að Jón er að skrásetja sjálfan

sig, þar eru endurminningabækurnar hans og ferðasagan *Páfinn situr enn í Róm* fyrirferðamestar.²⁹ Undir lok ferilsins fíkrar Jón sig svo aftur inn í þýðingar á fleiru en bara ljóðum, sem hann vissulega sinnir alla tíð, auk þess að helga sig utangarðsmanninum Sölva Helgasyni. Þá gefur Jón einnig út undir lokin ritgerða- og greinasafn, svo sem títt er þegar menn líta yfir farinn veg. Viðfangsefnið Sölvi Helgason er spennandi þáttur í höfundarverkinu, þar tekst jaðarmaðurinn Jón Óskar á við utangarðsmanninn Sölva. Reyndar er það svo að ef að notast er við orðið „æviskrif“ – og þá með enska hugtakið „life writing“ í huga – þá falla inn í sama flokkinn æviminningar Jóns, ferðabókin, greinasafn og bókin um Sölva.³⁰ Og í því samhengi er nauðsynlegt að geta þess að æviskrif eru jaðarform í fagurbókmenntum, nokkuð sem í sjálfu sér er nokkuð áhugavert því flest æviskrif eru jú með einhverjum hætti sjálfmiðuð og þá um leið á ákveðinn hátt miðjuð – en sú miðja nær samt ekki inn í miðju bókmenntakanónsins, heldur fellur á jaðarinn eða utan hans.

1.2 Fjögur tímabil

Gróflega má skipta höfundarverki Jóns Óskars í fjögur tímabil:

1. Þýðingar á skáldsögum og öðrum prósatextum. Hann fíkrar sig áfram með eigin ljóða- og smásagnagerð (u.þ.b. 1942-1962).
2. Ljóðaþýðingar úr frönsku. Hann kemst á kortið með mjög afgerandi hætti. Þessar þýðingar leggja einnig grunninn að endurkomu á þessu sviði síðar (u.þ.b. 1963-1968).
3. Endurminningatímabilið. Jón heldur áfram að skrifa ljóð og smásögur. Skrifar einnig sína fyrstu og einu skáldsögu (u.þ.b. 1968-1979).
4. Hann heldur áfram ljóðaþýðingum en þýðingar á prósa verða aftur áberandi, skáldsögur og annað efni. En fyrst og síðast er þetta tímabil jaðarmannsins, Jón Óskar skrifar bók um Sölva Helgason og sökkvir sér djúpt í sögu hans, gefur út *Frakklandssögu Sölva*. Þar á ofan tekur hann saman bókina *Konur fyrir rétti*, þar sem hann segir frá dómsmálum gegn konum á nítjándu öld, jaðarsettum konum.

²⁹ Jón Óskar. *Páfinn situr enn í Róm*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1964.

³⁰ Zachary Leader. „Introduction“ í *On Life-Writing*, ritstj. Zachary Leader. Oxford University Press, Oxford 2015, bls. 1-2. Það var Gunnþórunn Guðmundsdóttir sem fyrst setti fram hugtakið „æviskrif“ sem þýðingu á „life writing“, sjá: Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Skáldað líf: Sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“, bls. 111.

1.2.1 Fyrsta tímabil

Tímabilið 1942-62 einkennist af þýðingum en auk þess koma þarna út tvö ljóðasöfn og eitt smásagnasafn. Þýðingastarf Jóns er hér nokkuð fyrirferðamikið og því er athyglisvert að á meðal þeirra verka sem hann þýðir eru bækur sem Jón lætur helst aldrei getið í yfirlitum um verk sín í seinni bókum sínum. Þetta eru *Viktoría* eftir Bellamann³¹ og ævisaga Oscars Wilde eftir Hesketh Pearson³² en hana þýðir hann með Haraldi Jóhannssyni hagfræðingi.

Henry Bellamann var bandarískur höfundur sem var ágætlega þekktur þar í landi fyrir skáldsöguna *The Gray Man Walks* (1938) og skáldsöguna *Kings Row* (1940), sem líklega er hans frægasta verk. Bellamann skrifaði inn í sömu hefð og fleiri höfundar miðvesturríkjanna, menn eins og Sherwood Anderson, Edgar Lee Masters og Sinclair Lewis og var sögusviðið gjarnan smábær eða sveitir miðvesturríkjanna en allir þessir höfundar réðust nokkuð hart að mýtunni um friðsæla og rómantíska smábæinn þar sem allt lék í lyndi.³³ Þá er og áhugavert hvað Bellamann viðvíkur – og verður tekið nánar upp í kaflanum um fagurfræðina – að hann var einnig ljóðskáld og var sem slíkur bendlaður við ímagista í Bandaríkjunum.³⁴ *Viktoría* er eina saga Bellamanns sem þýdd hefur verið á íslensku. Bókin var gefin út hjá Skálholtsprentsmiðju sem var skammlíf útgáfa í Reykjavík á fimmta áratugnum.³⁵ Skálholtsprentsmiðja er því fyrsti útgefandinn af löngum lista slíkra sem Jón Óskar átti eftir að eiga í samskiptum við á sínum rithöfundarferli.

Hesketh Pearson var enskur leikari en þó fyrst og fremst þekktur, sem rithöfundur, fyrir nokkrar mjög vel metnar ævisögur merkra manna, svo sem *Doctor Darwin* (1930), *A Life of Shakespeare* (1942), *The Life of Oscar Wilde* (1946).³⁶ Jón Óskar og Haraldur Jóhannsson þýddu síðast tölðu bókina í sameiningu og kom hún út hjá M.F.A. árið 1956.³⁷ Segir Jón

³¹ Henry Bellamann. *Viktoría Grandolet*, þýð. Jón Óskar. Skálholtsprentsmiðja, Reykjavík 1946.

³² Hesketh Pearson. *Oscar Wilde: Ævisaga*, þýð. Haraldur Jóhannsson og Jón Óskar. M.F.A., Reykjavík 1956.

³³ Sjá um Bellamann í þessu samhengi: Marcia Noe. „Henry Bellamann“, í *Dictionary of Midwestern Literature*: 1. bindi: *The Authors*. ritstj. Philip A. Greasley. Indiana University Press, Bloomington og Indianapolis 2001, bls. 56.

³⁴ Sjá þar um, t.d.: David Perkins. *A History of Modern Poetry: From the 1890's to the High Modernist Mode*. Cambridge, MA, Belknap Press of Harvard University Press, 1976, bls. 347. „Upphaf svonefnds ímagisma í enskum bókmenntum má rekja aftur til ársins 1909 er hópur enskumælandi skálda í París tók að hittast reglulega undir stjórn fagurfræðingsins og menningar-heimspekingsins Thomasar Ernsts Hulme. Hópurinn, sem gekk undir nafninu „Poets' Club“, var undir sterkum áhrifum frá meginlandsheimspeki og stjórnmalakeningum samtímans og má þar einkum nefna tengsl hans við frönsku þjóðernishreyfinguna í kringum Charles Maurras og Action française, kenningar sindikalists Georges Sorel og lífheimspeki Henri Bergson.“ Benedikt Hjartarsson. „Ímagismi og vortisismi: Stefnuyfirlýsingar í íslenskri þýðingu“, bls. 49.

³⁵ Svanur Jóhannesson. *Prentsmiðjubókin*. Svanur Jóhannesson, Reykjavík 2020, bls. 203.

³⁶ Um Pearson sjá t.d. hér: Hesketh Pearson. *Hesketh Pearson by Himself*. Heineman, London 1965.

³⁷ Haraldur Jóhannsson (1926-2002) var Skagamaður eins og Jóns Óskar, hann var hagfræðingur að mennt og átti nokkuð sérstakan starfsferil: Hann var hagfræðingur hjá Efnahagsmálanefnd um tíma árið 1956, var formaður stjórnar Útflutningssjóðs 1957-60 og formaður stjórnar Hlutatryggingasjóðs 1959-62. Þá var hann

nokkuð frá þeim samskiptum og tilurð þýðingarinnar í *Gangstéttum í rigningu*, þriðju endurminningabók sinni:

Haraldur Jóhannsson hafði sérkennilegan áhuga á Rimbaud sem beindist líklega fremur að lífi hans en skáldskap. Hann hafði annars mestar mætur á Bernard Shaw, einkum þegar fram í sótti, en þegar hann var nýbakaður stúdent hafði hann beint athygli sinni að Óskari Wilde. Hann hafði lesið ævisögu hans á ensku og fékk þá hugmynd að við skyldum þýða þessa ævisögu fyrir Ragnar í Smára. Hann fór og talaði við Ragnar og tókst samkomulag með þeim, að Ragnar gæfi út bókina og greiddi okkur ákveðna þóknun fyrir.³⁸

Sú hugmynd Jóns sem kemur fram í þessum orðum: „Haraldur Jóhannsson hafði sérkennilegan áhuga á Rimbaud sem beindist líklega fremur að lífi hans en skáldskap“ gefur lesanda tilefni að ætla að hugur Jóns hafi frekar beinst að skáldskapnum. Þannig sviðsetur hann sjálfan sig með öðrum brag en Harald og undirstrikar bókmenntalegan áhuga sjálf sín. Það var honum mjög mikilvægt, sér í lagi á þeim tíma þegar þeir vinna að þýðingunni, því þá var Jón Óskar að berjast í því að fá útgefið og öðlast viðurkenningu. Áratugum síðar þegar hann mótar þennan texta er honum í mun að draga upp mynd af bókmenntasinnuðu ungmenni. Ekki varð þetta samstarf hnökralaust því Haraldur var kominn til hagfræðináms í London og fór hægar yfir í vinnu sinni en Jón, a.m.k. að sögn Jóns. Þá gerði þessi fjarlægð á milli þeirra þeim erfitt fyrir með að bera saman bækur sínar við þýðingarvinnuna. Jón leggur áherslu á að hann sé reyndari þýðandi, þótt síðar ætti Haraldur eftir að þýða ýmislegt,³⁹ og óttaðist Jón að misfellur yrðu á handriti og stíll ólíkur:

fyrirlesari við háskólana í Malaja árin 1964-68 og Jóhannesarborg í Suður-Afríku 1969-71. Haraldur var hagfræðingur hjá Framkvæmdastofnun ríkisins frá 1973-77 og vann eftir það að sjálfstæðum verkefnum. Þá var Haraldur einn helsti efnahagsráðgjafi vinstristjórnar Hermanns Jónassonar árin 1956-58. Hann var einlægur sósíalísti alla tíð. Sjá: „Andlátsfregn“. *Morgunblaðið* 22. mars 2002, bls. 11. Sá sem þetta skrifar kynntist Haraldi nokkuð, þá var Haraldur kominn á efri ár og sinnti ekki lengur hagfræði. Hann var einrænn maður og um margt nokkuð sérstakur.

³⁸ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*. Iðunn, Reykjavík 1971, bls. 37-38. Hér byrjar þessi tilvitnun á því að Jón greinir frá Rimbaud-áhuga Haraldar, en það er með vilja gert því framár í kaflanum kemur í ljós að það er Haraldur sem fyrstur kynnir Jón Óskar fyrir Rimbaud – sem í sjálfu sér er áhugavert. Þeir eru að bauka við þessa þýðingu á árunum 1946-47 að því er virðist, eftir bók Jóns að dæma, en þó kom þessi þýðing þeirra ekki út fyrir en árið 1956. Það sama ár – og í sambandi við útkomu bókarinnar – kom Hesketh Pearson einmitt hingað á vegum Ragnars í Smára, eða nánar tiltekið félagsins „Kynningar“, sem Ragnar var forsprakki í, og hélt hér fyrirlestra. Sjá t.d. þar um: *Morgunblaðið* 27. júní 1956, bls. 3. Ekki er óraunhæft að álykta sem svo, út frá orðum Jóns, að undir hrifningu Haraldar á Rimbaud liggja aðdáun á bóhemnum. Þarna grillir í bóhemmýtuna. Það er athyglisvert hve afgerandi Jón Óskar afgreiðir þá aðdáun, eða áhuga, yfir á Harald, því að sönnu var Jón sjálfur bóhem og gekkst upp í því hlutverki eins og síðar verður vikið að í þessari rannsókn. Sjá nánar um bóheminn og bóhemmýtuna t.d. í Elisabeth Wilson. *The Bohemians: The Glamorous Outcasts*. Tauris Parke Paperbacks, London 2009, bls. 1-11.

³⁹ Til þess að gefa ördæmi um þýðingar Haraldar, sem skrifaði mest um efnahagsmál, má nefna: Edmund Wilson. *Handritin frá Dauðahafi* [*The Scrolls From the Dead Sea*], þýð. Haraldur Jóhannsson. Morkinskinna, Akranesi 1957; „Bréfaskipti Leós Tolstojs og Bernhards Shaw“, þýð. Haraldur Jóhannsson, bls. 235-140 í *Tímarit Máls og menningar* 2-3/1956; Erik Kästner. *Emil og leynilögregluþrákarnir* [*Emil und die Detektive*], þýð. Haraldur

Það kom á daginn þegar, þegar báðir hlutarnir voru tilbúnir, að ótti minn hafði ekki verið fráleitur. Þurfti ég að leggja mikla vinnu í að ganga frá handritinu í heild undir prentun, en það kom í minn hlut. Að sjálfsgöðu hafði hvorugur okkar mikið upp úr þessu, en ég þó minna, þar sem ég þurfti meiri vinnu fram að leggja. Hinsvegar þóttist ég eftir þetta hafa nokkuð góða reynslu í þýðingum og fór því lengra inn á þann vettvang en ég hefði átt að gera, því ég fór með megnið af orku minni í það og var þó ekki matvinnungur.⁴⁰

Að öðru leyti ræddi Jón ekki þessa þýðingu á ævisögu Wildes í bókum sínum. Það má í raun teljast merkilegt hve lítinn gaum hann gaf þessu þýðingarverki sínu þegar frá leið, því sjálfur var Jón Óskar mjög upptekinn af æviskrifum þegar leið á feril hans sem rithöfundar. Því má ætla að hann hafi ekki tengt þessa listamannsævisögu við eigin listamannsæviminningar. Um *Viktoríu* Bellamanns talar hann aldrei. Hér verða ekki of stórar ályktanir af því dregnar en ekki verður varist þeirri hugsun að Jóni hafi ekki þótt *Viktoría* vera sérstök skrautfjöður í höfundarverkinu og því hafi hann sleppt því að ræða hana. Þó var *Viktoría* einn frægasti róman eftirstrífðsáranna hérlendis, en margt bendir til þess að Jóni hafi ekki þótt mikið til slíkra bókmennta koma. Þannig má færa rök fyrir því að þessi þýðing hafi ekki passað inn í sjálfsmynd Jóns, ekki rímað við utangarðsmýtuna. Jón hreifst lítt af því sem hann kallaði „hópmennsku í listum“ en róman eins og *Viktoríu*, sem skrifaður er ofan í fjöldann, má vafalaust setja undir þann hatt.⁴¹

Rétt er að staldra aðeins við þá staðreynd að Jón þýðir ævisögu Wildes. Hér er Jón Óskar í raun í fyrsta sinn að gefa sig að manni sem lendir utangarðs í samfélaginu, en það átti eftir að verða viðfangsefni hans síðar. Þá er líka vert að geta þess að hér er Jón að kynna til sögunnar einn helsta talsmann sýmbólismans á Bretlandseyjum og í Frakklandi og þannig tvinnast þessi þýðing óhjákvæmilega saman við þýðingar Jóns á frönsku sýmbólistunum og kynningartextum hans um verk þeirra.⁴² Að síðustu er einnig mikilvægt, vegna stöðu Jóns sjálfs, að minna á að Oscar Wilde var að sönnu hefðarbrjótur, líkt og Jón gekkst sjálfur upp í að vera.

Jóhannsson. Barnabókaútgáfan, Reykjavík 1948; Thomas Sowell. „Um launakenningu Karls Marx“, þýð. Haraldur Jóhannsson, bls. 388-396 í *Tímarit Máls og menningar* 5/1960; Régis Debray. *Félagi forseti*, þýð. Haraldur Jóhannsson. Mál og menning, Reykjavík 1973.

⁴⁰ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 39. Vinskapur hélt áfram með Jóni og Haraldi þrátt fyrir að Jón hafi þarna talið sig verða nokkuð verr úti í þessu samstarfi en Haraldur.

⁴¹ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó., Reykjavík 1975, bls. 132. Hér er Jón að ræða danslist en þar kemur þó afstaða hans til lista almennt mjög vel fram. Í sömu bók segir hann um sjálfan sig, og markar sig þá fullkomlega frá neðanmálssögu eins *Viktoríu*: „Ég er sjálfur búinn að yrkja mörg nýstárleg kvæði og birta nokkur þeirra, auk þess að skrifa nýstárlegustu smásögu sem þá hafði verið skrifuð á Íslandi.“ bls. 71. Víðar í þessari bók, t.d. á blaðsíðu 70, gagnrýnir hann „yfirborðsmennsku“ í listum.

⁴² Eitt og annað hafði verið þýtt eftir Wilde þegar þarna var komið sögu en færra um hann, Guðmundur Kamban skrifaði þó grein um Wilde sem birtist í *Iðunni*. Guðmundur Kamban. „Oscar Wilde“, í *Iðunn*: nýr flokkur 3/1929, bls. 193-228. Af þýddum skáldverkum bar hæst: Oscar Wilde. *Úr djúpunum*, þýð. Yngvi Jóhannesson.

Á þessu tímabili þýðir Jón einnig *Pláguna* og þrjár smásögur eftir Albert Camus. Heimskringla gaf út *Pláguna* árið 1952 en smásögurnar birtust í *Nýju Helgafelli* árið 1959.⁴³ Annars ræðir Jón lítt vinnu sína við þær þýðingar sem þarna koma fram á þessu tímasteiði.⁴⁴ Hann þýðir fyrir leikhús tvö verk. Það fyrra var *Allir synir mínir* eftir Arthur Miller fyrir Leikfélag Reykjavíkur árið 1958, verkið var frumsýnt í október það ár í leikstjórn Gísla Halldórssonar og gekk mjög vel. Einstaka leikdómarar viku að þýðingu Jóns, þannig skrifaði Ásgeir Hjartarsson í *Þjóðviljann*: „Þýðing Jóns Óskars skálds er mjög nákvæm og rituð á góðu máli.“⁴⁵ En í *Morgunblaðið* ritaði Sigurður Grímsson: „Jón Óskar hefur þýtt leikinn á lipurt mál, en ekki hnökralaust.“⁴⁶ Árið 1961 kom síðan út þýðing hans á leikritinu *Nashyrningurinn* eftir Eugène Ionesco – það var Menningarsjóður sem gaf út og kom verkið út í ritröð leikrita sem sjóðurinn stóð þá að. Leikritið rataði á svið árið 1961, þótt það væri ekki í þýðingu Jóns Óskars.⁴⁷ Í stuttri ómerktri grein í *Vísir* er vikið að þessari þýðingu Jóns og hún sögð „bragðmeiri á köflum, en hnökróttari“ og er þá verið að bera hana saman við þýðingu Ernu Geirdal sem Þjóðleikhúsið notaðist við.⁴⁸ Óþarft er að kynna þessi verk nánar hér eða höfunda þeirra. Verk Ionescos, *Rhinocéros*, var nánast nýtt þegar það rataði upp á svið Þjóðleikhússins og í hendur íslenskra lesenda með útgáfu Menningarsjóðs en það var frumsýnt í Düsseldorf árið 1959 og svo frumsýnt á Odéon í París í janúar 1960.⁴⁹ Leikrit Millers, *All My Sons*, var nokkru eldra en það var frumsýnt árið 1947. Þó er rétt að veita því athygli að um er að ræða tvö gjörólík verk, hér er Jón að fást við andstæða stíla leikbókmennta í þýðingum sínum. Leikrit Millers er raunsæisdrama af ameríska skólanum, afar hefðbundið í byggingu og frásagnartækni. *Rhinocéros* er á hinn bóginn eitt af höfuðverkum þeirrar stefnu í leikritun sem kennd hefur verið við absúrdisma⁵⁰ (stundum þýtt sem leikhús fáránleikans).⁵¹ Hér má því sjá eitt af

Útgefanda ekki getið, Reykjavík 1926. Einnig ber að nefna: Oscar Wilde. *Salóme*, þýð. Sigurður Einarsson. Bókasafn Helgafells, Reykjavík 1946; Oscar Wilde. *Myndin af Dorian Gray*, þýð. Sigurður Helgason. Helgafell, Reykjavík 1949.

⁴³ Umfjöllun um þessar þýðingar er í þriðja kafla þessarar ritgerðar.

⁴⁴ Þar eru þó undanskildar ljóðaþýðingar Jóns úr frönsku.

⁴⁵ Ásgeir Hjartarsson. „Allir synir mínir“ (leikdómur). *Þjóðviljinn* 29. október 1958, bls. 7.

⁴⁶ Sigurður Grímsson. „Allir synir mínir“ (leikdómur). *Morgunblaðið* 29. október 1958, bls. 6.

⁴⁷ Eugène Ionesco. *Nashyrningurinn: leikrit í þremur þáttum og fjórum myndum*, þýð. Jón Óskar.

Menningarsjóður, Reykjavík 1961. Þetta vor, 1961, var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu sama verk og hét þá *Nashyrningarnir* og var í þýðingu Ernu Geirdal. Má það heita undarlega tilviljun að þessar þýðingar hafi borðið upp á sama tíma.

⁴⁸ „Nashyrningurinn kominn út í ísl. þýðingu“. *Vísir* 10. apríl 1961, bls. 6.

⁴⁹ Martin Esslin. *Theatre of the Absurd* (þriðja útgáfa). Methuen, London 2001, bls. 180.

⁵⁰ Hugmyndin um absúrdleikhús er ætluð frá Martin Esslin sem lagði það fram í sinni frægu bók *The Theatre of the Absurd* árið 1961.

⁵¹ Svo er að sjá að þetta hugtak sé í fyrsta sinn íslenskað með þessum hætti í leikdómi Ásgeirs Hjartarssonar um sýningu Leikfélags Reykjavíkur „Þjófar, lík og falar konur“ en þar voru sýndir þrjú einþáttungar eftir Dario Fo. Ásgeir segir í dómi sínum: „Það er ekki laust við að Pirandello, Beckett og margfrægt leikhús fáránleikans komi

mörgum dæmum þar sem Jón Óskar er að vinna á jaðrinum hvað bókmenntagreinir varðar. Sú vinna er í margvíslegum skilningi jöðruð, því hann er nú kominn í leikbókmenntir sem í það minnsta má telja til hliðargreinar bókmennta. Hann er að vinna með verk sem er afar óhefðbundið og hann er að þýða höfund sem er rúmenskur en skrifar á frönsku. Kannski var sú staðreynd að hann lét til sín taka á svo mörgum og fjölbreyttum sviðum bókmenntanna einn af þeim þáttum sem mótuðu hann sjálfan sem jaðarmann í íslenskum bókmenntum.

Árið 1959 kemur út sagan *Kristur nam staðar í Eboli*, eftir Carlo Levi. Jón Óskar þýddi en Heimskringla gaf út. Enn er Jón Óskar á slóðum æviskrifa en við þessa þýðingu kannaðist hann alla tíð, ólíkt þýðingunni á sögu Wildes. *Cristo si è fermato a Eboli* kom út í heimalandinu 1945 og vakti þegar nokkra athygli, þetta er sjálfsævisögulegt verk þar sem Levi greinir frá útleðarárum sínum 1935-36 í einangruðum og fámennum byggðum á suður Ítalíu, í Lúkaníu.⁵² Carlo Levi er yfirleitt fyrst og fremst titlaður sem and-fasískur höfundur en fær líka stundum að fljóta með þegar taldir eru upp ítalskir höfundar nýraunsæisins (e. *neorealism*).⁵³ Í *Cristo si è fermato a Eboli* er útleðarþemað mikilvægt, sá sem er settur frá er skoðaður og sýn hans á samfélagsgerðina er í brennidepli – þannig fellur verkið ágætlega að myndinni um Jón sem útleðarhöfund, þótt vitaskuld sé með öðrum hætti en í tilfelli Levis. Um verk þýðandans skrifaði Elías Mar í *Þjóðviljinn*: „Þýðing Jóns Óskars er með ágætum. Viða nær hann slíku valdi á málinu, að ætla má að hann geti hér eftir lagt í erfiðasta þýðingarefni óhræddur.“⁵⁴

Tveimur árum síðar kemur aftur út þýðing úr ítölsku eftir Jón Óskar, þá er það bókin *Leyndarmál Lúkasar* eftir ítalska nýraunsæishöfundinn Ignazio Silone og Almenna bókafélagið sem gefur út. Bókin *Il Segreto di Luca* var tiltölulega ný þegar Jón þýðir hana en hún kom fyrst út á Ítalíu árið 1956 og því aðeins fimm ára skáldverk þegar hún berst íslenskum lesendum.⁵⁵ Silone átti það sammerkt með Carlo Levi að hafa verið harður andstæðingur Mussolinis og tekið þátt í stjórnmálum í heimalandi sínu – en báðir höfundarnir voru mjög vinstrisinnaðir. Sigurður A. Magnússon var ekki hrifinn af þýðingu Jóns á verki Silones og skrifaði: „Þýðing Jóns Óskars er ekki eins lipur og vönduð og ég hefði búizt við. Samtölin eru víða stirðleg og hjákátlega hátíðleg, og stíllinn yfirleitt klunnalegur.“⁵⁶ Síðan tilfærir Sigurður nokkur dæmi og verður að segjast eins og er að hann er nokkuð smásmugulegur í sumum af

í hugann þegar horft er á þætti hans [Darios Fo]“. Ásgeir Hjartarsson. „Þjófar, lík og falar konur“ (leikdómur) *Þjóðviljinn*, 21. mars 1965, bls. 2.

⁵² Carlo Levi. *Kristur nam staðar í Eboli*, þýð. Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1959. Jón Óskar las söguna síðar, árið 1980, sem miðdegissögu í Ríkisútvarpinu.

⁵³ Sjá t.d. hér um Levi: „Carlo Levi“, bls. 320-321 í *Cassell Dictionary of Italian Literature*, ritsj. Peter Bondanella og Julia Conway Bondanella. Cassell, London 1996.

⁵⁴ Elías Mar. „Þjóðlífsslýsing með skáldsögublæ“ (ritdómur). *Þjóðviljinn* 20. desember 1959, bls. 7, 11.

⁵⁵ Ignazio Silone. *Leyndarmál Lúkasar*, þýð. Jón Óskar. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1961.

⁵⁶ Sigurður A. Magnússon. „Leyndarmál Lúkasar“ (ritdómur). *Morgunblaðið* 20. ágúst 1961, bls. 11.

þeim athugasemdum. Kristján Róbertsson sagði um þýðinguna í *Vísi*: „Þýðing Jóns Óskars er yfirleitt góð.“⁵⁷ Sú umsögn er eins og margar fyrr og síðar um framlag bókmenntaþýðenda, frekar snubbótt.

Enn á ný fæst Jón við þýðingu á ævisögulegu verki, en árið 1962 kom út bókin *Upp á líf og dauða*, Fróði gaf út, enn nýtt forlag á lista Jóns Óskars. Þessi bók, sem var af allt öðrum toga en það sem Jón hafði áður fengist við þrátt fyrir að vera ævisaga, er saga franska landkönnuðarins og ævintýramannsins Pauls-Émiles Victor en hún heitir á frummálinu, *La Voie lactée*. Um þýðinguna skrifar Andrés Kristjánsson í *Tímann*: „Jón Óskar hefur þýtt bókina, og virðist þýðing hans yfirleitt vel gerð, nema á nokkrum stöðum farið afleitlega með grænlenzk nöfn, sem eru alkunn og íslensk heiti í munni Íslendinga. Það er talað um Sondre Storm Fjord í staðinn fyrir Syðri-Straumfjörð og fleira af líku tagi.“⁵⁸

Af frumsömdum skáldskap Jóns á þessu tímabili ber hæst hans fyrstu ljóðabók *Skrifað í vindinn* sem Heimskringla gaf út 1953 og ljóðabókina *Nóttin á herðum okkar* sem kom út hjá Helgafelli 1958. Þá er smásagnasafnsins *Mitt andlit og þitt ógetið*.⁵⁹ Það fékk Jón Óskar gefið út hjá Heimskringlu árið 1952. Þetta smásagnakver var fyrsta frumsamda bókin sem kom út eftir Jón Óskar. Jón greinir nokkuð ítarlega frá viðtökum þessarar bókar, og svo er reyndar um margar aðrar af bókum hans, *Mitt andlit og þitt fær þó sérstaklega* mikið rúm í bók hans *Kynslóð kalda stríðsins*:

Margur höfundur hefur sagt frá því hvílík reynsla það var honum að fá fyrstu bók út gefna, hvernig hann stóð fyrir framan bókabúðarglugga og horfði í leiðslu á bók sína sem blasti þar við, og hvernig hann beið í ofvæni eftir ritdómunum. Ég hef ekki frá neinu slíku að segja. Ekki eitt orð um það í dagbók minni frá árinu 1952, að bók mín sé út komin. Þó átti sú bók að koma árið 1951. Dagbókin endar að vísu í ágúst 1952, en hvað sem því líður hefur mér ekki þótt ómaksins vert að geta útgáfunnar. Og nú hef ég ekki hugmynd um hvenær bókin kom út. Á henni sjálfri stendur ártalið 1952. Það hlýtur þá að vera rétt. Eða hvað?⁶⁰

Hér er að mörgu að hyggja. Jón fullyrðir nokkru síðar að hann hafi aldrei staðið í leiðslu „við neinn búðarglugga að horfa á fyrstu bók mína.“ Og svo segir hann stuttu síðar: „Hún kom að vísu út, því verður ekki neitað, en útkoma hennar var ekki einu sinni viðburður fyrir höfundinn sjálfan, hvað þá heldur aðra.“⁶¹ Það má vera að Jón hafi aldrei tekið sér þá stöðu fyrir framan

⁵⁷ Kristján Róbertsson. „Leyndarmál Lúkasar“ (ritdómur). *Vísir* 5. júlí 1961, bls. 7.

⁵⁸ Andrés Kristjánsson. „Lífið í sjónhendingu“ (ritdómur). *Tíminn* 24. nóvember 1962, bls. 9, 13.

⁵⁹ Jón Óskar. *Mitt andlit og þitt*. Heimskringla, Reykjavík 1952.

⁶⁰ Jón Óskar. *Kynslóð Kalda stríðsins*, bls. 201-202.

⁶¹ Jón Óskar. *Kynslóð Kalda stríðsins*, bls. 202.

þann búðarglugga sem hann minnst á en margt annað í þessum hugleiðingum sýnir okkur að hann hefur tekið sér aðra stöðu; hann er að búa til þá mynd af sjálfum sér sem rithöfundur sem honum hugnast best og að uppfylla gefna hugmynd lesandans um stöðu Jóns Óskars, stöðu sem Jón hóf strax að útlista við útkomu fyrstu bókarinnar í endurminningabálknum. *Kynslóð kalda stríðsins* er, vel að merkja, fjórða bókin í þessari röð og því hafði Jón komið því ágætlega til skila áður „hver hann væri“ og „hvar hann stæði“. Paul John Eakin bendir einmitt á þann þátt hjá sjálfsævisöguritaranum að hann sé einnig að fylla upp í væntingar lesenda þegar hann er að móta sitt frásagnarsjálfi (e. *narrative identity*); þetta frásagnarsjálfi verður þannig ekki síður til í lestri og viðtökum en í skrifunum sjálfum.⁶²

Jón ver tuttugasta og sjötta kafla *Kynslóðar kalda stríðsins*, kafla sem hann kallar „Ég dæmist vera hæfileikalaus“, alfarið undir einn af ritdómunum um þessa fyrstu bók sína: tíu blaðsíðum. Hann byrjar á að segja frá því að *Þjóðviljinn* hafi ekki fjallað um bókina og telur það eðlilegt því þar hafi kunningjar hans ráðið ríkjum. Hann minnst því næst á stutta umfjöllun Halldórs Stefánssonar í *Tímariti Máls og menningar*.⁶³ Þá segir Jón:

En til var eitt tímarit sem var einskona hæstiréttur gagnvart ungum höfundum á Íslandi um þær mundir. Það var tímaritið *Helgafell* í höndum þeirra Tómasar Guðmundssonar og Magnúsar Ásgeirssonar. Því tímariti hafði ég einmitt lagt lið með því að tvær smásögur eftir mig höfðu þótt verðugar að birtast á síðum þess. Og nú var réttur settur yfir þeim unga höfundu Jóni Óskari sem hafði sent frá sér fyrstu bók sína, og dómur upp kveðinn.⁶⁴

Hér talar ekki sá yfirvegaði maður – og lítt spenntur fyrir ritdómum – sem tjáir sig nokkrum línnum frammar. Vandasamt er að sjá hví hann telur *Helgafell* vera „hæstarétt“ í þessum málum; það eru í raun ekki sýnileg rök fyrir því. *Helgafell* var stofnað 1942 og lifði þar til árið 1955. En *Tímarit Máls og menningar* er til dæmis fjórum árum eldra, stofnað 1938. Þá er rétt að gæta að því að *Birtingur* sem er stofnaður 1955 er fyrst og síðar stofnaður sem andsvar við *Tímariti Máls og menningar* en síður sem mótvægi við *Helgafell* eða arftaka þess *Nýtt Helgafell* sem var stofnað 1956 og lifði til 1959. Það er í raun fátt sem bendir til þess að *Helgafell* hafi haft þá hæstaréttarstöðu sem Jón vísar til og má í því sambandi benda á umfjöllun Þrastar Helgasonar um tímaritavettvanginn í doktorsritgerð hans. Þröstur lýsir *Helgafelli* fyrst og fremst sem íhaldsömu blaði sem hafi farið af stað sem móðernískt tímarit en hrokkið frá þeirri stöðu, meðvitað, og orðið frekar íhaldsamt og þá helst vettvangur viðurkenndra skálda. Um

⁶² Paul John Eakin. *Living Autobiographically: How We Create Identity in Narrative*. Cornell University Press, Ithaca og London 2008, bls. 24-25.

⁶³ Halldór Stefánsson. „Mitt andlit og þitt“ (ritdómur). *Tímarit Máls og menningar* 3/1952, bls. 321-322.

⁶⁴ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 205-206.

ægivald eða um tímaritið sem einhvern trón, talar Þróstur ekki.⁶⁵ Þá má og benda á að Einar Bragi talar um *Helgafell* sem nánast þarflaust afturhald í *Birtingi* árið 1956.⁶⁶ En, Jón Óskar heldur áfram: „Á þeim tíma voru skrifaðir margir ritdómar í Helgafell undir nafninu Crassus. Var sagt að á bak við þetta nafn fælu sig nokkrir þekktir spekingar borgarinnar. Einn þeirra var sagður Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur, en ekki man ég lengur hvaða önnur nöfn voru tilgreind.“⁶⁷ Athyglisvert er að Jón skuli tilgreina, eða muna, Sverri Kristjánsson einan og ekki er ólíklegt að með þessari nafngreiningu sé hann að ýja að því að Sverrir sé einmitt gagnrýnandinn í þessu tilfelli. Þeirri hugmynd til staðfestingar eru þessi orð Jóns nokkru síðar í sama kafla. Jóni sviða orð ritdómarans um að hann sé „smiður hagar, en ekki skáld“ og gagnrýnir svo að eftirfarandi tilvitnun geri ritdómarinn að útgangspunkti sínum í allri krítíkinni:

„[...] ég er að reyna að skilja rök þeirra atburða, sem gerzt hafa kringum mig og í huga mínum og í návist minni [...]“ Þessi tilvitnun, sem ritdómarinn hefur fyrir forsendur að dómi sínum, er úr sögunni „Sonata quasi una fantasia eða Kvöld í maí“, þeirri sem Sverrir Kristjánsson varð svo hneykslaður á, þegar ég birti hana í RM 1947, eins og fyrir segir, að hann missti alla trú á mér.⁶⁸

Enn heldur Jón Óskar áfram í þessum kafla að rekja ritdóm Crassusar, hann birtir nánast dóminn orð fyrir orð með einstaka innskotum og varnarorðum frá sjálfum sér inn á milli.⁶⁹ Hann tekur allt persónulega og er mjög sár, stundum skrifar hann um sig í þriðju persónu, hann sér sig í hópi manna sem afturhaldsöfl vilji stöðva; Crassus er að hans mati fulltrúi þessara afla:

Nú sýnist mér orðið ljóst nokkuð, hverja hæstiréttur íslenskra bókmennta vildi sérstakega dæma til bókmenntalegrar útleiddar í aprílmánuði árið 1953. Allir þessir höfundar, Steinn, Stefán Hörður, Hannes, Sigfús og ég höfðu fengið á sig stimpilinn „atómskáld“. Áður hafði Jón úr Vör verið dauðadæmdur í sama riti. Það var árið 1942. Þá virtist hann öllum öðrum höfundum hættulegri. Nú virðist enginn höfundur jafnhættulegur og Jón Óskar. Á hann eyðir Crassus mestu púðrinu, þótt ekki fjalli hann um ljóð hans, enda hafði hann ekki enn gefið út ljóðabók.⁷⁰

Þrátt fyrir að Jón nái þarna að raða í kringum sig félögum sínum og þannig dreifa um sinn athygli frá persónulegri reiði sinni, þá er niðurlag kaflans með þeim ólíkindum að holundarsár

⁶⁵ Þróstur Helgason. *Opna svæðið*, bls. 176-177, 184-188, 213-217 og víðar.

⁶⁶ Einar Bragi. „Vel á minnzt“, bls. 38-40 í *Birtingur* 3/1956, bls. 40.

⁶⁷ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 206.

⁶⁸ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 206-207. RM sem Jón minnst á er tímaritið *Ritlist og myndlist* sem gefið var út 1947-1948. Þar birtist saga hans „Sonata quasi una fantasia eða Kvöld í maí“ í fyrsta sinn í 2/1947, bls. 38-40.

⁶⁹ Dóminn í *Helgafelli* er að finna hér: Crassus. „Mitt andlit og þitt“, bls. 117-118. *Helgafell* 1/1953.

⁷⁰ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 212-213.

skáldsins verður ekki dulið. En sannfærandi er hann ekki þegar hann ritar: „Ég fann það á vinum mínum, þegar þessi níðdómur hafði birst, að þeir héldu að ég tæki mér árásina nærri. Það var vonlegt, en í því skjátlaðist þeim. Dómurinn kom undarlega lítið við mig. [...] Mér stóð því sem næst á sama um dóminn“.⁷¹ Þetta er nokkuð undarleg niðurstaða eftir það sem á undan er gengið; skrifað góðum tuttugu árum frá því umræddur dómur kom á prent. En trúverðugt eður ei, hér verður ekki fengist við það enda myndi slíkur lestur enda í blindgötu. Kannski er líka þetta skeytingarleysi Jóns – „kom undarlega lítið við mig“ – liður í því að teikna upp hinn kaldhamraða utangarðsmann sem lætur sér fátt um finnast; hann er jú misskilinn og á undir högg að sækja – ævinlega.

Hér er gagnlegt að staldra við – og spyrja þeirrar spurningar: Hvers kyns textar eru þetta, þessi ítarlegu skrif Jóns Óskars um gamla ritdóma? Jú, þetta eru einskonar síðbúnar varnarræður. Og þegar sjóndeildarhringurinn er stækkaður og horft á endurminningarbækur Jóns verður ekki varist þeirri hugsun að þær séu einmitt að stórum hluta slíkar ritsmíðar, bókmenntagrein sem sveiflast á milli þess að vera játningabókmenntir og varnarrit. Jón er í þessum skrifum sínum að staðsetja sig – hann er sá sem á undir högg að sækja; nýtur ekki sannmælis. Hann fær ekki sömu meðferð og aðrir. Hann er í raun að undirstrika sérstöðu sína, stöðu sína sem jaðarmaður í íslenska bókmenntaheiminum. Sú staða er í raun afskaplega mótsagnakennd því að ljóst er af skrifum Jóns að hann vill vera höfundur sem selst, vera nær þeim skáldum sem hæst bar bæði hvað varðaði dóma og vinsældir. En jafnframt bærist í honum, eins og sérstaklega verður farið yfir í fjórða kafla þessarar rannsóknar, bóhem sem vill vera sér, í þeim búningi vill hann tilheyra einskonar andófsmönnum á skáldabekk – og það er með þeim hætti sem hann upplifir sig undir lokin.

Um jákvæðari dóma hirðir Jón minna. Næsti kafli í bókinni er helgaður glefsum úr öðrum dómum um *Mitt andlit og þitt* – en sá kafli hefst svo: „Það hefði nú verið hróplegt, ef ekkert fleira hefði verið skrifað um fyrstu bók mína, ef enginn hefði kunnað neitt lofsvert um hana að segja. En svo illa fór ekki.“⁷² Gætum að því að þetta er maðurinn sem kvaðst ekki hafa verið að bíða eftir ritdómum. Hann getur þess að Erlendur Jónsson hafi verið vinsamlegur í *Lífi og list*⁷³ og eins skrifaði Guðmundur Daníelsson og hefur Jón Óskar ýmsilegt út á þann dóm að setja, er Guðmundi að því er virðist reiður. Það má teljast merkilegt því þessi stutti dómur

⁷¹ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 214.

⁷² Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 215.

⁷³ Erlendur Jónsson. „Bækur“ (ritdómur) *Líf og list*. 1/1953, bls. 13. Reyndar er athyglisvert að þrátt fyrir að Erlendur tali vel um þessa bók Jóns þá getur Jón þess að síðar hafi Erlendur snúist „öndverður gegn“ honum og kastað að sér „hnútum“ við hvert tækifæri í ritdómum og bókaumfjöllun. Þetta er dæmi um tortryggni Jóns gagnvart einstaka mönnum í bókmenntalegu umhverfi sínu – tilvikin áttu eftir að verða mörg á ferlinum.

Guðmundar er alls ekki óvinsamlegur. Til dæmis segir Guðmundur snemma í umfjöllun sinni: „Jón Óskar hefur miklu sjálfstæðari stíl en algengt er um byrjendur, en þó á stíll hans sjálfsagt langt í land með að fá fulla festu, það er tilraunasnið á mörgu í þessari bók og tilraunirnar heppnast ekki allar jafnvel.“⁷⁴ Undir lok dómsins spáir Guðmundur því að Jón Óskar ætti að geta orðið „ágætur smásagnahöfundur“. Engu getur Jón Óskar þess dóms sem þó er lofsamlegastur, í raun mjög góður, en það var Helgi Sæmundsson sem skrifaði þá gagnrýni í *Alþýðublaðið*.⁷⁵ Má undarlegt heita að Jón sleppi þeim dómi, sér í lagi þar sem hann getur Helga í þessum sama kafla í sambandi við hinn vonða dóm Guðmundar. Jón vill með þessu setja sig í ákveðinn flokk og þess vegna sleppir hann dómi Helga, en auðvitað hefur hann þekkt þá umfjöllun. En það þjónar tilgangi að sniðganga ritdóm Helga Sæmundssonar, það er leiður í ímyndarsköpun Jóns, skipar honum í flokk með hinum misskildu snillingum. Elizabeth Wilson bendir einmitt á í bók sinni *Bohemians: The Glamorous Outcasts* að slík sjálfsstaðsetning sé einn af grunnþáttum bóhemmytunnar.⁷⁶ Jón setur sig á svið sem fórnarlamb borgarastéttarinnar, sérstaklega, hinna viðurkenndu; þeirra sem fara með hin bókmenntalegu völd og stjórnþæki þeirra, áhrifamikil blöð og tímarit.

Síðar fékk smásagnagerð Jóns uppreisn æru – en það var seint. Og uppreisn æru er kannski ofmælt en þessar sögur sem þarna komu út fengu lof. Það var í grein sem birtist í *Vísni* árið 1974 þar sem Ólafur Jónsson var að fjalla um bók Jóns *Sögur 1940-1964*, en þar birti hann allar smásögur sínar. Í þessari grein kemst Ólafur að því að *Mitt andlit og þitt* hafi verið býsna góð bók en um leið vekur það undrun hans að „höfundur sem fyrir tuttugu árum hafði samið jafngóðar smásögur og „Ég, barnið, hundurinn“, „Ég hef gleymt einhverju niðri“, „Stúlkan svartí kötturinn og ég“, svo að einungis séu nefndar þrjár af minnisverðustu sögunum úr *Mitt andlit og þitt* – að hann skuli síðan svo sem enga stund hafa lagt á smásagnagerð.“⁷⁷ Það er ekki laust við að Ólafur sé leiður yfir því hve fátt bitastætt hefur bæst við af góðum smásögum frá Jóni Óskari. En hann dregur ekki af sér við að hæla – sér í lagi – þessum gömlu sögum úr *Mitt andlit og þitt* og hann greinir hvað það var sem veitti Jóni sérstöðu í sinni sagnagerð; nokkuð sem nauðsynlegt er að gefa gaum og hafa meðferðis yfir í kaflann um fagurfræði Jóns, kaflann um *arrière-garde* og tímavitund sem hér fer á eftir. Ólafur Jónsson skrifar: „Það sem nýtt var í sögum Jóns Óskars [...] allt frá fyrstu sögum hans, það er stílháttur þeirra, ofur-einfaldur og líkt og kæruleysislegur, en samt sem áður svo skýr og nákvæmur á smámuni,

⁷⁴ Guðmundur Daniélsson. „Nokkur orð um nýjar bækur af ýmsu tagi“ (ritdómur). *Vísir* 29. júlí 1953, bls. 5.

⁷⁵ Helgi Sæmundsson. „Ungt skáld kemur gangandi“ (ritdómur). *Alþýðublaðið* 30. desember 1953, bls. 4,7.

⁷⁶ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 3 og 6-7.

⁷⁷ Ólafur Jónsson. „Frá kreppu og hernámi“ (ritdómur). *Vísir* 14. janúar 1974, bls. 7.

stíflsháttur sem er jafn auðnuminn af sögunum og erfitt er að lýsa honum í fljótu bragði, öðrum orðum.⁷⁸

1.2.2 Annað tímabil

Næsta tímabil sem greina má í rithöfundarferli Jóns hefst 1963 og því lýkur 1968. Það er hér sem ljóðapýðingar Jóns úr frönsku koma fyrst út á bók, en sú útgáfa þótti sjálfsagt mest tíðindi af því sem Jón fékkst við á þessum árum: „Mér er kunnugt um að Jón Óskar hefur árum saman unnið að þessari bók og mun eiga fleiri pýðingar í fórum sínum. Ljóðapýðingar úr frönsku er að mínu viti alvarlegasta tilraunin sem gerð hefur verið á Íslandi til að kynna þjóðinni verk erlendra nútímaskálda.“⁷⁹ Mikilvægi ljóðapýðinga Jóns er mjög mikið og því er farin sú leið í þessari rannsókn að hafa það starf alltaf undirliggjandi við greiningar og umfjallanir um aðra þætti höfundarverksins, því er ekki sérstakur kafli helgaður því í rannsókninni. Með því móti er undirstrikað vægi ljóðagerðarinnar og verða textabrot ljóða oftast en ekki notuð til marks um t.d. stílblöggð, fagurfræði og lífsviðhorf. Ljóðið er eina bókmenntaformið sem fylgir Jóni alla leið, þrátt fyrir að það taki breytingum og eins þótt birtingarform þess sé á löngum stundum bundið við pýðingar. Með því að hafa ljóðið þannig undirliggjandi í allri rannsókninni má fá hryggjarstykki í hana og um leið meiri þunga í umfjöllunina um ljóð, þrátt fyrir að hún sé ekki öll á einum stað.

Á þessu skeiði kemur út ljóðabókin *Söngur í næsta húsi*⁸⁰ sem markar ákveðin skil í höfundarverki Jóns, því hér hefur hann gengið hinu móðerníska ljóði fullkomlega á vald og

⁷⁸ Ólafur Jónsson. „Frá kreppu og hernámi“ (ritdómur). *Vísir* 14. janúar 1974, bls. 7.

⁷⁹ Jóhann Hjálmarsson. „Rimbaud á íslensku“ (ritdómur). *Morgunblaðið* 4. júní 1964, bls. 13.

⁸⁰ Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*. Helgafell, Reykjavík 1966. Þegar hér er sagt að þessi ljóðabók marki skil, þá er miðað við bókina *Skrifað í vindinn*, en hafa ber í huga hvað þá ljóðabók varðar að í henni voru ýmis ljóð ort mun fyrr en útgáfuár hennar segir til um; til dæmis má nefna „Ég sagði við þig“ frá árinu 1941 og sömuleiðis er „Ég heyri regnið falla“. „Haustkvæði um Ísland“, er mjög hefðbundið og þjóðernissinnað, frá árinu 1944. Þá má nefna „Hvers virði tónlistin er þreyttu hjarta“ þar sem ljóðmælandi tregar konu, týnda ást, það er frá árinu 1946:

Til einskis hef ég hennar saknað,
hugað mig þreyttan langar nætur,
horft í myrkrið mér við fætur,
munað hennar bros og ekki
annað neitt af ljóðum ljóða;
löngum hef ég reynt að gleyma,
en þær streyma og þær streyma
árnar, sem ég reyndi að hefta.

Hvað er þá í þessum heimi
þreyttu hjarta mest til gleði?

eins er það hér sem hið langa og torræða ljóð „Óbundið ljóð um Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi“ (fr. „La Prose du Transsibérien et de la Petite Jehanne de France“) eftir Blaise Cendrars birtist fyrst í bók á íslensku – en áður hafði ljóðið birst í *Birtingi* eins og fjallað verður um síðar í ritgerðinni. Rætur Jóns í framúrstefnu tuttugustu aldar sjást víða í þessari ljóðabók og má þar til dæmis taka ljóðið „Ég segi“ sem ber með sér andblæ yfirlýsingar, ljóðmælandinn er borginmannlegur og segir það sem honum sýnist líkt og, á köflum, ljóðmælandinn í ljóði Rimbauds „Nuit de L’Enfer“ („Nótt í helvíti“). Eins er það líkt með þessum ljóðum Jóns og Rimbauds að nóttin ríkir:

Ég segi það sem mér sýnist,
en það fellur ekki öllum,
þegar ég segi að hvítt sé hvítt.
Ég segi einnig að grasið sé rautt
og þjóðskáldið leirskáld.
Og að nóttin ríki í heiminum.
Það fellur ekki öllum.⁸¹

Andófið við hið liðna er greinilegt, hin eldri hefð er ekki eins merkileg og af er látið, þjóðskáldið er leirskáld. Það er líka uppreisn í því að segja grasið rautt en íhaldsemin opinberast í þeirri staðreynd að ljóðmælandinn hefur sig ekki yfir það að hvítt sé hvítt en telur sér trú um, líklega til friðþægingar að líka með því sé hann í einskonar andófi, að ekki fái allir sætt sig við að hvítt sé hvítt. Sem dæmi um stórmennsku úr ljóði Rimbauds má tilfæra setningar eins og: „Kistan mín er þúsund sinnum fyllri en þeirra, ég safna öllu til mín eins og hafið. [...] Ég mun afhjúpa alla leyndardóma. [...] Ég er gæddur öllum hæfileikum! [...]“⁸² En það er fleira, í ljóði Jóns ríkir nóttin í heiminum, hjá Rimbaud erum við „komin handan heimsins.“⁸³ En myrkrið er hið sama, bæði ljóðin draumkennd og bera einkenni síðar kennd við súrrealisma.⁸⁴

Hann sem snillingshörpu réði,
höndum lék um strengi mjóa,
þrymja lét og þjóta í björkum,
þagna lét, og smábarn hjala.
Úrgar strendur, ilmgrös dala,
allt í snillingshöndum fólgið.

Jón Óskar. *Skrifað í vindinn*. Heimskringla, Reykjavík 1953, bls. 19-20.

⁸¹ Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*, bls. 15.

⁸² Arthur Rimbaud. *Uppljómanir & árstíð í helvíti*. Þýð. Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson. JPV-útgáfa, Reykjavík 2016, bls. 97. Það er Sölvi sem þýðir „Nótt í helvíti“.

⁸³ Arthur Rimbaud. *Uppljómanir & árstíð í helvíti*, bls. 98.

⁸⁴ Bent hefur verið á að í „Stefnuyfirlýsingu súrrealismans“ frá 1924 séu vísanir í *Árstíð í helvíti* og þá verið vísað t.d. á niðurlagið: „Í sumar eru rósirnar bláar; skógurinn er úr gleri. Gróðri sveipuð jörðin hefur jafn lítil

Textatengslin við Rimbaud eru víðar í þessari bók Jóns Óskars og kannski er skýrasta dæmið heiti bókarinnar *Söngur í næsta húsi* en sá titill leiðir óneitanlega hugann að titli á ljóði í *Árstíð í helvíti*, „Chanson de la plus haute tour“ eða „Söngur úr hæsta turni“ – hér er meira að segja á íslensku hljóðlíkingin hæsta/næsta.

Hér, á þessu skeiði, er Jón ekki byrjaður að rita hið stóra endurminningaverk en þó kemur á þessu skeiði ferðasagan *Páfinn situr enn í Róm*⁸⁵ sem er öðrum þræði endurminningabók þótt hún sé fyrst og fremst ferðabók.

1.2.3 Þriðja tímabil

Þá er það endurminningatímabilið 1968-1979⁸⁶, á þessu tímabili skrifar Jón Óskar einnig sína einu skáldsögu *Leikir í fjörunni*.⁸⁷ Hann heldur einnig áfram að skrifa ljóð og smásögur. En hér er tímabilið kennt við endurminningar Jóns enda eru þær yfirgnæfandi hluti höfundarverksins á þessum tíma. Það er ekki aðeins að þessar endurminningabækur segi þá sögu sem í þær er skrifuð, útgáfusaga þeirra er afar athyglisverð og varpar nokkru ljósi á hrakninga Jóns með handrit sín yfirleitt. Ef nánar er rýnt í það hvar þessar bækur koma út, og *Páfinn* hafður með, þá er sú mynd með þessum hætti: Almenna bókafélagið 1 bók (1964), Íðunn 3 bækur (1969, 1970, 1971), Bókaútgáfa Guðjóns Ó. 1 bók (1975), Fjölva útgáfa 2 bækur (1977, 1979). Þegar Fjölvi tekur við Jóni með tvær síðustu bækurnar þá er þetta skot sent af bókarkápu, baksíðu:

Það er alveg ómetanlegt, að Jón Óskar skáld, einn af innstu köppum í listabaráttu Reykjavíkur á Tívolí-árunum, skuli nú opna sig og rifja [upp] hreinskilningslega og vægðarlaust endurminningar sínar. Það er mjög óviðeigandi að Jón Óskar hefur þurft að hrekjast milli útgefenda með slíkt grundvallarverk.⁸⁸

Þá vekur athygli á hve löngu tímabili þessar bækur líta dagsins ljós, en hluti af skýringu þar kann auðvitað að vera umrætt basl með útgefendum. Sjálfur lætur Jón Óskar þess getið í

áhrif á mig og afturganga. Að lifa og hætta að lifa eru ímyndaðar lausnir. Tilveran er annars staðar.“ Um þetta sjá t.d. André Breton. „Stefnuýfirlýsing súrrealismans“, þýð. Benedikt Hjartarson. *Yfirlýsingar: evrópska framúr stefnan*, bls. 488. Sjá einnig á sama stað aftanmálsgrein 134, bls. 491.

⁸⁵ Jón Óskar. *Páfinn situr enn í Róm*, 1964.

⁸⁶ Bækurnar eru í útgáfuröð: Jón Óskar: *Fundnir snillingar*. Íðunn, Reykjavík 1969, *Hernámsáraskáld*. Íðunn, Reykjavík 1970, *Gangstéttir í rigningu*. Íðunn, Reykjavík 1971, *Kynslóð kalda stríðsins*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó, Reykjavík 1975, *Borg drauma minna*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1977, *Týndir snillingar*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1979.

⁸⁷ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*. Helgafell, Reykjavík 1968.

⁸⁸ Jón Óskar. *Borg drauma minna*. Líklegt verður að teljast að Þorsteinn Thorarensen eigandi Fjölva eigi þessi orð.

Undarlegu ferðalagi að hann hafi „neyðst til að hætta verkinu í miðjum klíðum.“⁸⁹ Um endurminningabækurnar skrifaði Jóhann Hjálmarsson m.a. eftirfarandi og setti þá einmitt í sambandi við hlutskipti Jóns:

Minningabækur Jóns Óskars um ung og upprennandi skáld og rithöfunda á stríðsárunum og eftir stríð, meðal þeirra Fundnir snillingar, Hernámsáraskáld og Kynslóð kalda stríðsins, vöktu mikla athygli. Léttur og leikandi stíll frásagnarinnar var áberandi en undir niðri mátti greina nokkur vonbrigði og jafnvel beiskju vanmetins bókmenntamanns og skálds. Jafn fjölhæfur höfundur og Jón Óskar fékk reyndar alla tíð að kenna á því óréttlæti að verk hans náðu ekki til nógu margra þrátt fyrir mikilvægt erindi þeirra og aðgengileik. Seinast var hann ef til vill farinn að sætta sig við þetta, bjóst ekki við öðru.⁹⁰

Á þessu tímabili í útgáfusögunni gaf Helgafell út *Leikir í fjörunni*,⁹¹ en hún hefur einnig á sér ákveðinn blæ endurminninga og fær lesandi ekki varist þeirri hugsun að drengurinn sem fjallað er um í sögunni sé einmitt Jón Óskar sjálfur í bernsku sinni á Akranesi. En á þessu tímabili kemur annars út eitt smásagnasafn – það sem áður var getið og er ástæðulaust að staldra frekar við það – eitt ljóðasafn og eitt greina- og ritgerðasafn. Þar fyrir utan vinnur Jón eina leikgerð fyrir útvarp upp úr smásögu eftir Guy de Maupassant. Sagan er á meðal frægustu smásagna hins franska höfundar, *Boule de Suif* – sem Jón kallar í þýðingu sinni, *Fitubolla*. Leikritið var frumflutt í Ríkisútvarpinu 22. mars 1979.⁹² Það má líta á þetta framtak Jóns, að þýða og gera leikgerð upp úr sögu eftir Maupassant, sem framhald á sömu leið við að kynna franskar bókmenntir frá síðari hluta nítjándu aldar fyrir Íslendingum. Með því að velja Maupassant breikkar Jón enn það svið sem hann hefur unnið á – hér bætist í hópinn franskur natúralismi; nokkuð sem Jón hafði ekki sinnt til þessa.

Endurminningabækur Jóns eru undirliggjandi í öllum þáttum þessarar rannsóknar og verður ekki staldrað meira við þær hér sérstaklega. Þó er nauðsynlegt að geta þess að þær eru burðarás í höfundarverki Jóns Óskars og bara sú staðreynd að þær koma út, sex bækur, á tíu ára tímabili (1969-1979) sýnir hversu stóran hluta af ævi hans sem höfundar þær eru í smíðum og hversu mikið þær hafa tekið af starfstíma hans. Þessar endurminningar eru upp á rúmar 1450 blaðsíður og í þeim birtist afar verðmætt safn upplýsinga, ekki bara um manninn Jón Óskar og menningarpólitík þessara tíma heldur einnig um það hvernig hann dregur upp mynd af sjálfum sér, skipar sér í ákveðna stöðu og skrifar þaðan jöfnum höndum játninga- og varnartexta. Þessu

⁸⁹ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*. Fjölvi, Reykjavík 1994, bls. 170.

⁹⁰ Jóhann Hjálmarsson. „Jón Óskar“ *Morgunblaðið* 22. október 1998, bls. 33.

⁹¹ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*.

⁹² Sjá t.d.: „Leikrit eftir Maupassant“, *Þjóðviljinn* 22. mars 1979, bls. 13. Margrét Helga Jóhannsdóttir lék aðalhlutverkið í þessari útvarpsuppfærslu en Hrafn Gunnlaugsson leikstýrði.

til stuðnings má vitna í orð Silju Aðalsteinsdóttur sem skrifar um endurminningabækurnar: „Þær eru ásamt ævisögu Hannesar Sigfússonar besta heimild um andrúmsloft í skáldahópi á fimmta og sjötta áratugi aldarinnar.“⁹³

Hér skal aðeins staldrað við *Leiki í fjörunni*, þessa þroskasögu drengs í litlu þorpi sem getur kannski ekki verið neitt annað þorp en Akranes, Erlendur Jónsson skrifar í *Morgunblaðið*:

Hefjist sagan sem ljóðrænar minningar, endar hún sem epískt skáldverk. Sé hún runnin upp í grófgerðu umhverfi, er hún orðin að angurværri stemming, um það er lýkur. Upphaf og endir spennir hvort annars greip. Jón Óskar hefur ekki horfið frá ljóðinu, þó hann hafi skipt um form. Hann hefur tekið það með sér. Leikir í fjörunni er ljóðræn skáldsaga öðrum þræði. Að hinu leytinu er sagan raunsæ og söguleg. Hrjúfur veruleiki umhverfisins: tillitsleysi, ruddaskapur, hranaleg tilsvör – kollvarpar ekki ljóðrænni tilfinning, heldur kryddar hana.⁹⁴

Framan við þessa skáldsögu, *Leiki í fjörunni*, hefur Jón Óskar sett litla athugasemd, þar sem hann varar við því að menn telji bók þessa hans eigin endurminningar eða hans sögu, þrátt fyrir að hann hafi notfært sér þræði úr sinni eigin ævi.⁹⁵ Ólafur Jónsson gerir þessa athugasemd að umtalsefni í ritdómi sem hann skrifaði í *Alþýðublaðið*: „Sjálfsagt er að virða þessa ábending: *Leikir í fjörunni* er sem sagt ekki bernskusaga Jóns Ó. Ásmundssonar af Akranesi þó hann hafi „notfært sér ákveðna þræði úr ævi sinni“ í sögunni. En lögmál skáldverksins – hver eru þau?“⁹⁶ Þessi síðasta spurning Ólafs leynir á sér. Hún er í senn réttmæt spurning við upphaf hvernar skáldsögu en líka ákveðinn varnagli eða fyrirvari við fyrirvara Jóns Óskars. Með öðrum orðum, skemmtileg leið inn í ritdóm. Fljótlega svarar Ólafur Jónsson, að hluta til, sinni eigin spurningu: „Endurminningin er lögmál sögunnar; að þessu leyti á hún sammerkt við aðra þorpslýsingu höfundar af sömu kynslóð og Jón Óskar, Jóns úr Vör í *Þorpinu*.“⁹⁷ Ólafur kemst að þeirri sjálfsögdunni niðurstöðu að hér sé um þroskasögu að ræða, uppvaxtarróman, en þar liggur þó ekki galdur þessa verks, heldur í hinu, í stílnum, og þar kallast dómur hans á við það sem sami Ólafur hafði um smásagnagerð Jóns Óskars að segja og greint var frá að framan: „Jón Óskar skrifar útsmoginn stíl. Málfar hans er einkar einfalt, næstum hversdagslegt, og orðfæri ekki

⁹³ Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, bls. 41-87 í *Íslensk bókmenntasaga* 5. bindi, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson o.fl. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 78.

⁹⁴ Erlendur Jónsson. „Í minningaljósi“ (ritdómur), bls. 12-13 í *Morgunblaðið* 4. desember 1968, bls. 12. Ekki er að finna hér, í þessari umfangslun, þá andúð eða leiðindi í garð Jóns sem hann þóttist ætíð skynja frá ritdómaranum Erlendi Jónssyni og greint var frá hér að framan.

⁹⁵ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*, bls. 5.

⁹⁶ Ólafur Jónsson. „Ástin og dauðinn við hafið“ (ritdómur). *Alþýðublaðið* 22. nóvember 1968, bls. 7.

⁹⁷ Ólafur Jónsson. „Ástin og dauðinn við hafið“, bls. 7.

allténd lýtalaust þó litlu varði. En sjálfur einfaldleiki stílsins og frásagnar hans gerir myndir hans úr þorpínu við sjóinn bráðlifandi og trúverðugar, raunsæjar hversdagsmyndir sem jafnharðan búa yfir skáldlegri fjarvídd.“⁹⁸

Aftur eru þetta þættir sem nauðsynlegt er að taka til skoðunar þar sem kenningar og hugmyndir um tvíbenta afstöðu til tímans verða kynntar hér í framhaldinu. En hér má benda á myndbrotið, hugmynd sýmbólistanna um rofið – hina skekktu mynd.⁹⁹ Hér leikur Jón sér með raunsæi og lýrik, með hörku sjávarþorpsins og mýkri þætti hins unga listræna manns:

Lítið þorp og stórt haf, – Náttúran sem blasir allsstaðar við, óendanleg víðátta, smæð mannanna, stórfengleiki, dauði, þorp snauðt að list en ríkt að náttúru, þorp sem tekur illa við listinni, skáld á þar ekki heima, skáld sem þar vex upp fer burt við fyrsta tækifæri. Lítið þorp. stórt haf, þar grunar mig óendanlega víðáttu heimsins að baki svörtum trollara.¹⁰⁰

Það er fjórði kafli *Leikja í fjörunni* sem hefst með þessum ljóðræna brag. Leikur með andstæður er mjög áberandi, lítið/stórt, snauðt/ríkt, þorp/haf. Það er ekki hið náttúrlega eða hið eiginlega yfirbragð þorpsins sem hindrar skáld í að dafna þar, heldur er það svartir trollarinn, tákn vélvæðingar, en um leið útgerðarinnar og þá um leið útgerðarauðvaldsins sem ræður þorpínu – eins og vikið verður að síðar í þessari rannsókn. Þá birtist hið lýríska einnig í því að textahöfundur setur stóran staf á eftir kommu og þankastriki, notar bragð sem ljóðskáld nota gjarna, t.d. þegar þau hefja hverja línu á stórum staf án þess að punktur hafi endað næstu línu á undan.

En það er ekki aðeins það ljóðræna sem hér blasir við, heldur er hér gefin ástæða fyrir því að vaxandi skáld reynir fyrir sér á öðrum stað, hér er mynd aðþrengingar, þrátt fyrir tal um víðáttu, einskona forspá um þá tilfinningu sem ætíð var rík í Jóni, útþrána. Sýmbólisminn er ekki síður áberandi í ljóðagerð Jóns, þótt áhrifa þeirrar stefnu gæti mismikið. Enn eru það þrengsli hér heima og útþráin sem skína í gegnum textann. Engu að síður er það innri sálræn barátta og tregi sem draga ljóðmálið í átt að sýmbólismanum, könnun sálarinnar og frumlegt myndmálið. Gott dæmi er ljóðið „Augu landsins“:

⁹⁸ Ólafur Jónsson. „Ástin og dauðinn við hafið“, bls. 7.

⁹⁹ Um sýmbólíska prósa, sjá t.d.: Melvin J Friedman. „The Symbolist Novel: Huysmans to Malraux“ í *Modernism: A Guide to European Literature 1890-1930*, ritstj. Malcolm Bradbury og James McFarlane. Penguin Books, London 1976, bls. 453-466. Margir af sýmbólistunum vildu meina að bil væri á milli ljóðmálsins og tungumálsins, tungumálið væri í raun ófullkomnara. Lýsing er sækti í tákn og myndmál væri æðri, þarna liggur rof.

¹⁰⁰ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*, bls. 16.

Eins og perlur
skína augu landsins
og fylgja mér
í fjarlæg lönd
eins og stjörnur.¹⁰¹

Árið 1978 kom út ritgerðasafn Jóns Óskars, *Vitnað fyrir manninn*. Bókfræðilegar upplýsingar í bókinni sjálfri segja reyndar að hún sé gefin út árið 1977.¹⁰² En svo er ekki. Það var Fjölva útgáfa sem gaf þetta ritgerðasafn út, enda á því tímabili þegar Jón hafði bundist þeirri útgáfu með tvö síðustu bindin í endurminningaflokknum. Það er ágætlega að orði komist um þessar ritgerðir á bókarkápu, en þar er sagt að svo náð sé þetta safn endurminningabókum hans að „[þ]að má næstum líta á það sem einskonar fylgiskjöl, til að fylla út í frásögn hans.“¹⁰³ Heiti bókarinnar er vísun í ljóð sem Jón Óskar þýddi sjálfur, í ljóðabálkinn „Vindar“ eftir Nóbelsverðlaunahafann Saint-John Perse.¹⁰⁴ Í þýðingu Jóns á þeim fræga bálki segir:

Því það er maðurinn, sem um ræðir, og endurnýjun hans.
Hvort mun ekki einhver jarðarbúi upphefja raust sína? Vitni fyrir manninn ...
Skáldið kveðji sér hljóðs og stjórni dómnum!¹⁰⁵

Þessar ritgerðir Jóns og fyrirlestrar sem þarna var safnað saman höfðu birst áður utan ein grein sem hafði verið ætluð *Birtingi* en aldrei birst. Í grein þessari sem heitir „Óskipulegar þenkingar um málarlist“ og er frá árinu 1955 er einstakur Parísarblær, enda hún skrifuð þar – og lýsir hún hugleiðingum Jóns um listina og lífið í París og bætir nokkru við Parísarfrásagnir Jóns. Í byrjun greinarinnar staðsetur Jón sig rækilega í miðju menningarlífs og hins bóhemska lífsstíls á því fræga kaffihúsi, *Select*, í París; með öðrum orðum: hann er mitt í þeirri listahringiðu sem hann m.a. lýsir í ritgerðinni.

¹⁰¹ Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir*. Hringskuggar, Reykjavík 1995, bls. 36.

¹⁰² Jón Óskar. *Vitnað fyrir manninn*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1978.

¹⁰³ Jón Óskar. *Vitnað fyrir manninn*, af bókarkápu.

¹⁰⁴ Reyndar hét skáldið réttu nafni, Alexis Léger. Hann hlaut bókmenntaverðlaunin árið 1960. „Vindar“ (fr. *Vents*) komu fyrst út í Frakklandi 1946. Sjá t.d.: Alison Finch. *French Literature: A Cultural History*. Polity Press, Cambridge 2010, bls. 120; Sigfús Daðason. „Um Saint-John Perse“ í Saint-John Perse. *Útlegð þýð.* Sigfús Daðason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1992, bls. 113-151.

¹⁰⁵ Saint-John Perse. „Vindar“, þýð. Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1988, bls. 178.

1.2.4 Fjórða tímabil

Fjórða og síðasta tímabilið hefst um 1980 og stendur til æviloka Jóns Óskars 1998. Níundi áratugurinn einkennist af þýðingum sem Jón hafði nánast ekkert sinnt síðan á öðru tímabilinu. Þarna líta dagsins ljós fjórar þýðingar sem verða að teljast veigamiklar.

Sú fyrsta af þessum þýðingum er *Yves frændi: Íslandssjómaður* (fr. *Le Jardinier des mers lointaines, Tonton Yves, pêcheur d'Islande*) sem Jacques Dubois skrjáði eftir handriti og frásögn Yves le Roux.¹⁰⁶ Bókin kom út hjá Steinholti – Iðunni árið 1981. Dubois þessi var ekki rithöfundur heldur listgagnrýnandi sem var staðkunnugur á slóðum Íslandssjómannanna á Bretaníuskaga.¹⁰⁷ Hér er Jón Óskar að gera skil nýjum vinkli á áhugamáli sínu, Frakklandi – þeim þætti í sögu landsins sem helst skarast við sögu Íslands. Jón fékk almennt lof fyrir þessa þýðingu sína: „Í þýðilegri þýðingu Jóns Óskars er þetta bók sem leynir á sér“¹⁰⁸ skrifar Jóhann Hjálmarsson og Kristján frá Djúpalæk ritar í *Dag*: „Önnur er sú bók sem mér hefur þótt hljótt um að óverðskulduðu en það er bókin Yves frændi, Íslandssjómaður, eftir franska höfundinn Jacques Dubois í mjög góðri þýðingu Jóns Óskars skálds.“¹⁰⁹ Og enn skrifar Jón Þ. Þór: „Þýðing Jóns Óskars er rituð á ágætu máli“.¹¹⁰ Þetta eru svo sem ekki mörg orð um vinnu Jóns en lýsandi dæmi um fábrotið mat á vinnu þýðandans í íslenskum ritdómum.

Ári síðar kom út, frá Jóni Óskari, þýðing sem svo sannarlega var af allt öðru tagi; *Allir menn eru dauðlegir* (*Tous les hommes sont mortels*) eftir Simone de Beauvoir en það var Ísafoldarprentsmiðja sem gaf út – saga þessi hafði komið út á frummálinu árið 1946.¹¹¹ Jóhanna Kristjónsdóttir sem skrifaði gagnrýni í *Morgunblaðið* hafði lesið söguna áður á dönsku og hafði þetta m.a. að segja: „Jón Óskar þýðir, ugglaustr úr frönsku og tekst það vel. Mér fannst hún langtum læsilegri og lyriskari á íslenzku en dönsku“.¹¹² Fáir dómur birtust um bókina sem má teljast nokkuð undarlegt því þarna var svo sannarlega um tíðindi í bókaútgáfu að ræða; fyrsta þýðing á skáldsögu eftir de Beauvoir. Tómlæti gagnvart þessari þýðingu er líka áhugavert þegar þess er gætt að þarna var kvenréttindabarátta í miklum blóma; Vigdís Finnbogadóttir var kjörin

¹⁰⁶ Jacques Dubois. *Yves frændi: Íslandssjómaður*, þýð. Jón Óskar. Steinholt – Iðunn, Reykjavík 1981.

¹⁰⁷ Sjá t.d.: Elín Pálmadóttir. „Skipreka á Skeiðarársandi“ bls. 74-77 í *Morgunblaðið* 30. nóvember 1980, bls. 77.

¹⁰⁸ Jóhann Hjálmarsson. „Garðyrkjumaður úthafanna“ (ritdómur). *Morgunblaðið* 20. desember 1981, bls. 66.

¹⁰⁹ Kristján frá Djúpalæk. „Örlög bóka“, *Dagur* 5. nóvember 1982, bls. 4. Hér er ekki um eiginlegan ritdóm að ræða heldur er Kristján hér að fjalla um bækur sem honum hafa ekki þótt fá nóga athygli er þær komu út.

¹¹⁰ Jón Þ. Þór. „Af frönskum duggurum við Ísland“ (ritdómur), *Tíminn* 19. desember 1981, bls. 7.

¹¹¹ Simone de Beauvoir. *Allir menn eru dauðlegir*, þýð. Jón Óskar. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1982.

¹¹² Jóhanna Kristjónsdóttir. „Ætli við viljum ekki deyja?“ (ritdómur), *Morgunblaðið* 23. janúar 1983, bls. 46. Einhver urgur virðist hafa verið vegna þess að nákvæmlega þessi bók eftir höfundinn varð fyrir valinu til þýðingar, í það minnsta segir Jóhanna í ritdómi sínum: „Ýmsir hafa fett fingur út í að þessi bók Simone de Beauvoir skyldi verða fyrir valinu og talið hana eina af minni háttar verkum hennar.“

forseti 1980 og Kvinnalistinn var stofnaður árið 1983 – svo fátt eitt sé talið. „Ég er nýbúinn að þýða frönsku skáldsöguna „Allir menn eru dauðlegir“ eftir Simone de Beauvoir, sem kom út hjá Ísafold fyrir ári. Hana þýddi ég reyndar til að vinna fyrir mér“,¹¹³ sagði Jón í viðtali ári eftir að bókin kom út. Þessi fullyrðing hans breytir ekki því að hann er hér á fornum slóðum – en þó nýjum um leið. Hann er aftur farinn að fást við existensíalískan höfund, og að því leyti má segja að hann sé að taka upp þráðinn frá því hann var að þýða Camus í upphafi sjötta áratugarins, að hinu leytinu er hann að þýða annálaðan femínista en það hafði hann ekki gert áður. Sú staðreynd er áhugaverð þegar horft er til þess að Jón fór að gefa kvenfrelsi og réttindamálum kvenna, og kúgun kvenna, æ meiri gaum eftir því sem leið á höfundarverkið og það innlegg hans í bókmenntirnar nær einmitt hæstum hæðum á þessum fjórða og síðasta hluta rithöfundarferlisins með bókinni *Konur fyrir rétti*. Þar fjallar hann um dómsmál gegn íslenskum konum á fyrri öldum, sér í lagi vegna dulsmála, en meira er vikið að því verki í fjórða kafla þessarar rannsóknar. Þannig er þessi þýðing hans á de Beauvoir mikilvæg varða á ferli hans og tengiliður á milli ólíkra viðfangsefna. Frá þessari þýðingu er horft aftur til fyrri ára en jafnframt fram á veginn.

Annað þýðingarverkefni Jóns Óskars frá svipuðum tíma var á líka á femínískum nótum en þó gjörólíku. Franska skáldkonan Aurore Amantine Lucile Dupin sem skrifaði undir höfundarnafninu George Sand og öðlaðist frægð undir því nafni sendi árið 1849 frá sér söguna *La Petite Fadette*. Þessa sögu þýddi Jón Óskar og kallaði *Litlu Skottu*. Hann hóf að lesa þýðingu sína í útvarp á vordögum árið 1981 en sagan kom síðan út hjá Sögusafni heimilanna 1983. Jón segir í stuttum inngangi að sögunni frá því að hann hafi fengið góð viðbrögð þegar hann las *Litlu Skottu* í útvarp:

þá var ég þess áskynja að geysimikið var á hana hlustað og margir létu í ljós undrun sína við mig og lýstu ánægju sinni og aðdáun á því hve vel þessi kona hafði kunnað að halda á penna. Voru það ekki síður karlar en konur, og vænti ég þess því að bókin verði aufúsugestur margra þeirra, af báðum kynjum, sem kunna að meta góðar, sígildar bókmenntir.¹¹⁴

Með því að þýða verk George Sand, það fyrsta eftir skáldkonuna á íslensku, víkkar Jón Óskar enn út það svið bókmennta sem hann kynnir landsmönnum. *Litlu Skotta* er fyrst og fremst róman en líka afar gott sýnishorn af frönsku sveitaskáldsögunni (e. *pastoral romance*) en þar var Sand í fararbroddi höfunda. Hún kunnir öðrum betur að lýsa fallegu landslagi frönsku

¹¹³ Hjalti Rögnvaldsson. Viðtal við Jón Óskar „Við vorum helvíti óvinsælir“ bls. 6-7 í *Dagur* 26. september 1983, bls. 7.

¹¹⁴ Jón Óskar. „Um höfundinn“ í *Litlu Skotta*. Sögusafn heimilanna, Reykjavík 1983, bls. 7.

sveitahéraðanna og hún hafði afar næman skilning á – og lýsti af innsæi – sálarlífi sveitamanna sem lifðu fábreyttu lífi.¹¹⁵ Þetta fangar Jón allt með þryði í þýðingu sinni um leið og hann kynnir íslenskum lesendum þessa frönsku kvenréttindakonu og um margt sérstæða karakter. Hitt er og mikilvægt í þessu sambandi að þegar Jón þýðir Sand hefur endurreisn hennar og endurskoðun á henni sem afgerandi og góðum rithöfundum hafist fyrir nokkru í Frakklandi, en lengi mátti hún búa við að vera talin lítilfjörlegur rómanasmiður. Þannig er ekki ólíklegt að Jón, sem fylgdist mjög vel með gerjun í frönskum bókmenntum og bókmenntaumuræðu, hafi verið þessa meðvitaður og þannig hafi hann einmitt leitt þá endurskoðun á Sand inn í íslenskt bókmenntakerfi með þýðingu sinni.¹¹⁶ Annað sem bendir í þessa átt, og er líka forvitnilegt út frá hefðartengingunni hjá Jóni Óskari, er lítið orð þarna í lýsingunni á Sand - þ.e. hann talar um „góðar, sígildar bókmenntir“.

Árið 1989 sýndi Nemendaleikhús Leiklistarskóla Íslands leikritið *Grímuleik*¹¹⁷ (rú. *D-ale carnavalui*) eftir hinn rúmenska Ion Luca Caragiale. Jón Óskar þýddi verkið úr frönsku og fékk ágæta umsögn fyrir þá þýðingu, þannig segir Gunnar Stefánsson: „Þýðing Jóns Óskars hljómaði einkar vel í eyrum, enda er Jón langþjálfaður þýðandi.“¹¹⁸ Og Jóhanna Kristjónsdóttir skrifar: „Þýðing Jóns Óskars er gerð af leikni og orðfimi.“¹¹⁹ Caragiale var lítt kynntur á Íslandi þegar Jón þýðir þetta leikrit. Þó höfðu tvö leikrit verið þýdd áður og leikin í útvarp, *Týnda bréfið* (rú. *O scrisoare pierdută*) í þýðingu Hjartar Halldórssonar og *Leonida kynnist byltingunni* (rú. *Conu Leonida fața cu reacțiunea*) í þýðingu Halldórs Stefánssonar.¹²⁰ Hér glímur Jón Óskar við enn eina tegund bókmennta, hann er enn og aftur á nýjum slóðum. *D-ale carnavalui* er farsí en höfundurinn er eitt þekktasta leikskáld Rúmena, og stórt nafn í bókmenntum þeirra. Hann var hluti af Junimea-hreyfingunni sem var frekar íhaldsöm menningarpólítísk fylking í Rúmeníu upp úr miðri nítjándu öldinni. Þessi hreyfing var nokkuð mótsagnakennt afl; þannig var það í senn, á stundum, andgyðinglegt og þjóðernissinnað en vildi þó auðga rúmenskt menningarlíf með erlendum straumum og stefnum, berjast gegn fáfræði þeirra fátæku og endurskoða sjálfsmýnd þjóðarinnar.¹²¹ Það er yfirleitt talinn klassískur bragur á skrifum

¹¹⁵ Vincent F Hopper. og Bernard D.N. Grebanier „George Sand“ í *Essentials of World Literature: A Guide to Great Books* 2. bindi. Barrons Educational Series, New York 1952, bls. 485.

¹¹⁶ Sjá t.d. um endurreisn George Sand: Alison Finch. *French Literature*, bls. 87-88.

¹¹⁷ Ion Luca Caragiale. Grímuleikur [óprentað leikhandrit], þýðandi Jón Óskar. 1989. Verkið var í leikstjórn rúmenska leikstjórans Alexa Visarion. Uptaka af sýningunni er aðgengileg hér: <https://vimeo.com/144632097> (sótt á vefinn 3/5 2018).

¹¹⁸ Gunnar Stefánsson. „Læti í Lindarbæ“ (leikdómur), *Tíminn* 25. október 1989, bls. 7.

¹¹⁹ Jóhanna Kristjónsdóttir. „Í glettinni dulmögnum“ (leikdómur), *Morgunblaðið* 21. október 1989, bls. 10.

¹²⁰ Bæði voru þessi leikrit á dagskrá Ríkisútvarpsins árið 1959.

¹²¹ Sjá um *Junimisma* t.d.: Balázs Ivencsényi. „The Challenge of Junimism“, í *We, the People: Politics of National Peculiarity in Southeastern Europe*, ritstj. Diana Mishkova. Central European University Press, Búdapest og New York 2009, bls. 155-162.

Caragiales, hann beitir óspart kaldhæðni í raunsæislegum aðstæðum og tungumálinu beitir hann til þess að afhjúpa og gera grín, gjarnan með því stílbragði að draga fram fáránleikann í samræðum manna. Sá þáttur í verkum hans vill þó að margra mati týnast í þýðingum.¹²² En ekki er annað að sjá en að hér hafi Jóni tekist býsna vel upp hvað þann þátt varðar.

Auk þess koma út á þessu tímabili tvær bækur helgaðar frönskum ljóðapýðingum, hér er um að ræða bækurnar *Ljóðastund á Signubökkum* sem Menningarsjóður gaf út árið 1988 og *Undir Parísarhimni* sem sama útgáfa sendi frá sér árið 1991.¹²³ Í *Ljóðastund á Signubökkum* eru öll þau ljóð sem komu út í bókinni *Ljóðapýðingar úr frönsku* árið 1963. Sú þýðing sem Jón vekur sérstaka athygli á í formála að nú sé að koma í fyrsta sinn fyrir sjónir lesenda er „Drukna skipið“ (fr. „Le Bateau Ivre“) eftir Rimbaud. Í þessari bók birtist afstaða sem Jón tekur til hlutverka nefndra skálda, en hann telur í all ítarlegri ritgerð fremst í bókinni, að Apollinaire og Cendrars hafi verið helstu tengiliðir milli nítjándu og tuttugustu aldrar í ljóðlistinni.¹²⁴

Í *Undir Parísarhimni* er Jón enn á svipuðum slóðum en þó tekur hann þar inn töluvert af þýðingum minna þekktra skálda og eins er hann með afar greinargóða umfjöllun um franska ljóðlist sem hann kallar „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“ og segir heiti ritgerðarinnar allt um efnið.¹²⁵ Auðvitað endurómar eitthvað þar úr fyrri ritsmíðum Jóns en það er minniháttar. Af „nýjum“ skáldum sem Jón tekur inn í þessa bók má nefna: René Char,¹²⁶ Yves Bonnefoy,¹²⁷ Max Jacob¹²⁸ og Victor Hugo auk fleiri minni spámanna. Það vekur athygli að hér teygir Jón sig lengra aftur í tímann en áður; þarna hefur hann tekið inn rómantíska

¹²² Sjá um Caragiale t.d.: Bodgan Mischiu. „Caragiale, Ion Luca“ í *The Cambridge Guide to Theatre*, ritstj. Martin Banham. University of Cambridge Press, Cambridge 1992, bls. 159.

¹²³ *Ljóðastund á Signubökkum*, þýð. og ritstjóri Jón Óskar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1988. *Undir Parísarhimni*, þýð. og ritstjóri Jón Óskar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1991.

¹²⁴ Jón Óskar. „Nokkur orð um franska ljóðagerð á 19. og 20. öld“ í *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 38-39. Hvað Apollinaire varðar má sjá þessu haldið fram allvíða, t.a.m. hér: Alison Finch. *French Literature*, bls. 128-129. Þessu virðist ekki vera haldið jafn afgerandi fram varðandi Cendrars af öðrum en Jóni Óskari.

¹²⁵ Jón Óskar. „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“ í *Undir Parísarhimni*, bls. 115-215.

¹²⁶ René Char (1907-1988) var franskt ljóðskáld sem setti mark sitt á súrrealismann með þeim Éluard og Breton og lagði sitt af mörkum til *La Révolution surréaliste*. Char gat sér orð fyrir fleira en skáldskap, en hann var afar virkur í andspyrnuhreyfingunni í seinni heimstyrjöldinni. Fyrsta ljóðabók Chars, *Le Marteau sans maître* (1934) var myndskreytt af sjálfum Kandinskij, sjá: Jón Óskar. *Undir Parísarhimni*, bls. 199.

¹²⁷ Yves Bonnefoy (1923-2016) er af mörgum talinn eitt mikilvægasta ljóðskáld Frakka á síðari hluta tuttugustu aldar, í ljóðagerð sinni arftaki bæði súrrealistanna og sýmbólistanna. Sjá: Jón Óskar. *Undir Parísarhimni*, bls. 209.

¹²⁸ Max Jacob (1876-1944) var franskur gyðingur og merkilegt ljóðskáld, hann endaði líf sitt sem píslarvottur, drepinn af nasistum, lést í fangabúðunum í Drancy. Jón Óskar dregur upp skemmtilega mynd af Jacob: „Hann vakti athygli þar sem hann gekk um hverfið með harðan hatt á höfði, frumlegur, brellinn dulhyggjumaður, samtalsnillingur, drykkfelldur nokkuð.“ Jón Óskar. *Undir Parísarhimni*, bls. 175. Tveimur árum eftir útkomu bókar Jóns þá bættust nokkrar Max Jacob þýðingar við á íslensku er Bragi Ólafsson ritstýrði svokölluðu „undirtímariti“ hjá Bjarti og frú Emilíu, en það tímarit brá stundum á þann leik að fela einhverjum ritstjórn á nokkrum síðum og kalla undirtímarit. Max Jakob. „Koddar í anda átjándu aldarinnar“ *Bjartur og frú Emilía*, nr. 13 1993, ritstj. og þýð. Bragi Ólafsson, bls. 23-36. Sama ár notaði Bragi tilvitnun úr einu ljóðanna sem hann þýddi sem tileinkunn í byrjun ljóðabókar, Bragi Ólafsson. *Ytri höfnin*. Bjartur, Reykjavík 1993, bls. 7.

strauma. Það er mikilvægt hér því að þeirra strauma gætir mjög í fagurfræði Jóns Óskars eins og sýnt verður fram á í öðrum kafla þessarar rannsóknar.

Tvær hefðbundnar ljóðabækur koma út á þessu tímabili: *Næturferð: Ljóð um frelsi* sem kom út 1982 hjá Menningarsjóði og *Hvar eru strætisvagnarnir?* sem Hringskuggar gáfu út 1995 en það var þá nokkuð nýtt forlag, stofnað 1991.¹²⁹ Árið 1993 kemur út ljóðaflokkurinn *Steinn sem syngur* en hann hefur þá sérstöðu að hann er á þremur tungumálum, sænsku, íslensku og frönsku.¹³⁰ Þá kemur út ein bók á þessu tímabili, *Undarlegt ferðalag*,¹³¹ en hana er erfitt að staðsetja þar sem hér er um að ræða einskonar sambland af ferða-, hugleiðinga- og endurminningabók. Þetta var síðasta bókin sem Jón gaf út hjá Fjölva og markar í raun endapunktinn á því samstarfi sem hófst þegar næst síðasta endurminningabókin kom út hjá því forlagi.

Þá er ógetið sagnfræðilegra bókmennta sem ekki verður vart fyrr á ferli Jóns, þar er fyrst að telja bókina *Konur fyrir rétti*¹³² sem Almenna bókafélagið gaf út, en síðast en ekki síst tvær bækur þar sem Sölvi Helgason hefur sviðið. Það eru, *Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi*¹³³ eftir Jón sjálfan – en þá er Jón hjá Ísafold – og svo *Frakklandssaga Sölva* sem Jón býr til útgáfu og ritar með formála og skýringar, þá bók gaf út Ólafur Jónsson.¹³⁴ Þessi áhugi á Sölva undir lok ævinnar er nokkuð merkilegur og rétt að athuga hvort að höfundurinn Jón Óskar hafi á einhvern hátt samsamað sig þessum einum frægasta utangarðslistamanni nítjándu aldarinnar. Helgi Skúli Kjartansson skrifaði ritdóm um bók Jóns *Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi í Helgarpóstinn* og sagði m.a.:

Ekki þarf að fjölyrða um það, að Jón Óskar er ritfær, og hann kastar hér hvergi höndunum til, svo að jafnvel hinar löngu rakningar á málsskjölum verða að læsilegri sögu, og þá ekki síður seinni hluti bókarinnar. Fræðimennska hans virðist líka traust og glögg yfirleitt. Viss ágalli er þó, að hann lætur ríka samúð með Sölva sums staðar leiða sig út í hlutdrægni, þannig að bæði túlkun hans á heimildum og dómur hans um andstæðinga Sölva fara að orka tvímælis.¹³⁵

¹²⁹ Jón Óskar. *Næturferð: Ljóð um frelsi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1988. Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?* Hringskuggar, Reykjavík 1995. Um stofnun Hringskugga sjá t.d. *Alþýðublaðið* 6. september 1991, bls. 4.

¹³⁰ Jón Óskar og Maj-Siri Österling *Pierre qui chante (Steinn sem syngur / Sten som sjunger)*, þýð. á frönsku Régis Boyer, þýð. á sænsku Jóhann Árelúuz. Éditions Clémence Hiver, Gard 1993. Bókin var útgefin í 100 tölusetnum eintökum. Listaverkin í bókinni eru eftir Maj Siri Österling, þrjú upprunaleg listaverk í hverri bók.

¹³¹ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*.

¹³² Jón Óskar. *Konur fyrir rétti: Frásagnir af átta dómsmálum á nítjándu öld*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1987.

¹³³ Jón Óskar. *Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi*. Ísafold, Reykjavík 1984.

¹³⁴ Sölvi Helgason. *Frakklandssaga*, ritstj. Jón Óskar. Ólafur Jónsson, Reykjavík 1998.

¹³⁵ Helgi Skúli Kjartansson. „Flínkur flakkari“ (ritdómur) *Helgarpósturinn* 13. desember 1984, bls. 12.

Hér er athyglisvert að sjá hvernig Helgi Skúli nemur hlutdrægni í frásögn Jóns Óskars, sem styður enn þá hugmynd sem hér verður fylgt eftir í lokakafli rannsóknarinnar að um ákveðna speglun eða jafnvel samsömun sé að ræða þegar Jón velur sér viðfangsefnið Sölva Helgason. Nánar er komið inn á meinta hlutdrægni Jóns í þessari bók í fjórða kafla þessarar rannsóknar.

1.2.5 Samantekt um tímabil

Þetta stutta yfirlit um höfundarsögu Jóns Óskars varpar nokkru ljósi á stöðu hans sem einskonar jaðarmanns, hann er fljótlega upp á kant, með nánast ekkert útgefið – og snúningar hans hvað varðar útgáfu á bókum eru margir; hann er hjá mörgum forlögum á fáum árum. Þá er ótalið að hér má þegar greina hvernig hann er ekki eins tímarits maður, heldur ekki fárra heldur margra tegunda maður hvað varðar þýðingar; hann er rithöfundur sem mæðist í óvenju mörgu.

Það má líka vera ljóst að Jón Óskar dregur upp eindregna mynd af sjálfum sér í sínu eigin höfundarverki; þá mynd má mjög auðveldlega tengja við hugmyndina um bóheminn eins og vikið var að í sambandi við samskipti Haraldar Jóhannssonar og Jóns hér að framan. Það er skýr þráður í höfundarverkinu að því leyti, sem einmitt tengist ímyndarsmíðinni, að Jón fer í skrifum sínum frá almennu og hefðbundnu bókmenntastarfi – þýðingar, smásögur, ljóð – smám saman að þrengja skrif sín og má segja að þau þrengist utan um hann sjálfan. Hann fer, tiltölulega snemma, að skrifa æviminningar sínar og gerir það í mjög löngu máli. Þannig verður hann miðpunktur eigin skrifa og jaðarsetur sig meðvitað, aftur – uppfylling ákveðinnar hugmyndar um skáldið sem bóhem. Að endingu fer hann í skrifum sínum fullkomlega út á jaðarinn og fer að fást við mann eins og Sölva Helgason, sem kalla má fyrsta íslenska bóheminn – og má greina að Jón Óskar slæst oftast en ekki sjálfur í för með því viðfangsefni sínu. Svo ekki sé talað um konurnar sem hann fjallar um í bók sinni *Konur fyrir rétti* – afsettar persónur og oft án málsvara; utangarðs og útskúfaðar. Hér liggur samsömun Jóns, í því óréttlæti sem þessar konur þurfa að þola.

1.3 Staða Jóns Óskars í íslenskri bókmenntasögu

Verka Jóns er gjarna getið í yfirlitsgreinum og ritum um íslenska bókmenntasögu, en þó með mjög einsleitum hætti, þar sem er fyrst og fremst fjallað um hans eigin ljóðagerð og hann

nefndur sem eitt af „atómskáldunum“.¹³⁶ Um þessa menn er gjarna eitthvað sagt í þeim tilgangi að spyrða þá saman; þeim til sameiningar – þar er setning eins og þessi lýsandi: „Allir birtu fyrstu ljóð sín á fimmta áratugnum, og öll voru þessu fyrstu kvæði í hefðbundnu formi, en undir 1950 losa þeir um formið og sumir þeirra verða líka módernískir í hugsun og tjáningu.“¹³⁷ Þetta er almennt og óljóst orðalag og það er víðar að finna, jafnvel í sértækum úttektum um fyrirbærið „atómskáld“: „Þau [atómskáldin] eru samtímis á ferð, á líkum aldri, vaxin úr svipuðu félagslegu umhverfi, hafa lík viðhorf til lífsins, þjóðfélagsins og skáldskaparins.“¹³⁸ Hér er reyndar ekki aðeins almennt orðað heldur eru vafasamar fullyrðingar á lofti, svo sem sú að skáldin séu vaxin upp úr svipuðu félagslegu umhverfi og að þau hafi lík – hvað svo sem það þýðir – viðhorf til skáldskaparins, lífsins og þjóðfélagsins. Það er helst að Sveinn Skorri Höskuldsson hafi reynt að grafa undan þessari mýtu um samstæðan hóp í kveri sínu *Að yrkja á atómöld* og hann gengur svo langt að kalla orðið „atómskáld“ merkingarlausu skrýttu.¹³⁹

Þegar horft er til þess sérstaklega hvernig fjallað er um Jón Óskar, þá er ekki um auðugan garð að gresja. Hann „á“ sína kafla í ritum eins og í bók Eysteins Þorvaldssonar og *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar. Eysteinn gerir Jóni Óskari skil á fáum síðum og gengur raunar aldrei í það verkefni að greina eða rýna efnistösk Jóns að neinu marki. Hann, eins og svo margir, minnst á klifunina og endurtekninguna sem helstu stílbrögð.¹⁴⁰ Og í aðeins 14 línum gerir Eysteinn grein fyrir öðrum þáttum í höfundarverki Jóns – enda kannski ekki viðfangsefni Eysteins. Þó hefði ef til vill mátt búast við því af Eysteini, í þessu samhengi, að gera þýðingarstarfi Jóns ítarlegri skil þar eð þau eru nær örugglega drjúg undirbygging í þeirri nútímaljóðagerð sem iðkuð var á tíma atómskáldanna. Á sömu nótum er Silja Aðalsteinsdóttir í *Íslensku bókmenntasögunni*: „Sjaldgæft er að skáld geri eitt stílbragð að sínu eins og Jón Óskar gerir með endurtekningu eða klifun.“¹⁴¹ Silja bendir einnig á – eins og svo margir hafa lauslega gert – að Jón Óskar hafi verið tónlistarmaðurinn (jassistinn) í íslenskri ljóðagerð, hann orti, segir hún, „sefjunarkennd og hrynstærk ljóð.“¹⁴² Dagný Kristjánsdóttir vísar einnig að

¹³⁶ Sjá t.d.: Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, bls. 42-43, 49, 58, 71, 75; Ólafur Jónsson. „Atómskáld og módernismi“ í *Skírnir* 1981, bls. 101-125. Einnig: Sveinn Skorri Höskuldsson. *Að yrkja á atómöld*. Reykjavík, Helgafell, 1970, bls. 39-40; Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús*, bls. 31-33 og víðar.

¹³⁷ Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, bls. 42-43.

¹³⁸ Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin: Aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðagerð*. Hið íslenska bókmenntafélag 1980, bls. 101.

¹³⁹ Sveinn Skorri Höskuldsson. *Að yrkja á atómöld*. Reykjavík, Helgafell, 1970, bls. 39-40

¹⁴⁰ Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*, bls. 116.

¹⁴¹ Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, bls. 76.

¹⁴² Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, bls. 77.

Þessum tengslum ljóðs og tónlistar hjá Jóni Óskari: „Jón Óskar lék á píanó og það er mikil tónlist í ljóðum hans frá upphafi [...] það er djass í ljóðum hans“.¹⁴³

En það eru ekki aðeins fræðimenn sem hafa vikið að rytmanum í skáldskap Jóns, þannig gerir Hjörleifur Sigurðsson listmálari þetta að umtalsefni í endurminningabók sinni *Listmálarabankar*: „Rytminn í ljóðum Jóns er að mínu mati viti einstakur á þessari tíð og vafalaust bundinn náinni snertingu skáldsins við tónlistina.“¹⁴⁴ Á þetta hafa enn fleiri bent án þess að það verði rakið frekar hér. Þó er rétt í þessu sambandi að minnast á skilgreiningu Sigurðar Pálssonar þegar hann ber saman prósa og ljóð: „Í prósa leynist þráður, í põesíu er mynd. Gjarnan að viðbættum hljómi.“¹⁴⁵ Þessi athugasemd Sigurðar skiptir hér máli því að á öðrum stað í sömu bók má greina að Sigurður telur sig hafa verið undir áhrifum frá Jóni Óskari.¹⁴⁶ Hér skiptir auðvitað líka máli að þessar skáldskaparfræðilegu hugrenningar Sigurðar Pálssonar eru jú komnar úr sýmbólismannum, þ.e. hans verk eiga sér líka rætur þar. Einfaldasta leiðin til þess að benda á sýmbólismann í verkum Sigurðar væri að vísa til leikrita hans, sem eru hlaðin táknum og vísunum inn í einhvern heim sem við vitum varla hver er – en könnumst samt við. Það verður þó ekki gert hér heldur látið nægja að vitna til Sigurðar sjálfs þar sem hann skrifar um ljóð Rimbauds og fylgir eftir þýðingu sinni á þeim: „Þau líkja ekki eftir fyrirframgefnum heimi eða veröld. Þau hafna þar með mimesis, eftirlíkingunni sem lengi var kjarni skáldskapargerðar (sbr. Aristóteles o.fl.).“¹⁴⁷ Hér er engu líkara en að Sigurður sé að lýsa eigin skáldskap – í það minnsta gefa til kynna hvaðan hann er sprotinn.

Dæmigerð bók þar sem skáldskaparumfjöllun þessara tíma er í brennidepli er *Ljóðhús* eftir Þorstein Þorsteinsson, dæmigerð að því leyti að Jón Óskar er stöðugt í bakgrunninum. Umfjöllunarefnið er auðvitað Sigfús Daðason. Sterkasta myndin sem dregst upp af Jóni í glímu Þorsteins við Sigfús er í þeim köflum þar sem Þorsteinn leitar uppi áhrifavalda á íslenska nútímaljóðskáld af erlendri grund.¹⁴⁸

¹⁴³ Dagný Kristjánsdóttir. *Öldin öfgafulla: Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar*. Bjartur, Reykjavík 2011, bls. 113.

¹⁴⁴ Hjörleifur Sigurðsson. *Listmálarabankar*. Mál og menning, Reykjavík 1997, bls. 91-92.

¹⁴⁵ Sigurður Pálsson. *Táningabók*. JPV, Reykjavík 2014, bls. 125.

¹⁴⁶ Sigurður Pálsson. *Táningabók*, bls. 151.

¹⁴⁷ Sigurður Pálsson. „Nokkur orð um Arthur Rimbaud og *Uppljómanir*“ bls. 5-13 í Arthur Rimbaud. *Uppljómanir & Árstíð í helvíti*, bls. 11.

¹⁴⁸ Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús*, bls. 29-123 og víðar. Þegar fagurfræði Jóns Óskars verður tekin til umfjöllunar í öðrum kafla þessarar rannsóknar er fengur að skrifum Þorsteins.

Örlítið er vikið að æviminningabókum Jóns í sýnisbókum og í fræðiritum um afmörkuð efni, svo sem um þýðingar,¹⁴⁹ módernisma og/eða um atómskáldin.¹⁵⁰ Það er helst að Ástráður Eysteinnsson hafi bent á mikilvægi þýðandans Jóns Óskars með einhverjum öðrum orðum en almennum klisjum, Ástráður ritar um ljóðapýðingar Jóns:

[M]ér sýnist hann leitast við að endurskapa á íslensku hina frönsku „hefð“ nútímaljóðlistar frá því um miðja 19. öld fram til framúrstefnuhöfunda á 20. öld og svo raunar allt til samtímans – en áður hafði hann tekið þátt í umbyltingu íslensks ljóðmáls með frumortum ljóðum. Hann er semsagt að reyna að þræða inn í íslenskt ljóðmál þá frönsku ljóðlist sem mörgum finnst vera hrygglegja módernismans í ljóðagerð¹⁵¹

Síðar í þessari rannsókn verður bent á að það er ekki einungis að Jón endurskapi „hefðina“ í ljóðagerðinni, heldur ekki síður í því hvernig hann dregur upp eitt og annað úr frönskum veruleika og teiknar upp með sínum hætti í íslensku samhengi.

1.3.1 Hér og þar

Ekki hefur farið fram nein heildstæð endurskoðun á því tímabili í íslenskum bókmenntum sem Jón Óskar fellur undir. Einstaka þættir hafa þó vissulega verið rýndir og settar fram kenningar þar um, má þar kannski fremst nefna áður nefnda doktorsritgerð Þrastar Helgasonar um tímaritið *Birting* sem nýlega kom, lítt breytt, út á bók.¹⁵² Að öðru leyti hefur umfjöllun um þetta tímabil – líkt og svo mörg önnur tímabil – sem oft er kennt við módernisma einkennst af bókmenntasögulegu hugmyndinni um þróun bókmennta sem sífelld viðbrögð, gagnviðbrögð

¹⁴⁹ Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun / Háskólaútgáfan 1996, bls. 264; Kristján Arnason. „Eru eða voru til íslenskir súrrealistar?“, bls. 170-172; og „Hnattferð með Helga“, bls. 308-319 í *Hið fagra er satt*. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 2004, bls. 172, 314.

¹⁵⁰ Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*; Ólafur Jónsson. „Atómskáld og módernismi“, bls. 101-125; Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins. Módernismi í íslenskum bókmenntum*. Reykjavík, Skjaldborg, 1992, bls. 121-122. Jóhann Hjálmarsson. *Íslensk nútímaljóðlist*. Almenna bókafélagið, Reykjavík, 1971, bls. 179-190. Í fimmta bindi íslenskrar bókmenntasögu segir t.d.: „Æviminningar Jóns Óskars sem út komu á árunum 1970 og 1980 eru meðal mikilvægustu heimilda um tímabilið [um og eftir seinna stríð og fram eftir öldinni]“. Silja Aðalsteinsdóttir. „Formbylting og módernismi“ í *Íslensk bókmenntasaga* 5. bindi, Guðmundur Andri Thorsson ritstj. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 77. Ekki er nánar vikið að mikilvægi þessara ævisögulegu skrifa Jóns, reyndar eru bækurnar taldar upp á blaðsíðu 78 og þar því við aukið að þær séu ásamt æviminningum Hannesar Sigfússonar „besta heimild um andrúmsloft í skáldahópi á fimmta og sjötta áratugi aldarinnar.“ Verður þetta að teljast nokkuð snöggsóðin afgreiðsla á þessu mikla ritverki Jóns Óskars en því miður nokkuð dæmigerð.

¹⁵¹ Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli*, bls. 263-264

¹⁵² Þröstur Helgason. *Opna svæðið*.

eða jafnvel atlögu að því sem á undan kom. Hér nægir að nefna klisjur eins og að raunsæi hafi verið viðbragð eða því hafi verið stefnt gegn rómantik.¹⁵³

Í þessari rannsókn er slíkum lestri hafnað, en þess í stað litið með öðrum og heildstæðari hætti á bókmenntasöguna og einstaka tímabil hennar. Segja má að hver tímaeining eða rými inni í sögunni sé skoðuð sem sjálfstæð heild – ekki óháð því sem á undan er gengið en í samtali við það, en þó fyrst og fremst sjálfstætt afl á sínum stað – á sínum tíma í sögunni. Nokkrir fræðimenn hafa nálgast bókmenntasöguna með þessum, eða svipuðum, hætti. Má þar nefna Júrij Tynjanov¹⁵⁴, Robert Scholes¹⁵⁵ og William Marx.¹⁵⁶ „*Arrière-garde*“ hugmynd Marx um „bakvarðarsveitina“ mun verða fyrirferðarmikil í þessari rannsókn sem felur í sér heildstæða rýni á höfundarverk Jóns Óskars, en sú hugmynd verður kynnt nánar í byrjun annars kafla. Hinir tveir fyrrnefndu nýtast í raun sem bakhjarlar Marx og þá er Tynjanov einnig undir þegar gerð er grein fyrir hugmyndum Itamars Even-Zohar varðandi þýðingar. Þar að auki leggur Tynjanov t.a.m. áherslu á dýnamískar breytingar frekar en línulegt nýjungaferli í þróun bókmenntanna. Sú hugmynd er m.a. gagnleg þegar hafðar eru í huga þýðingar Jóns Óskars á symbólistunum. Hann galdrar þá fram í öðru umhverfi. Ennfremur er samhljómur með hugmyndum Tynjanovs og hugmyndum vísindasagnfræðingsins Peters J. Bowler, sem vitnað verður í til þess að undirstrika samspil vísinda og trúarlegra þátta á öndverðri tuttugustu öld í kaflanum um fagurfræði Jóns Óskars – en fyrst og fremst er það þó hið synkróníska sjónarhorn sem tengir þá hér Tynjanov og Bowler. Einnig eru hugmyndir Tynjanovs um bókmenntirnar sem hluta af dálkskipuðu kerfi lagðar til grundvallar þegar skoðaðar verða kirkjupólítískar hræringar og átök um spíritisma er höfðu áhrif inn í þróun móðernismans og þar með á Jón Óskar síðar á öldinni.

¹⁵³ Dæmi um þetta má t.a.m. sjá hér: „Raunsæisstefnan er venjulega rakin til frönsku rithöfundanna Stendhals (1783-1842) og Honoré de Balzac (1799-1850), en þeir hófu hugmynd klassískrar skáldskaparfræði um mimesis, eftirlíkingu, til vegs á nýjan leik, *jafnframt því sem brugðist var gegn óraunsæju hugarflugi og rómantískri fjarlægð*“. [leturbr. GB]. Matthías Viðar Sæmundsson. „Sagnagerð frá þjóðhátíð til fullveldis“, *Íslensk bókmenntasaga* 3. bindi, ritstj. Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 772. Sjá einnig víðar í þessum kafla t.d. í umfjöllun um hugmyndafræði Brandesar.

¹⁵⁴ Jurij Tynjanov. „On Literary Evolution“, þýð. C.A. Luplow í *Twentieth-Century Literary Theory: An Introductory Anthology*, ritstj. Vassilis Lambropoulos og David Neal Miller. Albany, State University of New York Press, 1987, bls. 152-162; Jurij Tynjanov. „The Literary Fact“, þýð. Ann Shukman í *Modern Genre Theory*, ritstj. David Duff. London, Longman, 2000, bls. 29-49.

¹⁵⁵ Robert Scholes. *Paradoxy of Modernism*. Yale University Press, New Haven og London 2006.

¹⁵⁶ Sjá t.d.: William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“ þýð. Jane Blevins í *Europa! Europa? The Avant-Garde, Modernism and the Fate of a Continent*, ritstj. Sascha Bru o.fl. Berlín, De Gruyter, 2009, bls. 59-71; Martin Puchner. *Poetry of the Revolution: Marx, Manifestos and Avant-Gardes*. Princeton University Press, Princeton og Oxford 2006, bls. 107-131; Natalie Adamson. „The Serpent Eats Its Tail“: Avant-Garde and Arrière-garde in Paris, 1943-1953“ *Europa! Europa?: The Avant-Garde, Modernism and the Fate of a Continent*, ritstj. Sascha Bru o.fl. Berlín, De Gruyter 2009, bls. 72-93.

Hafa verður í huga að Jón er að flytja efni, með þýðingum sínum, úr einu viðurkenndu bókmenntakerfi yfir í annað og þá skiptir máli hvað gerist þegar þetta gamla viðurkennda, úr sínu umhverfi, bregst við í hinu nýja,¹⁵⁷ og hvernig er brugðist við því á nýja staðnum og svo aftur hvernig það sem flutt er yfir mótast af því sem þar er fyrir. Robert Scholes er tengiliður þessarar kerfishugsunar yfir í hugmynd Marx um bakvarðarsveitina. Scholes setur fram hugmynd um miðrymið, en það er það sögulega svæði þar sem móðernisminn – og svo sem hvaða önnur menningarleg gerjun sem er – myndast. Með þessari hugmynd sinni setur Scholes stórt spurningarmerki við hina sígildu söguskoðun um myndun nýrra strauma sem afleiðingu pólaríseringar eða átaka.¹⁵⁸ Með þessa aðferð að leiðarljósi verður kannað ítarlega úr hvaða jarðvegi Jón Óskar sprettur sem sískrifandi listamaður. Til rannsókna eru jafnt frumsamin ljóð höfundarins, þýðingar hans á ljóðum og prósaverkum, endurminningar og skrif um söguleg efni. Mikilvægur þáttur í rannsókninni felst í greiningu á hlutverki Jóns Óskars sem talsmanns evrópskrar (einkum franskrar) menningar í íslenskri bókmenntasögu og er verkefninu ætlað að varpa ljósi á markverða þætti í þróun íslensks bókmenntavettvangs á síðari hluta tuttugustu aldar. Ágætt er, á stundum, að skoða hina frönsku tengingu Jóns Óskars í gegnum bók Pascale Casanova, *La République mondiale des Lettres* (e. *The World Republic of Letters*).¹⁵⁹ Hlutverk Jóns sem erindreki eða sendiherra franskra bókmennta er mikilvægt í þessu ljósi; Casanova talar um „fjölyngda heimsborgara“ sem hún líkir við verðbréfamiðlara textans; þeir flytji bókmenntir á milli landa eins og braskarinn fjármagn.¹⁶⁰

Þannig maður er Jón Óskar, hann er umboðsmaður franskra bókmennta (fyrst og fremst) á Íslandi og um leið sá sem gefur þeim vægi eða í það minnsta leggur þær fram svo þær megi öðlast vægi eða stöðu í hinu íslenska bókmenntakerfi.

Segja má að Jón Óskar sjálfur, persóna hans, sé hluti af hinni ósýnilegu „utanríkisþjónustu“ bókmenntalýðveldisins – hann gengst upp í því hlutverki og veit af sér í því en skynjar um leið að þá tilfinningu hafa ekki allir samtímamenn hans. En kannski hefur Jón Óskar grunað að síðar kæmi að því að sendiherrastaða hans yrði mönnum ljósari.

¹⁵⁷ Yfirfærslu af þessu tagi, kallar Þröstur Helgason „umplöntun“ og er þá að þýða enska orðið *transplantation*. Sjá t.d. hér: Þröstur Helgason. *Opna svæðið*, bls. 13-14.

¹⁵⁸ Robert Scholes. *Paradoxy of Modernism*, bls. 274-279. Miðrymið verður til í því sem Scholes kallar „Old/New polarity“ og í „High/Low dialogue“ – það er, á mörkum og í miðju fasta sem samfélagsleg „sátt“ er um, eða sem hefðin hefur útbúið, sér til hægðarauka. Sjá t.d. töflu á bls. 23.

¹⁵⁹ Pascale Casanova. *The World Republic of Letters*, þýð. M.B. DeBevoise. Harvard University Press, Cambridge MA og London, 2007.

¹⁶⁰ Pascale Casanova. *The World Republic of Letters*, bls. 21.

1.4 Erlendir straumar

Jón Óskar er einn af lykilhöfundum þeirra strauma sem kenndir hafa verið við mórernisma í íslenskri ljóðagerð. Lögð verður áhersla á að skoða þá erlendu strauma sem Jón Óskar á í samtali við og kynnir markvisst inn í íslenskt bókmenntakerfi, með þýðingum, greinaskrifum og eigin verkum (bæði skáldskap og endurminningum). Þarna vega þyngst verk frönsku sýmbólistanna, einkum Charles Baudelaire¹⁶¹ og Arthurs Rimbaud,¹⁶² sem Jón kynnir fyrir íslenskum lesendum. Þýðingastarf Jóns einskorðast þó ekki við sýmbólistana, því um líkt leyti birtir hann þýðingar eftir höfunda sem hafa verið kallaðir brautryðjendur sýrrealismans: Guillaume Apollinaire¹⁶³ og Isidore Ducasse Lautréamont.¹⁶⁴ Jón þýðir einnig dadaistana Louis Aragon,¹⁶⁵ Paul Éluard¹⁶⁶, Robert Desnos¹⁶⁷ og Tristan Tzara,¹⁶⁸ sem síðar fylktu liði með sýrrealistum. Þá þýðir hann verk Blaise Cendrars, sem tengja má við kúbisma.¹⁶⁹ Innkoma allra þessara höfunda í íslenskt bókmenntakerfi fyrir tilstuðlan Jóns Óskars er að mestu ókannaður sjóður þó svo að á einu og öðru hafi verið tæpt.¹⁷⁰ Jafnframt verða raktir þræðir til ímagisma og annarra tengdra stauma í mórernískri ljóðagerð í Bretlandi, m.a. til skrifa T.S. Eliots, Ezra Pounds og T.E. Hulmes, en þeir þræðir eru ókannaðir fyrir utan staka setningu um

¹⁶¹ „Hirðfiflið og ástargyðjan“, „Ölvið ykkur“, „Hundurinn og ilmvatnsglasíð“, „Hvor þeirra er sönn?“ og „Augu fátæklinganna“ litu dagsins ljós í: Jón Óskar. *Ljóðapýðingar úr frönsku*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1963, bls. 37-42.

¹⁶² „Kveðja“ úr *Árstíð í víti*, „Dögun“ úr *Uppljómununum* og brot úr „Drukna skipið“ birtist í þýðingum Jóns í *Birtingi* 2/1960, bls. 2-6.

¹⁶³ Ljóðið „Brottför“ eftir Guillaume Apollinaire (1880-1918) birtist í þýðingu Jóns Óskars í *Birtingi* 2-3/1967 bls. 48.

¹⁶⁴ Lautréamont [Isidore Ducasse] (1846-1870) lét eftir sig *Les Chants de Maldoror* en brot úr þeim „Úr Söngvum Maldorors“ birtist í þýðingu Jóns Óskars í *Birtingi* 4/1960, bls. 1-5.

¹⁶⁵ Jón Óskar þýðir Aragon síðar á ferli sínum en ljóðin „Aflið“ og „Ég hefði brátt“ birtast í bókinni *Undir Parísarhimni* árið 1991. bls. 79-82. Reyndar hafði Jón löngu áður lýst nokkuð blendnum tilfinningjum til Aragonens en það var í harðorðri grein í *Birtingi* sem beint var að Kristni E. Andrésyni: „Tvímælalaust má fallast á það (sem fram kemur í ritgerð Kristins um ljóðagerðina og hjá öðrum), að nauðsynlegt væri að skrifa rækilegar en gert hefur verið um nýja skáldskapinn og gera sér betur grein fyrir hvað um er að ræða. En til þess dugar ekki að vitna eingöngu í ritsmíðar kreddumanna (Aragon, Brecht o.s.frv.), sem hafa sínar kreddukenningar um það hvernig skáldskapur eigi að vera. Flest hefur fleiri hliðar en menn ætla við ónákvæma athugun. Má í því sambandi minna á, að Aragon var einn kreddufastasti sýrrealisti áður en hann varð kreddufastur kommúnisti.“ Jón Óskar. „Bókmenntir og kreddur“ bls. 24-42 í *Birtingi* 1/1968, bls. 39.

¹⁶⁶ Það fyrsta sem birtist eftir Paul Éluard (1895-1952) á íslensku voru tvö ljóð í *Tímariti Máls og menningar* sem þeir þýddu saman Jón Óskar og Sigfús Daðason. Þetta voru ljóðin „Með þér“ og „Án þín“ í *Tímarit Máls og menningar* 2/1949, bls. 183-184.

¹⁶⁷ Þrjú ljóð eftir Robert Desnos (1900-1945) í þýðingu Jóns Óskars birtast í *Birtingi* árið 1955: 4/1955, bls. 7.

¹⁶⁸ Ljóðið „Kvöld“ eftir Tzara er í þýðingu Jóns í *Birtingi* 1-2/1957, bls. 3.

¹⁶⁹ Hið fræga ljóð „La Prose du Transsibérien et la Petite Jehanne de France“ eftir Blaise Cendrars [Frédéric-Louis Sauser] (1887 – 1961) þýðir Jón Óskar sem „Óbundið ljóð um Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi“. Sú þýðing kom á prent í *Birtingi* 1-4/1964, bls. 3-21.

¹⁷⁰ Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús*, t.d. bls. 119-121. Þorsteinn Þorsteinsson. *Fjögur skáld: Upphaf nútímaljóðlistar á íslensku*. Reykjavík, JPV-útgáfa, 2014, bls. 117-118, 143. Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*, bls. 263-265. Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*, bls. 118.

áhrif Eliots á Jón Óskar og aðra samtímamenn hans.¹⁷¹ Hér er mikilvægt að skoða ímagismann, örlítið hefur verið skrifað um hann í íslensku samhengi en þó hefur sjónum þar ekki verið beint sérstaklega að Jóni Óskari.¹⁷² Að auki þýðir Jón eitt af höfuðskáldum absúrdismans, Ionesco. Loks ber hér að nefna verk existensíalistans Camus og þýðingu Jóns á verki eftir existensíalistann og femínistann Simone de Beauvoir. Hér liggur mikið efni sem bregður ljósi á mikilvægt hlutverk Jóns í íslenskri bókmenntasögu.

Í höfundarverki Jóns má þannig greina sterkar tengingar við róttækar framúrstefnuhugmyndir (*avant-garde*) síðustu aldar, en einnig er hér sótt í aðra strauma nútímabókmennta.¹⁷³ Jón Óskar er jafnan flokkaður sem módernískur höfundur¹⁷⁴ og oft tengdur straumum sem kenndir eru við framúrstefnu, en gagnlegri leið til að greina verk hans á nákvæmari hátt felst í að skoða þau í ljósi hugmynda um „*arrière-garde*“ eða „bakvarðarsveit“, sem settar hafa verið fram á síðustu árum.¹⁷⁵ Enn fremur er rétt að benda á að Jón þýðir ekki aðeins móderníska höfunda, heldur og höfunda sem kalla má að séu úr miðrýminu, en þar má nefna Sand, Levi, Silone og Caragiale. Sú fagurfræðilega afstaða sem tengist hugmyndum um bakvarðarsveitina kemur m.a. skýrt fram í skrifum Hulmes og Eliots, sem aftur eiga rætur í frönskum sýmbólisma.¹⁷⁶

Þá verða raktir þræðir á milli Jóns og verka Camus og Giovannis Papini og lítið til samhengis sjálfsævisögulegra skrifa.¹⁷⁷ Bæði Camus og Papini rannsökuðu skrif heilags Ágústínusar (fr. *Néo-Platonisme et Pensée Chrétienne* og ít. *Sant'Agostino*) og út frá því samhengi verða viðamiklar æviminningar Jóns hér skoðaðar í ljósi hugmynda um

¹⁷¹ Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli*, bls. 263-264. Ástráður Eysteinnsson. „T.S. Eliot á Íslandi“, 2008, bls. 404-437. Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin: aðdragandi og upphaf módernisma í íslenskri ljóðgerð*, bls. 147-148. Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús*, bls. 33.

¹⁷² Benedikt Hjartarson. „Ímagismi og vortisismi: Stefnuyfirlýsingar í íslenskri þýðingu“, bls. 279-303; Sveinn Yngvi Egilsson. „The wild has no words“, *Modernisme í nordisk lyrikk 1*. Institutionen för nordiska språk och nordisk litteratur, Helsingfors Universitet. Helsingfors, 2005, bls. 148–170; *Imagism: Essays on Its Initiation, Impact and Influence* ritstj. John Gery o.fl. New Orleans, UNO Press, 2013.

¹⁷³ Um slíka strauma hérlandis sjá: Benedikt Hjartarson. „Af úrkynjuðum, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi“, bls. 79-119.

¹⁷⁴ Reyndar dregur Örn Ólafsson þá skilgreiningu í efa hvað varðar ljóðlist Jóns, sjá: Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins*, bls. 121-122.

¹⁷⁵ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 59-71; Natalie Adamson. „The Serpent Eats Its Tail“, bls. 72-93.

¹⁷⁶ Rebecca Beasley. *Theorists of Modernist Poetry: T.S. Eliot, T.E. Hulme, Ezra Pound*. Routledge, Abingdon, Oxon, 2007, bls. 25-32; Venita Datta. *Birth of a National Icon*; Lawrence Rainey. *Institutions of Modernism: Literary Elites & Public Culture*. Yale University Press, New Haven og London, 1998, bls. 10-41, 77-106.

¹⁷⁷ Um ævisöguleg skrif m.a. í íslensku samhengi sjá: Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“: skyggst um í sjálfævisögu Kristmanns Guðmundssonar, *Skírnir* (haust) 2012, bls. 396-404; Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Writer's Lives: The Modernist Group and Questions of Identity in Autobiographical Writing.“ *Life Writing Matters in Europe*, ritstj. Alfred Hornung o.fl. Heidelberg, Winter Verlag, 2012. Paul John Eakin. *Living Autobiographically*; Philippe Lejeune. *On Autobiography*, þýð. Katherine Leary. Minnesota, University of Minnesota Press, 1989.

játningabókmenntir;¹⁷⁸ og í ljósi sjálfsævisögulegra skrifa fyrrnefndra rithöfunda.¹⁷⁹ Hér er um að ræða ókannaða þræði í höfundarverki Jóns.¹⁸⁰ Í þessari rannsókn verður leitt í ljós hvernig Jón Óskar var undir mun meiri áhrifum frá Camus en áður hefur verið talið – og Jón vildi sjálfur kannast við¹⁸¹ – og þetta helst í hendur við hugmyndir Jóns um sjálfan sig sem hinn útlæga höfund, jaðarmanninn. Sama gildir að nokkru leyti um tengslin við verk Papinis. Saman mynda verk þessara höfunda farveg fyrir þá frásagnarhefð sem Jón leitar í við ritun endurminningabóka sinna. Þá er litið til nokkurra íslenskra sjálfsævisöguritarar úr hópi rithöfunda og skoðað með hvaða hætti skrif Jóns Óskars eru í takti við þessa hefð í íslensku samhengi og má þar nefna skrif manna eins og: Halldórs Laxness, Kristmanns Guðmundssonar og Hannesar Sigfússonar.

Mikilvægur hluti þessa bókmenntakerfis á þessu skeiði var tímaritið *Birtingur*. Því er brýnt að rannsaka hlutverk *Birtings* í höfundarsögu Jóns. Hvað birtir hann í *Birtingi* og í hvaða samhengi? Einnig er brýnt að huga að öðrum tímaritum sem Jón skrifaði í (*Nýtt Helgafell*, *Landneminn* o.fl.) og setja þá útgáfu í samhengi við höfundarverk hans. T.a.m. birtir hann þýðingar sínar á smásögum eftir Camus í *Nýja Helgafelli* – og spyrja má hvers vegna. Margt af því sem Jón Óskar gefur út í *Birtingi* átti síðar eftir að fá stað í bókum hans, einkum ljóðapýðingar og umfjöllun um erlend skáld.¹⁸²

Af því sem hér hefur verið rakið má sjá að höfundarverk Jóns er margslungið og tekur ýmsa snúninga sem spennandi er að skoða nánar. En það er einnig nokkuð viðamikið, ekki kannski í magni, heldur einmitt í því hvernig það brotnar upp og birtist víða og á vegum margra forlaga og tímarita, þá setja vendingar í pólitískum skoðunum Jóns vitaskuld einnig svip á skrifa hans í gegnum árin. Því er farin sú leið hér að velja einstaka þætti og gera þeim ítarleg skil og jafnvel þótt farin sé valkvæð leið verður ekki framhjá því horft að Jón Óskar og skrif hans eru flókið viðfangsefni sem þarfnast margra og stundum mjög ólíkra greiningartækja.

¹⁷⁸ Peter Brooks. *Troubling Confessions: Speaking Guilt in Law and Literature*. Chicago, University of Chicago Press, 2001, bls. 35-64, 88-112; Jean Starobinski. *Jean-Jacques Rousseau: Transparency and Obstruction*, þýð. Arthur Goldhammer. Chicago/London, University of Chicago Press, 1971.

¹⁷⁹ Albert Camus. *Notebooks 1935-1942*, þýð. Philip Thody. Ivan R. Dee, Chicago 2010; Albert Camus. *Notebooks 1942-1951*, þýð. Justin O'Brien. Ivan R. Dee, Chicago 2010; Albert Camus. *Notebooks 1951-1959*, þýð. Ryan Bloom. Ivan R. Dee, Chicago 2010; Giovanni Papini. *The Failure, (Un Uomo Finito)*, þýð. Virginia Pope. Harcourt, Brace and Company, New York 1924.

¹⁸⁰ Sjá þó: Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Writer's Lives: The Modernist Group and Questions of Identity in Autobiographical Writing.“ – Og einnig í öðru sambandi: Halldór Guðmundsson. „Loksins, loksins“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Mál og menning, Reykjavík 1987.

¹⁸¹ Sjá t.d.: Jón Óskar. *Vitnað fyrir manninn*, bls. 27-36.

¹⁸² Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*; Jón Óskar. *Ljóðapýðingar úr frönsku*; Jón Óskar. *Undir Parísarhimni*. Sjá einnig ævisöguleg skrif Jóns og einstaka ritgerðir.

Annar kafli

Arrière-garde

Dæmi úr stríði

The Rear-Guard

(Hindenburg Line, April 1917)

Groping along the tunnel, step by step,
He winked his prying torch with patching glare
From side to side, and sniffed the unwholesome air.

Tins, boxes, bottles, shapes and too vague to know;
A mirror smashed, the mattress from a bed;
And he, exploring fifty feet below
The rosy gloom of battle overhead.

Tripping, he grabbed the wall; saw someone lie
Humped at his feet, half-hidden by a rug.
And stooped to give the sleeper's arm a tug.
"I'm looking for headquarters." No reply.
"God blast your neck!" (For days he'd had no sleep.)
"Get up and guide me through this stinking place."
Savage, he kicked a soft, unanswering heap,
And flashed his beam across the livid face
Terribly glaring up, whose eyes yet wore
Agony dying hard of ten days before;
And fists of fingers clutched a blackening wound.

Alone he staggered on until he found
Dawn's ghost that filtered down a shafted stair
To the dazed, muttering creatures underground
Who hear the boom of shells in muffled sound.
At last, with sweat and horror in his hair,
He climbed through darkness to the twilight air,
Unloading hell behind him step by step.¹⁸³

Þetta ljóð eftir enska skáldið Siegfried Sassoon er kjörinn texti til þess að hefja umfjöllun um hugmyndina um bakfylkinguna, bakvörðinn – *arrière garde*; en sú kenning eða hugmynd er, eins og fram hefur komið, eitt af hugmyndafræðilegum hryggjarstykkjum þessarar rannsóknar. Sassoon, sem barðist í fyrri heimstyrjöldinni, var meðal þeirra skálda sem vann sér nafn sem eitt af bresku stríðsskáldunum úr þeim mikla hildarleik.¹⁸⁴ Hann komst á blað sem skáld með

¹⁸³ Siegfried Sassoon. *Counter-Attack, and Other Poems*. E.P. Dutton & Company, New York 1918, bls. 14-15.

¹⁸⁴ Stríðsskáld er venjulega notað yfir þau skáld sem tóku þátt í fyrri heimstyrjöldinni og ortu um þá reynslu sína ýmist meðan á stríðinu stóð eða eftir það. Þó að þetta orð „stríðsskáld“ hafi verið notað um ákveðinn hóp þá er

ljóðabók sinni *The Old Huntsman* (1917) og með bókunum *Counter-Attack and Other Poems* (1918) og *Picture-Show* (1919) vann hann sér sess sem öflugt ljóðskáld en um leið harður gagnrýnandi stríðsrekstrar. Sigurður A. Magnússon skrifaði um nokkur bresk ljóðskáld í *Félagsbréf AB* og hafði þá þetta að segja: „Þessar þrjár ljóðabækur Sassoons eru heilsteyptustu og áhrifaríkustu sóknarskjöl gegn glæpamennsku stýrjaldra, sem út komu á ensku upp úr fyrri heimsstyrjöld.“¹⁸⁵

Í þessum kafla ritgerðarinnar verður hugtakið *arrière-garde* útfært og notað sem greiningartæki á texta Jóns Óskars og á marga aðra þætti sem mótuðu hann sem skáld og þýðanda. Hugtakið verður mátað við þá kenningu að fagurfræði Jóns mótist mjög af samspili tíma og rýmis, seinkomu, endurtekningar og hiks. Þessa fagurfræði eða skáldskaparfræði er að sjá í merkasta þýðingastarfi Jóns, ljóðapýðingunum og þá fyrst og fremst í þeirri gjörð að þýða nákvæmlega þann „gamla“ módernisma sem hann þýðir. Skoðað verður hvar grundvöllur þessarar fagurfræði liggur og í þeim efnum er horft til síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu. Henri Bergson, Sigurður Nordal, Guðmundur Finnbogason og Haraldur Níelsson eru á meðal þeirra hugsuða sem hér koma við sögu. Til þess að grafast fyrir um rætur hiksins og endurtekningarinnar verður horft til T.S. Eliots og þaðan verða raktir slóðar til ímagistans T.E. Hulme og að franskri nýklassík.

Í öllum þessum þáttum er hugmyndin um Jón Óskar sem *arrière-garde* undirliggjandi. Í kaflanum er sérstaklega tekin til skoðunar virk afstaða hans til þjóðmála sem litast af þessu hlutverki en það dæmi fjallar um það hvernig hann blandar sér í deilur bænda á Vatnsleysuströnd og bandaríska hersins á Miðnesheiði. Í þessari deilu lætur Jón að sér kveða í gegnum ljóðlistina og sýnt verður fram á hvernig mótsögnin í hans eigin módernisma afhjúpast í þessari íhlutun, en um leið skerpist myndin af honum sem bakfylkingarmanni.

Það er William Marx sem fyrstur færir hugmyndina um *arrière-garde*, þetta hugtak herfræða og stríðs, yfir í bókmenntaryni, bókmenntagreiningu.¹⁸⁶ Það virðist í fyrstu djörf hugmynd en þegar betur er að gáð er þessi hugtakanotkun alls ekki fráleitari en að notast við hugtakið *avant-garde*, sem fyrir löngu hefur fest sig í sessi í bókmenntafræðum. Það hugtak er einnig úr tungumáli hernaðar¹⁸⁷ og á við þá sem fremstir fara í hverjum her, undanfara – þá

það meira til hægðarauka en að um sé að ræða nákvæma flokkun. Ágætt yfirlit er þó að hafa í: Brian Gardner ritstj. *Up the Line to Death: The War Poets 1914-1918*. Methuen, York 2007.

¹⁸⁵ Sigurður A. Magnússon. „Nokkur bresk ljóðskáld“ bls. 64-78 í *Félagsbréf AB* 5/1957-1958, hér bls. 72.

¹⁸⁶ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“.

¹⁸⁷ Marx fer afar vel yfir þróun hugtaksins *avant-garde* og sögu þess í nokkrum tungumálum, sjá hér: William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 61-63.

sem tíðast urðu fallbyssufóður styrjalda.¹⁸⁸ Og hollt er að minnast orða Rolands Barthes: „Að vera avant-garde er að vita hver hefur dáið. Að vera arrière-garde er að halda áfram að elska hann.“¹⁸⁹ Í þessari rannsókn er ekki aðeins verið að þenja út hugtakið, eða nota það á lauslegan hátt, þvert á móti er verið að vinna það áfram, kanna með hvaða hætti “arrière garde“ birtist ekki aðeins í afstöðu til hefðar heldur beinlínis í aðferð eða „tækni“ textans, þ.e. sem stíleinkenni, frásagnareinkenni, svo eitthvað sé nefnt.

Sú hugmynd að nota *arrière-garde* hugtakið til þess að skoða höfundarverk Jóns Óskars í heild sinni grundvallast á þeirri staðreynd að höfundarverk Jóns er sérstaklega saman sett. Hér má nefna þýðingar ljóða, þýðingar léttra skáldsagna, þýðingar fagurbókmennta, ferðabók, ítarlegar æviminningar í sex bindum, þjóðfélagsgagnrýni, frumort ljóð og smásögur, sagnfræði og fílólogíska vinnu með annarra verk og er þó ekki allt talið. Eins og berlega mun koma í ljós hefur sú aðferð að skoða höfundarverkið út frá hugmyndum um *arrière-garde* þann kost að ráða við verkið allt en um leið gefur sú aðferð rými fyrir notkun á öðrum greiningaraðferðum. Því eru óspart notaðar ýmsar ólíkar leiðir og hugmyndafræði til þess að rýna stöðu Jóns Óskars og verka hans, inntak þeirra og erindi.

Hugtakið *arrière-garde* getur verið gagnlegt til að gera grein fyrir fyrirbærum sem eru ekki á ysta stigi ássins „nýtt“ *versus* „gamalt“ og til þess að kortleggja fjölbreytnina sem leikur á þessum ási. Engu að síður er bakvarðarhugmyndin einnig kjörin til þess að fjalla um ítrustu andstæður og þar með það sem liggur aftast og hitt sem stendur fremst. Í umfjöllun sinni um hugtakið bendir William Marx á tvær grundvallarmerkingar, sem báðar koma úr hernaðarlegum uppruna hugmyndafræðinnar. Í fyrsta lagi er hægt að túlka *arrière-garde* sem hóp sem er að hreyfast í sömu átt og *avant-garde* og myndar því einhvers konar síðkomið *avant-garde*, þá er það hópur sem sprettur upp – í listrænum skilningi – að baki *avant-garde* sveitinni. Svo skal nefna að hugtakið *arrière-garde* getur og átt við hóp sem gengur í gagnstæða átt við *avant-garde* og berst þannig gegn framúrstefnulegum hugmyndum með því að snúa vísitandi aftur til hugmynda fortíðar. Síðarnefnda gerð *arrière-garde* hópsins deilir mörgum einkennum með raunverulegum *avant-garde* hreyfingum, að því leyti að hún samanstendur af frekar fáum yngri einstaklingum sem berjast gegn ríkjandi ástandi eða stöðu.¹⁹⁰ Marx tengir fyrri tegund *arrière-gardismans* við „eftir/síð“ (e. *post*) hreyfingar, til dæmis eftir/síð-symbólisma. En seinni gerðina tengir Marx við „ný“ (e. *neo*) hreyfingar til dæmis nýklassíkisma. Miðað við

¹⁸⁸ Vegna eðlis þessarar rannsóknar og notkunarinnar á orðinu bakfylking þegar átt er við *arrière-garde* á breiðum grundvelli er meðvitað tekin sú ákvörðun að nota orðið brjóstfylking, þegar við á, yfir *avant-garde*.

¹⁸⁹ Roland Barthes. „Réponses“ (1971), *Œuvres complètes* 3. bindi, Seuil, París 2002, bls 1038. „[...] être d'avant-garde, c'est savoir ce qui est mort ; être d'arrière-garde, c'est l'aimer encore“.

¹⁹⁰ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 64-65.

þennan tvíþætta grundvöll sem Marx leggur undir merkingu hugtaksins *arrière-garde* þróar hann viðameiri röksemdafærslu er lýtur að sögu tuttugustu aldar bókmennta:

Í fyrsta lagi, gerir „ný“-túlkunin á *arrière-garde* það að verkum að *avant-garde* getur falið *arrière-garde* og öfugt.¹⁹¹ Í því samhengi nefnir hann verk „hefðbundinna“ móðernista eins og T.S. Eliot og Pauls Valéry og í þessari rannsókn eruð færð að því rök að þarna megi og nefna Jón Óskar. Í öðru lagi staðhæfir hann að bókmenntir hafi í heild sinni „lifað í tímaskekkju“ síðan á nítjándu öld, síðan þá hafi þær ekki fylgt hreyfingu tímans og ekki náð að uppfylla félagslegar eða menningarlegar væntingar.¹⁹² Marx leggur strax fram raungerð dæmi þegar hann fjallar um „ný“-túlkun á *arrière-garde*, en rök hans varðandi „eftir/síð“-túlkun hugtaksins eru almennari og lúta ekki minna að sögulegum upplýsingum.

Skilgreiningin á *arrière-garde* sem seinkuðu *avant-garde* á vel við í tilfalli Jóns Óskars. Við sjáum hann byrja með hefðbundnum hætti en fikra sig hægt yfir í nýtt ljóðform. Við sjáum Jón í bókmenntakerfi sem breytist með mjög afgerandi hætti á meðan hann er þátttakandi í því, standandi í því miðju. Hjá William Marx er það alltaf undirliggjandi að hugtakið er hernaðarlegt og hann gerir því ráð fyrir notkun þess, *arrière-garde*, rétt eins og *avant-garde*, í einhverskonar baráttu og bardaga.

Hver sá sem stýrir her þarf að vita að samskiptaleiðir á milli samherja í herdeildinni eru að minnsta kosti jafn veigamiklar og hugdirfska frammi fyrir óvininum. Samskipti af þessu tagi eru afar mikilvæg í samhengi *arrière-garde*, ekki síst í samspili þess við tímenn. Stundum er rétti tímenn fyrir breytingar, stundum þarf að sæta lagi. Stundum leggur hópurinn (herinn) fram breytingar, stundum þarf einstaklingurinn að taka af skarið. Jón Óskar kastast á milli þess að fylgja hóp og að ganga gegn sama hóp, hann er oft óviss um tímenn, hvenær er réttur tími – og síðast en ekki síst hver tímenn er. Og er þá ónefnt að oftast en ekki hikar Jón og kemur þá seint inn á völlinn – jafnvel of seint.

Frank Kermode leggur áherslu á að maðurinn finni sig í miðju frásagnarinnar, hann er í þessum illhöndlanlega samtíma, hann horfir fram og aftur en er í raun partur af hvorugu, hvorki fortíð né framtíð. Í viðleitni til að tengja sjálfan sig verunni verður hann að finna tengingar frá sjálfum sér bæði aftur til fortíðar og inn í framtíðina – sjálfur dvelur hann á einskonar miðbiki tímans, eða þannig skynjar hann sig.¹⁹³ Liður í þessari brúarsmíð er skáldskapurinn: Við skoðum hið forna sem gullöld, miðsvæðið okkar er ætíð í hnignun (dekadent) og inni í framtíðinni liggur heimsrof. Tilgangsleysi mannsins er slíkt að hann verður

¹⁹¹ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 68.

¹⁹² William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 70.

¹⁹³ Frank Kermode. *The Sense of an Ending*, bls. 8.

að tengja sjálfan sig og sinn tíma við það sem koma skal; endalok tímanna. Partur af þessu er sístæð orðræða okkar um hina verstu tíma á vegi til glötunar.¹⁹⁴ Ekki er óeðlilegt að álykta sem svo að hik, eða töf í texta eða viðleitni til þess að setja eitthvað fram sé markað þessum hugmyndum, þar sem óvissa er allt um lykjanði. Var Jón Óskar e.t.v. eilíflega í þessum sporum í skáldskap sínum og annarri textavinnu?

2.1. Arrière-garde og tíminn

Í einni af endurminningabókum sínum, *Borg drauma minna*, skrifar Jón um þann flokk skálda¹⁹⁵ sem hann tilheyrði:

Við atómskáldin ortum aldrei eitt einasta ljóð um sögulegan atburð úr Íslendingasögum eða mannkynssögunni frá liðnum öldum eða upp úr þjóðsögum eða goðafræði eins og nítjándu aldar skáldin og aldamótaskáldin og raunar allir fyrirrennarar okkar gerðu. Okkur hefði margt fyrirgefist, ef við hefðum gert það. En þetta var einfaldlega (í grófum dráttum) munurinn á okkur og fyrri skáldum á Íslandi. Hversvegna? Af því að nú var allt breytt, þjóðfélagið sjálft, sveitameningin, Reykjavík. Þetta var munurinn á gamla tímanum og nýja tímanum.¹⁹⁶

Við fyrstu sýn lætur þessi klausa ekki mikið yfir sér en hún birtir samt eina, umfram nokkrar aðrar, mikilvæga staðreynd. Bókmenntalega telur Jón sig og þessa samferðamenn sína, atómskáldin¹⁹⁷, ekki vera í einhverju sérstöku andófi eða uppreisn gegn fyrri skáldum eða stefnum heldur einfaldlega sér hann þá í tíma sem er breyttur.¹⁹⁸ Hann sér þá í nýju samhengi, hann orðar ekki að yrkingar þeirra beinist gegn einhverju sem áður var. En hann sér skáldskap

¹⁹⁴ Frank Kermode. *The Sense of an Ending*, bls. 95.

¹⁹⁵ Hann er hér að tala um þá féлага sína sem flokkaðir hafa verið saman og kallaðir „atómskáld“, en þeir voru auk Jóns: Stefán Hörður Grímsson, Hannes Sigfússon, Einar Bragi og Sigfús Daðason.

¹⁹⁶ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 52-53.

¹⁹⁷ Orðið „atómskáld“ kemur fyrst fram í *Atómstöðinni* eftir Halldór Laxness árið 1948. Halldór Laxness *Atómstöðin*. (2. prentun) Vaka Helgafell, Reykjavík, 1990, bls. 25. Orðið virðist framan af hafa haft afar óljósa merkingu og breiða, en þó þá helsta að um sé að ræða óhefðbundna ljóðlist. Þannig má benda á hið fræga viðtal við Stein Steinarr í *Líf og list* þar sem hann segir: „Hið hefðbundna ljóðform er nú loksins dautt.“ En í því er Steinn spurður: „Hefurðu ekki kynnt þér ensku atómskáldin svokölluðu?“ „Hið hefðbundna ljóðform er nú loksins dautt“ *Líf og list* 7/1950, bls. 4. Þannig virðist hugtakið í meðförum blaðamanns ná út fyrir landsteinana. Snemma fór að bera á því að hugtakið væri notað til háðungar, það má t.d. sjá í mörgum greinum í skopritinu *Speglinu* og í grein í *Morgunblaðinu* 1951 segir Jón Björnsson í grein sem hann skrifar til stuðnings tímaritinu *Líf og list*: „Oft hefur maður heyrð farið lítillsvirðingarorðum um hin svonefndu „atómskáld“. Það á ekki við um *Líf og list* að mati Jóns. Jón Björnsson. „Tímaritið Líf og list“. í *Morgunblaðið* 24. júlí 1951, bls. 2. Þegar frá leið fór hugtakið „atómljóð“ að verða einskona samnefnari um óháttbundinn skáldskap og „atómskáld“ þá notað um þau skáld sem þannig ortu. Stundum var tekist á um það hvort einstaka skáld ættu heima undir þessari skilgreiningu, en frá og með bók Eysteins Þorvaldssonar varð hugtakið hnitmiðaðra.

¹⁹⁸ Það breytir ekki því að þessir menn voru andsnúnir því bókmenntaumhverfi sem þeir komu inn í og sem þeim þótti staðnað. Þannig eru fá ef nokkur dæmi um það að atómskáldin hafi talað niður klassíska íslenska höfunda, en ófrjótt þótti þeim margt sem var á seiði um miðja síðustu öld.

þeirra engu að síður með öðrum brag – í meira samhengi við alþjóðlega strauma og stefnur. Þessi skilningur Jóns á samtíma sínum og stöðu sinni og félaga sinna í bókmenntalegu samhengi er mikilvægur, því Jón er hér á þeim nótum sem fylgt verður eftir í þessari rannsókn. Jón ítrekar oft svipaða sýn á sjálfan sig og félaga sína; hann er í nýju andrúmslofti, í Reykjavík á meðal listamanna. En stundum laumast að honum efasemdir um að hann eigi heima í þessum hópi. Þetta má t.d. sjá þegar hann fer yfir þann tíma þegar hann vinnur að því að fá útgefna bók í fyrsta sinn; hann sér sig vissulega í ákveðnu bókmenntalegu samhengi – en ekki sem andspyrnumann eða hefðarbrjót – þrátt fyrir að hann sé að yrkja óhefðbundið. Jón tiltekur skáld og verk sem áður höfðu komið út óhefðbundin en skilur samt að hann er að fást við aðra hluti, hann nefnir *Þorpið* eftir Jón úr Vör en segir að ljóð sín eigi „ekkert skylt við“ það.¹⁹⁹ Þá skilur hann sig einnig með afgerandi hætti frá *Tímanum og vatninu* eftir Stein Steinarr.²⁰⁰ Hann afneitar því að hafa þekkt til Jóhanns Jónssonar. En hann kannast við og nefnir „Spánskt ljóð frá 17. öld“²⁰¹ eftir Guðmund Böðvarsson, „Kvæði um Krist“²⁰² eftir Stein og eins nefnir hann Tómas Guðmundsson og segist helst hafa ort í anda þessara manna en nefnir þó ekki sem áhrifavalda. Það er aðeins eitt ljóð sem hann metur svo:

Helzt er að ég geti fundið skyldleika með einu þessara ljóða minna og ljóði eftir Halldór Kiljan, ljóði sem var þá fyrirlitið mest allra ljóða hans og hét „Unglingurinn í skóginum“, en ég hafði þó aldrei tekið mér það ljóð til fyrirmyndar, heldur hafði ég reynt að líkja eftir hefðbundnum ljóðum hans, því ég dáði hann mikið fyrir ljóðagerð, þótt flestir teldu hann lélegt ljóðskáld.²⁰³

Hér undirstrikast enn þessi hugmynd Jóns um að hann sé að yrkja inn í rými eða bókmenntalegt svæði án þess að vera að svara einhverju öðru eða andæfa. Hann meira að segja leggur áherslu á sérstöðu sína – óháða – með því að benda á að hann sé hrifnastur af ljóðlist Halldórs Laxness sem almennt sé úthröpuð sem vond. Þetta er merkileg athugasemd hjá Jóni Óskari – og þó ekki.

„Unglingurinn í skóginum“ birtist fyrst í fyrsta hefti *Eimreiðarinnar* 1925 en í formála að ljóðinu þar kallar Halldór Laxness það expressjónískt og segir meðal annars: „Expressjónistiskum skáldskap er fremur ætlað að valda hughrifum fyrir hreims sakir og

¹⁹⁹ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 237.

²⁰⁰ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 237.

²⁰¹ Guðmundur Böðvarsson. „Spánskt kvæði frá 17. öld“ í *Kyssti mig sól*. Ragnar Jónsson, Reykjavík 1936, bls. 46-51. Rétt er að benda á að Jón Óskar fer ekki rétt með heiti ljóðsins.

²⁰² Steinn Steinarr. „Kvæði um Krist“ bls. 114-115 í *Rauðir pennar* 1/1935.

²⁰³ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 238. Það er ekki gott að átta sig á því hvaða ljóð eftir sig Jón er nákvæmlega að tala um en á þessum tíma var hann að basla við að koma út bók sem átti bæði að innihalda smásögur og ljóð – þótt margir réðu honum frá því. Mál og menning fær handritið en Kristinn E. Andrésson hefur brugðið sér af landi brott og staðgengill hans er Jakob Benediktsson og það kemur í hlut hans að vísa þessu handriti frá árið 1945.

hljómrænnar notkunar orða en hins, að gefa einhverja eina rétta efnislausn. Expressíonistiskt kvæði getur brugðið upp fyrir áheyranda hinum fjarskyldustu viðhorfum í sömu andrá.²⁰⁴ Seinna kenndi Halldór ljóðið reyndar við aðra stefnu, súrrealisma.²⁰⁵ Einu gildir hvort er,²⁰⁶ þá er „Unglingurinn í skóginum“ ljóð sem hefur á sér orð sem hefðarbrjótur og uppreisnarseggur í íslenskri ljóðagerð, viðtökur voru blendnar en sjálfur hélt Halldór því fram síðar að ljóðið hefði orðið til þess að hann fékk ekki skáldastyrk frá Alþingi.²⁰⁷

Það að Jón Óskar skuli sérstaklega nefna þetta ljóð, og tengja sig því, er mjög tvíbent – eða öllu heldur – tvíþætt afstaða og nokkuð klók. Halldór Laxness er að sjálfsögðu þegar þarna er komið sögu svo rækilega kanóniseraður að ekki verður lengra komist inn í kjarna íslenskrar bókmenntahefðar, en um leið er þetta tiltekna ljóð jaðarljóð – á sínum tíma. Þarna kemur því fram í skrifum Jóns Óskars löngunin til þess að tilheyra og vera talinn með skáldum en samt vera framúrstefnumaður og liðsmaður nýrrar tækni í skáldskap, fulltrúi erlendra strauma, hvort heldur þeir heita súrrealismi, sýmbólismi eða expressjónismi. Þarna má sem sagt líta togstreitu eða hik í afstöðu Jóns til stöðu sinnar innan íslenska bókmenntakerfisins. Hér birtist eins og

²⁰⁴ Halldór Laxness. „Unglingurinn í skóginum“, *Eimreiðin* 1/1925, bls. 70.

²⁰⁵ Halldór Laxness. „Um kvæðin“ bls. 141-148 í *Kvæðakver*. Helgafell, Reykjavík 1956, bls. 142. Þar segir Halldór: „André Breton birti stefnuskrá surrealismans 1924, ef ég man rétt. Ég var í upphafi snortinn af þessari stefnu, og má sjá þess glögg merki bæði í Unglingnum í skóginum og Vefaranum mikla frá Kasmír.“

²⁰⁶ Kristján Árnason kemst að þeirri niðurstöðu að með öllu sé óvíst með ætterni þessa ljóðs. Hann segir: „En hvort sem „Unglingurinn í skóginum“ telst skopstæling eða alvörukvæði eða flokkast undir súrrealisma, expressíonisma eða sýmbólisma, er eitt víst að ljóðið varð höfundi til lítils framdráttar og jafnvel dýrkeypt.“ Kristján Árnason. „Eru eða voru til íslenskir súrrealistar?“, bls. 170-171 í *Hið fagra er satt*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2004, bls. 171. Kristján stafsetur heiti ljóðsins með þeim hætti sem Halldór gerði síðar, fyrsta útgáfa þess í *Eimreiðinni* er með hefðbundinni „réttri“ íslenskrí stafsetningu. Þá ber síðast en ekki síst að geta umfjöllunar Þorsteins Þorsteinssonar um þetta tiltekna ljóð. Þorsteinn telur að af öllum ismum sé helst að kenna það við sýmbólisma og styður hann það mörgum gildum rökum. Þorsteinn telur að hugtakabrengr, eða frjálst notkun hugtaksins expressíonismi, hafi kannski helst ráðið því að Halldór sjálfur kenndi ljóðið við þá stefnu. Um hin sýmbólisku einkenni segir Þorsteinn: „Með þessu er ekki sagt að „Unglingurinn“ sé hreinræktaður sýmbólismi enda er það fyrirbæri naumast til, en margt í aðferðum skáldsins má þó rekja til þeirrar sundurleitu stefnu, til dæmis það að virkja hljóm og hrynjandi og hverskonar eigindir tónlistar í ljóði“ (bls. 103). Þessi síðustu orð Þorsteins er rétt að hafa í huga þegar ráðist verður í að greina fagurfræðina í ljóðlist Jóns Óskars. Sjá umfjöllun Þorsteins: Þorsteinn Þorsteinsson. „Mig dreymdi ég geingi úti skóg“, bls. 101-128 í *Fjögur skáld: Upphaf nútímaljóðlistar á íslensku*. JPV-útgáfa, Reykjavík 2014.

²⁰⁷ Það er í *Kvæðakveri* sem Halldór segir söguna af skáldastyrknum, en þó ekki fyrir en í 2. útgáfu þeirrar bókar árið 1949, í eftirmála. Þar segir hann frá því að neðri deild Alþingis hafi samþykkt að veita sér 1500 króna styrk til Ítalíu-farar, en þegar menn sáu Unglinginn í skóginum í *Eimreiðinni* vorið 1925 þá hafi það mál hrokkið í baklás og efri deild því hafnað styrkveitingunni „nema, Sigurður Eggerz.“ Halldór Laxness. *Kvæðakver*, bls. 141-142. Ekki er að finna mikil viðbrögð við ljóðinu í dagblöðum frá þessum tíma en þessi litla klausa birtist í vikublaðinu *Hæni* 20/1925, bls. 2 í dálkinum „Ritfregnir“: „„Unglingurinn í skóginum“ eftir Halldór Kiljan Laxness, einn „isminn“ af átján orðaleikur, tizkuléttmeti.“ Hvað varðar söguna um skáldastyrkinn, sem hefur verið lífseig, þá hrekur Örn Ólafsson hana með ágætum rökum í: Örn Ólafsson. „Unglingurinn í skóginum og Alþingi. Viðtökur framúrstefnu.“ *Skírnir* 1985, bls. 71-91. Benedikt Hjartarson skoðar m.a. áhrifasöguna hvað varðar Laxness og framúrstefnuhreyfingarnar, Benedikt vill meina að helstu áhrifavaldar á Halldór Laxness í þessu samhengi hafi verið Danirnir: Otto Gelsted og Emil Bønnelycke. Sjá: Benedikt Hjartarson. „„A New movement in poetry and art in the aristic countries abroad“: The Reception of Futurism in Iceland“, bls. 220-249 í *The International Yearbook of Futurism Studies* 6/2016, bls. 240-243.

víðar, tvíbent eða tvíþætt afstaða – afstaða afdráttarlausrar sóknar til nýrra strauma en um leið undirliggjandi djúpstæð íhaldssemi. Jón tengir sig framsæknum straumum, en um leið vill hann vera á öruggu svæði, með Halldóri Laxness. En hann er líka inni í tíma sem minnir á biðstöðu í skák, hann er í „miðryminu“²⁰⁸ sem betur verður komið að hér á eftir. Jón finnur sig í því bili sem Hannah Arendt kallar „tómið milli fortíðar og framtíðar“, tóm sem Arendt telur að sé ekki einu sinni „sögulegt viðmið“ og alls ekki nútímafyrirbæri heldur einskonar svæði sem hefur verið okkur samferða hér á jörð frá upphafi vega.²⁰⁹

Til að varpa ljósi á tvíbenta stöðu Jóns Óskars verður að sinni látið nægja að tilgreina eitt ljóð, „Klukkuslög“, sem birtist í ljóðabókinni *Hvar eru strætisvagnarnir?*

Klukkuslög

Klukka tifar uppi á veggnum
og það minnir mig á eitthvað
sem ég veit úr bernsku minni
veit úr bernsku en man þó ekki.
Og um leið veit ég að þetta
sem er klukkutífi úr bernsku
rökkurstund hjá ömmu og afa
eða hjarta barns í vögg,
þetta eitthvað sem er farið
það er núna komið aftur
eins og lífið heldur áfram
meðan klukka slær og þagnar.²¹⁰

Hér er ljóðmælandi óviss um tímann og óviss um minningu, með þeim hætti þó að minningin er ekki minning heldur víska. Þannig afsegir ljóðmælandi hugtakið minning sem ætíð er tengt tíma. Tífi klukkunnar er það sem vekur upp vísuna, en þó er þessi klukka ekki neitt sérstakt, þ.e.a.s. hún gefur okkur ekki upp nákvæman tíma, hún er í raun bara tífið; tífi sem rennur saman við hjartslátt barns, barns sem má hugsa sér að sé ljóðmælandi. En þó er það vöggubarn sem hrindir á bak aftur þeirri hugmynd að einhver víska liggi á bakvið myndina sem dregin er upp í ljóðinu. Enda kemur í ljós að hjartsláttur barnsins er kominn aftur, líkt og tífið, og bæði þessi taktföstu hljóð boða það að lífið heldur áfram, en hversu lengi er óvíst því á endanum þagnar klukkan og hjartslátturinn. Ljóðmælandinn er staddur í rými sem veitir honum aðeins aðgang

²⁰⁸ Væri haldið áfram með líkingamál úr skáklístinni þá mætti segja að Jón væri í miðtaflinu.

²⁰⁹ Hannah Arendt. *Between Past and Future: Eight Exercises in Political Thought*, þýðanda ekki getið. Penguin Books, Harmondsworth og New York 1985, bls. 13. Hér er gripið til þess að vitna í Arendt einfaldlega vegna þess að hugmynd hennar fellur afar vel að þessu rými sem Jón finnur sig í og hér er reynt að skilgreina. Að öðru leyti eru hugmyndir Arendt ekki mikilvægar í þessari rannsókn.

²¹⁰ Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir*, bls. 24. Hér má einnig nefna annað ljóð úr sömu bók, ljóð sem glímur við svipað viðfangsefni, „Ó stund sem fer“.

að mynd eða hugrenningu, hann getur ekkert gert nema bara reynt að grafast fyrir um hvað er hvað og hvað þetta boðar – hvað er í vændum.

Þessi tímapæling er afsprengi tímans sjálfs, hún er skilgetið afkvæmi tveggja heimsstyrjalda sem óspart var og er miðað við sem landamerki í sögu tímans á síðustu öld. Samt er þessi tímavitund ekki uppfinning síðustu aldar en hún eflist á henni. Vincent Sherry rekur þetta ferli, að nokkru marki, í bók sinni *Modernism and the Reinvention of Decadence* og gerir grein fyrir því hvernig tíma- og rýmishugmyndin, eða öllu heldur „tímarýmishugmyndin“²¹¹ þróast í bókmenntalegum skilningi frá rómantísku skáldunum og nær nýjum hæðum í lægðum dekadensins við lok nítjándu aldar.²¹² Hér er líka Nietzsche undirliggjandi með sína sögugreiningu eins og hún birtist árið 1874 í ritgerðinni „Vom Nutzen und Nachteil der Historie für das Leben“ („Um nytsemd og skaðsemi sögunnar fyrir lífið“) sem birtist í *Unzeitgemässe Betrachtungen (Ótímabærar hugleiðingar)*, hann sér dekadensinn þannig að maðurinn núllar sig út því hann streðar undir byrði fortíðarinnar: „Maðurinn stendur eilíflega undir vaxandi oki fortíðarinnar. Byrði sem verður honum ofviða, bugar hann.“²¹³ Þannig er hann í tómi, á óljósum sögulegum stað – enda gengur Nietzsche alla leið og segir að hið ósögulega sé allt eins mikilvægt mannum og hið sögulega.²¹⁴ Þegar hið nútímalega mætir sjálfu sér til greiningar, það er að segja maðurinn reynir að rýna samtíma sinn og kalla t.d. nútímalegan, móðernískan ef vill, þá rekst hann óumflýjanlega á þá staðreynd að það er fáum gefið að vera í eða þekkja sig í samtíma sínum. Eða eins og ítalski heimspekingurinn Giorgio Agamben kemst að orði í ritgerð sinni „Che cos'è il contemporaneo?“ („Hvað er samtíminn?“): „Núíð er bara hið ólifaða í öllum lífsins aðstæðum sem við höfum ekki náð að lifa, vegna of mikillar nálægðar. Samtímaleikinn í okkur setur í fókus það sem við gátum ekki upplifað. Því er það, að vera meðvitaður um samtíma sinn, afturhvarf til nútíðar sem við höfum aldrei náð að taka inn.“²¹⁵

²¹¹ Það skal ítrekað að hér er ekki um að ræða sama hugtak og Bakhtín kallar „chronotope“ en það hefur einnig verið þýtt sem „tímarými“; enda er Bakhtín þar helst að fjalla um tímahugtakið í samhengi við skáldsöguna. Í inngangi að *Orðlist skáldsögunnar*, er þetta þýtt sem tímarými: Benedikt Hjartarson: „Af lifandi orðlist og skáldsögum“ Mikhail M. Bakhtín, *Orðlist skáldsögunnar: úrval greina og bókakafla*, þýð. Jón Ólafsson, ritstj. Benedikt Hjartarson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2005, bls. 11-36, hér bls. 26. Sjá um það hugtak hjá Bakhtín t.d.: Mikhail Bakhtín. „Form of Time and Chronotope in the Novel“, þýð. Caryl Emerson og Michael Holquist í *The Dialogic Imagination: Four Essays*, ritstj. Michael Holquist. UTP, Austin 1981, bls. 84-258.

²¹² Vincent Sherry. *Modernism and the Reinvention of Decadence*. Cambridge University Press, New York 2015, bls. 37-41; 147-155; 180-189 og víðar.

²¹³ Friedrich Nietzsche. *Untimely Meditations* þýð. R. J. Hollingdale. Cambridge University Press, Cambridge 1997, bls. 61.

²¹⁴ Friedrich Nietzsche. *Untimely Meditations*, bls. 63.

²¹⁵ Giorgio Agamben. „What Is the Contemporary?“, bls. 39-54 í *What Is an Apparatus?: and Other Essays* þýð. David Kishik og Stefan Pedatella. Stanford University Press, Stanford 2009, bls. 51.

Jón Óskar rýnir ekki samtíma sinn, og þýðir því ekki samtíma sinn, heldur tekst hann einmitt á við ljóð úr franska dekadensinum, þar íslenskar hann t.d. ljóð skálda sem voru mjög upptekin af gangverki tímans; sem má segja að sé eðlilegt, því eins og Frank Kermode bendir á þá tengist yfirleitt einhver von um endurnýjun dekadent ástandi.²¹⁶ Hér nægir að nefna Rimbaud og Tristan Corbière.²¹⁷ Ljóðið „Fyrrum, ef ég man rétt“ er ágætt dæmi um þetta úr ranni Rimbauds, bara titill ljóðsins segir mikið. En í þessu fríljóði segir t.d.:

Fyrrum, ef ég man rétt, var líf mitt hátíð þar sem öll hjörtu opnuðust, þar sem öll vín streymdu.

Eitt kvöld tók ég fegurðina á kné mér. – Súr þótti mér hún. – Og ég smánaði hana.

Ég vopnaðist gegn réttlætinu.

Ég lagði á flóttu. Ó, seiðkonur, ó, eymdir, ó, hatur, ykkur var fjársjóður minn falinn!

Þar kom að ég slökkti í huga mér alla mannlega von.

Ég flaug á hverja gleði til að kyrkja hana, hljóðlaust eins og grimmt dýr.

[...]

Nú, rétt fyrir skömmu, er ég hélt mig að því kominn að geispa *golunni*, flaug mér í hug að finna aftur lykilinn að horfnu hátíðinni, þar sem ég kynni að endurheimta lífslöngun mína.²¹⁸

Í þessu ljóði er allt óvíst, tími og staður. Rýmið er jafnvel draumasviðið. Upphafslínan ber með sér afar beitta tímamótsögn „fyrrum, ef ég man rétt“ – en ef eitthvað er að muna þá hlýtur það þó að hafa verið „fyrrum“. Í þessari fortíð sem ljóðmælandinn rifjar upp var allt harla gott, svo gott að hann hafnar fegurðinni og refsar henni grimmilega. Menntan vísar fullkomlega og illskan tekur yfir. Hvar nákvæmlega er ekki víst. En þá er það að „rétt fyrir skömmu“, er ljóðmælandinn telur sig vera að deyja, dettur honum í hug að finna hið liðna aftur – fara aftur í tímann, til þess sem er „horfið“, þar sem mögulegt er, kannski, að endurheimta lífslöngunina. Með öðrum orðum, hér er sem ljóðmælandi vilji leika á manninn með ljáinn. Textinn leikur sér

²¹⁶ Frank Kermode. *The Sense of an Ending*, bls. 9.

²¹⁷ Hér þarf ögn að kynna Tristan Corbière (1845-1875) því hann er ekki mjög þekktur í dag – og var reyndar einnig jaðarmaður í lifanda lífi. Hann gaf aðeins út eitt ljóðasafn, *Les Amours jaunes* (1873). Corbière var nokkuð frábrugðinn samtímamönnum sínum í stíl enda stóð hann löngum utan við hringiðuna, hann var Bretaníumaður og ljódmál hans er oft talmálslegt og hann hikaði ekki við að setja upp löng samtöl, sérstaklega í prósaljóðum sínum. Napurt háð var og einkenni á mörgum ljóða hans. Þá var sjórinn sjaldan mjög fjarri í skáldskap hans. Tristan Corbière lést úr berklum rétt tæpra 30 ára. Sjá: Katherine Lunn-Rockliffe. „Introduction“ í Tristan Corbière. *Oysters, Nightingales and Cooking Pots* þýð. Christopher Pilling, ritstj. Richard Hibbitt. White Rose University Press, Leeds, Sheffield og York 2018, bls. vii-ix.

²¹⁸ Arthur Rimbaud. „Fyrrum ef ég man rétt“ í *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 68-69. Þess má geta að í þýðingu Sölva Björns Sigurðssonar á sama ljóði koma tímalegar andstæður afdráttarlausar fram en í þýðingu Jóns, með því að Sölvi beitir andstæðum af listfengi og notar óspart orð eins og „nýlega“ gegn „síðasta“ og „gömlu“ gegn „nýju“ – svo eitthvað sé nefnt. Ljóðið er nafnlaust hjá Sölva líkt og það stendur nafnlaust hjá Rimbaud í upphafi *Árstíðar í helvíti*. Sjá: Arthur Rimbaud. [ónefnt ljóð] í *Uppljómanir og Árstíð í Helvíti*, bls. 87.

Þannig með andstæður hvað varðar tímahugtök, þannig tekst hann á við óvíst sögusvið. En tíminn og sögusviðið spila einnig saman – spila saman að því marki að þarna er allt mögulegt. Aftur er gagnlegt að líta til Agambens því hann ávarpar einmitt þetta með minnið og fortíðina, heimspekingurinn ítalski vill meina að dularfullur þráður liggi á milli fornaldar og samtímans, það sé ekki vegna dýrðar fortíðarinnar heldur vegna þess að lykillinn að samtímanum er fólgin í því ómunanlega frá forsögulegum tíma. Þannig þarf að stokka upp tímann og setja í samhengi við aðra tíma.²¹⁹ Það gerir Jón Óskar, þótt viðfangsefnið sé vissulega ekki jafn fornt og dæmi Agambens snýst um. Hér er ekki úr vegi að bæta því við sem sagt hefur verið um tímann og formalistana, Rússana, Tynjanov, Boris Eikhenbaum og fleiri: „Formalistarnir sýndu fram á að sögulegur tími er ekki línulegur, að fortíðin getur lifað í framtíðinni; að framtíðina er hægt að grafa undir fjalli samsettu úr lögum menningar.“²²⁰

Tristan Corbière var einfari, hann tók vissulega þátt í bóhemlífi Parísar en hann var líklega aldrei hinn dæmigerði bóhem, mörg ljóða hans eru textar sem með einhverjum hætti skarast við sjósókn. Þannig eru til dæmis bæði ljóðin sem Jón þýðir og birtir í *Undir Parísarhimni*. Það hefur verið haft á orði að Corbière hafi verið ljóðskáld ljóðskáldanna, hann var dáður af Jules Laforgue²²¹ og módernistarnir og súrrealistarnir hömpuðu honum, sýmbólistarnir elskuðu hann. T.S. Eliot og Ezra Pound hrifust mjög af þessu sérstæða skáldi og töldu áhrif hans umtalsverð. Athyglisverð er þessi skoðun Eliots, því hér skýtur hann enn upp kollinum í sambandi við þá fagurfræði sem Jón Óskar tileinkaði sér. En síðast en ekki síst taldi Verlaine að hann væri óumdeilanlega einn af hinum klassísku dekadent skáldum *poètes maudits* (fordæmdu skáldin). Þegar talað er um áhrif Tristans Corbière og um leið sérstöðu hans er ágætt að skoða knappa og bratta fullyrðingu, en líklega mjög nærri sannleikanum, sem bókmenntafræðingurinn Þorsteinn Þorsteinsson setur fram í grein:

Staðreyndin er hinsvegar sú að öll skáld sem hafa lagt mikið af mörkum til nútímaljóðlistar eru einfarar, í þeim skilningi að þau eru einstök og ólík öðrum skáldum. Það gildir jafnt um Paul Éluarð, sem þó var lengi virkur súrrealisti, René Char, sem tengdist hreyfingunni skamma hríð, og ‘útlagann’ Saint-John Perse. Það gildir um Yeats, Pound og Eliot, um Rilke, Benn og Brecht, um Lorca og Neruda.²²²

²¹⁹ Giorgio Agamben. „What Is the Contemporary?“, bls. 51.

²²⁰ Daria Khitrova. „Introduction“ í Yuri Tynianov. *Permanent Evolution: Collected Essays on Literature, Theory and Film*, þýð. Ainsley Morse og Philip Redko. Academic Studies Press, Brookline 2019, bls. 1-24, hér bls. 2.

²²¹ Jules Laforgue (1860-1887) var ungversk-franskur og gat sér gott orð sem ljóðskáld, er til jafns kenndur við sýmbólisma og impressionisma. Það var Laforgue sem sagði um Baudelaire: „Hann er ætíð kurteis við það sem ljótt er.“ Jules Laforgue. *Selected Writings*. Grove Press, New York 1956, bls. 213.

²²² Þorsteinn Þorsteinsson. „Þankabrot um ljóðbyltingar“ bls. 87-138 í *Són* 3/2005, bls. 123.

Þarna eru skáld sem hvert á fætur öðru voru ýmist þýdd á íslensku af Jóni Óskari eða hafa verið talin áhrifavaldar á skáldskap hans sjálfs. Jón þýðir Éluard, Char, Perse, Neruda, Yeats²²³ og Eliot. Það er helst að hann hafi látið þá Benn²²⁴ og Pound framhjá sér fara en vinir hans voru svo mjög að fást við Lorca, (Hannes Sigfússon)²²⁵ og Rilke (Sigfús Daðason),²²⁶ að þá höfunda hefur Jón örugglega oft rætt og stúderað. Á Brecht virðist Jón hafa haft frekar illan bifur.²²⁷

Þau ljóð sem Jón Óskar þýðir eftir Tristan Corbière eru ekki með þessi áberandi tíma- eða rýmiseinkenni sem vikið var að hér að framan að hann hafi oft verið að fást við. Þó má sjá þessa nokkurn stað í „Tárið“ en minna eða ekki í „Messadrengur“. En vitaskuld hefur Jón þekkt skáldskap Tristans Corbière mun betur og þekkt ljóð hans enda segir hann undan og ofan af einkennum þeirra og þá sést að hann var vel heima í ljóðasafni Frakkans, *Les Amours jaunes*.²²⁸

Til þess að varpa ljósi á dæmi um skáldskap Corbière þar sem fyrrgreind einkenni eru allt um lykandi má líta á upphafið að prósaljóðinu „Vinnustofan“ (fr. „L’Atelier“):

„Vinnustofan“

Vinnustofa listamanns, auð af málverkum. Veggirnir fjórir kasta sín á milli spegilmynd ömurlegs andleysis. Þarna er ekkert nema óreiða og naglar.

Einhverjir hafa verið að berja að dyrum í góðar fimm mínútur. Þeir hrópa ... Klukkan er eitt, eða annað, á óláns degi. Um það vitnar vísalaus gauksklukka sem hangir á veggnum gengt dyrunum. Þar til hliðar undir stiganum er geymslukompa í henni er rúm og á rúminu liggur ungur maður með sokk í annari hendi, þannig að þú heldur að hann sé í hugleiðslu. Hann er ekki fallettur en

²²³ Sigfús Daðason og Jón Óskar þýddu nokkuð saman, þar á meðal var Yeats. Sjá: Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 33. Eftir að Jón Óskar hafði lent nokkuð utangarðs hjá Máli og menningu og í rímu við Kristinn E. Andrésson hélt engu að síður góð vinátta með Jóni og Sigfúsi, sem var í hugum sumra nánast andlit Máls og menningar á tímabili. Kjartan Ólafsson segir í bók sinni *Draumar og veruleiki*: „Í bréfum sínum til Kristins E. Andréssonar sneiðir Sigfús aldrei að Jóni Óskari en Einar Bragi og Thor Vilhjálmsson fá þar stundum kaldar kveðjur.“ Kjartan Ólafsson. *Draumar og veruleiki: Stjórnsmál í endursýn*. Mál og menning, Reykjavík 2020, bls. 349.

²²⁴ Gottfried Benn (1886-1956) þýskt ljóðskáld og ritgerðasmiður, hann fyllti hóp expressionista framan af sínum ferli en varð síðar óháðari nafngreindum straumum og stefnum. Benn hefur nánast ekkert verið þýddur á íslensku, en þó finnast stöku ljóð. Þar má nefna: Gottfried Benn. „Skuggi á steinvegg“ („Ein Schatten an der Mauer“) í *Són* 7/2009 þýð. Hannes Pétursson, bls. 53; Gottfried Benn. „Fólk sem ég hef hitt“ („Menschen getroffen“) í *Ský* 4/1991 þýð. Sigfús Daðason, bls. 16-17.

²²⁵ Sem dæmi um Lorca þýðingar Hannesar og efni er varðar Lorca má nefna: Federico García Lorca. *Blóðbrúllaup: harmleikur í þrem þáttum og sjö myndum (Bodas de sangre)*, þýð Hannes Sigfússon, Þjóðleikhúsið 1993; Arturo Barea. „Lorca, skáldið og þjóð hans“, þýð. Hannes Sigfússon, *Tímarit Máls og menningar* 3/1959, bls. 265-281.

²²⁶ Sigfús las Rilke mikið og skoðaði ofan í kjólinn, töluvert hefur verið skrifað um áhrif Rilkes á Sigfús og þar má t.d. nefna: Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús: þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*, JPV-útgáfa, Reykjavík 2007, bls. 37-42 og víðar. Guðbjörn Sigurmundsson. *Sigfús Daðason og umheimurinn* [óprentuð meistarpófrótsritgerð í íslenskum bókmenntum], Háskóli Íslands 2013, bls. 27-35. Þá verður að geta þess að Sigfús orti ljóð um Rilke: Sigfús Daðason. „Rilke“ í *Ljóð 1947–1951*. Heimskringla, Reykjavík 1951, bls. 11–12.

²²⁷ Sjá t.d.: Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 85.

²²⁸ Tristan Corbière. *Les Amours jaunes*. Glady frères, París 1873.

hann er stoltur yfir ljótleika sínum. Hann telur þó að hann sé of ljótur til að fara á fætur. Sólin mun heldur ekki rísa í dag. Og því ætti hann þá að gera það?²²⁹

Hér mætast þælingarnar um tíma og rými nánast fullkomlega. Rýmið er þröngt og með einhverju móti skakkt, því veggirnir hjá listamanninum eru auðir og ekki nein málverk sjáanleg. En ónýt klukka mælir tímann, sem er fullkomlega óviss og nánast tilgangslaus, jafnvel tákni samtímaleysi. Listamaðurinn hefur líkt og flúið inn í enn annað og enn þrengra rými og þar er hann í jafn fátægum aðstæðum og aðstæðurnar í vinnustofu hans eru absúrd. Þannig er og fátæg fullyrðingin um að einhverjir hafi verið að berja að dyrum í góðar „fimm mínútur“, hér er alls ekki neinn tími: „Klukkan er eitt, eða annað, á óláns degi.“ Meira að segja sólin rís ekki þennan óláns dag og því er fullkomið tilgangsleysi fyrir manninn í rúminu að fara á fætur. Hann málar ekkert, hikaði við að fara á fætur og hikaði við að fara til dyra (þó svo hann geri það síðar í ljóðinu). Hér ræður ríkjum óreiðan en naglarnir vega upp á móti henni, hart stálið sem festir. En um leið er nóturleg áminning um að ekki hefur verið not fyrir þessa nagla – hér hefur ekkert verið málað. Hnignunin er alger. Kannski er það eitt víst í þessu óræða tímalausa rými.

Hér má sjá allt í senn hikið og tímaleysið eða tímaóreiðuna, órætt rými en samt hnitmiðaðan skáldskap – allt einkenni sem Jón Óskar fæst við í ljóðum sínum og löngum í æviminningunum. Hér eru tvö dæmi:

Ég sé Hannes fyrir mér, þar sem hann gengur um gólf í herbergi sínu í vitavarðarhúsinu og það er komin nótt og blaðið liggur á borðinu og bíður eftir skáldsögunni án þess að Hannes geti sinnt því meðan allkyns ólíkar hugsanir um auðvaldið og heimskommúnismann og ástand heimsins og framtíðarhorfur hrannast að honum og hann heldur áfram að ganga um gólfið eirðarlaus og vonsvikinn, þar til hann að lokum sest þreyttur við borðið, grípur pennann og skrifar á autt blaðið það sem lýsir ástandi hans, eins og það raunverulega er: „Ég sem fæ ekki sofið.“²³⁰

Og enn fremur:

Nú var hann [Þorgeir Þorgeirson rithöfundur] kominn þarna til mín í litla herbergið við þröngu götuna, *Rue de l'Échaudé* hvernig sem hann hafði nú upp

²²⁹ Tristan Corbière. *Oysters, Nightingales and Cooking Pots*, bls. 80 (enska) 81 (franska).

Textinn er svona á frönsku:

„Un atelier de peintre sans peinture. Les quatre murs se renvoient un découragement innommable . Il n'y a rien, mais il y a du désordre et des clous .

On frappe à la porte depuis cinq minutes. On crie... Il est une heure ou une autre d'une journée quelconque, témoin un coucou sans aiguilles, accroché au mur contre une porte. Il y a une soupente à côté, avec un lit et, dedans, un jeune homme dans une pose de méditation avec une chaussette d'une main. Il n'est pas beau, mais il est fièrement laid. Il songe pourtant qu'il est trop laid pour se lever. Le soleil ne se lèvera pas non plus aujourd'hui. À quoi bon?“

²³⁰ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 18.

á dvalarstað mínum, og vildi fá mig með sér að njóta frelsisins og drekka meiri bjór. Því miður gat ég ekki orðið við þeirri bón hans, og hefði þó feginn viljað röltu með honum um næsta nágrenni og heyra fleiri sögur og fleiri ævintýri um Ísland og hinn stóra heim, svo ævintýrafróður sem Þorgeir var þessa stundina með veður almenningsgarðanna og dyn Signubrúnna í hári og skeggi, en hann kvaddi mig glaður og reifur engu að síður og var á brott sem stormsveipur eða þytur um dag, en ég hélt áfram að hirst á fleti mínu í drungalegu herberginu og lesa um frönsku byltinguna.²³¹

Í þessum tilvitnunum er þetta allt að finna. Afmarkað rými sem kallar út fyrir sig bæði í tíma og rúmi, gangur lífsins með einhverju móti öfugsnúinn, hikið er á sínum stað – stundin er ekki rétt. En maðurinn er samt í núinu – þó bara að hluta, hann sökkvir sér í gamla tíð eða reynir að skrifa um nætur.

Sem dæmi um hið sama úr ljóðum Jóns má nefna ljóðið „Flaututónar“:

Einhverntíma líður þessi nótt.
Ég heyri það í fáum flaututónum
sem berast mér að innan einsog þar sé
hljóðfæri nýrra daga að boða nýja
tónlist mannhjartans upp úr ögrandi róti
vondra athafna. Flauta, lát mig heyra ...

Því þessi nótt er ekki nóttin mín,
heldur sú villunótt sem heimur dró
sjálfur brjáluðum höndum á augu sín.²³²

Hér er allt á skjön, ljóðmælandi heyrir að nóttin muni líða, einhverntíma. Nóttin sjálf reynist ekki nótt, ekki nótt einstaklingsins heldur eitthvert grímulaust brjálæði heimsins, sem þá hefur þessi myrku augu. Komandi dagar eru aðeins boðaðir, um þá er ekkert víst. Lesandinn er eins ráðalaus við upphaf ljóðsins og lok – það gæti þessvegna byrjað aftur strax eftir lokálnuna með þessu: „Einhverntíma líður þessi nótt.“

Það er ekkert undarlegt að Jón Óskar hafi laðast að skáldskap, Tristans Corbière, því tímalegt ráðleysi er eitt af einkennum á textum Corbières. En líkt og Jón þá er Corbière að reyna að sætta sig við ástandið. Kermode telur einmitt að slíkt sé hlutskipti mannsins, það hafi verið eitt af síðstæðum verkefnum okkar að aðlaga: Þegar í ljós kemur að eldri kenningar okkar um heiminn, upphaf hans jafnt sem möguleg endalok reynast rangar, þá er þeim eldri ekki kastað á eldinn heldur er reynt að samræma þær hinum nýju, því nýjasta sem menn telja sig vita. Oft gerist það í gegnum samræmdar frásagnir (e. *concord fictions*) sem leysa þá af hólmi

²³¹ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 107-108.

²³² Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*, bls. 19.

tilbúnar frásagnir (e. *generated fictions*).²³³ Þetta er partur af því að frásagnir okkar verða æ óreiðukenndari eftir því sem heimurinn verður flóknari, segir Kermode.²³⁴

2.1.1. Enn um tímann

Það er óhætt að segja að hugmyndin um *arrière-garde*, bakfylkingarmanninn, þrífist ekki til fulls nema í samspili við tímann. Vitund um tímann er nauðsynleg þeim sem þarf að vinna bæði fram og aftur, sækja og hörfa á víxl – og verjast á báðar hliðar þegar verst lætur. En að því sögðu er það aðeins hin mögulega tímavitund, möguleikinn á vitund um tímann er takmörkuð, ekki síst vitundin um samtímann, samanber hugmynd Agamben þar um.

Jón Óskar fann sig oft í eyðum eða tímarými sem honum fannst allt að því einangrandi eða með einhverjum hætti undarlegt, jafnvel þótt hann reyndi að skýra fyrirbærið með menningarpólitískum greiningum. Í því samhengi má t.d. nefna kaflann „Staða mín meðal rithöfunda“ í *Kynslóð kalda stríðsins*. Þar fullyrðir Jón að hann hafi svo snemma sem árið 1945 verið þekktur meðal „bókmenntafólks“ sem rithöfundur þrátt fyrir að hann hafi þá enga bók gefið út. En, hann segir rithöfundasól sína meðal sama fólks (væntanlega) hafa hnigið svo hratt að árið 1950 mátti hún „heita til viðar gengin.“²³⁵

Einhver myndi kalla þessa hugmynd Jóns um snöggan enda ferils síns bölsýni, og væri þá væntanlega fljótafgreitt, en í því samhengi sem hér er skoðað liggur beint við að tengja þessa fullyrðingu Jóns við hugsun um hina síðustu daga, og slík hugsun birtist af og til í textum Jóns, ekki síst þegar eyðingarafli kjarnorkusprengjunnar er nærri. Í ljóðabók hans *Söngur í næsta húsi* sem kom út hjá Helgafelli 1951 er þennan tón víða að finna, til dæmis hér:

Líf

Sólglið í hug
andartak.
Glíma við skugga.
Höf hrynja fjöll spretta upp.
Augu lokast.
Líf:
Komið.
Farið.²³⁶

²³³ Frank Kermode. *The Sense of an Ending*, bls. 67-68.

²³⁴ Frank Kermode. *The Sense of an Ending*, bls. 67.

²³⁵ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 150.

²³⁶ Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*, bls. 26.

Hér gæti ljóðmælandi sem best verið að lýsa lífshlaupi manneskju en freistandi er að grípa til myndmálsins í fjórðu línu, það hefur á sér biblíulegan blæ, hvort heldur er þá litið til Opinberunarbókarinnar eða t.d. 22. Davíðssálms. En hvort heldur er, lífshlaup manns eða eskatólógísk sýn, þá er ljóst að tíminn er fullkomlega afstæður í ljóðinu. Lífið er þá eitt andartak, en þó svo langt að heimurinn umturnast, sbr. höf hrynja og fjöll spretta upp. Spenna er augljós milli tímans sem getur verið óendanlegur, og ljóðmálsins þar sem þessar öfugsnúnu náttúrumyndir eru dregnar upp sem minna á sköpun jarðar eða tortímingu og svo aftur tímans sem getur verið eins langur og ein mannsævi eða þá það andartak sem sólgliðið varir. Og þá er líf manns, eða líf mannkyns kjarnað í þessum tveimur orðum: komið, farið. Raunveran er þá bara ein andrá en samt svo mögnuð að maðurinn getur villst í henni, líkt og Jón Óskar gerir iðulega. Það er ekki pláss fyrir samtímann enda hann allt að því óhöndlanlegur, í besta falli óræður. Agamben skýrir þetta ágætlega með dæmi, hann leggur út af tískunni:

Gott dæmi um sérstaka upplifun þess sem við köllum samtímavitund er tískan. Tísku má skilgreina sem kynningu á tíma sérkennilegs ósamræmis sem klofnar um erindi eða erindisleysu, eitthvað er í tísku eða þá ekki lengur í tísku. Þetta bil þarna á milli, eins snúið og það getur verið, er svo magnað að þeir sem þurfa að taka mið af því, eða skynja, gera það afdráttarlaust; og með því segja þeir sjálfum sér að þeir fylgi tískunni. En ef við reynum að afmarka og laga þetta bil að rökréttum tímaási, þá kemur í ljós að það verður ekki fangað. Í fyrsta lagi, „nú“ tískunnar, það andartak er það verður til, er ekki rekjanlegt með neinum tímamæli. Er þetta „nú“ sá tími þegar fatahönnuðurinn fær hugmyndina að hugverki sínu, nýju blæbrigðunum sem munu setja svip sinn á fatalínuna? Eða er það augnablikið þegar hönnuðurinn greinir samverkamönnum frá hugmyndinni og klæðskeranum sem mun sauma frumgerðina? Eða, er það kannski enn frekar andartakið á tíkusýningunni þegar afurðin sést í fyrsta sinn, borin af þeim sem ætíð eru í tísku, gínunum og módelunum – þeim sem reyndar, einmitt vegna þessa, eru aldrei í tísku? Vegna þess að í raun er það fatasmekkur almennings sem ræður því, frekar en gínur og módel, sem endanlega kveða upp úr um tískuna með vali sínu á fötum.

Tími tískunnar er því eilíflega að vænta sjálfs sín og er þar af leiðandi alltaf of seinn. Er ætíð á þessum ófanganlegu skilum á milli „ekki núna“ og „ekki lengur“.²³⁷

Til þess að hnýta enn betur saman þessa hugmynd um tímann og veraldlegt rými er gagnlegt að líta til Ernsts Bloch.²³⁸ Þegar Bloch var að greina samfélagsleg gildi og þjóðfélagslega stöðu

²³⁷ Giorgio Agamben. „What Is the Contemporary?“, bls. 47-48.

²³⁸ Ernst Bloch (1885-1977) var þýskur heimspekingur og marxisti sem líklega er frægastur fyrir ritverk sitt um lögmál vonarinnar (*Das Prinzip Hoffnung*). Ferill hans sem háskólamanns hófst í Leipzig árið 1918 en það ár var einmitt hans fyrsta heimspekirit gefið út, *Geist der Utopie (Andi útópíunnar)*. Hann flýði undan nasistum árið 1933 og fór þá til Sviss en síðar til Bandaríkjanna. Hann sneri aftur til háskólans í Leipzig árið 1948. En þá þegar var hann gagnrýninn á þróun og framkvæmd marxismans og svo fór að lokum að hann varð fyrir áreiti

þeirra einstaklinga sem löðuðust að boðskap nasismans sem Hitler predikaði í Þýskalandi á fjórða áratug síðustu aldar, byrjaði hann á því að hugleiða stöðu mannsins í tímanum, núinu: „Ekki eru allar manneskjur staddar í sama núinu. Það eru þær aðeins líkamlega, í þeim skilningi að þær eru allar sjáanlegar. En það þýðir þó ekki að þær lifi lífi sínu á sama tíma og aðrir. Eða, öllu heldur, þær bera með sér, með flóknum hætti, þætti úr fyrri tíma.“²³⁹ Segja má að Jón Óskar hafi með skrifum sínum – sérstaklega þeim ævisögulegu en fyrst og fremst með þýðingum sínum – verið einmitt á þessum stað í tímanum, eða kannski staðleysu; en hin tímalega staðleysa er einn af grunnþáttunum í heimspeki Ernsts Bloch. Það sem kjarnar hugmynd Blochs er það sem hann kallar „*Noch-Nicht-Sein*“ þ.e. „ekki-orðin-verund“ og hvernig tilvist mannsins í núinu markast af þessari „ekki-orðnu-verund“. Það er hlutskipti mannsins að líða skort því hann og samfélag hans munu aldrei komast til sjálfs sín, þ.e.a.s. hann finnur í því að „hafa-enn-ekki-eitthvað“ en það skilgreinir Bloch sem „*Noch-Nicht-Haben*“. Allt sem er hefur umhverfis mögulega veruleikagerð sem hefur möguleika sem ekki hafa orðið. Þessi mögulega veruleikagerð leiðir manninn áfram og breytir því, eða öðlast það, sem hann enn ekki hefur.²⁴⁰ Þannig er Bloch staðlaus í tímarýminu, en hin útópíska hugsun er undirliggjandi í þessari hugsun um möguleikann.²⁴¹ Hjá Bloch togast á – eða spila saman – arfur fortíðar og hið ókomna framtíðar. Hið gamla vinnur inn í hið nýja en maðurinn í núinu sækir í forðann í báðar áttir. Hann stendur vissulega í verunni og er sýnilegur en ber með sér og lifir fortíð sína, þráir hið ókomna sem hann hefur óljósa vitund um. Starf Jóns Óskars við þýðingar evrópskra ljóðskálda, mest franskra, sem talin voru framúrstefnuleg á sinni tíð, inn í gerjun í íslensku bókmenntakerfi þar sem hefðarbrot í ljóðlist var í deiglunni, er vinna manns sem ber fortíð til nútíðar undir merkjum þess sem koma skal í skáldskap; til útópískrar framtíðar. Þessi „sókn“ aftur í tímann í leit að viðfangsefnum til þýðinga fellur algjörlega að því sem vitnað er til hér að framan. Þetta er m.ö.o. bakfylkingar vinna. En það er fleira sem kemur til, bakfylkingin hefur beðið hnekki, framúrstefnan gengur ekki upp. Jón er með gamla framúrstefnu í höndunum, því er plássleysið í framúrstefnunni augljóst hvað Jón varðar. En staða Jóns er með engu móti verri við það, jafnvel betri. Agamben segir, eftir að hafa greint frá

austur-þýskra yfirvalda sem endaði með því að hann flúði yfir til Vestur-Þýskalands árið 1961 og hóf þá störf við háskólann í Tübingen.

²³⁹ Ernst Bloch. „Nonsynchronism and the Obligation to Its Dialects“ þýð. Mark Ritter, bls. 22-38 í *New German Critique* No. 11 (Spring, 1977), bls. 22.

²⁴⁰ Ernst Bloch. *Das Prinzip Hoffnung*, 3. bindi. Suhrkamp. Frankfurt am Main 1985, bls 1414-1415.

²⁴¹ Hér er greinilegur skyldleiki með Bloch og Tillich, en sá síðarnefndi leggur einmitt áherslu á að maðurinn sé „verðandi“ – honum sé allt mögulegt. Paul Tillich. „Politische Bedeutung der Utopie im Leben der Völker“ í *Gesammelte Werke* 6. bindi, Evangelisches Verlagswerk, Stuttgart 1963, bls. 158-159.

þræðinum milli fornaldar og samtímans, eins og áður er getið: „Framúrstefnan hefur týnt sér í tímanum og því leitar hún aftur, leitar að hinu frumlega og gamla.“²⁴²

Annað ljóð eftir Jón Óskar úr *Söngur í næsta húsi* er einmitt glíma við vinnuna á tímaásnum, horft er aftur, staðið í núinu en einnig kastað fram undir lokin framtíðarhugsun sem ber í sér mikla óvissu, spurningu sem nánast er kvíðvænleg:

Framtíðardraumur

Spurning mín tvístrast
í hlátri gamals manns.
Ég heyrir svarið
langt, langt í fjarska:

Já, ég man
hvernig framtíðin brosti,
hvernig hún brosti
í draumi okkar.
Já, hvílíkt vor.
Það var fyrir stríðið,
áður en geimferðir hófust.
Ungi maður, hvað nú?²⁴³

Hér liggur einhver voði í loftinu, í það minnsta nagandi óvissa um það sem verður. Hér er aftur spurning um afdrif heims, en hafa ber í huga að hugtakið „geimferðir“ hafði vitaskuld á sér framandlegri blæ og líklega ógnvænlegri á þessum tímum en það hefur í dag. Stríðið og geimferðirnar eru eins og knýttar saman, og svo er spurt „hvað nú? Þetta er eskatólógísk spurning við enda ljóðs sem flakkar í tíma og allir tímar eru ljósir, nema þeir sem eru í nánd; væntanlega hinir síðustu tímar. Spurningin sem „tvístrast“ er vísast lokaspurning ljóðsins, annarri spurningu er ekki til að dreifa. Það teygist á svarinu, það er langt langt í fjarska – svo lengra verður vart komist út í fjarskann. Bros framtíðarinnar er líka teygt, tvítekið í anda hins hikandi ljóðmælanda. Það var ástæða til að brosa, en óvíst er hvort slík léttúð er ekki fyrir bý? Ungi maðurinn getur ekki verið viss um framtíð sína á vísindaöld, geimferða og stríðs. Samt lúrir von í ljóðmálinu, þetta er draumur og það er óvissa ríkjandi, sem aftur merkir að ekki þarf draumurinn að raungerast og hitt að í óvissu getur brugðið til beggja vona, það getur farið illa en það getur líka farið vel. Því er afar viðeigandi vísunin sem liggur í síðustu ljóðlínunni, hér vísar Jón til skáldsögu Hans Fallada *Hvað nú - ungi maður?* (þý. *Kleiner Mann - was nun?*) en

²⁴² Giorgio Agamben. „What Is the Contemporary?“, bls. 51.

²⁴³ Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*, bls. 44.

saga þessi var eitt af bókmenntaverkunum í hreyfingu lista sem kölluð var „Neue Sachlichkeit“ og boðaði einmitt nýtt upphaf, nýja hlutlægni, nýja veraldarsýn og spratt upp úr hildarleik fyrra stríðs í Þýskalandi.²⁴⁴ Þannig er þessi eskatólógíski undirtónn með þeim hætti að rímar við hugmyndir Pauls Tillich um staðleysuna / eskatólógíuna, hér eru svipaðar þælingar og hjá Bloch: Maðurinn skynjar firringu, tilgangsleysi og sekt í tóminu og þetta eru þeir þættir sem hann velkist um í dag hvern. Í staðleysunni/eskatólógíunni er vonin um endurheimt paradísar, hina endanlegu opinberun guðdómsins.²⁴⁵

Það er margt annað í þessum tímapælingum sem vert og þarft er að skoða og hér verður sérstaklega horft til franska heimspekingsins Henris Bergson og hugmynda hans um tímann og raunveruna.²⁴⁶ Og einnig til séra Haraldar Níelssonar sem með nokkuð sérstökum hætti bar kenningar Bergsons inn í íslenska umræðu. En einnig verður skyggnst víðar í leit að svörum við því á hvaða menningarsögulegu fótum fagurfræði Jóns Óskars stóð og því hvernig hann skynjaði stöðu sína sem rithöfundur á tímum breytinga þegar miklar hræringar skóku landið. Þannig má t.d. færa fyrir því rök að grunnurinn að þeim efnahags- og félagslega samtíma sem við lifum í dag hafi einmitt verið lagður með hernáminu og áhrifum þess og á fyrstu árunum eftir seinna stríð;²⁴⁷ einmitt þeim tíma sem Jón segir frá í endurminningarbókum sínum og eru þá um leið þeir tímar þegar hann er að brjótast fram sem rithöfundur, gera sig gildandi sem skáld.

Einn grundvallarþátturinn í hugmyndum Bergsons um tímann er að hin sífellda þörun tíma og rúms sé röng – eiginlega vitlaus. Tíminn er að mati Bergsons meira í ætt við andlegt ástand, vitundarástand, hann er það sem einstaklingurinn hefur reynt og það sem hann man.²⁴⁸ Tíminn

²⁴⁴ Hans Fallada. *Hvað nú - ungi maður?*, þýð. Magnús Ásgeirsson. Útgefanda ekki getið, Reykjavík 1934. Það er rétt að benda á að frumútgáfa verksins í Þýskalandi er 1932 og sagan því næsta ný þegar hún kemur á íslensku. Einnig er rétt að geta þess að Hans Fallada var höfundarnafn manns sem hét Rudolf Ditzen (1893-1947).

²⁴⁵ Paul Tillich. „Politische Bedeutung der Utopie im Leben der Völker“ í *Gesammelte Werke* 6. bindi, Evangelisches Verlagswerk, Stuttgart 1963, bls. 165-167.

²⁴⁶ Henri Bergson (1859-1941) var franskur heimspekingur. Það tók hann nokkurn tíma að átta sig á því hvað hann ætti að leggja fyrir sig, því hann var snjall í mörgum fögum og hefði getað tekist á hendur til jafns: bókmenntir, stærðfræði, heimspeki og náttúruvísindi – svo mjög voru áhugasvið hans víðfeðm og hæfileikarnir eftir því. Hann valdi þó heimspekina og var í École Normale Supérieure á árunum 1878-1881. Árið 1889 sendi Bergson svo frá sér tvær doktorsritgerðir, önnur var um hugtakið *stað* í verkum Aristótelesar (*Quid Aristoteles de loco senserit*) en hin var ritmiðin um tímann og frjálstan vilja (*Essai sur les données immédiates de la conscience*). Sjá t.d.: *Henri Bergson: Key Writings*, ritstj. Keith Ansell Pearson og John Mullarkey. Continuum, London og New York 2002, bls. viii-xi.

²⁴⁷ Í öðru bókmenntalegu samhengi, rannsókn á þrileik Ólafs Jóhanns Sigurðssonar um Pál blaðamann, fjallar Daisy Neijmann um þessa tíma, sjá: Daisy Neijmann. „Hringsól um dulinn kjarna“ bls. 115-139 *Ritið* 1/2012, bls. 130-131.

²⁴⁸ Henri Bergson. *Time and Free Will: An Essay on the Immediate Data of Consciousness* (*Essai sur les données immédiates de la conscience*). Þýð. F.L. Pogson. Dover Publication, Inc. Mineola, New York 2001, bls. 181-183. (Rétt er að taka fram að þetta er stafrétt eftirprentun af 3. útgáfu verksins á ensku er kom út hjá G. Allen, London 1913.)

er þannig nálægur, við gætum jafnvel sagt að við berumst með tímanum sem alltaf er með okkur og ekki bara sá tími, það andartak sem við lifum, heldur einnig fortíðin. Það er m.a. vegna þessa sem Bergson setur traust sitt öðrum heimspekingum framar á innsæið til skilnings og vitundar um þann þátt tímans sem kalla má andlegan, *la durée*.²⁴⁹ Innsæið, sem í eðli sínu er einhverskonar náttúrlegur hæfileiki eða geta til þess að nýta innbyggt gangverk sem við jafnvel skiljum ekki sjálf og óljóst er hvenær fyrirbæri, spurningar, vandi, aðstæður – í allt um fljóttandi tímanum – kalla á að sé notað.²⁵⁰ Segja má að innsæið sjálft bregðist við, því í raun köllum við það ekki fram sjálf heldur ryðst það næsta óvænt fram, líkt og bakfyllkingarmaður sem þarf að taka af skarið í bardaga. Sjálfur segir Bergson: „Við getum sagt hvort heldur er, að innsæið skipuleggi þau tæki mannsins sem það hyggst nota eða að tækin sjálf og virkni þeirra skipuleggi innsæið og hrindi því af stað.“²⁵¹ Innsæið, sem Bergson telur að sé einskonar afurð eðlishvatar, er þannig ekki rökrétt heldur líkist það frekar stökki, og er þá nærtækt að líkja því við hið trúarlega stökk sem danski heimspekingurinn og guðfræðingurinn Søren Kierkegaard lagði svo mikla áherslu á²⁵² – en Kierkegaard er gjarnan, vel að merkja, talinn vera einn helsti áhrifavaldurinn á Henri Bergson.²⁵³ Kierkegaard útskýrir hið trúarlega stökk í riti sínu *Uggur og ótti*.²⁵⁴ Þar rekur hann sögu Gamla testamentisins af fórn Abrahams, þegar Guð birtist Abraham og skipaði honum að fórna syni sínum Ísak í stað lambsins, en þetta gerir Guð til þess að prófa Abraham.²⁵⁵ Það þekkjja vel flestir þessa sögu, en Kierkegaard notar hana til að sýna

²⁴⁹ *La durée* hefur verið þýdd með nokkuð misjöfnum hætti, en í seinni tíð hefur kvenkynsorðið *líðandi* orðið ofan á og verður notast við það hér.

²⁵⁰ Samkvæmt *Íslenskri orðabók* Menningarsjóðs er innsæi hvorugkynsorð sem þýðir: „hæfileiki til að finna sannleika án reynslupekkingar eða rannsóknar; getspeki; djúpur, næmur skilningur“, bls. 459.

²⁵¹ Henri Bergson. *Creative Evolution*, þýð. Arthur Mitchell. Random House, New York 1944, bls. 154.

²⁵² Danski guðfræðingurinn og heimspekingurinn Søren Kierkegaard (1813-1855) er jafnan talinn einna fyrstur til þess að leggja fram þá heimspekilegu hugsun sem síðar var kölluð tilvistarspeki. Hann er þannig undanfari margra mikilla hugsuða síðari tíma og má þar nefna menn eins og Henri Bergson, Karl Barth, Albert Camus, Jean-Paul Sartre, og síðast en ekki síst Martin Heidegger. Sjá um þessi áhrif mjög víða, t.d.: Kristján Árnason. *Hið fagra er satt*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2004, bls. 29, 49; James Collins. *The Mind of Kierkegaard*. Princeton University Press, Princeton 1983, bls. 166, 233; L. Miller og Stanley J. Grenz ritstj. *Introduction to Contemporary Theologies*. Fortress Press, Minneapolis 1998, bls. 6-9; Paul Tillich. *The Courage To Be*. Yale University Press, New Haven og London 2000, bls. 135-139. Hér er einna mikilvægast að staldra við nafn Tillichs því hann rímar með mjög sérstökum hætti inn í viðfangsefni þessarar rannsóknar. Hann heldur því fram í bók sinni *The Courage To Be* (sem reyndar er í grunninn byggð upp á fyrirlesturum sem Tillich hélt við Yale um miðja síðustu öld) að síðrómantík, bóhemismi og rómantískur natúralismi hafi verið öflugustu verkfærin til þess að maðurinn gæti haft hugrekki til þess að vera hann sjálfur og hann telur að sú einstaklingshyggja sem þar er að finna sé fyrirrennari existensialismans (sem var efstur á baugi þegar Tillich tekur saman þessa bók). Hér er þetta áhugavert því að í gegnum þessar stefnur, flestar, fótar Jón Óskar sig á leið sinni til þess að verða sá höfundur sem hann að lokum varð. Fram á þetta verður einmitt sýnt í þessum 2. og svo 3. kafla þessarar rannsóknar. Paul Tillich. *The Courage To Be*, bls. 116-126.

²⁵³ Sjá t.d. um áhrif: James Collins. *The Mind of Kierkegaard*. Princeton University Press, Princeton 1983, bls. 78-79.

²⁵⁴ Søren Kierkegaard. *Uggur og ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 2000. Heiti ritsins er vísun í Filippibréfið 2:12: „Þess vegna, mín elskuðu, sem ætíð hafið verið hlýðin, vinnið nú að sáluhjálpi ykkar með ugg og ótta eins og þegar ég var hjá ykkur, því fremur nú þegar ég er fjarri.“

²⁵⁵ Biblían. *Fyrsta Mósebók* 22:1-19. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa, Reykjavík 2007.

fram á að mótsögnin sem felst í því að ætla að fórna sínu eigin barni til að hlíða boði Guðs, í þeirri fullvissu að öðlast það aftur, sé verknaður sem sé fullkomlega óskiljanlegur. En þannig, heldur Kierkegaard fram, birtist trúin manningum sem algjör þverstæða þess siðalögmáls sem viðtekið er í mannfélaginu. Abraham getur ekki útskýrt fyrir neinum með nokkurri hefðbundinni skynsemi hvað hann ætlaði í raun fyrir. En Kierkegaard telur að það sem Abraham ætlar að muni verða og hann treystir – af því hann treystir Guði – sé hið trúarlega stökk. Hér er það trúin sem gildir, eða með orðum Kierkegaards: „Með trúnni afsalaði Abraham sér ekki Ísak, en með trúnni höndlaði Abraham Ísak.“²⁵⁶

Í þessu samhengi má hugsa sér að hið trúarlega stökk sé tekið af innsæi; því innsæi sem er nauðsynlegt að hafa til þess að geta fótað sig í hinu andlega streymi sem líðandinn er. Þetta fljót fortíðar og nútíðar er einmitt líkt því fljóti sem Jón Óskar stendur í miðju og teygir sig úr, líklega fyrir innsæi, inn á ólíklegustu og aðgreindustu kvíslar bókmenntanna í lífsstarfi sínu. Af þessu mótast fagurfræði hans og hann sjálfur. Því einn af mikilvægustu þóttunum í hugmyndum Bergsons er einmitt sá að til þess að geta staðið í þessu lífi þurfi maðurinn að búa yfir lífsþrótti sem stöðugt gangi í endurnýjun lífdaga. Þessi lífsþróttur (fr. *élan vital*) er sívirkur, hann endurnýjar sig sjálfur og virðist við fyrstu sýn fyrst og fremst lúta að hinu efnislega og vera þannig fullkomin andstæða hinnar flæðandi líðandi. En svo er ekki því að í endurnýjun sinni er lífsþrótturinn í raun dulmagnaður. Bergson skrifar: „Að vera, er fyrir meðvitaða veru; að breyta, að breyta er að þroskast, að þroskast er að halda áfram að skapa sig endalaust.“²⁵⁷

Hvers vegna er því haldið hér fram að þetta sé í raun dulhyggja? Jú, þessi hugmynd um þroska og eigin sköpun frá andartaki til andartaks er á andlegum nótum, hvert þessara mótunar- eða sköpunarandartaka verður ekki skýrt með öðru móti. Hið mystíska andartak er í fullkomnun sinni þannig, að mörk vitundar og dulvitundar verða óljós og einstaklingurinn rennur saman við eitthvað annað, flýtur líkt og í einhverju ómælishafi eilífðarinnar. Auðvitað er ekki rétt að tala hér um „eitthvað annað“ eða láta sem samruninn sé óháður því hverju er sameinast. Hér er undir hugmyndin um samruna við guðdóminn (lt. *unio mystica*); þessi hugmynd sem hefur fylgt manningum svo lengi, sem okkar menningarheimur þekkir skrásetningar um allt frá dögum postulanna og svo kirkjuféðranna. Hjá Jóni Óskari birtist þessi, eða viðlíka, hugmynd í allmörgum textum. Ljóðið „Hvert skip“ er ágætt dæmi, þar er e.t.v. ekki um að ræða *unio mystica* hugmynd en þó mynd sem er afgerandi hvað varðar trúnaðartraust manns og Guðs,

²⁵⁶ Søren Kierkegaard. *Uggur og ótti*, bls. 110.

²⁵⁷ Henri Bergson. *Creative Evolution*, bls. 10.

traust sem verður enn magnaðra vegna þess að leiksviðið er bátskæna á úfnu opnu hafi; þannig verður hér til sterkt einingarsamband:

Hann skoðar bát sinn, lýtur höfði, sér
í austri skýjabakka, en hver er ég?
muldrar hann í barm sinn, ef ég læt
Guð minn ekki ráða hvernig fer?

Hvert skip sem er og verður fer sinn veg,
og enginn veit í dag hvað koma skal,
en út skal haldið, líf mitt boðar það,
ég ýti úr vör, þó hyggja mín sé treg.

Við stýrisvöl í hafsins öldudal
býr frelsi mitt, það afl sem líf mitt knýr,
það afl sem ber mér hættu í hverri för,
það hjarta sem mér býður þraut og val.²⁵⁸

Í fyrstu virðist um einfalda mynd að ræða af sjósóknara sem rær einn og gerir sér grein fyrir hættum og að þessi róður kunni að verða hans síðasti. En hér býr meira undir, í upphafi lýtur hann höfði og má vera næsta ljóst að hann fer með sjóferðabæn, þá horfir hann í upprisuáttina austur. Þar eru skýjabakkar en hann treystir Guði sínum, - ef hann lætur ekki Guð ráða hvernig fer? Hvern þá? Hér eru með öðrum orðum trúarlegar vísanir í þrígang í fyrsta erindinu. Fyrir utan þá staðreynd að skip, eitt og sér, er trúarlegt ták. Hyggja sjómannsins er treg til að róa en hann er skyldugur til þess, það er líf hans. Lokaerindið afhjúpar síðan einingu manns og Guðs, hann veit hættuna og þekkir mátt sjávar en samt er hann frjáls því hann treystir ekki einvörðungu á sjálfan sig heldur, og enn frekar, á Guð. Þraut og val, vísar til tragískra aðstæðna – en andi ljóðmálsins segir okkur að þessi sjóferð muni engu að síður fara vel; enda í sigri lífsins.

Í ritgerðabókinni *Undarlegt ferðalag* er frásögn af magnaðri upplifun Jóns, einskona-
upphafningu hrifningar sem knýr hann áfram til verks, sem er ein hans stærsta ljóðabýðing:

Tíminn var naumur, ég var á förum heim eftir nokkra daga, hafði séð sýningu
Sonju Delaunay og allir þessir litfögru tíglar og hringir höfðu hrifið mig, en
einkum langur strimill, pappírsrenningur upp á tvo metra undir gleri og málaður
í öllum regnbogans litum, og til hliðar eftir renningnum langa ljóðið um
Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi eftir Blaise Cendrars. Og þegar ég
fór að lesa þenn texta sem ég hafði ekki áður séð, var eins og nýtt líf kviknaði.
Þetta mátti ég til með að byrja að þýða, þegar hafði náð mér í textann í bókabúð.

²⁵⁸ Jón Óskar. *Naturferð*, bls. 67.

Kristín [eiginkona Jóns] fór heim til Íslands á undan mér, en ég sat við það á herbergi mínu á hótelinu við *Rue du Four* að þýða þennan texta, þótt ég hefði enga orðabók, því ég gat ekki beðið, komst að vísu varla yfir helminginn af kvæðinu, en var búinn að ná tóninum, að mér fannst.²⁵⁹

Hér verður Jón fyrir uppljómun, í honum kviknar nýtt líf, það er að segja hann finnur sig verða fyrir það mikilli breytingu að hann tekur eftir því.²⁶⁰ Í hann hleypur kapp, hann eflist af þessari reynslu og hefst handa við að þýða textann, verkfæralaus. Hér er um mystíska reynslu að ræða, hann rennur saman við listaverkið og sökkvir sér í þýðinguna. Hann hafði áður séð myndir Delaunay og hann þekkti vitaskuld Cendrar sem ljóðskáld, en þegar samruni verka Delaunay og Cendrar verður honum ljós sér hann eitthvað nýtt sem vekur með honum þessa kennd. Og það sem meira er, hann nær tökum á verkinu, án orðabókarinnar, hann „nær tóninum“. Það að hann skuli líkja því að fanga þennan texta í þýðingu við tón er líka táknrænt, því hann er að hefja nýja sköpun, þýðingu, vegna áhrifa myndlistar og ljóðs, og hann grípur til samlíkingar úr þriðju listgreininni, tónlist. Hann gefur sig að fullu í verkið samstundis vegna skynjunar sem hann fær ekki tjáð nema með líkindamáli.

Páll postuli telur að við séum á ákveðnum einingarstað ef við gefum okkur til fulls Guði. Hann ritar svo til Rómverja: „Allir sem leiðast af anda Guðs eru Guðs börn.“²⁶¹ Frummyndina er sérstaklega að finna í þeim líkingum Krists þar sem hann segir sig vera eitthvað eitt, svo sem ljós. Á þetta bendir Benedikt páfi XVI mjög glögglega þar sem hann greinir sögur Krists sem lúta að vatni, víni og brauði – og svo á endurtúlkun þess alls og samantekt í *Opinberunarbókinni*: „Og hann sendi mér móðu lífsvatnsins, skæra sem kristall. Hún rann frá hásaeti Guðs og lambsins.“²⁶² Benedikt leggur út: „Að túlka þessi orð sem þau eigi fyrst og fremst við Krist – eins og við sáum að framan – útilokar ekki hina túlkunina sem á við um hinn trúaða.“²⁶³ Til viðbótar þessu bendir Benedikt páfi á orð úr hinu apókrýfa *Tómasarguðspjalli*, þar sem segir: „Hver sá sem drekkur af munnni mínum mun verða eins og ég er.“²⁶⁴ Vitund síðari tíma manna hefur ekki skynjað þessa sameiningu svo hversdagslega – ef svo má að orði komast – heldur sem meiri og einstakari upplifun. Segja má að upphaf slíkra upplifana, ef hægt er að tala um „upphaf“ persónulegrar reynslu, sé að finna í bréfum Páls, þekkt er orðalag Páls

²⁵⁹ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 104-105.

²⁶⁰ Hversu mikil eða lítil uppljómun er, eða hvort hún er beinlínis trúarleg eða ekki, verður aldrei metið til fulls af þriðja aðila. Hér er því ekki haldið fram að uppljómun Jóns sé með þeim hætti trúarleg – en að því sögðu er það ekki á valdi þess sem þetta skrifar að hafna slíkri túlkun. En hér verður því þó haldið fram að uppljómun sem þessi eigi rætur í trúarlegri hefð.

²⁶¹ Biblían. *Rómverjabréfið* 8:12. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa. Reykjavík 2007.

²⁶² Biblían. *Opinberunarbók Jóhannesar* 22:1. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa. Reykjavík 2007.

²⁶³ Joseph Ratzinger Benedikt páfi XVI. *Jesús frá Nasaret*, þýð. Elín Guðmundsdóttir. Bókafélagið Ugla, Reykjavík 2010, bls. 245.

²⁶⁴ Joseph Ratzinger Benedikt páfi XVI. *Jesús frá Nasaret*, bls. 245.

sem gengur út á að vera í eða með Kristi; hér má nefna: „Ég er krossfestur með Kristi“²⁶⁵ og „Ef einhver er í Kristi er hann orðinn nýr maður, hið liðna varð að engu, nýtt er orðið til.“²⁶⁶ Í *Játningum* Ágústínusar kirkjuföður greinir hann frá því hvernig hann stendur í þrotlausri baráttu, og hefur að keppikefli, að nálgast Guð og hvernig hann að endingu gengur Guði á hönd, hvernig Guð nálgast hann; hvernig óútskýranleg eining og guðleg náð snerta hann.²⁶⁷ Mörg fleiri dæmi um slíkar upplifanir mætti tilfæra en til þess að færa þessa umræðu inn í íslenskan veruleika þá verður ekki hjá því komist að nefna Sigvalda Hjálmarsson (1921-1985), en hann er líklega sá Íslendingur sem hvað mest og best hefur tjáð sig um upplifun hins mystíska andartaks:²⁶⁸

Og svo kemur það – eins og þruma eða blíður blær, tilefnislaust eða einsog af einhverju óverulegu tilefni, þegar minnst varir. Og allt breytist þótt ekkert sé breytt – nema þú. Allt verður undarlega skýrt sem er afleiðing óvenjulegrar vöknunar. Það er eins og að vakna án þess að hafa sofnað. Og yfir breiðist einskonar þögn – sú þögn sem hávaði ekki rýfur, heldur er hún svo máttug að hún kæfir allan hávaða. Þú rennur saman við allt, bráðnar saman við allt sem er í kringum þig, einsog aðgreining vitundarlífsins sé skyndilega þurrkuð út. Vera má að þér finnist þú vera að deyja, jafnvel að þú deyrir. Og það er ekki í þér nokkurt „ég“. Ég-ið er hætt að vera til. Um leið og ég-tilfinningin er horfin finnurðu greinilega að hún er ekkert annað en eitt af þessu rekaldi hugsunarstarfseminnar sem flýtur á stranda- og skerjalausu úthafi vitundarinnar, eða eins og skýhnoðri á heiðum himni.²⁶⁹

Þetta skiptir verulega miklu máli vegna þess að hér skekkist tíminn. Ekki tíminn sem mældur er með klukku heldur hinn. Hér er réttast að vitna í Bergson, en hann setur sjálfur upp hina

²⁶⁵ Biblían. *Galatabréfið* 2:19b. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa. Reykjavík 2007.

²⁶⁶ Biblían. *Síðara Korintubréf* 5:17. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa. Reykjavík 2007. Um dulpekilega þætti í bréfum Páls má m.a. fræðast hér: Albert Schweitzer. *The Mysticism of Paul the Apostle*, þýð. William Montgomery. H. Holt and Company, New York 1931, bls. 122-130, 197-200 og víðar.

²⁶⁷ Þessi barátta er í raun kjarni fyrstu níu bókanna í *Játningunum*, en þó má segja að nýnda bókin innihaldi nánastar lýsingar á þeirri nánd sem keppst hefur verið við að ná. Má þar kannski helst nefna upplifun Ágústínusar í Ostíu við Tífarós og svo nokkrar síðustu málsgreinarnar þar sem hann minnst móður sinnar sem einmitt skilur við í þessari bók. Ágústínus. *Játningar* 2. bindi, þýð. Sigurbjörn Einarsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006, bls. 309 og 324-327.

²⁶⁸ Sigvaldi Hjálmarsson var á meðan hann lifði í fremstu röð íslenskra guðspekinga og er líklega sá Íslendingur sem helst er litið til sem einskonar „meistara“ í þeim fræðum. Það er líka sjálfsgagt að ekki gáfu allir hugsuðir veraldar mikið fyrir hugmyndina um *unio mystica*. Þar má kannski fremstan nefna Nietzsche sem skrifar: „Guðsástríðan: hún getur verið durgsleg, einlæg og ágeng eins og hjá Lúter – mótmælendatrúna skortir *delicatezza*. Í henni felst austrænt leiðsluástand líkt og hjá þræli sem hefur óverðskuldað orðið náðar aðnjótandi og upphafist, til dæmis Ágústínus sem var svo gjörneysyddur allri göfgi í háttum og löngunum að það varðar móðgun. Í henni býr kvenleg viðkvæmni og girnd sem, full blygðunar og vanþekkingar, keppir eftir *unio mystica et physica* líkt og hjá Madame de Guyon.“ Friedrich Nietzsche. *Handan góðs og ills* (2. útg. betrubætt), þýð. Þröstur Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2005, bls. 164-165.

²⁶⁹ Sigvaldi Hjálmarsson. *Eins konar þögn: Ábendingar í hugrækt*. Reykjavík, Hliðskjálfi, 1973, bls. 93.

retórísku spurningu: „Er nægjanlegt að skilgreina tímann sem svæði?“ Og þessu svörum við svo: Já, ef við erum að fást við tíma sem þegar er floginn frá. Nei, ef við erum að tala um hinn flæðandi tíma.²⁷⁰ Hér er rétt að setja punkt að sinni við tímahugleiðingarnar en minna á að þær eru Ágústínusi hjartfólgnar í *Játningunum* eins og síðar verður vikið að.

2.1.2 Einskonar framandgering

Tvíhyggja Bergsons á vel við þegar fjallað er um bakfylkingarmanninn hvort heldur er í hernaði eða bókmenntum.²⁷¹ Hann er ætíð skiptur í hlutverki sínu og þarf að huga að málum bæði fram og aftur. Hann þarf að bera ábyrgð á sjálfum sér en hann þarf líka að skilja það sem fram fer í fremstu víglínu. Marjorie Perloff kemst vel að orði þegar hún greinir hlutverk bakfylkingarmannsins gagnvart þeim sem fremstur fer, skoðar stöðumat hans: „[B]akfylkingarmenn hersins geta ekki verndað þá sem framar berjast án þess að skilja til fulls hvaða leiki brjóstfylkingin hefur þá þegar leikið – aðstaða sem gerir það að verkum að hlutverk bakvarðarins er meira en bara endurtekning á framgöngu hinna.“²⁷² Við sjáum í þessum orðum að hlutverk bakfylkingarmannsins er ekki hlutverk lambs sem eltir kind. Þetta er ábyrgðarhlutverk og þarfnast útsjónarsemi. Þetta er auðséð þegar gripið er niður í skrif Bergsons.

Árið 1906 birtir Guðmundur Finnbogason í *Skírni* þýðingu á broti úr ritgerð Bergsons *Hlátrinum* (fr. *Le Rire. Essai sur la signification du comique*)²⁷³ en brotið kallar Guðmundur „Um listir“, enda er það úr þeim hluta ritsmíðar Bergsons sem fjallar um listirnar og aðallega leiklistina. Þrátt fyrir að þessi ritgerð sé um hlátur, áhrif hans og merkingu, þá leynist í henni sú harða gagnrýni sem Bergson hafði uppi gegn raunvísindahyggju þessara tíma, en það kemur kannski hvað gleggst fram í því að hann fer hart gegn, þá vinsælli, raunhyggjubylgju sem fólst m.a. í því að flokka allt og ekkert. Bergson heldur því fram að með sífelldri flokkun fáist ekki annað fram en að maðurinn hætti að geta séð hlutina sjálfa, eins og þeir eru, en einblíni þess í

²⁷⁰ Henri Bergson. *Time and Free Will*, bls. 221.

²⁷¹ Í raun er vafasamt að tala um „tvíhyggju Bergsons“ því oftlega skrifar hann gegn nákvæmlega tvenndarhugsun og andstæðuhugsun. Engu að síður er það þannig að hugtakapör voru honum hugleikin og hann komst í raun ekki sjálfur undan tvíhyggjuhugsun, frekar en flestir dauðlegir menn, þótt hann hugaði að flókinni gagnvirkni slíkra tvennda. Glögglega má sjá, þótt ekki sé vísað nema í heiti bóka hans, tvenndarsýn: *Matière et mémoire, La Pensée et le Mouvant og Durée et simultanité*.

²⁷² Marjorie Perloff. „Writing as Re-Writing: Concrete Poetry as Arrière-Garde“, bls. 68-89 í *Interdisciplinary Humanities*, 25(1) 2008, bls. 74.

²⁷³ *Le Rire. Essai sur la signification du comique* – eða *Hlátur: ritgerð um merkinu þess kómíska* kom út í Frakklandi árið 1900. Þessir textar birtust fyrst í *Revue de Paris* í þremur hlutum, en komu fyrst á bók: Henri Bergson. *Le Rire. Essai sur la signification du comique*. Alcan, Paris 1924.

stað á þann merkimiða sem flokkunarfræðin hefur sett á þá. Og þetta er slæmt að mati Bergsons:

Þessi tilhneiging, sem þörfin hefir skapað, hefir magnast undir áhrifum málsins. Því orðin (að sérnöfnum undanskildum) tákna öll tegundir. Orðið, sem aðeins tekur til greina algengustu verkan hlutarins og hversdagsútlit hans, kemst upp á milli vor og hlutarins og hylur form hans fyrir augum vorum, ef þetta form hefir ekki þegar falið sig að baki þörfunum, sem skapað hafa orðið sjálf. Og ekki eru það hlutirnir umhverfis oss einir, heldur og hugarástand sjálfra vor, sem dylur fyrir oss það sem innilegt er, persónulegt og sjálflifað. Þegar vér elskum eða hötum, þegar vér erum glaðir eða hryggir, kemur þá tilfinning vor sjálf oss til meðvitundar, með sínum þúsund hverfulu blæbrigðum og óteljandi, djúpu endurhljómunum, sem gera hana að óyggjandi eign vorri? Þá værum vér allir skáldsagnahöfundar, allir skáld, allir tónsnillingar. En oftast greinum vér að eins yfirborðið af hugarástandi voru. Vér náum ekki í nema ópersónulegu hliðina á tilfinningum vorum, þá hliðina sem málið hefir getað greint í eitt skifti fyrir öll, af því hún er því sem næst hin sama hjá öllum mönnum, þegar eins stendur á. Og þannig gengur einstaklingseðlið athugun vorri úr greipum, jafnvel í sálum sjálfra vor. Almenn hugtök og tákni umkringja oss á alla vegu; oss er sem markaður völlum, þar sem oss er hagkvæmt að reyna afl við aðra krafta; og hrifnir af baráttunni, lokkaðir af henni, sjálfum oss til vilnaðar, inn á það svið, er hún hefir kosið sér, lífum vér á landamærum milli hlutanna og vor, utan við hlutina, utan við sjálfa oss.²⁷⁴

Hér er ekki meiningin að hafa andóf Bergsons gegn tæknihyggju að aðalmáli en vert er að skerpa á þessum þætti og þá sérstaklega á þeirri áherslu sem hann leggur hér á þátt tungumálsins. Í raun er hann þar að tala um einskonar framandgervingu, þ.e.a.s. hið hversdagslega í nýju ljósi; ljósi sem gerir það athyglisverðara.²⁷⁵ Það er og afar áhugavert í þessu samhengi að í *Einlyndi og marglyndi* Sigurðar Nordals er þessi framandgervingarhugmynd einnig á ferð, nokkuð sem auðvitað er þar ekki kölluð því nafni, framandgerving:

Hver fræðigrein og á sér sitt sjónarmið og gerir þjóna sína meira og minna blinda fyrir öllu, sem „þeim kemur ekki við“. Vér höfum ekki tíma til þess að horfa lengur á hlutina en meðan vér erum að ná á þeim því taki, sem vér þurfum með. Orðin, sem altaf benda oss á það sameiginlega og almenna, gera ilt verra; vér hugsum í orðum og ekki hlutum, og fáir menn gera sér ljóst, hve hlægilega ófullkomnar allar lýsingar eru. Það er nú m.a. hlutverk lista og vísinda að rjúfa þessa blæju hins hagnýta vana. Málalíst síðustu áratuga spyr um, hvað vér í raun og veru sjáum, ekki hvað vér þykjumst sjá. Munurinn er ekki lítill. List og vísindi reyna að gefa oss aftur hina hreinu skynjun og undrunina yfir tilverunni,

²⁷⁴ Henri Bergson. „Um listir“, bls. 237-248 í *Skírni* 1906, þýð. Guðmundur Finnbogason, bls. 238-239.

²⁷⁵ Um framandgervingu í þessum skrifum Bergsons má t.d. lesa hér: Kenneth R. Allan. „Marshall McLuhan's Counterenvironment within the Stream of Defamiliarization“, bls. 111-128 í *Imaginations Journal* 8-3, 2017.

að nokkru leyti að láta oss halda áfram að vera börn, að nokkru leyti gefa oss hina íhyglu undrun yfir tilverunni, sem börnin þekkja ekki.²⁷⁶

Þessi hugmynd um framandgervinguna er venjulegast formlega rakin til Viktors Shklovskíj, eins af mikilvægustu kenningasmiða formalismans í bókmenntum. En það sem er markverðast í því erindi sem hér er rakið eru uppsprettur þessara hugmynda úr jarðvegi lífsheimspekinnar. Mörkin eru ekki alltaf greinileg, það er vitað að margir formalistar skoðuðu verk fyrirbærafræðinga eins og Max Scheler og Edmunds Husserl en fyrirbærafræðin byggði mjög á lífheimspeki.²⁷⁷ Þessi blanda er undirliggjandi í þessum orðum Shklovskíj:

Tilgangur listar er að gefa tilfinningu fyrir hlutum eins og við skynjum þá og sjáum en ekki eins og við séum að kannast við þá. Tækni listarinnar er fólgin í þeirri aðferð að gera hlutina framandi, þeirri aðferð að gera formið torvelt, að auka á erfiðleika skynjunarinnar og teygja úr henni, þar er skynjunarferlið listrænt markmið í sjálfu sér og verður því að framlengja. *Listin er aðferð til að upplifa það hvernig hlutur verður til, en það sem þegar hefur verið búið til skiptir ekki máli í list.*²⁷⁸

Hér er áherslan á skynjun og upplifun og þanþol beggja. Þannig á listin að vera einskonar athugun eða rannsókn í listsköpun. Og melting hennar. Hér gildir einu hvort um er að ræða mynd eða texta, vinnu með tungumálið.

Í ljóði Jóns Óskars „Ljóðlist“ er skáldskapurinn undir án þess þó að hann sé nefndur nema í heiti ljóðsins. Í ljóðinu dregur Jón skáldskapinn, eigin yrkingar, þannig upp að myndin verður framandi:

Ljóðlist

Á hverfanda hveli er brjóst mitt
og á vængjum daga og náttu
hafa hælislausir fuglar flogið
úr brjósti mér syngjandi
leitandi að lifandi trjám
og mannlegum fagnandi hlustum
sem nema hverfulan söng
fyr en hann deyr.

²⁷⁶ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1986, bls. 55. Raunar vísar Sigurður nokkuð eindregið til þess að hann hafi þessa eða svipaða hugmynd frá Kierkegaard og segir: „Sören Kierkegaard talar um að gera hlutina nýja með því að líta á þá frá óvæntum og fjarstæðum sjónarmiðum“, bls. 54.

²⁷⁷ Viða er komið inn á þessi tengsl, t.d. hér: Benedikt Hjartarson. „Af lifandi orðlist og skáldsögum“, bls. 11-36.

²⁷⁸ Viktor Shklovskíj. „Listin sem tækni“ þýð. Árni Bergmann í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 29.

Til þess hefur brjósti mínu blætt.²⁷⁹

Hér birtist þensla tungumálsins ekki aðeins í framandgervingunni heldur og í því þani sem liggur í myndmáli ljóðsins, „á vængjum daga“, „flogið“, „syngjandi“, „leitandi“, „fagnandi“ – allt eru þetta orðmyndir sem segja má að þenji merkingu sína til hins ítrasta. Og því til viðbótar kallast „hverfulan söng“ í sjöundu línu á við „hverfanda hveli“ í þeirri fyrstu. Ljóðmælandinn blæðir orðum, sem samsett verða að ljóðum, þannig er söngurinn hverfull að það má leysa hann upp, ljóð í orð, orð í stafi. Í innri tíma ljóðsins er allt undir, dagar og nætur. Söngurinn deyr höfundinum en þó ekki fyrr en aðrir, væntanlega lesendur/hlustendur, hafa fengið að njóta hans. Þá er markmiðinu náð, til þess hefur brjósti skáldsins blætt.

Tungan, tungumálið eru víða umfjöllunarefni í skrifum Bergsons en segja má að hann taki hugmyndina um tungumálið, orðin, enn lengra í textum sínum um tímann og hinn frjálsa vilja.²⁸⁰ Þá er rétt að gæta einnig að þeirri gagnrýni sem sjá má í þeim orðum heimspekingsins að við missum svo sjónar á markinu, að við lifum „utan við sjálfa oss.“²⁸¹ Ekki er með neinum ólíkindum þótt þessi orð hans séu borin saman við orð postulans Páls þegar hann undirstrikar getuleysi mannsins til þess að ná fullkonnun en brýnir Filippímenn til þess að keppa þó eftir því: „Systkin, ekki tel ég sjálfan mig enn hafa höndlað það. En eitt geri ég. Ég gleymi því sem að baki er en seilst eftir því sem fram undan er og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna á himnum, sem Guð hefur í Kristi kallað okkur til.“²⁸² Einhver myndi álíta að langt væri seilst að kalla Pál inn í þessa umræðu, en þá er því til að svara að hér mætast tími og tvíhyggja, hér í mystíkinni sem liggur í stanslausri endurnýjun sjálfsins og hinum beljandi lífsprótti. Bergson segir í þýðingu Guðmundar Finnbogasonar: „Lyndiseinkunn vor er afleiðing af vali, sem án afláts endurnýjast. Á endilangri lífsbraut vorri liggja vegamót (eða svo virðist að minnsta kosti) og vér sjáum vel stefnurnar, sem fara mætti í, þó vér getum ekki tekið nema eina þeirra.“²⁸³ Hér mætast lífsprótturinn og líðandinn. Því lyndiseinkunn er vitaskuld með einhverjum hætti andlegur þáttur sem býr í hverjum manni og Bergson telur að möguleikarnir séu margir en aðeins einn verði farinn – þar ráði hin endurnýjanlega lyndiseinkunn²⁸⁴ en af því að líðandinn, hinn fljótandi tími með fortíð okkar og minni, berst með okkur þá sjáum við ætíð gatnamót lífsbrautarinnar með öllu öðru og hin stöðuga endurnýjun, sem hér verður líkt við

²⁷⁹ Jón Óskar. *Þú sem hlustar*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1973, bls. 46.

²⁸⁰ Henri Bergson. *Time and Free Will*, bls. 131-132.

²⁸¹ Henri Bergson. „Um listir“, bls. 239.

²⁸² Biblían: *Filippíbréfið* 3:13-14.. Hið íslenska biblíufélag / JPV útgáfa, Reykjavík 2007.

²⁸³ Henri Bergson. „Um listir“, bls. 246.

²⁸⁴ Samkvæmt *Íslenskri orðabók* Menningarssjóðs er orðið lyndiseinkunn kvenkynsorð sem merkir: „skaphöfn, skapferli“ bls. 608.

endurfæðingu, gerir okkur kleift að rannsaka sjálf okkur, fyrst og síðast, en ekki annað fólk. Bergson telur að tilvist feli í sér að hvert einasta augnablik sé stöðuglega nýtt, hafi aldrei áður verið, og að það sé alltaf að verða til. Þetta stöðuga margslungna flæði er ekki hægt að stöðva né heldur er hægt að rannsaka það. Líðandinn er stanslaus heildræn sköpun okkar eigin tilveru.²⁸⁵

Ekki verður hjá því komist að tengja hugmynd Bergsons um stöðuga endurnýjun sjálfsins við hugmyndina um endurfæðingu.²⁸⁶ Nærtækasta dæmið um endurfæðingaminni eða útlistun á endurfæðingu í íslenskum bókmenntum er „Endurfæðingarkróníka“ Þórbergs Þórðarsonar:

1906: Fæ allt í einu, sitjandi á rauðmáluðu kofforti í suðausturherberginu í húsinu nr. 9 við Vitastíg, náttúru til kvenna. Missi stærðfræði-, mælinga-, teikni-, smíða-, og uppfyndinga-gáfu og fer að yrkja. [...]

1913: Hver taug í líkama mínum verður heltekin af íslenskum fræðum. Allar aðrar víðáttur alheimsins hverfa. [...]

1914: Losast á einni nóttu, liggjandi á hörðum bedda í aumri þakkompu á Norðurstíg 7, undan þeim póetiska svindlara, Einari Benediktssyni. Engill einfaldleikans stígur niður í mig. Þúki fútúrismans ber að dyrum. [...]

1917: Hlunkast í októbermánuði, um kl. 6 að kvöldi, þá staddur á Laugaveginum rétt fyrir ofan Bergstaðastræti, með vígahnattarhraða niður í ómælishöf guðspeki, yógaheimspeki og spiritisma, svo allt annað gleymist. Fæ nýja útsýn yfir gervalla tilveruna. Kýli á andlegum æfingum. Beini mínu blikki til meistara í Tíbet. Finn alheimsorkuna lossa gegnum hverja taug. Gerist heilagur maður. [...]

1923: Verð útsetinn, þar sem krossast Austurstræti og Aðalstræti, fyrir ótuktaráratu til ritstarfa, en var þó ekki endurfæðing. [...]

1925: Endurfæðist hægt og kurteislega með hálf tíma lestri á dag inn í Esperanto. Þessi endurfæðing hófst í maímánuði á rakarastofu Sigurðar Ólafssonar, meðan ég var að lesa auglýsingaspjald, [...] Í júlímánuð 1926 er þessi endurfæðing búin að ganga svo frá mér, að ég fyrirlít allt annað en Esperanto og esperantobókmenntir í næstu 6 ár. Las Esperanto 10 til 20 klukkutíma á sólarhring. Varð að lesa á kamrinum, hvað þá heldur þar, sem betri var lyktin.

1931: Öðlast fullkomlega réttan skilning á lífinu, en einkennir sig þó ekki sem endurfæðing. [...]

1933: Endurfæðist skýrt og skorinort til ritstarfa. Þessi endurfæðing byrjaði í raun og veru á Óðinsgötunni einn sunnudag í aprílmánuði 1932, en svo virtist

²⁸⁵ Henri Bergson. *Creative Evolution*, bls. 4-5.

²⁸⁶ Enda er það líklega þannig í hugum flestra að við trúum lítt á endurnýjun mannsins án þess að drastískar breytingar komi til – og hafi komið til, breyting eins og t.d. dauði. Eða hvernig endurnýjast annars dauðlegur maður?

ekkert ætla að verða úr henni, unz hún reif sig í gegn um mig með skakandi ofsa í nóvembermánuði 1933.²⁸⁷

Einhverjum kann að þykja glannalegt að taka skrif sem þessi alvarlega, hér sé ekki annað á ferð en galskapur Þórbergs Þórðarsonar.²⁸⁸ En þá er því til að svara að þetta er rannsókn á texta og „Endurfæðingarkrónika“ Þórbergs er texti sem fjallar um þessa hugmynd, endurnýjun á endurnýjun ofan. Í skrifum Þórbergs kemur einmitt fram að hann endurfæðist, og sá sem verður til við endurfæðinguna er einmitt sá Þórbergur sem við þekkjum á ýmsum skeiðum í lífi hans, tímabilum þar sem hann tók ákveðin viðfangsefni afar föstum tökum. En um leið og endurfæðing á sér stað þá verða fyrri áhugamál hluti af fyrri sjálfi, sama má segja með frægar áráttur. Eða eins og hann segir um fyrstu endurfæðinguna: „Missi stærðfræði-, mælinga-, teikni-, smíða-, og uppfyndinga-gáfu og fer að yrkja.“ Og með sama hætti endurfæðist hann til íslenskra fræða, síðar til guðspeki og svo koll af kolli.

Endurfæðingarkrónika Jóns Óskars er látlausari en sú sem Þórbergur dregur upp enda vart hægt að „toppa“ Þórberg í þeim efnum. Samt sem áður eru ákveðnir textar Jóns með því sniði að þar er um greinilegar endurfæðingarmyndir að ræða. Hér verður ljóðið „Svarthvít“ tekið sem dæmi:

Svarthvít

Hríðar og laufvindar blása á víxl
í mannshugans auðnum og gróðurlendum.
Þar ruglast saman öll skógartré
og feykjast sem hafrek um úfnar strendur.

Og barnið og rósín lifa í sátt
við friðsælan leik meðan grösín anga,
og sönglist ríkir við helga kyrrð,
og laufin græn strjúka næma vanga.

Í mannshuganum er allt sem þú kannt.
Þú flýrð út í tómið burt frá honum.
Hann fyllist af myrkri, hann ljómar af sól,
En þar áttu mikið líf í vonum.²⁸⁹

²⁸⁷ Þórbergur Þórðarson: „Endurfæðingarkrónikan“, *Þórbergur Þórðarson. fræðimaður, spáamaður, skáld fimmtugur 1889 12. marz 1939*, samansafnað af Stefáni Einarssyni, Heimskringla, Reykjavík 1939, bls. 7-11.

²⁸⁸ Bergljót S. Kristjánsdóttir fer nokkuð ofan í grallaraskapinn í Þórbergi í grein sem birtist í *Ritinu* 2017, þar greinir hún humor Þórbergs svo að hann sé ekki aðeins myndi heldur líka „settur fram af markvissri“ uppreisn „gegn viðtekinni hugsun og valdinu sem mótar hana“. Þessi greining Bergljótar gefur þeirri túlkun sem hér er sett fram meiri þunga. Bergljót S. Kristjánsdóttir. „...að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum“ Þættir um lífsspeki Þórbergs Þórðarsonar“ bls. 7-48 í *Ritinu* 1/2017, hér bls. 7.

²⁸⁹ Jón Óskar. *Þú sem hlustar*, bls. 14.

Hér er vitaskuld ekki um fyrstu persónu frásögn að ræða eins og í tilviki Þórbergs, en engu að síður er hér undirliggjandi hugmyndin um endurfæðingu. Þessi texti Jóns er einnig eskatólógískur og það sem meira er: hann vísar fram, til hins óorðna sem þess marks sem rétt er að keppa að. Og þannig er rétt að hafa hér einnig í huga hugmyndir Blochs sem reifaðar eru að framan. Í fyrsta erindi þessa ljóð er strangt lífið, harðari hluti þess og hvernig hann leikur einstaklinginn til umfjöllunar. Við erum ekki annað en hugurinn, líkt og sagt er berum orðum í síðasta erindinu, og þar hrærir öllu saman. Þetta er lakari hlið tilverunnar. Annað erindið greinir frá blíðari hlið þeirrar sömu tilveru, þar ríkir sátt, friðsæld og í stað úfinna stranda standa næmir vangar. Kyrrðin er þar á ofan helg, sem er afar mikilvægt í ljóðinu, því lok þess vísa til handanlífs. Síðasta erindið segir okkur í raun að hið vitsmunalega, hugurinn, sé ekki nóg þrátt fyrir að þar sé allt sem við kunnum. „Þú flýrð út í tómið“ – því það sem er, er ekki nóg. Hér hljóta að koma til hugar „*Noch-Nicht-Haben*“ Blochs, sem áður er getið. Það er ekki fyrr en að lokum, eftir flóttann út í tómið – eftir myrkur og sól – að nýtt líf er boðað, „mikið líf í vonum.“

Árið 1913, sem er reyndar sama ár og Þórbergur endurfæðist til íslenskra fræða þá birtist í *Nýja kirkjublaðinu* þýdd grein eftir Lyman Abbott, óljóst er með þýðanda.²⁹⁰ Í þessari grein sem ber titilinn „Ný heimspeki“, en undirheitið „Henri Bergson, prófessor í París“, er farið lauslega yfir fáeina þætti í heimspeki Bergsons. Í þessari grein eru kunnugleg stef en það fyrsta sem vekur sérstaka athygli er hugmynd sem síðar varð mjög áberandi í guðspekilegum þenkingum Þórbergs: „Líkaminn er ekki nema fatið, von að það breytist – en sjálfur ég er þar fyrir innan! En eru þá breytingarnar inni í sjálfri persónunni? Vitanlega er þarna áfram sjálfur ég inni fyrir, en breytist og breytist í sífellu.“²⁹¹ Hér eru vitaskuld sama hugsun á ferð og má lesa svo víða hjá Þórbergi, t.d. í *Sálminum um blómið*, þar sem meistarinn notar kaffibrúsa til þess að miðla litlu manneskjunni visku um „hylki“ sjálfsins.²⁹² En hér er einnig hugmynd lík þeirri sem birtist í ljóði Jóns, „Svarthvít“. Flóttinn út í tómið frá því sem þú ert í raun, hugurinn, til þess að öðlast líf í vonum þar sem hið betra ríkir, svo sem næmur vangi, barn og rós, friðsæld og síðast en ekki síst helg kyrrð. Sú er endurnýjunin, eða endurfæðingin – ef vill.

Auðvitað eru Þórbergur og Jón Óskar ekki eylönd á þessu sviði, né heldur Bergson, og þankagangur sem þessi alls ekki nýr. Þannig má benda á orð Páls postula: „Jafnvel þótt minn ytri maður hrörni þá endurnýjast dag frá degi minn innri maður. Þrenging mín er skammvinn

²⁹⁰ Lyman Abbott (1835-1922) var bandarískur guðfræðingur. Hann var frjálslyndur mótmælandi og var bæði virkur og virtur um langt skeið í bandarískri guðfræði. Sjá nánar um Abbott t.d. hér: Henry Warner Bowden. *Dictionary of American Religious Biography*. Greenwood Publishing, Westport, CT and London 1993, bls. 3-4.

²⁹¹ Lyman Abbott. „Ný heimspeki: Henri Bergson, prófessor í París“, þýð. ekki getið, bls. 196-201 *Nýtt kirkjublað* 1. sept. 1913, bls. 197.

²⁹² Þórbergur Þórðarson. *Sálmurinn um blómið*. Mál og menning. Reykjavík 1976, bls. 94-95.

og léttbær og aflar mér eilífrar dýrðar sem stórum yfirgnæfir allt. Ég horfi ekki á hið sýnilega heldur hið ósýnilega. Hið sýnilega er stundlegt en hið ósýnilega eilíft.²⁹³ Og ef í framhaldi af þessu er hlaupið til okkar tíma þá má t.d. sjá hvernig skáldið og þýðandinn Sigurður Pálsson ritaði um viðfangsefnið. Sigurður taldi að eitt af einkennum bókmenntatexta á tuttugustu öld hefði verið að „reyna að fanga raunverulega starfsemi hugans, raunverulega virkni hans, hugrenningatengsl og flæði vitundar og undirvitundar eða dulvitundar.“²⁹⁴ Sigurður útskýrir enn fremur enn nánar, við sama tilefni, og vísar þá beint á dæmi um tilgang þessa:

Og hvað er verið að gera með þessu? Það er verið að varðveita á hverjum tíma, í hverri andrá, hið huglæga samhengi manneskjunnar, eins og Fernando Pessoa kallaði það einhvers staðar, hann sagði að í okkur leyndust tvær verur sem töluðu hvor sitt tungumálið; annars vegar vera hins *huglæga samhengis* persónu okkar, það er veran sem varð til í bernskunni, draumum okkar, hún gætir í raun samhengisins, og hins vegar er svo veran sem talar við fólk og framkvæmir alls konar athafnir, vera sem notar hitt tungumálið, tungumál nytjatextans, hið rökræna, greinandi, praktíska, tæknilega tungumál, tungumál denotasjónarinnar, merkingarkjarna orðanna.

Tungumál huglægninnar er aftur á móti táknrænt, goðsagnakennt, magískt, mál drauma og bernsku, mál blæbrigða og merkingarauka, connotatíft mál líkinga og hugrenningatengsla, mál ljóðlistarinnar.²⁹⁵

Hér sjáum við greinileg líkindi, Henri Bergson talar mikið um tungumálið og vill einmitt meina að munur sé á hinu andlega máli og því sem notað er hversdags og til innrömmunar á hugtakasafninu sem við höfum og notum til lífsbjargar.²⁹⁶ Einnig eru hér sömu þræðir og Guðmundur Finnbogason rekur sig eftir í sumum af fyrirlestrum sínum, t.d. kjarnar hann með mjög afgerandi hætti muninn á hinu rökræna praktíska tungumáli og svo því huglæga þegar hann segir: „[Þ]ví samsettarar sem hugtak er, því færri hluti getur það átt við, og að því einfaldara sem það er, því víðtækara verður það, því fleiri hluti má beita því við.“²⁹⁷ Í annan stað má benda á skrif Guðmundar þegar hann ber saman listir og vísindi, þar blasir í raun sama niðurstaða við:

²⁹³ Biblían. *Síðara Korintubrjef* 4:16b-18. Hið íslenska biblíufélag / JPV útgáfa, Reykjavík 2007.

²⁹⁴ Sigurður Pálsson. „Tilraun um textafrelsi og tvö ungmenni“, bls. 11-18 í *Af jarðarinnar hálfu: Ritgerðir í tilefni af sextugsafmæli Péturs Gunnarssonar*. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2008, bls. 14.

²⁹⁵ Sigurður Pálsson. „Tilraun um textafrelsi og tvö ungmenni“, bls. 14.

²⁹⁶ Hér má t.d. minna á þessi skrif Bergsons sem var vitnað til nokkru fyrir í kaflanum: „En oftast greinum vér að eins yfirborðið af hugarástandi voru. Vér náum ekki í nema ópersónulegu hliðina á tilfinningum vorum, þá hliðina sem málið hefir getað greint í eitt skifti fyrir öll, af því hún er því sem næst hin sama hjá öllum mönnum, þegar eins stendur á.“

²⁹⁷ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík 1912, bls. 31.

Ef vér nú að lokum berum saman vísindin og listirnar, þá sjáum vér að meðferðir þeirra eru gjörólíkar. Vísindin leitast alt af við að finna föst lögmál, sem hlutirnir hlýða, þau líta á þá eiginleika sem endurtakast, til þess að hjálpa oss til að sjá fyrir, og gefa oss þannig vald yfir hlutunum. Þau flokka hlutunum frá sérstökum sjónarmiðum, en sérkennileikann, einstaklingseðlið, það sem aldrei endurtekst, hirða þau ekki um. En einmitt einstaklingseðlið, hluturinn í öllum sínum sérkennileik, er það sem listirnar fást við.²⁹⁸

Síðan er í þessari stuttu grein Lyman's Abbot gerð grein fyrir líðandinni, reyndar með dulítið öðrum hætti en venjulega og ekki laust við að þyngra trúarstef hafi laumast inn í kenningar Bergsons:

Það er eilíft straumfall reynslukenda í oss, elsku og haturs, gleði og sorgar, vér erum alltaf að læra og gleyma. Hugsun augnabliksins núna er orðin endurminning augnabliksins næsta. En allar þessar kendir koma oss fyrir sem óslitinn straumur, og það heldur við þeirri meðvitund, að vér þykjumst þó vera sjálfir vér áfram. En svo er oss farið hverjum og einum, að vér erum alltaf og óstöðvanlega að ummynda oss sjálfa til bóta eða spillis, erum ýmist að bæta við oss þekkingu, eða týna þeirri sem vér höfum fengið, erum ýmist að styrkja viljakraft vorn eða veikja hann.

Hún er talin góð og gild sú setning, að vér breytum eftir því sem vér erum mennirnir til, en samhliða verður þá hin setningin líka að koma, að vér erum það sem vér erum upp úr breytni vorri: Vér erum óaflátanlega að skapa sjálfa oss. Og þetta hið síðara er kenning Bergsons prófessors.²⁹⁹

„Vér erum óaflátanlega að skapa sjálfa oss.“ Hvað nákvæmlega liggur í þessum orðum? Ef dvalið er ögn við þessa hugmynd, eins og hún er hér sett fram, um stanslausa sköpun, er ekki úr vegi að rýna aðeins nánar í hana í sambandi við skáldið og þýðandann. Hann lifir vissulega sínu lífi og endurfæðist og endurskapast jafnt og þétt í því, samanber króníku Þórbergs, en sá sem skrifar – svo ekki sé talað um þann sem þýðir – er í enn frekara endurfæðingarferli, hann er sjálfur að skapa texta eða hjálpa texta í heiminn í nýju samhengi, á nýju tungumáli. Og þegar hugmynd um endurfæðingu er tekin alla leið, til hins ítrasta, þá verður sá sem rannsakar að velta fyrir sér dauðanum sem hlýtur að verða á milli endurfæðinga, vera einskonar aðdragandi hvernar endurfæðingar. Hvar liggur sá dauði, sú andlátsstund? Hún getur ekki verið á öðrum stað en þeim þegar kemur að endalokum síðasta endurfæðingarskeiðs. Hér má nefna að Þórbergur endurfæðist til íslenskra fræða – og þá hlýtur hann að deyja frá þeim áður en hann

²⁹⁸ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík 1912, bls. 364.

²⁹⁹ Lyman Abbott. „Ný heimspeki: Henri Bergson, prófessor í París“, bls. 197.

endurfæðist til fútúrisman; nema að því marki sem líðandinn ber með sér fyrri reynslu og minningu um „hið fyrri líf“.³⁰⁰

Endurtekningin, endurminningin, endurfæðingin, endursköpunin, endurkoman, endurnýjunin, endurvinnslan – allt eru þetta þættir sem móta Jón Óskar sem höfund og þýðanda, móta fagurfræði hans og viðhorf. Hann gengur í gegnum mismunandi tímabil á ferli sínum og hann endurvinnur texta sem þýðandi, hann endursegir sögur höfunda. Og hann ritar endurminningar sínar, mótar gamla tíma upp á nýtt; endurmetur.

Jón Óskar virðist verða þess áskynja, rétt eins og Þórbergur, hvenær skil eru í lífshlaupi hans sem höfundar, þ.e.a.s. hann vindur sér inn í ólíka bókmenntaheima, mismunandi tegundir bókmennta af miklum þrótti og meðvitað. Endurminningabækurnar eru endurvinnsla þar sem minnið og reynslan ganga með honum áfram í skrifum löngu eftir að atburðir, atvik og fallin orð eru frá – fyrir löngu síðan – en vegna þess að Jón skynjar tímann með öðrum hætti og opnari, þá berast hann og líðandinn saman og úr verða minningar sem hann vinnur úr og opnar og endurvinnur af síkvikum þrótti. Hikið, stílbragð Jóns, þáttur af fagurfræði hans, er einnig til vitnis um að Jón finnur sig fara eftir „endilangri lífsbraut“, svo notuð séu orð Bergsons, skynjar möguleikana en veit sjálfur að aðeins einn verður farinn, og að endingu notaður. Þannig hikar hann við hver „vegamót“ svo enn sé vísað til líkingamáls Bergsons. Hann staldrar við leið, við orð, og velur af kostgæfni. Við leiðarlokin á rithöfundarferli Jóns er hikið orðið beintengt Bergson, hann höktir líkt og Bergson. Báðir að vissu marki gjaldfallnir, gleymdir eða á leið í gleymsku.

2.2. Bakgrunnurinn

Stílbrögð Jóns Óskars tóku miklum breytingum í áranna rás. Hið fagurfræðilega hik leit ekki strax dagsins ljós, sem er í raun mögnuð staðreynd, að hikið sjálft láti bíða eftir sér. Í raun var fátt í skáldskap hans til að byrja með sem benti til þess að þar færi formbyltingarmaður, módernisti. Vitaskuld voru fagurfræðileg sérkenni ekki til staðar þegar Jón Óskar stígur fram, hann var dæmigert ungskáld, hikið bjó ennþá innra með honum sjálfum, persónunni sem var óviss um erindi sitt, eða öllu heldur möguleika sína, sem gildandi skálds í Reykjavík.

Árið 1941 kveður Jón Óskar Ásmundsson sér hljóðs á síðum *Tímarits Máls og menningar*. Þá birtist fyrst eftir hann ljóð. Þessi ljóðagerð er hefðbundin í fyrstu en tekur fljótlega breytingum. Fyrsta ljóðið sem birtist, „Ég sagði við þig“ er léttleikandi og hefðbundið

³⁰⁰ Þegar skyggst verður í skrif séra Haraldar Níelssonar þá lærum við að í raun er enginn dauði – nema rétt að nafninu til. Þannig leysir Haraldur það „vandamál“.

í háttum, þó er rétt að gefa gaum klifun og endurtekningu í ljóðinu, en um þá þætti verður frekar fjallað síðar í þessum kafla:

Ég sagði við þig: Ertu saklaus og hrein,
ertu sumarsins mær?
og þú sagðir og brostir: Ég syndga ekki meir
en ég syndgaði í gær.

Þá kom ég við arm þinn og kyssti þig létt.
Þú varst kvik eins og ljós,
- þú varst myrk eins og nótt, þú varst mild eins og vor,
þú varst mjúk eins og rós.

Og ég sagði við þig: Viltu senda mér bros,
viltu syngja mér lag.
Þú ert sólskin míns lífs. Þú varst syndug í gær.
Þú ert saklaus í dag.³⁰¹

Höfundurinn segir í einni af endurminningabókum sínum: „líklega frægasta kvæði sem ég hef ort um dagana því ég er sífellt að hitta fólk sem segir mér af vorkunnlátri hugulsemi, að hvað sem öllum atómkveðskap líði, þá hafi ég þó ort eitt kvæði sem ég þurfi ekki að skammast mín fyrir, og megi skáld heita fyrir það, og þá nefnt framangreint kvæði.“³⁰²

Jón Óskar Ásmundsson, sem stendur á tvítugu er hann heilsar íslenskum lesendum með þessum hætti, verður á örfáum árum landsþekktur sem ljóðskáldið Jón Óskar – og píanóleikarinn Jón Óskar. Píanóleikur Jóns með danshljómsveitum er utan við svið þeirrar rannsóknar sem hér er lögð fram, nema þegar falla saman skáldskapur hans og tónlist, sem er ósjaldan í ljóðagerðinni, en þá er frekar til skoðunar hljómfall en nákvæmlega, píanóleikur.³⁰³

³⁰¹ Jón Óskar. „Ég sagði við þig“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1941, bls. 22. Reyndar vantar þarna í þetta ljóð kommu á eftir orðinu „meir“ í fyrsta erindi og bandstrik á undan „en“ í síðustu línu sama erindis, sjá: Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 50. Sama ár, 1941, birtist aftur ljóð eftir Jón í *Tímariti Máls og menningar*; enn er um að ræða háttbundinn skáldskap, en þá birtist í fyrsta sinn mynd af skáldinu á síðum þessa víðlesna bókmenntatímarits. Jón Óskar. „Gömul heimspeki“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1941, bls. 251. Fyrsta ljóðið sem birtist eftir Jón Óskar á prenti leit dagsins ljós í *Sunnudagsblaði Vísis* þann 16. mars 1941 og heitir það „Morgunstund“. Jón Óskar. „Morgunstund“ *Vísir* 16. mars 1941, bls. 7. – Jón vildi ekki gera mikið með þann skáldskap þegar frá leið, sjá: Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 125-127.

³⁰² Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 116.

³⁰³ Sjá um þetta t.d.: Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin*, bls. 116. Eysteinn bendir t.d. á þetta samspil ljóðs og tónlistar og vikur reyndar að því að þetta hafi einkennt sum móðernísku skáldin „allt aftur til frönsku sýmbólistanna“. Það að Eysteinn reki þennan þráð aftur til frönsku sýmbólistanna þarf ekki að koma á óvart þegar Jón Óskar á í hlut enda var hann helsti talsmaður þeirra í íslensku samhengi eins og vikið er að á öðrum stað í þessari rannsókn. Dagný Kristjánsdóttir vikur einnig að þessum tengslum ljóðs og tónlistar hjá Jóni Óskari, en hún segir: „Jón Óskar lék á píanó og það er mikil tónlist í ljóðum hans frá upphafi [...] það er djass í ljóðum hans“. Dagný Kristjánsdóttir. *Óldin öfgafulla*, bls. 113. Hér er líka ekki úr vegi að minnast á skilgreiningu Sigurðar Pálssonar þegar hann ber saman prósa og ljóð: „Í prósa leynist þráður, í póesíu er mynd. Gjarnan að viðbættum hljómi.“ Sigurður Pálsson. *Táningabók*. JPV-forlag, Reykjavík 2014, bls. 125. Þessi

Eftirstríðsárin voru umbrotaár í íslenskum bókmenntum, ljóðformið tók stakkaskiptum og að margra áliti var hið eldra ljóðform þá komið á einskona endastöð, skáldsagnagerð var einsleit og þá þegar í skugga af yfirburðum Halldórs Laxness á því sviði. Jón Óskar getur þess til dæmis sjálfur að árið 1941 þegar hann á samtal við Sigurð Skúlason magister³⁰⁴ vegna smásögu, þá hafi Sigurður sagt honum að vara sig á Kiljan, hann væri „eins og fljót sem flæddi yfir allt.“³⁰⁵ Höfundum var þröngur kostur búinn með útgáfu bóka þar sem útgefendur voru fáir og pólitísk slagsíða ríkjandi hjá forlögnum.³⁰⁶ Þar voru stjórnmálalegu pólarnir tveir, Mál og menning til vinstri en Almenna bókafélagið sem stofnað var 1955 til hægri. Bókaútgáfa Menningarsjóðs var í byrjun forlag Jónasar frá Hriflu en sinni yfirleitt ekki almennri útgáfu á nýjum skáldsögum eða ljóðum.³⁰⁷ Bókfellsútgáfan gaf út Kristmann Guðmundsson og Guðmund Hagalín og hafði þannig frekar þjóðlega og hægri slagsíðu og oftlega, raunsæislega. Helgafell Ragnars í Smára og svo minni útgáfur héldu sæmilegu hlutleysi.³⁰⁸ Þá gætti kreppu í útgáfumálum fljótlega eftir stríð og þegar kom fram á sjötta áratuginn.³⁰⁹ Rithöfundar sem lifðu einvörðungu af skrifum sínum voru teljandi á fingrum annarrar handar. Til þess að glöggva sig betur á þessu ástandi er ekki úr vegi að skoða tölur úr skránni „Íslensk bókaútgáfa 1887-1966“ sem Ólafur F. Hjartar tók saman og birtist í *Árbók Landsbókasafns Íslands 1967*.³¹⁰ Hér verður sjónum beint að tölum sem glögglega gefa til kynna að kreppa verður í bókaútgáfu eftir að stríðsgróðinn fer að ganga til þurrðar í höndum þjóðarinnar:

athugasemd Sigurðar skiptir hér máli því að á öðrum stað í sömu bók má greina að Sigurður telur sig hafa verið undir áhrifum frá Jóni Óskari (bls. 151). Hér skiptir auðvitað líka máli að þessar skáldskaparfræðilegu hugrenningar Sigurðar Pálssonar eru jú komnar úr sýmbólismannum, þ.e. hans verk eiga sér auðvitað líka rætur þar.

³⁰⁴ Sigurður Skúlason var magister í íslenskum fræðum og komst sú hefð á að þessum lærdómstitli var oftast skeytt við nafn hans. Sigurður gaf út tímaritið *Samtíðina* frá árinu 1936 til 1971 er blaðið hætti. Hann var fæddur 1902 en lést 1987. Sjá t.d.: *Morgunblaðið* 26. maí 1987, bls. 72-73.

³⁰⁵ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 113.

³⁰⁶ Sjá t.d. Dagný Kristjánsdóttir. „Árin eftir seinna stríð“, bls. 419-662 í *Íslensk bókmenntasaga* 4. bindi, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík, 2006, bls. 437.

³⁰⁷ Dagný Kristjánsdóttir. „Árin eftir seinna stríð“, bls. 438.

³⁰⁸ Það er í það minnsta ekki að sjá í æviminningum höfunda eða í bókmenntasögum að höfundar eða fjölmiðlar hafi haft horn í síðu minni útgáfa fyrir pólitískar sakir.

³⁰⁹ Dagný Kristjánsdóttir. „Árin eftir seinna stríð“, bls. 438.

³¹⁰ Ólafur F. Hjartar. „Íslensk bókaútgáfa 1887-1966“, bls. 137-139 og viðauki í *Árbók Landsbókasafns Íslands 1967*. Landsbókasafn Íslands, Reykjavík, 1968. Viðauki í töfluformi.

Ár: 19-	47	48	49	50	51	52	53	54	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65
Frum- Ljóð	29	17	38	25	39	31	26	30	27	29	32	34	24	33	29	27	11	23	34
Þýdd Ljóð	0	2	1	1	0	1	1	1	4	2	3	4	4	2	1	4	2	2	4
Frum- skáldv.	31	31	36	35	28	34	13	23	39	24	27	35	20	29	29	30	35	23	33
Þýdd skáldv.	110	124	96	88	76	39	32	59	49	40	45	52	66	57	62	46	43	60	76

Hér er athyglisverðast það hrun sem verður í þýddum skáldverkum en rétt er að undirstrika að árin 1945 og 1946 voru slíkar þýðingar 104 og 109³¹¹ (þannig að þetta er ekki bóla sem taflan birtir) og höfðu farið stigvaxandi um langa hríð, meira að segja á kreppuárunum er ekki merkjanlegur samdráttur. Þetta hrun á sér þó, líklega að mestu, einfalda orsök. Árið 1947 gerðist Ísland aðili að Bernarsambandinu „með heimild í lögum nr. 74 frá 5. júní 1947, sbr. auglýsingu nr. 10/1947.“³¹² Í framhaldi af þessu gekk Bernarsáttmálinn í gildi hér á landi 7. september árið 1947. Þegar Ísland var orðið aðili að sáttmálanum þurfti að taka upp ný vinnubrögð hvað varðaði þýðingar, því höfundarétt þurfti nú að virða og lagðist því af sú lenska sem hér hafði verið að forlög og þýðendur tóku traustataki bókmenntir og þýddu ofan í landann án þess að spyrja kóng eða prest. Ofan á þetta ástand bættist svo sú staðreynd að samtök rithöfunda voru löskuð og störfuðu tvö félög á þeirra vegum sem áttu að sjá um hagsmuni skálda, því árið 1945 gekk hópur manna úr Rithöfundafélagi Íslands og stofnaði Félag íslenskra rithöfunda.³¹³ Þrátt fyrir að í báðum félögum hafi verið rithöfundar með ólíkar pólitískar skoðanir þá voru hægrimenn og frjálslyndir jafnaðarmenn meira áberandi í hinu nýja félagi og ágerðist sá munur frekar þegar á leið. Guðmundur G. Hagalín varð formaður þess og veittist hann t.d. nokkuð harkalega að Kristni E. Andrésyni í ritdómi sem teygði sig á milli tveggja tölublaða í *Alþýðublaðinu* á vordögum 1946, en ritdómurinn var um smásagnasafn Stefáns Jónssonar, *Raddir úr hópnun*.³¹⁴

Það samfélag sem Jón Óskar og þeir félagar hans, sem eins og fyrr segir var fljótlega farið að kalla „atómskald“, skrifuðu inn í var mótað af hefðum og varíð í menningarlegum skilningi. Þjóðin hafði um allnokkurt skeið verið alin upp við ákveðinn smekk hvað ljóðformið varðaði,

³¹¹ Ólafur F. Hjartar. „Íslensk bókaútgáfa 1887-1966“, bls. 137-139. Ástráður Eysteinnsson vekur, líklega fyrstur, á því athygli hve hlutur þýðinga er í raun mikill, og oft mjög áberandi mikill í skýrslu Ólafs. Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli*, bls. 258-259.

³¹² Þórunn J. Hafstein. „Alþjóðasáttmálar á sviði höfundaréttar“, bls. 183-190 í *Tímariti lögfræðinga* 3/1985, bls. 184.

³¹³ Sjá t.d. Jón Karl Helgason. *Burðarvirki íslenskrar nútímameningar*, bls. 317-410 í *Saga Íslands* 11. bindi, ritstj. Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Línadal. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2016, bls. 357.

³¹⁴ Guðmundur G. Hagalín. „Þegar Andrésynir stýra ...“, *Alþýðublaðið* 28. og 29. maí 1946, bls. 4 og 4, 6.

þar sem bragreglur s.s. stuðlasetning og höfuðstafir stöppuðu nærri laganna bókstaf. Fingraför Jónasar frá Hriflu voru á bókmennta- og Íslandssögukennslu og megináherslur hans má t.d. sjá í grein sem hann skrifaði í *Andvara* árið 1960 sem heitir „Menntamálaráð og menningarsjóður“. Þar segir hann m.a. um útgáfumálin: „En þegar að því kemur að tæmd eru ljóðasöfn þjóðskáldanna er nokkur hættá á að tiltækilegt þyki að gefa út rímlaus ljóð, en þá væri byrjað að blanda mjöðinn.“³¹⁵ Vegna hins stranga menningaruppeldis, Jónasar og annarra, má leiða að því nokkrum líkum að alþýða manna jafnt sem hin fámenna íhaldssama borgarastétt hafi deilt bókmenntasmekk enda var því sama haldið að háum sem lágum. Þrotlaust starf manna eins og Sigurðar Nordals, Guðmundar Finnbogasonar og Ágústar H. Bjarnasonar hafði síast inn í landsmenn í gegnum skólabækur, fyrirlestra og síðast en ekki síst í gegnum opinberan stuðning við útvalda menningarstarfsemi. Hér er enn ótalið það framtak Jónasar frá Hriflu að stofna Menningarsjóð, en fyrir því barðist hann frá árinu 1923 allt þangað til það mál var í höfn á vorþinginu 1928.³¹⁶ Ekki er fjarri lagi að kenna þá stefnu sem haldið var fram með þessari markvissu viðleitni við „borgaralega fagurfræði“.³¹⁷

Hér verður því haldið fram að þessi fagurfræði haft greinilegt forræði; hafi að stórum hluta verið forræðiskennd (hegemónísk). Tónn hennar er sleginn af mestum ákafa og með hvað beinskeyttustum hætti í frægri inngangsrítgerð Sigurðar Nordals í *Íslenskri lestrarbók 1400 – 1900*, „Samhengið í íslenskum bókmentum“³¹⁸ en, ekki síður í „Formála“ þeirrar bókar, þar segir strax í byrjun: „Lestarbók þessa ætlast eg til að hafa megi við kenslu í hinum almenna mentaskóla, gagnfræðaskólum og öðrum kenslustofnunum (unglingaskólum, kvennaskólum og sérskólum), þar sem nemendur eru eldri en 14 ára og tilsögn veitt í íslenskri tungu og bókmenntum.“³¹⁹ En Sigurður lætur ekki þar við sitja í ásetningi sínum að mennta þjóðina með *réttum*, hætti því hann bætir nokkru síðar við: „Og ekki sízt vonast eg til, að alþýða manna á Íslandi, sem af sjálfsdáðum vill átta sig á bókmentum þjóðarinnar, kunni að færa sér bókina í nyt.“³²⁰ Með öðrum orðum, Sigurður vill hafa áhrif bæði innan og utan skólakerfisins með þessari nýju bók og boðskapnum kemur hann ekki síst á framfæri í „Samhengið í íslenskum

³¹⁵ Jónas Jónsson. „Menntamálaráð og Menningarsjóður“, bls. 62-79 í *Andvari* 1/1960. bls. 71.

³¹⁶ Gils Guðmundsson. „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“ bls. 78-96 í *Andvari* 1/1985, bls. 81. Reyndar varð bókaútgáfudeild sjóðsins fljótlega nær gjaldþrota en Jónas „lagaði það“ um miðjan fjórða áratuginn.

³¹⁷ Ólafur Rastrick. *Háborgin: Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2013. Ólafur rekur þróun þessa hugtaks og birtingarmynd þess í íslensku samhengi mjög vel í þessari bók sinni en er nokkuð á annarri línu en hér er farin. Sjá einnig: Benedikt Hjartarson. „Af úrkynjuðum, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi“, bls. 95-118.

³¹⁸ Sigurður Nordal. „Formáli“ bls. V-VII og „Samhengið í íslenskum bókmenntum“, bls. IX-XXXII í *Íslensk lestrarbók 1400-1900*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík, 1924. bls. IX-XXXII.

³¹⁹ Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. V.

³²⁰ Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. V.

bókmentum.“ Í þessum kafla gerir Sigurður grein fyrir þjóðernislegri afstöðu sinni til íslenskra fornbókmennta og hann greinir í þróun íslenskra bókmennta órofa þráð frá nútímaskáldskap aftur í þessar gersemar íslenskrar tungu. En um leið er þessi kafla bryning um að þessi þráður megi ekki slitna, eða öllu heldur að hann verði ekki slitinn. Ábyrgð okkar Íslendinga í þessum efnum er mikil að mati Sigurðar og sú ábyrgð endurspeglast í klausum eins og þessari þar sem hann talar um stuðlasetningu: „Þetta forna einkenni allrar germanskrar ljóðlistar, sem vér erum nú einir um að varðveita.“³²¹ Um hina fornu sagnaritun segir Sigurður að hún sé „frumlegasta bókmenntaafrek Íslendinga.“³²² Að öðru leyti má segja að „fornfræði“ sé lykilhugtak í þessum kafla Sigurðar, fornfræðinni er að hans dómi að þakka að þráður bókmenntanna er svo heill sem raun ber vitni.

Hér er ekki ástæða til að orðlengja þann anda sem birtist í þessu skrifum Sigurðar Nordals, tilvitnuð dæmi nægja. Þetta er sá boðskapur sem Sigurður hefur fram að færa og lestarbók hans ber þessu öllu vitni. Hún varð eftir útkomu sína ráðandi kennslubók, kennd í áratugi, og náði hvað það varðaði – og einnig með mikilli útbreiðslu utan skólakerfisins³²³ – að marka þau spor sem höfundur óskaði sér að yrðu og hann lét í ljós í formála. Hvað samtíma Sigurðar áhrærir er ljóst hvað hann telur réttast og best – þjóð, bókmenntum og tungu. Hann fagnar samfellunni í bókmenntunum og sér í henni styrk sinnar tíðar til að berjast gegn taumlausum erlendum áhrifum, hann vill sjálfur hafa taumhald á þeirri þróun sem við blasir, eða eins og hann orðar það: „Samfeld andleg menning er m.a. fólgin í bolmagni við erlendri tízku og öfgastefnum.“³²⁴ Í raun áminnir Sigurður grímulaust þau skáld sem þá eru að yrkja og komandi kynslóðir rithöfunda:

En hvers vegna eigum vér að varðveita þetta samhengi? [...] Samband vort við bókmentir 10.-14. aldar verður miklu nánara, ef vér gerum oss grein fyrir því, að hvergi er slitinn þráðurinn milli vor og þeirra, hvergi hlé á. En mest er þó um vert, að bókmentir vorar, sem sífellt myndast, sleppi ekki þessum þræði. [...] Það er samhengi bókmentanna að þakka, eins og margsinnis hefur verið bent á hér að framan, að skáld vor hafa farið svo fá gönuskeið á síðustu öldum, og verk þeirra fyrir bragðið úrelzt miklu minna en samtímarit annara þjóða.³²⁵

³²¹ Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. XIII.

³²² Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. XIV.

³²³ Það er til marks um útbreiðslu þessarar bókar að enn í dag, níutíu árum eftir að hún kom fyrst út er hún alls ekkert fágæti hjá fornsöllum og fæst við frekar lágt verð miðað við aldur og áhrif. Sjá einnig: Finnboogi Guðmundsson. „Sigurður Nordal“ bls. 3-91 í *Andvari* 1/1976, bls. 78. Þar segir Finnboogi m.a.: „Íslensk lestrarbók 1400—1900 kom út 1924 [...] Þegar upplag hennar þraut, var tekið til þess bragðs 1931 að ljósprenta hana.“

³²⁴ Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. XXV.

³²⁵ Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*, bls. XXIX-XXX.

Þessa bók Sigurðar les Jón Óskar, og drekkur í sig. Hann skrifar:

Það var þegar ég var í héraðsskólanum, 16 ára gamall, að ég kynntist fyrst íslenskum bókmenntum í nokkru samhengi (Lestrabók Nordals útg. 1931). Ég varð einkum fyrir áhrifum af níttjándu aldrar skáldunum. Og þegar ég byrjaði að yrkja kvæði, þá hafði ég það helzt að bakhjarli, að ég hafði kynnt þessum skáldskap. Ég kundi brátt flest kvæðin í Lestrabók Nordals utan að.³²⁶

Hér verður því haldið fram að sú hugmyndafræði sem Sigurður Nordal setur fram sé stýring, ekki dulbúin sem slík heldur beinlínis fram sett til þess að gefa út yfirlýsingu eða línu um hver fagurfræðin skuli vera, hvaðan hún sé komin og hvernig henni skuli viðhaldið.³²⁷

Þarna eru sett fram eitthvað sem mætti kalla, bókmenntaleg viðmið þjóðar. Þetta er vísitandi stýring að ofan og því er ekki óeðlilegt að líta á þennan texta Sigurðar Nordals sem einskonaar stefnumarkandi leiðbeiningu um það hvaða textar séu markverðastir og mikilvægastir. Þá má einnig lesa út úr samantekt þessari viðleitni höfundar til þess að setja sig á ákveðinn stall eða stað í bókmenntaumræðunni, til þess að tryggja sig í sessi. Sem honum og tókst – og er viðeigandi að vitna til orða Jóns Óskars sjálfs en hann segir um áhrif Sigurðar Nordals, Þórbergs og Laxness:

Víst er um það að Halldór, Þórbergur voru þeir menn, ásamt Sigurði Nordal, sem gátu ráðið örlögum yngri höfunda á þeim tíma, þurftu ekki nema segja eitt orð eða setja upp ákveðinn svip eða lýsa velþóknun sinni eða vanþóknun með lítilli hreyfingu.³²⁸

Ægivaldi Sigurðar lýsir Jón Óskar sjálfur oft en einu sinni í æviminningum sínum og í *Gangstéttum í rigningu* gengur hann svo langt að segja að orð Sigurðar gegn atómskáldunum, skopstæling hans á efnistöfum þeirra og stíl, hafi verið „þyngri á metunum en orð hundrað manna.“³²⁹

Ekki er þó allt sem sýnist, því þessi fagurfræði sem vissulega má kalla borgaralega var í raun fagurfræði hins breiða fjölda – og var þannig orðin ekki síst vegna þess sem að framan er rakið. Hún var í raun hin allt um lykjandi fagurfræði á Íslandi á fyrri hluta og fram eftir

³²⁶ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 19.

³²⁷ Hér er rétt að minna á að Sigurður Nordal varð prófessor í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands árið 1918 og hann var háskólarektor 1922-1923. Hann setur fram viðamiklar kenningar um *Völuspá* 1923 þar sem hann gengur út frá því að hún sé heildstætt höfundarverk sem ekki hafði verið gert áður og brýtur þannig blað í túlkunum á einu af höfuðverkum íslenskra fornþóknunna. Af þessu – þó ekki sé fleira upp talið – má sjá að Sigurður Nordal var árið 1924 óumdeilanlegt kennivald og orð hans um þetta tiltekna efni höfðu vigt umfram orð flestra annarra hérlendra manna.

³²⁸ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 78.

³²⁹ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 154. Skopstælingin sem Jón er að vísa til þarna er ljóðið „Eftirmáli við aðra próförok“ sem birtist í *Líf og list* 1/1951, bls. 6.

síðustu öld, því er hún einnig „alþýðleg fagurfræði“, eða væri kannski réttara segja: borgaraleg fagurfræði í nafni alþýðunnar? Hvor heldur leiðin, skilgreiningin er valin, þá fellur hún nokkuð nákvæmlega að þeirri fagurfræði alþýðufólks (e. *popular aesthetic*) sem Pierre Bourdieu ræðir á upphafssíðum *Distinction*: „Það er engu líkara en „fagurfræði alþýðunnar“ (tilvitnunarkerkin tákna að þetta er fagurfræði „í sér“ en ekki „fyrir sig“) byggist á þeirri forsendu að milli listarinnar og lífsins sé beint samband, sem felur í sér að formið er undirskipað tilganginum.“³³⁰ Þetta segir Bourdieu að sé helst sýnilegt í skáldsögunni og leikhúsinu og þar heldur hann því fram að alþýðan sé hvað áköfust í andófi sínu gegn formbreytingum. Í íslensku samhengi er óhætt og í raun nauðsynlegt að nefna ljóðið til sögunnar í þessu samhengi. Hið klassíska ljóðform með öllum sínum háttum og bragreglum var greipt í vitund Íslendinga. Ekki þarf annað, og er hér nærtækt, en að vísa til þess sem Jón Óskar hefur að segja um viðtökur ljóðsins sem getið er um hér að framan og hann telur frægast ljóða sinna. Þá er nauðsynlegt að minna á að hugmyndin um hið hefðbundna ljóðform hafði líka – og dró það ekki úr hylli formsins – skipað stóran sess í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Svo skrifaði Sigurður Guðmundsson t.d. í *Ingólf* árið 1909: „Skáld vor yrkja um þjóð sína og land sitt með hverju lagi. Sum yrkja frelsisljóð. „Ísland alfrjálst“ er ósk þeirra og stefnuskrá.“³³¹ Reyndar var þessi kveðskapur svo algengur að menn sáu ástæðu til að kvarta undan honum, Gísli Sveinsson skrifaði í *Eimreiðina* um ástandið í skáldskapnum: „Við eigum talsvert af góðum ljóðum (sum óaðfínanleg, sem gleðilegt er) – þótt ekki sé nema eftir „góðskáldin“ okkar, er svo hafa verið nefnd; jú, í þeim er ekki svo lítið af lýriskum perlum; [...] í þeim eru meira að segja hetjusöngvar fylltir vígamóði, — og þá ekki sízt: Heit ættjarðarkvæði og gjallandi frelsisljóð (enda eru menn farnir að venjast við að láta þar hátt — í orði!).“³³²

Bourdieu telur að fagurfræði alþýðunnar sé fullkomin andstæða þeirrar fagurfræði sem Kant boðaði:

Til þess að skilja sérstöðu fagurfræðilegra dóma kappkostaði Kant að greina á milli ánægju og nautnar; og almennt milli yfirvegunar, sem er eina tryggingin fyrir því að áhorfið sé raunverlega fagurfræðilegt, og hagsmuna skynseminnar sem skilgreinir hið Góða. Á hinn bóginn væntir fólk úr alþýðustétt þess að sérhver mynd gegni ótvírætt einhverju hlutverki, þó ekki væri nema sem tákn, og dómur þess skírskota, oft og opinskátt, til siðferðis eða nytsemi. Hvort sem

³³⁰ Pierre Bourdieu. „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, bls. 33-43 þýð. Gunnar Harðarson. *Almenningsálitid er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinsson. Omdúrman/Reykjavíkur Akadémían, Reykjavík 2007, bls. 39.

³³¹ Sigurður Guðmundsson. „Þjóðrækni Stephans G. Stephanssonar“ bls. 65-66 í *Ingólfur* 17/1909, bls. 65.

³³² Gísli Sveinsson. „Horfur í íslenskum skáldskap“ bls. 85-92 í *Eimreiðin* 2/1905, bls. 88-89.

það lastar eða lofar, þá byggist mat alþýðufólks á viðmiðunum sem hafa ávallt siðferðilegan grundvöll.³³³

Þarna segir í raun að það sé ekki einungis við hefðina að eiga sem slíka, ekki aðeins fagurfræðilegt mat, eða smekk, heldur sé stærri og djúpstæðari þáttur í hinni alþýðlegu fagurfræði, sem ég kys að kalla í íslensku samhengi ríkjandi fagurfræði (sökum þess sem áður var vikið að um skörun borgaralegrar- og alþýðlegrar fagurfræði). Hin alþýðlega fagurfræði er byggð ekki síst, samkvæmt Bourdieu, á siðfræði eða siðferðislegum viðmiðum. Þetta er afar mikilvægt í tilfalli Jóns Óskars þar sem í gegnum höfundarverk hans, og þá sérstaklega í æviminningunum, og í ljóðmáli að einhverju leyti, er greinilegur þráður sem heldur alltaf í nokkuð afgerandi siðferðisviðmið, nákvæmlega af þeim toga sem haldið er á lofti í hinni almennu fagurfræði. Til að mynda skrifar Jón grein í *Þjóðviljann* sem hann kallar „Útvarp Reykjavík! Hver er morðinginn?“, en þar hæðist hann að þeirri lágmenningu að útvarpa glæpaleikritum og glæpaskáldsögum. Hann skrifar:

En nú hefur okkur vitrazt nýtt lausnarorð, sem gerir okkur frjálsa Þetta orð er **Thriller**. Og þó að það sé útlent, þá gerir það ekkert til, vegna þess að það er lausnarorð og það er svo ákaflega auðvelt að bera það fram. Maður segir bara þ-r-i-l-l-e-r. Það er nú allur vandinn. Það ættum við öll að geta lært. Við þurfum aðeins að taka rögg á okkur og læsa ljóðabækur og gamaldags sögur niðri í ruslakistu, og þá er ný menning á okkar valdi.³³⁴

Það leynist ekki að Jón telur bæði leynast siðleysi og lágmenningu í þessu efnisvali Ríkisútvarpsins og það er víðar sem Jón dregur einmitt jafnaðarmerki á milli siðleysis og þess sem hann metur sem lágmenningu. Þannig afgreiðir hann rokktonlist og hann sakar Elvis Presley um „lendaskak fyrir framan hljóðnemann eins og tíðkaðist á mellubúllum“³³⁵ og segir hreinlega um komu rokksins til Íslands: „Það var mikil afturför sem rokkið olli með tilkomu lítt kunnandi hljóðfæraleikara í stað gömlu jassleikaranna sem voru að vísu misjafnlega menntaðir.“³³⁶ Hér er líka ljós hugmyndin um nytsemina sem Bourdieu leggur áherslu á, í huga Jóns Óskars á útvarpið að vera miðill menntunar og menningar, það á að hafa bætandi hlutverk.

Frekar er hnykkt á þessari tengingu siðfræði og fagurfræði er Bourdieu skrifar:

³³³ Pierre Bourdieu. „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, bls. 40.

³³⁴ Jón Óskar. „Útvarp Reykjavík! Hver er morðinginn?“ *Þjóðviljinn* 23. febrúar 1954, bls. 5.

³³⁵ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 116.

³³⁶ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 116.

Segja mætti að menntamenn legðu trúnað á sýninguna sjálfa – bókmenntir, leikhús, málverk – frekar en á það sem sýnt er, en alþýðan krefst þess umfram allt að sýningar og ríkjandi hefðir geri henni kleift að trúa í „barnslegri einlægni“ því sem sýnt er. Hin hreina fagurfræði á rót sína að rekja til siðfræði eða öllu heldur siðferðislegrar afstöðu sem kveður á um ákjósanlega fjarlægð frá nauðsynjum hins náttúrulega og félagslega heims, og getur tekið á sig mynd siðferðislegrar efahyggju (sem sjá má þegar tilraunir til að fara út fyrir velsæmismörkin verða listræn afstaða) eða mynd fagurhyggju sem gerir hina fagurfræðilegu afstöðu að algildu lögmáli og fer með borgaralega afneitun hins félagslega veruleika út í ystu æsar.³³⁷

Siðferðislegur boðskapur felur alltaf í sér einskonar menntun. Boð er lagt fram til kennslu eða upplýsingar. Í tilfalli Jóns Óskars kemur hann fram sem sá menntamaður, en alls ekki sem menntamaður valdsins eða stofnunarinnar. Þó er hann að fást við það sem þá þegar var viðurkennt og talið gott og gilt af bókmenntastofnuninni – en, vel að merkja, ekki þeirri deild hennar sem starfaði hér á landi. Hann kynnir hér til leiks sem í raun „nýja menn“, frönsku sýmbólistana og evrópska framúrsteffnumenn og notar þá til að ryðja braut eða sanna erindi formbreytingarmannanna íslensku sem hann sjálfur var hluti af.

Hér er rétt að nema staðar, því í raun er sá móðernismi sem leggur svo mjög upp úr menntun „gamall“ móðernismi (ef þannig má komast að orði). Í *Vefaranum mikla frá Kasmír* segir á einum stað:

Kvöld nokkurt skömmu fyrir miðjan ágúst voru gestir í Ylfingabúð, kunníngjar, sem annars höfðu sumardvöl í Hótel Valhöll, nokkrar frúr og rosknar úngmeyar ásamt gömlum uppgjafakaupmanni að norðan. Kvöldið leið eins og blaðsíða úr Röda rummet: Það var talað aftur á bak og áfram um nýu stefnurnar, sem svo eru kallaðar á Íslandi eftir að þær eru orðnar tvítug hindurvítmi í Englandi og Ameríku. Öllum þótti mikið varið í æfisögu Fords, en veigruðu sér við að fallast á málstað dr. Helga Péturss um bioinduction, einmitt vegna þess, að dr. Helga Péturss hefur láðst að sannfæra menn um, að sín stefna væri uppfundin í útlöndum.³³⁸

Því er þetta tilfært hér að það varpar ljósi á seinkomu ýmissa strauma og stefna til Íslands og þá um leið til þess að það var ekkert nýtt að menn væru að bera fram gamlar hugmyndir og stíla og kynna héraendis. Þannig er kynning Jóns Óskars á hinum gamla móðernisma í réttum takti við hann sem bakfylkingarmann, hann er seinkomumaður með gömul tíðindi, sem hann setur í nýtt samhengi. Hér má jafnvel merkja, hjá Jóni, nýklassíska nálgun, hann er að bera upp til Íslands anda fortíðar – en um leið anda sem ber með sér dekadent viðhorf, þannig er það

³³⁷ Pierre Bourdieu. „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, bls. 40-41.

³³⁸ Halldór Kiljan Laxness. *Vefarinn mikli frá Kasmír*, bls. 407. Þess er rétt að geta að þessi texti er aðeins í fyrstu útgáfu þessarar sögu.

ekki aðeins að stefnurnar berist seint og illa til landsins, heldur er „boðskapurinn“ dapurlegur. Hutchinson telur að dekadensinn sé fagurfræðilega ekki bara seinkoma heldur sé hann einnig, endastöð (e. *lastness*).³³⁹ Endanleg endalok eru þannig hluti af því sem Jón Óskar ber inn á íslenska bókmenntavetvanginn með ljóðapýðingum sínum.

2.3. T.S. Eliot og Jón Óskar, hin fagurfræðilega endurtekning og frestun

Í grein Williams Marx, „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes?“³⁴⁰ er hugtakið *arrière-garde* í raun notað á tvíbentan hátt og vísar þannig til tveggja frekar mismunandi hópa höfunda – eða til höfunda sem þess vegna gætu verið í sitt hvorum hópnum þótt svo þurfi auðvitað alls ekki að vera. Í fyrsta lagi stendur *arrière-garde* fyrir móttöðu við módernisma, stendur fyrir þá höfunda sem hafa tekið sér stöðu gegn módernískum leiðum og vilja einfaldlega leita aftur í hefðbundnar formmyndir og sjónarmið og velja á þann hátt að „liggja til baka“.³⁴¹ Á hinn bóginn er *arrière-garde* einnig notað til að tákna hóp hófstilltra módernista sem eru sannfærðir um að framtíð lista og bókmennta sé að finna í, og með, endurnýjun hefðbundinna mynda.³⁴²

Dagný Kristjánsdóttir segir um markmiðin sem sett voru fram í *Birtingi* (1-2 1955) að þau beri keim af þeim vilja sem bresku módernistarnir á þriðja og fjórða ártatug tuttugustu aldar – þeir Auden og T.S. Eliot – höfðu til að kenna og boða.³⁴³ Þarna er greinilegur snertiflötur, bæði fagurfræðilegur og beinlínis skáldskaparlegur, hvað Jón Óskar varðar vegna þess að hann er sannanlega undir áhrifum af T.S. Eliot og hann er einnig á svipuðum nótum hvað móralska fagurfræði varðar. Því er ekki úr vegi áður en lengra er haldið að skýra nokkuð þau áhrif Eliots sem greinileg eru í skáldskap og fagurfræði Jóns. En áður en það er gert er rétt að benda á að Jón Óskar hefur þekkt grein Eliots „Tradition and the Individual Talent“ því hún birtist einmitt í *American Harvest*, bók sem vikið er nánar að síðar í þessum kafla.³⁴⁴

³³⁹ Ben Hutchinson. *Lateness and Modern European Literature*, bls. 167. Að þýða *lastness* sem *endastöð* gengur upp í þessu tilfelli og víðar, en ef til vill dugar sú þýðing ekki alls staðar þar sem Hutchinson grípur til þess.

³⁴⁰ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“.

³⁴¹ Hér er gripið til orðalags úr knattspyrnu, það að „liggja til baka“ þýðir að vera varnarsinnaður, leika varnarleik fremur en sóknarleik, en því að liggja til baka fylgja oft möguleikar á hættulegum skyndisóknum og oft er þeirri aðferð meðvitað beitt að liggja til baka en sækja hratt þegar tækifæri gefst.

³⁴² Hér rímar *arrière-garde* hugmyndin mjög vel við þælingar ímagista eins og verður greinilegt þegar hlutur Hulmes verður skoðaður hér á eftir.

³⁴³ Dagný Kristjánsdóttir. „Árin eftir seinna stríð“, bls. 445. Það þarf kannski ekkert að koma á óvart að Jón Óskar hafi átt samleið með „eldri“ módernistum því hann var jú afkastamikill þýðandi þeirra evrópsku skálda sem ruðu þá braut.

³⁴⁴ Sjá: Haukur Ingvarsson. *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu*. Sögufélag, Reykjavík 2021, bls. 201. Grein Eliots birtist fyrst í bókmenntatímaritinu *The Egoist* árið 1919 en kom fyrst á bók ári síðar í T.S. Eliot. *The Sacred Wood: Essays on Poetry & Criticism*. Methuen & Company, London, bls. 47-59.

Hér sker sig úr notkunin á tungumálinu, meðvitundin um að skáldið standi inni í kerfi sem sæki efnivið aftur til fortíðar. Rebecca Beasley greinir þetta vel í bók sinni *Theorists Of Modernist Poetry* þar sem hún segir m.a.:

Gott skáld er sérfræðingur, það hefur þjálfað sig í listinni, og það, líkt og stærðfræðingur eða heimspekingur, vinnur innan strangs ramma sem hefur verið smíðaður af öðrum í gegnum tíðina. Alveg eins og stærðfræðingurinn og heimspekingurinn nota sér á sínu sviði það sem fyrirrennarar þeirra hafa rannsakað og byggt upp. Þannig velur skáldið sér hvert orð innblásið af því hvernig önnur skáld hafa notað orðið á undan þeim, í hvaða samhengi og við hvaða aðstæður. Þannig hafa þeir Eliot og Pound, með vísunum sínum, undirstrikað þá staðreynd að þeirra verk standa ekki einangruð heldur eru þau inni í, hluti af, bókmenntalegu kerfi.³⁴⁵

Öllum má ljóst vera til hvers Beasley er að vísa, flestir þekkja vísanahlaðinn skáldskap Pounds þar sem varla er línu að finna án sögulegs eða bókmenntasögulegs baklands og er þá jafnt vísað langt aftur í aldir og hvort heldur er til Asíu eða Evrópu – og svo í annan stað rétt litið um öxl. Þannig getur hann til dæmis vísað í Ódysseifskviðu og samferðamenn sína í sama ljóðinu.³⁴⁶ Eliot er sjaldnast eins víðförull í textum sínum en þó eru þeir oft með þeim hætti að þar er forskilningur nauðsynlegur og er *Eyðilandið* líklega frægast verka hans af því tagi. En óhætt er að segja um bæði þessi skáld að fæstir njóta þess til fulls að lesa ljóð þeirra í fyrstu atrennu.

Jón Óskar fer aðra leið, hann fyllir ljóð sín ekki af vísunum í þeim mæli að áberandi sé og ljóð hans eru yfirleitt með þeim hætti að auðvelt sé að ganga inn í heim þeirra og njóta. Jón Óskar skrifar ítarlegar endurminningar og greinasöfn, ferðabók og fjölda greina um skáldskap. Á mörgum stöðum í þessum textum greinir Jón frá skáldum og listamönnum, hann telur þetta fólk upp með öðrum hætti, á formlegri hátt – en þó alþýðlegri, því hann rembist³⁴⁷ ekki við að troða þeim inn í ljóðmálið. Vera má að þessi aðferð Jóns sem hér verður nánar útlistuð með dæmum sé tengd áhrifakvíðanum, en nánar verður fjallað um hann í 3. kafla þessarar rannsóknar, það er að segja að Jón hafi ekki viljað beita sömu aðferð og Eliot og Pound (og svo sem mörg önnur ljóðskáld í gegnum tíðina) því að með vísun í aðra höfundu væri hann í ljóðinu sjálfu að minna á áhrifavalda sína.

³⁴⁵ Rebecca Beasley. *Theorists Of Modernist Poetry*, bls. 64.

³⁴⁶ Ágætt dæmi um þetta er að finna í LXXVIII. söng frá Písa. Þar eru þessar línur: „þeim sem raddirnar hljóma, með tauminn í greip sér / orð Gaudiers hafa ekki formyrkvast / né Hulmes gamla, né Wyndhams / *Mana abode*.“ Hér vísar hann til samtíðarmanna sinna og féлага en skömmu síðar í sama söng er það *Ódysseifskviða*: „Kassandra, augu þín sem tígurs / það skín ekki í gegnum þau ljós / etandi lótus, ellegar ef ekki beinlínis lótus, ashpodel“. Ezra Pound. *Söngvarnir frá Písa*, þýð. Magnús Sigurðsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2007, bls. 118-125.

³⁴⁷ Þetta orð *rembist* er meðvitað valið í þessu samhengi vegna þess að því verður ekki neitað að á stundum finnst manni, sérstaklega Ezra Pound, rebast við að koma sumu af því inn sem hann skreytir ljóð sín með.

Árið 1963 er Jón Óskar á Ítalíu og þar kynnir hann sér síðari tíma skáld þeirrar þjóðar: „Ungaretti³⁴⁸, Montale³⁴⁹, Umberto Saba³⁵⁰ og fleiri. Salvatore Quasimodo³⁵¹ hafði nokkrum árum áður hlotið bókmenntaverðlaun Nóbels, og urðu margir hissa, því hann var lítt þekktur utan Ítalíu. Ég hafði þýtt nokkur ljóð eftir hann, þegar hann var nýlega orðin Nóbelshöfundur.“³⁵² Hér kynnir Jón höfunda, ítrekar aðkomu sína, tengsl sín við þá, undirstrikar að það sé hann sem kynni Quasimodo hérlendis – í raun stendur þarna á milli línanna að allir hafi orðið hissa á Nóbelsverðlaunum Quasimodos nema Jón Óskar. Þannig vísar hann beint til skáldsins – milliliðalaust, án ljóðmáls.

Á öðrum stað í sömu bók er komið nákvæmlega inn á það atriði sem Beasley gerir einmitt að umtalsefni, bókmenntakerfið – þá staðreynd að skáldið er ekki eyland. Jón gengur í einkatíma hjá manni að nafni Aurelio Valesi í sömu Ítalíuför: „Ég bað hann að lesa með mér kómedíu Dantes. Hann féllst á það, en sagði að skáldið Dante hefði ekki orðið til, án þess að eiga sér lærimeistara og þessvegna yrðum við að byrja á þeim, svo sem Gaudio Guinizelli (sem fæddist áður en Snorri Sturluson var myrtur) og Gaudio Cavalcanti sem fæddist nær tuttugu árum síðar.“³⁵³ Hér styrkir Jón bakgrunn sinn sem þýðanda og skálds, hann les ekki bara Dante

³⁴⁸ Giuseppe Ungaretti (1888-1970), var eitt af höfuðskáldum Ítalíu á öldinni sem leið. Ljóð Ungarettis eru mjög athyglisverð í sambengi við efni þessarar rannsóknar, ljóð hans voru yfirleitt afar knöpp og er ekki fráleitt að líkja þeim við ljóð ímagistanna. Hann kallaði reyndar ljóðlist sína *ermetismo* eða dulin, torræð (e. *hermetic*) Eitt hans frægasta ljóð, „Mattina“ („Morgunn“) er gott dæmi um þetta: „M'illumino / d'immenso“. Sem mætti þýða: „Ég upptendrast / af gnægð“. Reyndar er ljóðið lengra í upphaflegri gerð og það er áhugavert að þannig ritaði höfundurinn það á póstkort sem hann sendi Giovanni Papini árið 1917: „M'illumino / d'immenso / con un breve / moto di sguardo.“ En þá hét ljóðið reyndar, „Cielo e Mare“. Geraldo Holanda Cavalcanti. „Impasses in the translation of poetry“ bls. 127-135 í *Estudos Avançados* desember 2012, bls. 127. Sjá einnig: Guðbjörn Sigurmundsson. „Ljóð VI“ í *Són* 9/2011, bls. 125.

³⁴⁹ Eugenio Montale (1896 -1981) fékk bókmenntaverðlaun Nóbels árið 1975. Í vinahópi hans voru t.d. Ezra Pound og T.S. Eliot. Enn og aftur er hér athyglisverð tenging við efni þessarar rannsóknar því Montale var afar hrifinn af heimspeki Bergsons og Williams James. Þá hafði hann í hávegum skáldskap: Edgars Allan Poe, Williams Butler Yeats, Charles Baudelaire, Pauls Valéry og Marcells Proust. Luca Sereni. *Eugenio Montale. Life and Work*. Mask Press, Oxford og London 2017, bls. 18-22.

³⁵⁰ Umberto Saba (1883-1957), ljóðskáld og skáldsagnahöfundur, var fæddur Umberto Poli en tók sér skáldanafnið Saba og breytti síðar nafni sínu opinberlega í þá veru. Umberto Saba. *The Stories and Recollections of Umberto Saba*. Sheep Meadow Press, New York 1993, bls. vii-viii.

³⁵¹ Sikileyngurinn Salvatore Quasimodo (1901-1968). Sikileyngurinn hefur allnokkuð verið þýddur á íslensku og þá aðallega af Jóhanni Hjálmarssyni. Af þýðingum Jóhanns má nefna: „Í greinum pílviðarins“, „Hinir dánú“, „Ferjustaðurinn“, „Harmljóð“, „Litur Járn og regns“ og „Og svo er nótt“. Sjá: *Af greinum trjáanna*, ljóðaþýðingar, þýð. Jóhann Hjálmarsson. Helgafell, Reykjavík 1960, bls. 9-12. Þá ritaði Jóhann grein um Quasimodo, sjá hér: Jóhann Hjálmarsson. „Lífið er ekki draumur“ í *Birtingur* 3-4/1959, bls. 1-4. Skáldið fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1959, hann var af sýmbólíska skólanum en ljóð hans urður torræðari með tímanum og í dag er lítið á skáldskap hans sem hermetískan fyrst og fremst. Sjálfur þýddi Jón Óskar eftirfarandi ljóð eftir skáldið: „Nú, þegar lýsir af degi“, „Enginn“, „Og brátt er komið kvöld“, „Nú flýgur blómið granna“ og „Anno Domini MCMXLVII“ en þessar þýðingar birtust í *Tímarit Máls og menningar* 1/1960 bls. 3-4. Sjá einnig: Guðbjörn Sigurmundsson. „Ljóð VII“ í *Són* 9/2011, bls. 126-127; einnig: Thor Vilhjálmsson. „Quasimodo og ítölsk nútíma ljóðlist“ í *Birtingur* 1/1960, bls. 9-16, 24-26.

³⁵² Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 19-20.

³⁵³ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 35. Guido Guinizelli (ca. 1230–1276), var fæddur í Bologna og talinn upphafsmaður *Dolce Stil Novo*, bókmenntastíl sem m.a. Dante brá fyrir sig í *Gleðileiknum guðdómlega*. Guido Cavalcanti (fæddur á milli 1250 og 1259 - d. 1300), var skáld og farandsöngvari mikill vinur Dantes.

heldur og fyrirrennara hans. Þannig dregur hann upp mynd af sér í bókmenntakerfinu, gerir íslenskum lesendum ljósan aldur skáldskaparins sem um ræðir með því að hafa til viðmiðunar dauða Snorra og þá um leið minnir hann á að hann sjálfur, Jón Óskar, sé hluti ekki bara af einu kerfi heldur mörgum. Þannig verður þessi frásögn sem lætur svo sem ekki nein ósköp yfir sér, marglaga bókmenntaleg vísun sem styrkir stöðu Jóns í ríki skáldskaparins.

Með þessari aðferð Jóns má líka aðgreina sig frá skáldum, frá þeim sem hafa gengið á undan. Auðvitað liggur í því einskonar tvöfeldni, því um leið og aðgreiningin fer fram þá er nafni þess sem Jón vill aðgreina sig frá haldið á lofti. Þannig kemur fram hjá Jóni að hann er ekki hrifinn af franska höfundinum Jean Genet³⁵⁴ og hann lastar Sartre fyrir að skrifa um þann þrjót bókina *Saint Genet*³⁵⁵ og segir: „Hvað var Sartre að hugsa að fara svo með tíma sinn? Vildi hann ekki vera samviska síns tíma?“³⁵⁶ Og svo heldur Jón áfram er hann tekur út bók Genets sjálfs, *Journal du voleur (Dagbók þjófins)*:

Að vísu er *Dagbók þjófins*, sem er eitt frægasta verk hans, á ýmsan hátt áhrifamikil bók, en hún er ekki mannbætandi – eins og ég held að listaverk eigi að vera – hana vantar herslumuninn til að hún geti talist gott listaverk. Margar hugleiðingar í bókinni eru ruglingslegar og sýnast ekki annað en orðagjálfur [...] Bókin er að meginhluta um ást hans á öðrum karlmönnum, ekki síst ákaflega leiðinlegum karlmönnum, eftir lýsingum að dæma, ómerkilegum og sálarlausum glæpamönnum.³⁵⁷

Hér nær Jón að koma inn á einn af þeim þáttum sem einkenndu hugmyndir hans um skáldskap, skoðunina um mannbætandi hlutverk listarinnar, en nánar verður komið inn á þetta atriði síðar í þessum hluta rannsóknarinnar. Hér er vísun Jóns þó fyrst og fremst neikvæð, hann er að fjarlægja sig Jean Genet og nær um leið að gagnrýna Sartre; gerir samt grein fyrir því um leið að þessi skáld þekkir hann og fyllir þannig upp í hinn breiða franska bakgrunn sinn.

Í skáldlegum textum er ekki mikið um að Jón sé með afgerandi vísanir. En þó eru þær hér og þar og með ýmsu móti, stundum nefnir hann fyrst og fremst nöfn og kunnugir þurfa þá að fönndra ögn í huganum utan um þau, hér er gott dæmi um slíkt:

³⁵⁴ Jean Genet var franskur rithöfundur, frægastur fyrir *Journal du voleur*, Gallimard, París 1949, og svo leikrit sín t.d. *Le Balcon (Svalírnar)*, L'Arbalète, Lyon 1956 og *Les Bonnes (Vinnukonurnar)*, L'Arbalète, Lyon 1947. Í leikskáldskap er hann gjarnan settur í hóp með absúrdistunum. Nánar verður vikið að Genet í 4. kafla þessarar rannsóknar.

³⁵⁵ Jean-Paul Sartre. *Saint Genet, comédien et martyr*. Gallimard, París 1952.

³⁵⁶ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 88.

³⁵⁷ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 88.

Á göngu um París

Á Píslarvottahæðinni í París var ég áðan
Þar gengu þeir um einu sinni Picasso og fleiri
Já þar var þessi ítalsk-pólski Appollinaris
og Giacometti og jafnvel Tristan Tzara
og Max Jacob og Utrillo og konan snillilega
hún Valadon og Modigliani og fleiri þessir frægu
sem fengu heimi snilldina en dóu síðan snauðir

Og kynslóðir koma og kynslóðir fara
Nú standa þarna guttlarar og mála túristana.³⁵⁸

Hér fer Jón víðar en virðist við fyrstu sýn, þarna eru auðvitað mest áberandi nöfnin sem ljóðmælandi tínr fram líkt og af handahófi, en þegar betur er að gáð eru þau afar nákvæmlega valin. Sviðsetningin er mikilvæg, Píslarvottahæðin (fr. *Montmartre*) var þekkt hverfi listamanna og bóhema, næturlífs og gleði en líka með þetta alvörurungna heiti. Spænski listmálarinn og myndhöggvarinn Picasso³⁵⁹ er fyrst nefndur. Þá kemur smá leikur, hér er maður nefndur Appollinaris, en nafn þess sem hér er átt við er dregið af þessu nafni, hér er verið að vísa til ítalsk-pólska Frakkans, ljóðskáldsins Guillaume Apollinaire.³⁶⁰ Næstur er Giacometti³⁶¹ svissneskur myndlistarmaður, svo kemur nafn Tristans Tzara.³⁶² Max Jacob³⁶³ er því næst nefndur og svo málarinn Utrillo,³⁶⁴ þá er vísað til konunnar „snillilegu Valdon“ en þar er átt

³⁵⁸ Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?*, bls. 23.

³⁵⁹ Óþarft ætti að vera að kynna þennan spænska málara og myndhöggvara nánar, Pablo Picasso (1881-1973)

³⁶⁰ Guillaume Apollinaire (1880-1918) hét reyndar upphaflega Wilhelm Albert Włodzimierz Apolinary de Kostrowick og er þar einmitt að finna nafnið Apolinary sem er samstofna Apollinaire en bæði þessi nöfn eiga rætur í nafni dýrlingsins heilags Appollinaris sem sagan segir að hafi verið lærisveinn Péturs postula. Apollinaire var eitt af höfuðskáldum Frakka við upphaf tuttugustu aldar og var tengdur kúbisma og klíkunni eða hópnum *Section d'Or*. Jón Óskar þýddi nokkuð eftir Apollinaire. Skáldið hefur verið ágætlega kynnt hér á landi og má þar t.d. benda á: Martin Esslin. „Nú eru allir listamenn súrrealistar“ þýð. Heimir Pálsson í *Samvinnan* 3/1960 bls. 55-58; Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 38-39.

³⁶¹ Alberto Giacometti (1901-1966) er frægastur fyrir skúlptúra og höggmyndir og tengdur súrrealistunum og kúbisma. Hann var fæddur í ítalska hluta Sviss en faðir hans var málarinn Giovanni Giacometti, þekktur impressjónisti. Sjá t.d.: Bragi Ásgeirsson. „Alberto Giacometti“ *Morgunblaðið* 16. apríl 1988, bls. 4b-5b.

³⁶² Tristan Tzara (1896-1963) hét í raun Samuel Rosenstock, en hann var fæddur Rúmeni. Sannkallaður fjöllistamaður, fékkst við skáldskap, gjörningalist, kvikmyndalist, leikritagerð og ritgerðaskrif svo fátt eitt sé nefnt. Hann er líklega frægastur fyrir að vera einn af stofnendum dadahreyfingarinnar í Zürich og seinna ritstjóri tímarits þeirra *Dada*, Tzara tengdist síðar hreyfingu súrrealista. Jón Óskar þýddi dálítið eftir Tzara. Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 40-32, 199.

³⁶³ Max Jacob (1876-1944) var mikilvægur höfundur sem stundum hefur verið sagt að hafi brúað bilið á milli sýmbólisma og súrrealista. Jón Óskar þýddi eitthvað af ljóðum eftir skáldið. Sjá: Bragi Ólafsson. „Max Jakob“ *Bjartur og frú Emília* 13/1993, bls. 25-26.

³⁶⁴ Maurice Utrillo (1883-1955) var fæddur Maurice Valadon, þekktur fyrir borgarlífsmyndir sínar sem þykja einstakar í stíl og lítt í ætt við nokkra stefnu málarlistarinnar. Hann þjáðist alla ævi af geðveilu og var þar á ofan langt leiddur alkóhólisti. Hann var ólíkt flestum listamönnum „nýlendunnar“ í Montmartre fæddur í borgarhlutanum. William-John Deerin. *Looking For Utrillo*. White Crow Publishing, Biggar 2014, bls. 269-272.

við móður Utrillos, Suzanne Valadon.³⁶⁵ Lestina rekur ítalski gyðingurinn Modigliani³⁶⁶ sem lengst af starfaði í Frakklandi. Modigliani var af mörgum talinn konungur bóhemíunnar í París og í grein, þar sem Íslendingum er kynntur þessi sérstaki persónuleiki – svo snemma sem 1951 – er um hann sagt að hann hafi verið „skilgetinn sonur Montmartre og samdauna lífinu þar.“³⁶⁷ Heiti þessarar greinar talar beint inn í bóhemmýtuna, hver kynslóð bóhema hefur alltaf talið sig vera hina síðustu³⁶⁸ og sá skilningur er einmitt undirstrikaður með síðustu millifyrirsögninni í þessari grein „Útför síðasta, stórbrotna Bóhemsins“.³⁶⁹

Þegar þessi hópur er skoðaður má sjá að í raun eiga þessir einstaklingar fátt sameiginlegt nema veruna í Montmartre; það er engu líkara en að Jón hafi valið ólíkt fólk sem fékkst við misjöfn listform og reynt að hafa þá einstaklinga, því til viðbótar, með sem ólíkasta bakgrunn. Það má sjá að þjóðernin eru margvíslega samsett, sumir mála, aðrir eru myndhöggvarar, einhver ljóðskáld, ritgerðasmiðir, hver hefur sinn stíl og sitt fag – ef svo má að orði komast.

En auðvitað skiptir það engu máli í þessu samhengi, hér er Jón Óskar að stilla upp bóhemíunni, því er sviðsmyndin þessi, það er bóhemían sem gildir meira í þessum nafnalista en hvaðan fólkíð var eða hvað það gerði. Sviðsmyndin er afar mikilvæg, Jón kys að stilla þeim upp á Píslarvottahæð, hann íslenskar heitið eins og til þess að undirstrika hlutskipti listamannsins sem píslarvottar eða hins líðandi þjóns,³⁷⁰ með þessu upphefur hann listina og

³⁶⁵ Suzanne Valadon (1865-1938) var franskur málari og fyrirsæta sem var skírð Marie-Clémentine Valadon. Hún lagði sig sérstaklega eftir því að mála kvenlíkamann. Ung hafði Valadon iðkað loftfimleika í fjölleikahúsi en slasaðist aðeins 15 ára gömul og sneri sér upp úr því að módelstörfum fyrir ýmsa kunna málara. En er á leið skapaði hún sér sjálf nafn sem málari og teiknari og er í dag óumdeild sem markverður listamaður. Suzanne Valadon var móðir Maurice Utrillo. Sjá t.d.: John Storm. *The Valadon Drama: The Life of Suzanne Valadon*. Dutton, New York 1959.

³⁶⁶ Hann hét fullu nafni Amedeo Clemente Modigliani (1884-1920). Hann náði ekki umtalsverðri frægð sem listamaður fyrr en eftir dauða sinn en var þeim mun þekktari fyrir líferni sitt, bóhemskan lífstíl, óreglu og uppátæki. Í dag deilir enginn um snilld hans eða áhrif.

³⁶⁷ Thomas Craven. „Síðasti Bóheminn: Modigliani“ bls. 4-11 í *Líf og list* þýð. ekki getið. 2/1951, bls. 4. Thomas Craven. „Síðasti bóheminn, Modigliani“. Höfundur greinarinnar, Thomas Craven (1888 – 1969), var bandarískur rithöfundur, listgagnrýnandi og fræðimaður sem lét mikið að sér kveða á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hann var öfgamaður í mörgu, hélt mjög fram ameríska málverkinu og hafnaði evrópskum áhrifum á þá bandarísku listamenn sem hann taldi besta, en þar má nefna Thomas Hart Benton og Grant Wood. Craven var andsnúinn konum í myndlist, hann var þekktur fyrir andgyðinglegar skoðanir og ljósmyndin átti ekki upp á pallborðið hjá honum sem list. Sjá t.d.: Roger White. *The Contemporaries: Travels in the 21st-Century Art World*. Bloomsbury Publishing USA, New York 2015, bls. 88-89.

³⁶⁸ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 9.

³⁶⁹ Thomas Craven. „Síðasti Bóheminn: Modigliani“, bls. 11.

³⁷⁰ Hinn eini sanni og upphaflegi „líðandi þjónn“ er vitaskuld Messías, Jesús Kristur, og er hugtakið fengið úr Jesaja, Deutero Jesaja, en þar segir m.a.:

Sjá, þjónn minn mun giftusamur verða,
hann mun verða mikill og veglegur og hátt upp hafinn.

Eins og marga hryllti við honum,
svo afskræmdur var hann ásýndum
að vart var á honum mannsmynd,

listamennina. Það verður eitthvað guðlegt við listamennina á Píslarvottahæð. Þeir verða eins og guðirnir á Ólymposfjalli, ódauðlegir en breyskir, píslarvottar sem lifa þótt þeir deyi; um leið og Jón gerir þá ódauðlega í skáldskapnum er hann líka að upphefja líferni þeirra. Hann er hér á svipuðum slóðum og aðdáendur hvort heldur er Janis Joplin eða Curts Cobain, hann syrgir fólki sem (a.m.k. sumt hvert) lét einmitt lífið vegna lífstílsins sem áður var dýrkaður, þrátt fyrir að hafa fargað í því listrænunni.³⁷¹ Og til þess að hnýta þessa mynd saman þá gerir Jón tvennt. Hann vísar í jólasálm Matthíasar Jochumssonar „Fögur er foldin“: „Kynslóðir koma / kynslóðir fara“³⁷² segir í upphafi annars erindis í þessum alkunna sálmi. En margir kannast vitaskuld við lokálnuna, í það minnsta er óhætt að ætla að svo sé um þá sem ná að lesa þessa vísun Jóns; „frelsari heimsins fæddur er“ segir þar og hleðst þá enn undir þá listamenn sem hann nefnir í ljóðinu.

Lokálna ljóðsins hjá Jóni er svo síðari hnúturinn: „Nú standa þarna gutlarar og mála túristana.“ Ekkert er sem var, niðurlægingin er algjör – þessi París sem Jón sá sem borg drauma sinna heyrir sögunni til. Þannig notar Jón þetta ljóð til kennslu, nokkurs áróðurs jafnvel – í anda bresku móðernistanna.

Þegar Jón Óskar fer að yrkja sjálfur með þá svokölluðum, óhefðbundnum hætti, og sendir samhliða frá sér ljóðapýðingar úr frönsku þar sem í öndvegi eru skáld eins og Baudelaire, Rimbaud, Éluard, Apollinaire og Saint John Perse, má segja að úr læðingi leysist orka sem er svo mögnuð að skáldið sjálft, Jón Óskar, megi hafa sig allan við að halda í við hana. Svar hans er frestun eða hik. Hann þekkir smekk fjöldans og hann spilar á hann með alþýðlegum kynningum á ljóðskáldunum sem hann er að þýða í *Birtingi* og síðar í bókinni *Ljóðapýðingar úr frönsku*.³⁷³ Ennfremur er einkenni á skáldskap Jóns – hik eða frestun sem nánar verður vikið að síðar:

Alþýðlegur smekkur – og sú alvara (eða barnslega einlægni) sem einkennir innlifun alþýðunnar í skáldverk og myndir – beitir á viðtekin listaverk sömu viðmiðunum og gilda í hversdagslegu lífi og kemur þannig á reglubundinni „afturfærslu“

eins mun hann vekja undrun margra þjóða
og konungar munu verða orðlausir frammi fyrir honum
því að þeir munu sjá það sem enginn hefur sagt þeim
og verða þess áskynja sem þeir hafa aldrei heyrt.

Biblían. *Jesaja* 52:13-15. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa, Reykjavík 2007.

³⁷¹ Þetta þverstæðukennda viðhorf er einn af mörgum föstum sem móta goðsögnina um bóheminn. Sjá t.d. Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 195-198.

³⁷² Matthías Jochumson. „Fögur er foldin“ *Sálmabók íslensku kirkjunnar*. Skálholtsútgáfan, Reykjavík 2001, bls. 111-112. „Fögur er foldin“ er sálmur númer 96 í *Sálmabókinni* og hann kom fyrst inn í *Sálmabókina* árið 1945.

³⁷³ Sú bók kemur raunar ekki út fyrr en 1963 en efni hennar hafði að stórum hluta birst áður í *Birtingi*.

listarinnar til lífsins. Þar með sýnir hann *a contrario* að hinn hreini smekkur felst í „frestun“ hinnar „barnslegu“ innlifunar sem er eitt merki hins nánast léttúðuga sambands við veraldlegar nauðsynjar.³⁷⁴

Rétt er að taka fram að í þessum viðhorfum Bourdieus má sjá enduróm af kenningum Schillers sem skrifar: „Í ríki smekkvísinnar verður jafnvel hinn mesti snillingur að afsala sér hátígn sinni og stíga í auðmýkt niður af stalli sínum til þess að hugsa aftur eins og lítið barn.“³⁷⁵ Þetta afturhvarf eða naívismi er afar mikilvægur þáttur í tilfelli Jóns Óskars en þess sér greinilega stað í sjálfu höfundarverkinu og þá sérstaklega í ljóðmálinu, nokkuð sérstök frestun eða seinkun þeirra tíðinda (eða boðskapar) sem hann þó sjálfur taldi sig hafa fram að færa. Oft fylgir þessari frestun endurtekning eða klifun, sem birtist líkt og einskonar boðberi hiksins. Hér verður gerð tilraun til að rekja þessa frestun eða hik, til T.S. Eliot og því haldið fram að þarna sé um skyldleika að ræða, sem afhjúpi um leið ákveðna fagurfræði sem þessi tvö skáld áttu sameiginlega. Þessa sér ekki einvörðungu stað í frumortum ljóðum Jóns Óskars heldur einnig í þýðingum. Hér verður ekki fengist við þýðingarnar í þessu samhengi en þó er rétt að benda á að í raun er grunnur þýðingarverksins af þessum meiði. Hér er átt við þá staðreynd að með þýðingum sínum færir hann íslenskum lesendum jöfnum höndum erlendar samtímabókmenntir og yfir hálftrar aldar gamla franska ljóðlist sem þó er í eðli sínu talin framsækin og nútímaleg í íslensku samhengi. Þessi yfirfærsla á þessari gömlu, en um leið nútímalegu ljóðlist, er eitt einkenni þessarar frestunar, eða hiks. Jón Óskar er byltingarmaður en borgari – borgari sem áræðir ekki að umbylta til fulls, hann boðar frestun byltingarinnar. Þetta er sama frestun og Bourdieu vísar að hér að framan, hún er nauðsynlegur fylgífiskur þeirrar fagurfræði sem alþýðan aðhyllist.

Það þarf varla að taka það fram að T.S. Eliot er í flestum meiriháttar alfræðibókum og sýnis- og safnritum, a.m.k. í hinum enskumælandi heimi og víðast á Norðurlöndunum, talinn eitt af höfuðskáldum móðernismans á öldinni sem leið.³⁷⁶ Um stöðu hans sem bókmennta- og samfélagsrýnanda verður vart deilt og sem ljóðskáld er hann óumdeildur risi, leikskáld ágætt og fyrirtaks ritgerðasmiður. Ljóðagerðin er samt sá turn í höfundarverki hans sem hefur haldið nafni hans lengst á lofti – hann er einn af brautryðjendunum í sögu nútímaljóðsins, íhaldssamur sem hann var. Einnig hann var borgaralegur byltingarmaður – sem sló byltingunni á frest.

³⁷⁴ Pierre Bourdieu. „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, bls. 40. Þýðandi lætur þess getið í neðanmálgrein að „afturfærsla“ og „frestun“ í þessu samhengi séu hugtök úr fyrirbærafræði Edmunds Husserl.

³⁷⁵ Friedrich Schiller. *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006, bls. 255.

³⁷⁶ Sjá t.d.: David Perkins. *A History of Modern Poetry: From the 1890s to the High Modernist Mode*. The Belknap Press of Harvard University Press, Cambridge MA og London 1976, bls. 136.

Síðla árs 1942 fær Jón Óskar vinnu sem næturvörður³⁷⁷ í símstöðinni í Reykjavík og þar starfar hann þangað til sumarið 1944. Hann tiltekur ekki nákvæmlega hvenær það er, en það er á þessu tímabili sem hann kynnist T.S. Eliot. Í endurminningabók sinni *Hernámsáraskáld* heitir einn kafli, „Nýtt starf – og fundinn T.S. Eliot“. Hann greinir ekki mikið frá þessum fundi sínum í kaflanum annað en það að hann kennir sjálfur áhrifa frá Eliot í eigin skáldskap:

Einnig var í sama kvæðabálki viðlag, þar sem drottinn allsherjar var ákallaður eitthvað á þessa leið:

„Guð, forða okkur frá nýju blóðbaði,
miskunn, miskunn,
lát þetta vera nóg.“

Ég var að hugsa um framtíðina, þegar heimstýrjöldinni væri lokið, og orðin vitna ekki um tiltakanlega bjartsýni. Hinsvegar mun þetta viðlag að nokkru leyti hafa orðið til fyrir áhrif frá T.S. Eliot sem segir í Öskudegi sínum:

„And pray to God to have mercy upon us.“³⁷⁸

Þessi skáldskapur Jóns er ekki varðveittur enda segir hann sjálfur frá því í kaflanum að hann hafi hent honum – þetta var ort í stílabók, heill bálkur, á næturvöktum í símstöðinni.³⁷⁹ En þarna, í þessu litla broti, er samt áhugavert að staldra við þrennt: Jón Óskar ákallar Guð í ljóði, en það er nokkuð sem verður að teljast sjaldgæft í ljóðlist hans. Annað er að Jón skynjar sjálfur bölsýni í skáldskap sínum en svartsýni er auðvitað stór þáttur í ljóðagerð T.S. Eliot – og í raun í lífsafstöðu beggja. Þriðja er þessi afdráttarlausu viðurkenning Jóns á því að þessar línur hans séu beinlínis undir áhrifum frá „Öskudegi“ Eliots. Síðar í *Hernámsáraskáldum* upplýsist að Jón Óskar kynnist Eliot í gegnum safnritið *American Harvest* (útg. 1943).³⁸⁰ Bókina keypti hann „gamla“ af Andrésí Kolbeinssyni óbóleikara og ljósmyndara.³⁸¹ Hann segist hafa

³⁷⁷ Bara þetta orð *næturvörður* er á sinn hátt bakfylkingarlegt. Sá sem vakir um nætur, passar nóttina, í þessu hugtaki er með ákveðnum hætti snúið upp á tímann.

³⁷⁸ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 36-37.

³⁷⁹ Auðvitað er það tilviljun að Jón Óskar hafi ort á símstöðinni og svo hent skáldskapnum. En símstöð gamla tímans er líka varnarþing hiksins, „viðtalsbil“ var þá kallað inn í símtalið. Þá voru símtöl afgreidd á þessum tíma, þeim var raðað upp, menn gátu þurft að bíða.

³⁸⁰ Þessi bók er æði merkileg eins og marka má af þessum upphafsorðum í formála: „For the first time in the history of this country it is possible to produce an anthology in which the editors can feel confidence that it represents what is, properly speaking, a literature.“ *American Harvest: Twenty Years of Creative Writing in The United States*, ritstj. Allen Tate og John Peale Bishop. Garden City Publishing Co., Inc. Garden City, New York 1943, bls. 9.

³⁸¹ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, 183. Sú staðreynd að Jón kaupir bókina notaða kallast skemmtilega á við þessa seinkun sem hér er til umfjöllunar, m.ö.o. bókina berst ekki ný, beint til Jóns, heldur hefur hún viðkomu á öðrum stað fyrst líkt og sá skáldskapur sem hann var að þýða. Andrésí og Jóni Óskari var mjög vel til vina og bar Jón virðingu fyrir því sérstaklega hversu fjölhæfur Andrés var, en hann var mikill tungumálamaður, góður óbóleikari, prýðilegur ljósmyndari og bókhneigður mjög. Andrés kynnti Jón m.a. fyrir verkum Franz Kafka: „Stundum lánaði hann [Andrés] mér bækur sem ég hafði áhuga á að lesa. Ein þeirra var *Prozessen* á norsku eða dönsku eftir Franz Kafka. Áhrif frá lestri þeirrar bókar komu síðar fram í einni smásögu minni.“ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 164.

staðnæmst sérstaklega við tvö skáld í þessari bók, T.S. Eliot og Marianne Moore. Um Moore segir hann: „Þessi skáldkona [...] orti svo einkennilega að ekki var hægt að byrja á ljóði eftir hana án þess að lesa það ljóð til enda. Hjá henni voru þau hrynjanditengsl frá einni ljóðlínu til annarrar sem brugðu nýjum blæ á efnið.“³⁸² Þessi orð eru athyglisverð, því Jón Óskar beitir sjálfur þessu stílbragði af mikilli list í þeirri viðleitni að byggja upp hrynjandi og verður að teljast víst að Moore hafi haft nokkur áhrif á skáldskap Jóns. Gott dæmi um þessa stíltegund Jóns Óskars má sjá í „Þú og veröldin“ sem er fyrsta ljóðið í *Nóttin á herðum okkar*:

Þú gengur einn um stíginn, leggst í grasið
og heyrir fótatak þúsundanna að baki

³⁸² Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 183. Marianne Moore (1887-1972) er mikilvægt skáld í amerískum mótternisma og það má teljast nokkuð sérstakt að Jóni virðist ekki vera kunnugt um hana. Tvö ljóð eftir Moore birtast í tilgreindu safnríti Jóns, það eru „Poetry“ og „The Monkeys“. Það er auðvelt að skilja hvað Jón Óskar á við með athugasemd sinni eins og eftirfarandi dæmi úr fyrrnefnda ljóðinu sýnir. Það er engu líkara en að ljóðið hlaupi á undan lesanda sínum; þannig er hrynjandin og oft og tíðum sérkennileg línuskipting:

the same thing may be said for all of us, that we
do not admire what
we cannot understand: the bat,
holding on upside down or in quest of something to
eat, elephants pushing, a wild horse taking a roll, a tireless
wolf under
a tree, the immovable critic twitching his skin like a horse
that feels a flea, the base-
ball fan, the statistician –
nor is it valid
to discriminate against “business documents and
school-books”; all these phenomena are important. One must make
a distinction
however: when dragged into prominence by half poets, the
result is not poetry,
nor till the poets among us can be
“literalists of
the imagination” – above
insolence and triviality and can present

for inspection, “imaginary gardens with real toads in them,”
shall we have
it. In the meantime, if you demand on the one hand,
the raw material of poetry in
all its rawness and
that which is on the other hand
genuine, you are interested in poetry.

Marianne Moore. „Poetry“ í *American Harvest*, bls. 196-197. Mörg höfundareinkenni Moore koma fram í þessu ljóði t.d. mjög tíðar vísanir. Sem dæmi um eina slíka má taka þetta úr næst síðasta erindinu: „literalists of / the imagination“, en hér vísar hún til orða Yeats er hann skrifar um William Blake og myndskreytingu hans við *Gleðileikinn guðdómlega*. Sjá t.d.: William Butler Yeats. *Ideas of Good and Evil*. A.H. Bullen, London 1903. bls. 182. Þá má til gamans geta þess að leiðir Moore og Jóns Óskars skerast einnig í frönskum þýðingum því Marianne Moore þýddi dæmisagnasafn hins franska Jeans de La Fontaine, *Fables choisies*, og var það enska skáldið Auden sem fékk hana til þess. Hún hóf að vinna að þýðingunni árið 1945 en það kom svo út hjá Viking Press árið 1954. Sjá t.d.: Celeste Goodridge. „Marianne Moore“ í *The Cambridge Companion to American Poets*, ritstj. Mark Richardson. Cambridge University Press, New York 2015, bls. 242.

trjáanna, hlustar, leitar einnar raddar
en nemur aðeins hjartslátt þinn og finnur
að þú ert einn og veröldin er rödd þín
sjálfs og rísta á fætur, lyftir höfði
og skyggnist um og gengur einn um stíginn
og finnur hjartað slá í brjósti þínu
og heyrir fótatak þúsundanna að baki
hjartslætti þínum, gengur einn um stíginn
og leitar þess sem hvergi finnst, og staldrar
á götuhorni, skyggnist milli trjáanna
í leit að augum sem þú hélzt í svipinn
að hefði brugðið fyrir milli trjáanna,
og veizt um leið að augu þessa heims
eru augu sjálfs þín, veröldin þín rödd,
og tilgangslaust að skyggjast um og hlusta
í hverja átt, þú gengur einn um stíginn.³⁸³

Því er þó ekki að leyna að það er fyrst og fremst Eliot sem fangar Jón með ljóðinu *Ash-Wednesday* í fyrrnefndu safnríti.³⁸⁴ „Ég var ekki fyrir byrjaður að lesa það kvæði en ég var orðinn heillaður. Það hefur eflaust verið fremur vegna stílsins en af því að ég skildi kvæðið, en vegna stílsins verð ég að sýna hvernig það byrjar, ef menn skilja þá þau áhrif sem það hafði á mig“.³⁸⁵ Í framhaldinu birtir Jón Óskar sex fyrstu línur þessa fræga ljóðs á frummálinu og svo strax þar á eftir þýðingu sýna á þeim:

Because I do not hope to turn again
Because I do not hope
Because I do not hope to turn
Desiring this mans gift and that mans scope
I no longer strive to strive towards such things
(Why should the aged eagle stretch its wings?)

Af því ég vænti þess ekki að snúa við aftur
Af því ég vænti þess ekki
Af því ég vænti þess ekki að snúa við
Þreyjandi eins manns gáfur og annars takmark
Ég þreyti ekki lengur þrautir slíkra gæða
(Hví skyldi aldinn örn þenja væng til hæða?)³⁸⁶

³⁸³ Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*, bls. 5.

³⁸⁴ Hér er sjálfsagt að geta þess að Jóhannes úr Kötlum þýddi brot úr „Öskudegi“ og kom sú þýðing út í *Annarlegum tungum* árið 1948. Jóhannes þýðir fimmta kafla ljóðsins og því annað en það sem Jón Óskar þýðir. T.S. Eliot. „Kafli úr Öskudegi“, þýð. Anonymus [Jóhannes úr Kötlum]. *Annarlegar tungur*. Heimskringla, Reykjavík 1948, bls. 7-8.

³⁸⁵ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 184.

³⁸⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 184. (T.S. Eliot)

Í framhaldinu ræðir Jón það háttfyrirbæri sem samtengir línu hverja af annarri³⁸⁷ og tilfærir um það betra dæmi úr sama ljóði. Aftur bregður Jón sér þar í hlutverk þýðanda, en dæmið sem hann tekur er upphaf annars hluta ljóðsins:

Lady, three white leopards sat under a juniper-tree
In the cool of the day, having fed to satiety
On my legs my heart my liver and that which had been contained
In the hallow round of my skull. And God said
Shall the bones live? And that which had been contained
In the bones (which were already dry) said chirping:
Because of the goodness of this Lady
And because of her loveliness, and because
She honours the Virgin in meditation,³⁸⁸

Þýðing Jóns á þessum ljóðlínunum er þannig:

Frú, þrjú hlébarðar hvítir sátu undir einiberjatré
í svala dagsins, og voru orðnir vel mettir
á fótum mínum, hjarta, lifur og því sem hafði verið
Inni í hnöttóttri höfuðskel minni. Og Guð sagði
Eiga þau bein að lifa? eiga þau
að lifa? Og það sem hafði verið
Inni í beinunum (sem þegar voru þurr) sagði kvakandi:
Vegna gæða þessarar Frúar
Og vegna ljúfleika hennar, og vegna
Þess að hún heiðrar Meyna í hugleiðingum³⁸⁹

Í framhaldinu lætur Jón þess getið að það hafi þó ekki aðeins verið hrynjandinn heldur og „hugmyndir og setningar sem orkuðu sterkt á mig í Öskudagskvæði Eliots, og þegar ég orti í þykku stílabókina mína á sjálfvirku símsstöðinni með heimsástand í huga, urðu til setningar sem trúlegast voru kynjaðar frá Eliot.“³⁹⁰ Að þessu sögðu rifjar Jón Óskar aftur upp bein áhrif á ljóðagerð sína – sömu sögu og hann segir nokkru framar í sömu bók og getið var um hér að framan. Hér er athyglisverð endurtekning í *Hernámsáraskáld*, er þetta stílbragð eða glöp? Rétt er að vekja athygli á því að Jón Óskar er aðeins tæpra 45 ára þegar hann skrifar þetta. Og

³⁸⁷ „Línustíkl“ kallar Bergljót Soffía Kristjánsdóttir þetta fyrirbæri; þessa aðferð. Sjá: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. *Fræðaskjóða: Bókmenntafræði fyrir forvitna*. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík og Bókaútgáfan Sæmundur, Selfossi 2020, bls. 61-62.

³⁸⁸ T.S. Eliot. „Ash-Wednesday“ bls. 89-99 í *The Complete Poems & Plays*. Faber and Faber, London 2004, bls. 91.

³⁸⁹ Jón Óskar *Hernámsáraskáld*, bls. 185. Það er ekki síður athyglisvert hvernig Jón fer með greinarmerkið punkt og notkun hástafs við upphaf ljóðlína í þessari þýðingu sinni. Hann notar (oftast) hástafi við byrjun línu líkt og Eliot, jafnvel þótt lína þar fyrir ofan hafi ekki endað á punkti. Þannig er þýðandinn ekki aðeins að þýða heldur og að brjóta íslenska greinarmerkjahefð án þess þó það væri nauðsyn þýðingarinnar vegna.

³⁹⁰ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 186.

nauðsynlegt er að hafa í huga að Jón Óskar var afar nákvæmur maður og lá mjög yfir textum sínum. Hér segir:

Í einum kaflanum í langa kvæðabálknum sem ég orti á þessum tíma og ég ímyndaði mér að væri svo merkilegur, var til dæmis þetta sem ég tilfæri eftir minni, eins konar stef sem endurtekið var aftur og aftur:

Guð, forða okkur frá stríði.
Forða okkur frá nýju blóðbaði.
Lát þetta vera nóg.
Miskunn. Miskunn!

Í Öskudegi Eliots, fyrsta kafla segir:

And pray to [etc. etc.]³⁹¹

Hvers vegna er þessi tvítekning á þessari sögu og af hverju eru hendingarnar ekki eins í báðum sögunum? Er ekki Jón einmitt hér í endurminningaprósa sínum að gera tilraun með nákvæmlega það sem hann er að greina frá að eigi sér stað í ljóðmáli Eliots og sínu í beinu framhaldi þar af? Hér er endurtekning sem bindur söguna, gerir sagnfræðina sennilegri en þó um leið tortryggilega, misræmið í hendingunum sáir þeirri tortryggni. En það sem er mest um vert er sú staðreynd að með því að koma með þetta litla sögubrot aftur með 150 blaðsíðna millibili í sömu bókinni slær Jón Óskar framvindu sögunnar á frest, við erum skyndilega að nýju á þeim stað sem greint var frá 150 blaðsíðum fyrr. Hér er á ferðinni fagurfræðileg frestun sem styðst við stílbragðið, endurtekningu.

Til þess að skýra frekar hvað átt er við með þessu er nauðsynlegt að átta sig á fagurfræðilegu erindi T.S. Eliot, hvaðan hann kom og hvert hann fór í þeim efnum – eða öllu heldur hvar hann var. Í grein sem birtist í *English Literary History (ELH)* árið 1998 og nefnist „T. S. Eliot and Ideology“ rekur Kenneth Asher hugmyndafræðilegan grundvöll T. S. Eliots aftur til frönsku byltingarinnar 1789 í gegnum hugsuði samtímans og fyrri alda. Hér er þó ekki um að ræða hugmyndafræðinga sem tóku byltingunni fagnandi heldur þvert á móti þá sem töldu nánast allar ófarir vestræns siðar eiga rót sína að rekja til þessa stóra atburðar. Hér er Rousseau litinn hornauga og settur í annað samhengi en venjulega, hér er hann útmálaður sem frum-rómantíkerinn (e. *the proto-romantic*). Hið franska kerfi átti grunn sinn í klassískri hefð og mótaði eðlilega lagskiptingu samfélagsins ásamt grunnstoðunum, kaþólicisma og royalisma. Því var litið á rómantíkina sem árás á hina regluföstu klassísku háttvísi, hún var árás á kirkju

³⁹¹ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 186. (T.S. Eliot).

jaft sem veraldlegt vald. Hún stuðaði, ásamt mótmælendatrúnni og lýðræðinu, kennisetningar sem miðuðu að reglu í hverju þjóðríki. Rómantíkin var m.ö.o. illur byltingarandi.³⁹² Einn aðalmaðurinn í þessum fræðum var Charles Maurras (1868-1952),³⁹³ íhaldssamur þjóðfélags- og bókmenntarýnandi og skáld, einn af hugmyndafræðingum *Action française*.³⁹⁴ Maurras varð fljótlega eftir að hann gekk í raðir *Action française*, hægrisinnaðrar pólitískrar hreyfingar sem barðist fyrir endurreisn konungdóms í Frakklandi, ritstjóri samnefnds blaðs hreyfingarinnar og áhrifamaður, hugmyndasmiður og leiðtogi. Menningarleg afstaða hans var flókin en segja má að grunni hennar sé ágætlega lýst í því að hann hafnaði germönskum áhrifum á franska þjóðmenningu, rómantíkerunum og þeim sem hann taldi afsprengi þeirra, sýmbólistunum. Maurras kallaði eftir viðsnúningi og vildi upphefja hin „sönnu“ frönsku gildi, sprottin úr klassískum grísk-rómverskum jarðvegi menningarlegrar gullaldar.³⁹⁵

Charles Maurras var viss um að Frakkland og franskt stjórnarfar væri spillt og að þjóðin væri þjád vegna þess að gyðingar og aðrir, lítt franskir (að hans mati) hópar tækju of mikið pláss. Þessi rasísku stef náðu eyrum fólks. Hreyfingin *Action française* var lík og síðari tíma rasískar fylkingar, eins og fasistahreyfingar seinna á öldinni náði hún til margra hópa í samfélaginu. Lægri millistétt samsamaði sig henni og kannski var ástæðan sú að boðskapur Maurras og hans manna talaði beint inn í aðstæður fólks sem tilheyrðu þessari stétt; til fólks sem taldi að gyðingar og útlendingar væru að hafa af því með einhverjum hætti. Þjóðremban sem *Action française* hélt fram spilaði inn á hégóma sem þessari stétt var nauðsynlegur, millistéttin trúði því að hún væri hin raunverulega þjóð, þjóðarsálin væri hennar. Ekkert var betra eldsneyti fyrir þessa hugmyndafræði en gyðingahatur og eins og áður og síðar var fjármagn gyðinga notað gegn þeim. Í grein sinni bendir Asher á að afstaða þessara manna til byltingarinnar hafi verið á andlegum nótum:

Byltingin fær svipaðar viðtökur og við henni er brugðist líkt og brugðist var við syndafallinu. Hún breytir sögunni en verður sjálf ekki skýrð nema frumspekilega, eins og sprengikraftur hins illa á sínum tíma (í gegnum umboð hins dáða Rousseaus). [...]

³⁹² Kenneth Asher. „T.S. Eliot and Ideology“ bls. 895-915, *ELH* 4/1988, bls. 895.

³⁹³ Sjá t.d. hér: Venita Datta. *Birth of a National Icon*, bls. 115, 205, 215 og víðar. Um Maurras og stefnuna, lauslega, í: Benedikt Hjartarson o.fl. (ritstj.). *Yfirlýsingar: evrópska framúrsteffnan – skýringar* bls. 347-375. Íslenskar þýðingar og skýringar, Áki G. Karlsson o.fl. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2001, bls. 372-374.

³⁹⁴ Sjá t.d. hér: Venita Datta. *Birth of a National Icon*, bls. 215.

³⁹⁵ Venita Datta. *Birth of a National Icon*, bls. 215; Michael Curtis. *Three Against The Third Republic*, bls. 120-124.

Það sem við getum verið viss um, samkvæmt þessum hugsuðum, er að heimurinn í dag mun halda áfram að skynja hörmulegt fall vegna þessa atburðar allt þar til endurkoma klassíkismans verður staðreynd.³⁹⁶

Frestunin í þessum hugmyndum byggir á því að þessi „endurkoma“³⁹⁷ eigi sér ekki stað eða láti á sér standa. Því er hinu nýja öllu tekið með sérstakri varúð og með grundvöll í hinu reglufasta, formlega óbrjótandi kerfi. Þetta verður æ ljósara eftir því sem rýnt er í fleiri hugsuði og framlag þeirra til þessarar umræðu hér á eftir. Endurkoman sem hér er til umræðu, þessi hugmynd um að eitthvað sem var nái sér á strik aftur, er í fullkomnu samræmi við *arrière-garde* hugmyndina, enda skrifar William Marx:

[...] á fyrsta og öðrum áratug síðustu aldar varð það svo að hin móðerníska bylting sjálf, þá er hún breiddist út um alla Evrópu fékk á sig þá skilgreiningu að hún væri einskonar endurlit til hins glataða klassíkisma; og týndrar hefðar. Að sjálfsögðu er hugmyndin um slíkt endurlit ekki óháð vitundinni um *arrière-garde* hugmyndina.³⁹⁸

Hin stranga franska hugmyndafræði sem var staðbundin og jafnvel einangruð í Frakklandi í hreyfingum eins og *Action française* fann sér leið til Ameríku.³⁹⁹ Asher bendir á að það sé í raun furðuleg staðreynd, því þessa hugmyndafræði hafi skort allar sögu- og félagslegar forsendur til þess að skjóta þar rótum.⁴⁰⁰ En það gerðist nú samt, þótt ekki væri alltaf nákvæmlega ljóst hvert væri stefnt og hver væri stefnan:

Sá klassíkismi sem boðaður var af Hulme, Eliot, Pound, Joyce og fleirum spilaði inn á margvíslega tvíræðni þessa hugtaks og því er erfitt að negla niður við hvað var átt. En gagnrýnar yfirlýsingar þessara höfundu birta okkur hugmyndafræði klassíkismans sem mjög tæknilega krefjandi, með sterkari hlutlægni og mun vísindalegri en rómantíkin sem var andstæðan.⁴⁰¹

³⁹⁶ Kenneth Asher. „T.S. Eliot and Ideology“, bls. 897. Skoðanabróðir og helsti stuðningsmaður Maurras var Pierre Lasserre (1867–1930) franskur ritgerðasmiður og blaðamaður.

³⁹⁷ Í enskunnri er talað um „second coming“ sem að sjálfsögðu er biblíulegt orðfæri líkt og líkingin við syndafallið.

³⁹⁸ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 66.

³⁹⁹ Hér er talað um hreyfingar því *Action française* var alls ekki eina aflið sem var með svipaðan hugmyndafræðilegan grundvöll, rómversk-kaþólskir konungssinnar, orléanistar og legitimistar komu saman í margvíslegum hópum en sú saga verður ekki rakin frekar hér, sjá t.d.: Fae Brauer. *Rivals and Conspirators: The Paris Salons and the Modern Art Centre*. Cambridge Scholars Publishing, Cambridge 2014, bls. 4.

⁴⁰⁰ Kenneth Asher, „T.S. Eliot and Ideology“, bls. 897.

⁴⁰¹ Patrick Parrinder. „Science and Knowledge at the Beginning of the Twentieth Century. Versions of the Modern Enlightenment“ bls. 11-29 í *The Cambridge History of Twentieth-Century English Literature*, ritstj. Laura Marcus og Peter Nicholls. Cambridge, Cambridge University Press, 2004, bls. 28.

Irving Babbitt prófessor í frönsku og almennum bókmenntafræðum við Harvard, tók þessu fagnaðarerið höndum tveim.⁴⁰² Hann tilheyrði hópi menningarfrömuða og menntamanna sem síðar fékk á sig yfirheitið, *Genteel Tradition* í amerískri menningarsögu.⁴⁰³ Babbitt skrifar árið 1908:

[...] þegar öllu er á botninn hvolft þá hafa Frakkar rétt fyrir sér þegar þeir gera sér grein fyrir hversu allt í hversdeginum er undir áhrifum frá, og/eða á þakkir skildar frá, Rousseau; þá hafa þeir rétt fyrir sér þegar þeir hvort heldur er, ráðast að miðju eða verjast miðju æðstaprests róttækninnar í stað þess að láta glepjust af róttæklingum samtímans, sem venjulegast eru úreltir og fjarlægir sporgöngumenn hans.⁴⁰⁴

Babbitt var duglegur að fóðra nemendur sína á þessum skoðunum og einlægur aðdáandi hans T.S. Eliot hreifst af. Hann fór til Frakklands og kynnti sér þar skrif Maurras milliliðalaust. Það er ekki þó fyrr en Eliot kemur til Englands að hann fer að umfaðma þessar hugmyndir sjálfur og máta þær við sitt eigið umhverfi, þar er hann kynntur fyrir fagurfræðingnum og skáldinu T.E. Hulme sem féll á vígvellinum, 1917.⁴⁰⁵ Það mun hafa verið Ezra Pound sem kynnti Eliot fyrir Hulme og boðskapurinn sem sá ágæti maður, Hulme, hafði fram að færa var æði merkilegur. Í formála að *T. E. Hulme: Selected Writing* kemst ritstjórinn Patrick McGuinness svo að orði er hann greinir áhrifaþæði skáldsins:

Hulme hafa verið ætluð ýmis söguleg hlutverk í því sem við skulum (varfærnislega) kalla módernisma: „hinn glataði faðir“⁴⁰⁶ (til dæmis ímagisma); miðlandi útleggjari (t.d. bergsonisma); spámannlegur andrómantíker (sem varð áhrifavaldur á klassíkisma Eliots) og krafmikill andhúmanisti; spámaður og útskýrandi (rúmfræðilegra lista og kenninga um þær); meistari nýrra róttækra listamanna (Lewis, Gaudier-Brzeska, Epstein); og maður sem með vitsmunum sínum blandaði saman ólíkum stefnum (svo sem sósíalisma, anarkisma og íhaldssamri pólitík).⁴⁰⁷

⁴⁰² Sjá t.d. hér: *Biographical Dictionary of American Educators*, ritstj. John F. Ohles. Greenwood Press, CT og London 1978, bls. 65-66.

⁴⁰³ Það hugtak var einmitt fundið upp af einum af lærlingum Babbitts, engum öðrum en heimspekingnum og rithöfundinum George Santayana (1863–1952), einum af mörgum íhaldsmönnum sem voru afsprengi þeirra kenninga sem Babbitt hélt fram. Líklega eru fáar heimildir jafn yfirgrípsmikilar um gagnrýnendur Babbitts og einmitt þessi, þó svo að hún haldi lengst af fram málstað Babbitts: George A. Panichas. „Introduction to the Transaction Edition“, bls. vii-xx (2006) og „Introduction“, bls. xxi-liii (1981) í *Literature, Culture and Religion* [safn ritgerða eftir Irving Babbitt.] Transaction Publishers, New Brunswick og London 2006.

⁴⁰⁴ Irving Babbitt. *Literature and the American College*. Boston 1908, hér vitnað eftir: Kenneth Asher. „T.S. Eliot and Ideology“, bls. 898.

⁴⁰⁵ Sjá t.d. hér: Patrick McGuinness. „Introduction“, í *T.E. Hulme: Selected Writings*, ritstj. Patrick McGuinness. Routledge, New York 2003, bls. vii-xlii.

⁴⁰⁶ Hér er orðaleikur í enskunnri sem vísar í Biblíuna, hér stendur: „prodigal father“ sem leiðir auðvitað hugann að sögunni um glataða soninn, The Parable of the Prodigal Son.

⁴⁰⁷ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. viii.

Í frægustu grein sinni „Romanticism and Classicism“, sem er rituð 1911/12, leggur Hulme ákveðinn grunn sem nauðsynlegt er að gefa nánari gætur. Hulme dregur enga dul á það að hugtökin séu pólitísk⁴⁰⁸ og þá sérstaklega vegna skrifa Maurras, Lasserres⁴⁰⁹ og annarra sem stóðu að *Action française* en sú hreyfing spratt með ákveðnum hætti upp úr hinu svonefnda Dreyfus-máli⁴¹⁰ og komu flestir þeir sem stóðu að stofnun hennar úr, þá annarri nýstofnaðri hreyfingu, *Ligue de la patrie française*, þeirra á meðal var Charles Maurras. Pólitískar skoðanir Maurras höfðu í raun vaxið upp af bókmenntalegum pælingum hans; bókmenntarýni. *Action française* hóf sitt innra starf með því að yfirfæra meginreglur þessarar fagurfræði og gera þær að grunnhugmyndum þeirrar félags- og stjórnmálafræði sem fylkingin vildi byggja á og að þeim breytingum sem hún vildi standa að og bera ábyrgð á.⁴¹¹

Á margan hátt var þessi fylking, *Action française*, líkust frummynd þeirra fasistahópa sem síðar áttu eftir að ná sér á strik í Evrópu. Fylkingin var vel skipulögð og hún náði í raun til afar margra og sundurleitra hópa í samfélaginu. Lægri millistétt samsamaði sig nánast skilyrðislaust með *Action française* vegna þess að kenningar þessara róttæku hægrimanna, sem oft voru mjög ruglingslegar þegar horft er á hinn pólitíska hægri/vinstri ás, höfðuðu til hagsmuna þessa fólks. Þjóðernishyggjan sem hreyfingin hélt á lofti daðraði við mannlegan hégómleik og sýndi stéttinni þá virðingu sem henni var svo nauðsynleg; en lægri millistétt fannst hún fá aukna þýðingu því *hún* væri hin eina sanna franska þjóð. Þá hlaut gyðingahatur einnig breiðan

⁴⁰⁸ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. 69. Á tímabili var ráðist nokkuð að Hulme fyrir, meðal annars, þessa grein og reynt að leiða í ljós að hann hefði ekki mikið til mála að leggja með henni. Jafnvel væri hann að notast við hugtök og skilgreiningar sem hann illa þekkti, ruglaði með eða tæki frjállega frá öðrum, sjá t.d.: Murray Krieger. *The New Apologists for Poetry*. University of Minnesota Press, Minnesota 1956; J. Bayley. *The Romantic Survival: A Study in Poetic Evolution*. Constable, London 1957; Ronald Primeau. „On the Discrimination of Hulmes: Toward a Theory of the "Anti-Romantic" Romanticism of Modern Poetry“ í *Journal of Modern Literature* 3/1974, bls. 1104-1122; J.B. Harmer. *Victory in Limbo: A History of Imagism 1908-1917*. St. Martin's Press, London 1975. Í grein Patricia M. Rae „T. E. Hulme's French Sources: A Reconsideration“, í *Comparative Literature* (Winter) 1989, bls. 69-99 má segja að loks hafi verið komið til varnar Hulme og það svo um munar og telja má að sú grein gefi skrifum Hulme aftur þann sess sem þeim ber.

⁴⁰⁹ Pierre Lasserre (1867–1930) var bókmenntagagnrýnandi og blaðamaður sem vann mjög náið með Maurras lengi vel en fjarlægðist þó Maurras og fylkinguna er á leið. T.E. Hulme var undir miklum áhrifum af Lasserre og vitnar oft til hans í skrifum sínum. Sjá t.d.: Göran O:son Waltå. *Poet Under Black Banners: The Case of Örnulf Tigerstedt and Extreme Right-Wing Swedish Literature in Finland 1918-1944* (doktorsritgerð frá Uppsalaháskóla 1993) Almqvist & Wiksell International, Stokkhólmi 1993, bls. 291.

⁴¹⁰ Alfred Dreyfus, liðsforingi í franska hernum, var tekinn höndum árið 1894, grunaður um njósnir fyrir Þjóðverja. Í kjölfar réttarhalds var hann dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir landráð. Franski herinn stóð á þeim tíma í þeirri meiningu að Dreyfus væri sekur. Tveimur árum síðar komu fram gögn sem staðfestu að svo var ekki. Annar liðsforingi, Ferdinand Esterhazy, var í raun hinn seki. Í stað þess að leysa Dreyfus úr haldi og rétta yfir Esterhazy stungu nokkrir hershöfðingjar sönnunargögnunum undan af ótta við að málið myndi skaða orðspor hersins í augum almennings og ráðamanna. Þessari sögu, sem flestum á að vera kunn, hafa verið margofterð skil í kvikmyndum og bókmenntum en ekki verður hún rakin frekar hér því hún *per se* er utan við viðfangsefni þessarar rannsóknar. Sjá t.d.: Alison Finch. *French Literature*, bls. 103-104.

⁴¹¹ Louis Menand. *Discovering Modernism: T.S. Eliot and His Context*. Oxford University Press, New York 2007, bls. 168.

hljómgrunn vegna þess að margir gyðingar áttu fjármagn og því hægt að ala á öfund í þeirra garð og kenna þeim um flest sem miður fór í samfélaginu – og þar með það sem bitnaði á þessari fjölmennu lægri millistétt.⁴¹²

Maurras og félagar töldu að nær allt sem aflaga hafði farið í Frakklandi mætti rekja til byltingarinnar 1789, sem hefði verið rangnefnd frönsk bylting, en það hefði hún alls ekki verið. Byltingin hefði verið úr heilabúi Rousseaus sem hann kallaði „heimilislausan flæking frá Genf“.⁴¹³ Í huga Maurras var lýðræðið ekki bara tóm vitleysa heldur var það beinlínis illt og banvænt hverju samfélagi. Hann vildi meina að lýðræði og almenn lýðréttindi gætu ekki endað með öðru en ósköpum: stjórnleysi. 1789 byltingin er í raun heimsslitaaðgerð, þar sem hið siðræna í manningum býður hnekki; regluföstum heimi er komið á kné. Gegn lýðræði og kalvínisma boðaði Maurras konungsvald og kaþólsku. Allt illt var frá Rousseau komið.⁴¹⁴

Það verður að teljast áhugavert hvar þessar hugmyndir, og aðrar sambærilegar, komu opinberlega fram á Íslandi. Árið 1929 kynnir blaðið *Lögrjetta* Maurras í nokkuð ítarlegri grein, þar sem segir m.a.:

Þótt flokkur konungssinna hafi nú mjög lítil hagnýt áhrif á frönsk stjórnmal og Maurras sje nú fallinn í ónáð páfans hefur rithöfundarstarfsemi Maurras haft mjög mikið gildi. Hann er fulltrúi hinnar klassisku stefnu, talsmaður fyrir röð og reglu, fyrir aga og skynsemi og þjóðrækni gagnvart allskonar upplausnar- og byltingaröflum, óþjóðlegum að hans áliti, öflum sem hafi orðið frönsku og evrópsku þjóðlífi til tjóns frá dögum upphafsmanns þeirra Rousseaus.⁴¹⁵

Hitt þarf minna að koma á óvart að í *Mjölmi*, málgagni Þjóðernissinnaðra stúdenta, má lesa sömu viðhorf til Rousseaus og *Action française* boðaði í Frakklandi nokkru fyrr:

Þjóðfélag, þar sem allt er sameign og eignarréttinum algjörlega neitað, verður aldrei til og hefur aldrei verið til, Rússland kommúnistanna ekki undanskilið. Slíkt yrði hreinasta stjórnleysi, þar sem rán og þjófnaður væri þannig í rauninni lögleitt. Þó hafa þeir menn verið til, sem hafa talið eignarréttinn undirrót alls ills í mannlegu lífi og því viljað afnema hann, t. d. William Godwin, Rousseau, Proudhon, Diderot, Brissot de Warville o. fl.⁴¹⁶

⁴¹² Jean-Marie Mayeur og Madeleine Rebirioux. *The Third Republic from Its Origins to the Great War, 1871-1914*, þýð. J.R. Foster. Cambridge University Press, Cambridge og New York 1987, bls. 295-298.

⁴¹³ Michael Curtis. *Three Against the Third Republic*, bls. 82-86.

⁴¹⁴ Michael Curtis. *Three Against the Third Republic*, bls. 82-86.

⁴¹⁵ „Charles Maurras og dagleg störf ritstjórans“ bls. 1-2 í *Lögrjetta* 22. maí 1929, bls. 1.

⁴¹⁶ „Straumhvörf“ bls. 49-55 í *Mjölmi* 5-6/1934, bls. 55

Þessi tilvitnun er ekki einsdæmi úr skrifum *Mjölnis*, árið eftir mátti lesa þessa klausu í ritdómi um kver Gunnars Árnasonar *Socialisminn*:⁴¹⁷ „Margir þeirra, sem helztir eru taldir forvígismenn socialismans, svo sem t.d. Rousseau, Saint-Simon, Capet o.fl., voru blátt áfram ekki með öllum mjalla. Mestur hluti ritsins fjallar auðvitað um kenningar Júðans Karls Marx.“⁴¹⁸

Áður en íslenskir nasistar höfðu bergmálað þessa orðræðu – eða svipaða – þá hafði T.E. Hulme skoðað þessi málefni ofan í kjölinn og var sama sinnis og Frakkarnir, enda sótti hann þangað sitt andlega fóður, að þessu leyti. Hulme segir að það hafi ekki verið hugmyndin um mannréttindi, frelsi mannsins, sem hafi verið drifkrafturinn á bakvið þá bylgu sem fékk fólk til að trúá því að eitthvað gott gæti komið út úr svo gjörsamlega neikvæðri aðgerð sem byltingin 1789 að sönnu var. Nei, að mati Hulmes voru það órarnir í Rousseau sem komu þessu öllu af stað og það er af þeim sem Hulme dregur skilgreiningu sína á rómantík:

Þeir höfðu lært það af Rousseau að maðurinn væri í eðli sínu góður, að það væri aðeins slæm löggjöf og vondar hefðir sem hefðu bælt hann niður. Væri þetta tvennt afmáð gætu óendanlegir möguleikar mannsins átt tækifæri. Það var nákvæmlega þetta sem fékk þá til að trúá því að eitthvað jákvætt gæti komið út úr óreiðu, það var þetta sem skóp hinn trúarlega ákafa. Hér liggja rætur allrar rómantíkur: að maðurinn, einstaklingurinn, sé óþrjótandi uppspretta möguleika og bara ef þú getir endurhannað þjóðfélagið með því að gereyða hinu kúgandi valdi þá muni möguleikarnir fá sitt tækifæri og þú framfarir.⁴¹⁹

Síðan segir Hulme að skilgreiningin á hinu klassíska fáist með andstæðu þessa: „Maðurinn er óskaplega endanlegt og takmarkað dýr og eðli hans er fullkomlega stöðugt. Það er aðeins með hefð og skipulagi að hægt er að fá eitthvað sómasamlegt út úr honum.“⁴²⁰ Þannig, einfaldað, sér Hulme möguleikana: maðurinn er eðlislægt góður en spilltur af möguleikum, eða; eðlislægt takmarkaður en agaður af hefð og reglufestu sem gerir honum mögulegt að láta gott af sér leiða. Og Hulme tekur dæmi: „Að mati annars aðilans er maðurinn líkastur brunni, að mati hins eins og fata. Það viðhorf að maðurinn sé eins og brunnur, uppspretta full af möguleikum, segi ég að sé rómantík. Klassískt kalla ég það viðhorf að líta á manninn sem fullkomna og endanlega smíð.“⁴²¹ Að þessu sögðu viku Hulme að trúarþörf hvers manns, sem hann telur mikilvægan þátt í þessu og eðlilegan, en að þeim áherslum Hulmes verður vikið síðar í þessari rannsókn.

⁴¹⁷ Gunnar Árnason. *Socialisminn* 1. bindi. Útgáfufélagið Edda, Reykjavík 1935.

⁴¹⁸ St. V. „Sauðagærunni svift“ bls. 54-56 í *Mjölur* 6/1935, bls. 55.

⁴¹⁹ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. 69.

⁴²⁰ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. 70.

⁴²¹ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. 70.

Að þessu sögðu er ekki úr vegi, áður en lengra er haldið með Hulme, að benda á þau sláandi líkindi sem eru með heimspeki Hulmes og sumu af því sem Sigurður Nordal skrifar um einlyndi og marglyndi, nánar tiltekið um lífskoðun:

Við sjáum í þroska mannsins tvær stefnur: að gera hann sífellt óháðari, að gera hann part í sífellt stærri og stærri heild, sem í fljótu bragði gætu virzt andstæðar, og fara þó einmitt saman. Maðurinn er á frumstigi sínu háður öllu, sem til hans nær. Hann er þræll efnisins, þjóðfélagsins, eiginna [svo!] hvata. Hann er ekki sjálfstæð vera, nema að nafninu til. Þegar hann eignast hugsjón af sjálfum sér og orku til þess að stefna að henni, er það stórt framfaraspor. Hann hefur nú eignast vald yfir sjálfum sér, það gefur honum vald yfir öðrum. Í stað þess að vera þræll fastur á fótum, er hann orðinn víkingur, sem trúir á mátt sinn og megin og sefur aldrei undir sótkum ási.⁴²²

Hér er samhljómur í mörgu, við sjáum þessa mynd af manninum sem ófullkomnum, og það er hugsjónin sem hann eignast af sjálfum sér sem mótar og gerir hann gildandi. Klassík Sigurðar birtist í víkingalíkingunni, nær klassíkisma verður vart komist í íslensku samhengi. Það rímar við hið klassíska viðhorf Hulmes.⁴²³

Þá snýr Hulme sér að ljóðmálinu, hvernig þessir þættir birtast í skáldskapnum. Hann dregur ekki dul á hversu flókið verkefni það sé. Í byrjun greinar leitar hann reyndar í smiðju Samuels Taylors Coleridge þegar hann styður sig við hugtökin „fancy“ og „imagination“ og þá um leið færir hann með skemmtilegum hætti áttaksviðið frá Frakklandi til Bretlands.⁴²⁴ En svo kveður Hulme upp úr með hvað hann eigi við þegar hann talar um *hið klassíska í ljóði* (e. classical in verse) og þá er komið að því sem hér verður talið þyngdarpunktur þess sem Hulme hefur fram að færa og á mest erindi inn í þessa rannsókn, hann segir:

Það sem ég á við með hinu klassíska í ljóði, er þá þetta. Það er alltaf fyrirvari, jafnvel í magnaðasta hugarflugi er alltaf eitthvað sem stemmir á móti, dregur úr. Hið klassíska skáld gleymir aldrei þessum mörkum, þessu þanþoli, takmörkun mannsins. Skáldið gleymir því aldrei að það er samsamað jörðinni, jarðtengt.

⁴²² Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 243-244.

⁴²³ Það er rétt að geta þess að Jón Óskar er ekki eina norðurlandaskáldið sem er óbeint undir áhrifum frá Hulme. Sýnt hefur verið fram á svipuð tengsl hvað varðar finnsk-sænska höfundinn Örnulf Tigerstedt (1900-1962). Göran O:son Waltå. *Poet Under Black Banners*, bls. 288-299. Þá er rétt að geta þess að Tigerstadt var einnig, líkt og Jón Óskar, mjög hugfanginn af tímanum, virkni hans og stöðu mannsins í tímanum. Mörg ljóða hans bera þessa vitni. Hér verður aðeins eitt tilfært: „Hur vackert vilar icke världen! / Vart ting fullbordar / i tidens mantel sluten / i cyklisk rytm sitt väsens harmoni.“ Örnulf Tigerstedt. „Etervind“ í *Modärn Finlandssvensk Lyrik* ritstj. Rabbe Enckell. Fahlcrantz & Co., Stokkhólmi 1991, bls. 189.

⁴²⁴ Coleridge fæst við þetta í skáldskaparfræði sinni og segir þar m.a. þetta: „My own conclusions on the nature of poetry, in the strictest use of the word, have been in part anticipated in the preceding disquisition on the fancy and imagination.“ Síðan heldur hann áfram að rýna í þessi tvö hugtök og finna þeim dæmi. Samuel Taylor Coleridge. *Biographia Literaria: My Literary Life and Opinions*. R. Fenner, London, 1817, bls. 11-12.

Það getur stokkið upp, en það fellur alltaf til baka; skáldið flýgur aldrei í burt og inn í allt um lykjandi andrúmsloftið.⁴²⁵

Það er ekki aðeins að í þessari tilvitnun verði eskatólógían afar skýr heldur liggur hér einnig kjarni þeirrar fagurfræði eða skáldskaparfræði sem ég kys í þessari rannsókn að kenna við endurtekninguna – en mætti þess vegna kenna við, hik. Hér má einnig sjá hugsun um taumhald, kannski ekki ólíkt því taumhaldi sem rætt var fyrr í þessum kafla; taumhaldið sem Sigurður Nordal vildi hafa á þróun og breytingum á nútímabókmenntum. Og þessa eðlisþætti ljóðmálsins sem Hulme telur einkenna klassíkina grípa þeir sem sitja við fótskór hans. Hér er ágætt dæmi úr ljóðinu „The Dry Salvages“ úr *Four Quartets* eftir Eliot:

And under the oppression of the silent fog
The tolling bell
Measures time not our time, rung by the unhurried
Ground swell, a time
Older than the time of chronometers, older
Than time counted by anxious worried women
Lying awake, calculating the future,
Trying to unweave, unwind, unravel
And piece together the past and the future,
Between midnight and dawn, when the past is all deception,
The future futureless, before the morning watch
When time stops and time is never ending;
And the ground swell, that is and was from the beginning,
Clangs
The bell.⁴²⁶

Þessi skáldskapur Eliots hefur öll einkenni þau sem Hulme nefnir, í textanum er vissulega ákefð og framvinda en einnig meðvitund um tímann sem afl og sem drifkraft í sjálfu ljóðmálinu en samt ofurseldan endurtekningu, einskonar hiki eða stöldrúningu sem kallar á að byrjað sé upp á nýtt, nýr tími hefjist sem samt sé sá sami tími og fjallað er um. Hér er ágætt að minnast orða Pounds sem sagði í ritgerðinni „How I Began“ (1913): „Listamaðurinn er sífellt að byrja. Sérhvert listaverk sem ekki er byrjun, uppfinning eða uppgötvun, er lítils virði.“⁴²⁷ Þá hugmynd má líka sjá í þessu broti eftir Eliot, „And piece together the past and the future / Between midnight and dawn, when the past is all deception.“ Jón Óskar yrkir síðar ljóð sem hann kallar,

⁴²⁵ T.E. Hulme. *Selected Writings*, bls. 71.

⁴²⁶ T.S. Eliot. *The Complete Poems & Plays*, bls. 185.

⁴²⁷ Ezra Pound. „How I Began“ í *T.P.'s Weekly* 6. júní 1913, bls. 707.

„Um mann og konu“ og þar má einnig sjá þetta klassíska tregafulla afturhald, eða hik og endurtekninguna sem undirstrikar fyrirvara um tímann. Þar er ljóðmálið þungað af þeirri hugmynd Hulmes að hið klassíska ljóðskáld gleymi ekki endanleikanum:

Hvað getur þú gefið mér,
þú sem vilt ekki deyja,
eins og ég hvað get ég gefið
þér sem vilt ekki fara

og ég sem vil ekki fara
og þú sem vilt ekki deyja

ég rétti þér einn vetur
af lífi rétti þér feiminn
einn vetur fullan af lífi

þú réttir mér eitt sumar
af lífi réttir mér feimin
eitt sumar fullt af lífi.⁴²⁸

Jón er hér öllu trúr frá Hulme til Eliots, hrynjandinn sem rekur sig línu fyrir línu og tengir þannig ljóðið saman með þeim hætti sem að framan var greint, bindur þannig söguna í ljóðinu. Og klassíkin er í þessu andartaki sem ljóðmælandinn lýsir – hún er fegurðin í þessu smáa eins og Hulme benti á að væri ekki bara möguleiki heldur staðreynd, hylling rómantíkurinnar væri gagnslaust fánýti.

Annað ljóð þar sem greina má sterk tengsl milli hugmyndaheims Jóns Óskars og T.S. Eliots er ljóðið „Faðir minn og hafið“ sem kallar ákaft til ljóðs Eliots „Rhapsody on a Windy Night“ en hér er þeim ljóðum stillt upp samhliða svo lesandi geri sér betur grein fyrir samhljómi þeirra:

⁴²⁸ Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*, bls. 8

„Faðir minn og hafið“

I.

Dóttir mín tínir skeljar í fjörunni
og lítil þangblöð með hvítum dílum
og smágler sem hafið hefur slípað
undursamlega og sæbarða steina
undursamlega og smávxna kuðunga
og sandurinn er til að skrifa í.
Ég hef staðið á marbakkanum.

Ég sé dóttur mína í fjörunni
og þá er ég úti á þjóðveginum
og frá þjóðveginum sé ég hafið
og ströndina, og heimurinn er minn.

II.

Ég sé dóttur mína í fjörunni.
Ég leik á orgel fyrir föður minn
og faðir minn syngur hjartnæmt:
„Ég elska hafið æst“.

Ég sé föður minn róa út á hafið.
Ég sé föður minn berjast við hafið
á brotnu fleyi er stormur gnýr
og dauðinn syngur í hverri rá
og enginn syngur: Ég elska hafið æst.
Klukkan slær.

Ég horfi á dóttur mína í fjörunni
og fer til hennar og færi hana úr sokkunum
og hleyp með hana út í öldurnar
til að kenna henni að þekkja öldurnar
og hræðast þær ekki, en hún hræðist þær,
því þær koma og fara, koma og fara.
Klukkan slær.

III.

Aldrei aldrei talaði hann um sjóinn
eftir tvo tugi ára á sjónum,
en keypti orgel handa ungum fingrum
svo þeir lékju eitthvað ljúft
um fegursta blómið og bjartasta brosið,

„Rhapsody on a Windy Night“

Twelve o'clock.
Along the reaches of the street
Held in a lunar synthesis,
Whispering lunar incantations
Dissolve the floors of memory
And all its clear relations,
Its divisions and precisions,
Every street lamp that I pass
Beats like a fatalistic drum,
And through the spaces of the dark
Midnight shakes the memory
As a madman shakes a dead geranium.

Half-past one,
The street lamp sputtered,
The street lamp muttered,
The street lamp said, "Regard that woman
Who hesitates towards you in the light of the
door
Which opens on her like a grin.
You see the border of her dress
Is torn and stained with sand,
And you see the corner of her eye
Twists like a crooked pin."

The memory throws up high and dry
A crowd of twisted things;
A twisted branch upon the beach
Eaten smooth, and polished
As if the world gave up
The secret of its skeleton,
Stiff and white.
A broken spring in a factory yard,
Rust that clings to the form that the strength
has left
Hard and curled and ready to snap.

Half-past two,
The street lamp said,
"Remark the cat which flattens itself in the
gutter,
Slips out its tongue
And devours a morsel of rancid butter."

<p>ég hugði það vera fegursta blómið sem sæist frá hafinu og bjartasta brosið sem sæist frá hafinu, og síðan, þegar ég gat leikið, hvað gat ég annað en leikið fyrir hann það sem hann bað um: „Ég elska hafið æst, er stormur gnýr“. Og hvort skilur þá einhver, að ég hræðist ekki hafið þegar ég hræðist hafið og kenni dóttur minni að hræðast ekki hafið þegar hún hræðist hafið? Það kemur þrúfaldlega yfir mig að ég sezt við orgelið og leik og syng fullum hálsi: Ég elska hafið æst er stormur gnýr. - Klukkan slær.</p>	<p>So the hand of a child, automatic, Slipped out and pocketed a toy that was running along the quay. I could see nothing behind that child's eye. I have seen eyes in the street Trying to peer through lighted shutters, And a crab one afternoon in a pool, An old crab with barnacles on his back, Gripped the end of a stick which I held him.</p>
<p>IV.</p> <p>Enginn þarf að hrópa hátt þótt ég segi að ég viti ekki hvað ég sé að gera og segi að ég viti ekki hvað ég sé að syngja og segi að ég viti ekki hvert ég sé að fara og segi að ég viti ekki hvað ég sé að segja, því ég hef áður sagt mér til áfellis: Veiztu hvers þú leitar, er þú leitar? En í þetta sinn veit ég hvað ég er að gera , þegar ég sé merkilega stórt skip, togara og seglskip í einni mynd speglast í augum telpunnar í sandinum við hafið um leið og hún spyr um hafið. Ég er að blessa föður minn og hafið.</p>	<p>Half-past three, The lamp sputtered, The lamp muttered in the dark. The lamp hummed: "Regard the moon, La lune ne garde aucune rancune, She winks a feeble eye, She smiles into corners. She smoothes the hair of the grass. The moon has lost her memory. A washed-out smallpox cracks her face, Her hand twists a paper rose, That smells of dust and old Cologne, She is alone With all the old nocturnal smells That cross and cross across her brain." The reminiscence comes Of sunless dry geraniums And dust in crevices, Smells of chestnuts in the streets, And female smells in shuttered rooms, And cigarettes in corridors And cocktail smells in bars.</p>
<p>V.</p> <p>Ég sé föður minn og hafið og ég sé móður mína og hafið Ég sé orgelið smíðað úr sjávarseltu og sjávardrunga og súgandi báru og dýrð glitrandi kuðunga smárna sem dóttir mín heldur í mjúkum lófa í skeljóttum sandi og hvítum við hafið meðan ég sé föður minn og hafið og móður mína sem heldur ein jólin með börnum sínum og horfir, horfir í gegnum loga lítilla kerta í fjarskann á hafið, á föður minn og hafið</p>	<p>The lamp said, "Four o'clock, Here is the number on the door. Memory! You have the key, The little lamp spreads a ring on the stair, Mount. The bed is open; the tooth-brush hangs on the wall, Put your shoes at the door, sleep, prepare for life." The last twist of the knife.⁴³⁰</p>

⁴³⁰ T.S. Eliot. *The Complete Poems & Plays*, bls. 24-26.

þar sem aðeins er hafið, faðir minn og hafið
meðan jólaljósinn loga við hafið
og börnin fá væran svefn við hafið.

Klukkan slær.

Ég sé hendur föður míns færa okkur björgina
einn fagran dag og ég heyri hann segja
sögur af því sem var undarlegt, undarlegt,
eins og í þjóðsögu, hinumegin við hafið.

VI.

Og dóttir mín heldur á glitrandi skeljum
og hlær að öldunum og þekkir ekki hafið
og hleypur undan öldunum hratt í sandinum,
hleypur til að finna mörg undur við hafið
eins og í þjóðsögu og spyr mig um undrin
sem finnast í fjörunni og krýpur og biður
guð um að láta sig finna einn krossfisk,
hún þráir svo ákaft að finna einn krossfisk,
hann má vera lítill og einn, aðeins einn.
En ég hef sagt henni að fjaran sé breytt
og nú sé það hending að finna slíkt undur,
en hún lætur sig ekki og ég sé hana á lengdar
leggjast á hnén og spenna greipar:
Aðeins einn lítinn, lítinn krossfisk.
Ég færi henni lítinn sæbarinn stein
og dóttir mín gleðst og fer aftur að leita
að undrunum sem finnast við hafið
og tekur á sprett og hleypur undan öldunum,
því hún er að læra að þekkja hafið
og heldur á litlum sæbörðum sprekum
og glitrandi skeljum við hafið.

Klukkan slær.⁴²⁹

Í báðum þessum ljóðum slær klukkan reglulega, hún markar tímann þótt það sé aðeins í ljóði
Eliots að tiltekið hvað klukkan sé. Jón læðir tímanum inn í gegnum myndir, þar má nefna
„smágler sem hafið hefur slípað“ og „sæbarða steina“, báðar þessar myndir eru harðar, lýsa
hörðu efni sem tíminn þó vinnur á. Og líkt og minningarnar sem eru óreiðukenndar hjá
ljóðmælenda eru öldurnar sem „koma og fara, koma og fara“.

Í báðum ljóðunum er líðandi í tærri mynd, það er að segja gangverk klukkunnar er ekki
gangverk ljóðmælendanna, segja má að vitund ljóðmælenda færast aftur þrátt fyrir að tíminn
gangi fram. Við þetta skapast spenna, raunvera tímans, tíma klukkunnar er læst eða hann er
handan við þann þráð sem hugurinn vinnur eftir og það endurlit sem á sér stað í ljóðmálinu.

⁴²⁹ Jón Óskar. *Þú sem hlustar*, bls. 73-78.

Klukkan er hér ómarktæk en tíminn fylgir veru mannsins. Hér endurómar í raun hugmynd Bergsons um líðandina:

Fullkomin líðandi er myndin sem meðvitað ástand okkar tekur á sig er sjálfið gefur sjálfu sér frelsi til að vera til, þegar það neitar að aðgreina ástandið sem nú ríkir frá ástandinu sem var. Sjálfið þarf alls ekki, hér, að vera upptekið eða upphafið af tilfinningunni sem ríkir í núinu, það myndi í raun ekki leiða til annars en að það ástand myndi hætta að vara. Það skal heldur ekki tapa eða gleyma því ástandi sem var. Það er nóg að þegar sjálfið gruflar í sínu fyrra ástandi, að það bara ekki stilli það af á ákveðnum punkti, að baki núverandi ástandi, heldur myndi það eðlilega heild úr nútíð og fortíð, líkt og þegar tónlist er rifjuð upp og nóturnar líkt og renna saman í heild.⁴³¹

Í ljóði Jóns Óskars, sem vissulega virðist hafa lengri innri tíma en ljóð Eliots, flöktir einmitt sjálfið, stúlkan – faðirinn, en ljóðmælandinn stendur eins og miðill þar á milli. Klifunin er á sínum stað í báðum ljóðunum og sú klifun, endurtekning, beinist einmitt að hiki eða óvissu. Minningarnar sækja á báða ljóðmælendur en óvissan þjakar þá, líklega vegna þess að þeir fara gegn hinum eiginlega tíma, það er ef til vill óhugnanleg reynsla.

2.3.1. Hik, frestun, upplausn

Rebecca Beasley segir í bók sinni *Theorists of Modernist Poetry: T.S. Eliot, T.E. Hulme, Ezra Pound*: „Bilið er einkenni á fyrstu ljóðum þeirra Eliots, Hulmes og Pounds, gapið, á milli tungumálsins og reynslunnar. Þeir líkt og sýmbólistarnir vekja athygli á takmörkunum tungumálsins á sama tíma og þeir eru að reyna að vinna bug á þessum sömu takmörkunum.“⁴³² Hér má enn sjá að vísað er til spennu á milli ljóðmáls og tungumáls, tungumálið dugar ekki til fulls við lífslýsingar en er samt verkfæri þessara manna. Endurtekningin, hikið, efinn og vissan um endanleika mannsins leika saman í þeirri atlögu sem skáldin gera til þessa að fylla í þetta tóm sem Beasley nefnir. Þessi glíma er einnig Jóni Óskari ævilangt verkefni.

[É]g sá ekkert annað en leiðina til skáldskapar gegnum tónlistarskólann og frjálrsræði sem gerði mér fært að fara til útlanda og víkka sjóndeildarhring minn. Þá virtust horfur á því um tíma að þjóðin ætlaði að stefna til framfara. Það gat verið bjart framundan. Samt voru kvæði mín sum í andstöðu við bjartsýnina. Það var eins og yfir mig kæmi spásagnarandi eða einhver væri að yrkja í gegnum mig. Ég get ekki sjálfur fyllilega skilið hvers vegna sum kvæði mín urðu eins og þau urðu.⁴³³

⁴³¹ Henri Bergson. *Essai sur les données immédiates de la conscience*. PUF, Paris 1970, bls. 48. Hér er einnig rétt að hnykkja á því hvernig hugmyndir Giorgios Agamben sem áður hefur verið vikið að ganga fullkomlega upp í þessu tilliti.

⁴³² Rebecca Beasley. *Theorists of Modernist Poetry*, bls. 28.

⁴³³ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 33-34.

Hér eru augljós tengslin við sýmbólismann, upplausn persónuleikans⁴³⁴ er hér undirliggjandi og hugmyndin um skáldið sem sjáanda, eða miðil. Þessi hugmynd um spásagnarandann er kunn frá fornu fari en fá skáld hafa gert þessu eins ítarleg skil og Arthur Rimbaud. Í frægu bréfi sem hann ritaði til Paul Demeny,⁴³⁵ að vorlagi árið 1871, útfærir hann að nokkru hugmyndina um skáldið sem sjáanda. Þar segir meðal annars:

Ég segi að maður verði að vera *sjáandi*, gera sig að *sjáanda*.

Skáldið gerir sig að sjáanda með langri, óhemjulegri og nákvæmri *brenglun allra skilningarvitanna*. Allra tilbrigða ástar, þjáninga og brjálæðis leitar það í sjálfu sér. Það neitir alls eiturs, og gefur aðeins gaum að kjarna þess. Ósegjanleg þjáning krefst allrar sannfæringar þess, alls þess ofurmannlega styrks, þar til það verður á meðal allra manna hinn mesti sjúklingur, mesti glæpamaður, mesta fíflíð – og hinn stórbrotni Vitringur! – Því það kemur að *hinu ókunna!*⁴³⁶

Hjá Rimbaud er sú hugmynd að skáldið sé sjáandi ekki líkingamál. Hann hamrar hér á því að að skáldið sé talsmaður eða brautryðjandi grósku og framfara í skáldskaparfræðum, fagurfræði, í sókn – en með áherslunni á eitrið skín dekadensinn í gegn. Og samspil eiturs og líkama vekur brenglun, vekur anda. Það að kalla skáldið sjáanda er dulspekileg yfirlýsing en um leið samfélagsleg, allt að því þjóðfélagsfræðileg stefnuyfirlýsing. Skáldið lýsir því yfir að það sé meira en skáld, það er líka þjóðfélagsrýnir. Hugmyndin greinist því gróflega í tvennt: 1. Hún er pólitísk. 2. Hún er af mystískum toga. Sú fyrri lítur að því að skáldið fer úr hefðbundnu hlutverki skáldsins og gerist púlsmáður fyrir samfélag sitt; sú seinni að því að skáldinu finnst að það sé með einhverjum hætti útvalið, það það hafi þá köllun að fara á undan, ryðja braut.

Jón Óskar fann sig í báðum þessum hlutverkum, en þó með ólíkum hætti. Fyrri liðurinn er auðskilinn í tilfelli Jóns, bæði var að hann orti oft og tíðum á mjög pólitískum nótum, eins og Jóhann Árelíuz orðar svo vel: „Ekkert okkar helstu skálda hefur til jafns við Jón Óskar ort fögur og innileg ljóð um frelsi þjóðarinnar og áþján eftir stríðið seinna.“⁴³⁷ En hitt var ekki síður að hann tók þátt í þjóðmálaumræðu og lét frá sér fara mjög pólitísk verk, eins og til dæmis

⁴³⁴ Nánar verður komið inn á þessi tengsl síðar í ritgerðinni þar sem vísað er til skrifa Stéphane Mallarmé.

⁴³⁵ Paul Demeny (1844-1918) var franskt skáld. Hann var nokkuð virkur í útgáfumálum og var t.d. einn af meðstofnendum bókmenntaritsins *La Jeune France* (1878), eins var hann um hríð einn af stjórnendum bókaforlagsins Librairie artistique. Sem skáld var hann ágætlega metinn en líklega er hann þó frægastur í dag fyrir að vera viðtakandi hins fræga „Sjáandabréfs“ (Lettre du Voyant) frá Rimbaud. *Anthologie des poètes français du XIXème siècle* 3. bindi, ritstj. Alphonse Lemerre. París 1887-1888, bls. 141.

⁴³⁶ Arthur Rimbaud. Úr „Bréfi sjáandans“ í Sölvi Björn Sigurðsson „Skógurinn sem komst að því að hann var fífla“ bls. 129-155 í *Uppljómanir og Árstíð í helvíti*, bls. 143.

⁴³⁷ Jóhann Árelíuz. „Aðfararorð“ í Jón Óskar, *Ljóð*. Valdimar Tómasson, Reykjavík 1995, bls. 7.

Undarlegt ferðalag.⁴³⁸ Hin mystíska taug er ekki eins áberandi í Jóni og þá er hún og flóknari. Þar er Jón í hlutverki talsmannsins, framfaramiðilsins, fagurfræðingsins. Hann sér nýja möguleika í fagurfræðilegum skilningi og gerir tilraunir með þá, stundum líkastur kuklara sem notar eitt úr fortíð en annað úr samtíð, dregur að sér í seið sinn frá löngu látnum frönskum stórskáldum sem lifðu dekadensinn til fulls; voru partur af honum og gerendur. En Jón Óskar er jafnframt hikandi við galdurinn, og fer því um sumt troðnar slóðir og öruggar. Hann er *arrière-garde*, bakfylkingarmaður og hikið og endurtekningin eru hans dulspeki, þar sem hið liðna fær rödd. Þessa túlkun á miðilshlutverkinu má sjá víða í svipuðu samhengi, þannig heldur Gabriela Wacker því fram að biðin og miðillinn haldist í hendur, hún tekur myndhöggvarann Auguste Rodin, eins og hann birtist í skrifum Rilkes, sem dæmi: Í vinnu hans eru tvö leiðarstef, 1. iðjusemi/stanslaus vinna og 2. þolinmæði. Hugmyndin um iðjusemina, vinnuna, gengur út á að ná fullkomnu valdi á efninu (steininum í þessu tilfelli). Til þess að halda út þarf þolinmæði. Biðin eftir því að efnið umbreytist í það sem myndhöggvarinn ætlar sér með það er í raun eskatólógísk bið, mystísk, því þegar kallið kemur, og sá galdur verður að myndhöggvarinn sér hvernig í öllu liggur þá þarf hann að vera tilbúinn. Þannig að hann sé fær um að koma hugmyndinni í fagurfræðilegt form þegar hún kemur.⁴³⁹ Þrátt fyrir að Jón Óskar sé að nokkru leyti í óljósara hlutverki sem sjáandi eða miðill þá kveður sú staðreynd alls ekki uppúr um fjarlægð hans frá því hlutverki. Segja má að hann sé mun nær hinu mystíska miðilshlutverki en flestir myndu halda.

Sænski trúarbragðafræðingurinn Per Faxneld varpar í grein ljósi á sterk tengsl dulspekilegra þátta og módernisma. Hann sýnir fram á að ýmis form dulspeki, svo sem ósjálfráð skrif, skrif ættuð frá einhverjum úr öðrum heimi, skrif að beinum fyrirmælum t.d. álfa eða vætta, séu af sama meiði og hin móderníska „upplausn höfundarins“ – hugmyndin eigi sér reyndar ákveðin upptök þar og gangi svo í gegnum bókmenntasöguna og kristallist í frægri grein Rolands Barthes „La Mort de l’auteur“ („Dauði höfundarins“).⁴⁴⁰ Þar hefur höfundurinn

⁴³⁸ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag: Hugleiðingar um hugsjón friðarins meðan styrjaldir hellast inn á stofugólf*. Hinn langi undirtitill þessarar bókar segir æði margt um það af hvaða meiði hún er og hvaða pólitíska sýn er þar efst á baugi. Jón leikur sér að því í bókinni að flétta saman hugleiðingum um menningu, listir, stjórnmál og nánast hvað eina – og svo glefsum úr þeim fréttum sem berast honum meðan hann er að fjalla um einstök atriði, fréttum sem dynja á honum í gegnum útvarp eða aðra miðla. Stundum eru skrifin afsprengi fréttanna, á öðrum stöðum standa fréttirnar sem sjálfstæðir textar við hlið frásagna eða hugleiðinga sem virðast – a.m.k. við fyrstu sýn – ekki tengjast fréttunum beint. Í gegnum allt þetta skín skærast friðarhugsjón Jóns, andstyggð hans á hernaði og stríðsbrólti af hvaða tagi sem er – og svo sú fyrirlitning sem hann hefur á sjónarmiðum og markmiðum kapitalismans.

⁴³⁹ Gabriela Wacker. *Poetik des Prophetischen: Zum visionären Kunstverständnis in der Klassischen Moderne*. De Gruyter. Berlín og Boston 2013, bls. 218-220.

⁴⁴⁰ Per Faxneld. „„Only Poets and Occultists Believe in Them Just Now“: Fairies and the Modernist Crisis of Authorship“, *The Occult in Modernist Art, Literature, and Cinema* ritstj. Tessel M. Bauduin og Henrik

verið leystur upp og verður miðill fyrir handanheima. Hinn óljósi höfundur sem Barthes var svo oft að glíma við og hin margbreytilegu birtingarform skrifanna eru þannig önnur eða með einhverjum hætti náskyld þeim dulspekilegu þáttum sem nefndir voru hér að framan.⁴⁴¹ Rétt er að halda því til haga að hugmynd Barthes sprettur upp úr hugmyndum strúktúralismans um tungumálið, hér er hinsvegar meira verið að skoða sífjafraði hugmyndarinnar. Eins er vert að geta þess að það er alls ekki nýtt að grein Barthes sé með þessum hætti tengd við dulspeki og „dauði höfundarins“ þannig settur í annað samhengi en upphaflega. Þannig kemst Anthony Enns m.a. svo að orði: „Tengingarnar á milli póststrúktúralískrar hugmyndar um „dauða höfundarins“ og uppgangs nýrra gerða af ritvélum má glögglega sjá með því að skoða ósjálfráða skrift af miðilsfundum, þar sem miðlar endurrituðu skilaboð höfð eftir öndum framliðinna rithöfunda.“⁴⁴² Enns bendir ennfremur á að á þeim tíma þegar ósjálfráð skrif og miðlar voru áberandi hafi enn verið almenn samstaða um þá hugmynd að hið ritaða orð væri tjáning og um leið með ákveðnum hætti birtingarform á sjálfri rithöfundarins, en þegar þeir töluðu/rituðu að handan kom rof í þetta samkomulag. Hann líkir því við hugmynd Barthes, sem einmitt heldur því fram að höfundurinn sé fjarverandi í textanum.⁴⁴³

Johnsson. Palgrave Macmillan, London 2018, bls. 93-110. Um texta Barthes sjá: Roland Barthes. „La Mort de l’auteur“ í *Œuvres complètes*, 2. bindi. Paris, Seuil 2002, bls. 491–495.

⁴⁴¹ Víða hefur verið farið yfir þessa þætti í höfundarverki Barthes en hér má t.d. benda á formála Ástráðs Eysteinnssonar: Roland Barthes. *Skrifað við núllpunkt*, þýð. Gauti Kristmannsson og Gunnar Harðarson, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, bls. 11-39. Afbragðs dæmi um þessar pælingar Barthes má einmitt sjá í sömu bók. Sérstaklega má nefna kaflana: „Hvað er skrift“ bls. 43-49, „Er til skáldskaparskrift“ bls. 68-76 og „Sigur og sundrung borgaralegrar skrifar“ bls. 79-84. Í síðasttalda kaflanum er einmitt eftirfarandi klausa, en þar er Barthes að lýsa ástandinu eftir miðja níttjándu öld: „Fram að því hafði borgaraleg hugmyndafræði sjálf verið mælikvarðinn á það sem telst algilt og uppfyllt og skilyrði hans án þess að nokkur vefngi það. Hinn borgaralegi rithöfundur, sem var eini dómari um óhamingju annarra manna og horfðist ekki í augu við einn eða neinn, hafði ekki upplifað neinn klofning á milli samfélagsstöðu sinnar og andlegrar köllunar. Héðan í frá birtist þessi hugmyndafræði aðeins sem ein af mörgum mögulegum; hún hefur glatað algildi sínu og getur ekki komist út fyrir sjálfa sig án þess að fordæma sig; rithöfundurinn verður fórnarlamb tvíræðni, því að vitund hans er ekki lengur í samræmi við stöðu hans. Þannig verður til tragísk Bókmenntanna.“ (83) Hér eru nákvæmlega þessi orð tilfærð vegna þess að þau lýsa mjög vel þeim ólgusjó sem skrifað lenti í á svipuðum tíma og hinir dulspekilegu þæðir fóru að gera vart við sig meðal rithöfunda og skrifa þá um leið að koma fram með margslungnari þætti en áður; móðernisminn var í mótun. Enn má þyngja þessa áherslu með því að benda á skýrt dæmi úr klassískum texta frá því í árdaga móðernismans, en sögumaðurinn í verki frægu verki Rainers Maria Rilke segir: „En sá dagur mun koma að hönd mín verður mér fjarlæg og þegar ég býð henni að skrifa mun hún skrifa orð sem ég hef ekki í huga.“ Rainer Maria Rilke. *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge*, þýð. Benedikt Hjartarson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2020, bls. 129.

⁴⁴² Anthony Enns. „The Undead Author: Spiritualism, Technology and Authorship“ bls. 55-78 í *The Ashgate Research Companion to Nineteenth-Century Spiritualism and the Occult*, ritstj. Tatiana Kontou og Sarah Willburn. Routledge, London 2012, bls. 68. Benedikt Hjartarson víkur að þeirri bylgju spíritisma sem átti rætur á níttjándu öldinni og birtist einmitt í tilraunum rithöfunda með ósjálfráða skrift og skyldar aðferðir, sjá hér: Benedikt Hjartarson. „Inngangur“, Rainer Maria Rilke, *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge*, þýð. Benedikt Hjartarson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2020, bls. 9-79. En hér skrifar Benedikt m.a.: „Með því að skilgreina hlutverk höfundarins sem skrásetningu lögðu ósjálfráð skrif spíritismans drjúgan skerf til þeirra formbyltinga sem áttu eftir að einkenna bókmenntir tuttugustu aldar, í þeim skilningi að um leið og höfundurinn gefur frá sér stjórnina er hann ekki lengur bundinn við teknum hefðum og reglum heldur eingöngu fyrir mælum þess sem hann hefur textann eftir.“ (69-70)

⁴⁴³ Anthony Enns. „The Undead Author: Spiritualism, Technology and Authorship“, bls. 56.

2.4. *Hið íslenska samhengi*

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á Tynjanov, sem segir að bókmenntagerðir, bókmenntir, textar, þróist ekki smátt og smátt heldur taki stökk, þroskist ekki heldur breytist. Ástæðan fyrir þessum snöggu, áhrifamiklu, breytingum liggur í hinni dálksettu sýn sem Tynjanov hafði á bókmenntakerfið og að það kerfi sé einmitt ekki eitt og sér heldur liggi samsíða mörgum ólíkum kerfum, öðrum dálkum. Þetta eru yfirleitt félagsleg kerfi af einhverju tagi, geta verið í ætt við bókmenntakerfið en geta líka allt eins verið alls óskyld því. Þannig má hugsa sér dálka sem innihalda viðskipti, menntun, tónlist, iðnað, fréttir, landakort – möguleikarnir eru nánast óteljandi.⁴⁴⁴ En lykilatriðið í þessari hugmynd rússneska formalistans er sú að mörk hvers dálks eru gegndræp, hann heldur ekki sínu viðfangsefni nema að ákveðnu marki innan sinna marka, því nemur t.d. viðskiptadálkurinn eitthvað úr iðnaðardálknum og tekur upp hjá sér. Þannig kemur til endurnýjun í bókmenntadálknum, það sem vætlar á milli stendur undir endurnýjuninni og því getur endurnýjunin orðið óvænt og afgerandi. Að sama skapi vatnar á milli bókmenntadálksins og annarra dálka, t.a.m. þegar skáldleg málnotkun eða líkingamál ratar inn í aðra dálka. Í þessum kafla er því haldið fram að á síðustu öld hafi seytlað verulega í bókmenntadálkinn úr trúardálknum.

Hér er því haldið fram að þessir díalektísku gangvegir á milli dálka hafi skilað ýmsu inn í íslenska bókmenntakerfið á síðustu öld og ekki síst þeim þáttum sem hér verða raktir á eftir, hugmyndum um tvíhyggju og tímenn, hér verða raktar óvæntar leiðir sem styrkja þá áherslu sem lögð er á Jón Óskar sem bakfylkingarmann í þessari ritgerð. Einnig dregur þessi athugun fram hvernig vætlar á milli dálka heimspeki og trúar.

Að framan var gerð grein fyrir því hvernig Guðmundur Finnbogason bar hugmyndir Henris Bergson til Íslands í fyrirlestrum og skrifum. En einstrengingslegt væri að halda því fram, á tímum umbrota og tilrauna í vísindum jafnt sem andlegum eignum, að Guðmundur hafi verið sá eini sem kynnti hugmyndir Bergsons og að túlkun hans á franska heimspekingnum hafi verið sú eina sem hingað barst.

Sagnfræðingurinn Peter J. Bowler hefur sýnt fram á hversu samspil vísinda og trúarlegra þátta á öndverðri tuttugustu öld hafi verið lítið rannsakað, í riti sínu *Reconciling Science and Religion. The Debate in Early Twentieth-Century Britain*.⁴⁴⁵ Meðal þess sem Bowler bendir á

⁴⁴⁴ Jurij Tynjanov. *On Literary Evolution*, bls. 154-155.

⁴⁴⁵ Peter J. Bowler. *Reconciling Science and Religion. The Debate in Early Twentieth-Century Britain*. The University of Chicago Press, Chicago og London 2001.

í þessari bók er að frjálslynda guðfræðin, sem svo hefur verið kölluð, er viðbragð við (tilfinningalega) breyttri heimsm mynd vegna vaxandi vísindahyggju, sem náði sér mjög á strik í kjölfar framkomu náttúruvalskeningarinnar og þeirri vísindabylgju sem fylgdi henni.⁴⁴⁶ En í bókmenntum og listum sá þessa stað í natúralisma og síðar raunsæi.

Þessir þættir spruttu þó auðvitað ekki fram óháðir hver öðrum. Gott dæmi um það er einmitt spíritisminn sem hér á landi var einskonar hliðargrein við ákveðinn arm frjálslyndu guðfræðinnar – eins og einmitt verður greint frá síðar í þessum kafla. Spíritisminn tók, og hefur í reynd nánast alltaf tekið, raunvísindi í sína þjónustu. Gleggsta dæmið þar um hér á landi var ljósmyndataeknin. Þessa staðreynd um samspil raunvísinda og huglægrar speki, jafnvel mystískra fræða, og sameiginleg framgangna þessara þátta hefur verið rakin langt aftur til fornaldar.⁴⁴⁷

Í þessu sambandi er áhugavert að gefa annað dæmi um framsetningu á hugmyndum Henris Bergson en þá sem Guðmundur Finnbogason notaði. Það er engum vafa undirorpið að kenningar Bergsons voru vel þekktar á Íslandi mjög snemma á tuttugustu öld. Fyrir utan Guðmund Finnbogason var Ágúst H. Bjarnason vel að sér í Bergson og síðast en ekki síst Björg C. Þorláksson, en Annadís Gréta Rúdólfsdóttir hefur t.a.m. bent á þau tengsl í bókinni *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson*.⁴⁴⁸ Í sama streng tekur Sigríður Þorgeirsdóttir í sömu bók, og tengir reyndar mun sterkar við Bergson enda með evrópska heimspekihefð undir í þeirri grein.⁴⁴⁹ Þannig ritar Björg árið 1928 grein í *Iðunni* sem er mjög í anda Bergsons þótt hún nefni hann aldrei á nafn, þar er Björg C. Þorláksson að rita um uppeldismál:

Sálarfræðingar hafa orðið á það sáttir, að allar *list-tegundir* væru þess eðlis, að listamaðurinn yrði að skynja og skilja fyrirmynd sína fyrir *samúð*, en ekki með

⁴⁴⁶ Peter J. Bowler. *Reconciling Science and Religion*, bls. 4.

⁴⁴⁷ Í bók sinni *Vígðir meistarar* (fr. *Les Grands Initiés*) segir Édouard Schuré: „Hin ævaforma guðspeki sem kennd var í Indlandi, Egyptalandi og Grikklandi, mótar allsherjarvísindi, sem venjulega skiptust í fjórar deildir: 1. Goðmyndunarfræðina, eða vísindin um hin algjöru frumtök, fellur hún saman við vísindi talnanna heimfærð um alheiminn eða hina heilögu tölvísi. 2. Heimsm myndunarfræðina, framkvæmd hinna eilífu frumtaka í tíma og í rúmi, eða íþróun andans í efnið, veraldaskeiðin. 3. Sálarfræðina, uppbyggingu mannsins, framþróun sálarinnar gegnum raðir tilvistanna. 4. Eðlisfræðina, vísindin um hin jarðnesku ríki náttúrunnar og eiginleika þeirra.“ Édouard Schuré. *Vígðir meistarar* þýð. Björn Magnússon. Bókaförlag Odds Björnssonar, Akureyri 1958, bls. 21. Í framhaldinu útfærir Schuré nánar hverja deild en út í þá sálma er óþarfi að fara hér. Hið er réttara að benda á að löngu síðar, á tímum endurreisnarinnar, voru enn þessi tengsl á milli ólíklegustu greina, en þá gengu t.d. fram samhliða trú á drauga og djöfla, vélfræði, líffræði (svo sem anatómía) og gullgerðarlist, sem sýnir að það er ekkert nýtt að mystík og vísindi af ýmsum toga geta og hafa haldist í hendur í margar aldir.

⁴⁴⁸ Annadís Gréta Rúdólfsdóttir. „Í gegnum gler og þöku: Um sálfræðina í verkum Bjargar C.

Þorláksson.“ í *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson* ritstj. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, JPV-útgáfa, Reykjavík 2002, bls. 134-135. Reyndar var Björg gagnrýnin á margt í hugmyndum Bergsons og tók undir ýmsa gagnrýni sem kom fram á franska heimspekinginn þegar komið var vel fram á öldina.

⁴⁴⁹ Sigríður Þorgeirsdóttir. „Að koma Björgu á kortið: Heimspeki Bjargar C. Þorláksson í evrópsku samhengi“, *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson*, ritstj. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, JPV útgáfa, Reykjavík 2002, bls. 161-163 og víðar.

viti sínu eða dómgreind einni saman. Hann verði að *lifa* sig inn í fyrirmyndina, endurskapa hana í eigin hyggju, fyrir innsæi og samúð, áður hann megni að skapa listaverk sitt í mynd og líkingu fyrirmyndarinnar. Sömuleiðis ber öllum sálarfræðingum saman um það, að áhorfandinn eða áheyrandinn geti þá að eins skilið listaverkið, ef hann beinir allri samúð sinni, allri *samúðarskynjan* sinni, að því, með öðrum orðum, ef hann leitast við að skynja það og skilja í heild og samhengi fyrir innsæisgáfu, að láta það svo að segja endurómast í sjálfum sér, án þess að reyna til þess að liða það sundur og gera sér grein fyrir hverjum einstökum þætti þess.⁴⁵⁰

Hér endurómar fagurfræði Bergsons, verufræðilegur skilningur á listinni. Innsæið er í forgrunni, bæði innsæi listamanns og þess sem nýtur verksins. Hér kjarnast spennan á milli vits og hefðbundinnar hugsunar og innsæisins sem tekur á hinum andlega þætti, á tímanum og því sem er lifandi/breytilegt og síðast en ekki síst, skapandi. Endurómur af hugmyndum Guðmundar Finnbogasonar er einnig mjög áberandi í þessum skrifum, samúðarskilningurinn sem Guðmundur ritaði um doktorsritgerð. Hugmynd Guðmundar er í stuttu máli sú að menn skilji sálarlega líðan hvers annars í gegnum „samúðarskilning“ sem verði þannig til að við heimfærum sálarástand annarra upp á okkur sjálf; við yfirfærum líðan. Þessa hugmynd kjarnar Guðmundur með skemmtilegum hætti þegar hann skrifar að okkur sé eiginlegt að „keikjast með keikum og heykjast með hoknum“.⁴⁵¹

Þá er ónefnd frá fyrri hluta síðustu aldar Sigrún Pálsdóttir Blöndal sem segja má að styðjist við Bergson í skrifum sínum til þess að halda á lofti jákvæðum, að hennar mati, eðlishvötum kvenna. Hún skrifar: „En eðlishvötin er samúð samkvæmt kenningu Bergsons.“⁴⁵² Sigrún vitnar til ýmissa fræðimanna og spekinga frá ýmsum tímum og fer e.t.v. full oft fram með alhæfingar sem þessa. Rétt er að geta þess að Björg C. Þorláksson svaraði þessari grein Sigrúnar en Björgu fannst Bergson um sumt frjálslega túlkaður af Sigrúnu.⁴⁵³

Á þeim tíma þegar Jón Óskar er að þýða frönsku sýmbólistana og yrkja ljóð skrifar Guðmundur Sveinsson grein í *Samvinnuna* þar sem hann kynnir Bergson og túlkar. Ígrundunarverð í samhengi þessarar rannsóknar eru eftirfarandi orð Guðmundar: „En þessi Guð er ekki almáttugur, hann heyr baráttu við tregðuna og dauðann; hann er heldur ekki alvitur, en sækir stöðugt fram til þekkingar, meðvitundar og ljóss.“⁴⁵⁴ Þetta er að mati Guðmundar

⁴⁵⁰ Björg C. Þorláksson. „Samúð, vanúð, andúð“ bls. 48–61 í *Iðunn* 1/1928, bls. 49.

⁴⁵¹ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur. Hannesar Árnasonar erindi*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík 1912, bls. 193. Ekki þarf að undra að Björk leiti í sjóð Guðmundar, hún hreyfst mjög af hugmyndum hans og skrifaði t.a.m. ritdóm um *Hug og heim*: Björg C. Þorláksson „Ritsjá: Guðmundur Finnbogason: Hugur og heimur. Hannesar Árnasonar erindi“ bls. 217–220 í *Eimreiðin*(3) 1913. Rétt er að taka fram að greinin er ekki merkt fullu nafni Bjargar heldur stendur þar undir, „B. Þ. BL.“

⁴⁵² Sigrún Pálsdóttir Blöndal. „Eðli og hlutverk kvenna“ bls. 89–121 í *Hlín* 1/1926, bls. 111.

⁴⁵³ Björg C. Þorláksson. „Um „eðli og hlutverk kvenna““. 19. júní 1927, bls. 33–37 og 51–55.

⁴⁵⁴ Guðmundur Sveinsson. „Henri Bergson“, bls. 8, 24–25 í *Samvinnan* 9/1962, bls. 25.

Sveinssonar guðsmynd Bergsons, tregðan og dauðinn er eitthvað, að hans mati, sem helst í hendur. En það leiðir hugann að töf eða hiki Jóns Óskars, sem er líkt og að tregðast við í textum sínum á leið til dauðans. Árið 1966 kemur ljóðabókin *Söngur í næsta húsi* og þar er að finna ljóðið „Er leikið á fiðlu?“, en í því hæðist Jón að tækniframförum samtíðar sinnar, og dregur fram með írónískum hætti hvert þær framfarir hafa leitt okkur. Ljóðinu lýkur svo:

Heyr sprengjuginn.
Heyr dyn nútíðar.
Skynsemin er nú til öndvegis leidd.⁴⁵⁵

Áður en þessari umfjöllun um kynningu á Bergson á Íslandi er lokið er rétt að minna á að Guðmundur Finnbogason var að mörgu leyti raunsær vísindamaður, skólaður í heimspeki, og hugmyndin um gagnrýna hugsun er honum ætíð ofarlega í huga. Hann leitar sannleikans – þrátt fyrir að gefa einnig tækifæri íhugunum og jafnvel getgátum – líkt og sýnt verður fram á hér á eftir. Þess sér vel stað t.d. í fyrirlestrinum „Veruleiki. Sannleiki.“ Þar segir Guðmundur m.a.: „Sannindin eru eins konar seðlar, innleysanlegir í gulli reynslunnar. Þau eru sá hlutinn af andlegri auðlegð vorri, sem ekki rýrnar eða mætir afföllum fyr en hinn mikli banki hrynur. Sannindi stærðfræðinnar og náttúruvísindanna eru ávísanir sem hljóða upp á handhafa.“⁴⁵⁶ En stuttu síðar skrifar Guðmundur í sama fyrirlestri: „En eru þá ekki til önnur sannindi en þau sem gilda jafnt fyrir alla?“⁴⁵⁷ Og hann svarar örstuttu síðar:

Mér finst ósköp eðlilegt að svo væri. Mér finnst eðlilegt að sumar álfur tilverunnar tækju ekki nema fáeina útvalda í viðskiptasamband við sig. Hinum væri ekki hleypt að, vegna þess að þeir stæðu enn á of lágu stigi. Hugsanlegt væri það líka, að þeir væru of tortryggir við tilveruna, og vantaði áræðið og trúnaðartraustið. Um það skal ég ekkert fullyrða.⁴⁵⁸

Það er hér í lokin sem Guðmundur opnar á aðra möguleika en hin ströngu vísindi – orðaval hans er dæmigert fyrir varkárni; hér birtast spekulatífari hugleiðingar. Kannski er þetta varkárni sem menn urðu á þessum tíma að viðhafa vildu þeir ekki loka á neitt nýtt á dögum togstreitu vísinda og andlegra þátta. En þessi spenna leiðir okkur til þess að skoða kirkjuna sérstaklega, vegna þess að annar boðberi Bergsons var einnig á sveimi í Reykjavík þessi árin – og það var kirkjunnar maður – í það minnsta þeirrar kirkju sem aðhylltist spíritisma og boðaði

⁴⁵⁵ Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi*, bls 18.

⁴⁵⁶ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar. Reykjavík 1912, bls. 152-153.

⁴⁵⁷ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*, bls. 153.

⁴⁵⁸ Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*, bls. 153.

fagnaðarerindi Jesú Krists með strangri áherslu á framhaldslíf svo bókstaflega að gangvegir tveggja heima voru rannsakaðir í þaula, framhaldslífinu til sönnunar. Þessi guðfræði var möguleg vegna þess að kirkjan hafði þurft að endurskoða sig, frjálslýndi jókst og það opnaði möguleika fyrir nýjar túlkunarleiðir og nýja guðfræði – sem tók á sig margvíslegar myndir.

Kannski voru mest afgerandi svör kirkjunnar, bæði við rökhyggjunni og darwinismanum, hugmyndir þýska guðfræðingsins Albrechts Ritschl (1822-1889). Kjarni hans kenningar var sá að guðfræðin væri sjálfstæð og fullkomin og kæmi í raun ekki öðrum vísindum við. Kristni var gild lífsskoðun hvað sem öðrum fræðum leið og það eina sem maðurinn þurfti til sáluhjálpar að mati Ritschls. Önnur vísindi gátu farið sína leið. Þessi trúfræðilega afstaða byggðist nær eingöngu á Kristsfræði sem einnig var byggð á einangrun frá öðrum hugmyndum sem kristin vestræn heimsmynd styðst að öllu jöfnu við, svo sem frumspekilegum þælingum um Krist.⁴⁵⁹ Adolf von Harnack (1851-1930) þróaði áfram hugmyndir Ritschls ásamt með öðrum guðfræðingum. Þessi guðfræði barst að sjálfsögðu til Íslands og voru helstu talsmenn hennar til að byrja með þeir séra Matthías Jochumsson og séra Páll Sigurðsson og má segja að þeir hafi verið brautryðjendur hér. Í kjölfar þeirra komu fleiri prestar sem töluðu máli hinnar nýju og frjálslýndu guðfræði sem var að bregðast við breyttri heimsmynd, má þar m.a. telja: séra Jón Helgason (1866-1942), séra Harald Níelsson (1868-1928) og séra Sigurð P. Sívertsen (1868-1938) en allir urðu þeir meðal fyrstu kennara við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Og er þá ótalinn sá sem þýddi eitt af höfuðverkum Harnacks, *Kristindóminn*,⁴⁶⁰ á íslensku, séra Ásmund Guðmundsson (1888-1969) er síðar varð biskup.⁴⁶¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson telur að frjálslýnda guðfræðin á Íslandi eigi sér rætur í þessu verki, þessari þýðingu Ásmundar.⁴⁶² Að mati Sigurjóns er niðurstaðan í guðfræði Harnacks skýr: „Kristindómurinn eins og hann kemur fram í boðun Jesú er fyrst og fremst afstaða og hegðun.“⁴⁶³ Þetta var leið Harnacks til þess að bregðast við gagnrýni á Nýja testamentið vegna forneskjulegrar heimsmyndar og ótrúlegra

⁴⁵⁹ Martin Schwarz Lausten. *Kirkehistorie*. ANIS, Fredriksberg 2003, bls. 234-235 og 240.

⁴⁶⁰ Adolf von Harnack. *Hvað er kristindómur?*, þýð. Ásmundur Guðmundsson. Fjallkonu-útgáfan Reykjavík, 1916. Þessi bók er safn fyrirlestra og heitir á frummálinu svo mikið sem: *Das Wesen des Christentums. 16 Vorlesungen vor Studierenden aller Fakultäten im Wintersemester 1899/1900 an der Universität Berlin*.

⁴⁶¹ Gunnar Kristjánsson. „Kirkjan í keng“ bls. 69-80 í *Andvari* 1/2000, bls. 71.

⁴⁶² Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2004, bls. 401.

⁴⁶³ Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*, bls. 405. Það þótti auðvitað fleirum en kirkjunnar mönnum, eða sérstaklega trúuðum, tíðarandinn eitthvað skakkur. Þannig skrifar sagnfræðingurinn Marc Bloch: „Kynslóðirnar á undan okkur, á síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þeirrar 20., voru sefjaðar af ósveigjanlegri sýn, sýn Comtes á vísindi efnisheimsins. Þessi dáleiðandi skýringarmynd, sem teygði sig til allra þátta vitsmunalífsins, virtist sanna fyrir þeim að ekki væri til nein viðurkennd þekking nema hún gæti dregið umsvifalaust fram, með óhrekjanlegum tilraunum, altæka vissu í búningi altækra lögmála.“ Marc Bloch. *Til varnar sagnfræðinni – eða starf sagnfræðingsins*, þýð. Guðmundur J. Guðmundsson. Sæmundur, Selfossi 2017, bls. 35. *Apologie pour l'histoire ou Métier d'historien* kom fyrst út 1949.

frásagna í þeim ritum. Ekki var eining um þessi fræði Harnacks og t.a.m. gagnrýndi Albert Schweitzer (1875-1965) hann fyrir að „virða ekki sögulegt samhengi í boðun Jesú og fyrir að leysa boðun hans upp í borgaralegt siðgæði síns eigin tíðaranda um aldamótin 1900.“⁴⁶⁴ Og líkt og var með átök utanlands þar sem straumarnir fóru af stað þá voru einnig átök hér heima, hin nýja frjálsslynda guðfræði fór ekki jafn vel ofan í alla.

Frjálsslynda guðfræðin varð að glíma við talsverða andstöðu heima fyrir. Guðfræðideilur sem áttu eftir að vara langt fram eftir öldinni hefjast í upphafi hennar. Fulltrúar gömlu guðfræðinnar snerust til varnar og töldu það veikleikamerki að taka mið af veruleika samtímans, vísindahyggju og nýjum rannsóknum í biblíufræðum svo eitthvað sé nefnt.⁴⁶⁵

Sá frægi maður, stofnandi KFUM, Friðrik Friðriksson (1868-1961), séra Jóhann Þorkelsson og séra Bjarni Jónsson voru andstæðir frjálsslyndu guðfræðinni og einnig séra Lárus Halldórsson (1851-1908) fríkirkjuprestur í Reykjavík og séra Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason (1876-1969); er þá enn ónefndur séra Sigurður Stefánsson prestur í Ögurþingum en hann deildi hart á frjálsslyndu guðfræðina og átti t.d. í snarpri ritdeilu við Jón Helgason.⁴⁶⁶

Það er ágætt dæmi um, í raun mjög víðtæka kvíslgreiningu strauma og stefna á þessum tímum, hvernig frjálsslynda guðfræðin á Íslandi tók á sig mjög ólíkar myndir eftir því hver boðaði hana. Þannig voru þeir aðeins samstíga um stund Jón Helgason og Haraldur Níelsson, en skoðanir þeirra og þá um leið leiðir og afstaða til frjálsslyndu guðfræðinnar, skyldu þegar Haraldur fór að gefa sig að spírítisma. Þegar Tynjanov í fræðum sínum bendir á að dálkarnir sem hafi að geyma hin aðgreindustu þjóðfélagsmál, eða málnotkun sem snýr að ólíkum þáttum í mannlegu samfélagi, taki upp eitt og annað frá þeim næsta boðar hann um leið að um lokað kerfi sé að ræða. Það er að segja, það sem fer úr trúardálki yfir í bókmenntadálk á ekki afturkvæmt með beinum hætti aftur til baka, hitt er annað að úr bókmenntadálki getur vatnað yfir í trúardálk aftur, eða dálka verkalýðsmála eða -mennta. Bókmenntadálkurinn tekur þetta ekki bara upp heldur innlimar í einhverjum skilningi, gerir að sínu. Þetta þýðir m.ö.o. að það fer fram endurframleiðsla eða endusköpun þar sem beitt er aðferðum bókmenntanna þannig að slíkar hugmyndir verða t.a.m. að bókmenntaminnnum, frásagnaraðferðum o.s.frv. Það má líkja þessu við lokaða hringrás en engu að síður afar áhrifamikla.⁴⁶⁷ Þessi hugsun er einkennandi

⁴⁶⁴ Sigurjón Árni Eyrólfsson. *Kristin siðfræði í sögu og samtíð*, bls. 407.

⁴⁶⁵ Gunnar Kristjánsson. „Kirkjan í keng“, bls. 71.

⁴⁶⁶ Sigurður Stefánsson. „Prestarnir, nýja guðfræðin og þjóðkirkjan“ bls. 49-53 í *Bjarmi*, 7/1914. Hér hófst sú ritdeila en að rekja hana frekar þjóðar ekki tilgangi hér.

⁴⁶⁷ Jurij Tynjanov. *On Literary Evolution*, bls. 152-162.

fyrir rússnesku formalistana og má í því sambandi minna á orð eins þeirra, Boris Eikhenbaum: „Ekkert endurtekur sig í mannkynssögunni vegna þess að það hverfur aldrei neitt úr henni, heldur tekur breytingum.“⁴⁶⁸

Hér eru þessi mál frjálsslyndu guðfræðinnar einnig rifjuð upp vegna þess að í dæmi Jóns og Haraldar, og reyndar fleiri manna á þessari tíð, gerast svipaðir hlutir í trúmálum og gerast í málefnum ljóðformsins um miðja tuttugustu öldina. Menn taka upp eitthvað það sem kallast nýtt, er jafnvel byltingarkennt í hugum fólks en sumir eru jafnframt hikandi og tvístígandi gagnvart því hversu langt skuli gengið. Þessa sögu má sjá gerast aftur og aftur þegar menn bindast böndum undir merkjum einskona umbyltingar, hér að framan var þess t.d. getið að Lasserre og Maurras skyldu að skiptum, eins var með Eliot og Hulme sem í upphafi dáðu Bergson, sú aðdáun fjaraði út. Þó hafði Hulme verið sérstakur boðberi hins franska heimspekings á Bretlandi. En það er ekki bara að menn skipti um skoðun, eða endurskoði hug sinn, það sem þeir aðhyllast er ekki einsleitt og festist ekki í einni rás. Þannig var nýguðfræðin og þannig var líka móðernisminn sem atómskáldin og samtíðarmenn þeirra stóðu fyrir. Á meðan menn eins og Jón Óskar og Einar Bragi hikuðu við og sneru sér að hefðbundnum fræðum eða þýðingum á hefðbundnari verkum þá héldu aðrir sínu striki allt til enda og hvikuðu hvergi frá nútíma ljóða- eða sagnagerð.⁴⁶⁹ Í þeim hópi má nefna Sigfús Daðason, Thor Vilhjálmsson og Stefán Hörð Grímsson. En að þessu sögðu er rétt að benda á það að ekki heldur eru málin svo einföld að hægt sé að leggja að líku Jón Helgason biskup og Jón Óskar – og þá með þeim hætti að þeir hafi verið íhaldsamari en aðrir þeir sem gengu í fyrstu samhliða þeim í átt að nýsköpun og djarfri hugmyndafræði. Alls ekki, því er nauðsynlegt að fylgja enn frekar eftir þeim manni sem fór út á, e.t.v. róttækustu brautina í hinni nýju guðfræði – því með því að skoða feril hans, ber mann aftur að Jóni Óskari, og í þetta sinn að hugsjón sem hann hafði. En það verður aldrei tekið af Jóni Óskari að hann var sannur hugsjónamaður.

Því er rétt að líta nánar á guðfræði Haraldar Níelssonar í beinu sambandi við viðfangsefni þessarar rannsóknar. Valdar ræður Haraldar voru gefnar út á bók, í tveimur bindum árin 1920 og 1928, síðara bindið að honum sjálfum látnum.⁴⁷⁰ Í þessum bókum er að mestu það sem séra

⁴⁶⁸ Boris Eikhenbaum. *Lermontov: Opyt istoriko-literaturnoi otsenki* 1924, hér vitnað eftir: Daria Khitrova.

„Introduction“ í Yuri Tynianov. *Permanent Evolution: Collected Essays on Literature, Theory and Film*, bls. 2.

⁴⁶⁹ Hér er verið að vísa til þess að Jón fór yfir í það að skrifa um Sölva Helgason og sagnfræðileg efni um dulsmál en Einar skrifaði Eskju, byggðasögu Eskifjarðar. Einar Bragi. *Eskja* 5 bindi, Byggðasögunefnd Eskifjarðar, Eskifjörður 1971-1986. Þá þýddi Einar m.a. Ibsen og Strindberg. Henrik Ibsen. *Leikrit*, 2 bindi, þýð. Einar Bragi. Ibsensútgáfan, Reykjavík 1995; August Strindberg. *Leikrit*, 2 bindi, þýð. Einar Bragi. Strindbergsútgáfan, Reykjavík 1992.

⁴⁷⁰ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, 1. bindi: *Prédikanir*. Kostnaðarmaður Pétur Oddsson. Reykjavík 1920; *Árin og eilífðin*, 2. bindi: *Prédikanir*. Útgefandi Aðalbjörg Sigurðardóttir, Reykjavík 1928.

Haraldur vildi sjálfur að færi á bók af hans ræðum.⁴⁷¹ Það er óhætt að fullyrða að spíritismi einkenni ræður Haraldar, enda var hann þekktur spíritisti og var í raun að prédika sem slíkur mest allan sinn prestskap. Hann predikar lengst af í Fríkirkjunni í Reykjavík og guðfræðingurinn Pétur Pétursson gengur svo langt að segja – og rökstyður vel – að áhrif Haraldar á trúarlíf Íslendinga megi ekki síst rekja til ræðuhalda hans þar.⁴⁷² Það tiltekna atriði þarf því ekki að koma á óvart, né heldur verður það rakið frekar hér nema að því marki sem sá spíritismi skarast við þá hugmyndafræði sem glögglega er rekjanleg til Henris Bergson. Hér má taka mörg dæmi en aðeins verður staðnæmst við fáein þeirra.

Fyrst er til að taka að í doktorsritgerð sinni *Liminality in Icelandic Religious Tradition* bendir Sigurður Árni Þórðarson á að guðfræði Haraldar sé mystísk. Sérstaklega bendir Sigurður í þessu sambandi á hugmyndir Haraldar um sköpun heimsins; þar telur Sigurður að birtist sú skoðun að Guð sé afar nálægur í sköpun heimsins enda sé hann yfir og allt um kring, í raun sé þarna að finna Guð sem sé samofinn sköpun sinni.⁴⁷³ Hér birtast hugmyndir sem ekki voru allra á tímum Haraldar en þó ekki forboðnar. Umdeildari voru skoðanir hans á lífi og lífsháttum í heimi framliðinna – þrátt fyrir að vera á þeim tímum algengari og viðurkenndari en síðar. Til að mynda hefur sú skoðun sem hann setur fram í páskapredikun árið 1925 varla verið allra, en þar greinir hann frá því að börn fari er þau sofi yfir í heim framliðinna og læri þar hvernig beri að haga sér eftir dauðann – svefninn sé einskonar skóli fyrir manninn, undirbúningur fyrir dauðann.⁴⁷⁴ Reyndar grautar öllu saman í þessari predikun upprisuhátíðarinnar því Haraldur útskýrir og fyrir söfnuði sínum hvernig sálin og líkaminn séu fest saman:

Fleiri af rithöfundum þeim sem, er biblíuna hafa skráð, hafa þekt inn á þessi efni. Einn þeirra talar um þann silfurlita þráð, er þá tengi sálina við líkamann, svo sambandið þeirra í milli slitni eigi. Nú erum vér fræddir um það, að þessi þráður eða taug sé óendanlega teyjanleg; að því, er vér fáum bezt skilið, er hún ger af sams konar smáögnum og rafmagnið eða segulmagnið. Prédikaransbók í Gamla testamentinu talar um, hvernig sá silfurþráður slitni í dauðanum.⁴⁷⁵

⁴⁷¹ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, sjá formála án blaðsíðutals. *Árin og eilífðin II*, sjá formála án blaðsíðutals. Í sjálfu sér má líkja svona vali við val þess sem skrifar endurminningar sínar líkt og Jón Óskar gerði, Haraldur er að skapa mynd af sér sem hann vill að lifi.

⁴⁷² Pétur Pétursson. „Sköpunarfræðin í Árin og eilífðin“, bls. 223-240 í *Guðfræði, túlkun og þýðingar: Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar*, ritstjóri Gunnlaugur A. Jónsson. Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan. Reykjavík 1998, bls. 227.

⁴⁷³ Sigurður Árni Þórðarson. *Liminality in Icelandic Religious Tradition*. Vanderbilt University. Ann Arbor, MI 1989, bls. 253-254.

⁴⁷⁴ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin* 2. bindi, bls. 123-125.

⁴⁷⁵ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin* 2. bindi, bls. 122. Hér er séra Haraldur að vísa til Prédikarans 12:6. „áður en silfurþráðurinn slitnar / og gullskálin brotnar / og skjólan mölvast við lindina / og hjólið brotnar við brunninn“.

En hvar skarast þá hugmyndir Haraldar Níelssonar og Henris Bergson? Þær skarast og eru mjög áberandi þar sem Haraldur ræðir um fortilveru Krists, guðseðlið og hringferð sálarinnar: „Langsennilegust er sú kenning sumra höfunda Nýja testamentisins, og þar á meðal Hebreabréfsins, að sérhver barnssál sé frá Guði runnin, hafi því haft einhvers konar fortilveru áður en hún fæddist hér á jörð.“⁴⁷⁶ Haraldur lagði mjög mikla áherslu á að upprisa Krists væri söguleg staðreynd og hún væri til marks um að það ætti fyrir öllum mönnum að liggja að rísa upp frá dauðum; það sé liður í þróun mannsins sem eilífrar veru. Hann segir sóknarbörnum sínum í predikun þar sem hann leggur út af Fyrsta Jóhannesarbréfi 3:1-3:

Pú ert Guðs barn, en aðeins á byrjunarstigi. Öll byrjun er erfið, en þó næsta mikilvæg. Vér hefjum göngu vora hér svo ófullkomnir og veikir. En faðirinn hefur skapað oss með eilífðareðli og ætlar oss að þroskast gegnum veraldir. Þetta þrautafulla jarðlíf er aðeins lítill hluti æfi vorrar. Framhaldstilveran er ekki aðeins trú guðrækinna og guðelskandi sálna, heldur verður þekkingarvissan um hana nú óðum eign alls mannkyns.⁴⁷⁷

Hér er Bergson nálægur en rétt að undirstrika að hér er Haraldur Níelsson á svo guðfræðilegum nótum að viðlíka er tæpast að finna í höfundarverki franska heimspekingsins. Það er þessi hugmynd um þróun, um áframhaldandi tíma, um manneskjuna sem tekur stöðuglega við einhverri líðandi úr fortíð og berst áfram til framtíðar „í gegnum veraldir“. Hér eru þættir sem finna má í ljóðagerð Jóns Óskars, sérstaklega þegar hann tekur fyrir hin stærri mál, gott dæmi er eftirfarandi ljóð:

Raddir

Ég hlýði engum röddum lengur að utan
því inni eru raddir
sterkari, betri.
Ég, sem þreyttur kem frá liðnum vetri,
ég hlýði þessum röddum,
sumum frá sumri,
sumum frá liðnum vetri.⁴⁷⁸

Ljóðmælandinn treystir ekki lengur hinum utan að komandi röddum, innsæi hans sjálfs er traustara og betra, það sem hann treystir er „þekkingarvissan“. Vegmóður heldur hann áfram

⁴⁷⁶ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, bls. 387.

⁴⁷⁷ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, bls. 256.

⁴⁷⁸ Jón Óskar. *Þú sem hlustar*, bls. 45.

för sinni og sækir þrótt til þess liðna en raddirnar sem hann hlýðir eru eigin reynsla, brjóstvit, trú.

Í ræðum Haraldar Níelssonar er undirliggjandi trú á bæði samtíma líffræði og almenna vísindalega þekkingu, þessi raunvísindi tengdi Haraldur við þau hugvísindi sem hann trúði einlæglega á og ástundaði í Tilraunafélaginu.⁴⁷⁹ Þar fyrir utan birtist í tilvitnuðum texta hér að framan hugmyndin um Guðs barnið, en sú hugmynd er algengt stef í skrifum hans.⁴⁸⁰ Það er ekki hægt að afneita því að í prédikunum Haraldar votti fyrir einhverju sem líkja mætti við trú á mögulega endurholdgun, hann nefnir það aldrei svo berum orðum en vert er að geta þess að menn sem höfðu mikil áhrif á Harald gældu við hugmyndina um endurholdgun. Þar má frægastan nefna Oliver Lodge⁴⁸¹ sem lýsir svo för sálarinnar úr líkama manns við dauða:

Eftir að hafa haft nokkurn tíma til þroskunar, fer sálin, sem nú er orðin einstaklingur, aftur þangað, sem hún áður var, annaðhvort smám saman, þegar allt gengur eðlilega, eða skyndilega, ef slys kemur fyrir. En hvort sem heldur er, heldur hún því afli, hæfileikum, mati, minni og reynslu, sem hún öðlaðist meðan hún dvaldi í holdinu. Þetta aukna gildi sitt flytur hún með sér og bætir því við heildina, hver svo sem heildin kann að vera – ef til vill er hún stærri eða háleitari verund, hverrar hlutar eru ef til vill hæfir til endurholdgunar síðar.⁴⁸²

Hér er nauðsynlegt að nema enn frekar staðar við þá hugmynd um þroskann sem birtist í þessum texta en þetta virðist vera nokkuð samhljóma þeim skilningi sem lesa má út úr orðum Haraldar, þennan undarlega þroska sem hann boðar – og skilja má – að sé endalaus. Þessi orð kalla fram hugsanatengsl við orð Bergsons: „Að vera, er fyrir meðvitaða veru; að breyta er að þroskast; að þroskast er að halda áfram að skapa sig endalaust.“⁴⁸³ Fjórða sunnudag í föstu árið 1915 segir séra Haraldur Níelsson í prédikun m.a. þetta:

⁴⁷⁹ Tilraunafélagið var stofnað í Reykjavík árið 1905 en stofnfélagar voru um 30. Félagið stóð í fyrstu fyrir svokölluðum „sambandsfundum“, miðill var í dásvefni og komu þá fram andar sem töluðu um mál sem ekki nokkur maður átti að kannast við nema einstaka viðstaddir, voru þetta kallaðar „endurminningasannanir“. Starfsemin þróaðist með árunum og t.d. var hafist handa við lækningatilraunir í gegnum handanheima. Um tilraunafélagið og störf þess, sjá t.d.: Pétur Pétursson. *Trúmaður á tímamótum*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2011, bls. 196-217.

⁴⁸⁰ Er í þessu sambandi hægt að vísa aftur til þess sem Páll postuli skrifar Rómverjum og bent var á framarlega í þessum kafla: „Allir sem leiðast af anda Guðs eru Guðs börn.“

⁴⁸¹ Haraldur Níelsson vitnaði oft til Lodge og hafði greinilega á honum mætur, sjá t.d.: Pétur Pétursson. *Trúmaður á tímamótum: Ævisaga Haralds Níelssonar*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2011, bls. 186, 274.

⁴⁸² Oliver Lodge. *Vér lifum eftir dauðann*, þýð. Kristmundur Þorleifsson og Víglundur Möller. Bókabúð Braga Brynjólfssonar, Reykjavík 1939, bls. 45. Vert er og að geta þess að til eru vitnisburðir Lodge þar sem hann gengur enn lengra og segir bókstaflega að endurholdgun sé staðreynd. Sjá t.d.: Frank Homer Curtiss. *Personal Survival: With Physical Proofs*. Order of Christian Mystics, Washington, D.C. 1946, bls. 33-34.

⁴⁸³ Henri Bergson. *Creative Evolution*, bls. 10.

Vort eigið jarðlíf er sennilegast ekki nema stutt stund milli tveggja eilífða. En ef svo er, þá er harla ólíklegt, að það sé tilviljun ein, að vér höfum fæðst inn í þau kjör, sem vér nú eigum við að búa, að sá bikar er að oss réttur, sem vér nú erum að bergja. Ef vér höfum ekki með einhverjum hætti valið hann sjálf, eftir æðri leiðbeining, þá hefir Guð að minsta kosti valið hann oss til handa og ætlar oss að þroskast við þau kjör, ætlar oss bikarinn til blessunar.⁴⁸⁴

Þegar lesnar eru ræður Haraldar Níelssonar koma orðin þroski og vöxtur fyrir aftur og aftur – enda er takmark hans – eða viðmið, Kristsfyllingin, hún er vaxtartakmarkið að hans mati.⁴⁸⁵

Vitaskuld talaði Bergson ekki um Kristsfyllingu en þó má sjá í hugmynd hans um lífsþróttinn (fr. *élan vital*), að hann rennur eins og tvær elfur innra með mannum. Önnur áin má segja að sé á skynseminnar en hin er kvísl tilfinninganna; þess sem andinn býður okkur að gera í það og það skiptið. Slík innri þekking eða skynjun getur þróast yfir í það sem við köllum innsæi og það er innsæið sem með ákveðnu þani, eða útvíkkun, dregur að hina raunverulega þekkingu – þekkinguna af því sviði sem ekki rúmast í raunheimi eða liggur þar fyrir. Slík þekking, sem í raun er gnóstísk (leit að fyllingu, sprottinn af hinum guðlega neista í mannum) gefur okkur, ef finnst, aukið frelsi. Hið endanlega frelsi fæst þó ekki nema með samþættingu skynsemi og tilfinninga. Annars er hætta á því að maðurinn verði einlyndur og þá verði mennskan rýr. Þetta tengist með mjög sterkum hætti hugmynd Sigurðar Nordals, því marglyndið, fyllingin, kallar á reynslu og þessi reynsla ýmist kallar á hugsjón eða hlotnast mannum af hugsjón, hugsjón hins leitandi manns.⁴⁸⁶ Sköpunin er lykillinn að þessari samþættingu, sköpunin er lykillinn að hamingjunni. Lokatakmarkið, fyllingin, er því að ná þessu jafnvægi til þess að andinn sigri efnið – efnið sem ætíð hamlar andanum.⁴⁸⁷ Ef til vill gerir Sigurður Nordal best grein fyrir þessu í ritgerð sinni „Viljinn og verkið“, þar fjallar hann á margvíslegan hátt um uppljómunina og andagiftina. Þar kannar hann með fjölbreyttum hætti skynsvið mannsins með dæmum, og þá helst með skáldskapinn sem greiningartæki.⁴⁸⁸ Ljóð Jóns sjálfs eru einnig sum á þeim nótum að þar er bæði að finna hugmyndina um einhverja óræða (gnóstíska) fyllingu en um leið vitund um vísindalegt eðli hlutanna, í ljóðinu „Stjörnuskin“ sameinast þessir þættir fullkomlega:

⁴⁸⁴ Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin* 2. bindi, bls. 85.

⁴⁸⁵ Sjá t.d. hér, á einum stað af mörgum: Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, bls. 233. Kristsfyllingin, hér: að fyllast Kristi, að verða honum líkur, takmark hins kristna manns að mati Haraldar.

⁴⁸⁶ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 28-30.

⁴⁸⁷ Gunnar Dal. „Henri Bergson“ bls. 48-57 í *Gangleri*, vor 1/2001, bls. 54-55.

⁴⁸⁸ Sigurður Nordal. „Viljinn og verkið“ í *Vaka* 3/1929, bls. 257-269.

Stjörnuskin

Náttúran er í sólskinsskapi
það sést á trjánnum
sem halda á þröstum og næturdöggum
og vita ekki af neinu tapi
þó stjörnur hrapi.

Og er það furða? Sú stjarna sem hrapar
hún heldur á morgun áfram að ljóma
í augum sem tindra í heimsins vöggum,
í orku sem skapar.

Því tapið er sjónhverfing blindra augna
sem eygja ekki meira
en ljósrönd á glugga sem kemur og hverfur
og vita ekki að þetta
er dagsbrúin sjálf
nýjan blómsveig úr stjörnum að flétta.⁴⁸⁹

Hér kallast á afdráttarlaus skilningur á náttúrulegum öflum og rómantískt myndmál og glaðlegar myndhverfingar. Augnablikið er fanganlegt, dýrð náttúrunnar afdráttarlaus og óhætt er að segja að við lok ljóðsins ríki bjartsýni. Þá er hér unnið með óravíddir um leið og hið smæsta; himinhvolfið og næturdöggina. Þannig er ljóðið í senn óður til sköpunarinnar og greiningartæki þeirrar sömu sköpunnar.

En þekkti Haraldur Níelsson að einhverju marki til Henris Bergson? Jú, það gerði hann. Hann skrifaði t.a.m. mjög ítarlegan ritdóm um *Hug og heim* Guðmundar Finnbogasonar og í þeim ritdómi kemur fram að Haraldur hafði mótaðar skoðanir á því sem Bergson hafði fram að færa,⁴⁹⁰ fyrir utan að hafa glögga sýn á stíl Guðmundar og erindi. En sérstaklega getur Haraldur þess að hann hafi mest gaman að skrifum Guðmundar um kenningar Henris Bergson. Þar á ofan var sótt ákaft í smiðju Henris Bergson af guðfræðingum þessara tíma erlendis, ekki síst í Bretlandi þar sem Haraldur fylgdist vel með málum. Sumt af þessu barst hingað upp á land í þýðingum og má þar t.d. nefna áður nefnda grein Lymanns Abbot sem birtist í *Nýja kirkjublaðinu* árið 1913.⁴⁹¹

Haraldur leggur áherslu á að niðurstaða Bergson sé sú „að sálin sé í raun og sannleika æðri partur mannsins — ódauðlegur andi, er noti taugakerfi líkamans sem eins konar símakerfi í viðskiftum sínum við umheiminn. Og ekki leynir það sér, að þeir [Guðmundur og] Bergson

⁴⁸⁹ Jón Óskar. *Þú sem hlustar*, bls. 47.

⁴⁹⁰ Haraldur Níelsson. „Bókafregni“ bls. 133-135 í *Ísafold* 30. apríl 1913.

⁴⁹¹ Lymann Abbott. „Ný heimspeki: Henri Bergson, prófessor í París“, bls. 196-201.

afneita efnishyggjunni“.⁴⁹² Þá verður það ljóst við lestur þessa ritdóms að Haraldur er afar vel að sér í þeim málum sem bókin (fyrirlestrarnir) fjallar um, bæði beint það efni sem vísað er til hjá Bergson, en ekki síður verður lesandi þess áskynja að Haraldur kannast vel við áhrif frá öðrum heimspekingum í texta Guðmundar. Hann ítrekar að Guðmundur Finnbogason sé andans maður og segir svo:

Hins sama kennir berlega í sjöunda kaflanum. Þar kemst höf. inn á annað deiluefni heimspekinganna. Heldur doctorinn mjög svo ákveðið fram frjálsræði viljans, þvert ofan í skoðanir þeirra lærifeðra sinna, dönsku heimspekinganna H. Höfðings og Alfreds Lehmanns, sem báðir halda fram ákvæðiskenningunni (determinismus). Einnig í þessu atriði kennir áhrifa frá þeim William James og H. Bergson, og get ég þess dr. G. F. til lofs.⁴⁹³

Ritdóm sinn endar Haraldur eins og sannur heimsmaður, þessa heims og annars, er hann segir – og hér blandast auðsjáanlega yfirstandandi þjóðfrelsisbarátta inn í mál hans:

Því fyr sem vér venjum oss af að sækja öll andleg áhrif vor til Dana, heldur leitum þeirra hjá stórþjóðunum: hjá Ameríkumönnum, Englendingum, Frökkum, Þjóðverjum, Ítölum. Já, hve nær verður það? Hvenær hlýtur útkjálkaþjóðin þá fræðslu? Hannes Árnason hefir gert sitt til þess. Um eitt þykist eg sannfærður: Þegar það verður, brosir andi hins framsýna sjóðstofnanda til vor frá æðra heimi, andi guðfræði- og heimspekikennarans.⁴⁹⁴

Vitaskuld kom margt fram á þessum tíma, heimspekilegs eðlis, sem átti eftir að síast inn í vitund þjóðarinnar sem ekki var með sérstaklega kristilegum brag og reyndar alls ótengt nýju guðfræðinni. Ágúst H. Bjarnason ritaði til að mynda grein í *Skírni* árið 1912 þar sem hann kynnti til leiks franska heimspekinginn Jean-Marie Guyau, en um hann skrifaði Ágúst einmitt doktorsritgerð. Guyau þessi var ekki á meðal dulspekinga, þrátt fyrir að hann gæfi slíkum málefnum gaum líkt og tíðarandinn bauð honum, heldur var hann jarðbundnari en svo og heitir eitt hans merkasta rit einmitt *Irréligion de l'avenir* (1888) eða *Vantrú framtíðarinnar* eins og Ágúst kallar ritið í grein sinni.⁴⁹⁵ En hér er Guyau dreginn á flot vegna þess að hann stendur

⁴⁹² Haraldur Níelsson. „Bókafregn“, bls. 135.

⁴⁹³ Haraldur Níelsson. „Bókafregn“, bls. 135.

⁴⁹⁴ Haraldur Níelsson. „Bókafregn“, bls. 135. Hvort Haraldur hefur haft einhverja ákveðna ítalska hugsuði í huga skal ósagt látið. Þó er ekki ólíklegt að hann sé hér að vísa til Benedetto Croce (1866-1952), en hann var afar áhrifamikill heimspekingur á sinni tíð þótt stjarna hans hafi fölnað með árunum. Croce var frjálslyndur hughyggjumaður, sem þó bæði fasistar og kommúnistar sóttu til í þeirri viðleitni að styrkja sína hugmyndafræði. Samt var Croce eindreginn andstæðingur fasisma, alveg sérstaklega. Sjá t.d.: Mauro Pasqualini. „Origin, Rise, and Destruction of a Psychoanalytic Culture in Fascist Italy, 1922-1938“, í *Psychoanalysis and Politics: Histories of Psychoanalysis Under Conditions of Restricted Political Freedom*, ritstj. Joy Damousi og Mariano Ben Plotkin. Oxford University Press, New York 2012, bls. 16.

⁴⁹⁵ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“ *Skírni* 1912 bls. 97-110, 289-307. Reyndar má teljast merkilegt að Guyau hafi ekki verið meira í umræðunni því Ágúst skrifaði doktorsritgerð um hann og

fyrr önnur gildi, huglæg þó, en þeir menn sem þegar hafa verið nefndir. Ágúst H. Bjarnason birtir í greinarlok einskonafrýrlýsingu (manifestó) Guyaus, skrif sem reyndar standa á bautasteini hans (Ágúst kallar þetta trúarjátningu en það orð gengur nú varla upp sé rýnt í textann):

Það sem einu sinni í sannleika hefir lifað, mun lifna á ný; og það sem virðist deyja, er aðeins að búa sig undir að endurfæðast. Að skilja og vilja hið bezta, að sýna af sér þá hina fögru viðleitni að vilja koma hugsjón sinni í framkvæmd er að hvetja og skuldbinda allar hinar komandi kynslóðir til þess. Háleitustu áhugamálum vorum, sem einmitt virðast að minstu haldi koma, er farið líkt og öldunum, sem búnar eru að ná okkur, en fara síðan fram úr okkur og ráða að lokum aldahvörfum í heiminum, þá er þær hafa magnast og safnast saman. Ég þykist þess fullviss, að alt hið bezta í mér muni lifa mig. Jafnvel ekki einn hinn einasti drauma minna mun tortímast; aðrir munu taka þá upp eftir mig og láta sig dreyma þá að nýju, þangað til þeir einn góðan veðurdag rætast og verða að veruleika. Með hinum deyjandi bylgjum sínum tekst hafinu að móta strendur sínar og mynda það hið feikna lægi, sem það lifir í.⁴⁹⁶

Það má spyrja sig hvort för Jóns Óskars hafi jafnvel ekki verið farin með viðlíka hugsjón að leiðarljósi? Hugmynd hans um að frönsk ljóðskáld sem áttu blómatíma sinn um aldamótin 1900 ættu samleið og erindi með honum sjálfum og skáldbræðrum hans um miðja síðustu öld á Íslandi er svo sannarlega af þessum meiði. Og enn má spyrja sig, þótt þar sé e.t.v. langt seilst: Lítur Jón Óskar á sig sem, sem nánast, frönsku meistarana endurholdgaða? Er hann eiginleg, raunveruleg framlenging á þeim en ekki bara boðberi skáldskaparins? En það er sama hvort er, hvort heldur hann er báran sem gárar eða ströndin sem tekur á móti öldunum með einhverjum, stundum jafnvel óræðum hætti er hann í þessum skáldum og þau í honum.

Líklega lýsir Jón stemningu þessara hugsana eða draums hvergi betur en í litlum þætti í einum af sínum síðustu bókum, *Undarlegt ferðalag*, sem kom út síðla árs 1994.⁴⁹⁷ Hann er staddur að áliðinni nóttu í borg drauma sinna, París og þar er hann á yfirráðasvæði skáldskaparins, situr á Dôme. Það er kyrrt inni á staðnum, hann er einn. Þá koma þrjú ungir menn inn á Dôme en þeir eiga í háværum samræðum um bókmenntir, þeir halda því fram að aldrei hafi nokkur kona náð máli sem ljóðskáld í Frakklandi. Jón Óskar blandar sér í málið því honum finnst þeir ekki fara rétt með og hann minnir þá á Louise Labé.⁴⁹⁸ Þeir bregðast vel við,

kenningar hans: Ágúst H. Bjarnason. *Jean-Marie Guyau. En fremstilling og kritik af hans filosofi*. Gyldendal, Kaupmannahöfn 1911.

⁴⁹⁶ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau”, bls. 307.

⁴⁹⁷ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*.

⁴⁹⁸ Louise Labé (1520-1566) var frönsk skáldkona sem sagan segir að hafi verið í ástarsambandi við Oliver de Magny (1529-1561). Reyndar virðist það ekki á hreinu hvort um ástarsamband var að ræða en ást áttu þau þó sameiginlega á skáldskapnum: Sjá, t.d.: François Rigolat. „Louise Labé“ í *French Women Writers*, ritstj. Eva

þeir komast að því að Jón er skáld og setjast við fótskör hans eftir að hann hefur sagt við þá: „Á Íslandi eru allir skáld“ – dregið upp þessa gömlu þjóðsögu til þess að slá um sig meðal útlendinga. Hér er hann að „vinna land“ hann er ekki lengur að færa frönsk skáld til Íslands, hann er nú íslenskt skáld í Frakklandi og lætur ljós sitt skína um franskar bókmenntir. Hann fræðir þá um Louise Labé og ástarsögu hennar og franska skáldsins Olivers de Magny: „Ástarsaga hennar og skáldsins Oliviers de Magnys hafði líka snert taug í brjósti nútímaskálds, því Aragon hafði ort fagurt kvæði í minningu þeirrar sögu 1941“.⁴⁹⁹ En einn ungu mannanna sem Jón ræðir við á Dôme var að sögn Jóns tengdasonur Andrés Breton og því voru þeir með tengsl við súrrealismann.

Svo er það dag einn að Jón gengur ofan í Germainhverfið og þá rifjar hann upp margt af því sem hann hafði upplifað á Montparnasse og um fólkið sem hann hafði hitt þar árið 1954 – í fyrsta sinn er hann dvaldi í borg drauma sinna. Þá hittir hann Stein Steinarr sem er á heimleið frá Spáni: „Óvænt fór Steinn að hafa yfir nýort kvæði eftir sig, kvæði í hefðbundnum stíl. Það var kvæði um Ísland. Ég fann að honum var mikið í mun að láta mig heyra það, en hann hafði aldrei áður farið með óbirt kvæði fyrir mig, aðeins lausavísur sem ekki skiptu máli.“⁵⁰⁰ Og Jón Óskar byrjar þá á því að skrifa ljóðið upp eftir Steini, sem er ekkert um þá uppskrift gefið og bannar Jóni uppskriftina:

Ég skildi það vel, kvæðið var svo nýtt að hann gat átt eftir að breyta því, hann hafði ekki einu sinni gefið því nafn, svo ég muni. Það var aðeins tvö erindi, en þau voru sterk, og þó ég hætti að skrifa eftir tvær fyrstu ljóðlínurnar, mundi ég fyrra erindið vel alla tíð síðan:

Ísland, minn draumur, mín þjáning, mín þrá,
mitt þróttleysi og viðnám í senn,
Þessi vængjaða auðn með sín víðernin blá
hún vakir og lifir þó enn.⁵⁰¹

Martin Sartori og Dorothy Wynne Zimmerman. University of Nebraska Press, Lincoln 1994, bls. 262-271. Um kvæðið sem Jón minnst svo á eftir Aragon: Louis Aragon. „Plainte pour le quatrième centenaire d'un amour“, í *Les Yeux d'Elsa*. Seghers, Paris 1962, bls. 61-64.

⁴⁹⁹ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 109.

⁵⁰⁰ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*, bls. 111.

⁵⁰¹ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*. Fjölvi, bls. 111. Ljóð Steins „Landsýn“ er tvö erindi, hið seinna er svona:

Sjá, hér er minn staður, mitt líf og mitt lán,
Og ég lýt þér, mín ætt og mín þjóð.
Ó, þú skrínlagða heimska og skrautklædda smán,
Mín skömm og mín tár og mitt blóð.

Steinn Steinarr. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell, Reykjavík 1964, bls. 213.

Það að Jón slær fram þessu erindi Steins, og sú staðreynd að hann man það alla tíð, segir meira en mörg orð. Í þessu ljóði, reyndar ekki aðeins fyrra erindinu, liggur sterk sögn sem auðvelt er fyrir Jón að skrifa upp á. Hér lúrir hálfgildings vonleysi og eða vonbrigði, þá speglast í þessum ljóðlínnum staða jaðarmannsins. Hér er ljóðmælandinn hrakinn og smáður, hann vill, en kemst ekki, hann er vanmáttugur en hefur þó sína einu viðspyrnu í eigin vansæld. Margt af skrifum Jóns Óskars, sér í lagi í endurminningarbókunum, greinir frá óánægju með dapurt hlutskipti – en, vel að merkja, sú óánægja og það hlutskipti eru líklega helsta driffjöður skrifanna.

Ekki verður skilið við þessa hugmynd án þess að benda á ljóð úr síðustu ljóðabók Jóns Óskars, „Ný ljóð nýir draumar“, en það rammar ágætlega inn stöðu skáldsins andspænis þessum hugmyndum sem hér hafa verið reifaðar:

Ný ljóð nýir draumar
hefjast meðan hönd mín
leitar nýrra lausna
nýrra mynda nýrra
drauma og mig dreymir
hendur þær sem hefjast
meðan lífið leitar
nýrra handa og nýrra
ljóða meðan lyftist
hönd mín til að hefja
ný ljóð nýja drauma.⁵⁰²

Draumar Jóns Óskars hafa að sönnu sumir ræst, aðrir tóku þá upp og báru þá áfram. Ekki bara stórir draumar eins og um herlaust Ísland heldur líka smærri draumar og hljóðlátari viðfangsefni Jóns eins og það að rétta hlut einstæðingsins, listamannsins Sölva Helgasonar, og að taka upp hanskann og vekja athygli á örlögum kvenna sem dæmdar voru með miskunnarlausum hætti fyrir á öldum fyrir að treysta sér ekki til að vera mæður í grimmum heimi. Um þær konur fjallaði Jón í bók sinni *Konur fyrir rétti* en um þau skrif, ásamt umfjöllun hans um Sölva og aðra fleiri utangarðsmenn, verður fjallað í síðasta kafla þessarar rannsóknar. En nú að öðru óskyldu – en samt kannski ekki svo óskyldu efni – fagurfræði samstöðunnar.

⁵⁰² Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?*, bls. 52.

2.5. Íslenskt arriè-re-garde í framkvæmd

Það var 31. maí 1953 sem yfirlýsing, sem fór víða það ár, birtist í fyrsta sinn í *Þjóðviljanum* – og var á forsíðu:

Við undirritaðir landeigendur í Vatnsleysustrandarhreppi bönnum hér með stranglega allar hernaðaraðgerðir, þar með taldar skotæfingar og umferð erlendra herja um lönd okkar.

Við mótmælum þeim aðgerðum sem þar hafa fram farið og þeirri ósvífni að leyfa slíkt að oss forspurðum.

Við krefjumst fullra skaðabóta fyrir öll spjöll, óþægindi og tjón sem við höfum orðið fyrir og kunnum að verða af völdum skotæfinga og að þeir menn sem leyft hafa þessar aðgerðir í heimildarleysi voru verði látnir sæta þeirri þyngstu refsingu sem lög leyfa að beitt sé gegn landræningjum.

Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu 25. maí 1953⁵⁰³

Undir þessa yfirlýsingu skrifuðu 14 landeigendur, flestir bændur, í Vatnsleysustrandarhreppi. Fólk þetta var að mótmæla því að í byrjun árs 1953 sótti herlið Bandaríkjamanna, sem þá sat á Keflavíkurflugvelli, um að fá svæði til skotæfinga á miklu landflæmi sem að stórum hluta var beitiland sem á gekk frá fornu fari fé Vatnsleysustrandarbænda. Bændur neituðu að láta landið undir þessar æfingar og gengu þannig gegn bæði íslenskum yfirvöldum og bandaríska herliðinu. Í raun má líta á þessar aðgerðir sem *arriè-re-garde* í verki – og notkun hugtaksins þá snúið aftur úr heimi bókmenntanna og færst í áttina að upphaflegri þýðingu sinni, tengdri hernaði. Vitaskuld stóðu þessir landeigendur ekki í eiginlegum stríðsátökum en þeir eru afdráttarlaust bakverðir. Á þeim tíma sem þeir mótmæla eru rétt tvö ár frá undirritun varnarsamingsins frá árinu 1951 en hann var undirritaður 4. maí það ár.⁵⁰⁴ Þeir sækja fram, eftir að landið hefur verið unnið – þeir reka flóttann er varnarsamingurinn tekur gildi, missa sitt; en snúa svo aftur og ganga gegn því sem orðið er: hefja gagnsókn.

Tímaritið *Virkið í norðri* gerði þessum atburðum ágæt skil í þriðja og síðasta tölublaði sínu árið 1953. Var þar greint frá málinu frá fleiri hliðum og kemur þar í ljós að umrætt svæði var einmitt það svæði sem þeir sem hugsuðu sér friðun Reykjanesskagans töldu kjarna þess lands sem friða skyldi.⁵⁰⁵ Þannig var þetta ekki bara aðför að bændum heldur líka að hugsjónum vel

⁵⁰³ *Þjóðviljinn* 31. maí 1953, Forsíða.

⁵⁰⁴ Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins: https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/varnarnal/varnarsamningur_isl.pdf (sótt á vefinn 23.2.2019)

⁵⁰⁵ *Virkið í norðri* október-desember 3/1953. „Sagan af Vatnsleysuströndinni“, bls. 97-106.

meinandi fólks um trjárækt og landvernd yfirleitt. Þetta var yfirgangur sem gekk nærri mörgum en fáir mótmæltu.⁵⁰⁶

Það má ætla að Jón Óskar sjái í þessum aðgerðum hina fullkomnu alþýðlegu fagurfræði þegar hann yrkir um atburðinn, en ljóðið „Þá rísa þeir upp“ birtist í tímaritinu *Landnemanum* sama ár.⁵⁰⁷ Hér eygir Jón fagurfræði samstöðu og hugrekkis en ekki síður áhrifamátt smælingjans, það verður að hafa í huga að það að vera bóndi/landeigandi á Vatnsleysuströnd táknaði ekki mikinn auð á þessum tíma þótt svo hafi á stundum átt við einstaka býli á fyrri öldum, í raun er allt þetta fólk sem þarna leggur nafn sitt við kotbændur, einyrkjar.⁵⁰⁸ Hvað sem það er, hvort heldur það er fagurfræði samstöðu, eða hin „fullkomna alþýðlega fagurfræði“, birtast þessir atburðir svo í ljóði Jóns Óskars:

Þá rísa þeir upp

Dag einn
þegar við héldum að við værum frjálsir
kemur skip
í nýjan kópavog
þar sem engin tár falla
af hvörmum
en hlæjandi hendur
skrifa undir kaupmála
um okkur og börn okkar
þegar við héldum að við værum frjálsir

Þá rísa þeir upp á vatnsleysuströnd
dag einn rísa þeir upp
þar sem áður
dundi á baki fátæks manns
svipan harða.
Brunnastaðir Nýibær
þessi orð og fleiri
verða okkur í hug
ljóma okkur fyrir augum

⁵⁰⁶ Einn aðalhvátamanna að friðun Reykjanesskagans var Egill Hallgrímsson (1890-1982) kennari og fræðimaður í Reykjavík. Hann átti ættir að rekja suður í Voga, byggðakjarnann sem stendur sunnan við Vatnsleysuströnd (hét í þessa tíð Vatnsleysustrandarhreppur en heitir nú Sveitarfélagið Vogar). Sjá t.d.: minningargreinar, *Morgunblaðið* 14. janúar 1982, bls. 27; „Egill Hallgrímsson sjötugur“, *Þjóðviljinn* 14. febrúar 1960, bls. 2.

⁵⁰⁷ Jón Óskar. „Þá rísa þeir upp“ í *Landneminn* 14-15/1953, bls. 10.

⁵⁰⁸ Þau sem rituðu nöfn sín undir þessi afdráttarlausu mótmæli voru: Símon Kristjánsson (1916-2012) *Neðri-Brunnastöðum*, Halldór Gíslason (1899-1960) *Sjónarhóli*, Þuríður Halldórsdóttir (1885-1971) *Halakoti*, Kristmundur Þorláksson (1882-1973) *Brunnastöðum*, Gísli Eiríksson (1878-1971) *Naustakoti*, Davíð Stefánsson (1877-1959) *Ásláksstöðum*, Brynjólfur Brynjólfsson (1903-1979) *Minna-Knarrarnesi*, Þórður Eiríksson (1904-1964) *Halldórsstöðum*, Sigurður Guðmundsson (1990-1989) *Efri-Brunnastöðum*, Sigurjón Jónsson (1895-1955) *Nýjabæ*, Ólafur Pétursson (1884-1964) *Stóra-Knarrarnesi*, Sigurgeir Tómasson (1902 -1990) *Narfakoti*, Sigurjóns Sigurðsson (1902-1987) *Traðarkoti*, Þórarinn Einarsson (1884-1980) *Höfða*.

á þessu hausti
á þessum sljóleikans vetri.⁵⁰⁹

Jón yrkir beint um þennan atburð, mótmæli þessa fólks. Hann dáist að því, það stingur niður fæti, staldrar við í yfir og allt um flæðandi hernáminu. Fólk sem í fyrstu var valtað yfir, snýr við – óvæntir bakverðir skjótast fram. Þetta er *arriére-garde* og Jón fylgir leiftursókn þeirra eftir, gerist sjálfur bakvörður þessara bakvarða, með ljóði þar sem hann enn og aftur bendir á sljóleika – en sljóleiki er orð sem Jón notar mjög meðvitað um atburði í kringum hernámið, ástandið og ýmsa þá hluti sem að hans mati menguðu þjóðlífið vegna hersetunnar.⁵¹⁰ Hann vísar til Kópavogsfundarins, eins af dramatískari atburðum í Íslandssögunni, en hann var haldinn 28. júlí 1662 á Kópavogspingi í því skyni að fá Íslendinga til að samþykkja erfðaeinveldið. Áður fyrr var einveldið þannig að konungur var kosinn af ýmsum mektarmönnum í valdastöðum innan ríkisins en varð ekki kóngur í raun fyrr en fulltrúar allra þjóðanna sem tilheyrðu Danaveldi höfðu samþykkt hann. Á þessum tímum börðust Svíar og Danir rétt eina ferðina um Eyrarsund. Sú saga var lífseig og var meðal annars í kennslubókum um efnið að Árni Oddsson (1592-1665) hafi nauðugur undirritað erfðahyllinguna, grátandi.⁵¹¹ Árni er bersýnilega andstæðan við þá landsölumenn, sem gera varnarsamninginn „hlējandi“ – þann samning sem leiðir til þess að skotæfingar eru leyfðar þar sem kindur eiga haga, samninginn sem veldur því að Vatnsleysustrandarbændur rísa upp og mótmæla. Landsölumenn nútímans gráta ekki „þar sem engin tár falla / af hvörmum“, þvert á móti hlėja þeir.

Þá gerir ljóðmælandi í því að vísa til nýfengins frelsis, tvítekin er í fyrra erindinu línan „þegar við héldum að við værum frjálsir“ – hér er einnig á ferðinni eitt af eftirlætis stílbrögðum Jóns: klifunin. En þessi svik fjalla ekki bara um okkur, framtíð barnanna er undir. Samviskuleysið er í raun fullkomnað með því að selja framtíðina. „Þá rísa þeir upp á vatnsleysuströnd“ – og um leið eygir ljóðmælandi von. Og ljóðmælandi vísar í söguna, afar finlega, „þar sem áður dundi á baki svipan harða“ er ekki bara myndmál um undirokun heldur er hér bein vísun í sögu Vatnsleysustrandar. Þannig var að rétt undir lok 17. aldar var Hólmfastur Guðmundsson hjáleigumaður á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd dæmdur til að húðstrýkjast fyrir að hafa selt þrjár löngur, tíu ýsur og tvö bönd af sundmaga til kaupmannsins

⁵⁰⁹ Jón Óskar. „Þá rísa þeir upp“, bls. 10.

⁵¹⁰ Nánar er farið út í notkun Jóns á þessu orði, eða hugtaki, í þriðja kafla þessarar rannsóknar og þar sýnt fram hve einbeittur hann var í notkun þess um ofangreind málefni.

⁵¹¹ Sjá t.d.: Helgi Þorláksson. „Undir einveldi“ í *Saga Íslands*, 7. bindi. Bókmenntafélagið – Sögufélagið. Reykjavík 2004, bls. 150-168; Páll Eggert Ólason: *Saga Íslendinga*, 5. bindi: *Seytjándi öld*, Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið. Reykjavík 1942, bls. 154-161.

í Keflavík. Hólmfastur átti að versla við kaupmanninn í Hafnarfirði og hafði þannig brotið gegn boðum Danakonungs um verslun, með því að selja fiska sína í Keflavík.⁵¹² Húðstrýking þessi er líklega sú frægasta í verslunarsögu Íslendinga.⁵¹³ Og af kostgæfni velur ljóðmælandinn því bæjarnöfnin Brunnastaði (við þá hefur Hólmfastur verið kenndur) og svo Nýjabæ, leiða má að því getum að hann taki síðara bæjarnafnið og leggi fram sem tákn í ljóðinu, nýr bær = nýir tímar. Það er eitthvað nýtt að gerast, loksins. Bæjarnöfnin eiga ásamt með gjörðum landeigenda, að vekja okkur upp af þeim „vetri“ sem hér hefur ríkt og sljóleika hersetunar.

Sem fyrr segir birtist ljóð Jóns Óskars fyrst í *Landnemanum* og í því sambandi er athyglisvert að hjá greininni í *Virkinu í norðri* um Vatnsleysustrandarmálið stillir Gunnar M. Magnúss ritstjóri ljóði eftir Jón Helgason sem er mjög í sama anda og ljóð Jóns án þess þó að nefna þennan atburð, enda ekki ort beint um hann heldur í „kringum 15. maí 1951“ eins og segir í skáletrun yfir kvæðinu:

Sú þjóð ...

Sú þjóð sem löngum átti ekki í sig brauð,
en einatt bar þó reisin í fátækt sinni,
skal efnum búin orðin þvílíkt gauð,
er öðrum bjóði sig að fótaskinni.
Sú þjóð sem horuð ærið afhroð galt
af ofurheitri trú á frelsið dýra,
hún býður lostug sama frelsi falt
með fitustokkinn belg og galtarsvíra.

Sú þjóð sem veit sér ekkert æðra mark
en aurasníkjur, sukk og fleðulæti,
mun hljóta notuð herra sinna spark
og heykjast lágt í verðgangsmanna sæti.
Sú þjóð sem dottar, dáðlaus, viljasljó
og dillar þeim er ljúga, blekkja, svíkja,
skal fyrr en varir hremmd í harða kló.

⁵¹² Sjá t.d.: Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag Reykjavíkur, Reykjavík 1991, bls. 228. Þá er mun ítarlegri úttekt á þessu máli hér: Skúli Magnússon. „Keflavík á fyrri öldum“, bls. 659-663 og 670 í *Sunnudagsblað Tímans* 3. nóvember 1973. bls. 662-663. Sjá einnig hér: Árni Óla. *Strönd og Vogar*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1961, bls. 22-23.

⁵¹³ Saga þessa manns og nafn hélst auðvitað ekki síst á lofti vegna persónunnar Hólmfasts Guðmundssonar í *Íslandsklukku* Halldórs Laxness. Sá Hólmfastur á sér auðvitað fyrirmynd í Strandaringnum Hólmfasti. Og hann fær þessar frægu línur hjá Nóbelskáldinu: „Hann bætti við í lágum hljóðum: Hólmfastur Guðmundsson, hefur nokkur vitað íslenskra nafn? Og þessu íslenska nafni á minningin um danska svipu að vera teingd meðan aldir renna, í huga þjóðar sem alt skrifar á bækur og aldrei getur gleymt neinu.“ Halldór Laxness. *Íslandsklukkan*. Helgafell, Reykjavík 1943, bls. 57.

Hægt er að festast, bágt mun úr að víkja!⁵¹⁴

Hér er markvert að gert er út á marga sömu þætti og í ljóði Jóns Óskars, það er græðgin, fýsinn að selja landið og sljóleikinn og sofandahátturinn, en einnig fátækt og fyrri neyð. Það sem hér á sér stað er fagurfræði sem beinist að því að betrubæta, hún umvandar fyrst en skammar svo. Í ljóði Jóns Óskars koma skammirnar fyrst en síðan grillir í ljós. Samt eru bæði ljóðin af sama meiði. Hér er slegið á þjóðernislega strengi, hið fagra hefur verið saurgað; landið svikið. Stóri munurinn á þessum kveðskap, fyrir utan formið, er þó upphafningin sem er í síðara erindinu hjá Jóni Óskari. Í fyrra erindinu höfðar hann til samúðar og sorgar, í því síðara til samúðar og vonar. Þetta samúðarstef er leikið í báðum erindum, öllu ljóðinu.

Í áðurnefndri grein Ágúst H. Bjarnasonar í *Skírni*, „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“,⁵¹⁵ eru birt tíð þýðingarbrott úr ýmsum skrifum Guyausa. Hefur Ágúst eftir þeim franska: „Til er annað enn dýpra, það er samúð og samheldni (*solidarité*). Því að það er eins og alt endurhljómi og bergmáli í mér eins og ég í því.“⁵¹⁶ Samheldni og samúð er einn af lyklunum í heimspeki Guyaus, fagurfræði hans er í raun tvennskonar, grunnurinn er lífið sjálft, „lífið og fylling þess“ er nánast svar Guyaus við öllum hindrunum: að lifa til fulls á hinn bóginn er það samúðin og samheldnin, kannski má í þessu sambandi tala um samlíðun. Slíka samlíðun má sjá hjá Jóni Óskari og reyndar fellur „Þá rísa þeir upp“ og úrvinnsla Jóns á atburðunum á Vatnsleysuströnd fullkomlega að skema Guyaus um listamanninn. En lítum fyrst á þetta: „Veruleiki sá, sem lýst er, má því aldrei verða svo aumur og ljótur, að ekki bóli á einhverri hugsjón í honum; og heldur ekki mega skýjaborgirnar eða hugsjónahjalið verða svo yfirgnæfandi, að menn missi sjónir á veruleikanum.“⁵¹⁷ Þetta líkan eða grunnhugmynd um viðfangsefni listarinnar sjálfur fellur vel að ljóði Jóns Óskars en alls ekki að ljóði nafna hans Helgasonar. En þá að hugmynd Guyau um einkenni listamannsins, í raun fagurfræðilegri afstöðu. Í fyrsta lagi segir:

Hvernig er þá listamanninum farið? Eitt aðaleinkenni hans er það, að hann getur eins og lagt sig inn í alla hluti, skynjað þá og skilið, rétt eins og þeir væru partur úr sjálfum honum. Hinn sanni listamaður á því að geta sagt eins og Byron:

**Er ekki jörðin, fjöllin, himinn, haf
hluti af mér og minni sál, sem eg af þeim?**⁵¹⁸

⁵¹⁴ Jón Helgason. „Sú þjóð ...“ í *Virkið í norðri* október-desember 3/1953, bls. 106.

⁵¹⁵ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 97-110, 289-307

⁵¹⁶ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 103.

⁵¹⁷ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 296.

⁵¹⁸ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 296. Það sem þarna er vitnað til eftir Byron eru tvær fyrstu línurnar í 75. erindi *Childe Harold's Pilgrimage*. Lord Byron. *Childe Harold's Pilgrimage*. The Floating Press, Auckland 2009, bls. 144.

Þó að Byron væri sleppt þá er auðsjáanlegt að Jón Óskar fellur undir þessa skilgreiningu og ljóð hans um Vatnsleysustrandarbændurna er afar gott dæmi þar um. Í ljóðinu leggur Jón sig að landinu, sem þessir menn elska, og sögunni og hann tekur þátt í andófi þeirra – auðvitað nokkru seinna en atburðirnir verða, því hið innbyggða hik í Jóni Óskari verður að hafa sinn gang og staða hans sem bakvarðar verður að halda sér. Þarna er um alþýðufólk að ræða og það er greinilegt að Jón finnur sig með því, ekki bara vegna málstaðarins, sem þó er auðvitað í forgrunni, heldur og vegna hlutskiptis. Þetta er samskonar fólk og hann þekkir úr sínu heimabyggðarlagi, Akranesi, hinum megin við Faxaflóann – andlega, félagslega og efnahagslega náskylt.

Til dæmis um atburð þar sem Jóni tókst þetta ekki, þ.e.a.s. tókst ekki að leggja sig inn í „allt“ og skynja það – þótt hann hafi örugglega með nokkrum hætti skilið það – er tilraun hans til að yrkja kvæði um atburð í Seinni heimstyrjöldinni:

Ég reyndi að yrkja hrifningarkvæði um Rauða herinn um það leyti sem þeir hörfuðu frá Dnjeprópetrovsk og skildu raforkuverið fræga eftir í rústum [...] Kvæðið, sem ég orti vegna hugleiðinga minna um Dnjeprópetrovsk, var misheppnað. Ég birti það aldrei, en eyðilagði það ekki fyrir en mörgum árum seinna.⁵¹⁹

Kannski var þetta efni of fjarlægt ungum manni á Íslandi? Kannski var Jón Óskar ekki nógu reynslumikið skáld árið 1941 til þess að ráða við efni af þessu tagi? Hvað sem það var tókst honum greinilega ekki að ganga alla leið að hætti Guyaus.

Ágúst H. Bjarnason heldur svo áfram í grein sinni um skáldspekinginn franska:

Annað einkenni listamannsins er það, að hann lítur eins og óspiltum barnsaugum á alla hluti. Hann má því ekki láta blindast af venjum manna og hugsunarhætti, heldur á hann þvert á móti að rifta þeim og sýna mönnum hlutina eins og þeir eru eða ættu að vera. Hugskot hans verður að vera eins og einhver endurnýjunarlind, einhvers konar Urðarbrunnur, svo að alt, sem laugað er helgilaug skáldþelsins, verði eins og nýtt og endurborið.⁵²⁰

Segja má að það hafi verið stöðug ætlan Jóns í öllum sínum skáldskap, svo ekki sé minnst á endurminningarbækurnar, að „sýna mönnum hlutina eins og þeir eru eða ættu að vera“ – og

⁵¹⁹ Jón Óskar. *Týndir snillingar*, bls. 110-111. Enn birtist hik í texta og gjörðum Jóns, hann hikar við að eyða því sem hann er ekki ánægður með, „eyðilagði það ekki fyrir en mörgum árum seinna“.

⁵²⁰ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 296.

kannski var það síðarnefnda ætíð ofan á hjá Jóni, hann var á sinn hátt umvöndunarmaður. Það má ósjaldan lesa það í gegnum texta Jóns að honum hefði nú þótt betra ef menn, málefni og ástand hefðu verið með öðrum brag. Jón er líklega ekki neitt einsdæmi, manna af sinni kynslóð, að hafa skrifað með þessum hætti. Síðari heimsstyrjöldin mótaði fólk þessara ára og svo kom styrjöldin í Kóreu og eftir Kóreu hryllingurinn í Víetnam. Hér á Íslandi voru hernámið og manntap sjómanna í seinni heimstyrjöldinni líklega skæðustu áhrifavaldarnir, inngangan í Nato – og svo auðvitað hér sem um allan heim ógnin af atómsprengjunni. Í því ljóði sem þessi kaflahluti er nokkuð fléttaður um eru líka ljós þau einkenni Jóns að hann vill yrkja til sigurs, hann vill að Ísland laugist og rísi aftur hreint og ómengað af hernaðarbröltinu og hann bindur vonir við hugsjónir þessara manna suður með sjó. Þá er enn ótalið mjög sterkt einkenni á listamanninum Jóni Óskari, hann var oft barnslega saklaus og sá ekki grimmd heimsins öðruvísi en að hann eygði barnslega von um að öllu mætti breyta til betri vegar með frekar einföldum hætti. Slík sýn á mannlífið – ástandið í heiminum – var oft áberandi meðal friðarsinna á síðari hluta tuttugustu aldar. Hörmungarnar sem það fólk hafði orðið vitni að kölluðu á einföldun hlutanna; skærar og skjótar lausnir – sem þá fyrir vikið virtust jafnvel örlítið bernskar. Kannski er, í íslensku samhengi, hið fræga heróp Samtaka Herstöðvarandstæðinga einmitt gott dæmi um þetta: „Ísland úr NATO herinn burt!“ Auðvitað var það ómöguleiki, nema á forsendum hersins sjálfs, eins og síðar kom í ljós.

Að lokum greinir Ágúst frá þriðja einkenni listamannsins samkvæmt Guyau:

Þriðja einkenni listamannsins er það, að hann fær ást á því, sem hugur hans er að fást við, og óviðráðanlega löngun til þess að leiða það í ljós. Það er eins og hann sé haldinn af einhverjum andlegum þunga, og hann nærir þenna þunga. af holdi sínu og blóði; en í fylling tímans, þegar honum finst hann orðinn fullburða, elur hann hann úr skauti sínu. Er þá undir því komið, að listaverkið hafi svo mikið sjálfstætt gildi, að það geti lifað lífi sínu áfram upp á eigin spýtur og geti starfað og verkað fyrir áhrif sín á hugi manna og tilfinningar.⁵²¹

Æviminningar Jóns Óskars eiga sér ekki margar hliðstæður hvað lengd varðar í íslenskrri bókmenntasögu. Hann fékk ást á því viðfangsefni og það vatt upp á sig. Sex bindi og þar að auki ritgerðarsöfn og ein ferðabók. Hann vildi leiða í ljós einhvern sannleika í æviminningum sínum, hugmyndafræðilega er hann því enn á svipuðum slóðum og Jean-Marie Guyau. Jón Óskar vildi benda á hvernig ákveðnir hlutir ættu að vera – eða öllu heldur, hefðu átt að vera. Má í því sambandi nefna stjórn málin og þær menningarklíkur sem hann þóttist greina í samtíma

⁵²¹ Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, bls. 296-297.

sínum. Andlegur þungi Jóns Óskars var í þá átt að vinna sér nafn – og vinna land fyrir franska rithöfunda sem hann þýddi og gerði grein fyrir. En um leið var sú vinna einnig til að staðfesta hann sjálfan í bókmenntasamfélaginu. Gildi listaverksins átti að mati Jóns að fela í sér göfgun, nánast gnóstíska fyllingu – hann trúði á mannbætandi mátt listarinnar og vildi um leið fella gildisdóma um hvað væri list og hvað ekki.⁵²² Þetta kom til dæmis berlega í ljós þegar djasstónlistin, sem hann unni, þurfti að víkja fyrir rokkstónlist og síðar poppi:

En nú var ekki aðeins tekið að öskra, heldur og að hiksta á söngnum (Presley) eins og menn væru að taka andköf og þessu fylgdi lendaskak fyrir framan hljóðnemann eins og tíðkast á mellubúllum stórborganna.⁵²³

Svona var staðan þegar hið hörmulega rokk var að taka við af hinum göfuga djassi. Jón Óskar var jafn viss um að rokkstónlist væri vond og hann var handviss um að djassinn væri list. Reyndar voru sumir með svipaðar hugmyndir um jazztónlist og Jón Óskar hafði um rokkið, tónskáldið, kórstjórinn og organistinn Salómon Heiðar skrifaði til dæmis: „Ýmislegt, sem nú er kallað músik, svo sem jazz og annar skyldur óþverri, á ekki það nafn skilið. [...] Það er ömurlegt til þess að vita að þessi „holdsveiki“ á sviði tónanna, sem jazzinn er, skuli hafa hertekið blóma þjóðanna.“⁵²⁴

2.6. Yfirlit

Þannig má segja að Jón hafi trúað, líkt og Guyau, á að allt sem vel væri gert göfgaði og fyllti lífið; að lifa til fulls væri að lifa með eða í listum.⁵²⁵ Ljóðið sem Jón Óskar orti um mótmælin og mótmælendurnar á Vatsleysuströnd helst í hendur við andófið gegn herasetunni sem líka var krafa um fegurri og betri heim; líklega eina dæmið úr íslenskum veruleika þar sem barátta tengd hernaði og ljóðmál tengt þeirri baráttu draga upp svo skýra drætti bakfylkingarinnar. Og ekki

⁵²² Hér er auðvitað ekki verið að fullyrða að mannbætandi list feli alltaf í sér gnóstík, en hugmyndirnar eru um margt skyldar og segja má að í hugmyndinni um mannbætandi hlutverk listarinnar birtist hugmynd um andlegan þroska eða vakningu sem sé af gnósískum meiði.

⁵²³ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 115-116.

⁵²⁴ Salómon Heiðar. „Nokkur þankabrot um músik“ bls. 16-18 í *Akranes*(1) 1957, bls. 15.

⁵²⁵ Hér má taka til dæmis orðræðu Jóns þegar hann rifjar upp hugmyndir ungra listamanna um að fá Viðey fyrir sig, gera hana að einskonar listamannanýlendu – fjarri skarkala Reykjavíkur: „Draumur okkar um Viðey var draumur um fegurðina, um náttúruna, um eitthvað ósegjanlegt, sem mannkynið má aldrei án vera.“ Jón Óskar. *Týndir snillingar*, bls. 297. Umræða um óæskileg menningaráhrif og þá ekki síst jazz er ágætlega greind hér: Ólafur Rastrík. „Af erlendu vogreki: Íslensk þjóðmenning, útlend ómenning og viðtaka „óæskilegra“ menningaráhrifa“, *Íslenska þjóðfélagið* 1/2020, bls. 22-40.

aðeins er það bakvarðarhlutverkið sem þarna verður skýrt heldur má segja að þarna opinberist ákveðin fagurfræði sem Jóni Óskari var svo hugleikin.

Í þessum kafla hefur greiningartækið *arrière-garde* reynst notadrjúgt við að sýna fram á og greina fagurfræðina í skrifum Jóns Óskars; og ekki hefur síður náðst að skoða eðli þeirrar fagurfræði og finna rætur hennar og greina. Einn grunnurinn í þessari fagurfræði er hugmyndin um heimsslit og frestun eða hik í texta, sem aftur er tilraun til þess að slá yfirvofandi heimsslitum á frest. Jón Óskar velkist ekki í vafa um að tímarnir eru að breytast með meira afgerandi hætti en áður, en þrátt fyrir þá upplifun er hann óviss um tímann. Þær efasemdir eru þó ekki einungis bundar við tímann heldur líkt og sálðrast þær inn í hugmynd Jóns um sjálfan sig. Hann gerir þó eins vel og hann getur til þess að staðsetja sjálf sitt og stöðu sína innan íslenska bókmenntakerfisins með því til dæmis að stilla eigin ljóðagerð upp í samhengi við framúrstefnulega ljóðagerð Halldórs Laxness.

Áður en lengra er haldið er rétt að minna á það sem ritað er við upphaf þessarar ritgerðar og þá vitnað í guðfræðinginn Sigurjón Árni Eyjólfsson sem tekur saman það sem kalla mætti „tegundir eskatólógíu“. Og áréttá að hugmyndin á bak við eskatólógíu í þessari rannsókn er sú að staðleysa og eskatólógía séu nánast það sama.

Afstæði tímans í ljóðagerð Jóns er staðreynd og svo mjög að samtíminn rúmast vart í verunni og er þegar best lætur óræður. Með því að skoða bæði skrif Giorgios Agamben og Ernsts Bloch rennur upp fyrir manni að Jón Óskar dvelur í textum sínum oftar en ekki í einskonar staðleysu-núí, og þó allra helst í þýðingum sínum á eldri ljóðatextum. Í þessu ástandi og í þessari stöðu verður æ áleitnari spurningin: Hvað verður? Hér fer eskatólógían að verða meira áberandi, en fíring og tilgangsleysi eru fylgifyskar þess að dveljast í tóminu. Því er kallað á eða vonast eftir breytingu til hins betra, inn í framtíð óviss tíma. Þessar hugmyndir leiða inn á svið dulhyggju, beðið er mystíks andartaks, uppljómunar. Tekið er afgerandi dæmi um þetta en Jón Óskar verður fyrir uppljómun er hann skoðar sýningu Soniu Delaunay og uppgötvar þá ljóð Blaise Cendrars sem fékk í þýðingu heitið „Óbundið ljóð um Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi.“⁵²⁶ Þessi uppljómun Jóns er sett í samhengi við nýja sköpun, nýtt upphaf og að endingu endurfæðingu, samanber „Endurfæðingarkróníku“ Þórbergs Þórðarsonar, en sem dæmi um endurfæðingartexta frá Jóni Óskari er tekið ljóðið „Svarthvít“. Í öllum ofangreindum hræringum er tungumálið undirliggjandi, sköpunin tengist tungumálinu hvort heldur þar er að verki skáldið eða þýðandinn. Orð Lyman's Abbot, „Vér erum óaflátanlega að

⁵²⁶ Blaise Cendrars. „Óbundið ljóð um Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi“ (La prose du Transsibérien et de la Petite Jehanne de France) þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 1-4/1964, bls. 3-21.

skapa sjálfa oss“, lesast í samhengi við hugmyndina um endurfæðinguna, en líka í tengslum við stefin í skáldskap og þýðingum Jóns Óskars þar sem endurtekningin, endurminningin og endurkoman eru sístæð minni.

Þá hefur verið sýnt fram á hvernig Jón þróast sem ljóðskáld frá því hans fyrsti kveðskapur birtist og hvernig ágerist áhersla Jóns á að mennta og eða síða með skáldskap sínum, sá háttur Jóns er rakinn til bresku móðernistanna og sérstaklega T.S. Eliot og T.E. Hulme. Jón Óskar dregur jafnaðarmerki milli lágmenningar sem hann skilgreinir eftir eigin höfði og siðspillingar; siðspilling er partur af dekadens sem svo aftur ýtir undir hugmyndina um endalok og mættast þar endalokin og endastöðin (e. *lastness*) – sem Jón ber inn í íslenskt bókmenntaumhverfi með þýðingum sínum. Einnig kemur fram að kennslan eða boðunin í anda Eliots og Hulmes einkennist af því að orðið er sett fram til framtíðar, ætlað til breytinga, á að hafa mannbætandi áhrif – en slíkt er að mati Jóns hlutverk listanna og sér í lagi þegar djarfar fyrir hinum síðustu tímum.

Frestunin og klifunin hefur hér verið rakin beint til T.S. Eliot, sem Jón Óskar spreytir sig á að þýða, þótt mest af þeim þýðingum séu meira fyrir hann sjálfan en almenna lesendur. Áhrif Eliots á Jón spinnur þræði um verk T.E. Hulme aftur til fransks klassíkisma manna eins og Maurras og Sorels. Og enn og aftur er undirliggjandi hugmyndin um heimsslit en í huga t.d. Maurras hafði franska byltingin ekki verið neitt annað en heimsslitaaðgerð þar sem hið siðræna beið afhroð. Þessi áhrif á Jón Óskar birtast líka í tregafullum kveðskap þar sem hann gerir fyrirvara um allt og ekki síst tímann; gerður var ítarlegur samanburður á „Faðir minn og hafið“ eftir Jón Óskar og „Rhapsody on a Windy Night“ eftir Eliot og bent á greinilegan samhljóm í ljóðunum, þar sem tíminn leikur aðalhlutverk, minningar og þjakandi óvissa hvað gangverk tímans varðar – og stöðu mannsins gagnvart tímanum. Hér dugar lítt hugsjónamaðurinn Jón Óskar, í þessum efnunum afhjúpast naum staða hans í núinu, sem *arrière-garde*, eða bakfylkingarmanns.

Þegar frjálslýnda guðfræðin fer að taka rými í íslensku trúarlífi veldur hún spennu sem er sambærileg við þá er varð síðar þegar móðernisminn varð hvað sterkastur í íslenskri ljóðagerð á dögum atómskaldanna. En aðgangur hennar að skáldskapnum er þannig til kominn að það vatnar á milli samfélagsrása, eða dálka – svo vitnað sé í Tynjanov. Þegar þessir straumar eru bornir saman er ljóst að þeir eiga það sameiginlegt að boðberarnir hér heima fundu sér sínar eigin brautir og stundum skildi leiðir, það er að segja hluti hefðarbrjótanna fór að fást við annað sem alls ekki var í samræmi við hinn nýja málstað, hina nýju sýn. Haraldur Níelsson og Jón Óskar falla í þennan hóp. Hér hefur verið bent á líkindi í mörgum liðum, hæst ber að áhrifa Henri Bergsons gætir mjög hjá bæði Jóni Óskari og séra Haraldi og báðir fara þessir menn

aðrar leiðir en meðreiðarsveinar þeirra sem í fyrstu boðuðu nýja hugsun, nýja aðferð. Hér er líka undirliggjandi mystík, báðir gerast boðendur þess horfna.

Priðji kafli

Jón Óskar og Albert Camus

Alexander skoraður á hólmi

Í þessum kafla verður haldið áfram að greina hikið eða töfina og þann *undarlega* tíma sem einkennir allt höfundarverk Jóns Óskars. Skoðað verður hvernig Jón *talast/skrifast á við* texta annarra, burtséð frá fjarlægð í tíma. Sérstaklega verður þar litið til greinar sem Jón skrifaði til þess að bregðast við gömlum skrifum Alexanders Jóhannessonar. Þá verður skoðað hvernig Jón verður fyrir áhrifum af því sem hann þýðir eftir Albert Camus. Hér verður litið á hvernig ákveðnir þættir í lífshlaupi Camus og skrif hans, bæði bókmennta- og heimspekileg, falla saman við skrif Jóns og stöðu, eða, öllu heldur, hvernig Jón Óskar, sem þýddi nokkuð eftir Camus, gengur á margan hátt inn í hlutverk hins franska skálds í íslensku samhengi.

Fyrst verður þó í þessum hluta ritgerðarinnar skoðað samtal Jóns við löngu útkomna bók sem fjallaði um menningarsamband Frakka og Íslendinga og sýnt fram á hvernig Jón með þeim skrifum staðsetur sjálfan sig sem veigamesta þýðanda franskrar ljóðlistar á íslensku. Þetta er mikilvægt hér vegna þess að það dregur fram hvernig ekkert rof verður á því tímaflökti og þeim vinnubrögðum bakvarðarins sem lýst var í síðasta kafla í höfundarverki Jóns – þótt sú fagurfræði Jóns taki alltaf á sig nýjar og óvæntar myndir. Hér staðnæmist Jón við 30 ára gamlan texta. Segja má að hér sé bakvörðurinn nokkuð seinn inn á vígvöllinn en engu að síður mætir hann og lætur til sín taka.

Árið 1943 kom út níunda ritið í flokknum *Studia Islandica: Menningarsamband Frakka og Íslendinga* eftir Alexander Jóhannesson.⁵²⁷ Í riti þessu rekur Alexander eins og kostur er menningarleg samskipti Frakka og Íslendinga en fljótlega verður ljóst við lesturinn að það eru aðallega bókmenntaleg tengsl sem hér eru undir; eða það helst sem finna má í rituðu máli. Kaflaheitin í bók Alexanders lýsa ágætlega efnistöfum, því greinargerð höfundar er skipulega fram sett og skýr:

⁵²⁷ Alexander Jóhannesson. *Menningarsamband Frakka og Íslendinga* í ritröðinni *Studia Islandica*. Útgefandi Sigurður Nordal, Reykjavík 1943. Reyndar virðast nokkur áhöld um hvenær þessi bók kom út, í kerfinu leitir.is er hún sögð hafa komið út 1943 en Jón talar alltaf um 1944 og er að sjá að það sé réttara sbr. frétt í *Morgunblaðinu* 10. september en þar segir m.a.: „Haustið er komið. Einn af haustboðunum er hinn aukni fjöldi bóka, sem bókaútfendur senda frá sjer síðustu daga. Einn bókaútfendi, Ísafoldarprentsmiðja, sendi nýlega 8 bækur í bókaverslanir sama daginn, enda gefur hún árlega út flestar bækur hjer á landi.“ Stuttu síðar segir í fréttinni að bók Alexanders Jóhannessonar sé ein af þeim. „Átta nýjar bækur frá Ísafoldarprentsmiðju“ í *Morgunblaðinu* 10. september 1944, bls. 5. Formála sinn að ritinu dagsetur Alexander í desember 1943.

- I. Íslendingar í Frakklandi
- II. Frakkar á Íslandi
- III. Ísland í frönskum bókmenntum
- IV. Frakkland í íslenskum bókmenntum
- V. Íslenzk (norræn) tökuorð í frönsku
- VI. Frönsk tökuorð í íslensku
- VII. Íslensk rit á frönsku
- VIII. Frönsk rit á íslensku
- IX. Frönsk leikrit á íslensku

Það er margt afar fróðlegt og forvitnilegt í þessari samantekt Alexanders en hér verður helst staldrað við tvennt; í fyrsta lagi áttunda kaflann, en einnig verður aðeins vikið að fyrsta kaflanum. Þess ber strax að geta að Alexander Jóhannesson var vel þekkt nafn og fyrir honum borin virðing sem háskólamanni. Segja má að ferill hans hafi verið glæstur; hann varð mag.art í þýskum fræðum frá Kaupmannahöfn 1913 og doktor frá Halle í Þýskalandi 1915.⁵²⁸ Hann kenndi við Háskóla Íslands þýsku, íslenska málfræði og germanska samanburðarmálfræði. Hann varð dósent 1926, prófessor 1930 og gegndi rektorsembætti 1932-1935, 1939-1942 og 1948-1954.⁵²⁹ Jón var því að leggja til atlögu við fulltrúa menntastéttarinnar. En það sem meira var; Alexander var mikill áhugamaður um fagurfræði og menningarleg málefni. Enn er það athyglisvert að árið 1934 fékk hann umfjöllunarefni að rita um, sex aðrir fengu sama verkefni (allt karlmenn!), frá tímaritinu *Dvöl*. Verkefnið var þetta: „Ritstjóri *Dvalar* sneri sér um hátíðarnar til sjö manna hér í höfuðstaðnum og það þá að skrifa stuttan þátt um unga fólkið í Reykjavík, hvern frá því sjónarmiði, er hann kysi sér.“⁵³⁰ Það er mikill hugur í Alexander í skrifum hans um efnið, sóknarhugur og til marks um það er hér upphaf pistilsins:

Framtíðin kallar á alla Íslendinga, en einkum á æskulýð landsins. Aldagamlar venjur og lífshættir hverfa, en nýir siðir og ný viðhorf koma í staðinn. Þjóðin keppir að því að standa jafnfætis öðrum þjóðum á öllum sviðum, í fullveldi allra sinna mála, í vísindum og listum, íþróttum og atvinnumálum. Vér stöndum á landamærum tveggja heima, fortíðarinnar og framtíðarinnar. Vér gleymum því oft, að vér erum lífandi þáttur í alheimsviðskiptum og að hamingja þjóðarinnar er undir því komin, að oss skiljist til fulls, að vér verðum að keppa við aðrar þjóðir um öll andleg og efnaleg gæði. Vér höfum dregizt aftur úr í mörg hundruð ár, en nú er nýtt tímabil runnið upp í sögu þjóðanna⁵³¹

⁵²⁸ Alexander Jóhannesson. *Die Wunder in Schillers „Jungfrau von Orleans“*. Ehrhardt Karras, Halle 1915.

⁵²⁹ „Merkir Íslendingar“, dálkur í *Morgunblaðinu* 15. júlí 2013, bls. 23.

⁵³⁰ „Unga fólkið í Reykjavík“, *Dvöl* 3/1934, bls. 1-2. Þeir aðrir sem voru fengnir til að hugleiða sama efni á síðum *Dvalar* voru: séra Ragnar E. Kvaran, lengi prestur í Vesturheimi og einnig þýðandi, Tómas Guðmundsson skáld, séra Bjarni Jónsson dómkirkjuprestur, Valdemar Sveinbjörnsson leikfímikennari, Sigurður Nordal og Pálmi Hannesson rektor.

⁵³¹ „Unga fólkið í Reykjavík“, bls 1.

Að afloknum þessum frjálslýndu en þó ögn þjóðernissinnuðu orðum, um nauðsyn þess að horfa til framtíðar og standa þar til jafns við þjóðir þjóðanna, gerist Alexander *arrière-garde*, bakfylkingarmaður, því hann hnýtir aftan við þessi skrif sín:

Dagr es upp kominn,
dynja hana fjaðrar,
mál es vílmögum
at vinna erfiði.⁵³²

Með öðrum orðum grefur hann upp ævaforan texta, þetta er fyrri helmingur erindis í *Bjarkamálum hinum fornu*, til að fylgja eftir þessum skörulega málflutningi um framtíðarverkefni og framtíðarsýnina. Vissulega er textinn sémilega viðeigandi en þó mjög sérstakt að leita svo langt aftur til að styrkja þann innblásna texta sem hann skrifar og heldur áfram að skrifa eftir að hann hefur skotið þessu ljóðbroti inn.

Alexander var nokkuð frjálslýndur fyrst eftir að hann sneri heim frá námi en sveigir af þeirri leið fljótlega upp úr 1920.⁵³³ Í grein í *Eimreiðinni* árið 1922 hefur Alexander þetta að segja:

[N]ýjustu stefnur í málalísi eins og futurismur, kubismur og expressionismur eru sprotnar upp af sömu listaskoðunum og þeim, er rutt hafa sér til rúms í ljóðlist, sagnalist og leikritagerð. Maeterlinck er einn af spámönnum hins nýja tíma. Hann hélt því fram, að forvitni listamannsins, hins sanna, byrjaði þar sem skilningarvit vor næðu ekki lengra. Nútímamennirnir í ljóðagerð líkt og í málalísi fyrirrita margir að sýna náttúruna, lýsa henni eins og hún er; þeir vilja lýsa hugarsýnum sínum og draumórum. Þeir neyta jafnvel morfins og kokains (eins og Maupassant, Verlaine o. fl.) til þess að gera taugar sínar viðkvæmari, næmari fyrir. Þeir finna bragð og ilm af ásýnd fagurra málverka og skynja veraldarlögmál og alheimssamhengi í línunum myndhöggvarans; þeir vilja lifa innra lífi, komast út yfir takmörk tíma og rúms, og eru því bæði andatrúarmenn og guðspekingar andlegir bræður „expressionista“.⁵³⁴

⁵³² Þetta er fyrri helmingur fyrsta erindis í *Bjarkamálum hinum fornu* en það er íslenskum lesendum helst kunnugt vegna þess að sjálfur Þormóður Kolbrúnarskáld fer með það og fleira að Stiklarstöðum árið 1030, ef marka má *Ólafs sögu helga*, svo ekki sé talað um *Fóstbræðrasögu*. *Bjarkarmál hin fornu* eru vitaskuld mun eldri en báðar síðartöldu sögurnar og tilheyra ritverki Saxa og óvíst hvort þau eigi uppruna sinn hjá Íslendingum. Sjá t.d.: Vésteinn Ólason. „Hetjukvæði utan Konungsbókar“, bls. 172-179 í *Íslensk bókmenntasaga* 1. bindi, ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 175-176. Varðandi *Ólafs sögu helga* sjá t.d.: Snorri Sturluson. *Ólafs saga helga*, bls. 252-556 í *Heimskringlu* 1.-2. bindi, ritstj. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 1991, bls. 516. Varðandi *Fóstbræðrasögu* sjá t.d.: *Fóstbræðrasaga*, bls. 775-851 í *Íslendingsögur* 2. bindi, ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 1998, bls. 844.

⁵³³ Ólafur Rastrick. *Háborgin*, bls. 119.

⁵³⁴ Alexander Jóhannesson. „Um málalísi nútímans“, bls. 14-24 í *Eimreiðin* 28/1922, bls. 15.

Morfínið og kókaínið sem Alexander tiltekur að þeir noti Maupassant og Verlaine til örvunar og gleggri skynjunar er ekki hátt skrifað hjá honum; það tengir þá við strauma andatrúar, guðspeki og expressionisma og það þykir Alexander alls ekki gott. En þetta eru ólíkar birtingarmyndir þjóðfélagslegra breytinga, eða nútímavæðingar. Hann er því m.ö.o. ekki maður hefðarbrotis og byltinga.

Hér er strax ástæða til þess að staldra við, þetta viðhorf sem Alexander hefur til fíkniefnaneyslu nefndra skálda gengur aftur í grein Jóns Óskars án þess þó að Jón sé þar að tala beint við Alexander eða þessara tilteknu skoðana hans á notkun morfíns og kókaíns. Jón skrifar:

Meðal skálda og listamanna voru fleiri en hann [Baudelaire] sem gáfu sig að hassi og öðrum fíkniefnum á þeim tíma, enda varð þá til klúbbur hassneytenda, *Le Club des haschischins*, en viðriðinn hann var m.a. fegurðardýrkandinn sem áður um gat um, Théophile Gautier, þótt hann varaði sig betur á efninu en Baudelaire sem svo hörmuleg örlög hlaut í blóma lífsins. Frá þessum arftökum rómantísku stefnunnar um miðja nítjándu öld er æsilyfjatíska nútímans komin. Og íslensk æska sú er tilheyrir lista- og menntasnobbinu hefur verið næm að tileinka þessa tísku, eftir að hún hafði verið uppvakin í Bandaríkjunum. Að vísu hlaut íslenska menntaæskan að vera tíu árum á eftir tímanum að tileinka sér nýju lífsspekina, því enn þann dag í dag verður allt að koma hingað gegnum Danmörku, einnig það sem verst er í erlendri menningu, og getur þá krókaleiðin til Íslands stundum orðið nokkuð grátbrosleg, til dæmis: New York, Keflavík, París, Stokkhólmur, Kaupmannahöfn, Reykjavík. Nokkrir íslenskir námsgarpar hafa tekið þeim mun meira ástfóstri við hasstískuna sem þeir voru öðrum seinni að komast í eitrið. Hafa þeir gert hassdýrkun að trúarbrögðum og eru mörg íslensk skólablöð full af vakningargreinum þessara nýju ofsatrúarmanna sem sumir nefna sig byltingarsinna! Í ákefð sinni að boða trú á hinn sanna guð, hafa þeir mjög beitt þeim rökum að hass sé ekki hættulegra en brennivín. Það bendir til að þeim veitti ekki af að íhuga sögu Baudelaires og kynna sér það sem hann skrifaði um eiturlyf, Paradísarmissi hans (*Les paradis perdus*), ef þeir þá hefðu skilning á því sem um er að ræða, sem er að vísu nokkuð vafasamt.⁵³⁵

Það má teljast afar merkilegt að Jón eyði svo miklu púðri í þetta málefni í þessari grein sinni um frönsk ljóð á íslensku. En hér kemur greinilega fram mjög íhaldssöm afstaða, í herskárri andstöðu við notkun eiturlyfja, líkt og Alexander. En um leið kemur Jón ýmsu að: „Æska landsins, sem var líklega á svipuðu róli og hann sjálfur er hann var að brjótast fram sem skáld tilheyrir „lista- og menntasnobbi“. Sú æska fylgdist ekki eins vel með tímanum og æska fyrri tíma, því „íslenskir námsgarpar hafa tekið þeim mun meira ástfóstri við hasstískuna sem þeir voru öðrum seinni að komast í eitrið“; hér dylst engum háðið í orðinu „námgarpar“. En það sem kannski er verst af öllu við þessa miklu hörmung, er sú staðreynd að allt á þetta upptök sín

⁵³⁵ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*.

í Bandaríkjunum. Það er alveg óhætt að segja að Jón Óskar hreifst lítt af þeirri þjóð og fáu sem þaðan kom nema helst ef vera skyldi jassinum og einstaka skáldi. Þá er enn ótalið að þessi nýja bylgja kemur til landsins eftir „grátbroslegum leiðum“ sem Jón telur upp. Þar má enn frekar merkja andúð hans á brólti ungdómsins, hann sækir ekki beint í menningarborgirnar þessar lystisemdir sínar heldur vöðlast um í ótal krókaleiðum; sá tími er frá að drukkíð sé beint úr menningarbrunnum Parísar. Hér örlar á sama yfirlæti og þegar Jón var að lýsa sænsku skáldunum sem þeir Steinn Steinarr og Hannes Sigfússon lofuðu „og varð þeim nokkuð tíðrætt um sænska förtitalista, enda þurftu þeir að hafa frá einhverju að segja meðal bókmenntasinnaðra manna á Skálanum eftir innilokun stríðsáranna.“⁵³⁶ Í öllu þessu fjasi gegn tíðaranda og sér í lagi hassneyslu ungdómsins stendur Jón Óskar e.t.v. nær Alexander en hann gerir sér grein fyrir. Hér blasir við okkur bakfylkingarmaðurinn Jón, framúrstefnumaðurinn sem skammast yfir ósóma nýrrar kynslóðar og kallar að lokum til forvarnarfulltrúann Baudelaire – af öllum mönnum. Hann hefur samt svo litla trú á unga mannfólkinu – að hann efast um að það skilji Baudelaire.

Ein meginástæðan fyrir því að þessari bók Alexanders eru gerð þessi skil hér er sú staðreynd að í raun brást Jón Óskar við þessum skrifum rúmum 30 árum eftir að Alexander fékk verk sitt útgefið. Það var í vetrarbyrjun árið 1972, í greinaröð í *Lesbók Morgunblaðsins* sem Jón hóf samtalið við Alexander.⁵³⁷ Hér verður að taka fram að ekki er verið að fara yfir feril eða skoða þróun í þessu sambandi heldur aðeins þessa tvo texta og samtali þeirra.

Jóni finnst Alexander ekki mjög gagnrýninn á hve lítið af franskri ljóðlist hafi verið þýtt – og svo fer hann yfir það sem honum þykir markverðast og fram er talið í bók Alexanders Jóhannessonar: „Það sem hér hefur verið frá skýrt sýnir, að af þeim nálægt hundrað frönskum höfundum sem þýtt hefur verið eftir á íslensku, þegar prófessorinn gaf út bók sína 1944, eru samtals ekki nema ellefu höfundar ljóða og sumir þeirra heldur pervisalegir fulltrúar franskra bókmennta.“⁵³⁸ Og Jón lætur eftir sér að skensa aðeins Alexander, hann gefur til kynna að lítið sem ekkert hafi verið þýtt af stærstu ljóðskáldum franskra bókmennta: „Það er aðeins Verlaine sem hefur komist til þeirrar gífurlegu virðingar á Íslandi árið 1944 að vera kynntur með þremur stuttum ljóðum.“⁵³⁹

⁵³⁶ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 79.

⁵³⁷ Jón Óskar. „Um þýðingar franskra ljóða á íslensku“ birtist í fjórum *Lesbókum Morgunblaðsins*: 8. október, 20. október, 5. nóvember og 19. nóvember 1972. Síðar birtist þessi greinarflokkur sem ein heildstæð grein í: Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*. Stuðst er við þá grein í þessari ritgerð. Alexander Jóhannesson lést árið 1965.

⁵³⁸ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 129.

⁵³⁹ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 129. Það er á stundum í þessari grein eins og Jón Óskar gleymi því að Alexander var einungis að lista upp þessi tengsl; hann átti enga sök á því

Það er ljóst, mjög fljótt, hvert stefnir í grein Jóns um bók Alexanders, hann stillir upp *Menningarsambandi Frakka og Íslendinga* frá árinu 1944 til þess að sýna svart á hvítu hve höfundarverk hans sjálfs sem ljóðapýðanda er mikið að vöxtum. Hann gagnrýnir ýmsar þær þýðingar harkalega sem taldar eru upp í bókinni; og þá fellur sú einkunn að ekki sé einasta lítið þýtt heldur sumt illa, hann tekur dæmi um þýðingu á ljóðinu „Le ciel est, par-dessus...“ eftir Verlaine:

Hitt ljóðið orti Verlaine í fangelsinu í Belgíu og birti í bók sinni *Sagesse*. Þá var hann búinn að snúa aftur fullur iðrunar til katólskrar kirkju, þótt ekki reyndist það haldgott. Ljóðið hefst á þessum orðum:

Le ciel est, par-dessus le toit,
si bleu, si calme . . .

Skáldið sér úr klefa sínum bláan himininn, en pálmagrein vaggast yfir húspaki. Tveir menn hafa þýtt þetta ljóð, fyrst Magnús Ásgeirsson og síðan Helgi Hálfðanarson. Þýðing Magnúsar er tómur misskilningur frá upphafi til enda. Hér kann að hafa ráðið það sjónarmið að hafa ljóð Verlains aðeins til hliðsjónar við að yrkja nýtt kvæði á íslensku, en í þessu tilviki fer illa á því og endar með leirburði sem í sjálfu sér hefði ekki átt að bendla við Verlaine. Heitið, sem Magnús velur ljóðinu, hljómar eins og öfugmæli, þegar haft er í huga hvernig ljóðið varð til og hvers eðlis það er. „Heimkoma“ er yfirskrift Magnúsar á þessu ljóði sem Verlaine yrkir í fangaklefa sínum. Þar var sannarlega ekki um neina heimkomu að ræða. Himinninn og tréð sem Verlaine getur um í ljóðinu er sá himinn og það tré sem hann sér út um gluggann á klefanum sínum, og hljóðin sem heyrast eru hljóðin úr borginni utan fangelsismúranna: *Cette paisible rumeur-là vient de la ville*. Fanginn sem horfir á bláa himinrönd og hlustar á hljóðin fyrir utan, beinir huganum að sjálfum sér: Þú, sem þarna grætur, hvað hefur þú gert við æsku þína?

Qu'as-tu fait, ô toi que voilà
Pleurant sans cesse,
Dis, qu'as-tu fait, toi que voilà,
De ta jeunesse?

Par segir Magnús:

hve lítið hafði verið þýtt af ljóðum en það sem virðist pirra Jón er að Alexander lætur sem mikið hafi verið þýtt og allt markvert. Ljóðin eftir Paul Verlaine sem Alexander telur upp í bók sinni eru:
„La lune blanche...“ í þýðingu Guðmundar Guðmundssonar „Tunglsljós“, *Erlend ljóð*. Reykjavík 1924, bls. 21.
„La lune blanche...“ í þýðingu Jakobs Jóhannessonar Smára „Næturljóð“, *Eimreiðin XXIX* bls. 352.
„Le ciel est, par-dessus...“ í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar „Heimkoma“, *Þýdd ljóð* 5. bindi, bls. 91.
„Un Grand Sommeil Noir“ í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar „Leiðsla“, *Þýdd ljóð* 5. bindi, bls. 90.
„Colloque sentimental“ í þýðingu Sigurjóns Friðjónssonar „Svipir“, *Óðinn* 7-12/1932, bls. 50.
Merkilegt má teljast að Alexander sést yfir eftirfarandi þýðingar:
„La lune blanche...“ í þýðingu Sigurjóns Friðjónssonar „Tunglskin“, í *Eimreiðin* 2/1933, bls. 173.
„Nevermore“ í þýðingu Sigurjóns Friðjónssonar „Það allra bezta“, í *Eimreiðin* 2/1933, bls. 174.

Hvað gerðir þú, sem grætur hér,
við gömlu árin?

Í tveimur fyrri vísuorðunum hefur hann „gest“ sem „grætur hér“, líkt og átt sé við gamlan mann sem kemur gestur í áttagana, samanber nafnið sem Magnús velur kvæðinu og á sér enga stoð í frumkvæðinu, því þar var enginn gamall maður að koma heim, heldur sat ungur maður í fangaklefa sínum.⁵⁴⁰

Jón gagnrýnir fleiri þýðingar harðlega, fer mildari orðum um aðrar en er greinilega ekki ánægður. Það er athyglisvert að harðast gengur Jón fram gegn Magnúsi og þýðingu hans á Verlaine en Jón þýddi ekki Verlaine sjálfur – eða í það minnsta ekki til útgáfu. Samt er ekki ólíklegt að hann hafi eitthvað spreytt sig á því að þýða ljóð eftir Paul Verlaine; í það minnsta segir hann á einum stað: „Ljóðagerð Verlaines er ákaflega vandmeðfarin í þýðingu sökum þess hve hún er einföld, skruðlaus og hljómfögur. Í stuttum ljóðum hans getur eitt falskt orð (í þýðingu) eyðilaggt heildaráhrifin.“⁵⁴¹ Það gæti vel hafa verið taktík hjá Jóni að ganga fastast að þýðingu á ljóðskáldi sem hann var ekki að fást við sjálfur; þannig kom hann sér hjá því að fá þá gagnrýni að hann hefði ekki gert þetta betur, eða að hans þýðing væri ekki betri. Eða, sem auðvitað hefði verið verst, að hann væri hlutdrægur.

Undir lok greinarinnar, sem virðist hafa kviknað vegna þrjátíu ára gamallar bókar eftir Alexander Jóhannesson, hægist aðeins gagnrýnistónninn í Jóni Óskari, en þá hefur hann farið yfir víðan völl í þýðingarmálum úr frönsku, hann segir þá: „Ætla mætti af framangreindu yfirliti, að tilraunir þær sem gerðar hafa verið til þýðinga á frönskum ljóðum hafi borið lítinn árangur enn sem komið er. En þar eru nokkrar mikilvægar undantekningar.“⁵⁴² Þá telur hann upp þá Jakob Smára fyrir góða Verlaine-þýðingu, „La lune blanche...“ sem Jakob Smári kallar „Næturljóð“. Þá hælir hann Helga Hálfðanarsyni fyrir Ronsard-þýðingu⁵⁴³ og Jóni Helgasyni fyrir þýðingu sína á „Colloque sentimental“ eftir Verlaine, „Viðkvæm samræða“ í þýðingu

⁵⁴⁰ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, 153-154.

⁵⁴¹ Jón Óskar. „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“, bls. 115-215 í *Undir Parísarhimni*, bls.

142. Það má í raun teljast stórmerkilegt að Jón Óskar skuli ekki hafa þýtt Paul Verlaine til útgáfu; segja má að fjarvera Verlaines sé stór eyða í þýðingarverki Jóns sem þýddi verk allra helstu samferðamanna Verlaines. Orð Jóns um að erfitt sé að þýða Verlaine munu að nokkru sönn; stuðning við þetta má sjá t.d. í grein eftir Kristján Árnason, en hann skrifar: „En þegar við nú komum að enn öðru frönsku stórskáldi, Paul Verlaine, þá hittum við fyrir skáld sem ekki einungis boðaði það að ljóðlistin ætti að vera tónlist öðru fremur heldur náði sjálfur allt að því ótrúlegri kliðmýkt í ljóðum sínum. Að sjálfsögðu naut Verlaine þar einstakrar mýktar og fínleika móðurmáls síns sem gerir það að verkum að allar þýðingar á önnur mál hljóta að orka svolítið þunglamalegar í samanburði við frumtextann.“ Kristján Árnason. „Hjá aldirtrénu: Síðari grein um Kvæðabók Jóns Helgasonar“ bls. 263-277 í *Tímarit Máls og menningar* 3/1988, bls. 272-273. Sjá einnig um þýðingarvandann við Verlaine, t.d.: Carole Beckett. „Translating Poetry: Creative Art or Semantic Science? A Case Study“, bls. 75-89 í *Literator* 21(3) nóvember 2000. bls. 82-86.

⁵⁴² Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 155-156.

⁵⁴³ Pierre de Ronsard. „Sonnetta til Helenu“, þýð. Helgi Hálfðanarson. *Á hnotskógi*. Heimskringla, Reykjavík 1955, bls. 67.

Jóns.⁵⁴⁴ Þá hælir hann Yngva Jóhannessyni sérstaklega og telur þýðingar hans úr frönsku „með því sem best hefur tekist“.⁵⁴⁵

Grein sinni lýkur Jón Óskar svo með því að gefa út yfirlýsingu um ástandið í þýðingum eftir 1944. Jón nefnir sérstaklega þessa höfunda: Comte de Lautrémont, Guillaume Apollinaire, Paul Éluard, Saint John Perse, Robert Desnos, Henri Michaux og Jacques Prévert. Síðan segir hann:

Frá því Alexander Jóhannesson prófessor gaf út bók sína um menningarsamband Frakka og Íslendinga í stríðslok, þar sem nefndar eru þýðingar á ljóðum eftir ellefu franska höfunda, hefur því orðið mikil breyting. Frá stríðslokum hefur þegar verið þýtt eftir fleiri höfunda en hann nefnir í bók sinni, og sumt af því tekist með ágætum sem fagna ber. Má því búast við að íslenskir bókmenntamenn fylgist hér eftir betur með franskri ljóðagerð en áður tíðkaðist.⁵⁴⁶

Hér er margt mjög athyglisvert; fyrir það fyrsta hafði Jón Óskar þýtt – eða átti eftir að þýða: Comte de Lautrémont, Guillaume Apollinaire, Paul Éluard, Saint John Perse, Robert Desnos, Henri Michaux og Jacques Prévert, nákvæmlega þá höfunda sem hann hefur fyrir að nefna í þessum athugasemdum. Í þeirri upptalningu er því mikil sögn; það er eins og Jón vilji segja: „Það var ég sem færði ykkur þetta“. Sé sú hugmynd rétt að Jón sé hér að skerpa á hlut sínum í íslenskum bókmenntum, þýðingum á frönskum ljóðum, þá nær hann að draga sinn hlut vel saman að lokum þegar hann skrifar: „Frá stríðslokum hefur þegar verið þýtt eftir fleiri höfunda en hann nefnir í bók sinni, og sumt af því tekist með ágætum sem fagna ber.“⁵⁴⁷

Það má segja að Jón hafi með þessari grein, fyrst settri fram um þrjátíu árum eftir að bók Alexanders leit dagsins ljós, náð að sanna þá staðhæfingu sína að þýðingar á franskri ljóðlist hafi verið í mesta ólestri nánast alla tíð. Hann fer e.t.v. ekki hefðbundna leið að því en kröftuga engu að síður og nær um leið að sýna fram á inn í hvaða umhverfi hann sjálfur hefur þýðingastarf sitt.

Eins má spyrja sig hvort sú aðferð að glíma við 30 ára gamla bók sé til þess fallin að mikla hans eigin hlut, sem ljóðabýðanda; m.ö.o. að hann sveigi viljandi framhjá því sem aðrir þýða

⁵⁴⁴ Paul Verlaine. „Viðkvæm samræða“, þýð. Jón Helgason. „*Tuttugu erlend kvæði og einu betur*“. Heimskringla, Reykjavík 1962, bls. 62-63.

⁵⁴⁵ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 156. Yngvi Jóhannesson þýddi ýmsa franska höfunda s.s. Stéphane Mallarmé, Charles Baudelaire og Paul Verlaine. Þýðingar Yngva birtust í ýmsum blöðum og tímaritum en þær merkustu komu að lokum út í tveimur bókum: *Ljóðabýðingar* 1. bindi, Stafafell, Reykjavík 1973 og *Ljóðabýðingar* 2. bindi, Stafafell, Reykjavík 1980.

⁵⁴⁶ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 156.

⁵⁴⁷ Jón Óskar. „Frönsk ljóð á íslensku“, bls. 123-156 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 156.

úr frönsku á þessum 30 árum? Það virðist vera hluti skýringarinnar – þrátt fyrir að óumdeilanlegt sé að Jón hafi verið afkastamestur þýðandi franskra ljóða, þá er augljóst að hann sleppir mörgu mjög mikilvægu sem ljóst er að hann veit vel af. Í það minnsta sérvelur Jón gaumgæfilega þá þýðendur og þau ljóð sem hann nefnir en sleppir öðrum – sem e.t.v. ættu enn frekar erindi í gagnrýni hans því það eru samtíðarmenn hans sjálfs, sumir jafnvel vinir. Hér má til taka að Jón nefnir þýðingar Sigfúsar Daðasonar engu orði, þó þýddu þeir saman nokkur ljóð og hafði Sigfús frumkvæði að þeirri vinnu – ef marka má orð Jóns sjálfs er hann tjáir sig um samvinnu þeirra tveggja á öðrum stað:

Við Sigfús þýddum í fyrstu kvæði eftir Carl Sandburg, W.B. Yeats, Cecil Day Lewis, E.E. Cummings ofl., en seinna þýddum við eftir Paul Éluard og Pablo Neruda. Það var Sigfús sem átti frumkvæðið að þessu og hann valdi flest ljóðin. Oftast var hann byrjaður að þýða og jafnvel búinn að gera einhverja beinagrind þegar hann kom með kvæði til mín.⁵⁴⁸

Það er svo snemma sem 1949 að í *Tímariti máls og menningar* birtast tvær þýðingar, Sigfúsar og Jóns, á ljóðum eftir Éluard, „Með þér“ og „Án þín“.⁵⁴⁹ Þá minnst Jón heldur ekki á að nokkur ljóð sem voru afrakstur samvinnu þeirra tveggja birtust í bók sem kom út árið 1958 en það voru auk ljóðanna sem komu í *Tímariti Máls og menningar* og áður er getið: „Gagnrýni skáldskapar“ (1932) eftir Éluard þýddi Sigfús raunar einn, en annað ljóð með sama nafni „Gagnrýni skáldskapar“ (1943) þýddu þeir saman.⁵⁵⁰ Í þessari sömu bók birtist líka þýðing Einar Braga á ljóðinu „Vindurinn“ eftir Henri Michaux.⁵⁵¹ Þá kemur út árið 1953 bókin *Gestaboð um nótt* eftir Einar og í henni eru m.a. eftirtaldar franskar ljóðapýðingar: eftir Jules Renard, „Svanurinn“ („Le cygne“),⁵⁵² eftir Charles Baudelaire „Förumaðurinn“ („Le voyage“),⁵⁵³ þá birtist „Vindurinn“ eftir Michaux aftur í þessari bók. Og enn bætir Einar Bragi við ljóði eftir Baudelaire í bók sinni *Hrafnar í skýjum* en þar kemur hann með þýðinguna

⁵⁴⁸ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 33-34.

⁵⁴⁹ Paul Éluard. „Með þér“ og „Án þín“, í *Tímariti Máls og menningar* 2/1949, þýð. Jón Óskar og Sigfús Daðason, bls. 183-184.

⁵⁵⁰ Paul Éluard. „Gagnrýni skáldskapar“ og „Gagnrýni skáldskapar“ í *Erlend nútímaljóð*, ritstj. Einar Bragi og Jón Óskar. Þýðendur þessara ljóða: Sigfús Daðason og Sigfús Daðason og Jón Óskar, annars ýmsir þýðendur. Heimskringla, Reykjavík 1958, bls. 56 og 58. Bæði heita þessi ljóð upp á frönsku: „Critique de la poésie“.

⁵⁵¹ Henri Michaux. „Vindurinn“ („Le Vent“), í *Erlend nútímaljóð*, bls. 60. Henri Michaux var reyndar fæddur Belgi, en var frönskumælandi og gerðist síðar franskur ríkisborgari, hann gat sér einnig gott orð sem myndlistarmaður. Sjá t.d. hér: Henri Michaux. *Darkness Moves: An Henri Michaux Anthology, 1927-1984*, ritstj. og þýð. David Ball. University of California Press, Los Angeles og London 1997, bls. ix.

⁵⁵² Jules Renard. „Svanurinn“ („Le Cygne“) í *Gestaboð um nótt*, þýð. Einar Bragi. Hólar, Reykjavík 1953, án blaðsíðutals. Renard (1864 – 1910) er þekktastur í sínu heimalandi fyrir söguna *Poil de carotte* (1894) sem er löngu klassísk saga þar í landi, byggð á uppvaxtarárum höfundar og því stríði sem fylgdi því að vera rauðhærður.

⁵⁵³ Charles Baudelaire. „Förumaðurinn“ („Le Voyage“) í *Gestaboð um nótt*, án blaðsíðutals.

„Glataður geislabaugur“ („Perte d’Aureole“).⁵⁵⁴ Og það voru fleiri að þýða frönsk ljóð, Thor Vilhjálmsson lét ekki sitt eftir liggja og frönsk ljóðapýðing kom í *Birtingi* árið 1968, en þar þýðir Thor ljóð eftir Jean Cayrol, sem hefur yfirskriftina, „Ljóð“.⁵⁵⁵ Og enn fleiri þýddu sem Jón Óskar hirðir ekki um að nefna. Jóhann Hjálmarsson verður fyrstur til þess að þýða Minou Drouet en hún kom með nokkrum stormsveip inn í franskt bókmenntalíf árið 1955, aðeins átta ára gömul og þóttu áhöld um að hún hefði sjálf ort – síðar kom í ljós að svo var og lagði hún nokkuð stund á skáldskap og sér í lagi barnabókmenntir áður en hún settist í helgan stein. Árið 1958 birtist „Saungljóð“ eftir hana í þýðingu Jóhanns í *Birtingi*.⁵⁵⁶ En á birtingu þessarar þýðingar í *Birtingi* er afar sérstakur flötur, sérstaklega í því tilfelli sem hér er verið að kanna: þögn Jóns Óskars um sérvaldar ljóðapýðingar úr frönsku á þessum tíma. Aðfararorð að þýðingu Jóhanns skrifar sjálfur Jón Óskar:

Árið 1955 kom út ljóðabók í Frakklandi eftir átta ára gamla telpu, Minou Drouet. Bók þessi olli miklum deilum, því að sumir fullyrtu að telpan gæti ekki hafa ort ljóðin, heldur mundi stjúpá hennar, menntuð og greind kona, sem einnig hefur

⁵⁵⁴ Charles Baudelaire. „Glataður geislabaugur“ („Perte d’aureole“) í *Hrafnar í skýjum*, þýð. Einar Bragi. Ljóðkynni, Reykjavík 1970. Blaðsíður í bókinni eru ekki númeraðar.

⁵⁵⁵ Jean Cayrol. „Ljóð“, þýð. Thor Vilhjálmsson. *Birtingur* 1/1968, bls. 56. Reyndar birtist þessi þýðing tvisvar sinnum í *Birtingi* þetta ár, sjálfsagt fyrir einhver mistök. Sjá um Cayrol t.d. hér: Thor Vilhjálmsson. „Helgarsyrpa“, í *Þjóðviljanum* 19.-20. desember 1981, bls. 4. Jean Cayrol (1911-2005) átti um skeið nokkuð snúna ævi, hann gekk til liðs við andspyrnuhreyfinguna í Frakklandi í seinna stríði en var svikinn í hendur þýskra og var sendur í útrýmingarbúðirnar í Mauthausen – en þaðan slapp hann lifandi að lokum og sér þeirrar lífsreynslu mjög stað í ljóðum hans. Það hefur verið talað um að svokallað Lasarusar-minni sé gegnum gangandi í ljóðagerð hans og má t.d. sjá það vel í ljóðinu sem Thor þýddi:

LJÓÐ

Ég hef reynt að tala um líf mitt
sem var sannara en eðlilegt
og af því dó ég

og hví ætti þá að ljúka því
sem aldrei var byrjað

Fjær sál mín
fjær
er reykurinn sem þorpið ber
að sólsetri

Hvenær verður mér trúað?
hvenær verður mér svarað?

Ég hef drukkið það sem var eftir
og ég hef brotið glasið
og líf mitt var stór blettur
svartur
á dúknum

⁵⁵⁶ Minou Drouet. „Saungljóð“ í *Birtingi* 2/1958. þýð. Jóhann Hjálmarsson, bls. 27.

fengizt við skáldskap, vera höfundur þeirra; sumir töldu ljóðin sjálf einskis virði, en aðrir fögnuðu því að fá í hendur ný skemmtileg ljóð, sem opnuðu fullorðnu fólki sýn inn í þann heim, sem flestir hafa gleymt, heim barnsins. En enda þótt ljóð Minou Drouet beri ótvíræð einkenni bernskunnar, eru einstök orð og setningar þannig, að halda mætti að þroskað skáld hefði að unnið. Var því kannski ekki furða, þótt sumir drægju í efa að hún hefði ein verið að verki.⁵⁵⁷

Það verður að teljast all sérstakt að Jón nefni ekki þessa þýðingu og þá heldur ekki þýðingu Jóhanns á ljóðinu „Ský“ („Nuages“) sem kom í bók Jóhanns, *Af greinum trjáanna*, tveimur árum síðar. Og sé það áhugavert þá er enn áhugaverðara að Jón nefnir heldur ekki að í þeirri sömu bók þýði Jóhann ljóð eftir sjálfan Louis Aragon, „Tilbrigði“, og er ekki úr vegi að birta hér fyrsta erindi þess ljóðs, því ekki verður því neitað að það eigi nokkuð erindi við þessa umfjöllun:

TILBRIGÐI

Eingan getur maðurinn elskað nema sjálfan sig
þegar hann heldur að hann elski annan
elskar hann aðeins sjálfan sig
heitara og heitara.⁵⁵⁸

Úr því Jón stendur í þessu orðaskaki við 30 ára texta þá má geta þess að þarna eru 30 ár þangað til einu Aragon-þýðingar hans sjálfs koma á bók, ljóðin „Aflið“ og „Ég hefði brátt“, sem bæði birtust í *Undir Parísarhimni*.⁵⁵⁹

Þá verður ekki gengið fram hjá bók sem vakti nokkra forvitni á sinni tíð, en það var ljóðasafnið *Annarlegar tungur* sem gefið var út undir dulnefninu, Anonymus. Síðar kom í ljós að þar var á ferð Jóhannes úr Kötlum. Í því safni er ljóðið „Óánægja“ eftir Philippe Soupault.⁵⁶⁰

En Jón gerir fleira í ritgerðasafni sínu *Vitnað fyrir manninn*.⁵⁶¹ Eftir að hafa farið nokkuð ítarlega í saumana á bók Alexanders Jóhannessonar hvað varðar þýðingar á frönskum ljóðum þá stillir hann upp nýjum kafla í ritgerðasafninu, strax á eftir þeim sem hann nefnir „Frönsk ljóð á íslensku“ þar má segja að hann haldi áfram verkinu: að teikna upp myndina af sjálfum sér sem helsta ljóðapýðanda úr frönsku, sem hann að sönnu var. Það er ljóst að það er meðvituð

⁵⁵⁷ Jón Óskar. Grein án titils í *Birtingi* 2/1958, bls. 26.

⁵⁵⁸ Louis Aragon. „Tilbrigði“ í *Af greinum trjáanna*, bls. 39.

⁵⁵⁹ Louis Aragon. „Aflið“, „Ég hefði brátt“, í *Undir Parísarhimni*, bls. 79-80; 81-82.

⁵⁶⁰ Philippe Soupault. „Óánægja“, í *Annarlegar tungur*, bls. 28-29.

⁵⁶¹ Rétt er að geta þess að titill þessarar bókar er vísun í ljóðaflokkinn „Vinda“ eftir Saint John Perse en þar segir m.a. um þýðingu Jóns sjálfs: „... ætlar ekki einhver í þessum heimi að upphefja raust sína? Vitni fyrir manninn ... / Skáldið láti til sín heyra og stjórni dómnum.“ Jón Óskar. „Mikið skáld fær Nóbelsverðlaun“ bls. 19-23 í *Birtingi* 4/1960, bls. 23. Þegar ljóðið „Vindar“ birtast svo í *Ljóðapýðingar úr frönsku* árið 1963 hafa þessar línur breyst lauslega.

ákvörðun hjá Jóni að setja kaflann „Vandinn að þýða ljóð“ strax á eftir hinum um frönsku ljóðin, því hann segir í formála að bókinni: „„Vandinn að þýða ljóð“ er fyrirlestur sem ég flutti að beiðni franska sendikennarans Jacques Raymonds á vegum Alliance française í Reykjavík, og birtist hér með nokkrum breytingum til samræmingar við löngu ritgerðina fyrrnefndu um frönsk ljóð.“⁵⁶²

Jón tengir þessa kafla fullkomlega með því að segja í inngangi þess síðari að hann hafi fyrir nokkrum árum farið að skoða það hvað hefði verið þýtt af frönskum ljóðum yfir á íslensku og þar hafi grunnheimildin verið bók Alexanders *Menningarsamband Frakka og Íslendinga*. Jón fer nokkuð vítt og breitt í þessari grein, segir frá glímu sinni við einstaka skáld og jafnvel einstaka orð eða orðalag – vandkvæðin við að þýða eitt og annað – en er sjaldnast fræðilegur. En undir lok kaflans er afar merkileg klausa – sem jafnvel mætti kalla yfirlýsingu þýðandans Jóns Óskars um nútímaljóðlist, hann skrifar:

Ég hef ekki reynt að kynna Íslendingum Rimbaud af því að ég teldi hann fremri í listinni ýmsum öðrum frönskum skáldum, heldur vegna þess að mér þótti hann fyrir margra hluta sakir þess virði, og sannast sagt þykir mér hann svo merkilegur við nánari athugun, í ljósi seinni tíma ljóðagerðar, að ég held að þeir sem taka sér fyrir hendur að skrifa um nútímaljóðagerð án þess að þekkja hann viti varla um hvað þeir eru að skrifa.⁵⁶³

Í þessum texta sem hér hefur verið kölluð yfirlýsing Jóns Óskars um nútímaljóðlist kemur ýmislegt fram. Af þessum texta er ljóst að það er Jón Óskar sem kynnir Íslendingum Rimbaud og Jón er mjög vel meðvitaður um það hlutverk sitt. Hann er verðbréfamiðlari textans svo aftur sé vísað í líkingu Pascale Casanova.⁵⁶⁴ Eins og sjá má er niðurlag tilvitnunarinnar hér að framan nokkuð hvasst, enda er þessum orðum sérstaklega beint að einum manni, Hrafni Gunnlaugssyni: „En ég get ekki látið hjá líða að skjóta því hér inn í, að sú hugmynd sem Hrafn Gunnlaugsson lætur prenta eftir sig í Eimreiðinni nú fyrir skömmu, að Steinn muni hafa ort Tímann og vatnið fyrir áhrif frá Rimbaud, styðst ekki við neitt sem ég veit um þessi tvö skáld, og getur varla stafað af öðru en vanþekkingu.“⁵⁶⁵ Jóni er misboðið, fyrst og fremst vegna þess sem hann kallar „vanþekkingu“ hjá Hrafni og ef til vill pirrar hann einnig sú djörfung Hrafns að teygja sig inn á sérsviðið, franska ljóðagerð og þýðingar; vægi franskrar ljóðagerðar í íslensku samhengi. Hér er nauðsynlegt að líta á það sem Hrafn ritaði í *Eimreiðina*, svo hægt sé að leggja mat á hvort þessi orðapungi Jóns sé réttlætanlegur:

⁵⁶² Jón Óskar. „Til lesandans“, bls. 7-8 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 8.

⁵⁶³ Jón Óskar. „Vandinn að þýða ljóð“, bls. 157-173 í *Vitnað fyrir manninn*, bls. 172.

⁵⁶⁴ Pascale Casanova. *The World Republic of Letters*, bls. 21.

⁵⁶⁵ Jón Óskar. „Vandinn að þýða ljóð“, bls. 172-173.

NB UM TÍMANN OG VATNIÐ

Ég hef oft velt því fyrir mér, hvers vegna enginn hafi bent á þau augljósu tengsl sem eru á milli ljóða Steins Steinars í Tímanum og vatninu og UNE SAISON EN ENFER eftir Rimbaud.

Steinn horfir í gegnum Rimbaud í Tímanum og vatninu; þótt margir aðrir höfundar komi þar auðvitað á milli, þá byggir ljóðið grunn sinn á Rimbaud. Höfuðmunurinn er, að þótt Steinn tileinki sér myndmál og sýn Frakkans fullkomlega, örlar samt hvergi á því líkamlega ofnæmi, sem einkennir ljóð Rimbaud svo mjög. Til þess eru ljóð Steins of spekulatíva, of mikil vangavelta og málverk.

„J'ai essayé d'inventer de nouvelles fleurs, de nouveaux astres, de nouvelles chairs, de nouvelles langues“.

Helzti veikleiki íslenzkrar ljóðlistar í dag er fátækleg þekking flestra ljóðskálda á tímamótaljóðlist sögunnar, jafnt klassískri sem tízkufyrirbærum. Allir lepja upp ljóð hvers annars um lauf og húm, fastir í sama hringnum án þess að vísa út fyrir sig eða hringinn. Steini tókst að vaxa út úr vítahringnum, kannski mest fyrir tilstilli kynna sinna af Rimbaud.⁵⁶⁶

Það er í raun ómögulegt að átta sig á því hvers vegna þessar hugleiðingar Hrafns um áhrif Rimbauds á „Tímann og vatnið“ og á Stein Steinarr ergja Jón Óskar yfirleitt. Jón er ekki með nokkru móti að taka upp þykkjuna fyrir Stein, enda engin þörf á því. Hann gerir mál úr frekar lauslegu spjalli Hrafns, sem vel að merkja, leggur ekki fram sterk rök máli sínu til stuðnings. Því er áður nefnd ástæða um að Hrafn sé að teygja sig inn á yfirráðasvæði Jóns Óskars líklegasta skýringin. Þá er heldur ekki ósennilegt að Jóni hafi sárnað glannaleg yfirlýsing Hrafns um menntunarleysi og grunna þekkingu íslenskra ljóðskálda sem lepji upp hvers annars ljóð gagnrýnislaust.

En þá aftur að þýðingum á Rimbaud. Það eru reyndar til þrjár eldri Rimbaud-þýðingar, en þær sem Jón Óskar gekk frá, en það má segja fullum fetum að þær séu frekar léttvægar og nánast aðeins sýnishorn – og ekki fylgt eftir með neinum þunga. Þannig birtist í blaðinu *Landnemanum* hálf ljóðið „Morgunn“ og er ekki ljóst hver þýðir.⁵⁶⁷ Sama ár kom út safnið *Á hnotskógi*, en þar birti Helgi Hálfðanarson ljóðaþýðingar sínar.⁵⁶⁸ Um Rimbaud-þýðingarnar sem þar er að finna skrifaði Hannes Sigfússon í ritdómi:

Eftir Rimbaud þýðir Helgi Hálfðanarson tvö smákvæði, rímuð, sennilega frá þeim tíma er höfundur var um fermingu. Annað þeirra, „Í grænu kránni“, er að

⁵⁶⁶ Hrafn Gunnlaugsson. „NB um Tímann og vatnið“ bls. 49-50 í *Eimreiðin* 1/1975, bls. 49-50. Franska tilvitnunin er í ljóð Rimbauds „Adieu“ en þessar ljóðlínur þýðir Sölvi Björn Sigurðsson svo: „Ég reyndi að finna upp ný blóm, nýjar stjörnur, nýtt hold, ný tungumál.“ Arthur Rimbaud. *Uppljómanir & Árstíð í helvíti*, bls. 117.

⁵⁶⁷ Arthur Rimbaud. „Morgunn“, þýð. ekki getið, *Landneminn* 2/1955, bls. 10.

⁵⁶⁸ Helgi Hálfðanarson. *Á hnotskógi: Ljóðaþýðingar*. Heimskringla, Reykjavík 1955.

vísu skemmtilegt í þýðingunni – en Rimbaud hélt áfram að yrkja í nokkur ár eftir þetta og lánaðist þá að skapa þau verk sem halda nafni hans á lofti. Hann er af sumum talinn faðir nútímaljóðsins, endapótt [svo] þýðingarsýnishorn Helga gefi litla hugmynd um það.⁵⁶⁹

Hér er því gengið út frá því að það sé rétt hjá Jóni að hann sé fyrstur til þess að færa Íslendingum Rimbaud enda á hann umtalsverðan fjölda þýðinga auk annars efnis, svo sem kynningarefnis sem styrkja mjög stöðu hans í þessu sambandi.⁵⁷⁰ Fyrst dregur Jón úr og vill ekki láta sem svo að hann telji Rimbaud öðrum fremri, en bætir svo strax í og heldur því fram að þegar menn athugi hann nánar, rýni í hann, verði honum kunnugur, að þá sjái menn hve merkilegur Rimbaud í raun er. Með öðrum orðum, hann er svo merkilegur að hann þarfnast sérstaks skilnings. Þann skilning hefur Jón öðlast – eða gefur sterklega til kynna að hann hafi. Þá er því hér haldið fram af Jóni að seinni tíma ljóðagerð hvíli mjög á höfundarverki Rimbauds. Að endingu er því svo slegið fram að þeir sem ekki þekki Rimbaud, ættu að láta það vera að skrifa um nútímaljóðagerð. Hér er Jón í hinu fullkomna bakvarðarhlutverki, mikilvægi Rimbauds liggur ekki síst „í ljósi seinni tíma ljóðagerðar“ – og það þarf mann til að fylgja eftir þeirri stórsókn sem Rimbaud hóf sjálfur meira en 100 árum fyrr; „Og hann var enn fimmtán ára í byrjun árs 1870 þegar birtist eftir hann fyrsta ljóðið á frönsku í tímaritinu *La Revue pour tous*“.⁵⁷¹ Sá maður sem er til eftirfylgni er Jón Óskar

Þegar lítið er á þessa upphafningu Jóns Óskars á Rimbaud – sem var á dögum 1854-1891 – er ekki úr vegi að líta til þess sem T.S. Eliot hefur að segja um hefðina:

„Hefðin“ væri þó lítils virði ef hún fælist einvörðungu í blindri eða lítilsigldri fastheldni við aðferðir næstu kynslóðar á undan. Við höfum séð marga slíka minni háttar strauma renna út í sandinn á skömmum tíma. Nýjung er að auki betri en eftiröpun. Hefð hefur miklu víðtækara gildi. Menn taka hana ekki í arf og vilji þeir ná tókum á henni kostar það mikla vinnu. Í fyrsta lagi krefst hún sögulegs innsæis, er segja má að sé lífsnauðsynlegt hverjum þeim sem vill halda áfram að vera skáld eftir 25 ára aldur. Þessi söguskynjun felur ekki aðeins í sér tilfinningu fyrir fortíðargildi hins liðna heldur og þýðingu þess fyrir nútíðina. Hún neyðir okkur til að skrifa ekki aðeins með eigin samtíð í huga, heldur í vitund þess að evrópskar bókmenntir allt frá Hómer, og innan þeirra bókmenntir okkar eigin lands, eru samtíða og mynda samtímalegt kerfi. Það er þetta innsæi

⁵⁶⁹ Hannes Sigfússon. „Á hnotskógi“, bls. 40-42 í *Birtingi* 4/1955, bls. 40. Ljóðin sem Helgi Hálfðanarson þýðir eru: „Á grænu kránni“ („Au Cabaret Vert, cinq heures du soir“, 1870) og „Á bláu sumarkvöldi“ („Sensation“, 1870). Sjá má að það er rétt hjá Hannesi að þessi ljóð eru með þeim alfyrrstu sem birtast eftir Rimbaud og síðarnefnda ljóðið reyndar það fyrsta sem birtist árið 1870. Arthur Rimbaud. *Arthur Rimbaud Complete* 1. bindi: *Poetry and Prose*, ritstj. og þýð. Wyatt Mason. The Modern Library, New York 2003, bls. 379.

⁵⁷⁰ Hér er átt við þá texta sem kallaðir hafa verið paratextar, sjá t.d. hér þar sem Jón skrifar um Rimbaud: Jón Óskar. „Sjáandinn“, *Birtingur* 2/1960, bls. 7-8.

⁵⁷¹ Sigurður Pálsson. „Nokkur orð um Arthur Rimbaud og *Uppljómanir*“, bls. 7.

- er felur í sér skynjun hins tímalausa og hins tímanlega, svo og samruna þeirra
- sem gerir rithöfund hefðbundinn. Samtímis gerir það hann afar meðvitaðan um stöðu sína í tímanum, samtímaleika sinn.⁵⁷²

Þrátt fyrir að Eliot sé hér fyrst og síðast að fjalla um skáldið og höfundarverk þess þá er vel mögulegt að heimfæra þessar hugmyndir upp á þýðandann og starf hans sem „höfundar“ texta í nýju samhengi og í nýrri hefð. Sú fullyrðing Eliots að menn taki ekki hefðina í arf er mikilvæg hér, því Jón Óskar virðist líta svo á að hann verði – án erfðaréttar – að taka, nema upp, Rimbaud og hin frönsku skáldin, og færa inn í íslenska bókmenntahefð, hið íslenska bókmenntakerfi. Jón horfir einmitt þannig á málið að það þurfi að vinna fyrir söguskynjun og þar um leið fyrir einskonar „rétti“ til þess að fjalla um skáld úr fyrri tíma; og þá ekki síst þau sem hann telur marka varanleg spor í bókmenntasögunni og vera áhrifavalda til framtíðar. Þýðingarstarf Jóns – og rýni hans í bók Alexanders Jóhannessonar – ber vitni um að hann vill læra (jafnvel af mistökum annarra) og gera betur og/eða hvetja aðra til að gera betur en um leið kynna sér gildi þeirra þýðinga sem Alexander telur upp; skoða þær sem innlegg í íslenskt bókmenntakerfi á mismunandi tímum, hafandi um leið sögulega meðvitund um að margir þýðendur hefðu kannski átt að leggja meira fram,⁵⁷³ en einnig skoða hvað er þýtt og þá um leið hvað vantar – en aðalgagnrýni hans beinist einmitt að því síðasttalda.

En það er að lokum þetta sem er áhugaverðast þegar Jón Óskar er annars vegar, þýðingar hans, ljóðlist hans og reyndar öll hans vera innan íslensks bókmenntakerfis: „Það er þetta innsæi – er felur í sér skynjun hins tímalausa og hins tímanlega, svo og samruna þeirra – sem gerir rithöfund hefðbundinn. Samtímis gerir það hann afar meðvitaðan um stöðu sína í

⁵⁷² T.S. Eliot, „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“, þýð. Matthías Viðar Sæmundsson, bls. 43-52 í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskj til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 44. Aftur er rétt að minna á það að þessi skrif Eliots þekkti Jón Óskar mætavel.

⁵⁷³ Jóni finnst t.d. framlag Gríms Thomsens lítið, miðað við að hann var talinn sérfræðingur í frönskum bókmenntum og ágætur frönskumaður. Þá finnst Jóni undarlegt að sjá nöfn nokkura höfunda í bók Alexanders því þeir hafi ekki verið nafntoguð ljóðskáld, má þar m.a. nefna Casimir Delavigne (1793-1843), en hann var ljóð- og leikskáld og nokkuð í hávegum hafður á sinni tíð en lítið nafn í dag, hann var hallari undir klassíkisma en þá rómantík sem var þó í uppgangi á hans dögum. Sjá t.d.: Vincent F. Hooper og Bernard D. N. Grebanier. *World Literature: Essentials of World Literature 2*. bindi, Barron's Educational Series, Inc. New York, London, Toronto og Sidney 1952, bls. 353-354. Þá finnur Jón að því að þarna sé Charles Richet (1850-1935). Richet þessi var reyndar stórmerkur maður og fékkst við margt um sína daga en var þó fyrst og fremst vísindamaður og fékk Nóbelsverðlaun í lækisfræði árið 1913 fyrir rannsóknir á bráðaofnæmi (en hann fann reyndar hið lækisfræðilega orð um það, *anaphylaxis*). En Richet orti líka ljóð og eins var hann mikill áhugamaður um dulspeki ýmiskonar og er enn frægur maður í Frakklandi. Sjá t.d.: „Charles Richet Biographical“ á aðalvef Nóbelsverðlaunanna <https://www.nobelprize.org/prizes/medicine/1913/richet/biographical/> (sótt 4/11 2018) Um þennan ágæta mann hefði kannski hinn franskróði Jón Óskar átt að vita. Um þá sem Jóni finnst vanta hefur þegar verið getið í meginmáli. Að endingu er rétt að geta þess að ljóðið „Afætarnar“ sem fjallar um frægð Pasteurs er að hluta til í íslenski þýðingu, Charles Richet. „Afætarnar“ þýð. Gestur [Guðmundur Björnsson]. *Undir ljúfum lögum*, Þorsteinn Gíslason, Reykjavík 1918, bls. 143-144.

tímanum, samtímaleika sinn.“ Það er óvíst hversu meðvitaður Jón var nokkurn tíma um samtímaleika sinn eða stöðu sína í tímanum yfirleitt, eins og kom fram í öðrum hluta þessarar rannsóknar. En skynjun hans á hinu tímalausa og þá um leið hinu tímanlega virðist oft vera hans helsti styrkur. Sá hæfileiki, það tilfinninganæmi nær að setja hann í samband við þá texta sem hann þýðir með mjög sérstökum og afgerandi hætti, eins og sýnt verður fram á síðar í þessum kafla.

En áður en lengra er haldið – og þá sem einskonar veganesti inn í umfjöllunina um Albert Camus og Jón Óskar – er rétt að vitna aftur í Eliot:

Skáldið ber ekki merkingu sína eitt síns liðs – né heldur aðrir listamenn. Mikilvægi þess og gildi er fólgið í venslum þess við dauð skáld og listamenn. Það er ekki unnt að meta skáldið eitt og sér. Það verður að vega það og meta með hliðsjón af hinum dauðu. Þetta er að mínum dómi ekki aðeins grundvallarregla fyrir sögulega gagnrýni, heldur og fagurfræðilega gagnrýni.⁵⁷⁴

Ef gengið er út frá þessum orðum Eliots þá má fullyrða það enn frekar um þýðandann en skáldið að hann beri ekki merkingu sína einn síns liðs. Og þegar þýðandinn er veginn og metinn með hliðsjón af hinum dauðu sem hann er að þýða – og líkt og reisa upp frá dauðum á öðru menningarsvæði – þá er óhjákvæmilegt að slíkt spili inn á þá fagurfræðilega þætti sem helst eru einkennandi, og hefur verið lýst, í höfundarverki Jóns. Hér er átt við að Jón er að þýða verk manna sem ekki eru lengur til staðar sem lifandi persónur og þannig í samtali við það sem liðið er – þarna myndast hik eða eyða. Í annan stað er Jón að þýða þessa höfunda á öðru menningarsvæði en þeirra eigin, þetta eru menn rómanskra tungumála sem verið er að þýða yfir á germanskt mál – þar myndast annað hik eða bil.

3.1 Plágan og önnur veikindi

Undir lok bókarinnar *Paradoxy of Modernism* lítur Robert Scholes til baka yfir nöfn skálda og rithöfunda sem komið hafa við sögu í bókinni – og kenningar, strauma og stefnur – eins og mönnum er gjarnt að gera við leiðarlök. Og það er eins og hann sé að hluta til að taka undir með Eliot, þótt hann nefni það ekki:

Er ég hlusta eftir öllum þessum röddum úr fortíðinni sem við höfum haft til umfjöllunar, stend ég mig að því að spyrja sjálfan mig; hvers vegna finnst mér þetta fólk svona spennandi, hvers vegna sökkti ég mér í vandamál þeirra, og

⁵⁷⁴ T. S. Eliot, „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“, bls. 44-45.

hvers vegna vil ég að aðrir kynnist þeim? Svörin við þessum einföldu spurningum eru langt frá því að vera einföld. En, þau varða lærdóm og vellíðan.⁵⁷⁵

Það er ljóst á skrifum Jóns Óskars að hann telur raddirnar úr fortíðinni eiga erindi, og hann telur þær eiga ekki bara erindi við sig heldur við íslenska lesendur og síðast en ekki síst erindi við skáldin – hann telur verk þessara manna hafa tilgang í þeirri deiglu sem íslensk ljóðagerð er í á þessum tíma. En spurningin sem vaknar við skrif Jóns Óskars um t.d. frönsku symbólistana er sú hversu mikið hann sjái þá sem part af fortíðinni? Hér er ekki verið að draga í efa bókmenntaþekkingu eða almenna visku Jóns, heldur er þetta spursmál um gengi tímans og erindi tímans inn í heim bókmenntanna og meðvitaða stöðu Jóns sem milliliðar á milli hefðarbrjóta fyrir og um aldamótin 1900 og svo þeirra íslensku skálda sem fóru að eiga við íslenska ljóðformið 40-70 árum síðar. Hér er nauðsynlegt að hafa í huga stöðu Jóns sem bakvarðar, líkt og þegar hefur verið sýnt fram á í þessari rannsókn. Einnig er gagnlegt að horfa til þess hvernig vinna við þýðingar getur hrært upp í tíma og rými þrátt fyrir að sá sem þýðir hafi í upphafi samið textann sem þýddur er. Þegar Fernando Pessoa hafði skapað sér hliðarsjálfin Riddarann Ekki og Alexander Search sem áttu í bréfaskriftum sín á milli, sá fyrrnefndi aðeins mælandi á portúgölsku en hinn aðeins á ensku, var Pessoa sjálfur milliðurinn sem þýddi, túlkaði fyrir hliðarsjálfin. „Fyrir bragðið varð Pessoa bréfabýðandi sem varð síðar aðalstarf hans við verslunarbréf og vörupantanir. Í báðum tilvikum hefur hann fundið fyrir tilveru þess fyrirbrigðis sem hægt er að kalla nálægð í fjarlægðinni eða fjarlægð í nálægðinni í tíma og rúmi.“⁵⁷⁶ Þarna er milliður af öðru tagi sem samt sem áður berst með í tíma og rúmi með nokkuð sérstökum hætti.

„Venslin“ sem Eliot talar um (hann notar á ensku orðið, *relation*) er „hlustunin“ eftir röddum fortíðar hjá Scholes. Vensl Jóns og hlustun eru með sama hætti djúp skynjun óháð tíma; á textum, mönnum og lífshlaupi manna sem hann finnur sig með – sökkvir sér í, lærir um og fær af unað. Þeim unaði vill hann deila, það er að hluta til hans erindi. En hér býr meira undir. Samsömun Jóns við þá texta sem hann fæst við bendir til þess að þeir móti hann sjálfan sem skáld – eða textasmið – mun meira en hann gerði sér grein fyrir sjálfur. Þannig fer útteiling Jóns á þeim textum sem hann þýðir ekki síður fram í gegnum hans eigin skáldskap en í gegnum hina þýddu texta.

⁵⁷⁵ Robert Scholes. *Paradoxy of Modernism*, bls. 278.

⁵⁷⁶ Guðbergur Bergsson. *Skáldið er eitt skrípatól: Um ævi og skáldskap Fernando Pessoa*. JPV, Reykjavík 2019, bls. 42.

Hér verður nú gerð tilraun til að greina það bókmenntalega landslag sem þýðing Jóns Óskars á *Plágunni* (*La Peste*, 1947) eftir Albert Camus birtist í árið 1952 og þær ljóðapýðingar Jóns sem fóru að koma fyrir almenningssjónir í *Birtingi* á sjötta áratugnum. Áður hafði komið út þýðing Jóns á skáldsögunni *Viktoría Grandolet* (*Victoria Grandolet*, 1943) eftir Henry Bellamann árið 1946 en einhverra hluta vegna gat Jón aldrei þeirrar þýðingar eftir því sem best verður að komist.⁵⁷⁷ Þögn hans um þessa þýðingu er nokkuð merkileg vegna þess að á sama tíma og hún kemur út þá virðist hann hafa verið í einskona krísu yfir því að ná ekki að koma út bók, eins og kemur t.d. vel fram í kaflanum „Vinir mínir gefa út bækur“ í bókinni *Gangstéttir í rigningu*, og víðar.⁵⁷⁸

Þýðingafraeðingurinn Itamar Even-Zohar skiptir þýðingum í „fyrsta stigs“ og „annars stigs“ þýðingar.⁵⁷⁹ Hann bendir á að fyrsta stigs þýðing sé frumleg/skapandi á meðan annars stigs þýðing sé í eðli sínu íhaldssöm og hennar bíði stöðnun og áhrifaleysi. Þó ber að halda því til haga – og skiptir kannski ekki minnstu máli hér, að hér er um að ræða verk sem falla að ríkjandi straumum, stíl og bókmenntagreinum innan bókmenntakerfis þýðingamálsins, þ.e. þetta eru þýðingar sem styrkja ríkjandi bókmenntahefðir í þýðingarmenningunni. Even-Zohar heldur því fram að meirihluti þýðinga falli í íhaldssama flokkinn en tiltekur sérstaklega þrjá þætti þar sem rými skapist fyrir framsæknar eða skapandi þýðingar innan bókmenntakerfisins. Einn þessara þátta er sérlega athyglisverður þegar höfð er í huga sú bókmenntasena sem var ríkjandi þegar Jón Óskar hefur þýðingastarf í byrjun sjötta áratugarins.⁵⁸⁰ Sá þáttur frá Even-Zohar sem hér um ræðir er þegar bókmenntir finna sig í tómarúmi eða í kreppuástandi eða á miklum tímamótum.⁵⁸¹ Hér er freistandi að flokka þýðingu Jóns á *Viktoríu Grandolet* sem

⁵⁷⁷ Þetta er saga sem náði miklum vinsældum og gekk yfirleitt aðeins undir nafninu *Viktoría*. Sagan kom út hjá Skálholtsprentsmiðju árið 1946 aðeins þremur árum eftir að hún kom út í Bandaríkjunum: Henry Bellamann. *Viktoría Grandolet*, Jón Óskar þýddi. Skálholtsútgáfan, Reykjavík 1946. Bókin var endurútfegin hjá Heimdalli 1954 og var þá aðeins kölluð *Viktoría*. Reyndar var Bellamann ekki allur þar sem hann var séður hvað varðaði bókmenntir og listir; hann var mikill talsmaður imagisma og sá í honum nýja fagurfræði sem honum hugnaðist mjög. Hann las t.d. í samspil þessa bókmenntaforms og tónlistar í grein árið 1923. Henry Bellamann. „Notes on the New Aesthetic of Poetry and Music“ í *The Musical Quarterly* apríl 1923, bls. 260-270.

⁵⁷⁸ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 81-89.

⁵⁷⁹ Hér er farið í smiðju Ástráðs Eysteinnssonar sem hefur snarað hugtökunum „primary“ og „secondary“ með þessum hætti og fer það ágætlega. Sjá t.d. Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli*, bls. 226-228.

⁵⁸⁰ Reyndar hafði Jón Óskar komið að þýðingum áður á ferlinum en ljóðapýðingar hans og þýðingar hans á Camus hefjast fyrir alvöru um 1950 og birting ljóðapýðinga hefst ekki fyrir alvöru fyrr en á sjötta áratugnum.

⁵⁸¹ Itamar Even-Zohar. „The Relations between Primary and Secondary Systems in the Literary Polysystem“, bls. 14-20 í *Papers in Historical Poetics*. [útg. vantar], Tel Aviv 1978, bls. 16-17. Þá er að geta þess að Benedikt Hjartarson notar einmitt kreppuhugtakið yfir þýðingar Jóns Óskars og fleiri íslenskra þýðenda í grein sinni „Literature in a State of Crisis.“ Benedikt Hjartarson. „Literature in a State of Crisis. Beat Poetry, the Modernist Establishment and the Avant-Garde in Iceland“, bls. 19-42 í *Beat Literature in a Divided Europe*, ritstj. Harri Veivo, Petra James og Dorota Walczak-Delanois. Leiden og Boston: Brill / Rodopi, 2019, bls. 23-24.

„annars stigs þýðingu“. Þetta hafi Jón skynjað,⁵⁸² stöðu þessarar sögu og þá um leið að þýðing hennar hafði annan sess en svo margt annað sem þýtt var um þessar mundir.⁵⁸³

En þýðingarvinna Jóns Óskars hélt ekki áfram og á næstu árum á eftir *Viktoríu Grandolet* þýðir hann ekkert í óbundnu máli fyrr en kemur að *Plágunni*. Hann greinir frá því að það sé snemma árs 1949 að Kristinn E. Andrésson beri það undir hann hvort hann vilji þýða verkið.⁵⁸⁴ „Ég hafði ekki lesið sterkari lýsingu á mannkyninu og hörmungum þess, en mikill óhugnaður var í sögunni, því var ekki að neita,“⁵⁸⁵ skrifar Jón sem greinilega óx viðfangsefnið nokkuð í augum og hann tengir ýmislegt við þessa þýðingu; við þann tíma sem hann vann að þýðingunni. Flestar eru þær tengingar mjög merkilegar og segja ef til vill meira en halda mætti við fyrstu sýn. Jón lýsir mjög nákvæmlega aðferðinni við að þýða *Pláguna*, hann þýðir beint úr frönsku en hefur sænska þýðingu og síðar einnig enska til hliðsjónar.⁵⁸⁶ Hann telur þetta nauðsynlegt því stíllinn á *Plágunni* sé erfiður, þrátt fyrir að vera „dagbókar“ eða „blaðamenskustíll“ eins og Jón kemst að orði; þetta er erfitt verk: „Það þurfti átak til að halda þessum jafnþunga stíl út alla bókina.“⁵⁸⁷

En Jón lýsir ekki bara aðferðinni við að þýða heldur rýnir hann í verkið og túlkar – hann sér það kallast á við tíðarandann, bæði heima og erlendis: „Um þessar mundir var kalda stríðið í algleymingi, líkt og stórveldin væru reiðubúin að hefja nýtt blóðbað. Jafnt í heimsmálunum sem í málefnum þjóðar minnar var ástandið sem kjörið til að magna þá vábrestir sem veruleikinn og skáldsagan um drepsóttina áttu sameiginlega.“⁵⁸⁸ Jón skynjar að sjúkleikinn hefur heltekið íslensku þjóðina, og vitaskuld sér hann táknsöguna sem *Plágan* inniheldur; söguna um mein sem drepur innanfrá – þó komandi utan að. Hann heldur áfram: „Einn meginkjarninn í frásögn höfundarins af drepsóttinni í Óran á Afríkuströnd er lýsingin á sljóleika fólksins, hvernig

⁵⁸² Í auglýsingu í *Morgunblaðinu* 25. apríl 1946, bls. 7, um *Viktoríu Grandolet* segir m.a.: „Viktoría Grandolet er metorðagjörn, ung og fögur stúlka frá Nýja Englandi, sem giftist inn í stolta og drambsama ætt í Lousianaríki. Baráttan milli hins gamla og viðurkennda og hins nýja og framandi, er höfuðviðfangsefni bókarinnar. — Þetta er bók ungra kvenna.“

⁵⁸³ Af þýddum skáldsögum sem komu út um þetta leyti má t.d. nefna – og af nógu er að taka: Knut Hamsun. *Að haustnóttum (Under Høststjernen)*, þýð. Jón Sigurðarsson frá Kaldaðarnesi. Bókasafn Helgafells, Reykjavík 1946.

Ernest Hemingway. *Einn gegn öllum (To Have and Have Not)*, þýð. Karl Ísfeld. Skálholtsprentsmiðja, Reykjavík 1946.

William Saroyan. *Leikvangur lífsins (The Human Comedy)*, þýð. Guðjón Guðjónsson. Akranesútgáfan: Hrapseyjarprent, Reykjavík 1946.

John Steinbeck. *Ægisgata (Cannery Row)*, þýð. Karl Ísfeld. Helgafell, Reykjavík 1947.

Selma Lagerlöf. *Sveinn Elversson (Bannlyst)*, þýð. Axel Guðmundsson. Leiftur, Reykjavík 1945.

⁵⁸⁴ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 188.

⁵⁸⁵ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 188.

⁵⁸⁶ Enska þýðingin hefur verið: Albert Camus. *The Plague*, þýð. Stuart Gilbert. Hamish Hamilton. London 1948. Sú sænska: Albert Camus. *Pesten*, þýð. Elsa Thulin. Bonnier. Stokkhólmi 1948.

⁵⁸⁷ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 189.

⁵⁸⁸ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 195.

málsmetandi menn gerðu lítið úr þeim táknum sem í upphafi boðuðu pláguna, hvernig fólkið neitaði að trúna því að drepsótt gæti dunið yfir, hvernig fólk varð sljött í plágunni sjálfri.⁵⁸⁹ Þessi orð „sljóleika“ og „sljött“ velur Jón hér af kostgæfni, hann notar þau eða aðrar myndir þeirra eins og stef í þessum kafla, kaflanum „Bók eftir Camus – dans í Keflavík“. Hér notar skáldið *Pláguna* sem hann þýddi til þess að styðja við sína eigin skynjun á samfélagslegu ástandi á Íslandi eftirstríðsáranna. Það er sljóleikinn sem hann skynjar í hinni íslensku þjóðarsál sem hann þarna er að fjalla um leynt og ljóst. Sljóleikinn í Keflavík er með þeim hætti að „Í Keflavík var *einn* maður sem ég gat hitt til að tala við um skáldskap, Kristinn Pétursson, sem þá var bóksali í Keflavík. Hann heitir nú Kristinn Reyr.“⁵⁹⁰ Nokkrum blaðsíðum síðar í sama kafla:

Um það leyti sem ég byrjaði þýðingu *Plágunnar* þáði íslenska ríkisstjórnin gjafafé frá erlendu stórveldi, Bandaríkjunum. Íslendingar höfðu grætt á tá og fingri meðan Evrópu blæddi. Íslendingar áttu sex hundruð milljónir í erlendum gjaldeyri, að stríði loknu, en hve gífurlegt fé það yrði á nútímagengi kann ég ekki að reikna. Íslendingar höfðu fagnað fullu frelsi 1944 og stofnað lýðveldi á Þingvöllum við klukknahljóm. En á þessum tíma var þjóðin orðin *sljó*.⁵⁹¹

Það er mikill þungi í þessum orðum Jóns Óskars, hér blandast saman þjóðarstolt og andstaða við hersetuna, hann getur þess að þeir einu sem hafi andmælt hafi verið kommúnistar og sósíalistar „og nokkrir til viðbótar sem nefndir voru nytsamir sakleysingjar, helst þjóðernissinnaðir menn, gamlir ungmennafélagar.“⁵⁹²

Þjóðin er sljó, íbúarnir í norður-afrísku borginni Óran sem er sögusvið *Plágunnar* eru sljóir, siðferði manna er sljött hvert sem lítið er – í ofanálag er Jón Óskar líkamlega veikur undir öllum þessum drunga, það er engu líkara en að *Plágan* leggist á hann með beinum hætti: „Á meðan ég vann að þessu verki hrakaði heilsu minni jafnt og þétt.“⁵⁹³ Það er ekki bara að heilsu Jóns hraki, hann sannfærir sjálfan sig um að hann sé deyjandi; hann sé að farast úr sama sjúkdómi og varð föður hans, Ásmundi Jónssyni, að aldurtila, hann er svo sannfærður á tímabili að hann hrósar happi yfir því að þurfa ekki að ráðstafa reytunum – hann kennir sér meins undir

⁵⁸⁹ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 195-196.

⁵⁹⁰ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 191. Leturbreyting mín, GB. Kristinn Reyr (1914-1999) var gott ljóðskáld, ágætur myndlistarmaður, og samdi einnig nokkuð af leikritum, sérstaklega fyrir áhugaleikfélög, og styttri leikþætti. Þá má geta þess að Kristinn hlaut viðurkenningu Rithöfundasjóðs RÚV 1974. Um hann segir m.a. „[...] Kristinn var einkar lipurt ljóðskáld og söngtextasmiður“ og síðar: „Kunnustu leikrit Kristins Reys eru útvarpsleikritin *Að hugsa sér* (1968), *Ó, trúboðsdagur dýr* (1977) og *Æsa Brá* (1982).“ Árni Ibsen. „Leikritun eftir 1918“, bls. 177-311, *Íslensk bókmenntasaga* 5. bindi, ritsj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 218.

⁵⁹¹ *Gangstéttir í rigningu*, bls. 196. Leturbreyting mín GB.

⁵⁹² Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 196-197.

⁵⁹³ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 189.

bringspöllum, gengur hægar og finnur bakverk leggjast í gegnum sig. Hann stendur sjálfan sig að því að strjúka yfir sömu staði og faðir hans strauk yfir í sínum veikindum. Hann telur göngulag sitt í ætt við göngulag ónefnds frænda sem dó af sama sjúkdómi og Ásmundur:

En meðan ég vann að þýðingunni fór ég að hugsa um hvað ég mundi gera, ef ég vissi að ég ætti að deyja fljótlega. Ég þurfti engu að ráðstafa, því ég átti ekki neitt. Ég átti gamalt skrifborð sem ég hafði keypt af föður mínum, en ég átti ekki píanó. Ég hafði átt píanettu, en seldi hana um það leyti sem ég var nýbyrjaður að leika í danshljómsveitum, keypti mér píanó aftur um það leyti sem ég hætti þeirri iðju. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að ef ég ætti að fara að deyja mundi ég ekki gera neitt sérstakt. Ekkert annað en reyna að ljúka mínu verki.⁵⁹⁴

Vitaskuld er í þessum ummælum húnorískur þráður – en samt sem áður er líka í honum gegndarlaust vonleysi. Hann telur sig búinn að vera, bókstaflega – rithöfundaferillinn er í hættu, hann er byrjaður að leika í hljómsveit en á ekki píanó. Þetta er tragíkómísk aðstaða.

En burtséð frá því þá minnir sögumaðurinn Jón Óskar hér óneitanlega á sögumanninn í hinni frægu sjálfsævisögulegu bók *Un Uomo Finito* (1913) eftir Ítalann Giovanni Papini; þeir eru báðir dauðans matur – að eigin áliti. Hjá Papini er þessi yfirvofandi dauði tíðara stef en hann veldur samt sömu heilabrotum:

Ef ég ekki dey blindur þá mun ég deyja lamaður. Einnig eru taugar mínar slæmar og heilinn er veikur. Ég hef nú í nokkurn tíma fylgst með einkennunum: verkir og eymsli í fæti, ósjálfráðir kippir í fingrum og hárbeittir stingir í höfðinu. Annað veifið finnst mér eins og hauskúpan á mér sé að bráðna. Er ég reyni að hugsa þá verður hugur minn þoku- og grautarkenndur.⁵⁹⁵

Nokkru síðar lýsir sögumaðurinn í *Un Uomo Finito* því hvernig hann hafi engu að tapa, allt er glatað – enda hefur hann sjálfur eyðilaggt allt: „Ég trúði það væri erfitt að finna mann sem hefur klúðrað lífi sínu á sama hátt og ég. Ég hef ekki neinu að tapa lengur. Allir þeir leikmunir sem venjulega halda mönnum gangandi eru, í mínu tilfelli, glataðir.“⁵⁹⁶

Það er af gildri ástæðu sem Papini er hér kallaður fram; Jón talar oft um að hann sé „búinn að vera“ og beitir fyrir sig ítölsku: *un uomo finito*.⁵⁹⁷ Svo heldur hann áfram að rekja raunir sínar og um dagbókar skrif sem hann tekur upp snemma árs 1951 segir hann: „Það sem

⁵⁹⁴ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 190.

⁵⁹⁵ Giovanni Papini. *The Failure (Un Uomo Finito)*, bls. 282. Bók Papinis hefur ekki verið þýdd á íslensku en Peter Hallberg leyfir sér að kalla hana *Maður að lotum kominn*. Peter Hallberg. *Halldór Laxness*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1975, bls. 165. Ekki þykir mér það góð þýðing og væri kannski nær að nefna bókina *Bugaður maður*.

⁵⁹⁶ Giovanni Papini. *The Failure (Un Uomo Finito)*, bls. 290.

⁵⁹⁷ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 90.

þarna gerist er sem sé ekkert annað en það, að ég vil ekki gefa upp alla von, þótt ég finni hvað ég er orðinn lélegur rithöfundur, heldur hangi á því hálmstrái að hæfileikinn muni vitja mín aftur seinna, ef ég byrji nú að undirbúa mig, æfa mig“.⁵⁹⁸ Og nokkru síðar heldur hann áfram að lýsa ofboðslegri krísu: „Ég, sem hafði verið fremstur meðal félaga minna (í vitund sjálfs míns), snillingurinn, ég var orðinn þeirra vesælastur, lélegasti rithöfundurinn, kannski lélegasti rithöfundur á Íslandi, ef ekki í öllum heiminum.“⁵⁹⁹ Hann sér von í fáu, getur þess þó að lítil klausa í „slúðurfréttadálki“ í *Lífi og list*, þótt lítil sé, hafi orðið „örlítil hvatning til að hanga áfram í voninni um að einhvern tíma mundi ég hressast.“⁶⁰⁰ Greinarkornið sem hughreystir Jón Óskar í *Lífi og list* er þetta: „Jón Óskar skáld hefir undanfarið unnið að því að snara skáldsöguna La Peste, (Pestín), eftir franska rithöfundinn Camus á íslenska tungu. Það hlýtur að hafa verið torvelt verk. Mál og Menning gefur bókina út.“⁶⁰¹

Það er ekki auðvelt að geta sér þess til í dag en e.t.v. var það vettvangurinn *Líf og list* fremur en sjálf fátækleg umsögnin, sem blés Jóni byr í brjóst við þessa stuttu klausu. Þó má geta sér þess til að Jóni hafi þótt nokkuð um þetta menningartímarit, því eins og Þröstur Helgason bendir á í skrifum sínum þá „er það í *Lífi og list* sem París er kynnt til sögunnar sem „miðsetur listamanna“ í augum hinna ungu listamanna.“⁶⁰² París var auðvitað borgin sem Jón Óskar horfði alltaf til og sá í hillungum um langt skeið. Ef spurt er hvernig tímarit var *Líf og list*, þá má segja að Þröstur skilgreini það afar vel í ritgerð sinni með þessum orðum: „*Líf og list* var kannski ekki eiginlegt mórernískt tímarit en það átti þátt í að skapa eftirstriðsárakynslóðinni ímynd og skilgreina rými borgarinnar sem hinir víðförlu og framsæknu listamenn helguðu sér.“⁶⁰³ Í næsta kafla þessarar ritgerðar verða því einmitt gerð skil hvernig Jón Óskar afmarkar þau mæri í borginni sem hann telur listamannanna.

3.2. Var Jón Óskar existensíalisti?

Frá og með fyrsta hefti *Birtings* (1955) skipar Jón Óskar sér á bekk með mönnum sem hafa sett sig í það hlutverk að andæfa því bókmenntaumhverfi sem hér var og þeim þótti staðnað. Jón er einn stofnfélaga og segja má að með því að ganga í þann hóp og standa að stofnun tímaritsins og fylgja því alla leið til loka, hafi Jón ekki einungis fengið vettvang fyrir skrif sín og þýðingar

⁵⁹⁸ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 91.

⁵⁹⁹ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 94.

⁶⁰⁰ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 95.

⁶⁰¹ *Líf og list*, 7/1950, bls. 15.

⁶⁰² Þröstur Helgason. *Opna svæðið*, bls. 210.

⁶⁰³ Þröstur Helgason. *Opna svæðið*, bls. 213-214.

heldur þáði hann mikla vigt af því að vera í hópi Birtingsmanna.⁶⁰⁴ Í þessu fyrsta hefti hins nýja tímarits kveður við nýjan tón, nú á að blása til sóknar. Ávarp – eða einskonar *manifesto* er á sínum stað í fyrsta tölublaðinu, það hefst svo:

Hver kynslóð listamanna verður að eiga sér málagn sem kynni og haldi uppi vörn fyrir málstað hennar og hjálpi til að brjóta braut lífvænlegum nýjungum sem eiga við skilningstregðu og íhaldssemi að berjast um vettvang dagsins áður en þeim er skipað til rúms í sögunni.⁶⁰⁵

Af þessum orðum má ljóst vera að hér er hinu gamla og afturhaldssama sagt stríð á hendur, hið nýja tímarit á að vera vettvangur nútímalista og marka þeim þann sess sem þær eiga skilinn að mati ritstjórnar *Birtings*, eða eins og segir nokkru síðar: „Í stuttu máli vakir fyrst og fremst fyrir okkur að létta af þeim doða og hugsanaleti sem hefur heltekið margan ágætan mann í seinni tíð“.⁶⁰⁶

Strax í þessu fyrsta hefti á Jón Óskar skáldskap; þrjú ljóð sem þykja svo sem ekki nein tíðindi í hans skáldskap utan það að birtast nákvæmlega þarna – á þessum tíma. Jón Óskar er síðan áfram kappsamur í skrifum fyrir *Birting*, þar birtist frumsamið efni og ljóðapýðingar og auk þess fróðleikur af ýmsu tagi, gjarna um þau skáld sem hann þýðir.

Það er í *Birting* sem Jón Óskar skrifar um Albert Camus árið 1958 og má skilja af byrjun þeirrar greinar að hún sé tilkomin vegna Nóbelsverðlauna rithöfundarins árið áður. Það er engu líkara en að þessi grein sé upptaktur að einhverju öðru og meira – Camus „er boðaður“ í þessari grein og henni fylgt eftir með tveimur stuttum þýðingum⁶⁰⁷ úr *Combat*, einu af „heiðarlegru blöðum, sem gefin eru út í Frakklandi“, svo vitnað sé beint í Jón Óskar.⁶⁰⁸ *Combat* var blað andspyrnuhreyfingarinnar í Frakklandi á árum seinni heimstyrjaldarinnar, mjög vinstri sinnað blað og þurfti útgáfa þess að fara sérlega leynt þegar landið var hersetið af Þjóðverjum. Camus var á tímabilinu 1943-1947 meðritstjóri og skrifaði mjög mikið í blaðið á þeim árum og svo áfram eftir það.⁶⁰⁹

⁶⁰⁴ Greint er ítarlega frá stofnun *Birtings* í: Þröstur Helgason. *Opna svæðið*. Birtingsmenn voru: Jón Óskar, Thor Vilhjálmsson, Einar Bragi og Hörður Ágústsson en þessir fjórir voru akkerið í þessum hóp. Aðrir komu líka við sögu, t.d. var Geir Kristjánsson á meðal stofnenda en þegar talað er um Birtingsmenn er yfirleitt átt við fjórmenningana.

⁶⁰⁵ Einar Bragi o.fl. „Ávarp“, bls. 1-2 í *Birtingur* 1/1955, bls. 1.

⁶⁰⁶ Einar Bragi o.fl. „Ávarp“, bls. 2.

⁶⁰⁷ Albert Camus. „Öld óttans“ („Le Siècle de la peur“, 1948), þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1958, bls. 13-14 og „Lýðræði og alþjóðleg harðstjórn“ („Démocratie et dictature internationales“, 1946), þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1958, bls. 14-15. Í *Birtingi* segir að síðari greinin sé frá 1948 en það er ekki rétt.

⁶⁰⁸ Jón Óskar. „Nokkur orð um Albert Camus“, bls. 6-12 í *Birtingur* 2/1958. bls. 12.

⁶⁰⁹ John Foley. *Albert Camus: From the Absurd to Revolt*. Routledge, London og New York 2014, bls. 33-38.

Jón ritaði um hinn franska skáldbróður sinn í *Birtingi* árið 1958. Það var sex til sjö árum eftir að hann hafði unnið að þýðingunni á *Plágunni* en einmitt þess vegna er kannski rétt að gefa nokkrum þáttum úr þessum skrifum Jóns Óskars sérstakan gaum:

Camus hefur mjög verið bendlaður við þá heimspeki- og bókmenntastefnu, sem nú er ekki lengur tískufyrirbrigði, en setti um skeið svip sinn ekki aðeins á bókmenntir heldur lífernungrlinga og vanþroska fólks, sem komst ekki inn úr yfirborði mannhugans, en hélt að allt væri komið undir klæðaburði og kannski nokkrum danssporunum í einhverri næturbúllu Parísarborgar, auk þess sem nauðsynlegt þótti að flykkjast í það kaffihús, þar sem höfuðprestur hreyfingarinnar, Jean-Paul Sartre, var vanur að sitja við skriftir. Hér er átt við þá hreyfingu, sem nefnd hefur verið existensíalismi, tilverustefna – Albert Camus vildi þó ekki beygja sig undir kenningar Sartres. Hafa þessir tveir rithöfundar, sem báðir eru meðal fremstu, ef ekki fremstir núlifandi rithöfunda Frakka, oft átt hart við á ritvellingum.⁶¹⁰

Hér er margt að skoða. Fyrir það fyrsta er útlistning Jóns á existensíalismanum æði grunnrist og háðsk en um leið blandin einhverskonar yfirlæti. Hann fer mikinn og er stóryrtur og því spurning hvort hægt sé að líta á þessi orð hans sem einhverja alvöru greiningu. Gildir þá einu hvort heldur hann er að víkja að sjálfri heimspekinni – eða bókmenntunum sem tengjast þessari stefnu. Annað er að í raun greinir Jón Óskar Albert Camus, tvisvar sinnum frá existensíalismanum í þessari klausu. Fyrst með því að nota orðalagið „bendlaður við“, sem gefur til kynna óljósa tengingu, nánast einskonar orðróm, auk þess sem orðalagið „bendlaður“ er algengast þegar tengingin er eitthvað vafasöm eða misjöfn, þannig eru menn til dæmis gjarna „bendlaðir“ við glæpi. Í seinna sinnið, og þá mun afdráttarlausar, skilur hann á milli Camus og Sartres og þá með þeim hætti að Camus hafi sýnt sjálfstæði og „ekki beygt sig“ fyrir þeim manni sem Jón velur titilinn „höfuðprestur“ existensíalismans. Með öðrum orðum: Camus tilheyrir þessu ekki þótt hann hafi kannski gert það með einhverjum óljósum hætti áður. Hér stendur Jón í svipuðum sérgreiningarskrifum eins og hann svo oft hafði uppi um sjálfan sig, þegar hann var ýmist að skilja sig frá þeim hópum/mönnum sem hann vildi ekki tilheyra eða þá tengja sig við kreðsur/persónur sem hann vildi vera talinn með.⁶¹¹

Áður en lengra er haldið í því að bera saman þessa tvo höfunda er ágætt að staldra aðeins við lýsingu á Camus hjá einum af mörgum ævisöguriturum hans í gegnum tíðina, Stephen Eric Bronner, en þar víkur Bronner einmitt einnig að skoðun Camus á existensíalismanum. Reyndar

⁶¹⁰ Jón Óskar. „Nokkur orð um Albert Camus“, bls. 7. Harðast tókust þeir á Sartre og Camus um hvort þrælubúðir Stalíns væru réttlætanager. Camus fordæmdi þær en Sartre taldi að þær þyrfti að skoða í víðu samhengi sögu og framvindu sósíalismans: Sjá t.d. Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralist*. Chicago og London, University of Chicago Press, 2009, bls. 110-116.

⁶¹¹ Mörg slík dæmi verða tilfærð í síðasta kafla þessarar ritgerðar.

gengur Bronner svo langt að segja að Camus hafi hatað stefnuna en þar, sem í svo mörgu öðru, þjónað tvöföldu hlutverki: „Hann hataði existensialismann en breiddi þó út margar af grunnhugmyndum hans.“⁶¹² Hér er ekki annað að sjá, sé tekið mark á Bronner, en að á sínum tíma hafi Jón metið Camus nokkuð réttilega, hvað þetta varðar. Bronner telur að þessi tvíbenta afstaða Camus hafi komið til af ýmsum samverkandi þáttum, og hann skrifar um Albert Camus: „Hann var módernisti með klassískan stíl. Félagi í andfasísku andspyrnuhreyfingunni, en einnig friðarsinni. Hann var róttækur en um leið frekar hlédræg manneskja. Hann var í senn menntaður hugsandi maður og stjarna í regnfrakka og með sígarettu, sem hafði gaman af að stæla Humphrey Bogart.“⁶¹³ Enn aðra snöggfærða lýsingu en hnitmiðaða er að fá hjá André Maurois:

Heiminn taldi hann hvorki skiljanlegan né útskýranlegan. Hann var ekki kristinn, ekki marxisti eða nokkuð annað. Hann var Albert Camus, afkvæmi sólarinnar, fátæktar og dauða. Var hann menntamaður? Já, ef það er menntamaður sem skiptir sér í tvennt, sem lifir lífinu lifandi og horfir jafnvel á sjálfan sig lifa því. Var hann listamaður? Vissulega, þrátt fyrir að hann efaðist um það sjálfur.⁶¹⁴

Þá að líkindunum, í þessu sambandi, með Jóni Óskari og Camus sem módernistum – og þó ekki. Því verður ekki á móti mælt að Jón Óskar hafði mjög klassískan stíl, hann var fagurkeri á tónlist og unni mjög hinum eldri meisturum í þeim efnum. Hann var einnig boðberi nýrra tíðinda í tónlist og hafði mætur á jazztónlist, en margir höfðu einmitt horn í síðu hennar er hún fyrst barst hingað og langt fram eftir öldinni.⁶¹⁵ Hann var „intellectual“ segir Bronner um Camus en einnig „celebrity“ – Jón Óskar var ekki menntamaður í sama skilningi og Camus en hann var vel lesinn og framúrskarandi málamaður og af skrifum hans má sjá að hann var mjög vel heima í samfélagsmálum, tónlist, myndlist og bókmenntum svo eitthvað sé nefnt. Jón Óskar lítur á sig sem menntamann þrátt fyrir að hafa ekki langskólamenntun heldur vera sjálfmenntaður. Og sú sjálfmenntun getur tekið á sig skemmtilegan blæ, hann er viss um sitt vit og sína menntun þrátt fyrir fábreytta skólagöngu. Það sannar ljóð sem þetta:

⁶¹² Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralist*, bls. ix.

⁶¹³ Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralist*, bls. ix.

⁶¹⁴ André Maurois. *From Proust to Camus. Profile of Modern French Writers*, þýð. Carl Morse og Renaud Bruce. Doubleday & Company Inc. New York 1966, bls. 347.

⁶¹⁵ Sjá t.d. Ólafur Rastrick. *Háborgin*, 124-127; Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2001, bls. 197 og 207.

SANNLEIKURINN

Við leitum sannleikans, en hann er falinn í blygðun okkar.
Vegirnir æpa undan hryðjuverkum, en við göngum burt.
Húsin nötra undan brostnum vonum, en við látum sem
við sofum til að þurfa ekki að bera ábyrgð á því. En hendur
okkar skjálfa. Þær skjálfa þegar við stýrum penna okkar
inn í hörmungarnar og letrum á hrunda húsveggina:
Þetta varð svona að vera.⁶¹⁶

Þetta ljóð leiðir mann að hugmyndum Antonios Gramsci um menntamenn.⁶¹⁷ Gramsci setur stöðu menntamanna í samhengi við ráðandi öfl samfélagsins; þeir eru tæki valdastéttar til að móta þegnana. Hann segir að fjöldinn veiti ósjálfrátt samþykki þeim tillögum sem menntamenn hinnar ráðandi stéttar setja fram; sögulega vegna virðingar fyrir hinum ráðandi hópi og því trausti sem slíkri virðingu fylgir. Í framhaldi af þessu bendir Gramsci einnig á að hver stétt þurfi á sínum eigin menntamönnum að halda því að þeir eigi að heyja baráttu fyrir sjónarmið stéttar sinnar gegn fulltrúum þeirra stétta sem áður höfðu völd.⁶¹⁸ Þessi hugmynd Gramscis er greinilega byltingarmiðuð en engu að síður er hægur vandi að setja hana í annað samhengi. Einnig er gott að hafa í huga að í raun hefur hér orðið þjóðfélagsbylting þó svo hún hafi hvorki verið marxísk né vopnuð. Trauðla verður sagt að Jón Óskar hafi nokkru sinni metið það svo að hann tilheyrði valdaelítu af nokkrum toga; hvorki meðal almennra borgara né heldur skálda og listamanna. Þvert á móti má oft lesa út úr skrifum hans þá skoðun að hann standi nokkuð höllum fæti, sér í lagi í síðari hópnum – þar sem hann njóti sjaldnast sannmælis. En þegar horft er til þess að á því formbyltingarskeiði sem stóð í íslenskum bókmenntum þegar Jón var að berjast með Birtingsmönnum í útgáfu og hugmyndin um „atómskáldin“ kom fram, þá má segja að hann sé valdhafi og menntamaður í ákveðnum skilningi. Og þá er því enn við að bæta að þýðingarstörf hans, hvort heldur eru þýðingar hans á frönsku sýmbólistunum eða öðrum ljóðskáldum evrópskum og svo á bókmenntarisa eins og Albert Camus færa honum enn meiri völd – og enn frekari sess sem menntamaður innan sinnar stéttar; svo haldið sé til haga skilgreiningum Gramscis. Jón fær til viðbótar viðurkenningu félaga og styrkir þannig stöðu sína innan þess hóps. Hann staðfestir sig sem maður menningarinnar og síðast en ekki síst snertir hann á þessum mönnum sem hann þýðir, hann tengist þeim og fremur með því ákveðinn galdur.

⁶¹⁶ Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*, bls. 27.

⁶¹⁷ Í ljóðinu er sá tón sleginn að hver sé sjálfum sér næstur hvað bjargir varðar, penninn gefur von og lettrið á veggnum. Hver og einn er menntamaður og í menntun eru tækifæri út úr ástandinu, út úr hrundu húsinu – þótt þetta hafi orðið að vera svona.

⁶¹⁸ Antonio Gramsci. „Menntamenn“ þýð. Steinar Örn Atlason, bls. 141-153 í *Ritið* 2-3/2009, bls. 149-50.

Því má með sanni kalla Jón Óskar menntamann og á sinn hátt var hann einnig maður sviðsljóssins, gleymum því ekki að hann lék í danshljómsveitum og hann ferðaðist með dansflokki um landið sem undirleikari.⁶¹⁹ Þannig var hið nútímalega ljóðskáld, hefðarbrjóturinn og þýðandi franska hefðarbrjóta fyrri tíma, einnig hljómsveitartöffari. Reyndar heitir einn kafli í endurminningabókinni *Gangstéttir í rigningu* einmitt „Bók eftir Camus – dans í Keflavík“ sem rammur þetta nánast fullkomlega inn.⁶²⁰

Bronner leggur einnig áherslu á að vinsældir Camus hafi staðið styrkari fótum en bara á þeirri staðreynd að hann var mótsagnakenndur í þeim skilningi sem að framan greinir.⁶²¹ Og athyglisverð er sú lýsing sem Bronner kemur síðan með í framhaldinu og má máta Jón Óskar við nánast öll þau atriði sem þar koma fram: „Það var ekki einungis að Camus bjóst við hrúni gömlu alræðislegu hugmyndafræðanna, og það setti hann í samhengi við vaxandi mannréttindi. Verk hans blanda saman hugsjónum og tortryggni, heiðarleika og samlíðan, opinberum skuldbindingum og einkaviðmiðum, trú á uppreisn og um leið viðurkenningu á mörkum.“⁶²² Nokkru síðar segir Bronner frá fyrstu kynnum sínum af verkum Camus og hvað hafi heillað, en þá nefnir hann „undarlega blöndu af böhluggju og bjartsýni“.⁶²³ Um Camus segir svo Jón í fyrrnefndri *Birtings*-grein að hann hafi „snúizt gegn annarri martröð [hin var nasisminn], það er martröð stríðsæsinga og stríðsundurþúnings, ótta og tortryggni, lyga og falsana. Hann hefur frá stríðslokum stýrt penna sínum í þágu friðar, gegn þeirri skiptingu heimsins í tvær andstæðar fylkingar sem skammsýnir menn hafa á komið“.⁶²⁴ Þetta eru nákvæmlega sömu áherslur og Jón Óskar tekur sjálfur að tala fyrir upp úr 1956 og má reyndar sjá fyrir, eða um það leyti sem hann er að þýða *Pláguna*. Það er ljóst að hann skynjar þungann í skrifum Camus, hann afneitar existensíalísmanum en heillast af viðfangsefninu, skáldsögunni *La Peste*.

3.3. Stíll og stríð

Paul Archambault segir í bók sinni *Camus' Hellenic Sources*: „Það má vel vera að ekkert hjá Camus hefði orðið öðruvísi þó svo hann hefði aldrei heyrt heilags Ágústínusar getið en ég hallast samt að því að Ágústínus hafi verið Camus sá spegill sem gerði honum kleift að

⁶¹⁹ Sjá t.d. Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 115-135.

⁶²⁰ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 188.

⁶²¹ Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralistic*, bls. ix.

⁶²² Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralistic*, bls. ix-x.

⁶²³ Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralistic*, bls. xi.

⁶²⁴ Jón Óskar. „Nokkur orð um Albert Camus“, bls. 12.

uppgötva í sjálfum sér þá eiginleika sem urðu á endanum einkennandi fyrir hann.⁶²⁵ Á sama hátt og Archambault ályktar um áhrif Ágústínusar á Camus verður því haldið fram hér að skáldsagan *Plágan* sé afskaplega mikilvæg varða á ferli Jóns Óskars sem bæði þýðanda⁶²⁶ og rithöfundar; mun þýðingarmeiri en ætla mætti við fyrstu sýn og mjög líklega stærri þáttur en Jón gerði sér sjálfur grein fyrir. Camus var Jóni á margan hátt spegill sem dró fram margt af því besta í höfundarverki hans.

Hér skal fyrst til taka að það er mjög mikilvægt að sögumaðurinn í *Plágunni* er að rita annál – þannig talar hann í það minnsta um sig og það er ekki erfitt að samþykkja það þegar sagan er lesin. Sagan hefst einfaldlega á þessum orðum: „Hinir kynlegu atburðir, sem frá er sagt í annál þessum [...]“⁶²⁷ Og nokkru síðar lýsir sögumaður meira að segja aðferð sagnaritarans:

Að sjálf sögðu hefur sagnaritarinn ævinlega, hvort sem hann er viðvaningur eða ekki, heimildir til að styðjast við. Sá, sem þetta ritar hefur, einnig sín gögn. Í fyrsta lagi sjálfs sín vitnisburð, þvínæst meðborgara sinna, þar sem hann í starfi sínu naut trúnaðar allra, er við sögu þessa koma, og að lokum skráðar heimildir, sem borist hafa honum í hendur. Hann hefur í hyggju að grípa til þeirra, er hann telur þær áreiðanlegar, og nota þær eftir geðþótta.⁶²⁸

Stór hluti endurminninga Jóns Óskars er annálaritun. Hann færir okkur fréttir sem einmitt byggja á hans eigin gögnum, hann færir okkur vitnisburð sinn um menn og málefni og vitnar í skráðar heimildir. Auðvitað ber að halda því til haga að sá munur er á annálaritun Jóns og þess sem skráir niður í *Plágunni* er sá að annar er skáldsagnapersóna en hinn af holdi og blóði.

Það er þó kannski síðasta atriðið í þessu textabroti þar sem mestan samhljóm er að finna með ævisöguritun Jóns; hann færir okkur þar allt eftir eigin geðþótta. Þannig má halda áfram að rekja sig eftir texta Camus og hann gæti allt eins átt við um skrif Jóns. Hér er kunnugleg aðferð í gangi – sögumaður segir okkur frá því hvað er að finna í minnisbókum Jeans Tarrou: „Á hinum mestu óróleikatímum leggur hann einkum stund á að gera sögu úr því, sem ekki hefur neitt sögugildi.“⁶²⁹ Fyrir utan að þetta er afskaplega skemmtilega að orði komist þá er í þessu broddur sem vísar ótvírætt til fjölmargra staða í minningabálki Jóns – eða, hvað hefur sögugildi? Færa má fyrir því rök að allt hafi sögugildi sem er þess vert að segja af því sögu, þarna er sögumaður vísast að tóna niður væntingar lesandans – gera honum grein fyrir því að

⁶²⁵ Paul Archambault. *Camus' Hellenic Sources*. University of North Carolina Press, Chapel Hill 1971. bls. 167.

⁶²⁶ Um þýðinguna segir einn okkar hæfasti maður í rómönskum málum á þessum tíma: „Hún hefur verið þýdd á íslenzku, að líkindum beint úr frummálinu, af Jóni Óskari . . ., að því er mér finst, mjög þryðilega.“ Þórhallur Þorgilsson. „Albert Camus og Sísifosargoðsögnin“ bls. 55-61. *Dagskrá* 1/1958, bls. 58.

⁶²⁷ Albert Camus. *Plágan*, þýð. Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1952, bls. 5.

⁶²⁸ Albert Camus. *Plágan*, bls. 8.

⁶²⁹ Albert Camus. *Plágan*, bls. 24.

ekki sé allt það sem Tarrou skrifar hádramatískt eða mjög spennandi – og einnig sé verið að undirstrika hve mjög Tarrou gefur gaum hinu smáa. En það má líka hugsa sér að hér sé um ákveðna íróníu að ræða, því auðvitað er þessi saga Jeans Tarrou saga af skelfingu og hamförum og nær einmitt að kasta ljósi á hörmungarnar í gegnum það smálega – sem virðist ekkert sögugildi hafa.

Það er einmitt oft með þessum hætti sem Jón Óskar nær sér svo vel á strik í annálum sínum; hann varpar ljósi á stóra atburði eða stundir með mjög lágstemmdum lýsingum og fyrirferðarlitlum athugunum á samfélaginu sem hann hrærist í og sér breytast vegna dramátískra atburða. Í þriðju endurminningarbókinni, *Gangstéttum í rigningu*, er afar gott dæmi um þennan stíl:

Eftir stríðslok voru klárarnir leystir frá sláttuvélunum. Í staðinn komu dráttarvélar. Þarfasti þjónninn var í einni svipan orðinn að vél. Frá Ameríku komu nú bændajeppar, einkabílar og dráttarvélar í stórum förmum til landsins. Tveggja eða þriggja ára gamlar sláttuvélar og rakstrarvélar voru síðan látnar ryðga að bæjarbaki um leið og aðrar nýrri vélar tóku við þeirra hlutverki. Þetta gerðist fyrir augunum á okkur, næstum því án þess að við tækjum eftir því, og við samþykktum það allt saman.⁶³⁰

Þannig kemur Jón glæsilega til skila birtingarmynd stríðsgróðans, lýsir því hvernig bændasamfélagið tók risastórt skref í tæknimálum á örskotsstundu og síðast en ekki síst nær Jón að pota í kviku þjóðarsálarinnar, snerta við siðferðislegu spurningunni: „við samþykktum það allt saman.“

Það má því segja að Jón geri meira en bara þýða *Pláguna* eftir Camus, hann gengur síðar meir á margan hátt inn í frásagnarhátt Bernards Rieux, sem er einskonar bókmenntaleg blaðamennska, temur sér hann og jafnvel fágár. Þórhallur Þorgilsson nálgast þetta verklag ágætlega þegar hann skrifar:

„Plágan“ er dagbók sjónarvottar, Rieux læknis, annáll læknis, með því nákvæma og óflúraða orðalagi vísindamannsins, sem útilokar tilfinningasemi. Afstöðulaus frásögn, sem verður á stundum bragðdauf í listrænum efnum. Í þeim mun bjartara ljósi rís hin fjölþætta, siðræna veröld sögunnar, og lesandinn má vera Camus þakklátur fyrir það, að hann heldur á þennanum í þeim efnum með slíkri hógværð

⁶³⁰ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 132-133. Hér má og greina ofurnákvæmni sem um margt minnir á skrif Þórbergs Þórðarsonar, en Sigfús Daðason segir að þáttur í nákvæmni Þórbergs hafi verið „þjóðfræðilegur“ þegar hann var að lýsa t.d. húsaskipan og öðrum atriðum daglegs lífs á Hala. Sigfús Daðason. „Þórbergur Þórðarson“ bls. 3-42 í *Andvari* 1/1981, bls. 30.

og þrúðmennsku, að fátítt mun vera, enda ekki nú talið vænlegt til frama í skáldsagnagerð.⁶³¹

Sögumaður *Plágunnar* segist skrifa annál, það er vitaskuld ekki annáll samkvæmt ströngustu skilgreiningum á þeirri bókmenntagrein en samt annáll.⁶³² Helst frábrugðinn í því – og þannig sérstakur – að auk þess að segjast vera að skrifa annál segir Rieux læknir undir lok sögunnar að hann vilji „vitna“, hann vilji „vitna með þeim sem, sem drepsóttin hrjáði“.⁶³³ Og enn fremur segir um Rieux og skrif hans:

Samt sem áður var honum ljóst, að þessi annáll gat ekki orðið saga endanlegs sigurs. Hann gat ekki orðið annað en vitnisburður þess, sem hafði orðið að gera, þess sem menn vafalaust mundu enn verða að gera í baráttunni við skelfinguna og hennar síbeittu vopn, hvað sem líður persónulegum áhyggjum, allir þeir menn, sem geta ekki orðið dýrlingar, en neita þó að lúta plágunni og reyna að vera græðarar.⁶³⁴

Þannig verður *Plágan* eins og grundvöllur fyrir annálaskrif Jóns – einn af þeim hyrningarsteinum sem hann byggir á þegar hann gerir upp ævi sína sem skáld, lengst af á viðsjárverðum tímum, fyrst styrjaldar og hersetu, síðan kalda stríðsins og lífs undir skugga atómsprengjunnar – og einnig í þeirri baráttu sem hann og skáldbræður hans áttu í þegar þeir blésu til atlögu gegn gömlum hefðum og mörkuðu svo braut síðari tíma ljóðskáldum. Meira að segja afstaða Jóns Óskars til þess strangasta í existensíalísmannum, hugmynda um einangrun mannsins í fjandsamlegum heimi, einsemdar og fíringar, gæti vel hafa mótast þegar hann þýðir *Pláguna*, því að í þeirri skáldsögu er þessum viðhorfum stefnunnar hafnað. Samfélagið í sögunni missir ekki bara einstaklinga í dauðann, hvern af öðrum, heldur missir það mennsku sína og getu til samlíðunar; og með það afgerandi hætti að á það er bent, berum orðum í textanum. Þannig bendir sögumaðurinn, Bernard Rieux læknir, Cottard (en hann fagnar óttanum sem fylgir plágunni því þá eru fleiri en hann óttaslegnir) á að „maðurinn gæti ekki alltaf verið einn.“⁶³⁵ Þá gerir *Plágan* einnig upp við þessa hugmynd með ítarlegum lýsingum á

⁶³¹ Þórhallur Þorgilsson. „Albert Camus og Sísífosargóðsögnin“, bls. 59.

⁶³² „Annálar (lat.: annalis = árlegur) eru sérstök bókmenntagrein, útlend að uppruna. Latneskir annálar munu snemma hafa borizt til landsins, sennilega áður en söguritun hófst. [...] Annálar eru einfaldir að allri gerð, segja venjulega í mjög stuttu máli frá helztu viðburðum hvers árs, án þess að atburðarás eða orsakatengsl séu rakin. Um samfellda sögu er ekki að ræða.“ Jón Þórðarsson. *Arfleifð kynslóðanna: Nokkrir þættir íslenzkrar bókmenntasögu fram til 1750*. Útgefandi: höfundur, Reykjavík 1980, bls. 189.

⁶³³ Albert Camus. *Plágan*, bls. 275.

⁶³⁴ Albert Camus. *Plágan*, bls. 275.

⁶³⁵ Albert Camus. *Plágan*, bls. 53. Sá ótti sem fyrir er hjá þessari óræðu persónu Cottard stafar af því að hann hefur áður framið einhvern glæp og hefur lifað í stöðugum ótta við hann. Ótti allra linar þær þjáningar hans, til að byrja með í það minnsta.

einsemd og einangrun, innilokunarþema sínu og stafi útleðar. Annar kafli sögunnar, af fimm, tekur þennan þátt mest fyrir en þar tekur annálaritarinn afgerandi afstöðu með mennskunni og nauðsyn samfélags. Svo ekki sé talað um mátt samfélagsins – sem þarna liðast í sundur, en sú sundurliðun er notuð eins og undirlag eða fegrandi andstæða við mannlegt samfélag:

Þessi miskunnarlausni aðskilnaður, sem enginn sá fyrir endann á, hafði komið okkur að óvörum og gert okkur rugluð og ófær um allt viðnám gegn minningum þessarar tilveru, sem enn var svo nálæg og þó þegar svo fjarlæg, en hugur okkar var nú bundinn við hverja stund. Í rauninni kenndum við tvöfalds sársauka, fyrst þess, er var sjálfra okkar, og síðan hins, er við ímynduðum okkur, að fjarlægir vandamenn, sonur, eiginkona eða unnusta yrðu að þola.⁶³⁶

Mennska og mannréttindi, samlíðan og rannsókn á mannum og mannlegu hlutskipti var ætíð líkt og rauður þráður í skáldskap Jóns Óskars, svo ekki sé minnst á innlegg hans í pólitíska umræðu og samfélagsmál. Eða eins og Jóhann Hjálmarsson kemst að orði um Jón Óskar: „Hann hefur andúð á öllu, sem við kemur stríði og hermennsku; afstaða hans til heimsmála er tilfinningalegs eðlis eins og svo margt í skáldskap hans.“⁶³⁷ Sum ljóða hans urðu meira að segja harla umdeild vegna þess að þau þóttu hafa of beina pólitíska skírskotun – en ávallt þó með þeim hætti að þar var verið að huga að örlögum mannsins í heiminum. Hér nægir að nefna frægt ljóð, „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“, sem fyrst birtist í *Tímariti Máls og menningar* árið 1954 en fékk svo sinn sess í ljóðabókinni *Nóttin á herðum* okkar árið 1958. Sigurður A. Magnússon hakkaði þetta ljóð niður á síðum *Morgunblaðsins*:

Þá er að geta þess ljóðs sem mér finnst stórskemmi bókina, ekki vegna sjálfs efnisins, því ég er sammála skáldinu um að kúgun og hryðjuverk eru fyrir litleg hvort sem er í Guatemala eða Ungverjalandi, Úkraínu eða Alsír. En Jón Óskar hefur gert þá höfuðskyssu í ljóðinu „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“ að reyna að snúa barnalegri áróðursgrein úr dagblaði í skáldskap. Hann hefur tekið frásögn blaðsins hráa og gert úr henni „ljóð“ sem er ekkert annað en tilfinningasemi, fátánleg og ósönn. Þegar ég segi ósönn á ég við það, að sjálft „ljóðið“ verður falskt af því það byggist hvorki á einstökum né algildum mannlegum sannleik. Áróður byggist á lygi eða í bezta falli á hálfum sannleik, og ekkert skáld getur gert sér að góðu hálfan sannleik. Það hefur því miður verið alltof landlægt að skáldskapurinn væri látinn þjóna sérstökum pólitískum sjónarmiðum og fátt er höfundu aðvældara en þjóna einsýni og flokkshagsmunum, og yrkja áróðurskvæði sem byggjast á hálfum sannleik eða engum. En slíkt er bæði billegt og ólífvenlegt fyrir skáldskapinn.⁶³⁸

⁶³⁶ Albert Camus. *Plágan*, bls. 63.

⁶³⁷ Jóhann Hjálmarsson. *Íslensk nútímaljóðlist*, bls. 180.

⁶³⁸ Sigurður A. Magnússon. „Bókaþáttur: Nóttin á herðum okkar“ í *Morgunblaðinu* 19. mars 1958, bls. 8. Ritdómur þessi var alls ekki slæmur þegar á heildina er litið en líkt og Sigurður A. vill meina að þetta ljóð

Í bók sinni *Borg drauma minna* vîkur Jón Óskar að þessum dómi. Hann svarar þar fyrir sig og segir meðal annars að það hafi verið algerlega rangt að hann hafi samið þetta ljóð upp úr áróðursgrein í *Þjóðviljanum*. Hann hafi verið í París þegar þetta var ort og hann ekki einu sinni lesið blöð franska kommúnista á þeim tíma, hann segir: „Hugmynd mín var fengin úr franska útvarpinu. Auk þess hafði ég lesið skáldsögu eftir Jorge Amado sem kom mér á sporið.“⁶³⁹ Þessi andsvör Jóns eru ekki aðalatriði máls hér, en þó er rétt að geta þess að í sama kafla og hann svarar Sigurði A. segir hann: „Í *Þjóðviljanum* og *Tímariti Máls og menningar* var bók minni tekið með þögninni, en á tveimur eða þremur öðrum stöðum birtust dómur um hana, og voru vinsamlegir, en gagnrýnendur sammála um það, allir nema einn, hygg ég, að ljóðið um Guatemala væri misheppnað.“⁶⁴⁰ Þetta er ekki allskostar rétt hjá Jóni því nokkuð ítarlegur dómur birtist í *Þjóðviljanum*, reyndar ekki mjög jákvæður, en taldi hinsvegar „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“ með betri ljóðum bókarinnar.⁶⁴¹

Ljós tendruð og slökkt í Guatemala

Peir reyndu í Guatemala að
tendra ljóskerin sín og þau loguðu
æ skærar og skærar yfir fátækum
börnum sem lyftu höndum
fagnandi móti öllum þessum
ljósum eftir alla þessa löngu
nótt engra ljósa.

Og þeir lögðu vinnulúnar hendur
á höfuð kvenna sinna þegar
þeir komu heim af bananaekrunum
og kaffiekrunum og þeir
sögðu: Við erum þreyttir en við
höfum tendrað ljós handa börnum
Guatemala.

Og birta ljómaði um stafrófskverin.

stórskemmi bók Jóns Óskars þá er þessi umfjöllun hans um þetta eina ljóð mjög mikið lýti á ritdómnum, það er að segja, ritdómurinn er ljómandi góður og vel skrifaður og faglegur en umfjöllunin um þetta eina ljóð er í raun Sigurði A. Magnússyni til vansa – svo ruddaleg er umfjöllunin. Ljóðið birtist fyrst fjórum árum fyrr: Jón Óskar. „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“ í *Tímarit máls og menningar* 3/1954, bls. 236-237. Síðan í: Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*, bls. 15. Ljóðið er nákvæmlega eins á báðum stöðum nema hvað einni kommu er bætt við í síðari útgáfunni og er það í raun einungis leiðrétting. Ekki er nein viðbrögð að finna við ljóðinu þegar það kom í *Tímariti Máls og menningar* árið 1954.

⁶³⁹ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 186. Ekki er gott að átta sig á því til hvaða bókar Jón er hér að vísa og líklegt er að hann hafi lesið viðkomandi bók á frönsku því þýðing Hannesar Sigfússonar á *Mar morto* kom ekki út fyrr en 1957. Jorge Amado. *Ástin og dauðinn við hafid*, þýð. Hannes Sigfússon. Mál og menning, Reykjavík 1957.

⁶⁴⁰ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 187.

⁶⁴¹ S.V.F. „Hreykinn stendur stafur á bók“, *Þjóðviljinn* 3. apríl 1958, bls. 7, 9.

Börnin í Guatemala sátu
hlið við hlið kringum borðið og
voru loks farin að geta kveðið
að þegar ókunn hönd kom á
gluggann og þau heyrðu framandi
rödd segía: I am The
United Fruit Company.

En þau voru ekki nema börn og
þau gerðu ekki annað en reyna
að haldast í hendur. Þau sáu
rúðuna hrynja yfir stafrófskverin
og risavaxna hönd teygja sig
inn yfir borðið, einkennda þrem
stöfum. Þau voru að læra að
stafa, börnin í Guatemala, og
því var það að þau gátu fest
sér í minni þrjá skelfilega stafi:
U. S. A. Og þau munu ekki
gleyma þeim, því þau höfðu
nýlært að stafa. Þau munu ekki
gleyma þeim því að ljósin
slokknuðu fyrir þeirri hendi
sem bar þá, og þau sátu aftur
í myrkrinu.

Þeir reyndu að tendra ljós í
Guatemala.

(8. ág. 1954)⁶⁴²

Þetta ljóð er aðeins eitt dæmi um texta frá Jón þar sem hann svo greinilega tekur afstöðu með lítilmagnanum; hann lætur hjartað ráða för – yrkir um þá pólitísku baráttu sem er þá í heimsfréttunum og er einn angi hins kalda stríðs. Mikilvæg er áherslan sem Jón leggur á „stafrófskverin“ í ljóðinu, þar endurspeglast sú hugmynd að menntunin sé undirstaðan og þá um leið afhjúpast sú grimmd sem í því felst að svipta börn menntunarmöguleikum. Þarna er

⁶⁴² Jón Óskar. „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“ í *Tímariti máls og menningar* 3/1954 bls. 236-237. Þess ber að geta að Jón lætur dagsetninguna í sviganum, 8. ágúst 1954, fylgja ljóðinu þarna og einnig í bókinni *Nóttin á herðum okkar* en slíkt var ekki háttur Jóns hvað varðaði önnur ljóð hans eða þýðingar. Ljóðið er um yfirgang Bandaríkjamanna í Guatemala og það er ort skömmu eftir að leppir Bandaríkjastjórnar gerðu innrás í landið en í raun var það sjálf leyniþjónustan CIA sem stóð fyrir þessu valdaráni. Þá innrás leiddi flugliðsforinginn Carlos Castillo Armas. Þarna var Bandaríkjastjórn í raun að binda endahnút á ferli sem henni mislíkaði mjög, ferli sem hófst árið 1950 þegar Jacob Arbenz var kosinn forseti og hóf að snúa landinu í átt að sósíalisma og setja The United Fruit Company stólinn fyrir dyrnar, en sá auðhringur hafði þá sölsað undir sig gríðarlegt land og arðrændi launamenn sína og í raun hagkerfi landsins. Castillo Armas var síðan „kosinn“ forseti og sat í skjóli Bandaríkjastjórnar. Hann var síðan myrtur eftir aðeins þrjú ár í embætti og borgarastríðið í landinu stóð fram til 1996. Sjá t.d.: Ralph Lee Woodward. *Central America: A Nation Divided*. Oxford University Press, New York og Oxford 1999, bls. 235-245; William Krehm. *Democracies and Tyrannies of the Caribbean*. Lawrence Hill og Company, Westport 1984.

bókin, textinn, máttur textans undirliggjandi í sjálfu andófsljóðinu. U.S.A. – nákvæmlega þessir stafir svona samsettir eru „skelfilegir“. Pólitík Jóns er afdráttarlaus og hörð, myrkrið er fylgifiskur ógnarstjórnar Bandaríkjamanna, sambærileg afstaða og birtist oft í skrifum Albert Camus, en reyndar var andúð Camus á Bandaríkjunum meira af menningarlegum toga.⁶⁴³

Síðar átti Jón eftir að negla þessa hugsjón sína, eða hugðarefni, enn betur niður, t.d. þegar hann sendi frá sér bókina *Undarlegt ferðalag* eins og sýnt verður fram á síðar í þessum kafla.

3.4. Greinileg áhrif

Í nýlegri ævisögu Roberts Zaretsky, *Albert Camus: Elements of a Life*, nefnir höfundur sem einn af meginpóstunum í skilningi sínum á Camus þann eiginleika skáldsins að vera sífellt að taka slaginn við ákveðnar hugmyndir og deila síðan reynslunni af þeim glímum með lesendum sínum.⁶⁴⁴ Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að yfirfæra þessa greiningu Zaretskys á Jón Óskar, afrakstur þess stöðuga hugmyndastríðs sem Jón háði má glögglega sjá í endurminningabókum hans og einnig í frumortum skáldskap, en ekki síst í þýðingum og þá einnig vali á viðfangsefnum til þýðinga. Þar er Camus sjálfur einmitt nokkuð fyrirferðamikill á tímabili. Þannig þýðir Jón, sem fyrr segir, *Pláguna* sem kemur út hjá Heimskringlu 1952 og síðan þrjár smásögur, eftir Camus, sem birtast 1959 í *Nýju Helgafelli*, tvær greinar úr *Combat* sem hann lætur fylgja umfjöllun um Camus í *Birtingi* 1958. Því má segja að sjötti áratugurinn sé Camus-hlaðinn hjá Jóni. Um þennan tíma fjallar Jón nokkuð í fjórðu endurminningabók sinni, *Kynslóð kalda stríðsins*.

Ágætur inngangur að þessari hugmyndafræðilegu baráttu Jóns Óskars er, þótt undarlegt megi virðast, ræðan sem Camus hélt þegar hann veitti móttöku bókmenntaverðlaunum Nóbels: „Hverjir svo sem persónulegir veikleikar okkar kunna að vera, þá mun kraftbirtingarhljómur okkar ætíð felast í tveimur boðorðum, sem þó erfitt er að halda: neita að ljúga til um það sem maður veit og andstöðu við kúgun.“⁶⁴⁵ Þetta var ekki eitthvað sem höfundurinn talaði aðeins um á hátíðlegri stund heldur var þetta nánast aðalsmerki á skrifum hans og er þá sama hvort litið er á skáldskap, heimspeki eða samfélagsmál.

⁶⁴³ Stephen Eric Bronner. *Camus: Portrait of a Moralist*, bls. 99.

⁶⁴⁴ Robert Zaretsky. *Albert Camus: Elements of a Life*. Ithaca, Cornell University Press 2010, bls. 2.

⁶⁴⁵ Albert Camus. *Speech of Acceptance Upon the Award of the Nobel Prize for Literature. December 10, 1957*. Alfred A. Knopf. New York 1958, bls. x.

Jón Óskar var virkur innan *Birtings* (enda alla tíð í ritstjórn) og hafði þar ágætan völl til þess að koma ritstörfum sínum á framfæri. Það hlýtur því að vera umhugsunarefni af hverju hann velur að birta – eða af hverju svo fer að hann birtir – þýðingar sínar á þremur smásögum eftir eitt framsæknasta skáld Evrópu á þessum tíma, Albert Camus, ekki í „sínu“ tímariti; tímariti sem þó átti að vera, og var, vettvangur fyrir nútímaskáldskap og lífæð fyrir menningarstrauma utan úr heimi, til þess ætlað að blása erlendum glæðum í íslenskt menningarsamfélag.⁶⁴⁶ Eða er það ef til vill ekkert undarlegt að Jón fær annað tímarit til að birta þýðingar sínar á smásögum Camus? Kannski liggur blekkingin þar – sú blekking að manni finnst að þessar þýðingar hefðu átt að koma í *Birtingi*. Kannski hafði Jón háleitari markmið með þessari ákvörðun. Ef svo var, þá má segja að í tvennum skilningi hafi þau markmið gengið upp. Sé litið til franska heimspekingsins Jean-François Lyotard⁶⁴⁷ og hugmynda hans um fjarveruna og hið háleita þá er Jón þarna að gera rétt: ná árangri. Með því að þessar þýðingar koma ekki í *Birtingi* – eins og kannski mátti búast við – vaxa þær að burðum; verða háleitar af sjálfum sér verandi ekki þar sem þeirra var vænst.⁶⁴⁸ Þær miklast af fjarverunni. Í annan stað birtast þýðingarnar í borgaralegu tímariti, hinu *Nýja Helgafelli* og þannig öðlast þýðandinn hærrí sess sem borgaralegur höfundur og fær annan lesendahóp. Jón fær þannig þunga sem þýðandi, það er undirstrikað að þetta eru *hans* þýðingar en ekki *Birtings*þýðingar.

Á árunum 1956 til 1959 var gefið út tímaritið *Nýtt Helgafell* og voru í ritstjórn þess þeir Tómas Guðmundsson skáld og Ragnar Jónsson, Kristján Karlsson og Jóhannes Nordal. Tímaritið sigldi í raun í kjölfar annars tímarits, *Helgafells*, sem hætti göngu sinni nokkru áður, eða í desember 1955. Þessi staðreynd litar nokkuð það ávarp eða stefnuskrá sem *Nýtt Helgafell* leggur til grundvallar í fyrsta tölublaði sínu. Þó eru þar þættir sem rétt er að staldra við, en auk þess að boða hlutlæga umfjöllun um bókmenntir og listir og þjóðfélagsmál þá er vikið að ástandi heimsmála og hvernig þeirra gæti á Íslandi:

⁶⁴⁶ Mjög góða úttekt á eðli og erindi *Birtings* er hér að finna: Þröstur Helgason. *Opna svæðið*, bls. 145-175.

⁶⁴⁷ Jean-François Lyotard (1924-1998) franskur heimspekingur og bókmennta- og félagsfræðingur. Hann ritaði og lét sig varða aðgreinanlegustu efni en kannski má telja hann frægastan fyrir að reyna að koma í orð áhrifum póstmóðernismans á samfélagið. Hér er hann kallaður til vegna skrifa hans um hið háleita. Lyotard vill meina að í hinu háleita – eða í réttar sagt í upplifun sinni af hinu háleita – fjari mennska viðkomandi út. Að breyttu breytanda má hér halda því fram að hið háleita markmið taki völdin af viðfangsefninu. Sjá t.d. hér: Jean-François Lyotard. „The Sublime and the Avant-Garde“, bls. 196-211 í *The Lyotard Reader* ritstj. Andrew Benjamin. Wiley-Blackwell. Oxford og Cambridge 1991, bls. 199. Annars er hugtakið, hið háleita, komið til ára sinna í fagurfræðinni en blómatími þess var líklega á dögum rómantísku stefnunnar. Það er þó mun eldra og ættað frá Longinusi, sjá t.d.: Sveinn Yngvi Egilsson. „Og handinn mig hreif upp á háfjallatind“ í *Skorrdæla*, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, bls. 155.

⁶⁴⁸ Jean-François Lyotard. „The Sublime and the Avant-Garde“, bls. 196-211 í *The Lyotard Reader* ritstj. Andrew Benjamin. Wiley-Blackwell. Oxford og Cambridge 1991, bls. 197-198.

Fyrir fjórtán árum, þegar Helgafell hóf göngu sína, geisaði heimsstyrjöld, sem sogaði Íslendinga inn í hringiðu tröllaukinna viðburða. Sovétríkin höfðu þá í bili skipað sér við hlið vestrænna lýðræðisþjóða í baráttunni gegn nazismanum og flestir Íslendingar höfðu fulla samúð með þessu bandalagi. Nú er öld önnur [...] Tvær andstæðar höfuðfylkingar, sem hvor um sig leitar lífsstefnu sinni heimsyferráða, heyja í dag þrotlausu baráttu um hollustu þjóðanna og þessara meginátaka kennir með háskalegum hætti allt niður í rót hins íslenska samfélags. Sá vandi sem hér er á ferðum, verður ekki leystur með einangrun og þröngri þjóðernishyggu. Í framtíðinni mun sá talinn beztur Íslendingur, sem sýnir hinum nýja heimi mestan þegnskap.⁶⁴⁹

Það er í þessu tímariti sem Jón Óskar birtir þrjár þýðingar á smásögum eftir Albert Camus: „Gesturinn“ (L’Hôte) birtist í fyrsta tölublaði ársins 1959, „Þöglir menn“ (Les Muets) í því öðru og „Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína“ (Jonas (ou L’Artiste au travail)) í þriðja til fjórða tölublaði sama árs.⁶⁵⁰

Hér verður staldrað við söguna „Þöglir menn“. Vegna þess að í henni, og reyndar einnig í hinum sögunum, er að finna mjög athyglisverða þætti sem vafalaust hafa hugnast Jóni Óskari og sem margt bendir til að hafi haft rík áhrif á hann sem höfund. Í sjöunda bindi minnisbóka sinna, sem spannar tímabilið frá mars 1951 til júlí 1954, er að finna fyrstu hugmynd Camus að sögunni „Þöglir menn“:

Smásaga, Þöglir menn.

Verkamenn snúa aftur til vinnu í tunniverksmiðju eftir misheppnað verkfall. Þeir þegja. Allan daginn í verksmiðjunni.

Seinnipart dagsins lömum forstjórans. Verkstjórinn tilkynnir einum verkamanna. Sá þegir. Stuttu eftir vinnu, með hendur sínar á borðinu, hann hrópar: „Jafnvel þetta, jafnvel þetta.“⁶⁵¹

Saga Camus er ekki með nákvæmlega þetta innihald, en hugmyndin sú sama og útfærslan svipuð. Verkamenn í baráttu, má segja að sé kjarni þessarar sögu. En þetta er einnig saga um tungumálið, um þögnina, þó fyrst og síðast saga verkalýðsbaráttu. „Þeir voru hljóðlátir og fundu sárt til þess að vera látnir ganga þannig inn einsog sigraðir menn, reiðir sjálfum sér fyrir þögnina, en æ fjær því að geta rofið hana eftir því sem hún varð lengri.“⁶⁵² Þrátt fyrir þögn mannanna ganga þeir að vinnu sinni: „Allir unnu þöglir, en smám saman hlýnaði verkstæðið og lifnaði við. Skær dagsbirta flóði inn um glerveggina. Reykirnir blánuðu í sólgullnu loftinu;

⁶⁴⁹ *Nýtt Helgafell* 1/1956, bls. 4.

⁶⁵⁰ Allar birtust þessar sögur í sama smásagnasafni. Albert Camus. *L’Exil et le Royaume*. Gallimard, París 1957.

⁶⁵¹ Albert Camus. *Notebooks 1951-1959*, bls. 43.

⁶⁵² Albert Camus. „Þöglir menn“, bls. 112.

Ívar heyrði jafnvel flugu suða rétt hjá sér.⁶⁵³ Hér er þögnin undirstrikuð með flugnasuðinu. Í stað þess að forstjórinn lamist, eins og var í þeirri hugmynd sem Camus hripaði fyrst niður á blað, þá lætur hann dóttur hans deyja, fyrst er okkur greint frá því að hún sé veik en síðan fær hún „kast“ og fellur á gólfid.

Á árunum 1943 til 1945 hugðist Jón Óskar skrifa skáldsögu. Ekkert varð af því og hann tók það uppkast sem þar varð til og stytta og sneið þangað til eftir stóð smásagan „Rauðu húsin kóngsins“.⁶⁵⁴ Sagan sem ber undirtitilinn „Kreppusaga“ er eldri en „Þöglir menn“ en öruggt má teljast að Jón hafi fundið þar hljómgrunn sem hann kannaðist við. „Rauðu húsin kóngsins“ segir frá kúgun auðvalds á öreigum, hún segir frá verkfalli sem tapast. Þá lýsir hún vel hlutskipti hinna kúguðu. En hún er líka, eins og saga Camus, leikur með tungumál, sögumaðurinn í húsum Jóns Óskars er mjög nálægur í frásögninni og hann ávarpar lesandann aftur og aftur og þá brýtur hann líka upp söguheiminn, blekkinguna, og talar um söguna sjálfa sem hann er staddur í.⁶⁵⁵ Sögu Jóns lýkur með þessum orðum, til þess að innsigla tap verkalýðsins og undirstrika óbreytt ástand: „Jú það fór þannig að verkalýðurinn beið ósigur. Kaup hans var lækkað. Og rauðu húsin kóngsins héldu áfram að tróna yfir þorpinu.“⁶⁵⁶ Einnig er hér vert að gefa gaum að einu skáldsögu Jóns, en hún kom út árið 1968 undir heitinu, *Leikir í fjörunni*, og þar sér í lagi kafla sem fjallar um rimmu atvinnurekanda og verkalýðsforingja.⁶⁵⁷ Þrátt fyrir að fyrirmyndin

⁶⁵³ Albert Camus. „Þöglir menn“, bls. 113.

⁶⁵⁴ Jón Óskar. „Formáli“, bls. 7-8 í *Sögur 1940-1964*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1973, bls. 7-8.

⁶⁵⁵ Hér má segja að Jón beiti brechtískri aðferð, einskona framandgeringu.

⁶⁵⁶ Jón Óskar. „Rauðu húsin kóngsins“, bls. 124-140 í *Sögur 1940-1964*, bls. 140. Það dylst engum sem til þekkir hvar fyrirmyndina að þeirri sviðsmynd sem dregin er upp í sögunni er að finna. Hér er verið að lýsa Akranesi, heimabæ Jóns Óskars, og rauðu húsin eru vitaskuld hús útgerðar- og fiskvinnsluveldis Haraldar Böðvarssonar, en hús HB & Co. voru ætíð í sterk rauðum lit. Eins er okkur sagt frá því að þorpið standi á nesi, húsi útgerðarmannsins er lýst og þar fer lýsing á einbýlishúsi Haraldar Böðvarssonar, þá er og lögð áhersla á kartöflurækt hinna fátæku en Akranes var löngum talin einn besti kartöfluræktarstaður á landinu.

⁶⁵⁷ Sjá t.d. hér: „Stórslys á Akranesi í gær: Tveir drengir drukkna, er holskefla sópar fjölda fólks og tveimur bifreiðum út af hafnargarðinum“. *Nýja dagblaðið*, 23. september 1931, bls. 1. „Nýja Dagblaðið átti í gærkvöldi símtal við Þórhall Sæmundsson lögreglustjóra á Akranesi og skýrði hann því frá þessu slysi að svo miklu leyti, sem það var upplýst, og fer frásögn hans hér á eftir: Í gær kom mótorbáturinn Árni Árnason, úr Keflavík, til Akraness með um 100 tn. smökkfiskjar, sem skyldi setja þar á land, og ætlaður var bátum Haraldar Böðvarssonar. Þá var klukkan að ganga fjögur. Verkfall stendur yfir á Akranesi, eins og kunnugt er, en Haraldur ætlaði engu að síður að láta skipa upp úr bátum, og lét tvo bíla, sem hann sjálfur átti, fara ofan á bryggjuna og var hafin þar vinna. Brim var mikið. Bráðlega fréttist það um þorpið, að byrjað væri að vinna að uppskipuninni, og fór þá formaður verklýðsfélagsins á staðnum, Sveinbjörn Oddsson, ofan að bátum með nokkra menn, í því skyni að sporna við því að unnið væri. Meðan þessu fór fram, söfnuðust allmargir unglingar og krakkar saman á bryggjunni, til þess að sjá hver yrðu málalokin. En rétt í þennan mund kom ægileg alda utan víkina og reið ólagið yfir bryggjuna og sópaði báðum bílunum og næstum öllu fólkinu, sem talið er að hafi verið að minnsta kosti 20—30 manns og sennilega fleira, af bryggjunni. Nokkrir karlmenn stóðu þó af sér ólagið eða náðu handfestu áður en þeir féllu í sjóinn. Margir lentu í bátum og gátu haldið sér þar. Meðal þeirra var annar bifreiðarstjórinn, sem sat inni í bifreið sinni þegar holskeflan reið yfir, en gat stökkið út, er hann sá hvað verða vildi og náði handfestu á borðstokk bátsins og hékk þar. Aðrir söguðust í sjóinn og drukknuðu tveir drengir. Var annar þeirra 11 ára gamall, Sigurður Elíasson Benediktssonar skipstjóra, Suðurgötu 19, og hinn 17 ára, Þórður Jónsson Sigurðssonar skipstjóra á Reynistað. Flestir þeirra, er féllu í sjóinn, björguðust í bátinn. Einn drengur synti til lands og öðrum bjargaði maður, sem stakk sér í sjóinn. Það er talin mikil mildi, að slysið varð ekki enn

að þeim atburðum sem þar er lýst sé þekkt í verkalýðssögunni (sjá meðanmálsgr. 657) og þá sérstaklega á meðal Skagamanna er ekki hægt að komast hjá því að greina sama andblæ í þeim kafla hjá Jóni og í þýðingu hans á „Þöglir menn“ áratug fyrr.

Það er þrítugasti kaflinn í skáldsögunni *Leikir í fjörunni* sem hér um ræðir og er ákaflega fróðlegt að lesa þann kafla saman meðfram sögu Camus „Þöglir menn“. Það er ekki ástæða til þess að rekja söguþráð skáldsögunnar því þrítugasti kaflinn stendur mjög sér og er í raun ekki annað en vitnisburður um sögulegan atburð þar sem smáatriðum er hnikað til og nöfnum breytt, en þó afar ljóðrænn kafla og fallegur.

Önnur og þriðja setningin í sögu Camus eru svona: „Handan við hafnargarðinn mættust himinn og haf í dýrðarljóma. En Ívar sá það ekki.“⁶⁵⁸ Í raun hefst þrítugasti kaflinn í *Leikjum í fjörunni* á sömu aðstæðum, maður mætir hafi en skilur ekki það sem hann sér eða upplifir: „Síðan stend ég frammi fyrir augum hafsins. Hvað segja þau?“⁶⁵⁹ Síðan greina báðir textarnir frá hörku hafsins, mætti og jafnvel ógn. Þá er í báðum textunum undirstrikuð ró og kyrrð til þess að undirbúa, og móta andstæðu við, komandi átök. „Það er rólegt í þorpinu, of rólegt segja sumir, því nú eru engir að vinna, heldur rangla menn um aðgerðarlausir og safnast í smá hópa.“⁶⁶⁰ Með þessum hætti lýsir sögumaður Jóns Óskars rólegheitunum. En í texta Alberts Camus er þetta svona, ögn franskara: „Það var friðsælt á svölunum heima hjá honum, þar sem hann sat að loknu erfíði, ánægður með hreinu skyrtuna, sem Fernanda kunni svo vel að straua, og með freiðandi anísdrykk í glasi.“⁶⁶¹ Í báðum sögunum heita menn því að standa betur saman

ægilegra. Fréttaritari útvarpsins hefir átt tal við þá Sveinbjörn Oddsson, form. verklýðsfélagsins og Harald Böldvarsson og segist þeim svo frá:

Frásögn Sveinbjarnar Oddssonar: Vegna ákvörðunar verklýðsfélagsins um að stöðva alla vinnu hjá þeim atvinnurekanda, sem ekki hefði gengið að kaupaxta félagsins, kom ég fram á hafnargarðinn, ásamt nokkrum mönnum, til þess að gera vinnustöðvun, ef menn þessir ætluðu að vinna. Ég tilkynnti Haraldi að vinna yrði ekki leyfð og spurði hann hvort honum væri alvara með að stofna til átaka út af þessu, en hann sagði að skipstjórar hefðu með vinnuna að gera, og þeir tóku til að vinna. Var þá, af mér og þeim er með mér voru, farið að aftra vinnu, og kom fljótt til þess, að högg væru útilátin, en ekki varð ég var við að neinn hlyti meiðsl. Nokkrir þeirra, sem með mér voru, fóru upp á bíl þann, sem skipstjórnarnir hlóðu, til þess að kasta af honum aftur. Fór Haraldur þá sjálfur upp á bilinn, til þess að reka mennina niður. Kom þar til stympinga. Gekk svo um stund, að smokkfiski var kastað á báða bóga, en er minnst varði, kom holskefla á hafnargarðinn flatan og sópaði af honum öllum mönnum er á honum stóðu, ásamt báðum bílunum.

Frásögn Haraldar Böldvarss. Baturinn Árni Arnason kom að bryggju á Akranesi kl. 15:30 í gær og fór ég þá, ásamt 6 formönnum, bílstjóra, verkstjóra og íshússtjóra, niður á bryggju, til þess að taka á móti vörunni úr bátnum, sem var frosinn smokkfiskur, og lá hann undir skemmdum, ef hann var ekki settur í ís, því hann má ekki þiðna. Áttum við okkur einskis illt von, er við byrjuðum að vinna, því enginn okkar er í verklýðsfélaginu. Þegar við vorum nýbyrjaðir á verkinu, að taka smokkfiskinn upp úr bátnum og láta hann á bíl, kom formaður verklýðsfélagsins fram bryggjuna með hóp af mönnum og unglíngum á eftir sér og réðust þeir á okkur. Urðu nú handalögmál og sviftingar, en við gátum þó haldið áfram vinnunni, unz ólagið skall.“

⁶⁵⁸ Albert Camus. „Þöglir menn“, bls. 110.

⁶⁵⁹ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*, bls. 146.

⁶⁶⁰ Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*, bls. 146.

⁶⁶¹ Albert Camus. „Þöglir menn“, bls. 110.

í verkfallsátökum, atvinnurekandinn er höfuðóvinurinn í báðum textunum og hann þróast í þeim báðum frá því að vera mildur maður, yfir í það að vera óbilgjarn og til þess að brotna undan utanaðkomandi álagi. Textatengsl og sláandi líkindi eru með sögunni „Þöglir menn“ og þrítugasta kaflanum í *Leikir í fjörunni*, sem raunar gæti alveg staðið einn og sér sem smásaga. Þrátt fyrir að Jón Óskar sé greinilega að skrifa um sögulegan atburð af Akranesi þá fellir hann frásögnina af honum í sama mót og „Þöglir menn“ eftir Camus er steypit í. Áhrifin eru greinileg. Þá eiga báðir textarnir það sameiginlegt að lýsa veröld sem var, þeir kalla fram myndir úr horfnum heimi – en jafnframt hörðum heimi. Báðir kalla þeir þessar myndir fram á umbrotatímum. Fyrst Camus, en hann skrifar „Þögla menn“ þegar Alsírdeilan stóð sem hæst, og skáldsaga Jóns lítur dagsins ljós á því fræga ári 1968.

Ekki er hægt að slá hér fram þessu hugtaki, textatengsl, án þess að gera lítillaga grein fyrir því. Það er sálkönnuðurinn og táknafræðingurinn Julia Kristeva sem leggur áherslu á það í sínum skrifum að bókmenntirnar talist við. Jón Óskar kallar fram í þýðingu sinni, og í þrítugasta kaflanum, eins og sönnum bakfylkingarmanni sæmir, orðræðuheim Camus og kemur honum fyrir í eigin verki. Þannig rennur lesandinn, móttakandinn saman við orðheim Alberts Camus við lestur á þrítugasta kafla *Leikja í fjörunni*. Textarnir eru ekki með neinu móti eins, hvorki að ytra né innra formi, og texti Jóns er alls ekki stæling.⁶⁶² Öllu heldur er hér um að ræða það sem Kristeva heldur fram í ritgerð sinni „Orð, tvíröddun og skáldsaga“, að „sérhver texti er upptaka og umbreyting annars texta.“⁶⁶³ Hér er þunginn hjá Kristevu á samræðumöguleikum bókmenntanna. En hugmyndin um samtál bókmenntana mildar hugsun og tal um „áhrif“ enda er það hugtak vandmeðfarið og afar vítt.

En hér er hægt að ganga enn lengra, og virðist full ástæða til: Þessi tengsl eru svo nán og samgangurinn á milli textanna er svo sterkur að hér er líkast til réttast að tala um rittengsl. Til að undirbyggja notkunina á því hugtaki verður hér byrjað á því að vitna í Roland Barthes, þar sem hann afhjúpar hve tvíbentur veruleiki skriftarinnar er, hann segir um skriftina:

⁶⁶² Hér er afar mikilvægt að hafa í huga það sem Ástráður Eysteinnsson segir um textatengsl og rittengsl: „Könnun textatengsla er túlkunaraðferð og gera verður ákveðinn greinarmun á þeim og rittengslum. Þegar rannsókuð eru rittengsl í t.d. íslenskum fornþéttmenntum er leitast við að staðfesta aldursröð verka og handrita. Hinsvegar er hægt að kanna tengsl, sem túlkandi sér milli ákveðinna texta, án þess að ljóst sé hvor sé eldri og hafi hugsanlega mótað tilurð hins. Á hinn bóginn má líka segja að rittengsl séu eitt afbrigði textatengsla, sem í víðasta skilningi geta verið jafn fjölbreytileg og sambönd texta eru ólík. Rannsóknir á textatengslum beinast þó oftast að sambandi verks við tengdatexta sem er sögulegur undanfari þess.“ Ástráður Eysteinnsson. „Mylluhjólíð: Um texta og textatengsl“, bls. 73-85 í *Tímarit Máls og menningar* 4/1993. bls. 78.

⁶⁶³ Julia Kristeva. „Orð, tvíröddun og skáldsaga“ þýð. Garðar Baldvinsson, bls. 93-128 í *Spor í bókmenntafræði* 20. aldar, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 97.

Annars vegar verður hún óvefengjanlega til á mótum rithöfundarins og þjóðfélags hans; hins vegar sendir hún rithöfundinn frá þessum félagslega tilgangi í einskonar tragískri yfirfærslu að tæknilegu upphafi sköpunar hans. Þar sem Sagan getur ekki látið honum í té tungumál sem er notið í frelsi krefst hún af honum tungumáls sem er framleitt í frelsi.⁶⁶⁴

Hér er mikilvægt að gæta að því að í tilfalli Jóns Óskars og Alberts Camus – og þeim tengslum sem þar er um rætt – er það Jón sjálfur sem kemur með Camus inn í þjóðfélagið sem hann sjálfur er virkur í og á samtal við. Þannig verður sú uppspretta skriftarinnar í raun tvöföld í dæmi Jóns, það er hans eigin skrift, þýðing sem hann sjálfur gerir, sem sendir hann sjálfan að „tæknilegu upphafi sköpunar hans“, það er að frumtexta Alberts Camus. Og vegna þess, ef við fylgjum Barthes eftir, að Sagan getur ekki gefið honum tungumál sem notið er í frelsi, þá krefst hún af honum þess tungumáls, í þessu tilfalli sem hann framleiddi sjálfur, sem framleitt er í frelsi; hér í frelsi þýðandans Jóns Óskars. En Barthes fer með þessa hugsun lengra: „Rithöfundinum gefst ekki kostur á að velja sér skrift sína úr einhvers konar tímalausum vopnabúri bókmenntaformanna. Hin mögulegu skrif ákveðins höfundar koma fram undir þrýstingi Sögunnar og Hefðarinnar“.⁶⁶⁵ Það er Jón sem kallar Camus inn á íslenskan bókmenntavetvang, þrátt fyrir að hann sé beðinn um að þýða *Pláguna* þá þýddi hann eins og fram hefur komið einnig smásögur og ýmislegt annað eftir hinn franska höfund, og það er Jón sem skrifar *Leiki í fjörunni* og virðist þar láta undan þrýstingi Sögunnar sem hann tók þátt í að móta en var líka ráðinn til að móta og Hefðarinnar sem hann kaus að færa okkur Íslendingum; hefðar sem náði aftur til hinna frönsku sýmbólisma, og ómeðvitað jafnvel, enn aftur í tíma eins og sýnt var fram á í öðrum kafla þessarar ritgerðar.

Í stuttri ritsmíð um hermum segir Walter Benjamin m.a.:

„Að lesa það sem aldrei var skrifað.“ Þessi lestur er hinn elsti: lestur úr innnyflum, stjörnum eða dansi, fyrir daga alls tungumáls. Síðar voru teknir í notkun miðlunarliðir nýrrar gerðar lesturs, rúnir og myndletur. Það er nærtækt að álykta að þetta hafi orðið þau þróunarstig sem veittu hæfileikanum til hermunar, sem eitt sinn var grunnur yfirskilvitlegrar iðkunar, aðgang að skrift og tungumáli. Þannig væri tungumálið æðsta stig eftirhermunar og hið fullkomnasta safn óskynrænnar líkingar: miðill sem fyrri kraftar hermunarlegrar framköllunar og skilnings gengu algerlega inn í, uns þeir komust svo langt að eyða kröftum dulmagnsins.⁶⁶⁶

⁶⁶⁴ Roland Barthes. *Skrifað við núllpunkt*, bls. 48.

⁶⁶⁵ Roland Barthes. *Skrifað við núllpunkt*, bls. 48.

⁶⁶⁶ Walter Benjamin. „Um eftirhermuhæfnina“, þýð. Böðvar Yngvi Jakobsson og Guðrún Kvaran, bls. 243-246 í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 246.

Það er á þessum slóðum hermunar, sem ekki er lengur með neinum hætti dularfull eða illskýranleg, sem Jón dvelur þegar hann skrifar undir hvað sterkustum áhrifum frá Camus. Með þessum hætti eru einmitt rittengsl frábrugðin textatengslum vegna þess að þau síðarnefndu gætu frekar flokkast undir hinn mystíska gangveg milli skálda/texta. Enn skal ítrekað að hermun sem þessi, rittengsl, hafa ekkert með ritstuld að gera – þau eru í raun yfir hann hafinn vegna þess að skrif eru framlenging af því tungumáli sem Benjamin kallar „safn óskynrænnar líkingar“. Í raun eru þessi rittengsl Jóns Óskars eðlileg í hlutverki hans sem bakfylkingarmanns, hér er enn minnt á að William Marx segir að *arrière-garde* geti alls ekki án *avant-garde* verið; bakfylkingarmaður ekki án brjóstfylkingarmanns. Hér er Camus brjóstfylkingarmaðurinn með frumtexta nýrrar stefnu, existensíalísma, sem Jón kannar, skilur og þýðir en fer síðan fram með, á sinn hátt sem sá bakfylkingarmaður sem hann alltaf hefur verið; aðeins á eftir en samt svo ógnar mikilvægur, vopn hans með öðrum hætti enda hlutverk hans á vígvelli bókmennanna annað, hann er léttvopnaður og horfir bæði fram og aftur. Enda leggur William Marx áherslu á að í hernaði sé það með tvennum hætti sem bakfylkingin virki: þegar herinn sæki fram þá sé hlutverk hennar að verja framvarðarsveitina sé ráðist að henni aftan frá – en sé um undanhald að ræða þá sé starf bakvarðarsveitarinnar að vernda þá sem áður fóru fremstir; ryðja þeim braut á flóttanum. Svo skýrir hann nánar:

Í fyrra tilfellinu, það er þegar sótt er, þá heldur bakfylkingin í sömu átt og þeir sem fremstir fara, brjóstfylkingarmennirnir í fremstu víglínu; þeir fara einfaldlega í humátt á eftir, loka leiðum í stað þess að opna þær. Í bókstaflegum skilningi er þá birtingarmynd bakfylkingarmannsins eins og hann tilheyrir hægfara hreyfingu sem aðlagist í rólegheitunum fagurfræði brjóstfylkingarmannanna.⁶⁶⁷

Hér er hollt að minnast þess sem þegar hefur komið fram að Jón Óskar lætur sem sér hafi ekki þótt Camus vera neinn höfuðsnillingur, en ver hann þó og kynnir af meira afli en aðra höfunda af sinni kynslóð; hið fullkomna hlutverk bakfylkingarmannsins.

Hikið í textum Jóns Óskars og staða hans sem bakfylkingarmanns gerir það að verkum að endurómur af Albert Camus litar höfundarverk hans án þess að hann geri sér fyllilega grein fyrir því – eða vilji kannast við það. Slíkt er vel þekkt og nægir í þeim efnum að vísa til skrifna

⁶⁶⁷ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 64. Þar sem ég taka um „hægfara hreyfingu“ þá bregður Marx á leik og skrifar „Johnny-come-lately movement“.

bandaríska bókmenntafræðingsins Harold Bloom um efnið,⁶⁶⁸ en í raun nálgast hann áhrifapælinguna út frá forvitnilegu sjónarhorni sem er afar gagnlegt að líta til í þessu samspili Jóns Óskars og Alberts Camus – eða, öllu heldur, svo hugmynd Blooms sé tekin alla leið: samspili þessara tveggja texta. Bloom segir: „Áhrifakvíðinn er á milli ljóða en ekki milli einstaklinga.“⁶⁶⁹ En auðvitað er það samt skáldið sem ber kvíðann, að halda öðru fram er hártogun. Og hér verður því haldið fram að Jón Óskar hafi verið haldinn áhrifakvíða gagnvart Albert Camus. Í einni af endurminningabókum sínum segir hann frá því að hann hafi hitt ungan mann sem hafi talið það helstan ljóð á annars glæsilegum ferli að Jón hafi þýtt *Pláguna* eftir Camus. Jón heldur því fyrir sig hvaða maður þetta var, nefnir reyndar að hann hafi verið af skáldakyni, en hefur eftir honum að það hafi verið eðlilegt að menn af hans kynslóð hafi fallið fyrir höfundum eins og Camus og Sartre – og svo heldur Jón Óskar áfram:

En höfðum við fallið fyrir þessum höfundum, ég og fleiri af minni kynslóð? Var rétt að taka svona til orða? Um það hefðum við ungi maðurinn sjálfsagt getað komist að niðurstöðu, ef við hefðum rætt málið í næði. Ég get ekki fullyrt neitt um aðra menn af minni kynslóð á Íslandi, en sjálfur var ég enginn blindur aðdáandi þessara höfunda, þó ég tæki að mér að þýða bók eftir Camus og þýddi eitthvað smávegis eftir Sartre.⁶⁷⁰

Hér er Jón að slíta sig frá Camus, mörgum árum eftir þýðinguna – og líka mörgum árum eftir þýðingarnar sem hann gleymir, eða kýs að nefna ekki.⁶⁷¹ Hann vill ekki kannast við áhrifin, eða – kannast kannski alls ekkert við þau. Bloom skrifar: „Öflugt skáld leitast ekki aðeins við að gjörsigra keppinautinn [forvera sinn] heldur við að staðfesta heiðarlegan hreinleika í eigin skrifum.“⁶⁷² Með því að afneita Camus er Jón Óskar einmitt að gera þetta – lýsa því yfir að hans skrif séu hrein af nóbelskáldinu franska. En samkvæmt Bloom ættu svona svardagar eða afsakanir að vera óþarfi því hann sér áhrifin í fallettu, og í raun eðlilegu, ljósi: „Ég skilgreini

⁶⁶⁸ Sjá t.d.: Harold Bloom. *The Anatomy of Influence: Literature as a Way of Life*. Yale University Press, New Haven og London 2011; Harold Bloom. *The Anxiety of Influence: A Theory of Poetry* 2. útg. Oxford University Press, Oxford og New York 1997.

⁶⁶⁹ Harold Bloom. *The Anatomy of Influence*, bls. 6. Þrátt fyrir að Bloom gangi mjög út frá ljóðum og taki dæmi úr ljóðlistinni þá er ekkert því til fyrirstöðu að beita kenningum hans á óbundið mál.

⁶⁷⁰ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 140.

⁶⁷¹ Auk þess að þýða Camus kynnti Jón Óskar skáldið einnig með öðrum hætti. Þegar hafa verið nefnd skrif Jóns um Camus í *Birtingi* en í *Samvinnunni* þann 1. apríl 1958 sést að Jón hefur verið með kynningu á skáldinu á „bókmennta- og listkynningu“ að Bifröst í Borgarfirði fyrir Samvinnuskólanemendur, starfsfólk og nærsveitarmenn. Þar segir m.a.: „Fyrst á dagskrá kynningarinnar var erindi um franska Nóbelskáldið Albert Camus, sem Jón Óskar rithöfundur flutti. Erindi Jóns Óskars var bæði snjallt og ýtarlegt. Gaf það glögga hugmynd um rithöfundaferil Camus, heimspeki hans og lífsskoðun. Jón Óskar dvaldi sérstaklega við afskipti Camus af blaðamennsku, las kafla úr blaðagreinum og kynnti djarfmannlegar skoðanir hans.“ „Bókmennta- og listkynning á vegum Samvinnuskólans að Bifröst“, *Samvinnan* 4/1958, bls. 7.

⁶⁷² Harold Bloom. *The Anatomy of Influence*, bls. 8.

áhrif einfaldlega sem bókmenntaást, blandaða mildri vörn. Vörnin er misjöfn frá skáldi til skálds.⁶⁷³ Bloom lýsir því vel hvernig skáldið verst þegar hann tekur dæmi af því þegar hann fyrir margt löngu, þá stráklingur, datt ofan í ljóðið „Atlantis“ eftir Hart Crane.⁶⁷⁴ Hann segir frá því að hann hafi undrast hljómfallið og hreyfinguna í tungumálinu – svo segir hann: „Þegar ég las „Eyðilandið“ stuttu síðar, var ég aftur bergnuminn af dulmögnuðu hljómfallinu, en samt fannst mér hálfpartinn að Crane væri að reyna að berjast á móti, af fremsta megni, hljómagaldri Eliots.“⁶⁷⁵ Í grunninn er það svo að óttinn, fælnin eða kvíðinn, í hugmynd Harold's Bloom er runninn úr kenningum Freuds,⁶⁷⁶ við erum kvíðin vegna þess að við erum ekki eigin feður – og það er sami kvíði eða ótti sem hrjáir skáldið. Það er að segja, skáldið er óöruggt um að vera ósvikið, vera raunverulegur höfundur eigin verks – faðirinn, áhrifavaldurinn vomir yfir því eins og draugur.

En það er fleira í skrifum Harold's Bloom sem er tengt þessari sömu sýn og er afar mikilvægt vegna þeirrar áherslu sem hér er lögð á Jón Óskar sem bakfylkingarmann, en það er hugtakið seinkoman (e. *belatedness*).⁶⁷⁷ Það á við hina skelfilegu stöðu þegar höfundur upplifir að hann sé of seint á ferðum, allt sem hafi þurft að segja í skáldskapnum hafi þegar verið sagt, ekkert rými sé fyrir nýja sköpun. Og hér hlýtur því að vera velt upp hvort brotthvarf Jóns Óskars úr hringið þeirra fagurbókmennta sem hann hafði helgað allt sitt líf og yfir í skrif um utangarðsfólk – eins og greint verður frá í næsta kafla þessarar rannsóknar – hafi verið einskonar svar við þessum ótta, þessum áhrifakvíða. Þá fer Jón af því svæði sem áður er markað fyrirrennrum í fagurbókmenntum og yfir í sagnfræðileg skrif og grúsk, skrif sem ekki hafa yfir sér fagurfræðilega risa sem valda áhyggjum þeim sem skrifa í kjölfar þeirra.⁶⁷⁸ Paul Valéry segir eitthvað á þá leið að það sé skelfilegt að fæðast meðal nýskapaðra meistaraverka þannig að maður sé til þess knúinn að reyna að skapa eitthvað algjörlega nýtt.⁶⁷⁹ Þótt undarlegt megi virðast gefur það bakfylkingarskáldi eins og Jóni Óskari ákveðið forskot að vera í humátt á

⁶⁷³ Harold Bloom. *The Anatomy of Influence*, bls. 8.

⁶⁷⁴ Hart Crane var amerískt skáld sem hét fullu nafni Harold Hart Crane. Hann var fæddur 1899 í Garrettsville í Ohio en lést í apríl árið 1932 er hann fyrirfór sér með því að kasta sér af skipi í Karabíska hafið, en þá var hann á leið heim til Bandaríkjanna eftir ársdvöl í Mexíkó. Umfjöllun um Crane og ljóðlist hans, og margt fleira, er t.d. hér: G.M. Hyde. „The Poetry of the City“, bls. 337-348 í *Modernism 1890-1930*, ritstj. Malcolm Bradbury og James McFarlane. Penguin Books, London 1976, bls. 337-338 og 345-347.

⁶⁷⁵ Harold Bloom. *The Anatomy of Influence*, bls. 334.

⁶⁷⁶ Víða væri hægt að vitna til Freuds í þessu sambandi en hér er látið nægja að vísa til: Sigmund Freud. „Hópsálarfræði og sálgreining sjálfins“, bls. 153-235 í *Ritgerðir*, þýð. Sigurjón Björnsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2002, bls. 225-235.

⁶⁷⁷ Harold Bloom. *The Anatomy of Influence*, bls. 180.

⁶⁷⁸ E.t.v. er módernisminn í heild sinni og allar stefnubreytingar bókmenntanna með einhverjum hætti flótti sem rekinn er af áhrifakvíða. Hér skal þó tekið fram að skrif Jóns voru áfram faguð og vöndið, hvort heldur hann var að skrifa um hörmungarsögur kvenna eða um Sölva Helgason.

⁶⁷⁹ Paul Valéry. *Œuvres*, 1. bindi, ritstj. Jean Hytier. Gallimard Pléaïde, París 1957, bls. 713.

eftir brjóstfylkingarmönnunum. Því bakfylkingin hefur þá ráðrúm til að átta sig fyrir á endurtekningunni, áhrifunum; getur fyrir brugðist við áhrifakvíðanum sjáandi brjóstfylkinguna „sýkjast“ af þessum sálræna kvilla.

Smásögur Alberts Camus sem Jón þýðir eiga það allar sameiginlegt að greina frá einangrun mannsins með einhverjum hætti, umkomuleysi hans og nánast bjargleysi. Camus velur stundum að fara nokkuð ýkta leið að þessu viðfangsefni, eins og t.d. í „Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína“, en þegar dregur að lokum sagna hans má vera ljóst að hann er að skoða manninn í heiminum, viðbrögð mannsins og oftlega getuleysi hans til sjálfsbjargar. Þegar smásagnasafn Jóns Óskars, *Sögur 1940-1964*, kom út skrifaði Ólafur Jónsson mjög vandaðan og ítarlegan ritdóm um bókina í dagblaðið *Vísir*, þar segir hann meðal annars: „Efnislega eru allar elztu sögurnar hins vegar hefð- og venjubundnar: einfaldar stúdíur í einstæðingsskap og umkomuleysi.“⁶⁸⁰ Hér má minna á þessi skrif Walters Benjamin:

Fæðingarstaður skáldsögunnar er einstaklingurinn í einsemd sinni; sá sem er ekki lengur fær um að segja frá því sem skiptir hann mestu, þannig að það komi öðrum að gagni; sá sem hefur sjálfur ekki fengið nokkur ráð og getur ekki heldur gefið ráð. Að skrifa skáldsögu er að lýsa mannlífínu með því að setja það ósambærilega, ómælanlega á oddinn. Mitt í gnægtum lífsins og með því að lýsa þeim gnægtum vitnar skáldsagan um hyldjúpt ráðleysi þeirra sem lifa.⁶⁸¹

Ef til vill er það umkomuleysi sem Ólafur Jónsson greinir í smásögum Jóns víðar að finna en í skáldskap Jóns Óskars, þrátt fyrir að Benjamin skrifi hér um skáldsöguna er ekkert því til fyrirstöðu að herma þessi orð hans upp á smásöguna – og jafnvel líka ljóðið. Hér verður því haldið fram að sú hefð sem Jón Óskar skrifar inn í er hann ritar endurminningar sínar og ýmislegt annað – sem ekki er skáldskaparlegs eðlis – sé litað af þessu umkomuleysi, kannski ráðleysi, sem gagnrýnandinn minnst á í dagblaðinu *Vísir* árið 1974. Á sama tíma og Jón er einmitt að brjótast áfram í því að reyna að halda áfram með hinn ævisögulega bálk.⁶⁸²

⁶⁸⁰ Ólafur Jónsson. „Frá kreppu og hernámi“, *Vísir* 14. janúar 1974, bls. 7.

⁶⁸¹ Walter Benjamin. „Sögumaðurinn: Hugleiðingar um verk Nikolai Leskov“, þýð. Bergljót Soffía og María Kristjánsdætur, bls. 247-278 í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Astráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 252.

⁶⁸² Árið 1975 kemur *Kynslóð kalda stríðsins* út hjá Guðjóni Ó. en það var varla forlag, frekar prentsmiðja sem stundum hafði gert ungskáldum og auralitlum höfundum greiða. En vegna veikinda og aldurs Guðjóns verður ekki meira úr útgáfu þar. Þá voru liðin fimm ár frá því þriðja bókin í flokknum hafði komið út. Eftir þetta er Jón útgefendalaus, en það er einmitt í framhaldi af þessum útgáfuhrakningum sem Þorsteinn Thorarensen tekur við honum og Fjölvi verður þá um nokkurt skeið aðalútgefandi Jóns.

3.5. Viðfangsefnið

Pegar litið er yfir æviminningar Jóns Óskars er eðlilegt að spurt sé: Hvað er Jón að skrifa? Er hann einsamall í þessum skrifum sínum, í þeirri merkingu að þetta séu fyrstu skrifin af sinni gerð, tegund, í íslenskum bókmenntum?

Svarið við þessum spurningum er nei, vitaskuld ekki. Jón er að skrifa inn í hefð, hann er á kafi í arfleifðinni, hinu sjálfvirka áframhaldi. Þessu áframhaldi sem gerir það að verkum að við áttum okkur ekki á samtíma okkar, hvað þá framtíð. Þetta telur Paul Valéry að hafi í raun seinkað okkur – það er að segja, það sem var, hefur seinkað okkur.⁶⁸³ Á margan hátt má sjá Jón Óskar í þessari stöðu. Hann er að skrifa inn í eldri hefð, hann er að skrifa inn í hefð Jóhannesar Birkilands, hann er að skrifa inn í játningahefðina eins og sýnt verður fram á í fjórða kafla og hann er að skrifa inn í hefð sem bæði var innflutt og íslensk í senn.

Í þessari nýju bók horfir skáldið yfir farinn veg og kristallar grunnhugmyndir sínar um heiminn. Hann leggur áherslu á friðarhugsjónina og viljann til að hamla gegn ofbeldinu í heiminum í hvaða mynd sem það birtist. Form bókarinnar er nýstárlegt, því að meðan skáldið er að hugleiða málstað friðarins, ryðjast fréttir af nýjustu styrjöldum og ofbeldisverkum sífellt inn í frásögn hans.⁶⁸⁴

Allt eru þetta athyglisverð ummæli um Jón Óskar – og vísast sönn. Líkur má leiða að því að Þorsteinn Thorarensen⁶⁸⁵ hafi samið þennan texta, þar sem efni bókarinnar er vel dregið saman en jafnframt komið að hinni ríku friðarhugsjón Jóns. Hugsjónir sem þessar, eða lífsskoðanir, einkenndu einnig Albert Camus. En hér lúrir einnig nokkuð annað og ekki aðeins hér heldur einnig í þeirri staðreynd að Þorsteinn Thorarensen tók Jón Óskar upp á arma sína og gerðist útgefandi hans, eða Fjölvi. Það er fullgild spurning í þessu samhengi hvort Þorsteinn hafi að nokkru speglað sig í Jóni Óskari; séð að hann sjálfur var á margan hátt í sömu sporum. Þorsteinn rak Fjölva frá árinu 1966⁶⁸⁶ og stóð löngum að afar metnaðarfullum verkefnum og var einnig fyrstur, líkt og Jón Óskar, til að kynna hér einstaka höfunda. Suma þeirra þýddi hann sjálfur og hann ritstýrði og þýddi stóra bókaflokka um menningu, sögu og listir. Þrátt fyrir það andaði löngum nokkuð köldu til Fjölva og var forlag Þorsteins stundum í nokkru stríði eins og greint

⁶⁸³ Paul Valéry. *Cahiers / Notebooks 5*, ritstj. og þýð. Brian Stimpson, Paul Gifford, Robert Pickering og Norma Rinsler. Peter Lang, Frankfurt am Main 2010, bls. 311-313.

⁶⁸⁴ Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag*. Bakhlið bókarkápu.

⁶⁸⁵ Þorsteinn Ó. Thorarensen fæddist að Móeiðarhvoli í Rangárvallasýslu 26. ágúst 1926 en lést í Reykjavík 26. október 2006. Hann stofnaði Fjölvaútgáfuna árið 1966 og rak hana í áratugi, hann þótti góður þýðandi og ljómandi stílisti. Sjá t.d.: „Andlát Þorsteinn Ó. Thorarensen“ í *Morgunblaðinu* 28. október 2006, bls. 2; Torfi Jónsson. *Æviskrár samtíðarmanna* 3. bindi, Skuggsjá – Bókabúð Olivera Steins sf. 1984, bls. 456.

⁶⁸⁶ Torfi Jónsson. *Æviskrár samtíðarmanna*, bls. 456.

verður frá í þessum kafla. Stundum fékk hann sjálfur harða gagnrýni og þegar litið er um öxl og farið yfir skrif um útgáfuna og verk hennar er óhætt að segja að oft hafi hún ekki notið maklegar umfjöllunar. Árið 1981 ritaði t.d. Árni Bergmann ritdóm í *Þjóðviljann* um *Byggingarlistasögu Fjölva*, þar ver hann meira en þriðjungji gagnrýni sinnar í þetta:

Þorsteinn Thorarensen hefur í þýðingu og umsamningu sem fyrir þann hátt á, að hann vill íslenska sem flest orð og hugtök. Líklegt er að lesandi sé ekki jafn sáttur við þá nýyrðasmíði alla. Það getur verið ágætt að kalla barokkið hlaðstíl, en hvað mundu menn halda óviðbúnir að „fægistíll“ væri? Verst er að lýsingarorðin, sem dregin eru af íslenskun Þorsteins á stílheitum verða sérlega ógagnsæ. Eða hvað segja menn um þá sem leitast við „að göfga hinn fægiræna stíl í aukinni þekkingu á fornagnæfum formum“, eða um „samræmdan gnæfrænan lærdómsstíl“? Kannski höfum við misst af lestinni í nýyrðasmíði á þessu sviði — í þeim skilningi að klassik, barokk, rókókó séu aðgengilegri en nýsmíði, hvort sem hún er snjöll eða ekki?

Vel má gefa þýðanda plús fyrir viðleitni, Íslendingar viljum vér allir vera, en eitt hefur honum láðst að gera sem skiptir miklu um aðgengileika textans. Hann birtir í lok bókarinnar lista með hugtakaskýringum — þar eru erlend orð (flest í ensku myndinni) þýdd á íslensku. Í fyrsta lagi er þessi listi mjög gloppóttur. Í öðru lagi er ekki minni ástæða til að birta orðaskrá þar sem íslensku orðin koma fyrst og hin alþjóðlegu síðan, slíkan lista vantar, því miður.⁶⁸⁷

Það er e.t.v. hægt að vera Árna sammála um nýyrðasmíðina en æði er nú áherslan á þessa meintu ágalla þung. En í því samhengi sem hér er undirliggjandi má til sanns vegar færa að hér sé Þorsteinn einmitt í hlutverki bakfylkingarmannins, ekki ósvipuðu og þegar Jón Óskar þýðir gamla höfunda og færir til nútímans í íslensku bókmenntaumhverfi; þá er Þorsteinn hér að leggja eigin vigt á gömul og gróin hugtök og íslenska þau – og e.t.v. nútímavæða á sinn hátt.

Í annan stað er rétt að benda á annað dæmi um stöðu bókaforlagsins sjálfs, Fjölva, meðal annarra forlaga, eða e.t.v. hugmynd Þorsteins Thorarensen um stöðu Fjölva. Undir jól 1991 kom til mikillar rimmu á milli Ríkisútvarpsins og bókaforlagsins Fjölva. Aðdragandi þessa var sá að Fjölvamenn vildu meina að Friðrik Rafnsson þáverandi bókmenntaráðgjafi Ríkisútvarpsins hefði hunsað og kastað frá bókum Fjölva og talið þær óæðri öðrum bókmenntum. Svo hastarleg varð þessi deila að þann 10. desember birtist heilsíðu auglýsing í *Morgunblaðinu* þar sem vegið var hart að Friðriki Rafnssyni⁶⁸⁸ án þess þó að hann væri nafngreindur, auglýsingin hófst svo:

⁶⁸⁷ Árni Bergmann. „Húsabókin frá Fjölva“ *Þjóðviljinn* 7.-8. nóvember 1981, bls. 9.

⁶⁸⁸ Friðrik Rafnsson f. 1959 er bókmenntafræðingur og mikilsvirtur þýðandi og hefur með annars þýtt lungann af höfundarveki Milans Kundera á íslensku.

Menn undrast hvílík deyfð sækir á íslenskar bókmenntir. Allt hverfist í doðaleiðindum innantómsins. Einkum skortir sagnræna spennu og tengsl við raunverulegt lífsstríð fólksins á átakanlegum tímum. Undantekningin er útgáfustarfsemi Fjölva, þar sem hlúð er að nýjum straumum, t.d. hvernig verkakona kemur og ritar magnað verk eins og *Hvenær kemur nýr dagur*, um ólík viðbrögð tveggja kvenna við svikinni og svívirtri ást. Saga, sem byggir á raunveru, rís hátt upp fyrir venjulegan skemmtilestur. En bókmenntapáfi ríkisútvarpsins hefur, án þess að lesa bókina, sett hana á svartan lista, verkakonan er undir hans virðingu. — En fólkið veit betur.⁶⁸⁹

Verkakonan sem Þorsteinn vísar hér til er Auður Ingvars en hún fékk tvær bækur gefnar út hjá Fjölva á árunum 1990-1991.⁶⁹⁰ Auður var óþekktur höfundur og nánast eins langt frá því að tilheyra bókmenntaelítunni og hægt var. Hér er aftur dæmi um það að Þorsteinn leggur sig fram við að koma á framfæri höfundi sem kemur úr öðru umhverfi en hinu hefðbundna – eða höfundi sem ekki hefur náð að festa sig í sessi í því hefðbunda og rótgróna útgáfuumhverfi sem þá var helst við lýði hvað varðar skáldsögur, ljóð og ævisögur.

Í annarri auglýsingu í sama blaði mátti lesa:

Bókmenntalegur viðburður. 4 skáldum þeytt út í horn! Á bannlista!!

Föstudaginn 6. desember í skammdeginu gerðist sá furðulegi atburður að bókmenntastjóri Ríkisútvarpsins þeytti fjórum ljóðabókum Fjölvaútgáfunnar út í horn og setti þær þar með á bannlista. Þetta eru einmitt skemmtilegustu ljóðabækur ársins eftir meistara eins og Sverri Stormsker, Jónas Friðgeir, Pjetur Hafstein Lárusson og Þóru Jónsdóttur. Íslenskir ljóðavinir. Nú er einu sinni gaman að kaupa ljóðabækur, sérstaklega fallegar, leiftrandi af kýmni, örlagaþungar við dauðans dyr eða með upprifjun unaðsstunda æskunnar og óspilltrar náttúru landsins. Ekki spillir það heldur fyrir, að þessar fjórar ljóðabækur verða frægar í bókmenntasögunni fyrir uppreisn gegn hégómadyrðinni.⁶⁹¹

Þessum auglýsingum sá Friðrik Rafnsson sig knúinn til að svara. Hann hafnaði öllum ásökunum um að hafa sett verk Fjölva hjá, – og vildi alls ekki meina að ávirðingar þær sem komu fram í auglýsingunum væru réttar. Friðrik lýkur grein sinni með þessum orðum:

⁶⁸⁹ Auglýsing í *Morgunblaðinu* 10. desember 1991, bls. 21. Ekki þarf að velkjast í vafa um hver það er sem skrifar þennan auglýsingatexta, hér er á ferð Þorsteinn Thorarensen sjálfur. Það má sjá á stílnum í upphafi, hér hjálpar að hafa lesið rittóm Árna Bergmann um „Húsabókina“.

⁶⁹⁰ Auður Ingvars (1935-2012) gaf út hjá Fjölva tvær skáldsögur og síðar eitt ljóðasafn hjá Félagsprentsmiðjunni: Auður Ingvars. *Mefistö á meðal vor: Furðuskáldsaga*. Fjölvi, Reykjavík 1990; *Hvenær kemur nýr dagur?: Örlagasaga fólks*. Fjölvi, Reykjavík 1991; *Lúsamurlingar*, Félagsprentsmiðjan, Reykjavík 1995.

⁶⁹¹ Auglýsing í *Morgunblaðinu* 10. desember 1991, bls. 21.

Bókaútgefendur eru sumir hverjir skiljanlega dálítið taugatrektir þessa dagana, því árssalan veltur mestöll á þessum fáu vikum fyrir jól og kreppatal er mikið í þjóðfélaginu þannig að menn leita allra ráða til að selja. Flestir sýna menn háttvísi þrátt fyrir mikið álag, en það er meira en hægt er að segja um þá Fjölvamenn, því vinnubrögð sem þessi hæfa ekki bókaútgáfu, sem vill standa undir nafni.⁶⁹²

Þessi deila hélt áfram og Þorsteinn Thorarensen svaraði í *Morgunblaðinu* og hafði áfram upp stórar ávirðingar á hendur Friðriki:

En vegna skrifa Friðriks í *Morgunblaðið* í gær skal aðeins þetta tekið fram: 1) Friðrik sagði við umrætt tækifæri, að ekki yrði fjallað um neinar bækur Fjölva fyrir jól. 2) Hann sagði að hann hefði ekki einu sinni flett þeim Fjölva bókum sem búnar voru að liggja hjá honum í hálfan mánuð. 3) Hann fór ómaklegum fyrirlitningarorðum um tvo höfunda, Þorvarð Helgason (Flýtur brúða í flæðarmáli) og Auði Ingvars (Hvenær kemur nýr dagur). 4) Hann var margítrekað með hótanir um að Fjölvi skyldi ekki hafa betra af, ef hann væri „að brúka sig“. 5) Hann þeytti fjórum ljóðabókum Fjölva (eftir Sverri Stormsker, Jónas Friðgeir, Pjetur Hafstein Lárússon og Þóru Jónsdóttur) í loftinu yfir í næsta bás og mátti skilja af látbragði að það ætti heldur ekki að lesa þær.⁶⁹³

Lengra verður þessi deila ekki rakin hér enda aðeins hliðarsaga við meginefni þessarar rannsóknar, en þessar glefsur úr sögu Þorsteins Thorarensen og Fjölva fá þó þetta rými hér vegna þess að á örlagastundu er það Þorsteinn sem stendur að því að Jón Óskar geti lokið útgáfu á æviminningum sínum og komið enn fleiru frá sér á prent. Og eins vegna hins sem að framan er getið; ekki er laust við að sjá megi viss líkindi með hlutskipti Jóns og Þorsteins í íslensku bókmenntasamfélagi. Það að eiga undir högg að sækja með einhverjum hætti eða finna sig eiga undir högg að sækja og svo hitt, sem er jafnvel enn mikilvægara, að báðir birtast þeir okkur sem einskönar bakfylkingarmenn, hvor þó með sínum hætti.⁶⁹⁴

Ýmsir rithöfundar gáfu út æviminningar sínar um svipað leyti og Jón Óskar, nokkrir einhverju fyrr, aðrir fáum árum síðar. Til þess að gefa einhverja mynd af slíkum bókmenntum skal hér staldrað við nokkra þeirra höfunda sem réðust í sambærileg skrif og Jón. Með því móti

⁶⁹² Friðrik Rafnsson. „Fjölvi og RÚV“, *Morgunblaðið* 14. desember 1991, bls. 50.

⁶⁹³ Þorsteinn Thorarensen. „Athugasemd frá Fjölva“, *Morgunblaðið* C, 15. desember 1991. bls. 36.

⁶⁹⁴ Hvað sem öðru líður þá er óhætt að segja að Þorsteinn hafi unnið þrekvirki á starfsævi sinni. Nægir þar að nefna örfáar af öllum þeim bókum sem hann átti hlut í að leggja til á íslenskan bókamarkað: *Veraldarsaga Fjölva: Saga mannkyns frá steinöld til geimaldar*, í átta bindum á árunum 1974-1984, *Nútíma listasaga: Frá tjáafstæðu til rosaraunsæis*; eru þá ótaldir *Tinni* (teiknimyndasería) sem Fjölvi gaf út og *Ástríkur* (teiknimyndasería) sem Þorsteinn þýddi sjálfur og Fjölvi gaf út. En sú vinna öll er vitaskuld utan við rannsóknarsvið þessarar ritgerðar.

má sjá hvar sérstaða Jóns liggur, hvar hann sker sig úr og með hvaða hætti er hægt að segja að hann ástundi svipuð efnistöð.

Á árunum 1959 til 1962 skrifar Kristmann Guðmundsson sögu sína í bókunum: *Ísold hin svarta* (1959), *Dægrin blá* (1960), *Loginn hvíti* (1961) og *Ísold hin gullna* (1962).⁶⁹⁵ Kristmann segir fullum fetum að þessar fjórar bækur séu ævisaga hans: „Mér hafði lengi verið ljóst, að ég yrði að skrifa ævisögu mína fyrir eða síðar“⁶⁹⁶ segir hann um miðbik síðustu bókarinnar í þessum flokki. Þar er hann á öðrum nótum en Jón Óskar sem kallar endurminningar sínar ekki „æviminningar“. Halldór Laxness skrifar minningabækurnar: *Í túninu heima* (1975), *Úngur eg var* (1976), *Sjömeistarasagan* (1978) og *Grikklandsárið* (1980).⁶⁹⁷ Halldór skrifar um þessa gerð bókmennta sem hann þarna glímur við: „Þessa aðferð, sem nú er að verða „síðasta tíska“ í bókmentum, hef ég leyft mér að kalla ritgerð í skáldsöguformi, essayroman, [...] en eins mætti kalla þetta á íslensku bókmentalega blaðamensku eða skáldsögu í greinaformi.“⁶⁹⁸ Og skáldið kallar fram bandaríska rithöfunda sem ástunda slík skrif, bæði Truman Capote og Norman Mailer. Hér má sjá ákveðin líkindi með hugmyndum Jóns Óskars og Halldórs Laxness, enda þótt hugmyndin nái ekki út í stílinn. Jón undir áhrifum frá Albert Camus reynir að elta snöggfærðan annálastílinn, en Halldór lætur við það sitja að nefna þetta til sögunnar enda fátt í þessum fjórum bókum Halldórs Laxness sem líkja má við stíl þeirra Ameríkana sem hann nefnir.⁶⁹⁹ Reyndar kemst Halldór Guðmundsson svo að orði um aðferð Halldórs Laxness: „Minningasögur Halldórs Laxness eru skáldsögur um mótun skálds [...] Hann segir söguna af sjálfum sér með því að segja sögur af öðrum, í anda þeirrar sagnalistar sem lætur aðalatriðið birtast í aukaatriðum en stafar það hvergi ofan í lesandann.“⁷⁰⁰ Það er mikið til í þessum orðum Halldórs Guðmundssonar því Laxness er einatt að segja lesanda sínum frá körlum og kerlingum sem móta hann sjálfan, skapa hann sem bæði mann og rithöfund – en nefnir þó sjaldnast nokkuð í þá veruna.

Hitt er ljósara að í *Grikklandsárinu* eru nokkur líkindi með viðfangsefni Halldórs Laxness og viðfangsefni Jóns Óskars í sínum upprifjunum. Gunnþórunn Guðmundsdóttir bendir til

⁶⁹⁵ Allar komu þessar bækur út hjá Bókfellsútgáfunni í Reykjavík og allar báru þær undirtitilinn „Saga skálds“.

⁶⁹⁶ Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin gullna*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1962, bls. 175.

⁶⁹⁷ Allar voru gefnar út af Helgafelli, Reykjavík. Eins og sjá má er Halldór að senda þessar bækur frá sér á svipuðum tíma og þrjár síðustu bækurnar koma í endurminningabálki Jóns Óskars.

⁶⁹⁸ Halldór Laxness. *Úngur eg var*. Helgafell, Reykjavík 1976, bls. 153.

⁶⁹⁹ Hér er ég sammála Peter Hallberg sem gerir lítið með þessa samlíkingu Halldórs. Peter Hallberg. „Í túninu heima“, bls. 153-179 í *Tímarit Máls og menningar* 2/1982, bls. 154.

⁷⁰⁰ Halldór Guðmundsson. „Skrýtnastur er maður sjálfur“, bls. 20-30 í *Tímarit Máls og menningar* 3/1992, bls. 30.

dæmis á að *Grikklandsárið* lýsi leit ungs manns að sjálfsmynd.⁷⁰¹ En fleira er rétt að skoða í þessu lokabindi minningabóka Halldórs samanborið við skrif Jóns Óskars, það er kunnara en frá þurfi að segja að Halldór fer aldrei til Grikklands í bókinni sem þó ber þetta heiti en það minnir mjög á þrá Jóns til að komast til Frakklands, til Parísar. Í *Kynslóð kalda stríðsins* fer Jón loks til útlanda, sem hann hafði þráð lengi. Því er einskonar vonbrigðablær yfir og hann skrifar: „Og ég fór raunar ekki þangað sem hugur minn hafði stefnt, frá því útþráin greip mig tíu árum áður, því ég fór ekki til Frakklands. En úr því að það virtist vera skilyrði fyrir utanför að ég færi ekki til að mennta mig, þá varð ég að grípa tækifærið og fara þessa hópferð.“⁷⁰² Halldór ætlar til Grikklands en fer hvergi, fer samt úr landi, til Danmerkur, og nóbelskálidið er jákvæðara enda kannski sagan um áætlaða Grikklandsför nokkuð óáreiðanleg: „Í raun var ég kominn til Grikklands með asnann einsog ég hafði ætlað og eftir þeirri för skal þessi bók heita.“⁷⁰³

Þegar vikið er að því hér að kannski hafi ekki verið mikil alvara á bakvið Grikklandsáform Halldórs er átt við það að í aðdraganda frásagnarinnar af því hvernig hann hyggst fara til Grikklands undirstrikar hann að minnið sé svikult og nákvæmnin eftir því: „Ég rek nú söguna einsog hún gerðist, en langt er um liðið og þó nákvæmar orðræður séu ekki raktar undir eiðstaf stendur sagnfræðilegur kjarni þessa ævintýris óhaggaður í minni mínu.“⁷⁰⁴ Í ljós kemur að Halldór ætlar til Píræus með skipi sem kemur við í Reykjavík og hann segir skipamiðlaranum frá þeirri ætlun sinni, miðlarinn bregst svo við:

Píræus? sagði hann spyrjandi, einsog hann tæki altíeinu við sér og færi að hugsa. Ætlið þér ekki til Aþenu?

Svar: Ég var kanski að hugsa um að ferðast soldið um Grikkland í ár eða svo.

Nú var einsog reiðarinn væri altíeinu orðinn prívatmaður; hann fór að líta frjálsglega útum gluggann útá Sundin og skeggræða.

Járnbrautir í Grikklandi eru nú ekki alt í sómanum, sagði hann.⁷⁰⁵

Hér kemur strax í ljós, líklega vísvitandi stríðni hjá skáldinu, óáreiðanlegt minnið, sér í lagi hvað „nákvæmar orðræður“ áhrærir. Reiðarinn ætti ekki að vera hissa, eða gera greinarmun á Píræus og Aþenu, því fyrrnefndi staðurinn er jú hafnarstæði Aþenuborgar og hefur verið frá

⁷⁰¹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Becoming a Writer: Halldór Laxness and the Memoir“, bls. 95-107 í *Scandinavica: An International Journal of Scandinavian Studies* 1/2003, bls. 105.

⁷⁰² Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 147.

⁷⁰³ Halldór Laxness. *Grikklandsárið*. Helgafell, Reykjavík 1980, bls. 188.

⁷⁰⁴ Halldór Laxness. *Grikklandsárið*, bls. 112.

⁷⁰⁵ Halldór Laxness. *Grikklandsárið*, bls. 113-114.

fornu fari og því engrar undrunar þörf þó maður ætli til Piræus og sé þó á leið til höfuðborgar Grikklands.

Halldór talar opinskátt um óáreiðanleika minnisins, gerir grein fyrir fjarlægð atburða í tíma og jafnvel leikur sér með þá staðreynd að endurminningar eru aldrei bara endurminningar. Kristmann og Jón Óskar gera fáa slíka fyrirvara í sínum skrifum, Gunnþórunn Guðmundsdóttir skrifar um verk Kristmanns að ekki sé að sjá í þeim nokkurn efa um möguleika þess að fjalla um fortíðina: „Sjálfið er yfir og allt um kring og sögumaður er karl um sextugt sem lítur yfir farinn veg og rifjar upp, án sjáanlegra örðugleika, atburði og minningar úr fortíð. Ekki er leitast við nema að litlu leyti að gefa mynd af þjóðfélagi eða stórviðburðum samtímans sem þó var nóg af.“⁷⁰⁶ Jón Óskar og Halldór Laxness þvert á móti leitast við að gefa mynd af samfélaginu en segja má að það sé eitt af aðalviðfangefnum Jóns í sínum endurminningabókum, hann er að teikna upp það samfélag sem hann man – eða telur sig muna.

Rétt er þó að geta þess að á einstaka stað setur Kristmann fyrirvara um minni: „Fleiri huldur bæir voru í dalnum, en óglöggst minnst ég þeirra nú orðið, og skal hér ekki sagt frá öðru en því, sem ég er öruggur um að muna rétt.“⁷⁰⁷ Hér, og eins á nokkrum öðrum stöðum, er sá galli á gjöf Njarðar að það sem á eftir fer er ritað af því líkri nákvæmni, hvort heldur er um að ræða orðaskipti eða lýsingar, að vonlaust er að leggja á það trúnað að þar fari allt óbrenslað í gegnum minni Kristmanns Guðmundssonar.

Líklega hafa fáir fjallað um endurminningabækur Kristmanns án þess að minnast á hlut kvenna í þeim, það er að segja ástarlíf höfundar og kvenhylli hans. Gunnþórunn bendir á að Kristmann dragi saman ástarlíf sitt og hugmyndir sínar um listina, hann horfir á listina sem upphafna og sjálfan sig sér hann í svipuðum dúr, rómantískum.⁷⁰⁸ Halldór Laxness fjallar nokkuð um kvennamál en á mun penni hátt en Kristmann og saklausari, enda er hann að lýsa sér sem barni og kornungum manni. Konur og kvenleg fegurð skjóta þó reglubundið upp kollinum í endurminningum hans. Ekki er hægt að segja það sama um Jón Óskar en konur fá afar litla umfjöllun í verki hans og ekki verður séð af endurminningabókum Jóns að hann hafi lifað fjöru ástarlífi langt fram eftir aldri. Reyndar er það svo að konur fá áberandi litla umfjöllun hjá Jóni og hann minnst ekki í eitt einasta sinn á eiginkonu sína í öllu endurminningaverkinu. Hér er rétt að staldra ögn við merkilega tölfræði, borinn var saman fjöldi kvenna sem koma fyrir í nefndum æviminningabókum Halldórs Laxness og svo fjöldi

⁷⁰⁶ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“, bls. 397.

⁷⁰⁷ Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1959, bls. 36.

⁷⁰⁸ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“, bls. 399.

kvenna í bókum Jóns Óskars.⁷⁰⁹ Tölurnar eru sláandi, af 722 einstaklingum sem getið er í nafnaskrá hjá Jóni Óskari eru aðeins 59 konur. En af 575 einstaklingum sem getið er í nafnaskrá í bókum Halldórs eru 89 konur. Hlutföllin eru ekki beint Jóni Óskari í hag.⁷¹⁰

Samt er það alls ekki svo að Jón geri lítið úr konum, þannig dregur hann upp mynd af eiginkonum Birtingsmanna:

Oft var heimili Einars Braga eins og opið hús, einkum þann tíma sem þau hjón voru í Unuhúsi, og mátti húsmóðirinn, Kristín Jónsdóttir, vera á sífelldum þönum að færa mönnum kaffi og kringlur, og stundum voru gestir fram á nótt, en aldrei var annað á húsmóðurinni að finna en gestirnir væru velkomnir [...] Eiginkonur þeirra Thórs [svo!] og Harðar unnu báðar utan heimilisins, Margrét Indriðadóttir vann á fréttastofu útvarpsins, Sigríður Magnúsdóttir kenndi í Menntaskólanum í Reykjavík. Sjálfur var ég konulaus, en hafði ekki heldur fyrir öðrum að sjá en sjálfum mér. Víst má með sanni segja, að þessar konur hafi staðið undir menningunni, að því er Birting varðar á þeim árum sem hér hefur verið um rætt. Án þeirra hefði lítið orðið úr útgáfustarfsemi okkar félaga.⁷¹¹

Kristmann og Halldór fjalla nokkuð um foreldra sína og um ömmur, en það fer lítið fyrir því hjá Jóni Óskari að nokkur heildstæð mynd náist af foreldrum hans í gegnum endurminningabækurnar. Þó má sjá þess stað að móðir Jóns hafi viljað að hann gengi menntavegin, faðir hans virðist hafa verið fjarlægri. Bæði Kristmann og Halldór lýsa lífi sínu frá frumbersku og þannig bregður Kristmann upp einskonar fæðingarmynd, sem þó er alls ekki frásögn af náttúrulegri fæðingu hans, í upphafi fyrstu bókar endurminninganna:

Morgunsól inn um stafngluggann á baðstofunni, vorbirta, sennilega seint í apríl, því enn er snjór á jörð. Og til þessa ljúfa ljóss er ég að vakna. En birtan, sem ég kem frá, er enn skærari og hreinni; ég kveinka mér og streitist á móti. Þá stundina er sú veröld, sem bíður mín, ákaflega ógeðfæld [...] Ég þybbast við af öllum kröftum, vil ekki vakna til þessa heims!

En mér er ofur einfaldlega stjakað út úr Paradís, að vísu hægt og varfærnislega, en af einbeitni og án miskunnar. Milli svefn og vöku er mér þó leyft að staldra svolítið við á þröskuldinum, þar sem sést til beggja veralda. – Og konan í ljósa kyrtlinum stendur við rúmstokk minn.⁷¹²

Þarna sameinast hjá Kristmanni, fæðingarmyndin og svo sú mikla áhersla sem hann leggur á tvo heima í endurminningum sínum, konan í ljósa kyrtlinum er bæði mynd af ljósmóður og

⁷⁰⁹ Þetta er áhugavert hér vegna þess að kvenmyndir, fæðingarmyndir og móðurmyndir eru mikilvægar í þessu samhengi eins og sjá má hér á eftir.

⁷¹⁰ Hér var einfaldlega farin sú leið að telja nöfn raunverulegra persóna í nafnaskrá hjá þessum tveimur höfundum, auðvitað er þetta ekki strangvísindaleg aðferð en því verður ekki á móti mælt að hún segir sína sögu.

⁷¹¹ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 148.

⁷¹² Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*, bls. 5.

huldukonu: móðurmynd. Fæðingin er erfið, svo sem var í raun um raunverulega fæðingu Kristmanns⁷¹³ og veröldin er honum fjandsamleg, en það verður eitt meginstefið í bókaflokknum.⁷¹⁴ Svo einkennilega sem það kann að hljóma þá fæðist Jón Óskar aldrei og bernska hans er ósköp litlaus, næsta lítilfjörleg. Það er, ef marka má endurminningasafnið, en hún fær lit og líf sé skáldsagan *Leikir í fjörunni* túlkuð sem sjálfsævisögulegt verk, svo sem gert er hér frammar í rannsókninni.

Jón Óskar hefur endurminningar sínar með þessum orðum: „Það er upphaf þessa máls að ég var nemandi í gagnfræðaskólanum Flensborg í Hafnarfirði“.⁷¹⁵ Það vill segja, Jón Óskar er um fermingu þegar hann fæðist til endurminninga sinna og hann er ekki einu sinni í fæðingarplássi sínu, Akranesi, þegar sú fæðing á sér stað heldur er hann í Hafnarfirði. Hitt á Jón Óskar sammerkt með Kristmanni að heimurinn er honum, að eigin mati, löngum mótdrægur. Gunnþórunn Guðmundsdóttir kemst svo að orði að biturð og vonbrigði Jóns Óskars sem höfundar fari vaxandi eftir því sem bækurnar verði fleiri í endurminningabálknum.⁷¹⁶

Æviminningar Halldórs og Jóns eiga það sammerkt að þar er tilurð rithöfundarins lýst, svo er ekki – í það minnsta er það takmarkaðra – hjá Kristmanni. Hannes Sigfússon, félagi Jóns er hinsvegar í flokki með þeim Halldóri og Jóni Óskari í sínum endurminningabókum, *Flökkulíf: Ævisaga Hannesar Sigfússonar skálds* (1981) og *Framhaldslíf förumanns: Endurminningar Hannesar Sigfússonar skálds* (1985).⁷¹⁷ Í grein þar sem hún ber saman endurminningar Hannesar og Jóns Óskars kemst Gunnþórunn Guðmundsdóttir að því að eitt af því sem aðgreini þessa tvo höfunda í þessum upprifjunum sé gáskafullur stíll Hannesar *versus* reiðin og biturðin sem liti stíl Jóns Óskars.⁷¹⁸ Eins er það niðurstaða Gunnþórunnar að það að hitta aðra rithöfunda, komast í hóp skálda, séu mikilvæg tímamót á ferli beggja á skáldabrautinni, en Gunnþórunn flokkar, í það minnsta að hluta til, endurminningar þessara féлага sem uppvaxtarsögur listamanna (þ. *Kunstlerroman*).⁷¹⁹ Hvað varðar minnið og frásagnir Hannesar

⁷¹³ Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*, bls. 32.

⁷¹⁴ Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*, bls. 32-33. Í raun fyrsta dæmið af fjölmörgum um fjandsamlegan heim sem beinir spjótum sínum að Kristmanni er hér að finna strax á eftir frásögninni um raunverulega fæðingu hans 23. október 1901.

⁷¹⁵ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 7.

⁷¹⁶ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „A Writer’s Life: The Modernist Group and Question of Identity in Autobiographical Writing“ bls. 133-143 í *Life Writing Matters in Europe*, ritstj. Alfred Hornung o.fl. Winter Verlag, Heidelberg 2012, bls. 140.

⁷¹⁷ Báðar komu þessar bækur út hjá Iðunni.

⁷¹⁸ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „A Writer’s Life“, bls. 141.

⁷¹⁹ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „A Writer’s Life“, bls. 135.

þá tekur hann það mjög greinilega fram að því sé vart að treysta: „Fólk og fyrirbæri svífa umhverfis mig eins og þokuhnoðrar. Það er minnið sem bilar.“⁷²⁰

Vegna þess hversu seint Jón Óskar hefur frásögnina, hann sjálfur stálpaður unglingur, þá er hvergi að finna í endurminningaverki hans neina mynd af barni sem ætlar sér á skáldabraut, hvorki beina mynd né tákn. Hann segir ekkert af sjálfum sér með þeim hætti. Jón Óskar virðist aldrei vera barnið sem hugsar sér að gera ómyndugt sjálf sitt óförgengilegt líkt og Paul John Eakin vill meina að Jean-Paul Sartre hafi hugsað sér, og megi sjá stað í sjálfsævisögulegu verki hans *Les Mots* (1964).⁷²¹ Hans van Stralen telur að sú hugmynd Sartres sé til komin vegna þess að sjálfsmýnd hans hafi mótast af fullorðnu fólki nær eingöngu, og sama eigi reyndar við um Albert Camus og Simone de Beauvoir.⁷²² Þessi hugmynd van Stralens leiðir hugann að Halldóri Laxness því hann gerir hvort tveggja, andstætt Jóni Óskari, bæði bregður hann upp táknmynd um það sem koma skuli og segir með beinum hætti frá ætlan sinni. „Mikill bóklestur í einveru heima vakti hjá mér laungun til þess að búa til bækur sjálfur, og sem fyr sagði mun ég hafa verið sjö vetra þegar ég fór að „skrifa sögur uppúr sjálfum mér“.“⁷²³ Síðar í sömu bók segir Halldór þegar hann er 12 ára og ákveður að hætta á skáldabrautinni: „Ég er sannfærður um að á þessum degi hef ég verið í því ráðinn einlæglega að hætta að skrifa – kanski.“⁷²⁴ Hér kemur þetta kómíska „kanski“ í lokin enda gerir höfundur sér sjálfsagt fulla grein fyrir því að það er í aðra röndina broslagt að barn sem ætlar að hætta að skrifa 12 ára hefur þá þegar skrifað margt og lengi.

Hvað varðar tákn eða vísbendingu um stór áform og/eða frama sem ungur drengur á í vændum ber slíkt fyrir mjög snemma í *Í túninu heima*, það er vormorgun og Halldór hefur sofið fyrstu nóttina í Laxnesi, í nýjum heimkynnum. Hann fer út að kanna nýjar slóðir með föður sínum, þeir sjá lóu og Halldór vill ná henni, enda þekkir hann ekki annað er spakar hænur:

En lóan hljóp undan og þegar ég nágaðist hana flaug hún upp. Af hverju vill hún ekki lofa mér að ná sér? Af hverju flýgur hún upp? Ég ætlaði ekki að gera henni ílt.

Nýtt líf var byrjað fyrir mér og okkur öllum. Ég gat ekki betur séð en þessi heimur hefði einlægt staðið hér alskapaður og verið að bíða eftir okkur.⁷²⁵

⁷²⁰ Hannes Sigfússon. *Flökkulíf*, bls. 5.

⁷²¹ Paul John Eakin. *Fictions in Autobiography: Studies in the Art of Self-Invention*. Princeton University Press, Princeton 1985, bls. 129. *Les Mots* hefur komið út á íslensku: Jean-Paul Sartre. *Orðin þýð*. Sigurjón Halldórsson. Ararit, Akureyri 1994.

⁷²² Hans van Stralen. *Choices and Conflicts: Essays on Literature and Existentialism*. Peter Lang, Brussel 2005, bls. 156.

⁷²³ Halldór Laxness. *Í túninu heima*, bls. 198.

⁷²⁴ Halldór Laxness. *Í túninu heima*, bls. 246.

⁷²⁵ Halldór Laxness. *Í túninu heima*, bls. 38.

Peter Hallberg bendir reyndar á annað tákni svipaðs eðlis í grein í *Tímariti Máls og menningar*, en það er að mínu mati langsóttara tákni eða fyrirboði um skáldalíf Halldórs.⁷²⁶

Halldór Laxness og Kristmann líkja báðir mæðrum sínum við huldukonur, Halldór skrifar um móður sína: „Í rauninni þekti ég aldrei þessa konu. Hún var huldukona.“⁷²⁷ En móðir Kristmanns hverfur honum í frumbersku og verður honum síðan ekki annað en „ævintýri einmana strákpeðs og nefndist Siggamamma“.⁷²⁸ Þannig fyllir hún flokk annars huldufólks sem lítar líf Kristmanns. Í sjálfu sér er móðir Jóns Óskars einnig huldukona í æviminningum sonarins, hún er ekki nefnd með nafni en á annarri blaðsíðu fyrstu bókarinnar í flokknum segir Jón:

Að sönnu átti móðir mín þykkar skrifbækur fullar af kvæðum sem hún hafði ort um tvítugt, en ég vissi það ekki, því móðir mín talaði aldrei um þessar bækur og sýndi mér þær ekki fyrr en ég var sjálfur kominn með skáldagrillur, og þegar ég ætlaði að fá að glugga í þær aftur seinna, kvaðst hún hafa fleygt þeim á eldinn. Hún hafði einnig skrifað smásögur þegar hún var um tvítugt, en síðan hætti hún hvorutveggja með öllu. Fátæk sjómanskona sem baslaðist ein með börnin meðan húsbóndinn var langdvölum úti á sjó, hafði ekki tíma til að sinna skáldskap. Annars hef ég aldrei orðið var við að hún hefði neinn sérstakan bókmenntaáhuga, en tölur hafa verið henni eins mikið yndi og þær eru mér hvítleiðar.⁷²⁹

Hér er magnað að sjá skáldið Jón Óskar taka öðrum þræði undir þá kvenlegu gjörð móður sinnar að brenna eigin skáldskap, hann hefur ekki orðið var við bókmenntaáhuga hennar en veit samt til þess að hún samdi bæði ljóð og smásögur! Konur sem brenna eigin skáldskap, sérstaklega fyrstu handrit sín, er vel þekkt fyrirbæri meðal skáldkvenna og verður að teljast kvenlegt einkenni.⁷³⁰ Einkenni sem er nátengt felum með eigin skrif, og felur þess sem skrifað er.⁷³¹

Aðrir höfundar skrifuðu einnig ævisögur sínar á þessum árum, þannig kom *Undir kalstjörnu* fyrsta bókin í margra bóka æviminningabálki Sigurðar A. Magnússonar út árið 1979.

⁷²⁶ Peter Hallberg. „„Í túninu heima“: Lítil samantekt um ækusögu Halldórs Laxness“, bls. 156-157. Hallberg bendir í þessu sambandi á það þegar séra Magnús Þorsteinsson heldur á Halldóri yfir þröskuldinn í Laxnesi.

⁷²⁷ Halldór Laxness. *Í túninu heima*, bls. 21.

⁷²⁸ Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*, bls. 33.

⁷²⁹ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 8.

⁷³⁰ Hér má nefna nokkur dæmi: Kristín Sigfúsdóttir segir frá slíku, sjá: „Kristín Sigfúsdóttir sjötug“ bls. 32-34 í *Embla* 1/1946, bls. 33. Hin finnska Edith Södergran gerði hið sama, reyndar rétt fyrir dauða sinn, sjá: Jón úr Vör „Finniska skáldkonan Edith Södergran“ í *Lesbók Morgunblaðsins* 17. október 1981, bls. 12. Þá gerði Guðrún frá Lundi þetta, sjá: „Ég hélt þetta yrði rífið í sundur“ bls. 8-9 í *Vísi* 23. nóvember 1970, bls. 8.

⁷³¹ Virginia Woolf. *Sérherbergi*, þýð. Helga Kress. Svart á hvítu, Reykjavík 1983, bls. 69, 93-97.

Agnar Þórðarson skrifaði minningabækur sem komu út nokkru síðar en bókin *Kallað í kremlarmúr* sem er ferðasaga til Sovétríkjanna kemur 1978. Löngu áður skrifaði Jóhannes Birkiland endurminningar sínar og kallaði *Harmsaga ævi minnar*, þeirri sögu verða gerð nokkur skil í lokakafla þessarar rannsóknar.

3.6. Til hvers var barist?

Í þessum kafla ritgerðarinnar sem nú er að ljúka var byrjað á að fara yfir það sem kalla mætti „30 ára stríð“ Jóns Óskars við Alexander Jóhannesson og þar sýnt fram á hvernig sú deila afhjúpar Jón á margan hátt sem bakfylkingarmann og reyndar Alexander líka að verulegu leyti. Afstaða þeirra til t.d. eiturlyfjaneyslu er sú sama þótt öll þessi ár hafi liðið og báðir eru í stöðugu endurliti. Reyndar er það eðlilegri þáttur í skrifum háskólamannsins sem er að taka saman sögulegt efni, eða skýrslu frá liðnum tíma til dagsins í dag. Í raun er Jón þó einnig að því en fer aðra leið sem verður mun beinskeyttari, enda nýtur hann þess frelsis sem skáldið hefur framyfir fræðimanninn í skrifum sem þessum. Þannig verður aðferð Jóns meira spennandi og texti hans skemmtilegri aflestrar enda, hann þá í hlutverki bakfylkingarmannsins sem stendur á verði bak fremstu víglínu og veitir þeim högg sem gætu enn verið í launsátri, einskonar leifar af gjörsigrudum her.

Það er einnig í sambandi við hina gömlu samantekt Alexanders sem annar hluti þessa kafla fléttast, en það er ljóðabýðingarannáll Jóns ef gefa mætti skýrslu hans það nafn. Jón fer þar vítt og breytt yfir það sem Alexander hefur að segja um franskar ljóðabýðingar. Enn kemur Jón þar fram sem bakfylkingarmaður – en nú í öðru hlutverki bakfylkingarmanns; hann setur sjálfan sig í fremstu víglínu. Skrif hans miða að því að undirstrika mikilvægi hans sjálfs í þessu hlutverki, ljóðabýðanda úr frönsku. Hann skautar snyrtilega framhjá því að nefna féлага sína úr hernaðinum. Þó er ekki svo að skilja að þeir séu fallnir heldur telur Jón – eins og bakfylkingarmanni er tamt og jafnvel skylt – að það sé hans að bera fánann, enda nýtt *avant-garde* í mótun eins og sést á stælum Jóns við Hrafn Gunnlaugsson. En það er einmitt eitt af einkennum bakfylkingarinnar að mati Marx⁷³² að það kemur í hlut þess sem áður var bakfylkingarmaður að berjast við hina nýju brjóstfylkingarmenn, í þessu tilfelli er Hrafn Gunnlaugsson fulltrúi þeirra; '68 kynslóðarinnar sem kemur á þessum tíma með miklum þunga fram á ritvöllinn.

⁷³² Marx segir einmitt: „Hverri kynslóð er fylgt eftir af sínum bakfylkingarmönnum, sem síðan berjast við brjóstfylkingarmenn næstu kynslóðar.“ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 64.

Þá var hér farið yfir glímu Jóns við Camus, við þýðinguna á *Plágunni* og smásögum Camus – og reyndar öðru efni. Jón verður einnig fyrir áhrifum af Camus, því til styrkingar er brugðið upp myndum úr ævisagnabálki Jóns og af pólitískum átökum sem Jón verður hluti af bæði hvað varðar ljóðagerð hans sjálfs og einnig hvað snertir þátt í útgáfusögu hans. Þessum áhrifaþáttum Camus er svo lokað með því að benda á að í raun eru áhrif Camus á stundum svo mikil á Jón að frekar má í því sambandi tala um rittengsl en textatengsl – sem útilokar þó að sjálfsögðu ekki að annarskonar textatengsl en bein rittengsl séu í gangi á milli Jóns Óskars og Alberts Camus.

Einnig hefur verið sýnt fram á hvernig bakfylkingarmaðurinn Þorsteinn Thorarensen tekur bakfylkingarmanninn Jón Óskar upp á arma sína og gefur út og berst nokkurri baráttu í því skyni. Úr þeim átökum má lesa að enn eru undir lok áttunda áratugar síðustu aldar fylkingar í bókaútgáfu og menningarrýni.

Að endingu voru dregnar upp nokkrar skyndimyndir af því hvernig aðrir íslenskir rithöfundar komu frá sér sínum sjálfsævisögum og gerður samanburður á þeim birtingarmyndum og svo því hvernig Jón greinir frá ævi sinni. Hér sést að Jón Óskar hefur nokkra sérstöðu í skrifum sínum, Kristmanni Guðmundssyni og Halldóri Laxness er stillt upp til þess að hafa til viðmiðunar og má út úr þeim lestri teljast áhugaverðast að Jón Óskar gerir litla fyrirvara um að hann muni rétt sína upprifjun, ólíkt Halldóri, en á hinn bóginn eru þeir báðir, Jón og nóbelskálidið, að lýsa tilurð rithöfundar.

Þessir þrír rithöfundar draga allir upp magnaðar myndir af mæðrum sínum en Jón heldur henni þó mest utan við sína frásögn, öfugt við Kristmann og Halldór. Þó má halda því fram að Jón dragi fram huldukonumynd af móður sinni eins og hinir tveir, einmitt með lítilli umfjöllun og fjarveru.

Fjórði kafli

Utangarðs

Jón um Jón

Í ljóðagerð Jóns Óskars má víða sjá áhuga hans fyrir mönnum sem ekki hnýttu bagga sína sömu hnútum og samferðamenn. Þannig má sjá þess dæmi að einfarinn eða hinn sérkennilegi maður hefur snemma vakið athygli Jóns. Fyrsta dæmið sem hér verður tekið um texta eftir Jón Óskar, af þessu tagi, kom fyrir almenningssjónir í *Birtingi* árið 1961, en þá var nýlátinn úti í Osló Jón Eiríksson cand. mag. Í minningu hans yrkir Jón svo:

L J Ó Ð **um látinn bókmenntamann** **(í minningu Jóns Eiríkssonar)**

Ég sé hann ganga upp Laugaveginn,
setjast við borð og tala um Kafka
Brecht og Jimenez, Hesse og Nietzsche

Ég sé hann hlæja að galgopunum
og galgopa sé ég flárátt hlæja,
Lækkar sól, hörð gerast veður.

Ég sé hvar hann grunlaus áfram líður
heimspekingur í heimi þursa,
Lækkar sól, hörð gerast veður.

Ég sé hann ganga upp Laugaveginn,
ég sé hann enn, því hann lifir ennþá
og er þó að vísu farinn burtu.

Hann er að vísu farinn burtu
af götunum þar sem illskan dansar,
Hækkuð er sól, stillt er veður.⁷³³

Jón þessi Eiríksson þótti æði sérstæður maður og má vel sjá það í nokkuð berorðri frétt í dagblaðinu *Tímanum* sem greinir frá andláti hans. Fréttin ber yfirskriftina „Íslendingur deyr voveiflega í Osló“. Fyrsta klausa fréttarinnar greinir frá staðreyndum málsins, eða kjarnanum:

⁷³³ Jón Óskar. „Ljóð um látinn bókmenntamann“, í *Birtingi* 1-2/1961, bls. 88. Síðar birtist ljóðið í ljóðabók Jóns *Söngur í næsta húsi*, bls. 69-70. Nokkur minningarorð eftir Jón Óskar um Jón Eiríksson er einnig að finna í sama tölublaði *Birtings*, bls. 87.

„Þann 17. maí s.l. varð kunnur Íslendingur fyrir slysi í Osló og beið bana af. Fannst hann meðvitundarlaus á götu og hafði hlotið högg á höfuðið. Nokkru síðar andaðist hann og leiddi krufning í ljós, að höfuðkúpan var brotin. Maður þessi var Jón Eiríksson, cand. mag.“⁷³⁴ En þegar lengra kemur inn í þessa ítarlegu frétt fást meiri upplýsingar: „Jón Eiríksson gekk ekki heill til skógar, hafði hann orðið fyrir miklum áverka á höfði fyrir um það bil einu ári, er hann féll niður kjallarastiga hér í Reykjavík, og mun ekki hafa náð sér að fullu eftir það. Hann hafði einnig átt við illkynjaða sjúkdóma að stríða lengst af ævinnar og búið við bág kjör.“⁷³⁵ Þá er frá því sagt að Jón hafi verið einungis 34 ára og eins er skrifað að hann hafi fæðst í Há koti við Fischersund í Reykjavík en verið fluttur fárra vikna gamall til afa síns og ömmu austur að Hrafnatóftum í Holtum⁷³⁶ og þar hafi hann alist upp. Undir lok fréttarinnar er svo athyglisverð klausa sem staðsetur Jón Eiríksson kyrfilega sem jaðarmann: „Jón Eiríksson var vinmargur maður, en sérlundaður, og eigi við alþýðuskap.“⁷³⁷

Jón Óskar hafði verið kunnugur nafna sínum Eiríkssyni í mörg ár, í það minnsta þekkjast þeir það vel árið 1951 að Jón Óskar biður Jón Eiríksson að kaupa fyrir sig bækur í útlöndum. Um þetta vitnar dagbók Jóns Óskars, en hann birtir smá brot úr henni annað slagið í æviminningabókum sínum. Svona hefst færsla frá 1. júlí árið 1951: „Jón Eiríksson er kominn til landsins. Hann færði mér tvær bækur, er ég hafði beðið hann að útvega mér, báðar franskar, Rabelais (einskonar úrval, skólaútgáfa) og biblíu.“⁷³⁸ Síðan skrifar Jón, til áréttingar fyrir lesendur bókarinnar: „Jón Eiríksson var ungur menntamaður, kunningi okkar Sigfúsar Daðasonar, sérkennilegur maður, kominn austan úr Rangárvallasýslu og féll illa inn í borgarlífið. Hann þekkti marga og sat jafnan á Laugavegi 11, þegar hann var ekki í útlöndum við nám.“⁷³⁹ Reyndar er til örstutt bréf sem vitnar um að samskipti Jóns Óskars við nafna sinn Eiríksson voru með einhverjum hætti, í það minnsta, eins og samband mentors við lærisvein. Í þessu bréfi er greinilegt að Jón Eiríksson er að ráðleggja skáldinu unga þegar hann skrifar honum frá Levanger í Noregi 27. nóvember 1960:

⁷³⁴ „Íslendingur deyr voveiflega í Osló“ *Tíminn* 24. maí. 1961, bls. 3.

⁷³⁵ „Íslendingur deyr voveiflega í Osló“, bls. 3.

⁷³⁶ Hér gætir reyndar ónákvæmni svo ekki sé meira sagt, Hrafnatóftir eru í Djúpárhreppi og kann ég staðkunnugum prófarkalesara mínum Hörpu Rún Kristjánsdóttur bestu þakkir fyrir þessa ábendingu.

⁷³⁷ „Íslendingur deyr voveiflega í Osló“ *Tíminn* 24. maí. 1961, bls. 3.

⁷³⁸ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 143. Ekkert virðist það vera í höfundarverki Jóns sem kallar einmitt á þessar bækur á þessum tímapunkti. Líklegra er að hann hafi einfaldlega viljað eignast þá klassík sem Rabelais að sönnu er og hitt er ekki ólíklegt að frönsk *Biblíu* hafi getað nýst Jóni Óskari vel við stöðugt sjálfsnám hans í frönsku.

⁷³⁹ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 143.

Ég grufla án þess ég fái það þó tjáð, er farinn að leiða hugann talsvert að Annaðhvort eða og þó Neitzsche [sic] sé skemmtilegur þá ættir þú ekki síður að glugga í Kierkegaard.⁷⁴⁰

Það sem einkennir ljóðið um Jón Eiríksson er samlíðun með manningum og andstyggð á skeytingarleysi heimsins gagnvart samferðamönnum sem eru öðruvísi. Þarna er sleginn tónn sem löngu síðar varð svo fyrirferðamikill í höfundarverki Jóns Óskars og þessi kafli er einmitt helgaður. Undir lok ferils síns má segja að Jón hafi eins og fært til hina víðu samkennd sína, dregið hana saman, og beint frekar að einstaklingnum en stórum hópum manna eða samfélögum. Það er ekki óeðlilegt að flestir af þeim mönnum sem Jón víkur að séu þeir sem hann verður kunnugur í Reykjavík – þar varði hann lengstum hluta ævi sinnar allt frá því að hann flutti frá Akranesi sem kornungur maður. Minningabækur Jóns eru flestar mjög Reykjavíkurmíðaðar og þær draga upp andblæ þessarar borgar sem Jón horfði á þroskast. Hann setur sér að skoða mannlífið þar; sér í lagi þann kima sem snýr að bókmennta- og listamönnum. Og eins og fram hefur komið, þá bendir hann gjarna á það sem hann telur að hefði mátt betur fara. Hann staðsetur sjálfan sig í borginni, mátar sig við fólk og staði.

Í ljóðinu dregur Jón Óskar upp sögusvið og það er Laugavegurinn, miðpunktur og aðalgata Reykjavíkur í þá daga. Í þeirri Reykjavík er Jón Eiríksson gestur – og finnur sig aldrei til fulls. En það er ekki vegna þess að hann sé fákunnandi eða óhæfur, enda ræðir hann helstu skáldjöfra og heimspekinga Evrópu eins og ekkert sé.⁷⁴¹ Hann skynjar þó fyrirritningu galgopanna – og hlær að þeim til baka. Hann á ekki heima hér – í þessum „heimi þursa“. En, hann mun lifa þótt hann sé farinn af sviðinu⁷⁴² – kannski er það honum fyrir bestu, því hann passar ekki inn í illskuna sem dansar um strætin. Þessum kjarna ljóðsins stillir Jón Óskar upp með ákveðnum veðurfarslýsingum, í erindum tvö, þrjú og fimm, sem breytast ekki milli erinda tvö og þrjú en hafa svo tekið stakkaskiptum í síðasta erindinu. Það má líta á þær lýsingar sem myndir af

⁷⁴⁰ Jón Eiríksson. Bréf til Jóns Óskars dagsett í Levanger 27. nóvember 1960. Bréfasafn Jóns Óskars. Landsbókasafn, Lbs. 166 NF. Það er greinilegt að Jón Eiríksson vill fá Jón Óskar til að lesa *Enten-eller* eftir Kierkegaard.

⁷⁴¹ Það er ekki tilviljun hvaða höfunda Jón Óskar tiltekur í ljóði sínu. Jón Eiríksson hafði lagt sitt á vogarskálarnar til að kynna suma þessa höfunda, öðrum hafði hann dálæti á. Hann hafði meðal annars ritað eftirfarandi tengt þeim mönnum sem koma fram í ljóði Jóns Óskars: „Um Franz Kafka“ bls. 7-8 í *Birtingi* 3/1956. Í sama hefti bls. 8-10 var og þýðing Jóns Eiríkssonar á smásögu Kafka „Ellefu synir“. Jón þýðir líka „Fyrir dyrum lögmálsins“ eftir Kafka sem birtist í *Ljóð og sögur ungra höfunda 1956*, Helgafell, Reykjavík 1956, bls. 32-33. Þá þýðir hann eftir Brecht smásöguna „Tveir synir“ sem kom í *Birtingi* 2/1956 bls. 18-19. Einnig þýddi Jón Eiríksson efni eftir Hermann Hesse, Agnar Mykle, Martin A. Hansen, Carlos Edmundo de Ory, Jean de La Bruyère og Anatole France.

⁷⁴² Hér má einmitt sjá, enn og aftur hjá Jóni, svipaða afstöðu til lífsins og tilverunnar og þá sem Jean-Marie Guyau lagði upp með og greint var frá í síðasta kafla.

lífshlaupi Jóns Eiríkssonar og þeirrar líknar sem ljóðmælandi sér fyrir hann í dauðanum; því hann sé of góður fyrir þennan grimma stað sem við lifum á.⁷⁴³

Ljóðið hér að framan er ort beint til minningar um ákveðinn mann; það er um „látinn bókmenntamann“. Þar er skýrt um hvern er ort og þar koma fram nöfn skálda og heimspekinga – þannig er það ljóð nákvæmara og hnitmiðaðra en ljóðið sem næst verður skoðað. Það beinist meira inn á við, en fjallar einnig um þann sem er utangarðs; þó í víðari merkingu, og kannski heimspekilegri – existensíalískri – og er með þeim hætti fullt af anda sinnar tíðar en það heitir „Þú og veröldin“. Nafnleysið, þessi „þú“, undirstrikar þá áherslu sem tilvistarstefnan lagði lögum á hlutskipti mannsins í heiminum.

Þú gengur einn um stíginn, leggst í grasið
og heyrir fótatak þúsundanna að baki
trjána, hlustar, leitar einnar raddar
en nemur aðeins hjartslátt þinn og finnur
að þú ert einn og veröldin er rödd þín
sjálfs og ríst á fætur, lyftir höfði
og skyggnist um og gengur einn um stíginn
og finnur hjartað slá í brjósti þínu
og heyrir fótatak þúsundanna að baki
hjartslætti þínum, gengur einn um stíginn
og leitar þess sem hvergi finnst, og staldrar
á götuhorni, skyggnist milli trjána
í leit að augum sem þú hélzt í svipinn
að hefði brugðið fyrir milli trjána,
og veizt um leið að augu þessa heims
eru augu sjálfs þín, veröldin þín rödd,
og tilgangslaust að skyggnast um og hlusta
í hverja átt, þú gengur einn um stíginn.⁷⁴⁴

⁷⁴³ Vert er að taka fram að ljóðið ber ekki að neinu marki einkenni hefðbundins erfiljóðs, alls ekki eldri slíkra ljóða og að afar takmörkuðu leyti seinni gerð erfiljóða sem rakin eru til ljóða Bjarna Thorarensen. Að vísu er lausleg mannlýsing í ljóðinu en skapgerð, örlög mannsins eru ekki fyrirferðamikil og þá er áherslan á erlend skáld og hugsuði alls ekki í stíl erfiljóðs. Sjá um erfiljóð t.d.: *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, Jakob Benediktsson ritstj. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning, Reykjavík 1998, bls. 76-77. Sjá einnig: Guðmundur Finnbogason. „Guðmundur Friðjónsson“ bls. 129-160 í *Vaka* 2/1929. Í þessari grein skilgreinir Guðmundur erfiljóð m.a. með þessum hætti: „Erfiljóð eru elzta og þjóðlegasta grein bókmennta vorra. Þau hafa lifað í landinu allt frá landnámstíð, og í þeirra flokki eru mörg beztu ljóðin, sem kveðin hafa verið á íslenzku. Þetta er engin tilviljun, heldur sprettið af innræti, hugarstefnu og kjörum þjóðar vorrar“ (bls. 149) Og síðar: „Erfiljóðið sýnir manninn eins og hann var í trú og von, ást og aðdáun skáldsins, hann birtist þar endurborinn í nýrri mynd, sem ef til vill voru að eins drög að í honum sjálfum. En listagildi myndar af manni fer ekki eftir því, hve lík hún er honum, heldur eftir hinu, hve einkennilegt og sjálfgilt líf speglast í henni, og líkt er um erfiljóðið. Myndin eða ljóðið sýnir, hvað maðurinn var höfundinum, og hefir sín áhrif á áhorfandann eða lesandann eftir því sem höfundi hefir tekizt að birta það, sem hann sá og fann, hvernig sem fyrirmyndin hefir verið“ (bls. 150).

⁷⁴⁴ Jón Óskar. „Þú og veröldin“ í *Ljóð ungra skálda 1944-54*. Ritstjóri Magnús Ásgeirsson. Helgafell, Reykjavík 1954, bls. 71. Síðar birtist ljóðið í ljóðabók Jóns, *Nóttin á herðum okkar*, bls. 5. Þá bók kallaði Jóhann Hjálmarsson löngu síðar „mestu ljóðabók“ skáldsins. Sjá: Jóhann Hjálmarsson. „Jón Óskar“ í *Morgunblaðinu* 22. október 1998, bls. 33.

Í þessu ljóði er annað uppi á teningnum en í því sem Jón orti eftir nafna sinn Eiríksson. Hér er manningnum stillt upp einum í heimi, samt er veröldin og mannlíf hennar allt um kring en finnur ekki manninn eða maðurinn ekki samborgara sína. Það er ákveðin vissa í ljóðinu, vissa ljóðmælandans um að það sé eitthvert mannlíf og hann veit af „þúsundunum“ en er ef til vill ekki viss um hvort þær búa frekar í brjósti hans en huga. Þannig er einstæðingsskapurinn hér, eða útleigðin, fingerðari en í ljóðinu um Jón Eiríksson en samt allt um lykjaandi.

En í þessu ljóði er gatan einnig nálæg, maðurinn sjálfur er líkt og í vin í stórborginni; líkt og inni í skruðgarði eða einskonar lundí sem veitir skjól þeim sem skyggjast um; þeim sem ráfar um og fylgist með fólki. Það er fjöldinn sem er umhverfis en þó um leið nánast ósýnilegur og óræður eftir því. Í raun birtist hér í ljóði hugmynd sem Jón setur síðar fram um eðli borgarinnar, manninn í borginni: „Það er í stórborgum, sem flest fólk er saman komið á takmörkuðu svæði, og þó er það á þessum svæðum fjölmennisins, að fólk getur orðið hvað mest einmana.“⁷⁴⁵

Í báðum ljóðunum er tíminn óræður, hér er viðeigandi að vitna í T.S. Eliot: „Þú annað hvort lifir hið liðna, og þá er það í nútíðinni, eða þú manst það liðna og þá er það alls ekki það sama „liðna“ sem þú lifðir eitt sinn. Munurinn er ekki milli tveggja viðfanga heldur á milli tveggja sjónarhorna.“⁷⁴⁶ Þessi andi svífur yfir báðum ljóðunum, þrátt fyrir að þau séu um margt ólík. Í fyrra ljóðinu er Jón Óskar í sömu sporum og Eliot greinir frá, gagnvart Jóni Eiríkssyni á gangi í miðbænum. Í síðara ljóðinu er tíminn afstæður, þar er eins og ljóðmælandi sé að varast þá þraut að staðsetja sig í tímanum.

Einnig er óhætt að víkja örstutt, í þessu sambandi, að textatengslum við Charles Baudelaire sem orti mikið um stórborgina, París. Þar er líka einstæðingsskapurinn oft til umfjöllunar, sér í lagi í þeim verkum sem mynda ljóðaflokkinn „Parísarmyndir“ („Tableaux parisiens“), en hér verður látið nægja að benda á lokaerindið í ljóðinu „Til konu sem gekk hjá“ („À une passante“). Þar kristallast einmitt þessi hugmynd um einsemdina í borginni:

Annars staðar, óravegu héðan! Of seint, kannski aldrei?
Því ekki veit ég hvert þú flýrð, né þú hvert ég held.
Ó þú sem ég hefði getað elskað, ó þú sem vissir það!⁷⁴⁷

⁷⁴⁵ Jón Óskar. *Páfinn situr enn í Róm*, bls. 30.

⁷⁴⁶ T.S. Eliot. *Knowledge and Experience in the Philosophy of F. H. Bradley*. Columbia University Press, New York 1964, bls. 51.

⁷⁴⁷ Charles Baudelaire. *The Complete Verse* (tvímálaútgáfa), þýð. Francis Scarfe. Anvil Press Poetry, London 2012, bls. 213. Á frummálinu er erindið þannig:

Ailleurs, bien loin d'ici! trop tard! jamais peut-être!
Car j'ignore où tu fuis, tu ne sais où je vais,
O toi que j'eusse aimée, ô toi qui le savais!

Hér hafa verið tilfærð tvö dæmi úr ljóðagerð Jóns Óskars til þess að sýna fram á að hugmyndin um útlagann, hinn einstæða og/eða einangraða, var ekki algerlega ný í höfundarverki hans þegar hann fer að einbeita sér að slíkum viðfangsefnum undir lok ferils síns. Jón vinnur með mjög ólíkar týpur, annars vegar nafngreindan mann sem hann þekkti vel og það umhverfi sem Jón Óskar var að yrkja inn í vissi vel hver var, þar á ofan er einstæðingsskapur Jóns Eiríkssonar af öðrum toga en sú einangrun sem dregin er upp í „Þú og veröldin“. Það mætti jafnvel segja að einstæðingsskapurinn í minningarljóðinu sé, til viðbótar því að vera persónulegur, mannlegri og með ríkari samlíðun frá hendi höfundar. Á hinn bóginn er unnið með existensíalíska hugmynd um mann sem er einn í heimi en þó staddur innan um þúsundir manna. Þessi tvö ljóð má þó ekki líta á sem fullkomnar andstæður. Einstæðingsskapur Jóns Eiríkssonar og tragískur dauðdagi hans er í sjálfu sér existensíalískur. Jón er bara einn af þúsundunum þrátt fyrir sérstöðu sína, fráfall hans markar engin hvörf.

Jón Óskar yrkir einnig um kynlega kvisti úr öðrum löndum, öðru umhverfi, en er þá kannski með tærari hætti að fjalla um hina frönsku bóhemíu, viðfangsefni sem hann var löngum stundum að glíma við á einn eða annan hátt – stundum jafnvel að reyna að flytja inn til Íslands eða öllu heldur spegla í samtíma sínum hérlendis. Gengur einmitt stór hluti endurminningabóka hans út á þá tilraun? Eftirfarandi ljóð er ágætt dæmi um bóhemíuljóð frá hendi Jóns:

Á göngu um París

Á Píslarvottahæðinni í París var ég áðan
Þar gengu þeir um einu sinni Picasso og fleiri
Já þar var þessi ítalsk-pólski Apollinaris
og Giacometti og jafnvel Tristan Tzara
og Max Jacob og Utrillo og konan snillilega
hún Valadon og Modigliani og fleiri þessir frægu
sem fengu heimi snilldina en dóu síðan snauðir

Og kynslóðirnar koma og kynslóðirnar fara
Nú standa þarna gutlarar og mála túristana.⁷⁴⁸

Þetta ljóð, sem áður hefur verið lagt til grundvallar í þessari rannsókn, yrkir Jón þegar langt er liðið á skáldævi hans, þegar þetta er ort eru allar æviminningabækurnar komnar út og því er þetta einmitt frá því skeiði sem er til umfjöllunar í þessum kafla; tímabilinu sem hefst um miðjan níunda áratuginn þegar Jón siglir hægt og hljótt út úr hinni kanóniseruðu

⁷⁴⁸ Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?*, bls. 23.

bókmenntaumræðu. Til marks um vaxandi jaðarstöðu Jóns Óskars má nefna að ljóðabókin sem ofangreint ljóð birtist í kom út hjá nýju en mjög litlu forlagi. Hringskuggar hét það, var stofnað 1990 og var alla tíð frekar á jaðri íslenskra útgáfufyrirtækja.⁷⁴⁹

Kannski var Jón Eiríksson, sá sem kveðið er um í upphafi þessa kafla, í raun Sölvi Helgason síns tíma. Hann var umtalaður, virðist hafa verið skotspónn manna og sérlundaður, hann þvældist um (reyndar mest um Reykjavík), en í minningargrein sem birtist í *Alþýðublaðinu* segir: „Jón Eiríksson var fróður um marga hluti og lét sér ekkert mannlegt óviðkomandi en skorti úthald að festa hugann við viðfangsefnin, athuganir hans voru oft snjallar og viðræður hans skemmtilegar [...]. Hin síðari ár var hann mjög á faraldsfæti og ræddi við menn“.⁷⁵⁰ Allt eins hefðu þessi orð getað verið skrifuð um spekinginn Sölva áratugum fyrr. Enn merkilegri er minningargrein Haraldar Jóhannssonar hagfræðings um Jón Eiríksson, en hún birtist í *Þjóðviljanum*, hann gæti einnig allt eins verið að lýsa Sölva: „Hann var næmur, minnugur og greindur, en hafði ekki alhliða greind. Hann var ör í viðræðum, bar allhratt á“.⁷⁵¹ Og síðar: „Ef honum, – sem var svo ósýnt um að sjá sér farborða, – hefði verið veitt aðstaða til að geta með sæmilegu móti haft þak yfir höfuðið og í sig og á, hefði hann getað snúið á íslenzku tuttugu eða fleiri öndvegisritum.“⁷⁵² Vitaskuld hefði Sölvi ekki snúið tuttugu öndvegisritum en hann hefði vísast getað afrekað mun meira en hann gerði hefði honum verið búin til þess aðstaða, hér er hugsunin sú sama.

Þá er enn ótalið það í minningargrein Haraldar sem má teljast merkilegt í ljósi þess hvað er til umfjöllunar í þessari ritgerð. Í greininni vitnar Haraldur í Albert Camus, nánar tiltekið í *Pláguna* án þess þó að taka það beint fram í hvað hann er að vitna: „Þegar ég virti fyrir mér Jón Eiríksson, komu mér oft í hug ummæli um mannskæða plágu í frægri skáldsögu. „Hann er sú tegund manna, sem þyrmt er á slíkum tímum.““⁷⁵³ Það er í fyrsta kafla *Plágunnar*, í þýðingu Jóns Óskars, sem að segir svo:

Þegar lækurinn hafði skilið við Cottard, vissi hann ekki fyrr til en hann var farinn að hugsa um Grand. Hann gerði sér mynd af honum, þar sem drepsótt væri í algleymingi, ekki sú farsótt, sem hér var að byrja og yrði vafalaust ekki alvarleg, heldur ein af hinum mannskæðu plágum sögunnar. „Hann er sú tegund manna, sem þyrmt er á slíkum tímum.“ Hann minntist þess að hafa lesið, að drepsóttin hlífði þeim, sem veikbyggðir væru, en legðist einkum á þá, er væru

⁷⁴⁹ Sjá t.d. „Nýtt bókmennta- og útgáfufélag verður stofnað í Norræna húsinu á sunnudag „Hringskuggar““ *Tíminn* 5. september 1991, bls. 5. Þess ber að geta að útgáfa hófst árinu áður.

⁷⁵⁰ Haraldur Ólafsson. „Minningarorð Jón Eiríksson cand. mag.“, *Alþýðublaðið* 2. júní 1961, bls. 2.

⁷⁵¹ Haraldur Jóhannsson. „Um Jón Eiríksson cand. mag. látinn“, *Þjóðviljinn* 7. júní 1961, bls. 7. Hér er um að ræða sama Harald og þýddi ævisögu Oscars Wilde með Jóni Óskari og áður er getið.

⁷⁵² Haraldur Jóhannsson. „Um Jón Eiríksson cand. mag. látinn“, bls. 7.

⁷⁵³ Haraldur Jóhannsson. „Um Jón Eiríksson cand. mag. látinn“, bls. 7.

sterkir og harðgerðir. Og er læknirinn hélt áfram hugsunum sínum um starfsmanninn, komst hann að þeirri niðurstöðu, að eitthvað væri dularfullt við hann.⁷⁵⁴

Sú meinta dulúð Grands sem læknirinn vísar hér til er einskonar spádómur um örlög Grands í þeim mikla hildarleik sem plágan reynist, hann lifir af. Hann er því sá maður sem þyrmt er. Þannig má segja að tilvitnun Haraldar verði enn meira viðeigandi í ljósi þess sem áður er sagt um lífshlaup og dauða Jóns Eiríkssonar, dauði hans verður enn tragískari vegna þess að hann stenst ekki samanburðinn við Grand.

4.1. Sölvi

Jón Óskar var, eins og þegar hefur komið fram, mótsagnakenndur í afstöðu til margra hluta, ekki síst nýrra strauma í bókmenntum og tónlist, stjórn- og menningarmálum. Allt eru það þættir sem hið félagslega tímarými mótar eða snertir á og um leið eru það þættir sem geta snúið all harkalega upp á sjálfsmynd manns í sama rými – á sama tíma.

Lífsskaflar sem þessir urðu margir á ævi Jóns; stundum voru eyðurnar⁷⁵⁵ og tímabilin sem hann lifði fyrst og fremst vörðuð veraldlegu stússi – sem þó hafði áhrif á andlega þætti eins og stolt og særða sjálfsmynd. Í annan tíma má lesa úr skáldskap hans og skrifum heimpekilegri rýni og hugsanir um tímarými eða gangverk veraldar sem þó, svo oft, urðu til þess að Jón Óskar mat það svo að það tímarými hafi skilað honum út á jaðra hins íslenska bókmenntakerfis.⁷⁵⁶

Þetta verður stöðugt meira áberandi hugsun í höfundarverki Jóns þegar á líður og afleiðing þessa, eða afsprengi, má telja bók Jóns um Sölva Helgason, uppskrift hans af *Frakklandssögu* Sölva og bókina *Konur fyrir rétti: Frásagnir af átta dómsmálum á níjtjándu öld*. Í þeirri síðasttöldu tekur hann fyrir skelfilega stöðu varnarlausra kvenna sem enduðu fyrir rétti vegna dulsmála eða annarra þrenginga.⁷⁵⁷

⁷⁵⁴ Albert Camus. *Plágan*, bls. 41.

⁷⁵⁵ Hér er átt við þá kafla í lífi Jóns þar sem ekki fer mikið fyrir honum á rithöfundarferlinum, ekki síst tímabilið þegar rof verður í útkomu sjálfsævisögulega bálksins en *Gangstéttir í rigningu* koma 1971 en *Kynslóð kalda stríðsins* 1975 – svo dæmi sé tekið.

⁷⁵⁶ Hér er t.d. átt við þau tímabil sem Jón metur sem svo að hann hafi með einhverjum hætti orðið undir, svo sem í viðskiptum við Kristinn E. Andrésson eða komist á verulega hrakhóla í útgáfumálum.

⁷⁵⁷ Afsprengi þessa tímabils voru: Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, 1984. Sölvi Helgason. *Frakklandssaga*, 1998. Jón Óskar. *Konur fyrir rétti*, 1987.

„Meginhlutverk listarinnar hefur alla tíð verið að skapa þörf sem ekki varð fullnægt fyrr en síðar.“⁷⁵⁸ Þessi orð Walters Benjamin eru eitt stefið í ritgerð hans „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“ („Das Kunstwerk im Zeitalter seiner technischen Reproduzierbarkeit“) frá árinu 1935.⁷⁵⁹ Vinna Jóns Óskars með „það gamla“ leiðir hugann að þessari hugmynd Benjamins og sú hugmynd kallar á aðra, í raun nátengda hugmynd Þjóðverjans, þá um áruna og þann vef tíma og rúms sem fléttast í kringum um hana. Þar er ritgerðin „Saga ljósmyndarinnar í stuttu máli“ („Kleine Geschichte der Photographie“) aðal kenningargrundvöllurinn⁷⁶⁰ og er einfaldasta skilgreining Benjamins á árunni þessi: „Heilaspuni í tíma og rúmi: Einstæð sýn í fjarska, hversu nálægt sem það sem horft er á kann að vera.“⁷⁶¹ Er Jón að nálgast áru Sölva þegar hann gengur að höfundarverki hans og persónu? Ef svo er þá verður að gaumgæfa hugmynd Benjamins um fjölföldunina, fjölfaldast þá Sölvi og verður að Jón Óskari? Það má til sanns vegar færa. Ef Sölvi er settur í hlutverk ljósmyndarinnar í kenningu Benjamins þá er um „tæknilega endurgerð“ Sölva að ræða, svo notað sé orðalag Benjamins, þegar Jón Óskar vinnur upp *Frakklandssögu* norðlenska heimspekingsins. En um leið verður Sölvi fyrir einskonar afhelgun, átökin við endurvinnsluna eyða árunni:

Hið einstæða og hið varanlega er jafn rækilega samtvinnað í frummyndinni og hvíkyndi og möguleiki til endurtekningar hjá eftirmyndinni. Að klæða hlutinn úr skel sinni, að tortíma árunni, er einkenni á skynjun sem hefur öðlast slíkt „skynbragð á sams konar eðli hluta“ að með fjölföldun verður það jafnvel greint í hinu einstaka.⁷⁶²

Upplausn árunnar og endurvinnslan haldast þannig í hendur, með því að færa Sölva nær nútímanum með því t.d. að gefa út og prenta *Frakklandssöguna*, sem aðeins var áður til í handriti, þá er ljómi dulúðar leystur upp; en um leið er ganga Jóns inn í tilveru Sölva auðveldari,

⁷⁵⁸ Walter Benjamin. „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“, bls. 549-587, þýð. Árni Óskarsson og Örnólfur Thorsson í *Fagurfræði og miðlun*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 2008, bls. 572.

⁷⁵⁹ Strangt til tekið er Benjamin í upphafi að vinna með áruna í sambandi við fjölföldun listaverksins, hér er hugtakið útvíkkað enda má víða sjá í skrifum Benjamins sjálfs að hann skilur áruna ekki sem rígbundið hugtak. Hver maður kannast við að laðast að stöðum og landslagi, jurtum eða bara hverju sem vera vill án þess að geta endilega gert sér grein fyrir því af hverju. Sjálfur segir Walter Benjamin: „Við skilgreinum áru **náttúrulegra fyrirbæra** sem einstæða sýn í fjarska, hversu nálægt sem það sem horft er á kann að vera.“ Walter Benjamin. „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“, bls. 555 (leturbr. GB).

⁷⁶⁰ Walter Benjamin. „Saga ljósmyndarinnar í stuttu máli“, bls. 483-503 þýð. Hjálmar Sveinsson í *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008.

⁷⁶¹ Walter Benjamin. „Saga ljósmyndarinnar í stuttu máli“, bls. 495.

⁷⁶² Walter Benjamin. „Saga ljósmyndarinnar í stuttu máli“, bls. 495-496.

því hann hefur fært hann yfir á sitt tilvistarplan og endurvinnslan tekur við. Segja má að Jón dragi Sölva inn í nútímamynd af utangarðsmanninum, skipi honum á bekk með þeim bóhemum og kynlegu kvistum sem hann hefur áður sagt sögur af eða bent á í höfundarverki sínu.

Skrif Elizabeth Wilson⁷⁶³ um bóhemíuna eru gagnleg í þessu samhengi og verða lögð til grundvallar fyrir ákveðna þætti kaflans. Eins eru hugmyndir Matei Calinescu⁷⁶⁴ um hið nútímalega ágæt nálgun á þennan síðasta hluta í skrifum Jóns. En þessi kafli tekur einmitt á þeim mikla snúningi sem verður á höfundarverki Jóns Óskars er hann snýr sér að utangarðsfólki og lítilmagnanum í ritum sem eru þjóðlegur fróðleikur frekar en skáldskapur. Á þessu tímabili má segja að Jón skrifi hvað skorinorðast um það sem þó liggur eins og rauður þráður í gegnum allt hans höfundarverk, en það eru mannúð og samlíðun.

Hér líta dagsins ljós bækur eins og *Sölvi Helgason: Listamaður á hrakningi og Frakklandssaga Sölva Helgasonar*.⁷⁶⁵ Bækurnar tvær um og eftir Sölva Helgason eru um margt merkilegur endir á höfundarverki Jóns og hér verður leitað svara við þeirri spurningu hvort og þá með hvaða hætti hann sér eða speglar sjálfan sig í Sölva. Eins verður því velt upp hvort hér sé um að ræða þá birtingarmynd módernískra skrifa sem áður hefur verið drepit á í þessari rannsókn, það er flakkið á milli heima – stundum framkallað með hugbreytandi efnum, stundum í krafti dulrænnar upplifunar. Þá er og athyglisvert að á þessu tímasteiði sendir Jón frá sér bókina *Konur fyrir rétti: Frásagnir af átta dómsmálum á níttjándu öld*, þar sem enn á ný birtist tónn samlíðunar með þeim sem eru utangarðs og órétti beittur. Hér verður að hluta til litið aftur til þess sem skoðað var í þriðja kafla: sjálfsmýndar höfundar og mótunar hennar. Staða höfundar/listamanns á jaðrinum verður skoðuð nánar og þeirri spurningu velt upp hvort jafnvel megi rekja hana aftur til sjálfsvitundar Jóns Óskars þegar á gagnfræðaskólaárunum. Jón Óskar tekst áfram á við þessa stöðu í glímu sinni við verk Alberts Camus, eins og komið var inn á í þriðja kafla rannsóknarinnar, og síðar liggur hún eins og römm taug í endurminningaskrifum Jóns, þar til hún rennur loks inn í þælingar hans um Sölva Helgason, einn kunnasta jaðarmanninn í íslenskum bókmenntum og listum. Hér má því með sanni segja að Jón Óskar kanni heilaspuna í tíma og rúmi og horfi um öxl inn í sérstæðan persónuleika og geri honum skil. Hugur Sölva hefur hingað til ekki verið talinn einfaldur eða auðskilinn en Jón tekst samt á við að bæði skrifa um manninn og einnig rita upp *Frakklandssöguna*.

⁷⁶³ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*.

⁷⁶⁴ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity*. Duke University Press, Durham 1987.

⁷⁶⁵ Bara þetta heiti á sögunni um Sölva er afar athyglisvert. Var Jón Óskar sjálfur alla tíð „listamaður á hrakningi“? Ef æviminningar hans eru gaumgæfilega kannaðar má færa rök fyrir því.

Þeir utangarðsmenn, í bestu merkingu þess orðs, sem Jón fæst við eða hafa bein eða óbein áhrif á hann eru menn sem ekki náðu að virkja lífsþrótt sinn til fulls, samanber Jón Eiríksson sem áður er getið. Jón tekur þá eða minningu þeirra upp á arma sína og endurvekur þá, endurnýjar við þá kynni eða jafnvel blæs þeim lífsanda í brjóst – liðnum sem þeir eru. Hér má nefna Sölva Helgason sérstaklega, Jón segir ekki bara sögu Sölva Helgasonar heldur tekur verk Sölva úr handriti og kemur því á framfæri við almenning. Þannig virkar hann sem dyggur liðsmaður í bakvarðarsveitinni sem þarf að vera viss um fyrri leiki og hreyfingar framvarðanna, en þegar þeir særast þá tekur hann þá á bak sér og kemur í skjól, lifandi eða dauðum. Þannig spila saman enn á ný bakvarðarstaðan og tíminn. Jóni er gerlegt, þrátt fyrir tímamismun, að bjarga bæði Sölva og verki hans – og síðast en ekki síst heiðri hans. Heiður fyrir verk sitt fær Jón takmarkaðan. Til dæmis var *Frakklandssögu* Sölva tekið heldur fálega – og þá um leið verki Jóns. Þó var á þessu fálæti undantekning og ber þar helst að geta ritdóms, sem var eini eiginlegi ritdómurinn, í *Morgunblaðinu*. Þar sagði m.a.: „En nú hefur Jón Óskar lagt á sig þá miklu augnraun og kostað til þeirri elju, sem til þarf, til að lesa þau tvö eiginhandarrit, sem til eru, afrita þau, gera við þau skýringar, athugasemdir og leiðréttingar og búa til útgáfu. Það verður að kallast einstætt þrekvirki af manni sem ekki var heill heilsu.“⁷⁶⁶ Það er kannski táknrænt, þó auðvitað beri að varast að leggja of mikinn þunga í þess háttar pælingar, að *Frakklandssagan* kom ekki út fyrr en að Jóni látnum. Þá voru þeir báðir gengnir, sá sem hóf verkið og hinn sem dró það að landi og var þá rétt liðlega öld á milli þeirra; nánast öll öldin sem William Marx kennir við *arrière-garde*.

Flakkarinn, heimspekingurinn og lífskúntnerinn, lista- og brotamaðurinn Sölvi Helgason var fæddur 16. ágúst 1820.⁷⁶⁷ Dánardagur hans er hinsvegar nokkuð á reiki en yfirleitt er hann talinn hafa dáið 27. nóvember 1895.⁷⁶⁸ Ungur missti Sölvi foreldra sína, hann var aðeins fjögurra ára þegar faðir hans dó og móðir hans féll frá þegar hann var fjórtán ára. Tíu ára gamall er hann þegar orðinn niðursetningur.⁷⁶⁹ Saga hans er flestum kunn og hafa sögur og þættir um hann birst víða í gegnum tíðina.⁷⁷⁰ Hér verður ekki greint frá Sölva í neinum smáatriðum enda

⁷⁶⁶ Sigurjón Björnsson. „Sagnfræðingurinn Sölvi Helgason“ (ritdómur) í *Morgunblaðinu* 19. nóvember 1998, bls. 37.

⁷⁶⁷ Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar: Viðhorf til fúrufélks í sögnum og samfélagi*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2018, bls. 189.

⁷⁶⁸ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 244.

⁷⁶⁹ Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar*, bls. 189-191.

⁷⁷⁰ Margar heimildir eru til um Sölva Helgason og það sem hér er upptalið er alls ekki tæmandi listi: Andrés Björnsson. „Frá Sölva Helgassyni“ *Andvari* 1/1976, bls. 140-149; Sverrir Kristjánsson. „Hortugur heimspekingur“ í *Mannlífsmyndir*. Forni, Reykjavík 1969, bls. 115-146; Guðmundur Jónsson Hoffell. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir*. Akureyri. Þorsteinn M. Jónsson 1946, bls. 138-146; Ingunn Jónsdóttir. *Gömul kynni*. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri 1946, bls. 141-149; *Amma: Þjóðleg fræði og skemmtan*, safnað hafa og

hann sem slíkur ekki viðfangsefnið, hinsvegar verður rýnt í texta Jóns um þennan fræga einstakling og reynt að grafast fyrir um það hvaða hlutverki Sölvi gegnir í höfundarverki Jóns Óskars.⁷⁷¹

Sölvi var lítt hafður í hávegum lengi vel en á síðustu öld má segja að hann hafi hlotið nokkra uppreisn æru, hann gengur í endurnýjun lífdaga. Davíð Stefánsson skrifaði skáldsöguna *Sólon Islandus*⁷⁷² og upp úr henni (að hluta til a.m.k.) samdi Sveinn Einarsson *Ég er gull og gersemi*, sem frumsýnt var hjá Leikfélagi Akureyrar 1984.⁷⁷³ Þá kemst Sölvi nokkuð í tísku árið 1969 en þá voru gefnar út nokkrar myndir eftir hann og seldar í takmörkuðu upplagi. Árið er athyglivert, stúdentaróstur og byltingarandi enn svífandi yfir vötnum og hvað er þá dregið upp úr kistum Þjóðminjasafnsins annað en myndir hins andþjóðfélagslega Sölva, þar með talin fræg sjálfsmýnd. Auglýsingu sem þessa mátti sjá í blöðum síðla árs 1969:

Út hafa verið gefnar þrjár fallegar og sérkennilegar myndir, gerðar eftir frummyndum eftir Sölva Helgason, (Solon Islandus). Frummyndirnar eru í eigu Þjóðminjasafns Íslands og valdi þjóðminjavörður þessar myndir sérstaklega til eftirprentunar. Myndirnar eru í litum og er upplag þeirra mjög takmarkað. Verð myndanna er kr. 350 með söluskatti.⁷⁷⁴

Aftur blasir hér við hugmyndin um áruna úr smiðju Walters Benjamin, hér er hið einstaka gamla, fjöldaframleitt. En hér á þá einnig við, það sem Benjamin bendir á að verði ekki tekið með, fangað, í fjölfölduninni: „Jafnvel í fullkornustu fjölföldun verður eitt útundan; það sem við getum kallað hér og nú listaverksins – einstök tilvist þess á tilteknum stað.“⁷⁷⁵ Þá hafa ljóðskáldin ekki látið sitt eftir liggja og má nefna í því sambandi: Bólu-Hjálmar,⁷⁷⁶ Jón Helgason⁷⁷⁷ og Magnús Eiríksson.⁷⁷⁸ Hér hefur Hjálmar auðvitað sérstöðu verandi samtíðarmaður Sölva og honum persónulega kunnugur.

búið undir prentun Finnur Sigmundsson, Steindór Steindórsson og Árni Bjarnarson. Þjóðsaga, Reykjavík 1961, bls. 28-56.

⁷⁷¹ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*.

⁷⁷² Davíð Stefánsson. *Sólon Islandus*. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri 1940.

⁷⁷³ Sveinn Einarsson. *Ég er gull og gersemi*. Akureyri 1984.

⁷⁷⁴ *Þjóðviljinn* 11. desember 1969. Auglýsing, bls. 3.

⁷⁷⁵ Walter Benjamin. „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“, bls. 552.

⁷⁷⁶ Staka Hjálmars Jónssonar frá Bólu „Heimspekingurinn“, hefur lifað með þjóðinni: „Heimspekingur hér kom einn í húsgangsklæðum. / Með gleraugu hann gekk á skíðum, / gæfuleysið féll að síðum.“ Hjálmar Jónsson frá Bólu. *Ljóðmæli*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1942, bls. 33.

⁷⁷⁷ Ljóð Jóns Helgasonar prófessors byrjar svo: „Sölvi Helgason, heimspekingurinn smáði / var hneptur í dýflissu fyrir sín prakkarastrik.“ Jón Helgason. *Kvæðabók*. Mál og menning, Reykjavík 1986, bls. 230.

⁷⁷⁸ Frægt er og var býsna vinsælt dægurlag Magnúsar Eiríkssonar, sem Pálmi Gunnarsson syngur, um Sölva en það byrjar á þessum ljóðlínnum:

Hver var það sem hló að sínum lítilsigldu löndum

En hvers vegna fer Jón Óskar að skrifa um Sölva Helgason? Sjálfur gefur Jón þá skýringu að hann hafi viljað flytja „íslenskum almenningi sannari sögu af lífsferli Sölva Helgasonar en áður“ hafi birst og „leiða fram sannleikann um það hver hann var, þessi margstraffaði og margniddi förumaður, sem jafnvel skáldin höfðu ekki getað skrifað um eða ort um hingað til nema með undirgefni við rógmælgri þjóðsögunnar.“⁷⁷⁹ Hér er sjálfsagt að taka þessa skýringu Jóns góða og gilda, en þó er leyfilegt að velta öðrum þáttum fyrir sér hvað ástæðuna varðar. Athyglisverður er samhljómurinn í þessum orðum og því sem Jón segir í viðtali við *Helgarpóstinn* árið 1979, en þá er hann að ræða það að lokabindi endurminningabóka sinna *Týndir snillingar* er að koma út. Jón segir: „Þetta er ekki nein ævisaga, heldur er ég einungis að skýra frá reynslu minni af menningarlífinu frá þessum tíma. Auk þess langaði mig til að leiðrétta ýmsar missagnir, sem komnar voru á kreik hjá yngri mönnum, sem skrifuðu um höfunda af minni kynslóð.“⁷⁸⁰ Þá er áhugavert að bera saman það sem Jón segir í *Helgarpóstinum* og orð Giovanni Papini sem segir í *Un Uomo Finito*, þegar dregur að lokum þeirrar sögu: „Þetta er alls ekki ævisaga mín, öllu heldur nákvæm lýsing á atburðum innst innra með mér. Skýringar og lykla að öllum mínum verkum má finna hér. Þetta er ekki listaverk – þetta er játning, fyrir mig og aðra.“⁷⁸¹ Jón er að skrifa leiðréttingasögu sína og Sölva. Hann skrifar ekki ævisögu, hvorki sína né Sölva – enda hefur saga Sölva undirtitilinn „Listamaður á hrakningi“. Þetta er hrakningasaga þeirra beggja. Það sameinar þá; og Jón og Papini – enn og aftur. Þá er rétt að minna á það sem kom fram í þriðja kafla þessarar ritgerðar, að það er sjaldgæft að höfundar sjálfsævisagna gangist við því að þeir séu að skrifa sjálfsævisögur og nægir að minna á Halldór Laxness í því samhengi.

Í þriðja kafla var meðal annars rætt um seinkomuna í tengslum við stöðu Jóns Óskars á bókmenntavettvanginum, en rétt er að hnykkja á því hér og þá þannig að spurningin sé hvort þessi vending Jóns yfir í Sölva Helgason sé angi af seinkomunni? Er Jón hér að upplifa þá ægilegu stöðu að hann sé of seint á ferð, allt sem hafi þurft að segja í skáldskapnum hafi þegar

sem skildu ekki skáld og förumenn?
Klæðalítill, fátækur á köldum Íslands ströndum
hann kemur fram í huga okkar enn.

Magnús Eiríksson. „Sölvi Helgason“, á plötunni *Í gegnum tíðina* með hljómsveitinni Mannakorn, Fálkinn 1977.
⁷⁷⁹ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 248.

⁷⁸⁰ Guðlaugur Bergmundsson. „Langaði að leiðrétta ýmsar missagnir“, viðtal við Jón Óskar. *Helgarpósturinn* 23. nóvember 1979, bls. 19. Þá er sjálfsagt að halda því til haga í þessu sambandi að Rousseau skrifar *Játningar* sínar m.a. til þess að leiðrétta um sig missagnir, sjá t.d.: Christopher Kelly, Roger D. Masters og Peter G. Stillman. „Introduction“, bls. xvii-xxxiv í Jean-Jacques Rousseau, *The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbs*, þýð. Christopher Kelly. University Press of New England, Hanover og London 1995, bls. xviii.

⁷⁸¹ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 325.

verið sagt, ekkert rými sé fyrir nýja sköpun, því sé rétt að víkja sér lengra aftur en áður? Er það vegna þessa að Jón tekur stökkið, fullkomlega, yfir í skrif um utangarðsfólk, um utangarðsmanninn Sölva? Er þetta mjög afgerandi svar við áhrifakvíðanum? Eða væri kannski réttara hér að ganga í smiðju til Pauls Valéry og segja þetta svar við vandræðaganginum sem fylgir seinkomunni? Þá er þetta ekki spurning um ótta/kvíða við að vera undir áhrifum annarra listraent séð heldur hitt, að vera í sjálfsmyndarkreppu, vandræðalegur, vegna þess að maður sé að mæta of seint með það sem maður hefur þó fram að færa, í þessu tilfelli þýðingarnar, endurminningarnar (sem töfðust úr hófi) og hið móderníska ljóð. Valéry skrifar: „Úrslita-augnablik í þróun listar er stundin þegar mikilvægast af öllu, og hin æðsta köllun listamannsins, er þessi: ekki gera það sem þegar hefur verið gert.“⁷⁸²

Fagurfræði Sölva er mönnum ekki eins hugleikin og alls ekki jafn kunn og fagurfræðilegar áherslur síðari tíma manna, því má ætla að parið Jón Óskar / Sölvi Helgason sé ekki með sama móti rekjanlegt saman eins og t.d. Jón Óskar / Rimbaud.⁷⁸³ En hafi Jón verið á þannig flóttu, sem ekkert skal fullyrt um hér, má segja að sá mögulegi flótti hafi verið byggður á misskilningi. Því það er fyrir margra hluta sakir alls ekki skakkt að tengja nútímann og tímaflökt hans saman við grúsk í gömlum fræðum. Deilan um hið nýja og hið forna er gömul eins og t.d. Matei Calinescu bendir á í bók sinni *Five Faces of Modernity*.⁷⁸⁴ Calinescu bendir einnig beint á það að hið nýja er klofið, en hann getur þess jafnframt að ekki sé gott að henda reiður á hvenær sá klofningur verði. Um miðja tuttugustu öldina hafa þó orðið skil á milli þess sem er nýtt í tækni og vísindum, efnahagslegu tilliti og félagslegu, og svo aftur þess sem er fagurfræðilega módernískt eða nútímalegt.⁷⁸⁵ Fyrir vikið eru ekki nein tímaleg takmörk á því fagurfræðilega og hversu nútímalegt það getur talist, það þarf ekki að fást við tæknibyltingar eða ný vísindi á nokkurn hátt heldur getur það notað verkfæri sín í hvað sem er.

Hér skarast hugsun Calinescus að einhverju leyti við þá hugmynd sem hinn sænski Per Faxneld bendir á um augljós tengsl dulspekilegra þátta og módernisma, líkt og greint var frá í öðrum kafla þessarar rannsóknar.⁷⁸⁶ Þetta er rétt að íhuga hér vegna þess að segja má að með báðum þessum áherslupáttum, hinu dulspekilega ferli og svo því nútímalega, allra tíma, sem Calinescu dregur fram, skýrist mögulega hvers vegna Jón Óskar ræðst í það að gera Sölva

⁷⁸² Paul Valéry. *Cahiers / Notebooks 5*, bls. 38.

⁷⁸³ Það er einnig ljóst, þessu til viðbótar, að Jón Óskar telur Sölva til tekna aðdáun þess síðarnefnda á því sem franskt er, mönnum og málefnum. Hann skrifar: „Augljóst er, að Sölvi hefur mjög dáðst að frönsku þjóðinni og frelsishreyfingum hennar á nítjándu öld og ekki síst Napóleón sem hann taldi frelsisforingja.“ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 249.

⁷⁸⁴ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity*, bls. 14-15 og 19 og þar áfram.

⁷⁸⁵ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity*, bls. 41-42.

⁷⁸⁶ Per Faxneld. „„Only Poets and Occultists Believe in Them Just Now“, bls. 93-110.

Helgasyni svo rækileg skil undir lok eigin rithöfundarferils. Hér er undirliggjandi hugmyndin um „upplausn höfundarins“ – höfundinn sem er ekki lengur til staðar í sinni hefðbundnu mynd. Ekki er það einungis svo að Sölvi sé þá þegar uppleystur úr þessu jarðlífi, heldur leysist Jón Óskar upp sem sjálfstæður höfundur undir lokin. Hann fer í annan heim, slæst í för með Sölva og gerist málpípa og umboðsmaður hans og *Frakklandssögu* hins liðna heimspekings. Hugmynd um hreina endurholdgun skýtur upp í kollinn þegar þetta er skoðað með þessum hætti. Þetta flakk á milli heima er *arrière-garde*, hik sem tekur á sig þá ýrtruðu birtingarmynd að fara burt úr heimi; eftirfylgni af öðru sviði. Þetta kallast á við – og á líklega rætur að rekja til ljóðskáldsins Stéphanes Mallarmé sem sjálfur leitaði í leiðsluástand, en í því ástandi trúði hann að sér opnuðust gáttir inn í annan heim sem væru í raun ekki hans sjálfs.⁷⁸⁷ Um þessa hugmynd sína skrifaði Mallarmé í ritgerðinni „Crisis de vers“.⁷⁸⁸ „Innri strúktúr ljóðabókar þarf að vera meðfæddur þannig að breytingar verði ómögulegar og höfundurinn fjarri“⁷⁸⁹ skrifar Mallarmé og hann bætir því einnig við að „allt verði hikandi, uppröðun bókarkafla, innbyrðis skipan þeirra og tengsl“.⁷⁹⁰ Þannig er upplausn höfundarins orðin algjör og fjarlægð hans frá eigin höfundarverki og áhrifaleysi fullkomið. Hikið sem Mallarmé nefnir hlýtur að vekja athygli enda hefur verið bent á það hér að hik er eitt af einkennum fagurfræði eða skáldskaparfræði Jóns Óskars. Vitanlega er Mallarmé á slóðum ljóðagerðar í skrifum sínum en það breytir þó ekki því að hugmynd hans kristallast í bók Jóns um Sölva Helgason og staðfestist enn frekar í útgáfu Jóns á *Frakklandssögu*. Þar við bætist að það er í ljóðagerð Jóns Óskars sem hinn hikandi stíll er hvað mest áberandi. Tengslin á milli hiksins og upplausnar persónuleikans skjóta hér enn og aftur upp kollinum, við enda höfundarverksins er slagkrafturinn frá symbólistunum, áhrifin frá Eliot, Hulme og Camus, orðin slík að erfitt er að mæla gegn þeim. Í raun orðar Jón Óskar upplausn höfundarins, með sínum hætti, í kaflanum „Hver er snillingur?“ í *Hernámsáraskáldum*:

Ef ég væri spurður hvað orðið snillingur merkti nú á dögum, mundi ég segja að það væri maður sem gerði kvikmyndir með miklu auglýsingabrambolti. En í bókmenntum? gæti einhver spurt. Í bókmenntunum? segi ég þá: Enginn. Hugmynd rómantísku stefnunnar um skáldsnillinginn er úr sögunni. Einstaka

⁷⁸⁷ Hér er Mallarmé undir í túlkun en þrátt fyrir að hann hafi leitað í leiðsluástand með vímuefnum er alkunna að til þess að komast í slíkt ástand þurfa hugbreytandi efni alls ekki að koma til. Þetta er hér áréttað því Jón Óskar var mjög á móti fíkniefnum og trúði ekki á samspil fíkniefnanotkunar og listrænna snilldartakta.

⁷⁸⁸ Stéphane Mallarmé. *Divagations*, ritstj. Eugène Fasquelle. Bibliothèque-Charpentier, París 1897, bls. 235-251.

⁷⁸⁹ Stéphane Mallarmé. „Crisis in Poetry“ þýð. Bradford Cook, í *Toward the Open Field: Poets on the Art of Poetry 1800-1950*, ritstj. Melissa Kwasny. Wesleyan University Press, Middletown CT 2004, bls. 157.

⁷⁹⁰ Stéphane Mallarmé. „Crisis in Poetry“, bls. 157.

maður hefur tekið við henni ungur og sleppir henni ekki, en hann er utan veruleikans.⁷⁹¹

Hér hefur verið farið yfir nokkra mögulega þætti sem gætu verið skýring eða gefið skilning á því hvers vegna Jón Óskar snýr sér með svo afdráttarlausum hætti að Sölva Helgasyni. Einn þáttur er þó enn ótalinn, en það er speglunin. Jón velur sterk orð þegar hann er að halda fram málstað Sölva en það gerir hann grímulaust í bók sinni um heimspekinginn norðlenska:

Nú hófst nýr kafli örlagasögu hans. Það varð ef til vill dálítið broslegur kafli í fyrstu, síðan ívafinn djúpum harmi, þar sem skiptast á skin og skúrir, hlátrar og hörmungar, þar sem fegurðin og dauðinn kallast á og skrípamyndir heimsku og mannvonsku birtast andspænis myndum af mestu andans mönnum veraldar.⁷⁹²

Hér er afar sterk réttlætiskennd eða jafnvel, og kannski enn frekar, reiði undirliggjandi, þetta dæmi sýnir vel „hlutdrægni“ Jóns Óskars þegar hann fjallar um Sölva, en Jón Jónsson bendir einmitt á það í bók sinni *Á mörkum mennskunnar* að slík afstaða sé skavanki á bók Jóns Óskars og samkenndin er stundum „yfirþyrmandi“ skrifar Jón Jónsson.⁷⁹³

Jón Óskar á stóran þátt í því að hafa haldið nafni Sölva Helgasonar á lofti. Hann teiknar upp þá mynd af Sölva að þar hafi farið misskilinn snillingur, mikill listamaður, vanmetinn af samtíð sinni, götóttur, en samt snillingur: „Samtíðin þolir ekki snillinga sína. Það er öfuguggaháttur mannlífsins. Að vísu á þetta ekki við um alla snillinga, heldur einkum þá sem kenndir eru við hugsun og list.“⁷⁹⁴ Þessi orð Jóns Óskars eru í raun ekki sögð um neinn sérstakan, auðvitað eru þau í bók hans um Sölva en þetta er almenn speki, sem líklega verður hvorki sönnuð né afsönnuð og hvort heldur það væri hægt er það ekki viðfangsefnið hér.

Eða hvað? Eru þessi orð Jóns, og orðin um djúpan harm og hlátra og hörmungar, kannski allt eins mikið um hann sjálfan og Sölva, jafnvel enn meira um Jón Óskar en Sölva Helgason? Til þess að rökstyðja þessa tilgátu skulu færð fram enn fleiri textabrot úr heimildarsögunni, sem Jón kallar svo, um Sölva: „Blómamyndir og flúrmyndir Sölva eru í ætt við noktúrnur eða prelúdíur með nákvæmni í niðurskipun (kompósísjón)“.⁷⁹⁵ Hér er merkileg þessi samlíking við tónlistina en eins og fram hefur komið oftast en einu sinni í þessari rannsókn hefur það verið

⁷⁹¹ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 203.

⁷⁹² Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 69. Leturbr. GB.

⁷⁹³ Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2018, bls. 212.

⁷⁹⁴ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 227.

⁷⁹⁵ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 232. Jón er einnig með svipaðar samlíkingar á bls. 230.

mjög ríkjandi í umfjöllun um ljóð Jóns að greina í þeim hljómfall, sjá í þeim músíkina sem Jón var einmitt svo fær í að leika og greina.⁷⁹⁶

Og enn má lesa um Jón Óskar í skrifum Jóns um Sölva: „Þau öfl samfélagsins sem Sölvi Helgason, listamaðurinn og hugsuðurinn, hafði þurft að glíma við allt frá barnæsku höfðu verið fjandsamleg.“⁷⁹⁷ Auðvitað þurfti Jón ekki að berjast við sömu rangsleitni og Sölvi en endurminningar hans eru allar markaðar baráttu við öfl sem eru honum mótdræg allt frá því að hann er við nám í Flensburg. Glíman við bókaútgefendur, menningarklíkur, gagnrýnendur og ósanngjarna menn – oft úr röðum skálda. Allt eru þetta þættir sem þegar hafa verið tíundaðir í þessari rannsókn. Jón er, að breyttu breytanda, Sölvi í bók sinni um þann síðarnefnda; hann líður með Sölva í þrengingum hans, útskúfun Sölva er útskúfun Jóns, listamaðurinn Sölvi er listamaðurinn Jón, Frakklandsvinurinn Sölvi er Frakklandsvinurinn Jón.⁷⁹⁸ Þá er og athyglisvert að þeir eiga það sammerkt Jón Óskar, eins og einmitt hefur verið reynt að sýna fram á í þessari rannsókn, og Sölvi að skapa sína eigin ímynd. Jón Jónsson bendir á gott dæmi um viðleitni Sölva í þessa veru í bók sinni *Á mörkum mennskunnar*:

Einu sinni urðum við Sigurður á skyrtunni samferða yfir Heljardalsheiði. Þegar við vorum komnir nokkuð langt frá bænum, bilaði skópvengur hans. Þá léði eg honum hníf, en hann var „engelskur“. Þegar hann hafði gert við skóinn, sprettur hann upp og rekur hnífinn í brjóst mér. Þá vildi mér það til lífs að eg hafði bók á brjóstinu. Það var Mannkynssagan, sem eg ber ávalt, og kom lagið í hana. Þarna fórum við saman og glímdum 9 hrotur. Hann féll allar, því hann er að vísu fílefldur en brauðstirður; en eg er sá mesti glímumaður, sem uppi hefir verið á þessari öld.⁷⁹⁹

Hér kemur Sölvi því ekki aðeins á framfæri að hann sé glíminn svo af beri, heldur víkur hann einnig að lærdómi sínum, bókhneigð. *Mannkynssagan* bjargar lífi hans. Eins má benda á að hann kemur því að í frásögn sinni að hnífurinn sé „engelskur“, það er að segja: Hann er með erlent vopn og væntanlega þá um leið almennilegt.

⁷⁹⁶ Rétt er að taka fram að auðvitað var yfirleitt verið að tala um djass-músík þegar rætt var um tónlistina í verkum Jóns Óskars en hér vísar Jón í klassíska tónlist, en tónlist engu að síður.

⁷⁹⁷ Jón Óskar. *Sölvi Helgason*, bls. 146.

⁷⁹⁸ Ef marka má Ólaf Gunnarsson voru þeir fleiri sem sáu sig í Sölva Helgasyni, um Dag Sigurðarson skrifar hann: „Svo fór hann að tuða vegna Sölva Helgasonar. Það gerðist alltaf ef hann var óhamingjusamur. – Það á að taka verk Sölva Helgasonar og binda þau inn í hátíðarband á kostnað þjóðarinnar, sagði Dagur og skældi sig af bræði. Ég hafði á tilfinningunni að hann hefði frekar sjálfan sig í huga en Sölva.“ Ólafur Gunnarsson. *Listamannalaun*. JPV-útgáfa, Reykjavík 2018, bls. 164-165. Það er rétt að geta þess að þessi bók Ólafs hefur undirtitilinn „Minningaskáldsaga“ og rétt að hafa þess vegna nokkurn fyrirvara um sannleiksgildi þess sem þar er skrifað.

⁷⁹⁹ Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar*, bls. 201-202. Tilvitnun þessa hefur Jón úr grein Ingunnar Jónsdóttir. „Sölvi Helgason“. *Eimreiðin* 1-2/1923, bls. 79-80. Ingunn getur ekki heimildar fyrir þessari sögu.

Jón sér hvernig Sölvi hefur brotist út úr einangrun sinni, með hjálp vísdoms og bókmennta, þrátt fyrir kröpp kjör og greinilega brjálsemi, án skólagöngu og án nokkurrar miðlunar nema eigin rammleiks til þess að fræðast. Jón sér að þetta er sama vegferðin og hann fór sjálfur, hann braut sér leið með sjálfsnámi og lestri – með tungumálanámi og utanferðum. Hér er gagnlegt til skilnings að máta þessa hugmynd um gegnumbrot við hugmyndir Pierres Bourdieu, þar sem hann fjallar um þá sem ná að brjótast út úr sínu félagslega andrúmi án þess að hafa þó notið langrar skólagöngu. Bourdieu bendir á að þetta geti gerst í krafti menningarlegs auðmagns (e. *cultural capital*) sem einmitt standi saman af fremur fáum takmörkuðum eða sjaldgæfum – en virtum – menningarlegum eiginleikum.⁸⁰⁰ Hjá Jóni er það tónlistin (en hana tiltekur Bourdieu einmitt sérstaklega sem dæmi) og svo bókmenntirnar, hjá Sölva myndlistin og þráin og getan til þess þess að afla sér fróðleiks. Hér er einnig tenging við þá stöðu sem Bourdieu gerir líka að umtalfeni, þær aðstæður þegar einhver brýst inn á svið/völl sem viðkomandi er fyrirfram ekki talinn eiga erindi á.⁸⁰¹ En slíkt á sér óneitanlega stað þegar Sölvi storkar höfðingjavaldinu, og einnig, að Jóns mati, þegar hann sjálfur kemur inn í bókmenntahringiðuna sem honum finnst oft vera merkt öðrum, það er að segja risunum Halldóri Laxness og svo þeim sem þéttast stóðu í skjóli Máls og menningar. Hann heldur því meira að segja fram að árið 1940 hafi hann ekki vitað að til væru nein lifandi ljóðskáld á Íslandi „nema Davíð Stefánsson og Einar Benediktsson og líklega Guðmundur Friðjónsson frá Sandi, fyrir utan skólaskáldin okkar“⁸⁰² – maður sem veit ekki betur telur sig auðvitað ekki eiga heima á skáldabekk.

Hér sést endurspeglast togstreitan í Jóni á milli þess að vera nútímalegur (módern) og hins að vera íhaldssamur. Sú stöðuga spenna er afar þung hjá Jóni alla tíð. En hún er ekki sérstök, vegna þess að hún sé óþekkt, heldur er hún sérstök vegna þess að hún mótar allt höfundarverk Jóns Óskars. Í skrifum sínum bendir Matei Calinescu á að hið nýja er á margan hátt höfnun hins gamla; sú sé einfaldlega saga spennunnar á milli þess móðerna og þess klassíska. En hér býr meira undir, sem Calinescu fer einmitt mjög vel yfir og varðar mjög þá mynd sem hér hefur verið dregin upp af höfundarverki og fagurfræði Jóns Óskars. Calinescu bendir á að hugmyndin um framfarir/framþróun (e. *progress*) haldist í hendur við hugmyndina um hnignun (e. *decadence*), hann bætir við: „Menn hins nýja tíma eru þróaðri en á sama tíma ekki eins verðugir og þeir sem á undan gengu.“⁸⁰³

⁸⁰⁰ Pierre Bourdieu. *Distinction: A Social Critique of the Judgement of Taste*, þýð. Richard Nice. Routledge, London og New York, bls. 9-10.

⁸⁰¹ Pierre Bourdieu. *Distinction*, bls. 47. Hér mætti réttilega gera þá athugasemd að um sé að ræða valdavettvanginn í skilningi Bourdieus, en hér er því haldið fram að valdavettvangurinn og menningarvettvangurinn skarist.

⁸⁰² Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 102.

⁸⁰³ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity*, bls. 16.

Hér blasir við hlutverk Jóns Óskars sem bakfylkingarmanns, hann er þegar öllu er á botninn hvolft alls ekki módern maður, hann vill varðveita það gamla.⁸⁰⁴ Hann er verðugur og sér hvað er verðugt, um það bera vitni ljóðapýðingar hans þegar hann þýðir úr deiglu sýmbólismans og einnig í því verki að halda á lofti og varðveita sögu Sölva. Sama má segja um það verk hans að taka saman bókina *Konur fyrir rétti*, en þar segir frá átta dómsmálum gegn konum á nítjándu öld. Hann vill upphefja konurnar sem þar um ræðir, þessar konur áttu það sammerkt að vera undirmálmanneskjur, áður en til sakamála kom, þær voru „nær undantekningarlaust vinnukonur, ógiftar, en hinsvegar oft giftir menn sem höfðu gert þær óléttar, stundum húsbóndinn á heimilinu, þar sem konan var í vinnumennsku.“⁸⁰⁵ Það rennur Jóni til rifja, þetta ofboðslega óréttlæti og þessi gegndarlausu kúgun.

Í þessari bók verður ekki aðeins sagt frá dulsmálum, því það hefði orðið nokkuð einhæft, og aðstaða kvenna kemur mun skýrar fram, ef jafnframt er greint frá málum annarrar tegundar, enda voru konur á nítjándu öld sakaðar um fleira en dulsmál. En þótt sum þessi málaferli séu allfáránleg og reyfaraleg í aðra röndina, þá er hér ekki verið að reyna að búa til skáldskap. Hér er ekkert annað gert en reyna að gæða sögurnar því lífi að sannleikurinn komi fram á þann hátt sem hann blasir við mér í heimildum, en sannleikurinn og fáránleikinn verða eitt á þessum blöðum, þó skýrt sé frá bláköldum staðreyndum.⁸⁰⁶

Af þessu er ljóst að Jón telur sig ekki vera að skrifa skáldskap en þó er hann að „gæða lífi“ dómsmål, aðdraganda og eftirmál sem hvergi eru skrásett nákvæmlega.⁸⁰⁷ Hann er, að eigin mati, að draga saman efni til þess að afhjúpa, sameina sannleikann og fáránleikann. Í þessum skrifum Jóns birtist annálaritarinn Jón Óskar, þarna eru áhrifin frá Camus, sem rætt er um í þriðja kafla, hér að framan, mjög greinileg. Með hlutlægum hætti spinnur Jón texta við gömul dómsskjöl, með mjög faglegum, fallegum og hlutlausum hætti. Þó á hann það til, eins og Gísli Ágúst Gunnlaugsson bendir á, að „dæma fortíðina út frá réttarvitund nútíðar“.⁸⁰⁸ Þessi afstaða Jóns Óskars er ögn lituð því að hann vill stundum gerast of tilfinningasamur gagnvart viðfangi

⁸⁰⁴ Hér mætti jafnvel segja í stað „það gamla“ „hið gamla nýja“, þ.e. það sem var nýtt áður og fyrrum.

⁸⁰⁵ Jón Óskar. *Konur fyrir rétti*, bls. 9.

⁸⁰⁶ Jón Óskar. *Konur fyrir rétti*, bls. 10-11.

⁸⁰⁷ Þegar hér er sagt að þetta hafi ekki verið skrásett nákvæmlega, er átt við að heildstæð úttekt á þessum málum hafði ekki farið fram og lítið verið skrifað um réttarsögu. Og þegar þarna er komið sögu er ekki komið út rit Gísla Ágúst Gunnlaugssonar. *Því dæmist rétt vera: Afbrot, refsingar og íslenskt samfélag á síðari hluta 19. aldar*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991.

⁸⁰⁸ Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Því dæmist rétt vera*, bls. 10. Gísli Ágúst ber að nokkru saman umfjöllun Jóns Óskars um þessi mál og svo það sem Már Jónsson heldur fram um sama í *Dulsmál á Íslandi 1600-1920*. [cand. mag.-ritgerð í sagnfræði], Háskóli Íslands 1985. Gísli bendir réttilega á að að vissulega séu ólíku saman að jafna þar eð Jón Óskar gefi sig ekki út fyrir að vera fræðimaður. Niðurstaða þessa samanburðar Gísla er sú að nokkur meiningamunur sé á milli Jóns og Más t.d. hvað varðar stöðu ógiftra vinnukvenna sem urðu barnshafandi. Sjá: Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Því dæmist rétt vera*, bls. 32.

sínu, líkt og bent hefur verið á að var á köflum raunin í bók hans um Sölva Helgason. Það er dæmigerð bakfylkingarafstaða að koma „eftir á“ og leggja dóm á eða meta, þá hefur maður sviðið allt undir, horfir yfir vígvöllinn, svo notað sé líkingamál úr upphaflegu málumhverfi orðsins *arrière-garde*.

Þrátt fyrir þetta heppnast Jóni Óskari ágætlega í þessari bók, en sú spurning vaknar óneitanlega hvað hann sé að gera, fyrir utan þá ætlun sem hann lýsir. Jú hann er að endurskoða gamalt, setja í nýtt ljós og gera að einhverju leyti að sínu, hann er að rétta hlut, endurskrifa sögu, færa fortíð til samtíðar. Allt eru þetta kunn stef í höfundarverki Jóns, hér er aðeins sú breyting að hann er ekki lengur að sýsla með skáldskap heldur sögulegar heimildir. *Arrière-garde* hlutverkið blasir engu að síður við, Jón Óskar hefur aðeins skipt um hráefni.

Þær konur sem Jón fjallar um og eru nánast nafnlausar sálir í réttarsögunni, þrátt fyrir að vera allar tilgreindar með nafni og heimilsfesti, eru Jóni hugleiknar vegna réttlætiskenndar hans, en ekki síður vegna þess að þarna er eitthvað að berjast fyrir, þótt seint sé. Eða öllu heldur vegna þess að það er seint, þetta er *arrière-garde* gjörð. Sjálfur segir Jón: „Að vísu kann einhver að segja, og með réttu, að ég sé að skrifa varnarrit fyrir konurnar“.⁸⁰⁹ Hér er það svart á hvítu, þetta er varnarrit. Flestar þessar konur eru á dögum þegar nánast er óhugsandi að kona taki til varna, en með því að taka upp hanskann fyrir þær undirstrikar Jón Óskar um leið að þessar konur áttu aldrei möguleika á vörn og þá ekki heldur varnarriti í anda þess rits sem Jón Óskar skrifar fyrir Sölva Helgason – og Jón Óskar. Þessi skrif Jóns eru þó ekki „bara“ *arrière-garde* vegna þess að hann sé að taka upp gamla baráttu, fylgja eftir fyrir þann sem áður var órétti beittur. Þarna er annar flötur á. William Marx bendir á að það liggi fyrir bakverðinum að hverfa til þess sem var, til þess ástands sem áður var í textagerð – áður en baráttan hófst (munum að þetta er hernaðarmál). Því merki það að skrifa einnig það að endurskrifa og inni í því megi þess vegna vera endurritun sögunnar. Hér er Jón Óskar að endurrita söguna, hann er enn og aftur að „leiðrétta missagnir.“⁸¹⁰

Speglun hans sjálfs í Sölva Helgasyni undirstrikar þetta enn frekar, hann nemur staðar við það sem var, hann er staddur á tímabelti sem er alls ekki ólíkt því sem Calinescu talar um þegar hann lýsir hvörfum þeim sem verða við endurreisnina. Þá varð vitundin um mótstöðuparið „nýtt/gamalt“ svo mikilvægt. Á þeim tíma kom til endurskoðunar sjálf heimsmyndin, þá þóttust menn lifa þá tíma að þeir skynjuðu fullkominn hégóma allra hluta og niðurrif tímans sem þess hugtaks sem hann áður hafði verið, vitundin um framþróun í tíma varð afgerandi.⁸¹¹ Það er

⁸⁰⁹ Jón Óskar. *Konur fyrir rétti*, bls. 10.

⁸¹⁰ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 70.

⁸¹¹ Matei Calinescu. *Five Faces of Modernity*, bls. 19.

eðlilegt að halda því fram að Jón Óskar og samtíðarmenn hans hafi lifað sambærilegan tíma; heimsmyndin kollvarpast undir atómsprengjunni og menn vakna til meðvitundar um að tíminn sé takmarkaður – og kannski ekki eins kórréttur og endurreisnarmennirnir sáu hann verða þegar þeir höfðu tekið hann í sínar hendur. Þannig er fullkomlega rökrétt að halda því fram að kynslóð kalda stríðsins hafi ekki bara upplifað hégóma allra hluta heldur einnig tímans, eða í það minnsta forgengileik hans, í stað þess að vera ætíð að móta framtíð eins og endurreisnarmenn héldu að væri viðfangsefnið. Þannig má halda því fram að bakvarðarhlutverkið liggi í andrúminu og vitundinni og verðugleikanum til þess að taka við því sem var og færa það til framtíðar. Hvort svo slíkar gjörðir flokkast undir hið vafasama hugtak „framþróun“, sem er afkvæmi nútímahyggju og kapítalisma, er stórt vafamál.⁸¹²

Eins og fram hefur komið er hugtakið *arrière-garde* gagnlegt til þess að gera fjölbreytileika síðustu aldar skil í fagurfræðilegu tilliti, það er að segja til þess að festast síður í gömlum og fastmótuðum hugmyndum. Þessi öld var starfsvettvangur Jóns Óskars og eins og öldin var fjölbreytileg voru viðfangsefni Jóns margbreytileg. Því er hugtakið, líkt og bent er á í upphafi þessarar rannsóknar, kjörið til þess að rýna þátt Jóns. Í grein sinni „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes?“ segir William Marx:

Það þurfa mörg þegar að renna saman til þess að *arrière-garde* gangi upp: þegar hugmyndafræði um listræna framför hefur djúp áhrif á fjöldann, þegar fjöldinn, fastur í ómótstæðilegum skriðþunga stefnunnar, skilur sig *ipso facto* frá hinum sem eftir verða, þegar fólkíð trúir einlæglega á framfarir í listum, þá hefst *arrière-garde* tímabilið fyrir alvöru. *Arrière-garde* birtist sem óhjákvæmileg afleiðing þróunar, myndast á ákveðnu stigi nútímavæðingunni í hag.⁸¹³

Hér er um mjög athyglisverða klausu að ræða. Jón Óskar er oft staddur á flekamótum stefna, hann vinnur með sýmbólistana frönsku sem boðuðu sterkar nýjungar á sínum tíma og hann gerir þá að nýjung hér heima og steypir þeim í raun saman við þá formbyltingu sem átti sér stað í íslenskri ljóðagerð um miðja síðustu öld. Það sem meira er þá nær Jón að lifa, svo bara fátt eitt sé nefnt, það sem kallað hefur verið sósíalraunsæi, módernisma í skáldsagnagerð og ljóðagerð, hann sér popplistina rísa og hníga, hann er vitni að ótal hræringum í tónlist og svo

⁸¹² Bjartsýn mynd um gegndarlausar framfarir sem hluta af nútímahyggju er telur alla möguleika óendanlega, eða svo gott sem, gengur ekki upp. „Það sem einkum einkennir þessa bjartsýnu mynd er trúin á framfarir. Ekki aðeins tilviljunarkenndar framfarir eða framfarir sem stafa af góðum vilja fólks, heldur ótakmarkaðar og eilífar framfarir, framfarir sem eitthvað eðlilegt og nauðsynlegt. Þetta er alveg ný hugsun í hugmyndasögunni. Hér kalla ég hana framfaragoðsögn nútímans.“ Georg Henrik von Wright. *Framfaragoðsögnin*, þýð. Þorleifur Hauksson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2003, bls. 73.

⁸¹³ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 63.

mætti lengi telja. Jón Óskar bakkar inn í framtíðina, svo gripið sé til frasa frá Valéry.⁸¹⁴ Undir lokin á ferli sínum má segja að hann búi sér til sín eigin flekaskil, hann tekur til við að ítreka mjög umfjöllun sína um þá sem heita mega utangarðs og kórónar það með áðurnefndum verkum um og eftir Sölva.

En þessi sýn, þessi greining sem höfð er eftir William Marx, er alls ekki einstæð og í raun er hún ekki ný fyrir bakfylkingarmanninum Jóni Óskari. Hér birtist, með örlitlum áherslubreytingum, sama hugsun og var svo rík í T.E. Hulme sem áður hefur verið nefndur sem áhrifavaldur á Jón Óskar og fagurfræði hans; svo ekki sé minnst á hugmyndir T.S. Eliot, sem áður hafa verið reifaðar að nokkru, en í þessu sambandi er rétt að ítreka þessi orð Eliots, sem í raun fela í sér sterka *arrière-garde* hugsun:

Eitt af því sem þá gæti komið í ljós er sú hneigð okkar, þegar við berum lof á skáld, að leggja megináherslu á þá þætti skáldverks er greina höfund þess frá öllum öðrum höfundum. Þannig teljum við okkur finna það sem er einstaklingsbundið og sérstætt við viðkomandi mann. Við stöldrum full ánægju við það sem greinir skáldið frá fyrirrennrum þess, einkum þeim er fóru næstir á undan; við reynum að finna eitthvað sem unnt er að einangra til að njóta þess. Ef við nálgumst skáld án þessara fordóma kæmumst við oft að því að bestu og jafnvel frumlegustu þættirnir í verki þess geta verið þeir sem birta hvað skýrast ódauðleg áhrif hinna dauðu skálda, fyrirrennara þess. Og ég á ekki við hrifnæmt uppvaxtarskeið skáldsins, heldur þroskatíma þess.⁸¹⁵

Það er síðan í *Birtingi* árið 1958 að Björn Th. Björnsson listfræðingur skrifar grein sem hann kallar „Fegurð?“. Björn er í þessu fremur stutta greinarkorni að skoða þá þjóðfélagslegu þætti sem hafa áhrif á fegurðarskyn fólks. Og einnig er hann að varpa ljósi á hvað veldur stórbreytingum, í þessu tilliti, í listum og listasmekk manna. Björn nefnir til sögunnar alveg sérstaklega, í nokkuð löngu máli, T.E. Hulme:

Í þessu efni hneigist ég að nokkuð svipaðri skoðun og fram kemur hjá enska heimspekingnum Hulme, en hún er í meginatriðum á þessa leið: Meðan allt lífsviðhorf mannsins er í mjög föstum skorðum, trúarlega sem þjóðfélagslega, meðan hann finnur ekki neina þörf til þess að umbreyta veröld sinni, en unír ánægður við hana eins og hún er, finnur hann fegurð í þeirri list, sem endurspeglar umhverfi hans, mannlegar athafnir og hann sjálfan. Þesskonar tími var grísk-klassíska tímabilið og endurreisnaröldin. Þegar hinsvegar slíkur tími líður undir lok, – en upplausn hans virðist alla jafna birtast í ofhlæði, þ.e. einhverskonar barokklist, og síðar í mjög smásmugulegum natúralisma, - tekur við tímabil, þar sem allar forsendur hins gamla eru á burtu og heimsmynd

⁸¹⁴ Paul Valéry. *Outlook for Intelligence*, þýð. Denise Folliot og Jackson Mathews. Harper Torchbooks, New York 1963, bls. 113.

⁸¹⁵ T.S. Eliot. „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“, bls. 44.

mannsins er enn mjög sundurlaus. Hann er leitandi á öllum sviðum, þjóðfélagslega sem menningarlega, allt þarf að prófa, ekkert er með öllu tryggt. Slíkt tímabil er deigla nýrra hugmynda og afleiðing þess, að maðurinn stendur andspænis nýjum tæknilegum möguleikum, nýjum þjóðfélagslegum viðhorfum. Á slíkum tímabilum (og okkar öld er einmitt slík) leitar maðurinn þeirrar festu í listum, þess kerfisbundna og þess algjöra, sem á skortir í viðhorfi hans til veraldarinnar. Slíka fullnægju finnur hann til dæmis í hreinleika nútíma byggingarlistar, í hreinum flatarmálverkum eða þá mjög stílfærðum, í konstrúktífri músík, í einföldum og formhreinum nytjahlutum.⁸¹⁶

Í þessum skrifum Björns Th. enduróma ekki aðeins hugmyndir Hulmes heldur er hér einnig verið að lýsa *arrière-garde* einkenninu sem vitnað var til að framan: „þegar fólkið trúir einlæglega á framfarir í listum, þá hefst *arrière-garde* tímabilið fyrir alvöru. *Arrière-garde* birtist sem óhjákvæmileg afleiðing þróunar, myndast á ákveðnu stigi nútímavæðingunni í hag.“⁸¹⁷ Þegar þessu hefur verið raðað saman er ljóst að Jón Óskar er bakfylkingarmaður af bestu gerð, hann stendur í eldlínunni þegar hvert einasta *þegar* hefur verið uppfyllt. Hann lifir öld þar sem allt er úr skorðum: „Úr liði er öldin! Ó mig hryllir við / þeim örlögum að kippa henni í lið“.⁸¹⁸ segir Hamlet. Jón vill þó gjarna kippa öldinni í liðinn og því er það einmitt að hann birtist okkur sem *arrière-garde*, hann er ekki aðgerðarlaus.

Arrière-garde er, eins og komið hefur fram, úr hernaðarmáli. Það lýsir þeim sem eru á eftir, koma á eftir, og ljúka verkinu. Það er nákvæmlega það verk sem Jón Óskar hefur með höndum. Hann er að „ljúka“ verki sýmbólistanna þegar hann þýðir ljóð þeirra yfir á íslensku, en þar var hann í því að leita aftur og færa þá fram. Hann er stöðugt í hlutverki bakfylkingarmanns þegar hann heldur fram þeim mönnum sem taldir höfðu verið utangarðs, minnst þeirra, talar vel um þá. Og síðast en ekki síst er hann *arrière-garde* þegar hann lýkur verki Sölva Helgasonar, tekur handskrifuð blöð hans á Landsbókasafni og kemur á bók, *Frakklandssagan* fær loks vængi eftir áratugi – og Jón færir Sölva sjálfan enn sterkar fram með því að skrifa ævisögu hans, rétta hlut hans.

Hér er því haldið fram, þessu til viðbótar, að Jón Óskar hafi með ritun sinni á sögu Sölva og áhuga á skrifum Sölva sjálfs verið að ljúka eigin verki, stilla sjálfum sér upp: líkt og sýmbólistunum, líkt og utangarðsmönnum, líkt og Sölva Helgassyni. Speglun Jóns er fullkomin. Í ævisögunni um Sölva má lengi vel ekki á milli sjá hvort Jón Óskar er að skrifa um Sölva Helgason eða Jón Óskar Ásmundsson. Hér fullkomnast sú gjörð að „ljúka verki“, því

⁸¹⁶ Björn Th. Björnsson. „Fegurð?“ bls. 48-52 í *Birtingur* 3-4/1958, bls. 51.

⁸¹⁷ William Marx. „The 20th Century: Century of the *Arrière-Gardes*“, bls. 63.

⁸¹⁸ William Shakespeare. *Hamlet* I.v., þýð. Helgi Hálfðanarson. Mál og menning, Reykjavík 1983, bls. 143.

bæði er lokið höfundarverki Jóns og Sölva. Samsömunin er algjör, þetta er síðasta bindið í sjálfsævisagnabálki Jóns Óskars.

Samsömun af þessu tagi er ágætlega þekkt fyrirbæri í ævisöguritun, en sú staðreynd dregur síst úr mikilvægi þess hér. Til dæmis má benda á að skáldkonan og leikskáldið Frances Burney⁸¹⁹ greinir afar snemma slíka samsömun í tilfelli einhvers frægasta ævisöguritarara allra tíma, James Boswell, þess sem ritaði um Dr. Samuel Johnson. Burney segir frá því að Boswell hafi komið sér upp talanda og ýmsum háttum í gegnum það eitt að vera alltaf að hugsa um Johnson og svo bætir hún við: „Sérhver svipur og hreyfing birti annað hvort af ásetningi eða óviljandi, eftirlíkingu. Vissulega ekki í því skyni að skopskæla, því lotning hans fyrir Dr. Johnson var líkust skurðgoðadýrkun.“⁸²⁰ Mjög sterkt dæmi er til um svipaða hugmynd í íslensku samhengi. Árni Hallgrímsson skrifaði í Helgafell greinarkorn um Þórberg Þórðarson og þar segir meðal annars:

Ekki nóg með að hann festi á blað af stakri alúð frásögur séra Árna um fast og laust ásamt lærdómum þeim, er sögumaður hafði af þeim dregið – ekki nóg með að hann legði sig í líma til þess að sérkenni frásagnarinnar fengju að njóta sín að fullu. Nei, Þórbergur lifði sig svo inn í starfið og persónuleik sögumannsins, að hátterni hans allt á þessu tímabili dró að verulegu leyti dóm af persónu hins aldna yoga, sem hann var í svo náinni samvinnu við. Hann tileinkaði sér raddblæ séra Árna og ræðusnið, svipbrigði hans, göngulag og látæði allt – til mikillar skemmtunar kunningjum sínum. Það mátti nærri því segja, að hann væri séra Árni. Ég hygg, að Þórbergur hafi aldrei á ævinni verið nær því en á þessu tímabili að afklæðast persónuleikanum (svo maður taki sér í munn þessa margjöpluðu jórturtuggu óhlutvandra blaðaskriffinna, hverra helzta íþrótt er að rangfæra orð sér vitrari manna. Um þá segir Þórbergur á einum stað, að þeir hafi enga dímensjón aðra en lygina).⁸²¹

Þannig er með ævisögur að þær, líkt og svo sem aðrar bókmenntir, sleppa aldrei undan þeim sem skrifar þær. Sérstaða þeirra felst hinsvegar í þeirri þversögn að þær eiga ætíð að fjalla um annan einstakling en þann sem skrifar. Sjálfur sagði Þórbergur um eigið hlutskipti eftir að hafa skrifað ævisögu síra Árna: „Og þegar ég hafði lokið ævisögu sr. Árna, var ég búinn að fá gamals manns hreyfingar.“⁸²²

⁸¹⁹ Frances Burney (1752-1840) var einnig kunn undir gælunafninu Fanny Burney en síðar varð hún Madame d'Arblay.

⁸²⁰ Frances Burney. *Dr. Johnson & Fanny Burney; Being the Johnsonian Passages from the Works of Mme D'Arblay*, ritstj. Chauncey Brewster Tinker. Moffat, Yard and Company, New York 1911, bls. 288-289.

⁸²¹ Árni Hallgrímsson. „Sundurloast rabb um Þórberg Þórðarson“, bls. 21-38 í *Helgafelli* 3/1954, bls. 32-33.

⁸²² Matthías Johannessen. *Í kompaní við allífið*. Helgafell, Reykjavík 1959, bls. 215.

4.2. Bóhemían sem skipulagt kaos

Það hefur verið bent á að þrátt fyrir að ringulreið eða jafnvel uppreisn ríki innan tiltekins hóps þá finnst þar alltaf ákveðin regla eða skipulag í allri óreiðunni. Óreiðuhópurinn hefur með öðrum orðum á sér strúktúr sem þjónar tilgangi. Þetta á mjög vel við um bóhemíuna.

Til þess að greina þetta ástand má notast við hugtak úr smiðju Lévi-Strauss: hómólógía.⁸²³ Það á vel við, fyrir utan að vera greiningartæki, því goðsagan er auðvitað sú að bóhemían sé óreiða og flækjukenndur undirheimur, án nokkurrar reglufestu. En þegar betur er að gáð ríkja þar ákveðin gildi, þar er t.d. stéttaskipting, þar eru siðareglur og þar er pláss fyrir ýmsar gerðir skipulagðs skipulagsleysis. Þessa lagskiptingu og skipulag má sjá hjá Jóni Óskari og í þeirri bóhemíu þar sem hann teiknar sjálfan sig upp sem þátttakanda og í þeirri „undirbóhemíu“ sem hann greinir sig frá, en það gerir hann rækilega eins og sýnt verður fram á síðar í kaflanum. Einnig má sjá hvernig hann dregur línur á milli manna þvert yfir landamæri og tímaskeið til þess að skipa viðkomandi einstaklingum saman í undirflokkka bóhemíu eða önnur samfélög sem talist hafa utangarðs.

Það er viðurkennt og rétt að rithöfundar sem og aðrir listamenn tilheyra mismunandi stefnum. Þá er það oftast ekki þannig að hefðin gefur þeim viðeigandi stimpla þegar myndin af listumhverfinu hefur styrkt sig og tekið á sig eins endanlega mynd og vænta má. Þannig mótmæla því fáir að Magnús Stephensen tilheyrði upplýsingastefnunni, Bjarni Thorarensen hafi verið rómantískt skáld en Svava Jakobsdóttir móðernisti. Þetta er ekki flókin flokkun þótt oft komi upp deilur um það hvort fólk sé sett á réttan bás. Önnur flokkun í listumhverfinu er minna umtöluð sem flokkun, en sú kallar hinsvegar á margar sögur og greinir oft frá kynlegum kvistum, en í raun nærst sú flokkun nokkuð á goðsögnunum sem umlykja hana. Þetta er flokkun listamanna í þá sem rekast með „réttum hætti“ í samfélagi manna og svo hinna sem teljast utangarðs.⁸²⁴ Pierre Bourdieu skoðar einstaka þætti þessarar félagsfræði og bendir meðal annars á hve bóhemían sé tvíbent samfélag, þar kemur til dæmis markaðurinn inn. Rithöfundar og listamenn þarfnast markaðarins og á markaðnum fá þeir myndina af „almenningi“ sem þeir bæði heillast af og fyrirhlíta – og öfugt. Þeir villast á borgurum og alþýðu og þeir sjálfir gera sér upp myndir af eigin hópi, svæði, og hlutverki sínu í samfélaginu.⁸²⁵

⁸²³ Claude Lévi-Strauss. *Structural Anthropology*, þýð. Claire Jacobson og Brooke Grundfest Schoepf. Basic Books, New York 1963, bls. 232-233. Lévi-Strauss er að skoða samspil goðsagna og helgisíða þegar hann kemur fram með þetta hugtak.

⁸²⁴ Claude Lévi-Strauss. „Formgerð goðsagna“, þýð. Gunnar Harðarson, *Spor í bókmenntafræði 20. aldar* ritstj. Garðar Baldvinsson o.fl. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 74.

⁸²⁵ Pierre Bourdieu. *The Rules of Art: Genesis and Structure of the Literary Field*, þýð. Susan Emanuel. Policy Press, Cambridge, 2001, bls. 56-58.

Það er félagslegur þáttur að vilja tilheyra ákveðnum hópi. Auðvitað tilheyrir hver maður oftast mörgum hópum en þessi þörf að vera hluti af er afar sterk. En um leið og maður vill vera í tilteknum hópi er hann auðvitað um leið að aðgreina sig frá öðrum mönnum sem eru þá í öðrum hópum. Oft lesa menn í sjálfsmynd sína einhverja þá þætti sem aðgreina þá frá öðrum, skilgreina sig út frá hinum – sækja m.ö.o. sjálfsmynd sína í það sem þeir telja andstæðu sína. Hér má einnig styðjast við hugmyndir Lévi-Strauss um andstæðupörin, þá væri andstæðuparið hér utangarðs vs. innangarðs. Það er einnig viðeigandi að vísa hér til Lévi-Strauss, því þá sem eru utangarðs einkenna frekar goðsagnir en hina sem eru innangarðs. Þeir sem eru utangarðs þrífast á því að þeir eigi sér andstæðuna – þeir eru skáld, bóhemar, jaðarmenn, jafnvel afbrotamenn sem þó stunda list. Þeir eru andborgaralegir, það er þeirra sjálfsmynd. Það að hið borgaralega auga nemur staðar við það sem utangarðs má teljast, svo sem bóhemíuna, er ekki vegna þess að þar ríki sundurleysi. Reyndar má það vera að sá sem horfir telji að hann horfi þess vegna, en í raun nemur augað staðar vegna þess að hið kaotíska bóhemíska er þaulskipulagt, þar ríkir skipulag sem gerir bóhemíuna (eða annað utangarðs) þess virði að nema staðar og gefa því gætur. Lykillinn að þessu er sá að jaðarhópurinn skilgreinir sig sjálfur, hefur á sér einkenni eða aðalsmerki í klæðnaði eða lífsstíl sem hann er meðvitaður um, það fer fram sviðsetning – sviðsetning sem þó er ætíð byggð á mjög valkvæðu minni.⁸²⁶ Þá hefur jaðarhópurinn tungumál, framkomu og innbyrðis tengingar einstaklinga sem þekkja sitt hlutverk innan hópsins og lúta þar ákveðnum óskrifuðum lögmálum. Þetta eru allt táknmyndir sem hópurinn skilur til fulls en utan að komandi auga nemur aðeins sérstöðuna – gagnvart sjálfum sér, að hér er eitthvað „öðruvísi“.⁸²⁷ En hver er „öðruvísi“? Bandaríski félagsfræðingurinn Howard S. Becker kaus að skilgreina það á mjög einfaldan en um leið gagnlegan hátt: „Sá sem hefur fengið á sig fráviks merkimiðann er talinn frávik. En frávikshegðun er sú hegðun sem fólk hefur einfaldlega ákveðið að sé slík hegðun.“⁸²⁸ Samfélaginu er með öðrum orðum í sjálfsvald sett að ákveða hver sé öðruvísi.

Ef hin borgaralega stétt hefði ekki slíka hópa að miða sig við væri hætt við að líf hennar væri tómlegra og ef jaðarhópurinn hefði ekki sitt skipulag – sem hann einn skilur – eru líkur á því að sá hópur myndi fljótlega hverfa. Þessi staðreynd minnir á orð Henris Lefèbvre: „Við

⁸²⁶ Mike Sell. „Bohemianism, the Cultural Turn of the Avantgarde, and Forgetting the Roma“, bls. 41-59 í *The Drama Review* 51:2 (sumar 2007), bls. 42, 46-48.

⁸²⁷ Sjá um þetta t.d.: Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 159-178. Sjá einnig: Charlotte Charteris. „Inside Julian Maclaren-Ross’s Closet: Clothing as Communication in Wartime Britain“, bls. 320-335 í *Journal of War & Culture Studies* 7/2014.

⁸²⁸ Howard S. Becker. *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. The Free Press, New York 1963, bls. 9. Taka verður fram að Becker er að mestu að ræða afbrotamenn þegar hann ræðir frávik en þó ekki alltaf og því er skilgreining hans gild í þessu samhengi, eins og verður sýnt fram á síðar í þessari rannsókn.

erum umkringd tótleika, en það er tótleiki fullur af táknum.⁸²⁹ Það er táknmálið og svo andstæðurnar sem gera lesturinn á þessu umhverfi mögulegan. En telja má víst að aldrei verði neinn endanlegur lestur mögulegur í þessu samhengi.

Þegar Jón Óskar fer að draga fram hvern sérstæða bóheminn á fætur öðrum, jafnvel menn sem jöðruðu við að vera götunnar menn, þá er hann um leið að greina frá því að hann sjálfur tilheyrir öðru bókmenntakerfi en þeir tilteknu einstaklingar. En vegna þess að Jón Óskar gefur þessum mönnum gaum, þá verður lesanda ljóst að Jón er einnig í öðru bókmenntakerfi en þau stórskáld sem rituðu æviminningar sínar og settu í annað samhengi, stórt samhengi. Það má spyrja sig hvort þessi sena íslenskrar bóhemíu sem Jón dregur upp sé endurspeglun á gömlu frönsku bóhemíunni. Og svarið blasir við: Hér er Jón Óskar að flokka, líkt og sjálfur Henri Murger greinir niður mismunandi tegundir bóhema í formála sínum að *Scènes de la vie de bohème* (1851), en þar eru mest áberandi: „Sanna bóhemían“, þar sem eitthvað verður úr mönnum, þeir eiga listrænt erindi og snillingarnir sem þar eru munu alltaf ná sér á strik, finnast; en svo er það „Týnda bóhemían“, þar eigna þeir um sem eigna sér ekki viðreisnar von og í raun enga framtíð, týnda bóhemían er, segir Murger, *cul-de-sac*, öngstræti.⁸³⁰

Hér er þá kominn enn einn *arrière-garde* vinkillinn. Jón fjallar um þessa senu, bæði í hliðartextum⁸³¹ með ljóðapýðingum sínum og í frumortum ljóðum og hún er til umfjöllunar héraendis með margvíslegum hætti. Má þar t.d. nefna greinar, misstuttar, um þau skáld og listamenn sem Jón þýðir margar greinar um í t.d. *Birtingi*.

Í inngangi að *Ljóðastund á Signubökkum* kveður Jón Óskar afdráttarlaust upp úr með það að atómkveðskapurinn sé afsprengi franska skólans: „Allt er þetta [allar hræringar í ljóðlist 20. aldar] komið frá breytingaskáldunum í Frakklandi, sýmbólistunum og uppreisnarskáldunum, einnig atómkveðskapurinn íslenski.“⁸³² Einnig skrifar Jón, og er það í raun ákveðin lykll að því sem segir í fyrri tilvitnun: „Þegar ég kynnti hér nýstárlega franska ljóðagerð í bókarkveri 1963“.⁸³³ Hér fer ekki á milli mála að það er að mati Jóns hann sjálfur sem hrindir af stað ljóðbyltingunni. Þannig er það ekki aðeins í eigin skrifum sem Jón Óskar gerir grein fyrir íslenskri bóhemíu, hann færir landanum frönsku bóhemíuna í gegnum „breytingaskáldin“.

⁸²⁹ Henri Lefèbvre. *Everyday Life In the Modern World*, þýð. Sacha Rabinovitch. Harper & Row, New York, Evanston, San Francisco og London 1971, bls. 135.

⁸³⁰ Henri Murger. *Scenes from the Latin Quarter*, þýð. ekki getið. Capuchin Classics, London 2010, bls. 24-25.

⁸³¹ Varðandi hliðartexta er rétt að benda á: Gerard Genette. *Paratexts: Thresholds of Interpretation*, þýð. Jane E. Lewin. Cambridge University Press, Cambridge 1997.

⁸³² Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 51.

⁸³³ Jón Óskar. *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 51. Orðið „nýstárlega“ stingur hér í augu. Skáldin sem áttu ljóð í þessari bók Jóns frá árinu 1963 voru fædd á árabílinu 1846-1895.

4.3. Játningagrunnurinn

Látum lúður dómsdags hljóma þá hann vill; ég mun, með bók þessa í höndum mér, koma fram fyrir dómstól hins almátka. Ég mun hrópa: „Hér eru verk mín, það sem ég hef hugsað, það sem ég hef verið. Af hreinskilni hef ég greint jafnt frá góðu sem illu. Ég leyni engu illu, ég hef engu góðu viðaukið. Og hafi mér orðið það á að fegra framgöngu mína, þá er þar um að kenna minnisglöpum mínum og sem þá knúðu mig til þess að fylla í eyðurnar. Ég hef ætlað það satt er ég vissi að gæti verið svo, aldrei hitt er ég vissi rangt. Ég hef lýst mér eins og ég var, fyrirlitlegum og lítilmótlegum þá er ég var þannig, góðum, greiðasömum og háleitum þá er ég var með þeim brag. Ég hef afhjúpað minn innri mann eins og þú hin eilífa vera hefur séð hann. Smala þú saman þeim mikla fjölda meðbræðra minna og lát þá hlýða á játningar mínar, lát þá stynja undir breyskleika mínum, lát þá skjálfa undir þjáningum mínum. Lát síðan hvern af þeim koma að fótiskör þíns hásetis og jafn hreinskilningslega og ég hef gert, afhjúpa hug sinn. Og prófa svo hvort nokkur þeirra þori að segja við þig: Ég var betri en þessi maður.“⁸³⁴

Maður sem skrifar með þessum hætti er ekki hræddur við þá einkunn sem framtíðin muni færa í kladdann hans, enda ætlar hann sér að láta liggja eftir svo um munar. Hann ætlar sér að eiga síðasta orðið, alltaf.⁸³⁵ Þessi texti er einnig hans eigin mátulega hógværi dómur um sjálfs sín ágæti. Jean-Jacques Rousseau verður ekki sakaður um minnimáttarkennd, né heldur um gildi eigin sjálfsgagnrýni. En í þessu sjálfðæmi virðist líka birtast einskonar kjarni þeirra játningabókmennta (sem eru svo sem ekki allar hefðbundnar játningabókmenntir) sem eru undir hér í fjórða kafla. Þessar bækur virðast þróast þannig: Þær hefjast sem játningabókmenntir en enda sem varnarrit. Vitaskuld er þetta ekki alltaf jafn skýrt, en þó alltaf afdráttarlausast hjá sjálfum Rousseau. Einnig er Papini⁸³⁶ mjög afgerandi hvað þetta varðar, þrátt fyrir að hann nefni ekki að um játningarit sé að ræða við upphaf síns verks. Þar sem *Játningar Ágústínusar* hafa á sér hvað sterkastan blæ varnarrits er hugsun hans einmitt ekki óáþekk þeirri löngu tilvitnun í Rousseau sem er hér að framan, Ágústínus segir í 10. bók:

Hvað varðar mig sem sagt um menn, hvort þeir heyra játningar mínar? Rétt sem væru það þeir, er mættu lækna öll mín mein! Svo er þeirra kyni háttað, að þeir eru fúsir að hnýsast í líf annarra en tregir að umbæta sitt. Hví vilja þeir heyra hjá mér, hver ég er, fyrst þeir vilja ekki heyra hjá þér, hverjir þeir eru? Og þegar þeir heyra mig tala um sjálfan mig, hvernig vita þeir þá, hvort ég segi satt?

⁸³⁴ Jean-Jacques Rousseau. *The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbes*, þýð. Christopher Kelly, ritsstj. Christopher Kelly, Roger D. Masters og Peter G. Stillman. University Press of New England, Hanover og London 1995, bls. 5.

⁸³⁵ Christopher Kelly, Roger D. Masters og Peter G. Stillman. „Introduction“ í Jean-Jacques Rousseau, *The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbes*, bls. xviii.

⁸³⁶ Giovanni Papini. *The Failure*, 1924.

Enginn veit, hvað með manni býr, nema andi mannsins, sem í honum er. En heyri þeir þig tala um sig geta þeir ekki sagt: Drottinn lýgur.
Að heyra þig tala um sig, hvað er það annað en að þekkja sjálfan sig? Og hver nær að þekkja sjálfan sig og segir þó: „Þetta er lygi“, nema hann sé að ljúga sjálfur?⁸³⁷

Í sjálfu sér eiga *Játningar* Rousseau og Ágústínusar fátt sameiginlegt, þótt Rousseau kalli í texta sínum endrum og sinnum til hinna síðarnefndu. Einhverjum kann að þykja það langt seilst aftur, í rannsókn á höfundarverki Jóns Óskars, að beina nú sjónum að menningarpólitísku andrúmi á átjándu öld í Frakklandi, þjóðfélagslegu ástandi þar og viðbrögðum við breyttri heimsmynd. Slíkt er þó ekki út í loftið. Jón Óskar gerir það sjálfur, í það minnsta á einum stað, að seilast ögn í þá átt sem hér verður farin. Hann dregur fram í ritgerð sinni, „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“, að tvær af bókum Jeans-Jacques Rousseau, *Les Rêveries du promeneur solitaire (Hugsýnir einfarans 1782)* og skáldsagan *La Julie, ou la nouvelle Héloïse (Júlía, eða hin nýja Héloïse 1761)* beri með sér einkenni ljóðmáls. „Ef tekið er mið af *Hugsýnum einfarans*, sýnist um það að ræða að fara úr vélrænum tíma í einskönar innri tíma hugarflugsins, þar sem ekki er lengur greint á milli fortíðar og nútíðar, hugarburðar og raunveruleika. Hins vegar er Rousseau alls ekki með hugann við ljóðagerð í þessu verki sínu sem er í ætt við *Játningar* hans.“⁸³⁸ Í tilvitnuninni er engu líkara en Jón sé að hafa orðrétt upp Henri Bergson, áhrifin leyna sér ekki, sem styrkir mjög þá hugmynd sem hér hefur verið haldið á lofti um áhrif Bergsons á Jón Óskar. Það vekur og athygli að það er tímamælingin sem Jón Óskar staldrar sérstaklega við, en það kemur þó ekki á óvart í ljósi þess sem fram hefur verið sett í þessari rannsókn um tímamann í höfundarverki Jóns.

Í grein í *Skírni*, „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“, þar sem Gunnþórunn Guðmundsdóttir litast um í ævisagnabálki Kristmanns Guðmundssonar,⁸³⁹ bendir hún á augljósan skyldleika í þeirri sjálfsmynd sem Kristmann dregur upp af sjálfum sér og þeirri sem Rousseau teiknar upp í sínum frægu *Játningum*:

Í *Játningunum* er söguhetja okkar, Jean-Jacques, iðulega fórnarlamb utanaðkomandi aðstæðna, hann er saklaus og ræður ekki við heiminn, sem er illur og fullur af fólki sem reynir að bregða fyrir hann fæti. Hann er utangátta frá byrjun, hefur ekki þau félagslegu sambönd sem þarf, er fátækur og þarf að treysta á aðra. Þegar líður á verkið fara samsæriskenningar að taka meira og meira rými – hann er fórnarlamb illsku annarra og hann þarf að leiðrétta allt það

⁸³⁷ Ágústínus. *Játningar* 2. bindi, þýð. Sigurbjörn Einarsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006, bls. 329-330.

⁸³⁸ Jón Óskar. „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“, bls. 115-215 í *Undir Parísarhimni*, bls. 117.

⁸³⁹ Ævisaga Kristmanns Guðmundssonar kom út í fjórum bindum, sem áður segir, og bera öll undirtitilinn *Saga skálds*. Bækur þessar komu út hjá Bókfellsútgáfunni í Reykjavík.

sem hann heldur að aðrir haldi um hann og sýna fram á ranglæti þess sem hann heldur að aðrir hafi gert honum. Úr verður mikill bardagi við drauga. Þessi lýsing gæti allt eins átt við verk Kristmanns.⁸⁴⁰

Því er öll þessi snöggfærða lýsing Gunnþórunnar á Jean-Jacques í hinum hnausþykku *Játningum* Rousseau tilfærð hér að hún er bæði greinargóð og, það sem meira er, lokasetning hennar gæti verið: „Þessi lýsing gæti allt eins átt við verk Jóns Óskars.“

Á átjándu öldinni ríkti ofurtrú á vísindi og tækni og á þeim listum sem þá voru í brennidepli og tóku á þeirri öld slíkum framförum að mönnum þótti einsýnt að myndi breyta heimsmyndinni til langframa. Einna fyrstur til þess að ganga gegn þessari trú, þessari sjálfsupphafningu aldarinnar, var einmitt Rousseau. Það er óhætt að segja að framlag Rousseaus hafi markað tímamót í menningarsögunni, í því sambandi er helst að nefna ritgerð þá sem hann samdi og sendi inn í samkeppni sem Dijon-akademían hafði boðað til, en í *Játningunum* (*Les Confessions*, 1781–1788) segir Rousseau svo frá upphafi þess máls að hann hafi verið á gangi og leitað skugga undir tré vegna steikjandi hita. Hann hafði þá tekið eintak af blaðinu *Mercure de France* upp úr vasa sínum og farið að lesa svohljóðandi auglýsingu: „Hefur endurreisn lista og vísinda bætt siðferðið eða spillt því?“ – og auglýsingin hafði þessi áhrif á Rousseau: „Frá því augnabliki að ég las þetta var sem að fyrir mér upplykist nýr heimur og ég sjálfur yrði annar maður.“⁸⁴¹

Það má segja að efinn hafi endanlega verið vakinn með þessum skrifum Rousseau. Ekki bara efi hans sjálfs heldur efi aldarinnar, efinn um að allt bentu til betra horfs í samfélaginu vegna þess að listir og vísindi hefðu tekið svo stórstígum framförum og vitsmunaleg nálgun á öll mál hlyti að stefna þjóðfélagi til velfarnaðar, á öllum sviðum. Út úr spurningu Dijon-akademíunnar má lesa hugmynd um að ekki sé allt í besta standi; í spurningunni er ljóslega vísað örlítið til efans. Og Rousseau hendir boltann á lofti og skrifar ritgerð sína „Discours sur les sciences et les arts“ („Orðræða um vísindi og listir“).

Efinn náði til allra laga í samfélaginu og þar var trúin ekki undanskilin, allra síst kirkjan. Þegar *Encyclopédie*, alfræðiritið mikla leit dagsins ljós endurspegluðust þessi viðhorf í greinum þar en allir helstu spekingar Frakklands, Diderot, Rousseau, Voltaire og Montesquieu, áttu

⁸⁴⁰ Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“, bls. 398. Önnur lýsing íslensk á Rousseau er með svipuðum hætti kjarnyr: „Hann var einn af þessum mönnum, sem alltaf eru í ósátt við lífið og finnst sér jafnan ofaukið í mannlegu samfélagi.“ Ágúst H. Bjarnason. *Saga mannsandans* 5. bindi: *Vesturlönd*, Hlaðbúð, Reykjavík 1954, bls. 335.

⁸⁴¹ Jean-Jacques Rousseau. *The Confessions*, þýðandi óþekktur. Wordsworth, Ware 1996, bls. 340. Sjá einnig t.d.: Már Jónsson. „Inngangur“, bls. 9-56 í Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn* (*Du contrat social*). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2004, bls. 17-19.

greinar í ritsafninu. Þó svo að þeir hafi allir verið með öllu trúlausir eða guðlausir – nema þá helst Diderot – þá köstuðu þeir spreki á eld upplýsingarinnar sem þarna kynti undir efanum og kom róti á hugsanir fólks.⁸⁴² Íhaldssamir fulltrúar klerkastéttarinnar og stjórnkerfisins voru frá upphafi andsnúnir alfræðiritinu og gerðu hvað þeir gátu til að hindra útkomu þess, ýmist í heild, eða vissa hluta þess.⁸⁴³

Til alls þessa er vísað hér til þess að draga fram þau greinilegu líkindi sem eru með samfélagslegu umróti á dögum Rousseau og Jóns Óskars; á mótunarárum þeirra og á þeim árum þegar þeir láta mest að sér kveða sem höfundar. Þetta sér Jón Óskar og dregur fram. Þá má sjá margt líkt með viðbrögðum þeirra við þjóðfélagsástandinu, því þeir gera það upp – meðfram lífsuppgjöri – í löngu máli í ævisögulegum ritum sem hafa mjög sérstakan andblæ og stundum um margt keimlíkan. Mannkynið var, frá sjónarhorni Jóns Óskars, komið á einhvern þann stað sem því var ekki með öllu óhætt, það hafði farið fram úr sér í, alveg sérstaklega, vígbúnaði sem varpaði skugga á heimsbyggðina árum saman, fyrst með sjálfri síðari heimstyrjöldinni, stríðinu sem átti aldrei að geta orðið, og svo með tilkomu atómsprengjunnar.

Enginn annar en Albert Camus tekur þetta ágætlega saman í grein sem hann skrifaði í *Combat* og einmitt Jón Óskar íslenskaði:

Sautjándi öldin var öld stærðfræðinnar, átjándi öldin var öld eðlisfræðinnar og níttjándi öldin líffræðinnar. Okkar öld, tuttugasta öldin, er öld óttans. Menn kunna að segja, að þar séu ekki vísindi. En í fyrsta lagi eiga vísindi þar nokkurn hlut að, þar sem síðustu fræðilegu árangrar þeirra hafa leitt þau til að afneita sjálfum sér, og þar sem tæknifullkomnun þeirra er nú næg til að eyða heiminum.⁸⁴⁴

Jón Óskar þekkti auðvitað Rousseau og skil sögunnar áður en hann las og þýddi Camus. Og Rousseau sérstaklega var hluti af draumsýn Jóns um Frakkland. Hann kynnir sér þennan franska speking í fyrsta sinn í íslensku riti þegar hann er að nema frönsku, sjálfur af sjálfum sér, en þá verður hann sér úti um bók sem Einar Olgeirsson skrifaði um Rousseau og samlas með öðru efni til að ná tökum á málinu.⁸⁴⁵ En í síðustu bókinni í æviminningabálki Jóns má sjá að hann ekki bara þekkir Rousseau, heldur samsamar sig honum að ákveðnu leyti. Jón vitnar

⁸⁴² Sjá t.d. ágæta umfjöllun í: Alison Finch. *French Literature*, bls. 46-49. Rétt er að taka fram að Jean-Jacques Rousseau var í viðhorfum sínum ekki dæmigerður upplýsingarmaður, sjá t.d.: Ingi Sigurðsson. „Upplýsingin á Íslandi og áhrif hennar“, bls. 9-42 í *Upplýsingin á Íslandi: Tíu ritgerðir*, ritstjóri Ingi Sigurðsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1990, bls. 19-20.

⁸⁴³ Alison Finch. *French Literature*, bls. 48-49.

⁸⁴⁴ Albert Camus. „Öld óttans“, bls. 13-14 í *Birtingur* 4/1958. bls. 13. Tvær stuttar blaðagreinar eftir Camus birtust í þessu tölublaði *Birtings*, Jón Óskar þýddi þær og báðar voru þær úr *Combat*.

⁸⁴⁵ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 153-158. Bók Einars er: Einar Olgeirsson. *Rousseau*. Bókaverslun Þorsteins M. Jónssonar, Akureyri 1925.

þá í bréf, líklega hans eigin þýðingu, sem Rousseau skrifaði sér til varnar eftir að erkibiskupinn í París hafði bannfært hann í kjölfar útkomu *Émile*⁸⁴⁶:

Mér hefur orðið ljóst af því að hlusta á þá, sem geta leyft sér að tala opinberlega, að þeir þora ekki eða vilja ekki segja annað en það sem er valdsmönnum þóknanlegt, og með því að þeir hljóta laun frá hinum sterka fyrir að prédika yfir hinum veika, kunna þeir ekki að tala við síðarnefndan um annað en skyldur hans. Öll opinber uppfræðsla hneigist einlægt að lyginni meðan þeir, sem stjórna henni, telja sér hag af að ljúga, og það er einungis fyrir þá sem ekki er gott að sannleikurinn sé sagður.⁸⁴⁷

Við þessa tilvitnun tengir Jón Óskar sína eigin andúð á skólakerfinu og mótstöðu við valdastéttir yfirleitt. Hann gerir grein fyrir því að þessi sannindi Rousseaus voru honum ekki í huga þá, þegar hann var við skólanám í Flensborg, enda hafði hann líklega ekki lesið Rousseau á þeim tímapunkti. En þess þá heldur er markvert að hann skuli tengja saman með þessum hætti einhverjum 40 árum síðar. Hér er Jón enn og aftur í samtali við fortíðina; hér verður Rousseau eftiráskýring. Þessi skýring er vopn þess sem hefur báða kosti, að sækja fram og fylgja eftir – eða reka flóttann þegar samherjarnir hafa þurft að hörfa – en þá er það hlutverk bakvarðarins að skýla þeim á undanhaldinu; þetta er skýring bakvarðarins. Jón Óskar lauk aldrei neinu formlegu námi, og mörgum árum síðar er sá mikli hugsuður Rousseau kallaður fram sem gildandi vitni í því hvers vegna svo fór.

4.3.1. Birkiland

Þegar hér að framan var lauslega greint frá þeirri ævisagnahefð, íslenskra rithöfunda, sem Jón Óskar mætir þegar hann skrifar sínar minningabækur, var einum rithöfundi haldið utan sviga. Umfjöllun um hann var meðvitað geymd þar til á þessum stað í rannsókninni. Um er að ræða Jóhannes Birkiland sem skrifaði ævisögu sína, *Harmsaga ævi minnar*.⁸⁴⁸ Færa má fyrir því gild rök að *Harmsaga ævi minnar* sé rousseauískust allra íslenskra ævisagna, þar koma til þættir

⁸⁴⁶ Jón Óskar. *Týndir snillingar*, bls. 29.

⁸⁴⁷ Jean-Jacques Rousseau. *Émile* [brot úr], þýð. Jón Óskar í *Týndir snillingar*, bls. 29-30. Þá ber auðvitað að geta þess að *Týndir snillingar* ber þessa tileinkunn á bls. 7: „L'homme est né libre, et partout il est dans les fers. (Maðurinn er borinn frjáls, en allstaðar er hann í hlekkjum).“ Og undir stendur: „Rousseau: (Contrat social)“.

⁸⁴⁸ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar: Hvers vegna ég varð auðnuleysingi*. Jóhannes Birkiland, Reykjavík 1945-1946. Hér er stuðst við, enda sú útgáfa endanlegri og frágengin frá höfundu: Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar: hvers vegna ég varð auðnuleysingi* (Önnur útgáfa endurbætt) Jóhannes Birkiland, Reykjavík, 1948.

eins og til dæmis fáheyrð bersögli, vægðarlaus uppgjör við menn og málefni og afdráttarlaus tilgangur í þá átt að útskýra sitt eigið hlutskipti og skiptir þá engu hvort það er til góðs eða ills.

Það er ýmislegt sem styður það að Jóhannes Birkiland sé tekinn fyrir í þessum kafla, bæði hvað varðar hann sjálfan, því vissulega var hann utangarðsmaður í íslenskum bókmenntum, en einnig er það hitt að bækur Jóns Óskars bera á stundum keimlíkt yfirbragð, bæði í efnistöfum og stíl, hér verða tilfærð nokkur dæmi:

Hugmyndir Jóns Óskars og Jóhannesar Birkiland fara mjög saman þegar kemur að siðspillandi erlendum áhrifum á landslýð; sérstaklega finnst þeim stafa slíkri mengun frá Bandaríkjunum: „Amerískir rithöfundar t.d. eru bögbúsar og amerískir eldhúsrómanar eru víðfrægir. Slíkir menn skrifa eins og fólkið vill vera láta – aðeins til fjár, enda snýst flest um blekkingar, svik, lygi, hræsni og auðsöfnun í Ameríku, – þessu fáfróða og langófrjálsasta ríki í heimi.“⁸⁴⁹ Þessi tilvitnun er reyndar ekki úr *Harmsögu ævi minnar* en er hér sett inn til þess að skerpa á Ameríkuandúð Birkilands, reyndar er þetta rit *Ameríka í ljósi sannleikans* yfirgengilega orðljótur skammarpistill yfir Bandaríkjunum og Kanada og fá Vestur-Íslendingar svo sannarlega sinn skerf.

Í blað sitt *Framtíðina* skrifar Jóhannes þessa frétt árið 1929:

Hryllilegt morð.

Aðal umtalsefni fólks hér í borginni er hryllilegt morð, er framið var síðastl. laugardagsnótt. Var maður nokkur, Jón Egilsson, myrtur til fjár. Morðinginn hefir, sem betur fer, verið þegar handtekinn og játað á sig glæpinn. Virðist morðið hafa á sér öll einkenni amerískra stórglæpa. Hinar siðspillandi amerísku hreyfimyndir, „jass“ og ýmiskonar annar óþverri, sem tíðkast hér í seinni tíð, getur verið orsök til þess, að óþroskaðir ungir menn verði „yfirspentir“ og vilji svo leika stórglæpamenn í raunveruleika.⁸⁵⁰

Og það er ekki bara í þessu blaði sem jazzinn er fordæmdur, Birkiland víkur einnig að þessu í ævisögu sinni, hann er í Norður-Dakóta og þar eru allir „andlausir“ og honum vegnar illa, allt er í sukki og: „Börnin sungu „jazz“ – annað ekki.“⁸⁵¹ Hreyfimyndirnar, bíómyndir, eru siðspillandi. Kynslóðamunurinn sem er á þessum tveimur höfundum er augljós, Jón Óskar var

⁸⁴⁹ J. Stefánsson (Jóhannes Birkiland). *Ameríka í ljósi sannleikans: Áreiðanlegar frásagnir um lífið í Vesturheimi*, útg. höfundur, Reykjavík 1927, bls. 40.

⁸⁵⁰ „Hryllilegt morð“, *Framtíðin* 3. desember 1929, bls. 3. Jón Egilsson var myrtur aðfararnótt 30. nóvember, sjá t.d.: „Hryllilegt morð“, *Morgunblaðið* 1. desember 1929, bls. 3-4; „Rannsókn morðmálsins“, *Morgunblaðið* 3. desember 1929, bls. 3-4. Það vekur athygli og undirstrikar þá áherslu sem lögð er á spillandi áhrif jass og bíómynda í *Framtíðinni* að um ekkert slíkt er rætt í öðrum blöðum og svo það að *Framtíðin* fylgdi umfjöllun um málið ekkert eftir, áhuginn lá greinilega ekki þar.

⁸⁵¹ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 120.

maður jazzins eins og komið hefur fram en fannst rokkmúsík og síðar popptónlist nánast vera frá sjálfum djöflinum. Hér er greinilegur samhljómur:

Árið 1955 var þetta þó að verða raunveruleik. Það var að vísu yngsta fólkið, rokkfólkið, sem réð ferðinni. Átrúnaðargoð þess var ekki aðeins Elvis Presley, heldur og Little Richard, sem hafði kannski misskilið ráman söng Louis Armstrongs (sem var svertingi eins og hann) og haldið að það væri mest varið í að öskra.⁸⁵²

Í raun eru Jón Óskar og Jóhannes Birkiland ekki aðeins að birta hér eigin fordóma án þess að sannleikskorn sé á bakvið hugmyndir þeirra. Howard S. Becker hefur ágætlega fært rök fyrir því að, í hans tilfalli jazzistinn (en getur allt eins átt við rokkarann) fari meðvitað út úr samfélaginu, hætti að tilheyra því, myndi sjálfur vegg á milli sín og þeirra sem þeir eru til dæmis að skemmta á öldurhúsum. Vinnutími þeirra sé oft mjög sérstakur og samfélagsleg tengsl brenglist oft, einmitt vegna vinnutímans, vinnuumhverfis og þar af leiðandi breyttrar sjálfsmyndar.⁸⁵³ Þetta er gott að hafa í huga því það mildar, það sem mjög mörgum finnst örugglega fordómafull viðhorf, en breytir þó ekki gildisdómunum í sjálfum sér. Hollt er í þessu sambandi að rifja upp að Jón Óskar er ekki bara rithöfundur heldur var hann tónlistarmaður sem einmitt lék mikið fyrir dansi og gjarna jazzmúsík, með þeim hætti er hann, samkvæmt Becker, ekki aðeins á jaðrinum sem rithöfundur heldur einnig í tónlistinni.

Þá að bíómyndunum sem Birkiland víkur að, en þær minna óneitanlega á áður tilvitnaða grein Jóns Óskars í *Þjóðviljann*, þar sem hann fáraðist yfir siðspillandi áhrifum glæpaleikrita í Ríkisútvarpinu og glæpasögum.⁸⁵⁴ Báðir telja þeir listir eiga að vera menntandi afl, Birkiland sökkvir sér einmitt mjög ofan í uppeldis- og menntamálin og finnur sárt til þess að þjóðin vill ekki menntast:

Með tilliti til þeirrar miklu nauðsynjar (eins og ég hefi þegar að vikið), að ritið [*Lífið*] gæti túlkað uppeldisvísindi af alefli, sat ég alþjóðáþing kennara í París, er gerði mig hlutverki mínu vaxnari en ella.

En, eins og vitur maður hefði gízkað á, vildu Íslendingar *ekki menntast láta!* Sjálfsagt átti staða mín í þessu smáskítlega og smásálarlega kotríkis-þjóðfélagi sinn þátt í því, að viðleitni minni að mennta fólkið var ekki gaumur gefinn.⁸⁵⁵

⁸⁵² Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 115.

⁸⁵³ Howard S. Becker. *Outsiders*, bls. 82-83 og 97-99.

⁸⁵⁴ Jón Óskar. „Útvarp Reykjavík! Hver er morðinginn?“, *Þjóðviljinn* 23. febrúar 1954, bls. 5.

⁸⁵⁵ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 286. *Lífið* sem Jóhannes Birkiland víkur hér að var afar metnaðarfullt tímarit, sem kom fyrst kom út ársfjórðungslega en varð síðan ársrit sem Jóhannes ritstýrði og gaf út í Reykjavík á árunum 1936-1939.

Jón telur, og hefur verið sýnt fram á það í öðrum kafla rannsóknarinnar, að list skuli vera menntandi og mannbætandi og má þá minna á dæmið sem Jón dregur fram um hið gagnstæða, er hann getur bókar Jeans Genet, *Dagbók þjófsins*. Þarna er skammt á milli viðhorfa þessara manna. Og sammála eru þeir Birkiland og Jón Óskar um siðspillandi áhrif amerískra bíómynda, þótt vitaskuld gangi Jón ekki fram með sömu gífuryrðum og Ameríkufarinn sjálfur. Á tímabili, 1946-1948, skrifaði Jón Óskar kvikmyndgagnrýni í *Þjóðviljann*, mjög stopult reyndar og ef til vill er of hátíðlegt að kalla þær klausur sem skrifaðar voru í blaðið á þessum árum gagnrýni (margir fleiri skrifuðu sambærilega pistla í sama blað á þessum tíma):⁸⁵⁶

Mynd þessi er aðeins bönnuð fyrir börn „innan 12 ára“ og voru strákar innan fermingar í yfirgnæfandi meirihluta í áhorfendahópnum á 5-sýningu í gær. Ekki þykir mér ólíklegt að fleiri en einn sakleysingi verði „kíldur“ [svo!], af völdum þeirra, þegar ærslin byrja í barnaskólafortunum í dag. Þetta er kúrekamynd af verstu tegund, og er þá mikið sagt. Efnið er endemis vitlaust og leikurinn allur eftir því. Preytandi mynd fyrir fullorðna og spillandi mynd fyrir börn.⁸⁵⁷

Fleiri dómar Jóns bera það með sér að hann hafði ekki miklar mætur á amerískri kvikmyndagerð – þótt vitanlega væru undantekningar á því mati.⁸⁵⁸

Það er einnig sameiginlegt einkenni á ævisagnaskrifum þeirra Jóns og Birkilands að hið neikvæða sjónarhorn er oft uppi, eða sýn og frásögn af því sem ekki verður, eða verður ekki með þeim hætti sem vonast var til. Þannig er kaflaheitið, og kaflinn „Síldar-, „vertíð“, sem ekkert varð úr“ mjög lýsandi fyrir stemmninguna í skrifum Birkilands, hann hyggst fara á vertíð, á plan, og græða mikla peninga við síldarsöltun á Siglufirði en verður ekki neitt úr neinu.⁸⁵⁹ „Í síldarkaupstaðnum settist ég að hjá systur mágs míns og eiginmanni hennar. En úr síldarsöltuninni varð ekkert. Reyndi ég að vísu að salta síld einu sinni, en var sakir óvana og æfingaleysis við erfiðisvinnu orðinn steinuppgefinn eftir hálf klukkustund.“⁸⁶⁰ Kafli í bók Jón Óskars, *Kynslóð kalda stríðsins*, hefur hið uppörvandi heiti „Ég dæmist vera hæfileikalaus“.⁸⁶¹ Reyndar er þetta heiti með nokkuð írónískum brag, þó er það háð beiskju blandið, hjá Jóni. En

⁸⁵⁶ Oft þurfti þessi knappa kvikmyndaumfjöllun að víkja fyrir mikilvægara efni, pólitísku – eins og sjá má af þessari klausu: „Kvikmyndagagnrýni blaðsins hefur legið niðri nú um nokkurn tíma af ástæðum, sem allir hljóta að skilja. Fregnir af þeim örlagaþrungnu atburðum, sem verið hafa að gerast með þjóðinni að undanfömu hafa verið látnar sitja í fyrirrúmi fyrir léttmetinu. En nú verður þessi liður aftur tekinn upp og framvegis munu gagnrýnendurnir gera sitt ítrasta til að birta ykkur ummæli sín um kvikmyndir, strax og sýningar á þeim hefjast.“ „Kvikmyndir“, *Þjóðviljinn* 10. október 1946, bls. 5.

⁸⁵⁷ Jón Óskar. „Ofbeldismenn í Arizona“, *Þjóðviljinn* 15. janúar 1947, bls. 5-6. Mynd þessi heitir á frummálinu *Arizona Trail* og var frumsýnd vestra 15. september 1943.

⁸⁵⁸ Þannig ber Jón talsvert lof á myndina *Sjöundi krossinn* (*The Seventh Cross*): Jón Óskar. „Sjöundi krossinn“, *Þjóðviljinn* 18. október 1946, bls. 5-6.

⁸⁵⁹ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 87-90.

⁸⁶⁰ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 88.

⁸⁶¹ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 205-214.

Í sömu bók er annar kafli sem svipar mun meira til ofangreindrar umfjöllunar Birkilands um misheppnaða síldarvertíð. Í kaflanum „Ég ræð mig í kaupavinnu“ segir Jón frá því þegar hann reynir fyrir sér, heilsulaus og aumur, í kaupavinnu að Syðra-Rauðalæk í Holtum. Reyndar segir frá því í þessum kafla að Jón hugsar einmitt um að fara á síld. Hér er úr dagbókarbroti Jóns sem hann birtir í nefndum kafla:

Ég er nú hættur við að reyna að komast í vegavinnu, því ég er hræddur um að saltfiskurinn mundi gera út af við mig [vegna slæmsku í maga], þótt ég kynni að þola erfiðið. Annars er enga vinnu að fá, hvort sem er. Síld? Já, ég hef verið að hugsa um að ráða mig á plan. Sjóinn þoli ég ekki.⁸⁶²

Þannig að það verður úr að Jón Óskar fer á Ráðningarskrifstofu landbúnaðarins og lætur skrá sig þar; reyndar ekki fyrr en eftir að Einar Andrésón hjá Máli og menningu brigslar honum um leti vegna þess að hann vill ekki safna áskriftum fyrir forlagið.⁸⁶³ Og aftur úr sömu dagbók Jóns, nú brot frá því hann er kominn úr sveitinni:

Ég þoldi ekki að slá með orfi og ljá. Maginn vildi það ekki. Hann fetti sig og gretti, dró sig saman og vatt upp á sig, svo að ég kom engu ofan í mig. Þegar svo var komið (eftir þrjá daga) að ég gat ekki einu sinni étið bleyttar tvíbökur eða rennt niður flóaðri mjólk, sá ég að þetta var ekki til neins, tók saman þjónkur mínar og hypjaði mig heim.⁸⁶⁴

Frásagnarhátturinn er ámóta, hvorugur höfundurinn er svo sem að hlífa sér. Báðir fara sneypuför.

Á það hefur verið bent nokkrum sinnum í þessari rannsókn, og á eftir að gera enn frekar, hvernig Jón Óskar er oft í æviskrifum sínum að staðsetja sjálfan sig í þeim kreðsum og eða með þeim mönnum sem hann telur að hann eigi heima með, eða hreinlega óumdeilanlega tilheyri. Jóhannes Birkiland fer gjarna svipaða leið þótt hann nefni nánast aldrei nokkurn mann á nafn. Reyndar er sá feluleikur og rósamál Birkilands sjaldnast nema sýndarmennskan ein, því yfirleitt má öllum ljóst vera um hvern hann er að tala eða til hvers hann er að vísa.⁸⁶⁵

⁸⁶² Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 185.

⁸⁶³ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 185.

⁸⁶⁴ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 186.

⁸⁶⁵ Enn frekar en nú er hefur fólk verið ljóst um hvaða manneskjur hann var að tala á þeirri tíð er bækurnar komu út. Sem dæmi um rósamál Birkilands má nefna „mannúðarskálðið“ sem hann talar mjög oft og illa um og kynnist í Vesturheimi, þar fer aldrei á milli mála að hann er að vísa til Sigurðar Júl. Jóhannessonar. Reyndar er hatur hans á Sigurði svo rammt að líklega á sér það fátt til jafnaðar á prenti, *Ameríka í ljósi sannleikans* hefur að geyma þessa lýsingu á Sigurði: „Einn slíkur djöfull gagnvart þessari mestu hugsjón allra tíma [hugsjón jafnaðarmennsku] er óþokkinn, vélráðafanturinn, varmennið og níðingurinn Sigurður Júlíus Jóhannesson. Hjá honum kemst hræsnin á hæsta stig í kvæðabók hans „Kvistum“, eins og líka í gjörvallri breytni þessa Erki-Júdasar Vestur-„Íslendinga“. Hann dró á talar og svívirtri mannorð yndællar [svo!] átján ára stúlku. Þetta olli

Þannig er þegar Birkiland heimsækir skáld nokkurt sem ljóst má vera að er Stephan G. Stephansson:

Ég dvaldi oft en einu sinni að mesta skáldi Vestur-Íslendinga, eins og drepið hefur verið á, lengst allt að hálfum mánuði, að mig minnir; á öðrum tímum ekki nærri því eins lengi, en þetta man ég óglögg. Eitt er mér minnisstætt. Son þessa ágætismanns bar að garði, og var hann ölvaður. Sagði hann föður sínum, að hann ætti að reka mig, slíkan flæking og mannræfil sem ég væri, út á klakann. „Hann er á klakanum!“ svaraði mesta skáld Vestur-Íslendinga.⁸⁶⁶

Hér kemur Jóhannes Birkiland tvennu að: því að hann er í vinskap við Stephan G. og hefur dvalið hjá honum oft en einu sinni og stundum lengi; og svo hinu að Stephan hefur á honum sjálfum þær mætur að hann tekur svari hans.⁸⁶⁷ Ekki aðeins er Birkiland fastagestur hjá Stephan G. „Mesta kímnskáld Vestur-Íslendinga (sem líklega á ekki sinn líka heldur á Íslandi) heimsótti ég og dvaldi að honum, að því er mig minnir, 3 eða 4 daga að minnsta kosti. Drakk hann þétt og veitti af rausn.“⁸⁶⁸ Hér er Birkiland auðsjáanlega að tala um Káinn (Kristján Níels Jónsson) og aftur kemur Birkiland hér að mikilfengleik skáldsins, hann er „mesta“ – líkt og Stephan er „mestur“ – og ekki nóg með það, þeir drekka saman Káinn og Birkiland, sem er vísast staðfesting nánna tengsla þeirra. Það sem lesa má út úr þessum skrifum Jóhannesar Birkilands er að hann er í slagtogi með mestu skáldum Vestur-Íslendinga sem þá um leið slær ákveðnum dýrðarljóma á hann sjálfan.

Annað er það sem einkennir æviminningar Jóhannesar Birkilands og Jóns Óskars en það er tímaleysið. Á stundum er mjög erfitt að fylgja Jóni Óskari eftir í tíma, og þá er átt við rauntíma, því hann gefur mjög sjaldan upp ártöl og hvað þá dagsetningar – það hendir þó. Bækur Jóns eru ekki nema að nokkru leyti í tímaröð og innan hvernar bókar hefur lesandi á tilfinningunni að oft sé farið fram og aftur. Jóhannes Birkiland gefur nánast aldrei upp ártöl, ekki frekar en nöfn manna, fá staðarnöfn hér heima, heldur fleiri í Bandaríkjunum og Kanada. Þannig hvílir yfir æviminningum þessara manna einskonar ruglingur, fram settur af ásetningi.

henni svo mikillar angistar og sorgar, að hún var orðin hvít fyrir hærum 26 ára gömul. Hann strauk til Ameríku með peningana, er hann hafði stolið úr sjálfs síns hendi. Hann komst í klúður í Montreal fyrir þjófnað, svik og pretti og var þar í tugthúsi um hríð. Hann komst þaðan til Winnipeg á þann hátt að stela sér fari með flutningalestum. Í Winnipeg laug hann sér út peninga um tíma og komst svo á lútherska prestaskólann í Chicago. Þar skemti hann sér með og svalaði holdfýsn sinni á götustelpum á kostnað hins „sáluhjálplega“ evangelíska vestur-„íslenska“ kirkjufélags.“ J. Stefánsson (Jóhannes Birkiland). *Ameríka í ljósi sannleikans*, bls. 23.

⁸⁶⁶ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 199.

⁸⁶⁷ Staðfesting á sögu þessari og svo á því að um Stephan G. er að ræða, hafi einhver efast um það, er að finna hér: Viðar Hreinsson. *Andvökuskáld: Ævisaga Stephans G. Stephanssonar*, 2. bindi. Bjartur, Reykjavík 2003, bls. 293.

⁸⁶⁸ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 199.

Þó taka þeir sjálfir fram að rótin, að hluta í það minnsta, að skrifunum sé sannleiksást. Jón Óskar vill leiðrétta missagnir og rangfærslur, eins og fram er komið. Birkiland skrifar: „Bersögli varðandi sjálfan mig í þessari harmsögu minni sýnir alfullkomna einlægni og ótakmarkaða sannleiksást.“⁸⁶⁹ Og hann bætir um betur og ítrekar með skáletrun: „Ég er einn til frásagnar. En menn vita, að frásagnirnar eru sannar, af því að einlægni mín og sannleiksást er svo augljós staðreynd, að ekki verður um villzt.“⁸⁷⁰ Hér rís kannski hæst sá birkilanski naívismi sem löngum hefur þótt einkenna skrif Jóhannesar.

Rétt er að geta þess að Jón Óskar nefnir Jóhannes Birkiland aldrei á nafn í öllum æviminningabálki sínum en það segir ekki neitt í þessum efnunum. *Íslensk bókmenntasaga* Máls og menningar nefnir heldur ekki þennan einn sérstæðasta rithöfund síðari tíma á Íslandi og getur því vitaskuld að engu hans þáttar í því að þróa einn anga hefðar í sjálfsævisögulegum skrifum íslenskra rithöfunda.

4.3.2. Kortlagning hefst

Ef litið er til æviminninga Jóns, og þessa „hugðarefnis“ hans, sérstæðra manna utangarðs, í þeim skrifum, er af nógu að taka. Birtingarmyndirnar eru margar og fjölbreyttar en hér verða einungis tilfærð valin dæmi til þess að sýna fram á að áhugi Jóns á þeim sem stendur utangarðs kviknaði ekki nákvæmlega á þeim tíma þegar hann hóf að rannsaka Sölva Helgason, skrif hans og lífshlaup, eða kanna sögur af konum sem lentu í réttarhöldum vegna dulsmála og sambærilegra sakargifta. Reyndar segir Jón sjálfur frá því hvers vegna hann fór að kanna málaferli gegn konum á fyrri öldum: „Þegar ég var að vinna í bók minni um víðförlasta flakkara Íslands, Sölva Helgason, þurfti ég að grúska í dómabókum frá öllum landshlutum. Var ég þá sífellt að rekast á einkennileg sakamál gegn konum.“⁸⁷¹

Strax í fyrstu endurminningabók Jóns, *Fundnir snillingar*, má finna þess stað að Jón heillast af þeim sem taka sig út úr samfélaginu. Það mun vera um 1940 að hann sat, oftast áður á Landsbókasafni, og fór að blaða í bók um leiðangur sem farinn var yfir Grænlandsjökul – þetta efni var Jóni framandi þegar hann hóf að glugga í þessa bók. Hann segist að vísu ekki hafa lesið þessa bók alla og hann man ekki vel hvaða bók þetta var, en svo skrifar hann:

Reyndar var ég áður búinn að fá hugmynd um landkönnunarferðir og hafði látist heillast af skrifum um þær. Ég hafði lesið um eyðimerkurferðalag Sven Hedins

⁸⁶⁹ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 289.

⁸⁷⁰ Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 290.

⁸⁷¹ Jón Óskar. *Konur fyrir rétti*, bls. 7.

í Dvöl (ég veit ekki lengur hver hann var, þessi Sven Hedin) og ég hafði heyrt talað um landkönnuði í útvarpið. [...] En eitthvert erindi hans [Sigurðar Einarssonar] fjallaði um Friðþjóf Nansen og vakti athygli mína. Ég er viss um að ég skrifaði það í stórum dráttum þegar flutningi var lokið. En ég hafði ekki séð neinar bækur um landkönnuði fyrr en ég sá þessa bók á safninu.⁸⁷²

Síðar átti Jón eftir að þýða bók af þessu tagi og sýnir það svo ekki verður um villst að þessi áhugi bjó áfram með honum, því landkönnuða- og svaðilfarabókmenntir eru það sérstakt og sértækt viðfangsefni að hæpið má teljast að menn leggist í að þýða slíkan literatúr án þess að hafa á honum áhuga. Bókin sem Jón Óskar þýddi var *Upp á líf og dauða (La Voie lactée)* en hún kom út hjá Fróða árið 1962.⁸⁷³ Og í raun má segja að *Yves frændi: Íslandssjómaður (Le Jardinier des mers lointaines, Tanton Yves pêcheur d'Islande)* sé með ákveðnum hætti einnig bók af svaðilförum – þótt hún sé vissulega alls ekki með sama brag og flokkist strangt til tekið ekki undir slíka bókmenntagrein.⁸⁷⁴ En tengingar eru ýmsar, þannig er svaðilförin með sínum hætti útganga úr samfélaginu og þeir sem komast í hann krappann fá oftast en ekki yfir sig einhvern ljóma, verða með einhverju móti lifandi goðsagnir líkt og títt er með þá sem ganga út á hliðarstíga bóhemíunnar, frá hinu viðurkennda samfélagsmynstri.

Í næstu æviminningabók skáldsins, *Hernámsáraskáld*, fer hugmyndin um þann sem er öðruvísi eða utangarðs að taka á sig sterkari og nákvæmari mynd. Til dæmis má taka að Jón greinir frá því hvernig hann hafði á ákveðnum tíma ræktað með sér óbeit á þeim sem hann kallar „betri borgara. Þetta virðist vera í kringum 1943, hann hafði unnið smásagnasamkeppni *Samtíðarinnar*⁸⁷⁵ – en það var tímarit sem var „eitthvað-fyrir-alla-heimilisrit“ eins og Jón orðar

⁸⁷² Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 57-58. Það sem Jón las var: Sven Hedin. „Eyðimörkin Tatkla-Makan“, þýð. Jón Eyþórsson. *Dvöl* 10. mars 1935 bls. 9-14; 24. mars 1935 bls. 9-16; 31. mars 1935 bls. 13-16. Neðanmáls er þess getið að þýtt sé úr bók Hedins *Fra Pol til Pol*. Ekki er ólíklegt að bókin sem hér um ræðir sé Johan Peter Koch. *Gennem den hvide ørken: Den danske forskningsrejse tværs over Nordgrønland 1912-1913*. Kaupmannahöfn. Gyldendal 1913. Rökin fyrir því að Jón sé að tala um þessa bók eru þau helst að J. P. Koch æfði sig mikið á Íslandi áður en hann tókst á hendur þennan leiðangur yfir Grænlandsjökul og svo hitt að hann notaðist við íslenska hesta á ferð sinni yfir jökulinn. En eitthvað er að brjótast um í Jóni þegar hann skrifar endurminningar sínar að Íslendingur hafi verið með í för. Líklegast er að hann hafi rámað í hestana.

⁸⁷³ Paul-Émile Victor. *Upp á líf og dauða*, þýð. Jón Óskar. Fróði, Reykjavík, 1962.

⁸⁷⁴ Jacques Dubois. *Yves frændi: Íslandssjómaður*.

⁸⁷⁵ *Samtíðin* var heimilistímarit sem kom nokkuð reglulega út á árunum 1934-1971. Ritstjórar þess voru fyrst Guðlaugur Rósinkrans [1. árg.], þá Pétur Ólafsson [2. árg., 1.-3. hefti] og loks Sigurður Skúlason [2. árg., 4. hefti og allt til loka]. Blaðið skilgreindi sig sjálft í fyrsta tölublaðinu 1. maí 1934, m.a. með þessum orðum: „Þessu tímariti, *Samtíðinni*, er svo háttað, að hún á að geta orðið sameiginlegt tímarit marga áhugamannahópa. [...] Í upphafi hvers heftis verður flokkur um almenn menningarmál. En sérflokkar eru nú þegar ákveðnir þessir: Uppeldis- og mentamál, bókmenntir og listir, heimilismál, náttúrufræði og dýravernd, útvarpsmál, íþróttir og kýmni. Fleiri flokkum verður bætt við svo fljótt sem unt er, og verður efni þeirra: Iðnaðarmál, heilbrigðismál, skáldsögur o. fl.“ „Lesendur“ *Samtíðin* 1/1934, bls. 1-2. Verðlaunasagan er hér: Jón Óskar. „Forleikur“ *Samtíðin* 2/1944, bls. 10-12. Reyndar var allt með nokkrum ólíkindum með þessa keppni því ekki voru veitt nein fyrstu eða önnur verðlaun en saga Jóns var sú eina sem var verðlaunuð en var sögð hafa fengið þriðju verðlaun. Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 173.

það sjálfur, blað sem var að hans mati „heimilisrit fyrir betri borgara“.⁸⁷⁶ Svo ritar hann: „Það var nú einmitt það, að ég hafði á þessum árum fengið meiri og meiri fyrirlitningu á betri borgurum jafnframt því sem ég hafði fengið meiri og meiri samúð með almúganum, „óbreyttum alþýðumönnum“ eins og þeir voru nefndir í þá daga“.⁸⁷⁷ Þessa tilvitnun er rétt að hafa í huga þegar skoðað er, síðar í þessum kafla, hvernig Jón Óskar skilgreinir sjálfan sig; því hvorugum þessum þjóðfélagshópi vill hann tilheyra, hann skilgreinir sig í burt frá óbreyttum alþýðumönnum, hann er með skáldum.

Kannski myndi einhver segja að hér séu að mótast sósíalískar skoðanir og auðvitað er það að ákveðnu marki rétt. En textinn í bókinni, það sem eftir er af henni, leiðir lesandann þó ekki þangað heldur á vit utangarðsmanna, til götunnar, til listamanna sem voru jaðarmenn; til íslensku bóhemanna sem þá voru á stjái. Þetta er mjög mikilvægt. Hann leggur tvo kafla, stuttu eftir þá yfirlýsingu að hann hafi fyrirlitningu á betri borgurum, undir hina íslensku bóhemíu þessara tíma. Fyrri kaflinn heitir „Síðustu snillingar Íslands“ – en það er afskaplega bóhemískt kaflaheiti eins og vikið verður að hér á eftir. Síðari kaflinn um þetta sama málefni heitir „Skálinn – Herinn – Strætið“ – þetta er athyglisvert heiti, það má lesa bæði aftur á bak og áfram, á hernámsárunum var herinn ætíð einhvern veginn á milli. Hér er honum stillt upp á milli listamannanna sem sóttu Hressingarskálann og svo þeirra utangarðsmanna sem voru í strætinu – en eins og kaflinn ber með sér voru gangvegir á milli strætisins og Skálans. Gangvegir í báðar áttir, en herinn ætíð á milli.

Fyrri kaflaheitið segir mjög margt, kaflinn er stuttur en dregur upp afskaplega nákvæma og trúverðuga mynd af Reykjavík; þá mynd sem ungskáld hefur af borg sinni og þeim mönnum sem hann telur jafnvel mikilvægasta, snillingunum. Svona mynd er vel þekkt í klassískum norðurlandabókmenntum þar sem umhverfi bóhemsins er lýst – eða einhverra þeirra manna sem hafa þann víðfeðma stimpil að vera „snillingar“; Strindberg gefur okkur svona lýsingar í *Rauða herberginu* (*Röda rummet*),⁸⁷⁸ Hamsun í *Sulti* (*Sult*),⁸⁷⁹ Heinesen í *Slag vindhörpunnar*

⁸⁷⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 173.

⁸⁷⁷ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 173. Rétt er að benda á ákveðinn samhljóm hér með orðum Giovanni Papini: „Ég hef alltaf hatað og hata enn fólk sem fæðist með vasa fulla af peningum, og þannig þess umkomið að geta keypt hvað sem það vill, þegar það vill.“ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 41.

⁸⁷⁸ August Strindberg. *Rauða herbergið: Lýsingar úr lífi listamanna og rithöfunda*, þýð. Hjörtur Pálsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1979. *Röda rummet* kom fyrst út 1879.

⁸⁷⁹ Knut Hamsun. *Sultur*, þýð. Jón Sigurðson frá Kaldaðarnesi. Menningarsjóður, Reykjavík 1940. *Sult* kom fyrst út 1890.

(*De fortabte spillemænd*),⁸⁸⁰ Hans Jæger í *Fra Kristiania Bohemen*,⁸⁸¹ Lagerlöf í *Gösta Berlings-sögu*⁸⁸² og síðast en ekki síst Sigurður Nordal í smásögu sinni „Lognöldur“⁸⁸³ – svo einungis fátt sé upp talið. Þessi mynd Jóns Óskars er knöpp og útlínur markaðar strax í byrjun: „Reykjavík var kjarni umhverfis Austurstræti og Tjörnina, Bankastræti og nokkrar fleiri aðalgötur, en hinumegin við Leifsstyttuna á Skólavörðuholtinu var komið í úthverfin“.⁸⁸⁴ Og svo þrengir Jón Óskar enn hringinn: „Lífið í miðbænum kringum Austurvöll og upp eftir Laugavegi var með þeirri litauðgi sem hvergi er lengur til á Íslandi.“⁸⁸⁵ Hann setur svo Ólaf Friðriksson, þá roskinn mann, í að leiða lesandann niður Bankastræti inn í Austurstrætið og inn á Hressingarskálann. Hægt er að spyrja sig hvers vegna Ólaf Friðriksson? Jú, hann er með ákveðnum hætti tákn fyrir þá Reykjavík sem áður var, fyrir þann tíma sem Jón er þarna að skrifa um; í raun birtist hann hér sem bakvörður:

Fyrrverandi byltingaseggur og verkalýðsforingi, Ólafur Friðriksson, sem sumir nefndu geithafurinn vegna hökutopps er hann hafði, gekk hraðstígur og snerpulegur ofan eftir Bankastræti, stundum í svartri regnkápu (tjöruborinni) sem stóð út í loftið, ef hvasst var veður, því kápur af þessari tegund voru mjög stífar, - hann striksaði nokkurn spöl eftir Austurstræti og vatt sér gustmikill inn á Hressingarskála.⁸⁸⁶

Það að Ólafur sé hér táknmynd fyrir eitthvað sem er horfið staðfestist enn frekar í annarri endurminningabók Jóns, þegar hann greinir frá því að Ólafur hafi ekki sótt nýja staði, þegar þeir komu til sögunnar, staði eins og Miðgarð eða Laugaveg 11. En þegar Hressingarskálinn fylltist af hermönnum og „íslenskum fylgikonum þeirra og innréttingum hússins [var] breytt, svo allir töfrar voru á burt“, fóru ýmsir góðir gestir „og sviþmiklir, svo sem Ólafur Friðriksson“

⁸⁸⁰ William Heinesen. *Slagur vindhörpunnar*, þýð. Guðfinna Þorsteinsdóttir. Mál og menning, Reykjavík 1956. Rétt er að geta þess hér að tvær þýðingar eru til af þessari sögu Heinesens, en hin síðari var ekki komin út á þessum árum. William Heinesen. *Glataðir snillingar*, þýð. Þorgeir Þorgeirsson. Mál og menning, Reykjavík 1984. *De fortabte spillemænd* kom fyrst út 1950. Titlar á tveimur af æviminningabókum Jóns kallast skemmtilega á við þennan titil: *Fundnir snillingar* og *Týndir snillingar*.

⁸⁸¹ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen*. Den Norske Bokklubben A/S, Osló 1997. *Fra Kristiania Bohemen* kom fyrst út 1885.

⁸⁸² Selma Lagerlöf. *Gösta Berlings saga*, þýð. Haraldur Sigurðsson en Jóhannes úr Kötlum þýddi bundið mál. Víkurútgáfan, Reykjavík 1981. *Gösta Berlings saga* kom fyrst út 1891. Sjá má ýmis líkindi með *Gösta Berlings sögu* og persónugalleríinu sem þar er kynnt og svo þeim köppum sem nefndir eru til sögunnar í kaflanum „Vestfirzkir aðalsmenn“ í *Íslenskum aðli*. Þórbergur Þórðarson. *Íslenskur aðall*. Mál og menning, Reykjavík 1976, bls. 37-51.

⁸⁸³ Sigurður Nordal. „Lognöldur“ í *Fornar ástir*. Þór. B. Þorláksson, Reykjavík 1919.

⁸⁸⁴ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 210.

⁸⁸⁵ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 210.

⁸⁸⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 210-211. Það er og sjálfsagt að geta þess að Ólafur stundaði ritstörf, þ.e. önnur en pólitísk ritstörf. Hann skrifaði gjarna undir dulnafninu Ólafur við Faxafen. Þá þýddi hann t.d. ekki ómerkari bók en *The Call of the Wild*. Jack London. *Óbyggðirnar kalla*, þýð. Ólafur Friðriksson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1951.

að leita á aðra staði, eins og Gildaskálann við Aðalstræti. En þeir sem yngri voru, listamenn, rithöfundar og skáld fóru annað.⁸⁸⁷

Yfirlýsingin um að þessi litauðgi sé hvergi lengur til, beinir huganum að skrifum Elizabeth Wilson um bóhemíuna. Samkvæmt því sem Elizabeth Wilson segir í bók sinni *The Bohemians, The Glamorous Outcasts* var það franski rithöfundurinn Henry Murger sem fyrstur rithöfunda gerði bóheminn vinsælan; Murger sagði suma bóhemana of snauða til að hafa ráð á öðrum drykkjum en vatni og of trúa verkum sínum til að drekkja þeim í áfengi.⁸⁸⁸ Murger lýsti bóhemnum sem ungum, lífsglöðum og frjálslyndum, enda þótt líf hans sjálfs hafi ekki verið með þeim brag:

Að sumu leyti var hann þessi einstaka persóna sem stóð fyrir heim æsku og gleði; það sem hinn bóhemski lífstíll var oftast þekktur fyrir að vera eða haldinn vera. Hann slapp við ellina og dó þrjátíu og átta ára, en hann var ekki aðlaðandi, og lífshlaup hans var sjaldnast áhyggjulaust. Hann var sjúkur maður árum saman [...] og endurtekið, inn og út af sjúkrahúsum.⁸⁸⁹

Til þessa er vitnað hér vegna þess að líf markað sjúkleika og dauða fyrir aldur fram, varð í tímans rás, í hugum margra, allt eins partur af bóhemísku lífshlaupi, og jafnvel enn fremur en vatnsdrykkja fátækra listamanna,⁸⁹⁰ svo ekki sé minnst á þann bóhemsku sjarma sem fylgdi því að deyja fyrir aldur fram. Elisabeth Wilson bendir síðan á að mýtan um bóheminn hafi tekið á sig fjölda mynda, sem sumar skarast, en aðrar ekki. Bóheminn hefur birst sem: sjálfseyðandi snillingur líkt og Jackson Pollock eða týpa eins og Modigliani sem deyr í fátækt og öðlast ekki frægð fyrr en eftir sinn dag.⁸⁹¹ Þá bendir Wilson einnig á að bóheminn geti verið hæfileikalítill vonarstjarna sem eyði ævinni meðal viðlíka skýjaglópa, eða eins og Oscar Wilde sem beitti snilld sinni í að vera til en hæfileikunum í skáldskapinn. Bóheminn getur verið hvort heldur er loddari eða snillingur, slæpingi eða dugnaðarforkur – en þar er aldrei neinn meðalvegur mögulegur.⁸⁹² Bóheminn er þannig birtingarmynd ýtrustu mannglegra þverstæðna. Hann liggur alltaf yst á jaðri borgaralegrar menningar, en þangað sækir samt borgarinn til þess ýmist að

⁸⁸⁷ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 171.

⁸⁸⁸ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 1. Henry Murger (1822-1861) er í raun manna fyrstur að kasta rómantískum blæ yfir líf bóhemsins. Á árunum 1845-1851 komu út smásögur eða þættir um hið bóhemsku líf í Latínuhverfinu í París, þessi skrif enduðu sem skáldsagan *Scènes de la vie de bohème* sem kom út 1851.

⁸⁸⁹ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris: Culture, Politics, and the Boundaries of Bourgeois Life, 1830-1930*, Johns Hopkins University Press, Baltimore 1999, bls. 32.

⁸⁹⁰ Sjúkleikinn er stef sem vert er að gefa sérstakan gaum hér því hugmyndum um og birtingarmyndum veikinda og sjúklegheita eru gerð nánari skil síðar í kaflanum.

⁸⁹¹ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 1. Það er rétt að geta þess og það skiptir verulegu máli að í *Líf og list* birtist vönduð, áður nefnd, grein um Modigliani snemma árs 1951.

⁸⁹² Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 1.

kaupa varning bóhemsins eða skilgreina sig út frá honum í leit að eigin sjálfsmynd. Þar myndast svo aftur sú þversögn að bóheminn sem selur, nær vinsældum, hættir um leið að vera bóhem, það að ná vinsældum og selja eyðir bóhemnum. Hinsvegar getur sá bóhem sem nær ekki í gegn með verk sín og heldur áfram að svelta verið sáttur með óvinsældir sínar því það tryggir hann í bóhemíunni.⁸⁹³ Því má segja að bóhemían sé menningarleg goðsögn, sem reynir að setta iðnaðar- og borgarsamfélag við hugmyndina um list. Þannig myndast spennuþrungið samband bóhemsins og (góð)borgarans – samband sem oft brýst út sem fyrirlitning á báða bóga. Þó var þessi fyrirlitning ekki án ákveðinnar aðdáunar, þannig bendir Jerrold Seigel á að menningarkimi bóhemíunnar hafi líka þjónað sem spegill fyrir góðborgarann. Líf listamannsins, bóhemsins, var hinum þjóðfélagshópunum áminning um sína eigin þjóðfélagsstöðu.⁸⁹⁴ Áðurnefnda fyrirlitningu má t.d. mjög vel greina í sögu Hans Jægers *Fra Kristiania Bohemen*, þar ljúga bóhemarnir, loddararnir, sig inn á virðulegri fjöldskyldur í gömlu Osló en eru svo reknir á dyr þegar fer að flettast ofan af þeim.⁸⁹⁵

Í því hvernig Jón Óskar kemur að þessari mýtu um bóhem eða utangarðsmann sem býr yfir visku og er með einhverjum hætti eftirsóknarverður, dularfullur – er mikilvægast að horfa til þess sem Wilson hefur að segja um „endalok“ bóhemsins, ef þannig má taka til orða. Aftur má hér vísa til sögu Jægers en önnur aðalpersóna þeirrar bókar, Herman Eek, gengst upp í því að ætla að stofna kvennaskóla – fyrir svo utan að búa yfir ótakmarkaðri trú á sjálfum sér sem handhafa hinnar nýju heimspeki og algjörðs guðleysis.⁸⁹⁶

⁸⁹³ Elizabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 16-17.

⁸⁹⁴ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris*, bls. 57-58.

⁸⁹⁵ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen* 1. bindi, bls. 81. Aðeins var Jæger kynntur hér á landi, eða öllu heldur bærast af honum fréttir. Þannig segir í *Skírni*, þar sem farið er yfir bókmenntasviðið í Noregi: „Hjer má minnast á, að úr „realista“-jarðvegi Norðmanna hafa komið, eins og öðrum löndum, „kvistir kynlegir“; vjer eigum við bermælaskáldin; eða hvað eigum vjer að kalla þá menn, sem virðast helzt aðhyllast hið fornkvæða: „Náttúrlegir hlutir eru ekki ljótir (*Naturalia non sunt iurpia*)“, sem þykir það heldur skaði enn óþarfi, að sneiða hjá því í lýsingum, sem menn hingað til hafa brugðið blæju fyrir, eða feimað [svo!] sjer við að færa í búning málsins? Það er þó líkast, að venjan ráði miklu, er menn mæla á móti þeim kenningum, sem hæla þessháttar ritum, eða er skróði þeirra er líkt við það, sem kölski fer helzt í, vekjandi jafnt hroll og ginning, og óhætt mun að segja, að áreiðanlegum dómi er ekki enn á þá ritstefnu lokið. Hið er auðvitað, að hneyxlanlega [svo!] má með hana fara, og það er vart efunarmál, að ungum manni, sem Hans Jæger heitir í Kristjaníu, hafi orðið svo á, er hann skrifaði þá skáldsögu, sem hann kallaði „*Christiania Bohémen*“ — Kristjaníuslarkarann. Mál höfðað móti höfundinum, og því lauk svo í hæsta rjetti, að dómurinn ákvað 60 daga varðhald; bókin sjálf gerð áður upptæk. Hneyxli [svo!] sögunnar í því líka ekki sízt fólgið, að „slarkaranum“ verður víða reikað, og lýsingar sumra heimilanna, þar sem hann kemur, bæði auðkennilegar og ósvífnar.“ Eiríkur Jónsson. „Ríkjakafinn: Noregur“ í *Skírnir* 1. janúar 1887, bls. 145-146. *Þjóðólfur* segir sömuleiðis frá þessu: „Maður nokkur, Hans Jæger að nafni, hafði í vor gefið út bók, sem heitir: „*Fra Kristjania Bohemen*“. Bókin þótti innihalda ýmislegt gegn trúarbrögðunum og góðri siðsemi, og var því bókin gerð upptæk og hann dæmdur til 80 daga fangelsis við vanalegt fangavíðurværi; ráðaneyti [svo!] Sverdrups hefur fengið mjög mikil ámæli út af þessu. Málinu var skotið til hæstarjettar, og dómurinn staðfestur, nema hvað hegningin var færð niður til 60 daga einfalds fangelsis.“ *Þjóðólfur*. „Noregur“. 15. október 1886, bls. 182.

⁸⁹⁶ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen* 1. bindi, bls. 60-67 og 98-104.

Bóhemarnir trúa því ætíð að þeir séu síðustu ekta bóhemarnir, trúa því að bóhemían hafi verið slegin dauð, ýmist af gráðugum skammtímamiðuðum markaðssjónarmiðum, sem hafa drepið hina sönnu list – eða vegna þess að bóhemían hefur náð of miklum árangri í því að leggja að velli hin borgaralegu gildi.⁸⁹⁷ Þannig eru bóhemar hvers tíma fullvissir um að þeir séu síðustu fulltrúar hinnar *ósviknu* bóhemíu. En þessi hugmynd á sér þó sínar undantekningar sem rétt er að geta. Annað viðhorf og nokkuð fátíðara má lesa út úr orðum Björg Vindsetmo í formála að útgáfu *Fra Kristiania Bohemen* frá 1997. Þar segir hún – og er að tala um þá féлага Herman Eek og Jarman – að þeir séu menn framtíðar: „Hið byltingarkennda kann jú að skipta einhverju, en ungir menn eru jú á öllum tímum nokkuð líkir, farandi með himinskautum háfleygir, fullir af kynorku og sjálfsupphafningu. Þetta rjátlast svo af sumum, en öðrum ekki.“⁸⁹⁸ Það er reyndar ekki að undra að það megi lesa þessi orð einmitt á þessum stað, því Jæger hefur ekki þessa hugmynd um „síðasta bóheminn“, heldur skrifar hann, þvert á móti, í formála að verki sínu: „Eitt er öruggt, bóhemían vex, það verða stöðugt fleiri og fleiri sem ekki skjóta rótum í hinu gamalgróna samfélagi.“⁸⁹⁹ Þessi hugmynd Hans Jæger tengist þó í raun með öfugsnúnum hætti því viðhorfi bóhemsins að hann sé alltaf sá síðasti, hans kynslóð sé síðasta kynslóð bóhema. En það má segja að hann fari öfuga leið að því að halda hinu sama fram, undir lok áður nefnds formála skrifar hann um að hinar ráðandi stéttir gamla samfélagsins þurfi að skilja bóhemíuna, tilgang hennar og viðgang:

En til þess að koma þeim í skilning um þetta þá verður að skrifa bóhembókmenntir. Og svo að bóhembókmenntir verði skrifaðar þá þarf að hefja þau skrif. Og þessi bók er slíkt upphaf. Látum svo sanngirni og góðmennsku þeirra skína á lágkúru og leti og ósköp og skelfingu svo ríkulega sem þá lystir. Það snertir mig ekki. Það eitt hryggir mig að ef til vill hafi ég ekki til að bera þá listrænu makt sem í raun og veru náí að gera þessa bók að þessu umtalaða upphafi.⁹⁰⁰

Hér endurómar andblær úr inngangi Murgers að *Scènes de la vie de bohème*, en þar ritar Murger innblásinn og mælskan texta um eðli, upphaf og einkenni hins eina sanna bóhems en varar um leið við falsspámönnum í þeim hópi. Hann skrifar m.a.: „Nú að hinni ósviknu bóhemíu, viðfangsefni, að nokkru, þessarar bókar. Um þá sem í raun eru kallaðir og hafa því möguleika á að verða útvaldir í list sinni.“⁹⁰¹ Það er á margan hátt þetta ástand, sem Jæger og Murger ræða, sem Jón er að lýsa er hann fer að skoða og greina frá þeim síðustu bóhemum, eða síðustu

⁸⁹⁷ Elizabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 9.

⁸⁹⁸ Björg Vindsetmo. „Forord“ að Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen* I, bls. iii.

⁸⁹⁹ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen* 1. bindi, bls. 12.

⁹⁰⁰ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen* 1. bindi, bls. 13.

⁹⁰¹ Henry Murger. *The Latin Quarter*, bls. xxx.

snillingum sem hin horfna Reykjavík fóstaði. Hann er að skrifa sig inn í rótgróna hefð bóhembókmenntanna. „Síðustu snillingar Íslands“ – heitir kaflinn. Jón skrifar, um Hressingarskálann:

Úti í garðinum eða í glerhorninu rétt við hann sat ég stundum að sumri ásamt Kristjáni Davíðssyni, Kristni Guðsteinssyni, Hannesi Sigfússyni eða öðrum. Kannski var Elías Mar kominn í hópinn, en hann hafði orðið seinni til frama en á horfðist þegar hann flutti ræðuna á stofnfundi Ungra penna sextán ára gamall, því ekkert birtist eftir hann að heitið gat fyrir en 1944, – kannski var Jón úr Vör kominn eins og til að minna á að hann væri til og væri ritstjóri Útvarpstíðinda (hann seldi Útvarpstíðindi þegar hann fór til Svíþjóðar að yrkja Þorpið).⁹⁰²

Hér er að mörgu að hyggja. Í fyrsta lagi staðsetur Jón sig meðal þeirra sem stunda Skálann. Hann er með mönnum sem eru gildandi – og verður þannig gildandi – og hann telur þá upp, og í upptalningunni eru ekki nein smámenni, gætum að því að þessi texti er ekki skrifaður fyrir en löngu seinna; ekki fyrir en við vitum hvað varð úr mönnum. „Ég var þarna með Kristjáni Davíðssyni og Hannesi Sigfússyni – Jón úr Vör var ekki eins mikið þarna og ég, Elías Mar kom síðar“ – þetta er myndin sem Jón Óskar er að draga upp; hann sjálfur er þarna í miðpunktinum sem hann hefur svo nákvæmlega gert grein fyrir áður. Jón er meira þarna en nafni hans úr Vör, það er eitt af því sem hann vill koma til skila. Þá er hitt ekki síður mikilvægt að þarna eru einhverjir menn sem Jón hirðir ekki um að nefna; hann er þarna með ákveðnum nafngreindum einstaklingum – „eða öðrum“. Hverjir það eru fáum við aldrei að vita – en með þessu orðalagi nær sá sem skrifar að kasta enn meiri ljóma á þá sem hann nefnir. Þá er ekki síður athyglisvert að þarna er nafn sem getur ekki með nokkru móti talist þekkt, og alls ekki í dag – þótt ákveðnir hópar hafi vafalaust kannast við nafnið á ritunartíma bókarinnar.

Kristinn Guðsteinsson er maður sem á margan hátt fellur mjög vel að hugmyndinni um þann sem bundnar eru vonir við, en snýr sér síðan að allt öðru en því sviði sem hann þótti vonarstjarna á. Kristinn Guðsteinsson virðist hafa verið góður vinur Jóns á tímabili:

Kristinn Guðsteinsson hét ungur myndlistarmaður, sonur Guðsteins Eyjólfssonar klæðskera. Hann vildi oft fá mig til að leika fantasíuna, þegar hann kom til mín í Miðstræti 4. Hann hafði gott vit á tónlist. Spilaðu nú fallega lagið eftir Händel, sagði Kristinn, þegar hann vildi fá að heyra fantasíuna.⁹⁰³

Nokkru síðar í sömu bók skrifar Jón í kafla sem hann kallar „Fimmundin“, um félagi sem hanga saman í Hljóðfærahúsi Reykjavíkur og hlusta á músík:

⁹⁰² Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 211.

⁹⁰³ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 11.

Einn þeirra hét Jón Dan, annar Kristján Davíðsson, þriðji Kristinn Guðsteinsson, fjórði Hannes Sigfússon, fimmti Jón Óskar. Þeir höfðu gert með sér einskonar sameignarfélag sem var í því fólgið að leggja í þúkk til að geta eignazt hljómplötur og átt þess kost að hlusta í ró og næði á góða tónlist.⁹⁰⁴

Og nokkru síðar:

Við í Fimmundinni ætluðum allir að verða skáld í orðum og litum. Kristinn Guðsteinsson var sá eini sem sveikst undan merkjum, ef svo má að orði kveða. Hann var talinn eiga vísan frama á braut listarinnar, enginn hafði hlotið snilligáfu, ef ekki hann. En nokkrum árum seinna, þegar stríði var lokið og hann hafði verið við nám og kynningu erlendis um skeið (akademían í Kaupmannahöfn, ferð til Parísar), sagði hann skilið við málalartistina af jafn mikilli skyndingu og Rimbaud hafði sagt skilið við ljóðlistina á síðustu öld, í Frakklandi. En Kristinn fór ekki að lifa meðal svertingja í Afríku eins og Rimbaud, heldur tók hann til við að þrjóna peysur munstraðar fyrir föður sinn, en jafnframt hóf hann garðyrkju sem alltaf hafði átt mikil ítök í honum. Málverk eftir Kristin voru þá komin í eigu ýmissa víðsvegar um bæinn og máttu þeir vara sig á því að láta Kristinn sjá málverkin, ef hann var við skál. Hann átti þá til að taka sér stöðu fyrir framan málverk sitt, horfa á það eins og hann væri að veða það og meta, grípa síðan sjálfskeiðung upp úr vasa sínum og kuta verkið í sundur. Þóttist hann þá hafa komið auga á einhverja galla, og dæmdist þá myndin ónýt. Þegar Kristinn var hættur, höfðum við ekki lengur neinn með snilligáfu í myndlistinni nema Kristján Davíðsson. Það var að vísu nóg, en við höfðum átt meira. Hver vissi það? Hver duldist hér? Hver þar? Einhverstaðar gátu verið snillingar sem ekki fengu notið sín – eins og Kristinn – eða höfðu einfaldlega tileinkað sér hina góðu lífsspeki frá Voltaire – eins og Kristinn vinur okkar: *Il faut cultiver notre jardin.* (Bezt að rækta garðinn sinn).⁹⁰⁵

Það er margt að lesa út úr þessum texta Jóns. Fyrst staldrar maður við þá vissu Jóns að Kristinn hefði átt vísan frama innan málalistarinnar. Allt virðist það satt og rétt hjá Jóni.⁹⁰⁶ Merkilegt er orðalag Jóns um nám Kristins, hann leggur nánast að jöfnu fimm ára nám við konunglegu akademíuna í Kaupmannhöfn og „ferð til Parísar“ – hér skín í gegn ástríða Jóns fyrir höfuðborg

⁹⁰⁴ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 22-23.

⁹⁰⁵ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 29-30.

⁹⁰⁶ Ferill Kristins var að sönnu merkilegur, í aðfararorðum að minningargreinum um hann í *Morgunblaðinu* segir m.a.: „Kristinn lauk námi frá Garðyrkjuskóla ríkisins 1945, **stundaði síðan listnám við listakademíuna í Kaupmannahöfn næstu fimm árin**. Kristinn starfaði hjá garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar, við Grasagarðinn í Laugardal og við ýmis garðyrkjustörf í borginni. Kristinn hafði það sem áhugamál að flytja inn erlendar skrudgarðaplöntur og kanna hvað af þeim þrifist hér á landi. Margar þeirra gleðja nú augu landsmanna. Eftir hann hafa komið greinar í Garðyrkjuritið og erlend fagtímarit. Hann var sæmdur gullmerki Garðyrkjufélags Íslands 1998.“ *Morgunblaðið* 14. desember 2000, bls. 59 (leturbreyting GB). Kristinn tók þátt í samsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna í Listamannaskálanum árið 1948, sjá t.d.: „Samsýning listamanna opnuð á fimmtudaginn“ í *Vísu* 16. nóvember 1948, bls. 8. Í grein í *Alþýðublaðinu* frá árinu 1946 má lesa að Kristinn hafi hlotið styrk til að nema málalartist: „Námsstyrkir menntamálaráðs í ár“ *Alþýðublaðið*. 16. apríl 1946, bls. 4. Og framhaldsstyrk fær hann árið eftir: „144 nemendur fá styrki frá Mentamálaráði“ *Morgunblaðið*. 9. maí 1947, bls. 5. Þótt ekki sé nema litið til þessa sem hér hefur verið talið má sjá að ekki er það orðum aukið hjá Jóni Óskari að Kristinn vinur hans hafi átt framtíð fyrir sér sem myndlistarmaður.

Frakklands og franskri menningu og sú ást skín víðar út úr textanum. Hann sækir sér líkingu í lífshlaup Arthurs Rimbaud, erkibóhemsins, þegar hann gerir grein fyrir skyndilegu brotthvarfi Kristins úr myndlistarheiminum, en þar glittir í sorgina yfir hinum ómetanlegu verkum sem bóheminn lætur vera að skapa. Að endingu innsiglar hann texta sinn um Kristin með því að vitna í *Birting* eftir Voltaire. Kannski hefði farið betur að Jón hefði klikkt út með því að vitna í Rimbaud sjálfan:

Ég þvældist um með þumla í slitnum vösum,
mín þæfða peysa tákni um hugsjón mína.
Á jörðu drakk ég dregg af andans bríma
og dreymdi heimsins ást á næstu grösum.

Mín buxnaþjör var orðin æði slitin.
Ég einn í draumi rímur kvað og valdi
mér næturstað við Stóra-Björn og taldi
mitt stjörnuhaf sem barst við mildan þytinn

og söng mér blítt. Ég sat á mótum vega
um síðkvöld haustsins, fann þar fagurlega
hve dög af rósum draup á kinn, sem vín.

Í miðjum kynjaskugga einn ég orti
og undinn skóþveng sló, því lýru skorti;
þar bjuggu líka leyndarmálin mín!⁹⁰⁷

⁹⁰⁷ Arthur Rimbaud. „Mitt bóhemlíf“, þýð. Sölvi Björn Sigurðsson í *Uppljómanir og Árstíð í helvíti*, bls. 121. Vitaskuld var þessi þýðing ekki til þegar Jón skrifar sinn texta en öruggt er að hann þekkti þetta ljóð. Því er það sett hér að með ákveðnum hætti kjarnar það mýtuna um bóheminn – þá mýtu sem Jón Óskar er að leika sér í kringum í þessum skrifum sínum án þess þó að nefna hugtakið sjálf. Ljóðið er hér að neðan á frummálinu:

Je m'en allais, les poings dans mes poches crevées;
Mon paletot aussi devenait idéal;
J'allais sous le ciel, Muse ! et j'étais ton féal;
Oh ! là là ! que d'amours splendides j'ai rêvées!

Mon unique culotte avait un large trou.
- Petit-Poucet rêveur, j'égrenais dans ma course
Des rimes. Mon auberge était à la Grande Ourse.
- Mes étoiles au ciel avaient un doux frou-frou

Et je les écoutais, assis au bord des routes,
Ces bons soirs de septembre où je sentais des gouttes
De rosée à mon front, comme un vin de vigueur;

Où, rimant au milieu des ombres fantastiques,
Comme des lyres, je tirais les élastiques
De mes souliers blessés, un pied près de mon coeur!

Arthur Rimbaud. „Ma Bohême (Fantaisie)“ í *Rimbaud Complete*, bls. 403-404

Ekki verður heldur litið framhjá hugleiðingum Jóns Óskars um snilldina í textanum um Kristinn, um snilligáfuna – hér er mikilvægt að hafa í huga að fyrsta bókin í ævisagnaröðinni heitir *Fundnir snillingar* og sú síðasta *Týndir snillingar* – það er auðvitað enn eitt einkennið á bóhemnum; hin rómantíska mynd af snillingi sem þarf ekki og getur jafnvel ekki farið sömu leið og aðrir; og kannski þess vegna „svíkst“ Kristinn Guðsteinsson undan merkjum. Hann *hættir ekki við eða fær áhuga á öðru* – nei, hann svíkur. Hann fer af braut snillingsins – þó þessi snillingur sem hann er. Þetta er líka þekkt og rökrétt leið í bóhemíunni, það að yfirgefa listina alveg en sættast ekki við hálfkák eða málamiðlanir. Frægasta dæmið um þetta er vitaskuld Rimbaud, en um brotthvarf hans úr heimi lista skrifar Jón sjálfur m.a.: „Hann fer margar ferðir til Afríku, setur loks sjálfur upp verzlunarstöð í Abbessiníu, stundar vopnasmygl, sumir segja þrælasölu, fer leiðangra um svæði sem enginn hvítur maður hefur áður farið, lærir allar þær arabísku mállýzkur sem talaðar eru á þessum slóðum, fer að búa með svartri konu.“⁹⁰⁸ Í þessum fáu og meitluðu orðum má sjá hvernig Jón fjarlægir Rimbaud eins rækilega og hann getur út úr hinni ósviknu bóhemíu, út úr París. Ef þetta er sett upp í einstök stikkorð kemur þessi frágreining enn betur fram: Afríka, Abbessinía, vopnasmygl, þrælasala, ókönnuð Afríka, sambúð með svartri. Rimbaud hverfur algjörlega út í hið villta að mati Jóns. Dagar bóhemíunnar eru liðnir.

Heiti kaflans er mjög þýðingarmikið í þessu sambandi bóhemíunnar: „Síðustu snillingar Íslands“. Þetta kaflaheiti býr yfir meiri þunga en virðist við fyrstu sýn, sér í lagi í hinu bóhemska samhengi. Wilson bendir á að fortíðarþráin, nostalgían, sé drifkraftur í bóhemíunni.⁹⁰⁹ Þeir sem eru á leið sinni til hins bóhemska lífs ætla sér alltaf að endurtaka eða endurupplifa, í það minnsta harma, einhverja horfna gullöld bóhemíunnar – og af skrifum Jóns má sjá að hann er einmitt á þeirri vegferð.

Í kaflanum „Skálinn – Herinn – Strætið“ heldur Jón áfram á sömu braut; Jón nefnir að þegar hinir djúppenkjandi listamenn hafi þurft meira næði til að ræða málin í friði hafi þeir átt sér athvarf á Hótel Skjaldbreið „sem þá var sérkennilegur staður með ofurlítið þunglamalegan blæ, en skemmtilega gamaldags innviðu. Að sjálfsögðu er búið að skemma það allt núna.“⁹¹⁰ Það vill segja, það sem var og tilheyrði bóhemum Reykjavíkur hefur verið eyðilagt. Hér birtast í raun báðar hugmyndirnar, nostalgían – það sem einu sinni var – og hin: þetta er búið, við vorum síðastir. Um þennan tíma og þá menn er í honum hrærðust, sem Jón Óskar er þarna að

⁹⁰⁸ Jón Óskar. *Ljóðapýðingar úr frönsku*, bls. 12.

⁹⁰⁹ Elizabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 9.

⁹¹⁰ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 214.

fjalla um, hefur Þorsteinn Antonsson komist svo að orði: „Mér þykir betur hæfa að kenna listamenn fyrstu áratuganna eftir stríð við bóhema en atóm, sem er þó algengara.“⁹¹¹

Enn nefnir Jón Óskar hér til sögunnar þá Kristján Davíðsson og Hannes Sigfússon, en nú hafa bæst í hópinn Jón Dan, Kristinn Guðsteinsson og svo Jóhannes Steinsson. „En líf kaffihúsanna var ekki með sama svip og nú og líf höfuðborgarinnar var annað en það er nú.“⁹¹² Breytingin var hersetunni að kenna. Jóhannes Steinsson var í vinahópi Jóns Óskars, hann er enn einn sem talinn var efnilegur en fátt eitt kom út eftir hann. Að honum látnum kom út smásagnasafnið *Sáluhliðsmenn og veggverjar*.⁹¹³ Jón Óskar skrifaði formála að þessari bók en þar segir í byrjun: „Fyrir svo sem 30-40 árum voru þeir fáir bókmenntaunnendur í Reykjavík sem ekki könnuðust við Jóhannes Steinsson sem hafði orðið frægur fyrir smásöguna „Sáluhliðsmenn og veggverjar“, þegar hann las hana í útvarpið snemma árs 1939, þá ungur verkamaður, eins og hann var nefndur í Útvarpstíðindum það ár.“⁹¹⁴ Eitt leikrit var og gefið út eftir Jóhannes en það var *Nóttin langa* 1951.⁹¹⁵

Allt er breytt, Jón Óskar fer með þessu móti inn á hersetuna og fjallar nokkrum orðum um áhrif hersins – sem að hans mati voru miður góð, eins og fram kemur víða í þessari rannsókn. Hann gerir ástandið að umtalsefni og talar um drykkfelldar konur sem leituðu í herinn eða til erlendra sjómanna við höfnina. Hann gerir þessar skipamellur að sérstöku umfjöllunarefni og segir að þær hafi haldið sig á hafnarsvæðinu – en ekki farið inn á hina siðlátu miðju borgarinnar, lengst í þá áttina hafi þær farið á Lækjartorg. Þessar konur tengir Jón svo við frægt skáld sem þá var í Reykjavík – og enn vel þekkt – mann sem var „róni með köflum og höfuðskáld strætisins“ eins og Jón orðar það.⁹¹⁶ Hann var vinur þessara kvenna að sögn Jóns. Hér staðfestist það sem Seigel getur um sem heimkynni bóhemsins, þau séu einatt á jaðrinum – jafnvel þar sem hið borgaralega yfirráðasvæði dó út.⁹¹⁷ Þannig staður er höfnin, sér í lagi höfnin á þessum viðsjárverðu tímum, og Hafnarstrætið sem nánast var litið á sem heimavöll róna og jaðarmanna af ýmsu tagi.

⁹¹¹ Þorsteinn Antonsson. *Á jaðrinum: Afmælisrit Þorsteins Antonssonar samið af honum sjálfum*. Skrudda, Reykjavík 2013, bls. 22.

⁹¹² Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 214-215.

⁹¹³ Jóhannes Steinsson. *Sáluhliðsmenn og veggverjar*. Hringskuggar, Reykjavík 1992.

⁹¹⁴ Jón Óskar. Formáli að *Sáluhliðsmenn og veggverjar*, bls. 7.

⁹¹⁵ Jóhannes Steinsson. *Nóttin langa: Sjónleikur í 5 atriðum*. Útgáfustaðar ekki getið, útgefanda ekki getið, 1951. Jóhannesar er ögn getið í *Íslenskri bókmenntasögu* og þá vegna þessa leikrits, þótt önnur skrif séu nefnd í framhjáhlaupi. Og undarlegt verður að teljast að um Jóhannes segir orðrétt „sem kunnur varð af smásagnaskrifum“ – í ljósi þess að ekki er orð um smásögur hans í bókmenntasögunni. Þess ber að geta að þar er þó við aðra að sakast en Árna Ibsen. Sjá: Árni Ibsen. „Frá stríðslokum til viðreisnarára“, bls. 209-227, *Íslensk bókmenntasaga*, 5. bindi, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 216-217. Árni Ibsen vill meina að leikritið hafi verið gefið út sem fjölrit árið 1944.

⁹¹⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 216.

⁹¹⁷ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris*, bls. 10-11.

Hér er Jón kominn þrepi neðar í bóhemíunni en þó enn staddur í henni miðri, Vilhjálmur frá Skáholti er skáldið sem um ræðir. Um hann segir Jón: „Hægt var að rekast á hann beggja vegna landmæra hinna „siðlausu“ og „siðlátu“.“⁹¹⁸ Jón kemur að þeirri kunnu slúðursögu að Vilhjálmur hafi verið launsonur Einars Benediktssonar – þannig nær hann tengingu við einn af höfuðbóhemum Íslands, merkir Vilhjálmi og leggur sterkari grundvöll undir skáldskap utangarðsskáldsins frá Skáholti.⁹¹⁹

En Jón Óskar gerir meira – hann notar Vilhjálmi og veröld hans til þess að þrengja frekar og draga upp enn einn hringinn eða svæðið í miðborg Reykjavíkur; með því móti gefur hann mjög sterka mynd af svæðisbundinni bóhemíunni:

Hann var maður strætisins, hann þekkti rónana, portkonurnar og líf þeirra. En ríki hans var ekki bundið við kránnar í Hafnarstræti og umhverfi hafnarinnar. Hvenær sem var gátum við átt von á að hann kæmi inn á Hressingarskálann til að hitta bókmenntasinnaða menn. Hann kom inn eins og sá sem átti heiminn, gekk hnarreistur, baðaði út höndunum, vildi setjast hjá okkur og tala við okkur um skáldskap eða þylja upp úr *Rubayat* sem allir ljóðelskir drykkjumenn bæjarins kunnu á þeim tíma í þýðingu Magnúsar.⁹²⁰

Vilhjálmur er greinilega – að mati Jóns – ekki eins bóhem og hann sjálfur og vinir hans, enda „vildi hann setjast“ hjá þeim og hann kemur í raun eins og yfir til þeirra – úr hinu „ósiðlátara“ svæði miðbæjarins. Þarna segir Jón okkur í raun frá svæðisskiptingu bóhemíunnar; Hafnarstrætið er þannig t.d. utan þess svæðis hann sækir sjálfur. Jón lætur síðan ekki sitt eftir liggja til þess að slá ljóma á þá bóhema sem voru í deild með Vilhjálmi, þeir „kunnu á þeim tíma“ *Rubayat* í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar,⁹²¹ sem reyndar var maður sem löngum fyllti hóp drykkjumanna, þannig að þar má segja að Jón Óskar sé kominn í hring. Aðdáendurnir og

⁹¹⁸ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 216.

⁹¹⁹ Auðvitað var Einar Benediktsson ekki hefðbundinn í sínum bóhemska lífsstíl og sveiflaðist ört öfganna á milli í öllu sínu veraldarvafstri. En einskonar bóhem var hann samt – á stundum. Og undir lok ævi sinnar má segja að hann hverfi út úr samfélaginu, hann situr þá einangraður í Herdísarvík og bíður dauðans. Sjá t.d.: Sigurður Nordal. „Einar Benediktsson“, bls. xv-lviii í *Kvæðasafn*. Bragi h.f. Félag Einars Benediktssonar, Reykjavík 1964, bls. liii.

⁹²⁰ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 220.

⁹²¹ Það er erfitt að henda reiður á hvers vegna ljóðabálkurinn *Rubáiyát* er hér nefndur, en hitt er ljósara að þessi skáldskapur hefur haft áhrif á margt skáldið. „Þegar hann var fjórtán ára að aldri, og samtíðarskáldskapur vakti ekki á neinn hátt áhuga hans, hafði hann lesið „Rubáiyát“ eftir Omar Khayyám. Þýðing Fitzgeralds hafði svo sterk áhrif á hann, að hann sagði síðar, að sér hefði birzt nýr heimur í björtum, fögnum og sterkum litum.“ Hér er Neville Braybroke að skrifa um T.S. Eliot. Neville Braybroke. „Fyrstu skrif T.S. Eliots“, þýð. ekki getið, bls. 228-233 í *Eimreiðin* 3/1965, bls. 232. Um þýðingu Fitzgeralds sjá t.d.: Omar Khayyám. *Edward FitzGerald, Rubáiyát of Omar Khayyám: A Critical Edition*, þýð. Edward Fitzgerald, ritstj. Christopher Decker. University of Virginia Press, Charlottesville 1997.

þýðandinn eru á svipuðum slóðum í bóhemíunni.⁹²² Þá gerir það Vilhjálmm að sjálfsögðu rómantískari og skáldlegri að hann var á löngum stundum í hlutverki blómasala – eða eins og Jón orðar það: „Hann lifði á skáldskap og víni, nema þegar hann fékk sig fullmettan, tók sér hvíld, gekk inn í ríki hinna siðlátu, fór í verkamannavinnu eða seldi blóm á torgi.“⁹²³ Að endingu nær Jón svo að líma Vilhjálmm við sjálfan Jónas Hallgrímsson – bóhem allra íslenskra bóhema: „Villi féll í stiga eins og Jónas forðum og kvaddi þennan jarðneska táradal.“⁹²⁴

4.3.3. Lengra út á jaðarinn

Þá fetar Jón Óskar sig enn lengra út á jaðarinn – en er samt í bóhemíunni. Lýsingin á manningum minnir jafnvel á lýsingu á Jean Genet þegar Jón kynnir hann til leiks: „Annar maður úr „strætínu“, margdæmdur fyrir hnúpl og rithöfundur um tugthúslíf og Spánarstýrjöld, kom stundum inn á Skálann, var þá ófullur eða lítt fullur.“⁹²⁵ Maðurinn sem Jón er hér að rita um er Dagur Austan, eða eins og Jón segir: „Hann hét Dagur Austan, þegar hann var rithöfundur, og meðal okkar gekk hann ekki undir öðru nafni.“⁹²⁶ Þessi orð Jóns Óskars eru afar merkingarbær, „þegar hann var rithöfundur“, og síðan þetta: „meðal okkar gekk hann ekki undir öðru nafni.“

⁹²² Hjörtur Pálsson skrifar um Magnús Ásgeirsson og lýsir skarplega sem bóhem: „Hann virtist aldrei njóta sín í fjölmenni. En hann var óviðjafnanlegur í fámennum hópi, ekki sízt ef veig var á skálum. „[É]g held, að ég geri honum ekki rangt til, þó að ég segi, að búskapur allur og umsýsla í þrengri merkingu, var honum mjög ófallin, enda víðsfjarri áhugamálum hans og listrænum markmiðum. Honum hætti til að líta á allt þess háttar sem borgaralegt smánudd, því að hann var í eðli sínu *boheme* og um leið of ráðríkur til þess að geta þolað utanaðkomandi öflum að draga mörk um persónulegt svigrúm sitt.“ Hjörtur Pálsson. „Sú gata er einn þú gengur...“, bls. 11-21 og 47-52 í *Samvinnan* 9-10/1976, bls. 48. En hvers vegna Rubáiyát? Líklegast er að þar komi tvennt til, efni ljóðsins, þar sem mikið snýst um drykk og vín, en líklega er nærtækast að líta til þess að það er vinur þessara manna sem þýðir, Jón Óskar tekur fram að menn séu að fara með ljóðið í þýðingu Magnúsar. Rubáiyát hafði verið þýtt áður og var því alls ekki nýtt í íslensku samhengi þegar þarna er komið sögu. Eyjólfur J. Melan þýddi og kallaði „Ferhendur“, sjá: *Iðunn* 1921-1922, bls. 144-159. Og flestum þessara andans manna var örugglega kunnugt um þýðingu Einars Benediktssonar: Omar Khayyám. „Ferhendur tjaldarans“, þýð. Einar Benediktsson. *Vogar*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík 1921, bls. 43-59. Einnig er þessi þýðing til þegar þetta er og sjálfsagt einhverjum kunn: Omar Khayyám. „Rubáiyát“, þýð. Páll Bjarnason. *Fleygar*, Páll Bjarnason, Winnipeg 1953, bls. 224-236 Páll þýðir ljóðið 1923. Svo er einnig: Omar Khayyám. „Rubáiyát“, þýð. Skuggi [Jochum Eggertsson], Lithoprent, Reykjavík 1946.

⁹²³ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 220-221.

⁹²⁴ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 221.

⁹²⁵ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 221. Hér er vísað til þess að það er nokkuð viðtekin skoðun að leikrit Jeans Genet *Le Balcon* (*Svalirnar*) vísi mjög til Spænska borgarstríðsins. Sjá t.d. Carl Lavery. *The Politics of Jean Genet's Late Theatre: Spaces of Revolution*, Manchester University Press, Manchester 2010, bls. 116-117. Þá er hér rétt að minna á játningabók Jeans Genet, *Journal du Voleur* (*Dagbók þjófins*) en þá um leið hafa í huga afgreiðslu Jóns á þeirri bók og á Genet sem fjallað er um í öðrum kafla þessarar rannsóknar.

⁹²⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 221. Dagur Austan (1909-1952) var skáldanafn, rétt nafn þessa manns var Vernharður Eggertsson, hann skrifaði allmargar bækur og meðal annar bók sem fjallar um þátttöku hans í borgarastríðinu á Spáni: Dagur Austan. *Íslenskur ævintýramaður í styrjöldinni á Spáni*. Ísafold, Reykjavík 1938. Hann skrifaði einnig reyfara og þá skrifaði hann talsvert í blöð, greinar, ljóð og smásögur. Þá hefur komið út bók um lífshlaup þessa manns, sjá: Þorlákur A. Jónsson. *Dagur Austan: ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson*. Völuspá, Akureyri 2009. Dagur Austan fær ekki eitt einasta orð um sig skrifað í *Íslensku bókmenntasögunni* sem Mál og menning gaf út.

Hér er eðlilegt að spyrja: Þekktu þeir á Skálanum aðeins rithöfundinn? Eða var það þannig að þeir þekktu báða, vandræðamanninn og rithöfundinn en vildu aðeins gangast við rithöfundinum? Hér er Jón að öllum líkindum enn og aftur að flokka og greina stéttaskiptinguna í íslensku bóhemíunni – þar kemst rithöfundurinn Dagur Austan inn, en ekki Vernharður Eggertsson. Það hvernig Jón skoðar Dag Austan og þá úr bóhemíunni sem héldu til á jaðri hennar rímar fullkomlega við það sem Jerrold Seigel víkur að í skrifum sínum, Seigel bendir á að sumir bóhemanna hafi í raun verið á slóðum afbrota og annarrar iðju sem ekki þoli dagsljósið. Og þannig hafi hugtakið „bóhem“ einmitt oft verið í huga manna lýsing á þeim sem dansaði á línu snilldar og glæps.⁹²⁷

Það dylst engum sem les það sem Dagur Austan skrifaði að þar fór hæfileikaríkur maður, í raun var hann á köflum afburða stílisti. En það átti ekki fyrir honum að liggja að helga sig skáldskap, hann druknaði er skipið Eyfirðingur fórst við Eday í Orkneyjaklasanum í febrúar 1952, en Eyfellingur var á leið til Belgíu með brotajárn.⁹²⁸ Dagur Austan var einn af þessum bóhemum sem uppfyllti mýtuna um að bóheminn byggi yfir visku, væri með einhverjum óútskýranlegum hætti dularfullur. Sjálfur skrifaði Dagur þannig á köflum og eru lokaorð bókar hans *Því dæmist rétt vera ...* einmitt með þessum hætti:

Þannig gæti ég haldið áfram að skrifa, endalaust og látlaust, til endimarka tilverunnar. Ég gæti skrifað um víðsjá spekingsins, þröngsjá spegilsins, litsjá málaraans, listsjá listamannsins, ritsjá gagnrýnandans og hundgá hundsins. Ég gæti opnað brunn vizkunnar, og svalað hinum þekkingarþyrstu mannverum, ég gæti dregið hulinsblæju lífsins til hliðar og opinberað hið ósýnilega.⁹²⁹

Þetta er kyngimagnaður texti, líkast því sem höfundurinn sé fylltur spádómsanda; guðspekilegur tónn greinilegur. Hér endurómar einnig það sem vikið var í 2. kafla þessarar rannsóknar, til að mynda orð Sigurðar Nordals „Það er nú m.a. hlutverk lista og vísinda að rjúfa þessa blæju hins hagnýta vana. [...] List og vísindi reyna að gefa oss aftur hina hreinu skynjun og undrunina yfir tilverunni, að nokkru leyti að láta oss halda áfram að vera börn, að nokkru leyti gefa oss hina íhyglu undrun yfir tilverunni, sem börnin þekkja ekki.“⁹³⁰ Hér ómar líka

⁹²⁷ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris*, bls. 4.

⁹²⁸ Skipið fórst með allri áhöfn, sjö mönnum, 11. febrúar 1952, fjögur lík fundust en þar á meðal var lík Vernharðs. Hann var jarðsettur á Akureyri 11. mars. Sjá t.d.: „Ms. Eyfirðingur fórst við Orkneyjar s.l. mánudag“ *Vísir* 15. febrúar 1952, bls. 1; „Minningarathöfn og útför sjómanna sem fórust með Eyfirðingi“ *Nýji Tíminn* 13. mars 1952, bls. 1.

⁹²⁹ Vernharður Eggertsson. *Því dæmist rétt vera ...* . Vernharður Eggertsson, Reykjavík 1936, bls. 94.

⁹³⁰ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 55.

hugmyndin um skáldið sem sjáanda,⁹³¹ hér liggur undir mystísk hugmynd um mátt skáldsins og það þarf ekki að koma á óvart, því nokkru fyrr í þessari sömu bók, sem er ádeilurit gegn fangelsismálum á Íslandi og saga um flótta af Litla-Hrauni, segir höfundur: „Mig skortir aldrei rökvísa hugsun, því ég trúi bæði á endurfæðingu og kraftaverk. Einnig hallast ég að kenningum Guðspekinnar, og veit fyrir víst, að ég hefi lifað mörg jarðlíf. Ég man ýmis atriði frá mínu síðasta jarðlífi.“⁹³² Hér gengur höfundur alla leið, hann daðrar ekki við dulpekileg efni, eða gefur til kynna eins og svo margir samtímamenn hans. Og hann segir ennfremur í þessari játningabók og varnarriti – sem hann kallar „píslarsögu“: „Ég er hin eilífa sál, sem færast hægt og hægt áfram upp á við, í áttina að takmarkinu – og takmarkið er fullkomnun.“⁹³³ Hér er bæði um að ræða gnóstíska⁹³⁴ hugmyndafræði en einnig kristna, í raun bergmála hér orð Páls:

Ekki er svo, að eg hafi þegar náð því eða sé þegar fullkominn, en eg keppi eftir því, ef eg skyldi geta höndlað það, með því að eg er höndlaður af Kristi Jesú. Bræður, ekki tel eg sjálfan mig enn hafa höndlað það; en eitt gjöri eg; eg gleymi því, sem að baki er, en seilist eftir því sem fyrir framan er, og keppi þannig að markinu, til verðlaunanna, sem himinköllun Guðs fyrir Krist Jesúm býður.⁹³⁵

Það er afar athyglisvert að hugmyndir Vernharðs Eggertssonar um stóra samhengið í gangverki lífsins, mörg líf á jörðu, andlegt kapp eilífrar sálar og trúarleg afstaða virðist hafa verið kunn. Í það minnsta ber erfiljóð sem Kristján frá Djúpalæk orti þessa rík merki. En það sem er jafnvel meira um vert varðandi það ljóð er sú hárfína mynd sem Kristján dregur upp af utangarðsmanninum, bóhemnum og má segja að ljóðið falli fullkomlega að bæði þeirri mynd sem Vernharður dró upp af sjálfum sér og svo þeirri sem teiknuð er upp af bóhemnum eða bóhemsku mýtunni, af Elizabeth Wilson. Kristján yrkir:

⁹³¹ Hér er að sjálfsgöðu verið að vísa til Arthur Rimbaud og þess sem fjallað er um í 2. kafla þessarar rannsóknar. Sjá t.d.: Úr „Bréfi sjáandans“ í Sölvi Björn Sigurðsson „Skógurinn sem komst að því að hann var fiðla“, bls. 129-155 í *Uppljómanir og Árstíð í helvíti*.

⁹³² Vernharður Eggertsson. *Því dæmist rétt vera ...*, bls. 93.

⁹³³ Vernharður Eggertsson. *Því dæmist rétt vera ...*, bls. 93.

⁹³⁴ Samkvæmt gnóstum var það þannig að sannleikurinn og Guð búa í fyllingunni og þangað er leitað að visku og hjálpræði. Vænting Messíasar er nákvæmlega fylling af þessu tagi. Hann er bjargræðispersóna og orðræða fyllingarinnar er gjarnan viðhöfð þegar um hann er talað; stundum er gengið svo langt að draga jafnaðarmerki á milli fyllingarinnar og Krists, það er að Kristur sé í fyllingunni og hún í honum. Nægir hér að nefna eftirfarandi orðalag úr Kólossubréfi: „Því að í honum þóknaðist Guði að láta alla fyllingu sína búa.“ Biblían. *Kólossubréfið* 1:19. JPV, Reykjavík 2007.

⁹³⁵ *Nýja testamentið. Filipibréfið* 3: 12-14. Hið breska og erlenda biblíufélag, London 1914. Þessi texti er hér til hliðsjónar vegna þess að þetta er sú útgáfa sem hefur verið algengust þegar Vernharður skrifar *Því dæmist rétt vera ...*

„Dagur Austan“

Lokið er þætti harmleiks og hetjudáða,
helvegur troðinn, fækkað um einn í stræti.
Tæmdur í botn er bikar hins gullna dreyra,
há bølvaldi lífsins autt er í horni sæti.
Vorkalið brumið hrynur æ fyrir aldur.
Enginn fær staðizt tímanna svartagaldur.

Áleitnar huldur heilla manns þrá úr vegi,
hlúðin nær skammt frá draumanna bjarta eldi.
Þyrstum er allt, sem þorstanum svalar, drykkur,
þreyttum er hjarnið friðandi sæng að kveldi.
Hver getur skilið andann, sem yfirgefur
alfaraleið og snúið til jökla hefur?

Skáldið er ríkt. Þú hyggur það snautt, sem heldur
að hamingjan komist fyrir í pyngju þinni.
Rænið það hverri fjöður og fyrirlítið,
flæmið það útá gaddinn, lokið það inni.
Skáldið á sjóð, sem eykst þegar af er tekið,
og auð til að brenna skóginn, en hirða sprekið.

Borgari, látið þér blóðpening yðar skína
í betlarans lófa, vegna yðar hann grætur,
hann kann að breyta dumbhljóði málmsins dauða
í dýrðlegan fögnuð, algleymi heillar nætur.
Yður hver hringur Draupnis í duftið bindur,
á dásemdir hinna þér eruð löngu blindur.

Hátt risu öldur harms yfir þyrnibrautir,
hærra bar ægisdætur, þú jarðargestur.
Útsýni stækkar, öflugri vængjatökum
andinn skal ná, er líftaugin granna brestur.
Margt er að þakka. Gleði og Sorg eru systur,
hinn síðasti verður stundum að marki fyrstur.

Dagur Austan er dáinn í kveldsins rökkur,
djúpið eilífa geymir hann sér í fangi.
Útsærinn hefur andvörpin hinztu þaggað,
Íslendings gröf varð löngum í votu þangi.
Væringjans saga syrgir hann ein í drögum,
systir hans nóttin felldi sinn dóm að lögum.⁹³⁶

Hér eru velflest einkenni hins hefðbundna erfiljóðs greinileg; staða mannsins sem um ræðir er greinileg, skáldlegt mál er í hávegum og ekkert er dregið undan. Formið er hefðbundið og er jafnvel í anda skálda eins og Jónasar Hallgrímssonar, Gríms Thomsens eða Matthíasar

⁹³⁶ Kristján frá Djúpálæk. „Dagur Austan“ *Nýji tíminn* 13. mars 1952, bls. 3.

Jochumssonar. Þannig sker þetta ljóð sig frá t.d. ljóðinu sem Jón Óskar yrkir eftir Jón Eiríksson og skoðað var fremst í þessum kafla. Hér er dregin upp myndin af bóhemnum sem andstæðu við borgarann, en þó listilega sýnt fram á hvernig þessar andstæður nærast hvor á annarri. Galdur skáldsins er útmálaður með þeim hætti að hann eykst þegar af er tekið og ljóðmælandi gerir grein fyrir því að skáldinu verði allt að efni til sköpunar; hann geti brennt skóginn en notað sprekið. Bóhem þessi sem þarna er lýst er hirðmaður Bakkusar, þar vantar einn í sæti – og það vantar einn í strætið. Hvað verður um sál Dags Austan er óljóst, í raun eru nokkrir möguleikar fyrir hendi, líkt og hann hélt ýmsu opnu. En eitt er þó ljóst, hann hefur orðið svartagaldri að bráð, kalið brum, ungur maðurinn. Við vitum ekki hvað verður um sálina, andann – rennur hún kannski saman við landið? Jökulinn? Það er ekki stærsta atriðið, hann var gestur hér á jörð. Sem rímar fullkomlega við hugmynd Dags um endurfæðinguna. Lífshlaup Dags Austan segir okkur ekkert um það hvort hann er hólpinn eður ei – en þó er það ekki ólíklegt: „hinn síðasti verður stundum að marki fyrstur.“

Dagur Austan og Vilhjálmur frá Skáholti áttu það sameiginlegt að hafa uppi stór orð og mörg um það að þeir væru að skrifa bók um „strætið“, mikla bók. Hvorug þeirra bóka leit nokkru sinni dagsins ljós.⁹³⁷ Hér má greina eitt af einkennum bóhemsins, sköpun mýtunnar um þennan heim – mýtu sem varð fyrst til fyrir alvöru þegar málarar fóru að mála hann og rithöfundar að skrifa hann.⁹³⁸ En, hér liggur líka meira undir, það sem Wilson kallar leitina að hinum heilaga gral í samfélagi bóhemanna; hún bendir á að eitt af einkennum þessara samfélaga hafi verið veraldleg leit í anda mýtunnar um gralinn – þar sem nútímaborgin tók á sig gervi Camelots: „Bóhemían var fyrst og síðast leit, síður sjálfsmýnd en leit að sjálfsmýnd, frekar útópía en staðsetning.“⁹³⁹ Hér er greinileg nálgun við hina eskatólógísku hugmynd sem vikið var að framar í þessari rannsókn, bóhemían er fjarri – ef til vill alltaf skrefinu á undan, hún er í voninni um eitthvað annað.

Það má líta á þessi áform um mikil skrif sem slíka leit, leit að hinum heilaga gral; leit að einhverju sem varla varð höndlað en þó er lagt upp í leiðangra til þess að finna. Reyndar má einnig skoða þessi meintu skrif sem draum um ríkidæmi, drauminn um að komast burt úr bóhemíunni, en sú þverstæða liggur í eðli bóhemsins að þrátt fyrir að vilja lifa á mörkunum þá sér hann í hillungum auð og borgaralegt líf.⁹⁴⁰ Það vill svo skemmtilega til að bæði Vilhjálmur frá Skáholti og Dagur Austan höfðu svona skrif á prjónunum, hina stóru sögu, báðir við það að

⁹³⁷ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 221. Sjá einnig um þessar fyrirætlanir Dags Austan: Auðunn Bragi Sveinsson. „Hafnarstræti við stríðslok“ bls. 4-5 *Lesbók Morgunblaðsins* 28. ágúst 1982, bls. 5.

⁹³⁸ Elizabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 6.

⁹³⁹ Elizabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 11.

⁹⁴⁰ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris*, bls. 51.

vera götunnar menn á löngum stundum. Enn annað frægt dæmi er til úr sögu íslenskrar bóhemíu, en það er dæmið um Jón Ýngva Yngvason frægan bóhem sem lifði sitt blómaskeið nokkru síðar en þeir Dagur og Vilhjálmur, Jón Ýngvi var alltaf að skrifa „stóru skáldsöguna“ – eitthvað mikið verk, sem í raun allir væntu; ekki síst bókmenntafólk þeirrar tíðar. En sú saga leit aldrei dagsins ljós sem kunnugt er.⁹⁴¹ „Margoft dró Jón sig í hlé með ritvél og blaðabunka og ekki var annað á honum að heyra eða sjá en að hann stritaði við samningu skáldsögu í svita síns andlits. En hvað sem sagt yrði um þá iðju hans frekar, að hversu miklu leyti hún var í orði eða verki, þá kom ekkert út eftir hann og hefur ekki gert til þessa.“⁹⁴² Við eigum líka dæmi um slíkt af rithöfundum sem þó varð síðar afkastamikill og viðurkenndur, en þegar hann er að staðsetja sig í bóhemíunni svífur yfir vötnum mikið epískt verk, óskrifað. „Þetta er Óli Gunn, sagði hann píreygur af kæti. – Gæinn er að skrifa lengstu skáldsögu sem samin hefur verið á Íslandi, hún á að vera í fimm bindum.“⁹⁴³ Með þessum hætti kynnir Dagur Sigurðarson Ólaf Gunnarsson fyrir Alfreð Flóka í bók Ólafs *Listamannalaun*. Og þetta eru ekki bara fabúleringar Dags, Ólafur svarar því til aðspurður um afköst á ritvellingum: „Ég hef gefið út eina ljóðabók, svaraði ég. – Hún kom út fyrir nokkrum árum. En annars er ég að vinna að stórrí skáldsögu. Hún verður sennilega í fimm bindum.“⁹⁴⁴ Vera Ólafs með þeim Degi og Flóka er í raun einskona rannsókn á bóhemlífi meistaranna, hann situr við fótskör þeirra, svo gripið sé til þekktis líkingamáls.

Á löngum köflum í höfundarverki sínu virðist Jón Óskar einmitt vera að ástunda þessa leit að viðfangsefni, hann er að skoða hið bóhemíska samfélag, elta þar mýtur og eitthvað sem ýmist var eða er að tapast eða hefði getað orðið. Hann skrifar sex binda æviminningar þar sem hann auðvitað fer um víðan völlum, en alltaf má þó sjá grilla í þessar myndir af bóhemíu og bóhemum, kortlagningu á svæðum þeirra og mörkum á milli manna sem skilja þá að á þessum

⁹⁴¹ Ýmislegt hefur verið skrifað um Jón Ýngva Yngvason og hefur Þorsteinn Antonsson rithöfundur verið – að öðrum ólöstuðum – duglegastur við að halda minningu hans á lofti. En, það er nánast sama í hvaða skrif er gluggað um Jón, alltaf glittir í þessa miklu ritsmið sem aldrei varð. Það er athyglisvert, og kannski um leið kaldhæðnislegt, að Jón Ýngvi kemst aðeins í þá bókmenntasögu sem Þorsteinn Antonsson skrifar um utangarðsmenn í íslenskum bókmenntum. Sú saga er ekki aðeins þöggud vegna þess sýnilega, því að þessa menn er helst ekki að finna í stóru bókmenntasöggunni, heldur líka með þeim hætti að sjálfur fær Þorsteinn Antonsson varla um sig staf í *Íslenskri bókmenntasögu* Máls og menningar, en þar er hans aðeins lauslega getið í þrjúgang en þó ekki vegna skáldskapar síns. Ágæta mynd má síðan fá af Jóni Ýngva hér: *Einn plús einn: Bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar og Jóns Ýngva*, Þorsteinn Antonsson sá um útgáfuna. Skrudda, Reykjavík 2012. Þá skrifar Þorsteinn um Jón á öðrum stað: „Engum hafði hann sýnt skrif sín þegar þar kom [dauði hans fyrir aldur fram], heldur brennt þau með nokkurra ára millibili í þunglyndis- og örvæntingarköstum. Menn höfðu þá vænt stórrar bókar frá hans hendi sem svo aldrei kom. Á tuttugu ára tímabili var Jón Ýngvi kunnur meðal listamanna í gömlu Reykjavík fyrir að vera maðurinn sem var að skrifa bókina sem enginn hafði séð – né hefur nokkurn tíma séð.“ Þorsteinn Antonsson. *Á jaðrinum*, bls. 22.

⁹⁴² Þorsteinn Antonsson. „Inngangsorð“ bls. 5-9 í *Einn plús einn*, bls. 5.

⁹⁴³ Ólafur Gunnarsson. *Listamannalaun*, bls. 10.

⁹⁴⁴ Ólafur Gunnarsson. *Listamannalaun*, bls. 11.

svæðum sem hann dregur upp. Það dylst engum að Jón er í þessum skrifum ekki bara að skrifa sjálfan sig heldur er hann einnig að leita sjálfs sín. Í umfjöllun um Steinar Sigurjónsson kemst Þorsteinn Antonsson svo að orði: „Steinar, Guðbergur, Jón Óskar hlutu að fara krókaleiðir við leit sína að sjálfum sér. Allir upprunnir við hefðbundin skilyrði í íslenskum sjávarbæjum.“⁹⁴⁵ Jóni Óskari tekst þetta mjög vel á löngum köflum og stundum er eins og hann sé meðvitaður um þetta erindi sitt; það nær síðan hámarki þegar hann fer að sinna fólki sem var reyndar fyrir utan öll kort sem hann hafði dregið upp áður; dæmdar konur og Sölva Helgason.

Þegar Jón Óskar hefur sýnt fram á það með orðum hvernig bóhemarnir búa og hvernig bóhemía Reykjavíkur er skipuð, með því að taka til dæmi um menn og með því að kortleggja þeirra svæði, þá lokar hann þessum miðbæjarupprætti sínum með því að gefa mynd af lífæð bæjarins:

Upp og ofan Bankastræti gengu hinir siðlátu borgarar bæjarins, en ekki aðeins þeir, því þessi gata tengdi saman, þó stutt væri, allt líf sem hrærðist í bænum, tengdi saman austurbæ og vesturbæ og miðbæ, um hana gengu jafnt verkamenn sem alþingismenn, húsmæður, börn og unglingar, vanvitringar og sérvitringar sem settu svip á bæinn, en voru fjarlægðir eftir stríð og lokaðir inni á hælum (engum þó hættulegir, það ég vissi), ungar stúlkur í fylgd með sjálfum sér eða stöllum sínum eða ungum Íslendingum eða erlendum hermönnum, stuttklæddar, faldurinn við hnésbætturnar, og með hárið upp yfir enninu og fallandi niður á herðar, þar sem það vatt upp á sig aftur, og þar gengu fullorðin skáld sem áttu menninguna í bænum, Tómas Guðmundsson, Magnús Ásgeirsson, Halldór Kiljan Laxness, Guðmundur G. Hagalín, eða skulum við segja Þórunn Magnúsdóttir í blóma lífsins, nýbúin að skrifa *Draum um Ljósaland*, þar sem í fyrra bindinu er dregin upp merkilega raunsönn mynd (þótt lituð sé nokkurri rómantík) af upphafi mikilla tímaskipta í íslensku þjóðlífi, þeirra breytinga sem við vorum þá að lifa, við ungu höfundarnir, þeir sem fólk átti eftir að ákveða að skyldu vera efnilegir allt sitt líf, en ekki merkilegir.⁹⁴⁶

Hér er margt að athuga. Fyrst er til þess að taka að hér er hnitmiðaður texti sem lýsir miðbæ vaxandi borgarsamfélags – við vitum það núna, og Jón vissi það þegar hann setti þetta niður á blað: þessi miðbær var ekki lengur til.⁹⁴⁷ Enn og aftur rekumst við því á hina tregafullu rödd bóhemsins sem horfir á eftir liðnum tíma og tíðaranda. Hann syrgir hér samfélag sem var í samræmi þrátt fyrir einstaka mannlega agnúa á stöku einstaklingum.

⁹⁴⁵ Þorsteinn Antonsson. *Á jaðrinum*, bls. 27.

⁹⁴⁶ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 222.

⁹⁴⁷ Þess má geta að þetta minni, miðbær Reykjavíkur í veröld sem var, er mjög áberandi í skrifum Jóns Óskars og skýtur víða upp kollinum; þannig er þetta efni viðfangið í stuttri ritgerð sem hann skrifar í afmælisrit til heiðurs Tómasi Guðmundssyni áttæðum. Jón Óskar. „Lítil hugleiðing um Reykjavík“, bls. 135-139, *Afmælikveðja til Tómasar Guðmundssonar*, Almenna bókafélagið, Reykjavík 1981.

Það er einmitt þar sem rétt er að staldra fyrst við í þessu textabroti; Jón skynjar að samfélagið er hætt að þola mönnum að vera öðruvísi, í enn ríkara mæli en áður, þeir menn eru vistaðir á stofnunum sem áður settu svip sinn á bæinn vegna meinlausra skringilegheita. Hér má sjá að Jón Óskar horfir með samlíðan yfir þær girðingar sem samfélagið er að reisa; Jón veit og skilur að það er verið að mynda fátæklegra samfélag – hér ekki endilega á bóhemska vísu, en þó einnig – heldur á mannlega lund. Hugmynd Jóns um að þeir séu heillandi, sem hefur verið vísað frá í samfélaginu, er þegar fædd þegar þetta er ritað.

Í annan stað lætur Jón hér falla menningarpólitíska yfirlýsingu sem þó lætur ekki mikið yfir sér heldur rennur hún áreynslulaust með þessari skörpu bæjarmynd sem hann dregur upp. Skáldin sem hann nefnir „eiga“ menninguna. Það má sjá að þessi skáld eru ekki valin af tilviljun og ekki vegna þess að þau hafi gengið Bankastrætið öðrum skáldum oftar. Nei, hér eru fulltrúar hvernar bókmenntagerðar fyrir sig: Tómas á ljóðlistina á þessum tíma, Magnús ljóðapýðingarnar, Laxness á skáldsöguna en Guðmundur Hagalín er fulltrúi ríkisbáknsins, ævinlega innmúraður hjá hinu opinbera með pólitískum hætti; seinna, fyrstur manna, skipaður bókafulltrúi ríkisins og sinnti því frá árinu 1955 til 1969.⁹⁴⁸ Þannig raðar Jón meðvitað upp ákveðnum fulltrúum bókmenntastofnunarinnar – við sjáum þá líkt og gangandi í breiðfylkingu niður Bankastrætið, ráðandi menn – „fullorðin skáld“.

Að endingu er rétt að staldra við mjög athyglisvert innskot Jóns undir lok þessarar tilvitunnar:

[E]ða skulum við segja Þórunn Magnúsdóttir í blóma lífsins, nýbúin að skrifa *Draum um Ljósaland*, þar sem í fyrra bindinu er dregin upp merkilega raunsönn mynd [...] við ungu höfundarnir, þeir sem fólk átti eftir að ákveða að skyldu vera efnilegir allt sitt líf, en ekki merkilegir.⁹⁴⁹

Hér er um greinilegt háð að ræða hjá Jóni, hann stillir Þórunni upp, ungri skáldkonu á því tímabili sem þarna er fjallað um, gegnt risunum sem hann áður nefnir. Hún á ekkert sameiginlegt með þeim nema það að skrifa bækur. Hvað er Jón að fara með þessari undarlegu uppstillingu? Eða, með þessum háðska inngangi: „eða skulum við segja“? Hér má vel halda því fram að nafn Þórunnar sé yfirbreiðsla yfir nafn Jóns Óskars. Hann er að tala um sjálfan sig – og jafnvel aðra sem hann upplifir að ekki séu með. Enda fjallar hann ekki meira um Þórunni heldur almennt um höfunda sem voru að upplifa breytingar – einmitt það sem hann sjálfur er

⁹⁴⁸ Hér má til gamans geta þess, og af því að það er viðeigandi í þessu samhengi, að Guðmundur Hagalín þýddi *Der Kraft-Mayr* (1897), fræga bóhemsögu eftir austurríska rithöfundinn Ernst von Wolzogen árið 1923. Ernst von Wolzogen. *Sterkur vilji*, þýð. Guðmundur Hagalín. Prentsmiðjufélag Austurlands, Seyðisfirði 1923. Wolzogen stofnaði og rak Überbrettel-kabarettinn í Berlín.

⁹⁴⁹ Jón Óskar. *Hernámsárskáld*, bls. 222.

þarna að skrifa um. Svo talar hann um ungu höfundana – Þórunn var 11 árum eldri en Jón Óskar, hún var nær Halldóri Laxness og Tómasi Guðmundssyni í aldri en Jóni Óskari og hún var svipað langt í árum talið frá Guðmundi Hagalín og hún var frá Jóni. Jón Óskar er alls ekki að ræða Þórunni Elfu Magnúsdóttir þótt svo nafnið hennar sé þarna og hann vitni til skáldsögu hennar. Tökum enda eftir því að hann fer svo að velta upp því sem hann þrúfaldlega taldi sitt eigið hlutskipti: „við ungu höfundarnir, þeir sem fólk átti eftir að ákveða að skyldu vera efnilegir allt sitt líf, en ekki merkilegir“. Þórunn Magnúsdóttir var enda aldrei í neinni skáldaklíku með Jóni Óskari.

Reyndar er á þessari umfjöllun Jóns Óskars annar vinkill sem er ekki óáhugaverðari. Getur verið að í þessu innslagi hans um Þórunni Elfu megi finna biturð?⁹⁵⁰ Er hann ósáttur við að konan fái að vera með? Er hann að að ýja að því að konan sé með vegna þess að hún sé kona? Þessar vangaveltur eru ekki úr lausu lofti gripnar, því á öðrum stað í æviminningum sínum fjallar Jón um aðra konu með ekki ólíkum hætti. Það er Jakobína Sigurðardóttir, sú beiskja reis vegna þess að Jón fann að sósíalistunum í menningarheimum líkaði betur skáldskapur hennar en hans í baráttunni gegn her í landinu:

Á þessum árum fór Jakobína Sigurðardóttir bóndakona norður í Þingeyjarsýslu að birta eftir sig ljóð (1953) gegn ameríska hernum og luku sósíalistar á hana miklu lofsorði, sennilega fegnir því að hún var bóndakona og enn fegnari því að hún var ekki „atómskáld“. En mér þótti auðvitað þeim mun minna til Jakobínu koma sem henni var hælt meira [...] Ég var óblíður við Kristin E. Andrésson, þegar hann var að benda mér á hvað bóndakonan væri okkur miklu snjallari. Ég gat ekki tekið þegjandi slíkum dómi yfir mér og félögum mínum, sannast sagna þótti mér meiri tilfinningamælgí í því sem bóndakonan var að birta en skáldskapur.⁹⁵¹

Þetta tal Jóns um „bóndakonu“ er smættandi, sér í lagi þegar haft er í huga að þessi skrif koma út árið 1979 og þá er öllum ljós styrkur Jakobínu og hæfileikar á bæði laust mál og bundið. Hér getur Jón Óskar ekki sætt sig við að ljóð hennar „Hugsað til Hornstranda“ varð frægt árið 1953 vegna þess að Bandaríkjaher ætlaði að hafa heræfingar úti fyrir Vestfjörðum en varð frá að hverfa vegna ofsaverðurs. Fannst mörgum að það hefði Jakobína lagt á með skáldskap sínum,

⁹⁵⁰ Það hafa komið fram ábendingar, gagnrýni, um það hversu rýr hlutur kvenna er í endurminningabókum Jóns Óskars og reyndar fleiri karlkyns rithöfunda. Sterk eru orð Vilborgar Dagbjartsdóttur um þetta málefni þegar hún minnst Arnfríðar Jónatansdóttur: „Ungskáldin, til dæmis Jón Óskar og Hannes Sigfússon, voru heimangangar hjá þeim mæðgum. Þess vegna er einkennilegt að sjá Arnfríði ekki gerð skil í rækilegum æviminningum þessara skálda.“ Þorleifur Hauksson. *Úr þagnarhyl: Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur*. Mál og menning, Reykjavík 2011, bls. 173.

⁹⁵¹ Jón Óskar. *Týndir snillingar*, bls. 188-189.

hún væri ákvæðaskáld.⁹⁵² Jón Óskar kvartar yfir því að ljóð hans gegn hernum hafi ekki aflað sér viðurkenningar, nema kannski eitt:

„Vorkvæði um Ísland“ 1954, en sum ljóðanna höfðu geymst í skúffu frá einu ári og upp í sjö ár, vegna þess að ekki dugði að bjóða menningarleiðtogum sósíalista slíkan „formalísma“. Þeir voru blindaðir af kenningunni um þjóðfélagslegt raunsæi sem heimtaði hefðbundnar leiðir.⁹⁵³

Auðvitað verður að setja fyrirvara á þessi orð Jóns, því öllum má ljóst vera að *Tímarit Máls og menningar*, svo dæmi sé tekið, birti ljóð af margvíslegu tagi árið 1953 og hafði gert lengi.⁹⁵⁴ Í bók sinni, *Draumar og veruleiki*, fer Kjartan Ólafsson ágætlega yfir það hvaða ljóðskáld fengu flest ljóð birt í *Tímariti Máls og menningar* á tímabilinu 1940-1953 og þar kemur í ljós að Jón Óskar er í hópi þeirra sem fá mest birt; alls tólf ljóð.⁹⁵⁵

Hugmynd Jóns Óskars um að hann, oft má lesa það á milli línanna, sé þessi umrædda „kynslóð“ – kemur sterkt fram í kaflanum „Vinir mínir gefa út bækur“, sem er að finna í þriðju minningabók hans, *Gangstéttir í rigningu*. Kaflinn hefst á þessum tregafullu og beiskjublöndnu orðum: „Í stað þess að ég gæfi út bók árið 1946, eins og Hannes Sigfússon tilkynnti að verða mundi, gáfu þrír kunningjar mínir út bækur á því ári: Jón úr Vör, Elías Mar og Stefán Hörður Grímsson.“⁹⁵⁶

Í þessum kafla skoðar Jón þessar bækur félaga sinna og ver mestum tíma í bók Elíasar, *Eftir örstuttan leik*. Jón getur þess að þeir félagar Elíasar hafi dæmt söguna nokkuð hart á sínum tíma en segir jafnframt að við endurlestur þegar hann er að skrifa endurminningarnar (1970-1971) þá finnst honum sagan sterkari.⁹⁵⁷ Það er augljóst hvað það er sem helst fangar huga Jóns við þennan endurlestur:

⁹⁵² Þetta ljóð Jakobínu birtist fyrst í *Þjóðviljanum* árið 1953 en nokkrum vikum síðar í *Nýja tímanum*, blaði Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins. Jakobína orti mjög mörg ljóð gegn hersetunni og birtist reglulega kveðskapur eftir hana í fyrrnefndum blöðum og einnig í *Rétti*. Jakobína Sigurðardóttir. „Hugsað til Hornstranda“ í *Þjóðviljinn* 26. júlí 1953, bls. 4; *Nýi tíminn* 10. september 1953, bls. 5.

⁹⁵³ Jón Óskar. *Týndir snillingar*, bls. 189.

⁹⁵⁴ Hér má nefna, af handahófi: Jón Óskar. „Á vori 1951“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1952, bls. 34-35; Jón Óskar. „Spegln“ og „Bros í myrkri“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1952, bls. 148; Stefán Hörður Grímsson. „Vetrardagur“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1952, bls. 174; Hannes Pétursson. „Dveljum ekki“, *Tímarit Máls og menningar* 2-3/1953, bls. 119; Anonymus. „Kalt stríð“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1954, bls. 197.

⁹⁵⁵ Kjartan Ólafsson. *Draumar og veruleiki*, bls. 291.

⁹⁵⁶ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 81.

⁹⁵⁷ Reyndar má ljóst vera að þetta var ekki eina saga Elíasar sem varð sleggjudómum í vinahópnum að bráð. Hannes Sigfússon segir t.d. um *Vögguvísu* í bréfi til Jóns Óskars: „Það er mikið djöfuls bull sem hann Elías Mar sendir frá sér, nú sem oftast áður. Og mér er sagt að þú hrósir þessu. En þetta er þó hvorki fugl né fiskur, nema hvorttveggja væri. Ef ég væri nógu svínskur myndi ég kalla þetta díalektískan sosialisma, án þess að vita hvað ég ætti við með því. Elías fullyrðir að þú hafir hrósað þessu. Það getur ekki verið rétt. Elías segir mér líka að Kristján Davíðsson hafi brjálást. Ekki getur það heldur verið rétt, eða hvað.“ Hannes Sigfússon. Bréf til Jóns Óskars dagsett 15. maí 1952 í Stavanger. Bréfasafn Jóns Óskars. Landsbókasafn, Lbs. 166 NF.

Ekkert geislandi takmark skín við söguhetju Elíasar, ekkert nema tómleiki: lífið á sér engan tilgang. Ungi maðurinn í sögunni ráfar um Reykjavík fullur lífsleiða, hlustar stundum á æðri tónlist og fönðrar jafnvel við ljóðagerð, en vanrækir háskólanám sitt. [...] Það er ekki dýpt eða innsæi sem ræður því að sagan er ekki gersamlega úrelt heldur sá tómleikablær sem höfundur hefur náð í söguna.⁹⁵⁸

Hér má greina að sá sem er utanveltu, ráfar um og finnur sig ekki – er sá sem Jón Óskar tekur best eftir í skáldsögu Elíasar. Og það er ekki erfitt að geta sér þess til að Jón hafi séð örlítið af sjálfum sér í þessari samantekt sinni á sögupersónu skáldbróður síns. Lífsleiður, rápar um bæinn, yrkir, hlustar á klassíska tónlist, vanrækir nám. Hér er meira undir, það er játningabragur á þessu hjá Jóni, hann þykist vita líðan Elíasar, en er trúlega að afhjúpa eigin tilfinningu við svipaðar aðstæður. Í huga kemur brot úr sjöttu bók *Játninga* Rousseaus:

Óvart fann ég sjálfan mig einangraðan og aleinan í þessu sama húsi og ég hafði áður verið lífið og sálin, þar sem ég hafði, svo að segja, lifað tvöföldu lífi. Smátt og smátt vandist ég því að vera einn og aðskilinn frá öllu sem gert var og frá fólkinu sem bjó þarna og til þess að sleppa við eilífa truflun, þá lokaði ég mig inni og las, eða gekk um kjökrandi um skógana eða grét mér til hugarhægðar. Þetta líf var að verða mér gjörsamlega óbærilegt.⁹⁵⁹

En hér er líka annar vinkill sem Jón dregst að, nokkuð sem hann sjálfur vinnur talsvert með í sínum skrifum, það er sá sem ráfar um borgina. Hér veitir hann þessu eftirtekt í texta Elíasar, ekki að ástæðulausu. Sá sem um ræðir verður hér kallaður flandrari og iðja hans flandur.

Segja má að Walter Benjamin hafi í skrifum sínum um Baudelaire og síðan sérstaklega í nokkuð sérstökum bókarkafli, „Konvolut M“,⁹⁶⁰ hafið umræðuna um æði merkilegt fyrirbæri í bókmenntum: flandrarann.⁹⁶¹ Ég segi „sérstökum“ vegna þess að stór hluti þessa kafli er samsafn tilvitnana í texta annarra, einskonar mósafkmynd sem Benjamin raðar saman til að fylla þá heildstæðu – en þó margbreytilegu – sýn sem hann hefur á flandrarann í bókmenntalegu og félagslegu samhengi. Þetta á ríkt erindi í þessa rannsókn því hér verður því haldið fram að

⁹⁵⁸ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 86-87. Það er mjög athyglisvert að Jón ræðir ekkert um eitt meginþema sögunnar, samkynhneigð. Ásta Kristín Benediktsdóttir sýnir með mjög sannfærandi hætti fram á það í óprentaðri doktorsritgerð sinni, *Facing the Heartbeat of the World Elías Mar, Queer Performativity and Queer Modernism*, að meginviðfang sögunnar er samkynhneigð, sam- eða tvíkynhneigð sjálfsmynd, hún bendir á að varla sé hægt annað en að draga þá ályktun að söguhetjan Bubbi sé í raun Elías Mar, þótt ekki sé um sjálfsævisöguleg skrif að ræða. Ásta Kristín Benediktsdóttir. *Facing the Heartbeat of the World Elías Mar, Queer Performativity and Queer Modernism* [óprentuð doktorsritgerð]. Háskóli Íslands og University College Dublin 2019, bls. 184-185.

⁹⁵⁹ Jean-Jacques Rousseau. *The Confessions and Correspondence*, bls. 223. Marga fleiri texta svipaðs eðlis mætti tilfæra úr *Játningunum* en hér verður þessi látinn duga.

⁹⁶⁰ Walter Benjamin. *The Arcades Project*, þýð. Howard Eiland og Kevin McLaughlin. The Belknap Press of Harvard University Press, Cambridge MA og London, 1999, bls. 416-455.

⁹⁶¹ Gæta þarf að því að þetta orð hefur aðra merkingu í íslensku og þá sem sérnafn sbr. þetta í *Orðabók Menningarsjóðs*: „2 Flandrari -a, -ar K Flæmingi: Flandra(ra)mál 1) flæmska, 2) blendingsmál flæmskra sjómanna og Íslendinga.“ bls. 218.

sá sem gæði flandarann lífi sé bóheminn; hinn litríki maður sem alltaf skipar sér á ystu brúnir mannglegrar hegðunar og kann ekki að feta neinn meðalveg. Hann birtist okkur sem auðnuleysingi, landeyða sem engu fær áorkað og hefur enga tilburði uppi til sjálfsbjargar en lætur sig dreyma. Andspænis þeirri manngerð er þekktur í bóhemíunni vinnuþjarkurinn, sá sem aldrei unir sér hvíldar og afkastar ofboðslega, listamaðurinn sem vinnur skipulega, drekkur skipulega og gengur jafnvel nærri sér með ósérhlífni á öllum sviðum. Og ýmist er bóheminn gleðimaður sem er allstaðar lífið og sálin í hverju hófi og við hvert tækifæri, eða hann er hinn, sá sem er stöðugt syrgjandi, fylgdarmaður lífsleiðans og boðberi hans.

Hér verður því einnig haldið fram að til þess að höndla flandarann þurfi að ná haldi á bóhemnum, til þess að skoða farvegi flandursins sé réttast að kortleggja ferðir bóhemsins. Það er verkefni Jóns Óskars í svo mörgum af endurminningarbókum hans eins og fram hefur komið. Sjálfur er Jón bæði flandri og bóhem. Flandriinn rannsakar borgina, flandrið er leið út úr því að vera henni samdauna, komast brott frá henni en halda þó áfram að skoða hana og greina, með sama hætti fer bóheminn út úr samfélaginu, en horfir samt sem áður áfram á það og hefur á því skoðun.⁹⁶²

Í þessari rannsókn hefur verið bent á hikið í fagurfræði og skáldskaparfræði Jóns Óskars. Hikið á sér einnig samsvörun í flandrinu. Walter Benjamin bendir á að óákveðni eða hik sé eitt af einkennum; það er líka efi í flandarannum: „Undarleg óákveðni flandarans. Rétt eins og bið virðist vera viðeigandi hjá hinum kalda hugsuði, virðist efinn vera það hjá flandarannum.“⁹⁶³ Þannig er ekki úr vegi að álykta sem svo að hikið sé stílbragð hjá Jóni, sem svo lengi hefur einvörðungu verið tengt við tónlist – en hér hefur nú þegar verið sýnt fram á að tengist ákveðnu rofi í tímavitund – tengist að öllum líkindum einnig flandri Jóns, götunni. Því vitaskuld er eðlilegt að hann beri þaðan áhrif inn í skáldskap sinn, ekki bara hvað varðar efnistösk heldur og stíll. Það vottar jafnvel fyrir ööryggi í hikinu sjálfu, og má segja að þar verði til einskunar tvístígandi. Þessari staðhæfingu má fylgja eftir með þeirri röksemdafærslu að hikið verði – eins og bent hefur verið á – æ meira áberandi eftir því sem líður á feril Jóns. En þá hafði hann einmitt dvalið þeim mun lengur í Reykjavík; rölt um göturnar og stundað kaffihúsin – og staldrað við til þess að rannsaka mannlífið. Ágætt dæmi um þetta, og þá einnig tvístígandann sem getið var að framan, í skáldskap Jóns er ljóðið „Skáld við Vesturgötu“:

⁹⁶² Walter Benjamin. „Um nokkur minni í verkum Baudelaires“, þýð. Gunnþórunn Guðmundsdóttir. *Fagurfræði og miðlun*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan/Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 119.

⁹⁶³ Walter Benjamin. *The Arcades Project*, bls. 425.

Það vorar um Vesturgötu.
 Hver gengur þar að gömlu húsi skálds?
 Hann skyggnist um, en Gröndal gengur ekki
 lengur í fjöru að leita náttúruminja.
 Ungur maður sem staldrar við húsið hans
 og horfir, er hann skáld
 sem horfir á lífið sem var
 í þessu hverfi aðals fyrri tíðar?
 Hann staldrar við, svo snýr hann sér á hæl
 og gengur út á götu í bílafansinn,
 burtu frá Gröndal, burtu frá horfinni tíð,
 og tími hans er í gær eins og tíminn í dag.⁹⁶⁴

Hér er fyrst að því að hyggja að ljóðmælandi líkt og horfir á mögulegt ungskáld skoða Gröndalshús, það var við Vesturgötu. Þannig mætti færa fyrir því rök að það séu mögulega þrjú skáld við Vesturgötu: Gröndal, Jón Óskar og ungskáldið. Því fullkomin óvissa er í heiti ljóðsins: er átt við mörg skáld eða eitt? Óvissan er líka í því hver það er sem gengur að húsi Gröndals, þar liggur hik. Og það er ekki síður hik eða stöðnun í þeirri staðreynd að Gröndal „gengur ekki“. Ungi maðurinn „staldrar“ – ekki bara einu sinni heldur tvisvar í þessu stutta ljóði. Það er spurning hvort hann er skáld og þegar hann hefur staldrað við þá fer hann frá, „snýr hann sér á hæl“. Hann gengur því næst í fangið á nútímanum, bílafansinum. Hann fer „burtu“ – einnig tvisvar sinnum, burtu frá Gröndal og burtu frá horfinni tíð (sem er í raun skemmtilegur orðaleikur, því ekki er vel mögulegt að fara burt frá því sem er þegar horfið). Í lokálínunni kemur svo enn og aftur bakfylkingarhugmynd, lík þeirri sem áður hefur verið vikið að: „tími hans er í gær eins og tíminn í dag.“ Aftur er hér rétt að minna á orð Eliots: „Þú annað hvort lifir hið liðna, og þá er það í nútíðinni, eða þú manst það liðna og þá er það alls ekki það sama „liðna“ sem þú lifðir eitt sinn. Munurinn er ekki milli tveggja viðfanga heldur á milli tveggja sjónarhorna.“⁹⁶⁵

Í enn nýrra ljóði, „Ljóð um París“, er hikið nánast orðið að stöðnun, þögn eða gleysku:

Einkennilegt
 Á kaffistétt rétt við Signu
 að kvöldi sunnudags
 þegar himinninn er fagur
 eftir margra daga regn
 dettur mér í hug
 óumræðilegt ljóð

⁹⁶⁴ Jón Óskar. *Næturferð*, bls. 115.

⁹⁶⁵ T.S. Eliot. *Knowledge and Experience in the Philosophy of F. H. Bradley*, bls. 51.

um þetta einstaka
sem er París

og um leið og ég ætla að festa það á blað
er það gleymt

allt sem var svo fagurt
allt er það farið
og ég get ekki
sagt frá þessu einstaka
sem er París.⁹⁶⁶

Ljóðið sem skáldinu dettur í hug er „óumræðilegt ljóð“, það verður þannig ekkert úr því ljóði, lesandinn fær aðeins lauslega að vita að það er – eða hefði verið – um París. Það er nánast bannhelgi á ljóðinu, helgidómur Parísar. Óumræðilega ljóðið, það er ljóðið sem ekki er hægt að koma í mál, er heldur ekki hægt að „festa“ á blað. Það er gleymt. Það er „farið“ og skáldið „getur ekki“ sagt frá. Hér er hikið orðið að einskonar hvarfi, hikið hefur náð hámarki með því að vera ekki. Hér er ekki annað en hægt að tengja við brot úr lífi Jóns sjálfs, einmitt tengdu Parísarborg. Þangað hefur hann stefnt lengi, það er borg drauma hans, en hún reynist bara draumaborg við fyrstu sýn: „Verra var þó það, að borg drauma minna olli mér sárum vonbrigðum. [...] Parísarbúar voru stírfnir, geðvondir og ókurteisir.“⁹⁶⁷ Og ekki nóg með það, Jón þolir ekki sýruna í léttu vínunum, hann er slæmur í maganum; hin ímyndaða París reyndist ekki sú sama og hin raunverulega París.

4.4. Hefðin og heilsuleysið

Jón Óskar er ekki eyland. Það er að segja, hann er að skrifa inn í að mörgu leyti mjög fastmótaða og sterka hefð. Í alþjóðlegum skilningi er ekki spurning um hefðina, rætur hennar eða styrk og þýðingu. Skrif hans hvíla þar á sterkum grunni játningabókmennta. Í íslensku samhengi er hefðin óljósari en þó til staðar.

Í byrjun fyrstu endurminningabókar sinnar, *Fundnir snillingar*, dregur Jón upp afar áhugaverða mynd þar sem hann skipar sér til hliðar og svo fáeinum síðum síðar setur sig fullkomlega út úr hópnum, rissar mynd af sér sem þeim sem er fjarri og á ekki heima með heildinni. Fyrstu línurnar í *Fundnum snillingum* eru svona:

⁹⁶⁶ Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?*, bls. 32.

⁹⁶⁷ Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 88-89.

Það er upphaf þessa máls að ég var nemandi í gagnfræðaskólanum Flensburg í Hafnarfirði og þekkti engin skáld nema fáein skólaskáld úr öðrum skóla, héraðsskóla á þeim stað þar sem Snorri Sturluson ríkti áður fyrr í miklu veldi, en nú sá ég ekki lengur skólaskáldin, því ég var kominn í annan skóla og þar voru engin skáld sem ég vissi um fyrr en farið var að gefa út skólablað, og ég kynntist þeim ekki. Ég hafði litið upp til skáldanna í héraðsskólanum, en það hafði aldrei hvarflað að mér að ég gæti sjálfur ort. Nú var ég sautján ára.⁹⁶⁸

Hér ríkir nánast depurð, þessi upprifun virðist sár, engin skáld á sveimi – og þeim sem þó eru í Flensburg hefur hann ekki fengið að kynna. Sjálfur Snorri Sturluson gnæfir yfir, eins og til þess að undirstrika smæð þessa sautján ára unglings sem hafði ekki látið sér til hugar koma að hann gæti ort. Hér er í raun ungur piltur sem er utanveltu og hann verður enn meira utangarðs þegar hann nokkrum blaðsíðum síðar er rekinn úr Flensborgarskólanum, þá bregst hann þannig við, ekki ósvipað og Rousseau í dæmi sem gefið var hér örlítið frammar:⁹⁶⁹

Ég reikaði einn úti í hrauninu fyrir utan kaupstaðinn eða á Álftanesinu, þar sem þá var ósnortin náttúrufegurð á alla vegu, en andstæður miklar frá gróðri til svargrárra hraundranga, og ég hefði ekki getað óskað mér betra hlutskiptis en að fá að reika um frjáls og láta mér detta ný kvæði í hug.⁹⁷⁰

Jón er hér kominn út í villta náttúruna, hann er úr samfélaginu og líkar vel. Hann er líka byrjaður að yrkja. Hann skopast reyndar nokkuð að þeim skáldskapartilraunum sem þarna eru að fara af stað, hann gerir sér grein fyrir því þegar hann lítur um öxl að þessar yrkingar voru skelfilegur skáldskapur, en það hindraði hann samt ekki í því að breiða ljóðin út: „Ég var svo óforsjáll að senda leirburðinn viðstöðulaust frá mér í bréfum til fjölskyldu minnar.“⁹⁷¹ Raunar dregur Jón nokkuð í land með íróniuna og segir stuttu síðar: „Óforsjáll, segi ég, en er það svo skelfilegt þótt ungur maður sýni eftir sig klaufalegar smíðar. Ég lærði á því.“⁹⁷²

Eins og drepið hefur verið á er það margt, og margvíslegt, og þá líka hið fjölbreytilega samsetta höfundarverk Jóns Óskars – sem er *arriére-garde* í sjálfu sér. Í þessum kafla er einmitt vikið að höfundarverkinu í sinni yítrustu þenslu. Ein af birtingarmyndum hins síðbúna módernisma Jóns er að allan sinn feril er hann í slagtogi með þeim mönnum sem tilheyra í raun

⁹⁶⁸ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 7.

⁹⁶⁹ Reyndar mætti, ekki síður, tengja þessa stemmningu sem Jón Óskar lýsir þarna, við texta úr *Les Rêveries du promeneur solitaire* eftir Rousseau. Þar má sérstaklega finna líkindi við texta úr fimmta kaflann, fimmtu gönguna, eins og höfundur kallar kaflana í þessu verki. Í þeim kafla lýsir Rousseau veru sinni á eyjunni Saint Pierre í Biennevatninu í Sviss. Jean-Jacques Rousseau. *The Confessions of J.J. Rousseau with The Reveries of the Solitary Walker*, þýð. óþekktur. J. Bow. London 1783, bls. 211-224.

⁹⁷⁰ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 29.

⁹⁷¹ Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 17.

⁹⁷² Jón Óskar. *Fundnir snillingar*, bls. 17.

síðustu árum níttjándu aldar og fyrstu áratugum hinnar tuttugustu. Einn þessara manna er Giovanni Papini.⁹⁷³ Það sem meira er, á einum stað í æviminningunum samsamar hann sig Papini og það er í kafla þar sem kaflaheitið (undirtitillinn) er vísun í frægustu bók Papinis, *Un Uomo Finito*.⁹⁷⁴ Jón Óskar skrifar:

Það sem segir frá í kaflanum um líf og list um greinar þeirra Sveins Bergsveinssonar og Halldórs Kiljans árið 1950 kom lítið við mig árið 1950, því ég var *un uomo finito*, eins og ítalski bókmenntafræðingurinn Benedetto Croce sagði um landa sinn Papini áður en sá höfundur skrifaði þá bók sem gerði hann heimsfrægan, sem sé: ég var búinn að vera. Ég stóð að vísu enn í sambandi við unga menn bókmennta og lista og ég stóð enn í sambandi við framámenn í bókaútgáfu og menningarmálum eins og Kristinn E. Andr sson, ég var sjálfur úr leik. Finito.⁹⁷⁵

Þessa bók *Un Uomo Finito* hefur Papini einmitt á þessum orðum: „Ég var aldrei barn; ég átti enga barnæsku.“⁹⁷⁶ Og nokkrum l num neðar kemur þetta: „Alveg frá því ég var lítill drengur hef ég verið ógurlega einmana – og „einkennilegur.““⁹⁷⁷ Ekki verður því haldið hér fram að Jón Óskar hefði tekið undir eftirfarandi fullyrðingu Papinis en – samt er í þessu þráður sem vissulega má finna hj  Jóni: „Ég tr i að það væri erfitt að finna mann sem hefur kl drað lífi sínu jafn rækilega og ég. Ég á ekkert eftir til að tapa.“⁹⁷⁸

⁹⁷³ Giovanni Papini var ágætlega kynntur á Íslandi og má segja að jafnt og þétt hafi birst eitthvað um hann eða eftir í dagblöðum og tímaritum allt frá árinu 1923. Þannig kom út árið 1925: Giovanni Papini. *Æfisaga Kristis* [sérprent úr *Lögrétta*], þýð. Þorsteinn Gíslason. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík 1925. Segja má að *Lögrétta* hafi verið einskona heimavöllur Papinis hér á landi en þar var einmitt Þorsteinn Gíslason ritstjóri og útgefandi frá 1906-1936. Þá ber að geta þess að andi hans svífur yfir vötnum í Halldór Laxness. *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Bókvenaútgáfan, Reykjavík 1927. Bókmenntafræðingurinn Halldór Guðmundsson hefur gert nánasta grein fyrir þeim tengslum í: Halldór Guðmundsson. „Loksins, loksins“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Mál og Menning, Reykjavík 1987.

Einnig má nefna: „Giovanni Papini um helga menn og listamenn“ *Lögrjetta* 29. júlí 1931, bls. 1. Þar greinir frá skrifum hans, ritgerðasafninu *Gli Operai della Vigna* (*Verkamenn í v ngarðinum*). Einnig hér: „Miklar styrjaldarminjar á Ítalíu. En Ítalir vinna af fullum krafti að endurreisnarstarfi. Viðtal við Eggert Stef nsson söngvara.“ *Vísir* 3. nóvember 1947 bls. 2. Þetta er viðtal við st rsöngvarann og bóheminn Eggert Stef nsson sem segir þar m.a. aðspurður um bókmenntir á Ítalíu: „Einn þeirra er Giovanni Papini, s  hinn sami, sem skrifaði ævisögu Kristis og birtist hér í íslenzkri þýð. fyrir allm rgum árum. Ég sat í boði hj  honum ásamt h pi ítalskra listamanna. Þar sagði Papini mér að fyrsta ritverk hans hefði fjallað um íslenzkt efni. Það var saga um mann, sem fór til Íslands, háði þar baráttu við sinn innri mann, gerðist filósóf og skrifaði stór listaverk.“ Líklega er hér um að ræða sömu sögu og Allodoli minnst á þegar hann skrifar afskaplega hlýlega til Papinis í kafla helguðum honum, sj : Ettore Allodoli. *IL Domatore di Pulci: Ed Altri Fatti della Mia Vita*. La Nave, Fl rens 1922, bls. 153-169 hér bls.165. Þ  er að lokum rétt að geta blaðgreinar Halldórs Laxness um Papini: Halldór Laxness. „Kringum ítalska bók“, bls. 2-3 *Morgunblaðið* 31. október 1923.

⁹⁷⁴ Giovanni Papini. *Un Uomo Finito*. Libreria della Voce, Fl rens 1913.

⁹⁷⁵ Jón Óskar. *Kynsl ð kalda stríðins*, bls. 90. Greinar þær sem Jón vísar til eru: Sveinn Bergsteinson. „Sigf s Elíasson og at msk ldin“ *Líf og list* 6/1950, bls 16-17, 20; Halldór Laxness. „Sk ldskaparhugleiðingar um j lin 1950“ *Líf og list* 9/1950, bls. 12-13, 26.

⁹⁷⁶ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 3.

⁹⁷⁷ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 3.

⁹⁷⁸ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 290.

Veikinda- og eymdarttal sem þetta á sér djúpar rætur í bóhemíunni, þannig greinir Seigel frá því að sjálfur Henri Murger hafi stöðugt verið fangi slíkra hugsana:

Óaflátanleg veikindi og sjúkrahúsvistir bættust við undiröldu ótta og kvíða. Nokkrum sinnum á árunum 1843 til 1844 gaf Murger út yfirlýsingar um að hann væri á barmi þess að láta af öllum framavonum innan bókmenntanna. Hann hélt því þá fram í umkvörtunartón að sjálfsmorð eða þá það að ganga í sjóherinn, væru fýsilegri kostir en þeir sem hann lifði við.⁹⁷⁹

Þannig eru veikindi og andlegur voði af ýmsu tagi sterkur þáttur í sjálfsmynd og ímynd bóhemsins allt frá dögum Murgers, í það minnsta.

Í framhaldi af þessu er vert að minna á orð Jóns Óskars um eigin veikindi, ekki bara sálarkreppu og angist heldur bókstafleg líkamleg einkenni sem herjuðu á hann þegar hann var að þýða *Pláguna* eftir Camus eins og lýst var í þriðja kafla þessarar rannsóknar.⁹⁸⁰ Og ekki eru vægari sjúkdómseinkennin sem Jón lýsir í *Gangstéttum í rigningu*, en þá er hann að spila með Hljómsveit Karls Jónatanssonar í Tívolí:

Þegar ég var sofnaður að loknum dansleik fékk ég martröð, ég heyrði þung slög eins og hljómaslög og hrökk upp við óskaplegan hjartslátt. Oft gat ég ekki sofnað fyrr en eftir margar tilraunir, því í hvert skipti sem ég var að festa blund, hrökk ég upp aftur og var sem hjartað tæki skyndilega viðbragð og væri óvíst um hvort það mundi halda áfram eða hætta fyrir fullt og allt. En þegar ég lagði hönd á hjartastað fann ég holdið gúlpast milli rifjanna eftir hjartaslögunum eins og hjartað vildi komast út. Samt hélt það áfram að vera inni í brjóstkassanum og ég hélt áfram að vera lifandi, þótt ég óttaðist um tíma að ég ætti að deyja ungur.⁹⁸¹

⁹⁷⁹ Jerrold Seigel. *Bohemian Paris*, bls. 42. Hér er rétt að undirstrika að Henri Murger var ekkert við dauðans dyr á þessum árum og hann lést ekki fyrr en 1861.

⁹⁸⁰ Jón lýsir víðar veikindum sínum, í ferðasögu sinni er hann slæmur í maga. Jón Óskar. *Páfinn situr enn í Róm*, bls. 62. Það er sömuleiðis vegna magavandamála sem Jón innritast á heilsuhælið í Hveragerði en af viðskiptum hans við Jónas Kristjánsson lækni er afar skemmtileg frásögn. Brot úr henni er með þessum hætti:

„Hvað amar að þér? sagði Jónas.
Magabólga, sagði ég. Minntist ekkert á bakveiki, því ég vildi ekki láta setja mig í leirdrulluna.
Hvernig veistu það? sagði Jónas.
Læknarnir segja það, sagði ég.
Þeir vita ekkert um það, sagði Jónas.
Það var sár áður, sagði ég, en ég var í kúr á spítala og þá greri sárið.
Hvernig veistu það? sagði Jónas.
Læknarnir sögðu það, sagði ég.
Þeir vita ekkert um það, sagði Jónas.“

Jón Óskar. *Borg drauma minna*, bls. 156.

⁹⁸¹ Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*, bls. 111-112.

Ekki er hægt að gera þessum þætti skil án þess að minnst á voðaleg sjúkdómseinkenni sem Birkiland lýsir með tilþrifum, og blandast ógn helvítis en hann taldi sig, á þeim tímapunkti, eiga þar vísa vist að þessu jarðlífi loknu:

Er frá leið, tók ég að kenna hjartsláttar, óreglulegra æðaslaga o.s.frv. Virðist helzt, að um ofreynslu hafi verið að ræða, sem tíminn og hvíldin gat einungis ráðið bót á.

En jafnframt þeim sjúkleika-einkennum, er til greina komu, heltók mig ægileg ímyndunarveiki – hræðsla, sem var fólgin í því, að ég hugði, að hjartað hefði algerlega bilað, að ég gæti vænt dauðans á hverri stundu. Ótti við ógnir væntanlegs helvítis, þar eð breytni minni hafði verið mjög ábótavant, gerði mig friðstola frá morgni til kvölds. Ég þorði ekki fyrir mitt litla líf að sofna nokkru sinni, vegna þess að ég bjóst við að deyja og fara krókalaust til helvítis. Reyndi ég að halda mér vakandi nótt eftir nótt, einnig á daginn eftir andvökunætur, teljandi æðaslögin, haldandi hendinni á hjartastað, finnandi alls konar aðkenningar og óþægindi um allan líkamann.⁹⁸²

Papini greinir líka með tilþrifum frá veikindum sínum, nánast eynd – eða er þetta taugaveiklun?:

Deyi ég ekki blindur deyr ég farlama. Taugarnar eru og eyðilagðar og heilinn veikur. Ég hef um skeið orðið var við einkenni: eymsli og doði í fæti, ósjálfráðir kippir í fingrum, nístandi höfuðverkur líkastur hnífstungum. Öðru hvoru finnst mér eins og eitthvað sé að bráðna í höfðinu. Þegar ég reyni að hugsa verður hugur minn þvælinn og þokukennur. Hugmyndir hverfa og mér er ómögulegt að kalla þær fram að nýju. [...] Oftar en einu sinni hefur liðið yfir mig heima, eða úti á götu.⁹⁸³

Hvort heldur þetta eru huglæg veikindi eða líkamleg þá eru líkindin augljós og til að greina þessar hugmyndir – og lýsingar – á eigin eynd er gagnlegt að grípa til þeirra greiningarverkfæra sem tiltæk eru.

Áður er getið oflætisins sem Jón taldi sig sýna með því að senda ættingjum og vinum ljóðmæli sín í bréfum – Papini dregur hvergi úr þegar hann lýsir þeim hugmyndum sem hann, kornungur, hafði um sjálfan sig og sínar skriftir. Hann hyggst skrifa ritskýringarit um Biblíuna (e. *commentary*) því sárlega vantaði slíkt rit um heilaga ritningu sem ekki væri skrifað af hlutaðeigandi, s.s. prestum, guðfræðingum eða prelátum hvaða trúardeilda sem hugsast gæti.

⁹⁸² Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar*, bls. 73.

⁹⁸³ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 282-283. Það er mjög áhugaverð staðreynd að í skáldsögu Papinis *Gog* sem kom fyrst út árið 1931 ber Ísland á góma. Bókin byggist þannig upp að aðalpersónan Gog fer um víða veröld og skrifar bréf (það eru kaflar bókarinnar) úr ýmsum borgum. Úr Reykjavík skrifar Gog nánast sjúkrasögu. Hann liggur veikur og fær til sín íslenskan lækni Harold Olafsen sem gerir Gog grein fyrir því að undirstaða heilbrigðis sé sjúkleiki; að veikindin séu lyf. Giovanni Papini. *Gog*. Vallecchi, Flórens 1931.

Papini ætlar að skrifa ritskýringu frá sjónarhorni rasjónalistans.⁹⁸⁴ En þegar þar er komið sögu hafði hann þá þegar, sem unglingur, ætlað sér að skrifa alfræðirit almenns eðlis, einfaldlega vegna þess að sjálfan langaði hann til að læra allt – en vissi þó ekki hvað það ætti nákvæmlega að vera.⁹⁸⁵ Hér er ekki aðeins hugmynd um að viðkomandi ætli að leggja fyrir sig skrif heldur einhver hin mestu og flóknustu sem hugsast getur. Þetta tengist með ákveðnum hætti veikindalýsingunum, því að innibyrð í öllum þessum nánú sjúkrasögum er hugmynd mannsins um sjálfan sig sem mikilfenglegri persónu áður, fyrrum. Nánari veikindalýsingar segja nánast: Nú er öldin önnur, hér hefur eitthvað farið til verri vegar, áður var ég betri og átti framtíð, von.

Í ágætri bók *Dead as Doornails* þar sem írski rithöfundurinn Anthony Cronin lýsir bóhemíu eftirstríðsáranna í Dublin (og að hluta London), greinir hann frá viðskiptum sínum við enska rithöfundinn Julian Maclaren-Ross⁹⁸⁶ en sá var í áraradir á bekk bóhemanna í Soho. Um Maclaren-Ross segir hann m.a.: „Þegar við spjölluðum greindi ég ákveðinn þátt í honum: Honum féll goðsagan um augljóst afhroð. Hann var hvattur áfram af hefnd og hugmynd um dularfulla endurkomu; um gjaldþrota fjárhættuspilarann sem snýr aftur með eitt kast til góða; um lögerfingjann sem birtist eina óveðursnótt, jakobínska útlagann sem fær að lifa þann dag að sjá valdaræningjann auðmýktan.“⁹⁸⁷ Þarna er þessi hugmynd um að hafa áður verið eitthvað stórt, snillingur – og svo fallið – en síðan að vera drifinn áfram af einhverri mögulegri endurkomu. Að sjá fyrir sér einhverja upphafningu í framtíðinni er bóhemeinkenni; þar sem Elizabeth Wilson fjallar um málarann Augustus John má greina svipaða þræði, hún skrifar um mikilvægan þráð í bóhemmytunni: „hugmyndin um að einhverstaðar hafi hann sjálfur svikið stórkostlega hæfileika sína [...]. „Mistök“ af þessu tagi voru einmitt hluti af mýtunni um bóheminn“.⁹⁸⁸ Í báðum þessum dæmum, þótt þau fjalli ekki fullkomlega um sömu hneigð, má sjá einhverja þrá í myrkt orðspor – einhverja fyllingu, ekki bara á mýtu, heldur er hér órætt andrúm og til að reyna að fanga það er kannski ekki úr vegi að líta að endingu til þess sem Walter Benjamin skrifar um Proust. Því hér er orðið misræmi á milli skáldskapar/listar og lífs líkt og var hjá Proust, sem var orðinn ófær um að gera það í daglega lífinu sem hann tókst á við í skáldskapnum. Augustus John⁹⁸⁹ og Maclaren-Ross stílfæra allt; mistök, þrár og komandi frama jafnt sem hnignandi feril líkt og Proust stílfærði veikindi sín:

⁹⁸⁴ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 27.

⁹⁸⁵ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 19.

⁹⁸⁶ Sjá um Julian MacLaren-Ross t.d. hér: David Malcolm. *A Companion to the British and Irish Short Story* ritstj. David Malcolm og Cheryl Alexander Malcolm. Blackwell, Oxford og Malden MA 2008, bls. 401.

⁹⁸⁷ Anthony Cronin. *Dead as Doornails*. Dublin, The Lilliput Press 1999, bls. 150.

⁹⁸⁸ Elisabeth Wilson. *The Bohemians*, bls. 65.

⁹⁸⁹ Augustus John (1878 -1961) var enskur málari og bóhem. Þegar talað er um að hann hafi „stílfært“ er ekki átt við í myndum sínum, þrátt fyrir að þar sé svo sem nóg stílfærsla, heldur í lífi sínu og í skrifum. Um það vitnar sjálfsævisaga hans sem er afar brotkennt verk og byggir mjög á skyndimyndum af atburðum, jafnvel

Læknarnir stóðu ráðþrota frammi fyrir þessari þjáningu. En ekki skáldið, sem tók hana í sína þjónustu með afar skipulegum hætti. Hann var – svo fyrst sé litið á hið ysta – fullkominn leikstjóri eigin veikinda. [...] Astmað rataði inn í listsköpun hans, hafi það ekki verið hún sem skapaði það. Setningabygging hans endurskapar í hrynjandi sinni, af ýrtruðu fylgni, ótta hans við að kafna. Og írónískar, heimspekilegar, uppfræðandi hugleiðingar hans eru undantekningarlaust andvarpið sem heyrir þegar hann léttir svefndruna endurminninganna af hjarta sér. Þyngri á vogarskálum var hin ógnandi, kæfandi kreppa dauðans, sem var honum stöðugt nálægur, einkum þegar hann var við skriftir.⁹⁹⁰

Greina má í þessum skrifum – og þá ekki síst í þessari setningu: „Setningabygging hans endurskapar í hrynjandi sinni, af ýrtruðu fylgni, ótta hans við að kafna“ – lýsingu á hiki, hökti í skrifum, á móta þeim sem greina má í skrifum Jóns Óskars.

Þá má sjá það af skrifum Papinis að veiklun hans stendur einmitt í samhengi við skrif; og hin dramatísku veikindi Jóns Óskars herjuðu á hann þegar hann var að þýða *Pláguna*. Og Jón er oftast veikur, aumur. Hann greinir jafnt og þétt frá magaveiki, en hann var löngum magaveikur og lagðist m.a. á sjúkrahús vegna þess. En það eru fleiri listform sem tengjast bágru heilsu Jóns, þannig lýkur hann aldrei píanónámi vegna vanheilsu: „Það var í stríðslokin að ég fékk skyndilega heiftarlegt giktarkast í bakið, lagðist í rúmið og gat mig ekki hrært.“⁹⁹¹ Þetta er einmitt þegar hann var að undirbúa sig fyrir brottfararprófið úr tónlistarskólanum. En það er margt sem bendir til þess að ekki hafi veikindi Jóns öll verið líkamleg, hann finnur allt að sér:

Dr. Urbantschitsch spurði mig hvort ég vildi miða að því að halda konserta eða að geta leikið á kaffihúsum, kennt á píanó, stjórnað kórum og þess háttar. Ég kvaðst ekki vilja miða að því að verða konsertpíanisti. Þá ákvörðun tók ég ekki einungis af hagsmunaástæðum. Ég treysti mér ekki til að leggja út í konserta. Ég var geysilega taugaóstyrkur, ef ég lék opinberlega. Og ég vantreysti tveimur fingrum hægri handar sem aldrei vildu hlýða mér sem skyldi.⁹⁹²

uppákomum, atburðum sem tengist gjarnan fólki sem hann málaði, eða umgekkst, frekar en að þar sé sögð heildstæð saga. Þannig stílfærir hann líf sitt með mjög áberandi hætti. Heiti ævisögunnar segir mjög margt, það er einmitt hugtak um stílfærslu í myndlist – leikur með afar sterkar andstæður, svo sem ljósa og dökka liti, þyklar línur og grannar. Augustus John. *Chiaroscuro*. Jonathan Cape, London 1952. Þessi stílfærsla eða sviðsetning Augustus John rímar fullkomlega við það sem Mike Sell heldur fram þegar hann segir: „Að vera bóhem er að vera sagnamaður eigin ævisögu. Að muna með sérstökum hætti er að vera ekta, á sérstakan hátt.“ Mike Sell. „Bohemianism, the Cultural Turn of the Avantgarde, and Forgetting the Roma“, bls. 42.

⁹⁹⁰ Walter Benjamin. „Um mynd Prousts“, þýð. Benedikt Hjartarson bls. 45-65 *Fagurfræði og miðlun*, ritstj.

Ástráður Eysteinnsson. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 2008, bls. 60-61.

⁹⁹¹ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*. Iðunn, Reykjavík 1970, bls. 161.

⁹⁹² Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*. Iðunn, Reykjavík 1970, bls. 162.

Bakið heldur og áfram að kvelja Jón, hann kennir um slæmri setu við píanettuna sem hann æfði sig á – hann lendir á vegg: „En ég komst aldrei í prófið. Ég hlóð undir mig bókum, en fljótlega sótti í sama horfið, bakið bilaði og ég varð að hætta. Þarna skipti sköpum í lífi mínu.“⁹⁹³

Það er athyglisvert að kaflinn þar sem hann greinir frá þessum atburði, sem skiptir sköpum í lífi hans, heitir ekki neinu því nafni sem bendir til þess að svo dramatískir atburðir séu undir í efni hans. Kaflinn heitir „Andrés og Franz Kafka“ og má það nokkuð merkilegt vera, en kannski líka táknrænt. Andrés sá sem um ræðir var Andrés Kolbeinsson óbóleikari sem náði mjög langt sem tónlistarmaður⁹⁹⁴ – Franz Kafka þarf ekki að kynna, en í kaflanum kemur fram að það er Andrés sem kynnir Jón fyrir Kafka; lánar honum *Der Prozess (Réttarhöldin)* og man Jón ekki hvort það var dönsk eða norsk þýðing. Það sem er táknrænt við þetta kaflaheiti er að þarna er þessi stóri atburður í lífi Jóns Óskars falinn á milli nafna tveggja afburðamanna, annars úr tónlist en hins úr bókmenntum, annars frá Íslandi en hins úr Evrópu. Er Jón að gefa til kynna að hans framlag sé fánýtt? Varla – enda er ekki svo. Nær væri að lesa úr þessu kaflaheiti viðfangsefni þessara manna sem hann nefnir, hljómlist af klassísku tagi og skáldskap, textasmíð sem á ekki sinn líka en er á einum stað lýst svo: „Merkingarheimur þeirra, sem höfundurinn hvarf frá og dó frá, er brotinn og markaður sprungum og sárur, en í ófullkomleika sínum er hann líka opinn og veitir lesendum innsæi sem er engu líkt.“⁹⁹⁵ Með þessum orðum eða svipuðum má og lýsa höfundarverki Jóns Óskars, eða öllu heldur breidd þess. Og það er þessi breidd, þessar sprungur og þessi óræði, en samt opni, merkingarheimur sem gerir það að verkum að sértæka aðferð þarf til þess að fanga þessa undarlega samsettu mósaíkmynd sem teygir sig svo víða.

Veikindi Jóns hamla ekki aðeins próftöku, á öðrum stað segir frá því þegar Elías Mar fær 2000 króna styrk frá Menntamálaráði til þess að fara til útlanda. Jón sér það í samhengi við annað ranglæti á jörð og klíkuskap, hann gefur til kynna að Elías fái styrkinn því hann „njóti velvildar einhvers útgefanda og einhverra málsmetandi manna.“⁹⁹⁶ Það þarf ekki að bíða lengi til að fá úr því skorið hvaða menn það eru, því nú nefnir hann þá Ragnar í Smára og Kristin E. Andrésson – og svo kemur sjúkleikinn, í beinu framhaldi af vanmetakennd vegna þess að enn hefur hann ekkert fengið út gefið:

⁹⁹³ Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*, bls. 162-163.

⁹⁹⁴ Andrés Kolbeinsson (1919-2009) nam óbóleik við The Royal College of Music í Manchester á árunum 1944 til 1947. Hann var einn af stofnendum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem hann lék á óbó í um þrjátíu ár. Síðan stundaði hann nótnaskriftir, bæði fyrir hljómsveitina og aðra og vann jafnframt við tónlistarkennslu. Sjá t.d.: „Andrés Kolbeinsson“ (minningargrein) *Morgunblaðið* 27. janúar 2009, bls. 28.

⁹⁹⁵ Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson. „Eftirmáli“ í Franz Kafka. *Ameríka*, þýð. Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson. Mál og menning, Reykjavík 1998, bls. 242.

⁹⁹⁶ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 46.

En fyrir mig dugði ekki að sækja um samskonar styrk og Elías. Ég hafði ekki fengið út gefna neina bók. Ég fékk ekki einu sinni leyfi til að kaupa gjaldeyri fyrir peninga sem ég hafði aflað mér sjálfur. En sem betur fór gat ég huggað mig við það, að ég hefði hvort sem væri ekki heilsu til utanlandsferðar.⁹⁹⁷

Öll þessi veikindi Jóns Óskars eru eins og mitt á milli líkamlegra verkja og andlegra þrauta en eru líklega hvorugt, heldur einmitt goðsöguleg staðreynd sem – ekki síst – verður að vera til staðar svo mýtan um bóheminn gangi upp.

Veikindum sem þessum hefur Þórbergur Þórðarsson líklega gert hvað nákvæmust skil þar sem hann skrifar um Svein Jónsson Framtíðarskáld í *Íslenskum aðli*, en segja má að *Íslenskur aðall* sé bóhemíubók Þórbergs.⁹⁹⁸

Sveinn tignaði og tilbað heillandi unað einhverra dularfullra heima. Það voru hvorki geðheimar né hugarheimar guðspekinnar, ekki heldur sumarland spíritismans né himnaríki kirkjunnar. Það voru ósýnilegar veraldir, sem engin rökræn hugsun, engin rannsakandi reynsla, engin undirstöðulaus hjátrú hefðu getað tekið upp í hugmyndasöfn sín. Hann þráði sveimandi ástir dularfullra meylla, sem aldrei höfðu flekkað líf sitt með samneyti við mannlegar verur, aldrei fætt mannkyninu endurlausnara, aldrei lyft fortjaldi leyndardómanna íklæddar útfrymi miðils, aldrei opinberast sem leiftrandi guðmenni niður til þeirra, sem reikuðu villir vegar í myrkrum þjáninganna.

Heimar Sveins máttu ekki vera staðfastir á neinu breiddar- eða lengdarstigi á víðáttum alheimsins. [...] En hvers virði væri þá lífið? Ef þetta veitti þránni fullnægju, þá yrði það hversdagslegt, óskáldlegt, órómantískt. Dulrænu heimana mátti umfram allt ekki afhjúpa. Þránni mátti ekki fullnægja. Þjáninguna mátti ekki lækna.⁹⁹⁹

Eins og hér kemur fram eru þessi veikindi sjálfsköpuð, þau eru andleg en standa í sambandi við raunveruna með þeim hætti að þau næra staðsetningu þess sem þjáist á ákveðnum stað; í bóhemíunni. Og það sem er mjög mikilvægt hér er að þjáninguna má ekki lækna. Kvölin verður að fá að vera til staðar, allur harmurinn og pínan. Öðruvísi verður ekki lifað. Þjáningin er einskonar vegferð, andlegt ferðalag; innra ferli sem er hluti af ytri mynd, mynd af manni í vitundar- eða sjálfsmyndarkreppu og að einhverju leyti er sá sem skrifar að taka á sig þjáningu annarra, „líða fyrir“ – og má þá ímynda sér að viðkomandi sé að líða fyrir eða með þeim sem halda haus í hinu borgaralega samfélagi, fánýtis og hégóma.

⁹⁹⁷ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 47.

⁹⁹⁸ Áður hefur verið fjallað um *Íslenskan aðal* sem bóhemíutexta, sjá t.d. hér: Oskar Bandle. „Íslenskur aðall“ als Boheme-Roman“ í *Minjar og menntir: Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn*, ritst. Guðni Kolbeinsson. Menningarsjóður, Reykjavík 1976, bls. 32-46.

⁹⁹⁹ Þórbergur Þórðarson. *Íslenskur aðall*. Mál og menning, Reykjavík 1976, bls. 79.

Veikindin sem hér hefur verið gefinn gaumur eru með ákveðnum hætti *arriére-garde*, þau eru annað líf, jafnvel sjálfskipuð sérstaða. Það má lesa þau þannig að í raun sé sá sem skrifar að undirstrika styrkleika; þ.e.a.s. hann geti allt það sem hann geri og afreki allt það sem hann hefur afrekað þrátt fyrir veikindin. Veikindi eða sjúkdómslýsingar eru eins og rauður þráður í gegnum játningabókmenntir, af hvaða toga svo allar þær þínslir eru, er misjafnt. Það er strax hjá Ágústínusi sem má sjá þessa stað. Hann, líkt og Jón Óskar er hræddur við að deyja en getur þó vart lifað: „Bæði var mér lífið óbærilega leitt, en dauðann óttaðist ég ekki síður.“¹⁰⁰⁰ Yfirleitt er það trúarvingl sem þjakar Ágústínus og andlegar þrautir því algengari í hans tilfelli, með undantekningum þó. Hann heldur til Rómarborgar:

Og sjá! Þar beið mín ráðningarsproti líkamlegs sjúkleiks. Ég komst að dauðans dyrum, með byrði alls þess, sem ég hafði illa gjört þér og mér og öðrum, og það var margt og þungt, ofan á þá hlekki upprunasyndar, sem bakar oss öllu dauða í Adam. [...] Mér elnaði sóttin, og ég var að því kominn að fara og farast. Því að hvert hefði ég farið, ef ég hefði þá skilist héðan, annað en í eld og kvalir, sem gjörðir mínar höfðu verðskuldað að sannleiksráði þínu? [...] Ég hlaut bata á líkama mínum, þótt guðvana hjarta mitt væri áfram sjúkt.¹⁰⁰¹

Þarna ægir í raun öllu saman sem áður er talið. Fullyrðing um bata er þó þarna nokkuð sér en þá ber að benda á þá staðreynd, eða undirstrika, að líklega er sá bati ekki tilkominn nema fyrir þær sakir að sjúklingurinn sér sig eiga vísa helvítisvist burtkallist hann héðan. Enda er það svo að „guðvana“ hjartað er áfram veikt.¹⁰⁰²

Það er strax í fyrstu bók *Játninga* Rousseaus sem fyrsta yfirlýsingin um vanheilsu birtist, líklega sú frægasta af mörgum: „Ég fæddist dauðvona og þeir höfðu litlar vonir um að bjarga mér. Ég bar fræ óþæginda sem árin hafa styrkt, og sem veitir mér stundum líkn um stund en bara svo ég þjáist þá enn frekar með öðrum hætti.“¹⁰⁰³ Annars er það sjötta bók *Játninganna* sem er ríkust af veikindalýsingum, bæði andlegri og líkamlegri kröm höfundar. Papini orðar

¹⁰⁰⁰ Ágústínus. *Játningar*, bls. 141. Af seinni tíma játningabókmenntum eru líklega *Játningar* Levs Tolstoj mest í ætt við skrif Ágústínusar. *Játningar* Tolstoj segja frá trúarlegri glímu en þar er einnig – reyndar með öðrum brag – greint frá andlegu brjálæði. Tolstoj segir frá því hvernig hann lifir firrtu lífi í grimmd og svalli, á vígvelli eða inni í samfélaginu. Hann líkir því ástandi við geðveiki, en hann dregur líka línu á milli óhemjugangs í skrifum á fyrstu rithöfundaárum sínum, samfélaginu með rithöfundum og menntamönnum sem stöðugt keppast við að skrifa og tala, þar sem hégóminn ræður ríkjum, við vitfiringahæli. Það er 2. kafli *Játninga* Tolstoj sem greinir ítarlegast frá þessu bilaða ástandi. Leo Tolstoj. *A Confession and Other Religious Writings*, þýð. Jane Kentish. Penguin 1987, bls. 22-25.

¹⁰⁰¹ Ágústínus. *Játningar*, bls. 177-178

¹⁰⁰² Í framhaldi af þessum bataskrifum er óhætt að minna á það sem nefnt var hér fyrr í neðanmálgrein að í *Gog* Papinis er því jafnvel haldið fram að veikindin séu sjálft meðalið.

¹⁰⁰³ Jean-Jacques Rousseau. *The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbes*, bls. 7.

brotalöm sem greinist strax við fæðingu með ögn mennilegri hætti: „Ég fæddist með heilasjúkdóminn mikilfengleika.“¹⁰⁰⁴

Papini sem einnig skrifaði ævisögu heilags Ágústínusar segir í formála að því verki:

Segja má að áður en ég snerist aftur til kristni hafi heilagur Ágústínus, ásamt Pascal, verið eini kristni höfundurinn sem ég las af aðdáun [...] Ég gladdist yfir því að ég sá líkindi með okkur, hann hafði einnig verið bókmenntamaður; ástmaður orðanna. En á sama tíma óþreytandi í leit sinni að heimspeki og sannleika. Jafnvel upp að því marki að láta freistast af dulspeki. Hann hafði líka verið holdlegur og framagjarn. Ég líktist honum auðvitað í því slæma – en samt, ég líktist honum. Og sú staðreynd að svona maður, svo líkur mér í veikleika, hafði fengið að endurfæðast og fengið endurlausn, var mér hughreysting. Hliðstæðan sem ég hef sett fram, endar hér, því í dag er ég eins líkur heilögum Ágústínusi og vængjaður maur líkist gammi.¹⁰⁰⁵

Hér segir Papini fullum fetum að hann gleðjist yfir því að sjá líkindi með sér og Ágústínusi, en þar gengur hann skrefinu lengra en Jón Óskar gerir þegar hann er að samsama sig hinum aðgreinanlegustu mönnum, eins og t.d. Rousseau og Sölva Helgasyni. Hér er einnig vert að draga fram þá íróniú sem Papini beitir, sjálfsháðið skellur á honum ofan í alvarlegar þenkingar. Það er afar fátítt að sjá slíka hæðni gagnvart sjálfum sér í skrifum Jóns Óskars, þótt henni bregði vissulega fyrir.¹⁰⁰⁶

Til þess að slá botn í þessa veikindarollu er ekki úr vegi að líta til eins af frægari játningariturum vestrænna bókmennta, dagbókar Henri-Frédéric Amiel. „Amiel gat ekki án dagbókar sinnar verið, en hann hafði ekki þrek til þess að gera heild úr hugsunum sínum og leggja þær fram fyrir almenning“, segir Sigurður Nordal í fyrirlestri sínum um leikhyggjuna árið 1918.¹⁰⁰⁷ Amiel var fæddur í Genf í Sviss 1821 og lést í sömu borg tæplega sextugur árið 1881. Foreldra sína missti hann barn að aldri og þunglyndi markaði æviferil hans. Hann ritaði nokkuð um heimspeki enda um skeið prófessor í fagurfræði. Helstu verk hans á því sviði voru um Erasmus af Rotterdam og svo um Madame de Staël. Einnig fékkst hann nokkuð við ljóðlist.

¹⁰⁰⁴ Giovanni Papini. *The Failure*, bls. 36

¹⁰⁰⁵ Giovanni Papini. *Saint Augustine*, þýð. Mary Prichard Agnetti. Harcourt, Brace and Company, New York 1930, bls. 11-12. Eins og fram hefur komið skrifaði Albert Camus einmitt einnig um heilagan Ágústínus og er rétt að minna á það hér: Albert Camus. *Christian Metaphysics and Neoplatonism*, þýð. Ronald D. Srigley. University of Missouri Press, Columbia 2007.

¹⁰⁰⁶ Gott dæmi um það hvernig Jón hæðist að sjálfum sér er eftirfarandi: „Ég kenndi fjórum eða fimm nemendum á píanóið hans Andrésar Kolbeinssonar, en í febrúarmánuði 1952 hafði Andrési tekist að fá húsnaði fyrir sig og fjölskyldu sína og þá vildu þau eðlilega fá píanóið sitt. Þannig varð flest mér til óhagræðis í féleysinu, enda fór ég ekki til Parísar, heldur niður á Laugaveg 11, þar sem fólkið sat í dimmuni við plastborð.“ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 184.

¹⁰⁰⁷ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 183.

Það er þó hin viðamikla dagbók hans sem hefur haldið nafni hans á lofti.¹⁰⁰⁸ Henri-Frédéric Amiel var Sigurði Nordal hugleikinn og vitnar hann oft til Amiels í fyrirlestrum sínum um einlyndi og marglyndi. Hann tekur fleiri en eitt dæmi úr skrifum Amiels til þess að hafa til marks um sálarlíf sem einkennist af marglyndi, hann hefur eftir Svisslendingnum: „Ég get gert mig eins einfaldan og ég vil, gleymt umhverfi mínu, samtíma mínum, flutt mig inn í aðra öld. Ég get gleymt skilningarvitum mínum, gert mig blindan, gert mig að lægri veru, dýri, jurt.“¹⁰⁰⁹ Út af þessum orðum leggur Sigurður: „Amiel hugsar sér að hann sé tré. Það er ekki sama og reynslan að vera tré, en samt er það meiri reynsla en tréð sjálf fær, því það er skynlaust.“¹⁰¹⁰ Hér er með öðrum orðum verið að hugsa um ímyndunina, hugaraflið. Það má hugsa sér að endalausar veikindasögur séu með svipuðum hætti hugarburður, það er að segja sviðsetning þeirra – sviðsetning veikindanna er þannig hluti af myndun sjálfs, sviðsetningin býður upp á meira en bara veikindin, því veikin sjálf, pestin eða hrörnunin veitir ekki aðgang að manningum sjálfum. Kvillinn er sjálfstæður og, svo notuð sé líking Nordals, skynlaus. Leikhyggjan ber með sér ákveðið frelsi en um leið, segir Sigurður Nordal: „Afstaða leikhyggjandans til lífsins er að hann er áhorfandi, athugandi.“¹⁰¹¹ Hér hljóta að vakna hugrenningatengsl til skrifa Jóns Óskars, til Sölva, til Jóns Eiríkssonar, til bóhemsins og til Pessoa og Papinis – enn frekar þegar Sigurður tekur það fram að Amiel hafi ekki einungis skoðað heiminn og umhverfið heldur og sjálfan sig og í raun litið á sig sem rannsóknarefni, enn á ný eru þar líkindi með framangreindum. Hann segir jafnframt: „Öldur sjúkdómsins lokast stundum yfir sjálfsathugun Amiels“.¹⁰¹² Og það er kannski ekki síst þess vegna sem Sigurður kemst að þessari niðurstöðu: „Líf manna eins og Amiels er líkt efnisöflun í verk, sem aldrei er samið.“¹⁰¹³ Sambærilega skrifar Guðbergur Bergsson um Fernando Pessoa og hirðuleysi þess síðarnefnda um verk sín: „Ástæðan fyrir hirðuleysinu gæti hafa verið svipuð því sem einkennir frjótt ímyndunarafl, það er taumlaust og gefur skáldinu lítið tóm til að átta sig verulega á ljóðaveröld sinni, enda tekur sá alheimur engan enda.“¹⁰¹⁴ Í þessu sambandi má aftur telja upp þá einstaklinga og þær týpur/hópa sem áður var vikið að, hver af öðrum hafa þeir menn sem hér hefur verið fjallað um einmitt hagað lífi sínu með þessum hætti, sumir nákvæmlega svona, eins og til dæmis Fernando Pessoa, en líka Sölvi og einnig margir sem hafa ætlað sér stóra hluti í sköpun en ekkert orðið

¹⁰⁰⁸ Sjá ágætt æviágrip: Humphry Ward. „Introduction“, bls. vii-xliii í *Amiel's Journal: The Journal Intime of Henri-Frédéric Amiel*, þýð. Humphry Ward. Macmillan and Co. London 1921, sérstaklega bls. xi og áfram.

¹⁰⁰⁹ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 258.

¹⁰¹⁰ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 258.

¹⁰¹¹ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 161.

¹⁰¹² Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 187.

¹⁰¹³ Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*, bls. 284.

¹⁰¹⁴ Guðbergur Bergsson. *Skáldið er eitt skrípatól*. JPV-útgáfa, Reykjavík 2019, bls. 9-10.

úr, því einarðlega voru þeir hinir sömu stöðugt að safna í reynslubankann. Sjúkleikinn er tengdur þessu ástandi, eða að það er sjálft sjúklegt:

Pessoa sagði skýringuna á tregðu sinni hvað varðar útgáfu á bók stafa af því sem hann kallaði „djúp einkenni móðursýki hjá mér“. Þar á hann við óróleikann, örvæntingu andspænis hrúgunni í kistunni og getuleysið við að flokka efnið og koma á reglu fyrir en hann fann ófrávíkjanlegan dauðann nálgast. Árum saman hafði hann verið þrotinn að kröftum og sjúkur og hefði þess vegna eflaust hvorki getað tekist á við sig né ljóðin. Aftur á móti gat hann ort fram í andlátíð.¹⁰¹⁵

Síðustu sjö ár Amiels voru mörkuð veikindum, sjúkleika, og er þessi klausa frá þeim tíma:

12. júlí 1876. Vandræði á vandræði ofan. Hóstin er verri en nokkru sinni fyrir. Ég get ekki séð að þetta góða veður eða þá frídagarnir hafi haft jákvæð áhrif á heilsuna. Þvert á móti, mér virðist hrörnunin hafa tekið kipp. Hún er sársaukafull upplifun, þessi snemmbúna rotnun. „Après tant de malheurs, que vous reste-t-il? Moi.“¹⁰¹⁶ Þetta „moi“ er miðja meðvitundarinnar, bolurinn sem allar greinarnar hafa verið hoggnað af, það sem ber vitni síðari tíma limlestingu. Brátt verður ekkert eftir af mér nema eintómir vitsmunirnir.¹⁰¹⁷

Hér er athyglisverð þessi hugmynd um miðjuna sem stendur í raun ein eftir en um leið sú vissa að í þessari miðju búi vitið. Sú spurning hlýtur að vakna hvort Amiel hafi ekki, líkt og Benjamin sagði Proust hafa gert, tekið veikindin í sína þjónustu. Langveikur af þunglyndi og í raun alltaf frekar heilsuveill nær Amiel nú inn í eigin kjarna, miðju, og sú miðja er strípuð af honum sjálfum. Allt af hoggið nema vitsmunirnir.

Jón Óskar verður fyrir svipaðri uppljómun, nær inn í eigin kjarna, nær í skottið á sjálfum sér. Hann hefur sjálfsskoðun með dagbókarskrifum og hann nær finnur barnið í sjálfum sér. Þetta gerist einmitt eftir að hann lýkur við að þýða *Pláguna* en sem áður er getið þá herjaði mikið heilsuleysi á hann um þær mundir, þetta er úr áðurnefndri dagbók:

En það var misskilningur og ímyndun að ég ætti að fara að deyja. Heilsa mín er nú óðum að batna, enda er ég farinn að skrifa dagbók, eins og sjá má, og í dag keypti ég mér *Ævintýri* og sögur eftir H. C. Andersen, ævintýrin sem glöddu mig, þegar ég var drengur, snattastrákur í Laugarholti í Bæjarsveit.¹⁰¹⁸

¹⁰¹⁵ Guðbergur Bergsson. *Skáldið er eitt skrípatól*, bls. 12.

¹⁰¹⁶ „Après tant de malheurs, que vous reste-t-il? Moi.“ Eftir alla þessa ógæfu, hvað er þá eftir? Ég.

¹⁰¹⁷ Henri-Frédéric Amiel. *Amiel's Journal: The Journal Intime of Henri-Frédéric Amiel* þýð. Humphry Ward. Macmillan and Co. London og New York 1885, bls. 363.

¹⁰¹⁸ Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*, bls. 99.

4.5. Á jaðri jaðarsins

Stóð það upp á Jón Óskar að kynna bóheminn til leiks í íslensku samhengi? Við lok þessa kafla er ekki óeðlilegt að þessari spurningu sé varpað fram. Margt bendir til þess að Jón hafi í það minnsta tekið það hlutverk að sér. Bóhemar hafa verið á stjái í þeirri mynd sem hér er gengið út frá allt frá miðri nítjándu öld. Á Íslandi er vart hægt að tala um bóhemíu fyrr en á tuttugustu öldinni. Lítið hefur verið fjallað, til þessa, um íslensku bóhemíuna, en líklega kynni ekki neinn einstakur maður jafn marga til leiks – eða gefur jafn nákvæma innsýn í íslenskt bóhemsamfélag – og Jón Óskar.

Menn höfðu sagt frá sjálfum sér í þessu hlutverki áður, þar má t.d. nefna Steindór Sigurðsson sem tengir mjög margt saman af því sem hér hefur verið skoðað og á eftir að renna augunum yfir, hann uppfyllir víðast mýtuna um bóheminn. Steindór Sigurðsson var fæddur í Skagafirði 1901 og var lengst af blaðamaður bæði hér heima og í Noregi og oft með eigin rit sem flest urðu skammlíf, skáld var hann, drykkjumaður, prentari og bóhem – talar meira að segja um sig sem bóhem.¹⁰¹⁹ Í bók sinni *Eitt og annað um menn og kynni* lítur hann yfir farinn veg og kennir þar ýmissa grasa. Til dæmis fer Steindór til Parísar¹⁰²⁰ og hann flyst til Noregs á tímabili og þvælist þar inn í bóhema- og listamannaklíkur, sest meðal annars upp hjá Einari Bothner listmálara í Þrándheimi: „Þar bjuggu annars allir listamenn og „litteratar“ Þrándheims og víðar að, meira og minna, þegar þeir voru í blankheitum og langdrykkju.“¹⁰²¹ Hann þvælist um með frægum sænskum söngvara og textasmið, Sven-Olof Sandberg og Gunnari Bohman sem var þekktur Bellman-söngvari, en Steindór flutti Gunnar til Íslands til skemmtanahalds

¹⁰¹⁹ Sjá t.d.: Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*. Bókaútgáfa Pálma H. Jónssonar, Akureyri 1948, bls. 66 og 179. Steindór lést úr berklum 1949.

¹⁰²⁰ Ljóðaflokkurinn „Söngvar Hassans“ eru í bók Steindórs *Mansöngvar og minningar*, þar er ljóðið „Forleikur“ sem segir frá upplifun ljóðmælanda í París:

Eg vil minnast kvölds á knæpu,
knæpu á vinstri Signubökkum.
Hending bar mig, heimalning,
hingað inn með tveimur Frökkum

Eins og þegar undralöndin
opna sig í hugum barna.
Indland, Persland, Arabía,
Austurlöndin voru þarna.

Var það draumsýn veit eg ekki;
verður hver um það að ráða.
Kannski svæfður sætum vínunum
söngva trúðsins heyrði ég báða.

Steindór Sigurðsson. *Mansöngvar og minningar*. Bókaútgáfa Pálma H. Jónssonar, Akureyri 1945, bls. 49-50.

¹⁰²¹ Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*, bls. 119.

ásamt norskri söngdívu sem hann aldrei nefnir á nafn.¹⁰²² Steindór var djarfur og sótti heim og sat hjá mönnum eins og Einari Benediktssyni og Guðmundi Kamban ef hann átti leið hjá þar sem þá var að finna.¹⁰²³

Steindór er ágætur fulltrúi fyrir hinn íslenska bóhem. Hann var utanbæjarmaður, Skagfirðingur. Það virðist vera einkenni á íslenska bóhemnum, án þess að það sé regla, að þar fari maður utan af landi. Marga má nefna sem falla undir þessa skilgreiningu: Steinar Sigurjónsson Hellissandi, Ásta Sigurðardóttir Kolbeinsstaðahreppi á Snæfellsnesi, Vernharður Eggertsson Akureyri, Jón Óskar Akranesi, Ási í Bæ Vestmannaeyjum, Jón úr Vör Patreksfirði, Þorsteinn frá Hamri Þverárhlið í Borgarfirði, Guðbergur Bergsson Grindavík, Ólafur Ormsson Keflavík, Magnús Ásgeirsson Lundarreykjadal í Borgarfirði, Steinn Steinarr Skjaldfannardal í Nauteyrarhreppi, Steingrímur St. Th. Sigurðsson Akureyri, Örlygur Sigurðsson Akureyri, Sigurður Pálsson á Skinnastað í N-Þingeyjarsýslu, Sigurður Anton Friðþjófsson Árskógsströnd, Hringur Jóhannesson Aðaldal, Tryggvi Ólafsson Neskaupstað. Áhugavert er hér að rifja aftur upp orð Þorsteins Antonssonar um þrjá menn úr þessum hópi og ríma þau ágætlega við það sem haldið hefur verið fram í þessari rannsókn: „Steinar, Guðbergur, Jón Óskar hlutu að fara krókaleiðir við leit sína að sjálfum sér. Allir upprunnir við hefðbundin skilyrði í íslenskum sjávarbæjum.“¹⁰²⁴

Þessir einstaklingar sem hér eru taldir upp spanna stórt aldursbil og er alls ekki neinn tæmandi listi um bóhema í Reykjavík á síðustu öld, eins má þræta um hvort einn eða annar úr þessum hópi falli undir þá skilgreiningu að vera eða hafa verið bóhem. Það er óunnið verk í íslenskri menningarsögu að kortleggja Reykjavíkurbóhemíuna, skilgreina hana með þeim hætti að hægt verði að ráða í hver fellur utan hring og hver innan. Hitt er merkilegra að í bók Hans Jæger, *Fra Kristiania Bohemen*, er bent á nákvæmlega það sama, það eru landsbyggðarmennirnir sem eru drýgstur hluti bóhemanna í höfuðborg Noregs. Í inngangi að sögunni bendir Jæger á að þeir sem safnist til bóhemíunnar séu þeir sem sjái ekki von eða tilgang í nútímasamfélagi og sjái það sem „viðsjárverða eyðimörk þar sem hvergi sé hægt að festa rætur, þar sem maður bara rási í hringi og fyrirgeri lífinu.“¹⁰²⁵ Hér bergmála skrif Murgers þar sem hann skrifar um týndu bóhemíuna, sem hann kallar *cul-de-sac*, sá sem villist inn í hana mun aldrei ná sér út og ekki verða neitt, og ef hann sleppur út þá fer hann bara yfir í næstu

¹⁰²² Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*, bls. 129.

¹⁰²³ Of langt mál væri að telja upp, og í raun ekki til neins í samhengi við þessa rannsókn, alla þá frægu bóhema og dándimenni sem Steindór slarkaði með, en þó má nefna norsku skáldin Herman Wildenvey (1885-1959), Gunnar Reiss-Andersen (1896-1964) og danska rithöfundinn Axel Sandemoe (1899-1965).

¹⁰²⁴ Þorsteinn Antonsson. *Á jaðrinum*, bls. 27.

¹⁰²⁵ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen*, bls. 11.

bóhemíu tilheyrandi öðrum stað.¹⁰²⁶ Og hvaða fólk er þetta svo? Jú, Jæger svarar því, þetta er landflóttá fólk, rótlaus mannskapur allstaðar að.¹⁰²⁷ Það sem Jæger skrifar kemur nákvæmlega heim og saman við það sem Steindór Sigurðsson greinir frá, hann lýsir stanslausum straumi fólks í *atelier* Einars Bothner, ekki bara Norðmönnum heldur fólki allstaðar að sem dvaldi lengur eða skemur í Þrándheimi, við drykkju, list og gleði.¹⁰²⁸

En Steindór Sigurðsson lýsir fleiru, reyndar frá því löngu áður en hann fer til Noregs og það er nokkuð sem bindur þessa bóhem-tengingu að lokum saman. Árið er 1923 á Akureyri:

Týndi handritinu að „Aringlæður“ þetta sumar. Týndi mörgu. Tók ofan hringinn. Kyntist mörgum úr hinum ýmsu stéttum. Einn var þó sá, er mér varð hvað minnisstæðastur. Hafði þekt hann lítið eitt á æskuárum. En nú sat ég hjá honum mörgum stundum í kompu hans og hlustaði og spurði. Þetta var Frímenn B. Arngrímsson (Anderson), ritstjóri Fylkis, stofnandi Heimskringlu í Winnipeg. Víðförull og óhemju víðlesinn undramaður, sem þjóðin hafði aldrei vit né þekkingu til að hagnýta, en lét fljóta hér á reiðanum öll sín elliár, með allan sinn mikla starfshug, góðvilja og óhemju af raunhæfri þekkingu í nauðsynlegustu verkvísindum. – Hinn blábjánalegi nesjamenskurembingur nokkurra ómenntaðra skólaplóga, var á öllum sviðum tekinn umfram hann, - einn hámenntaðasta vísindamann Íslendinga fyrr og síðar.¹⁰²⁹

Það var frá því greint í þriðja kafla þessarar rannsóknar þegar Jón Óskar gekk á hólmi við bók Alexanders Jóhannessonar *Meningarsamband Frakka og Íslendinga*. Hólmganginn fór fram um 30 árum eftir að bók Alexanders kom út, Alexander sjálfur hafði verið í gróf sinni í góð sjö ár þegar stríðshanskanum var kastað. Í bók Alexanders er í fyrsta kaflanum greint frá veru Íslendinga í Frakklandi. Þar er klausa nokkuð sérstök:

Þá dvaldist Frímenn B. Arngrímsson í París árum saman. Fluttist hann 1907 til Íslands og ritaði hann endurminningar sínar, er segja frá ömurlegu lífi þessa auðnuleysingja, er barðist um langt skeið fyrir fyrir ýmsum hugsjónamálum sínum, einkum raflýsingu á Íslandi, og missti aldrei trúna á framgang þessara mála, eins og sjá má af tímariti því „Fylkir“, er hann gaf út á Akureyri.¹⁰³⁰

Þess var getið hér fyrr í kaflanum að Jón Óskar væri ekki eyland í endurminningarskrifum sínum, rætt var um að hann skrifaði inn í hefð sem væri þekkt – bæði hér heima og erlendis. Bók sú sem Alexander getur um að Frímenn hafi skrifað er í nákvæmlega sömu hefð, og það er afar ólíklegt að Jón Óskar, maður sem þyrsti í allt franskt og fransktengt, hafi ekki rekið

¹⁰²⁶ Henry Murger. *The Latin Quarter*, bls. xxvii.

¹⁰²⁷ Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen*, bls. 11-12.

¹⁰²⁸ Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*, bls. 124-129.

¹⁰²⁹ Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*, bls. 54.

¹⁰³⁰ Alexander Jóhannesson. *Meningarsamband Frakka og Íslendinga*, bls. 22.

augun í þessa bók þegar hann las rit Alexanders og þá skoðað hana í framhaldinu – ef hann þá þekkti hana ekki fyrir.

Skrif Frímanns B. Arngrímssonar bera þess skýran vott að þar skrifar maður sem lífið hefur með einhverjum hætti brotið. Hann er lærdómsmaður, hugsjónamaður, en hann er líka mjög greinilega þjakaður af einskönar ofsóknaræði og það er í raun leyndardómur endurminninga hans að aldrei verður fullljóst hvers vegna hann ætti að vera ofsóttur eða hverjir sitja um hann. Hann nær lítt að starfa við verk- eða tæknifræði í París, mest er hann við þýðingar, blaðaskrif, bóksölu og svo við verkamannastörf og þá helst í byggingavinnu. Allt er honum mótdrægt, hann fær ekki vinnu við vísindastörf:

Þessi orð öldungsins hryggðu mig. Þessi Jeg sá, að loku var skotið fyrir aðgang að vísindamusterinu, París myndi ekki þykjast þurfa mín með, fremur heldur en Lundúnir eða Rvík, en ekki dyggði að guggna eða gefast upp, enda grunaði mig, að hinn gamli vísindamaður hefði fengið orðsendingu frá þeim Ólsen eða einhverjum öðrum þjóni danska konsúlsins eða leynilögreglulíðinu, um að gefa mjer enga atvinnu nje atvinnuvon hjá sjer.¹⁰³¹

Frímann tengir þetta lánleysi m.a. gyðingum, en gyðingahatur er nokkuð í honum og fer hann aldrei leynt með það. Hann telur að gyðingar hafi klekkt á sér í London, en þaðan hröklaðist hann til Parísar.¹⁰³² Og hann greinir frá því að Skandinavari hafi ekki haft mikið álit á frama hans í París: „Þeir héldu mig flestir tapaðan mann.“¹⁰³³ Hér hlýtur að koma upp í hugann nafn Papinis og bókin hans góða, *Un Uomo Finito*.

Frímann fer ekki á mis við skáldskapinn, hann fær í fangið eitt af grundvallarritum nútímaskáldsögunnar:

Um þetta leyti, eða litlu síðar, kyntist jeg svenska rithöfundinum August Strindberg, sem bjó þá á No. 3 Rue Bonaparte. Hann hafði þá lokið við og látið prenta skáldsögu sína „Inferno“, sem útlegst: Helvíti, og gaf mjer hana til lesturs. Sagan er langbest samin af ritum hans, lýsir nákvæmri athugun á mönnum, dýrum og jurtum og sýnir hugmyndir hans og stundum djúpvitru skoðanir á mannlífinu, takmörkum, sigri þess og ósigri. Álit mitt um bókina er ritað í áður nefndu Parísarblaði. Greinin var aðeins einnar til tveggja stunda verk, en hún ávann mjer ekki aðeins 20 franka í peningum, heldur vinfengi höfundarins og álit margra Svía, sem fóru nú að bjóða mjer heim til sín og gera mjer ýmislegt, sem þeir gátu, til þægðar, svo jeg þurfti ekki lengur að leita eftir

¹⁰³¹ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*. Bókaútgáfan Edda, Akureyri 1938, bls. 43.

¹⁰³² Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 43.

¹⁰³³ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 44.

atvinnu í verksmiðjunum nje bera liti eða áhöld til ameríkanskra listamanna, eða draga kerrur þar á götunum, eins og ég hafði stundum gert¹⁰³⁴

Það var með Frímann eins og hvort heldur var Jón Óskar eða Rousseau eða Ágústínus, allt virðist vera komið í besta horf þegar allt hrekkur til baka og nokkru síðar gefur Frímann þessa yfirlýsingu, og verður ekki annað sagt en að hún sé í anda bæði Papinis og Jóns Óskars: „Jeg fann, að jeg var í París *óþarfur maður*, rjett eins og jeg hafði verið í Lundúnum og Rvík.“¹⁰³⁵

Þegar dregur nær lokum á Parísardvöl Frímanns er hann í raun orðinn hálfgildings þjóðsagnapersóna í lifanda lífi, eftir ótal hrakfarir, slys og sjúkdóma hefur komist sú sögn á að hann sé vart mennskur, Norðurlandabúar telja hann einhverrar þeirrar náttúru að hann sé ekki hægt að drepa, en annarra þjóða menn segir hann að hafi kallað sig „ólánsmann, sem Frakkar og Bretar eða auðvaldar þeirra hefði misþyrmt.“¹⁰³⁶ Frakkar sjálfir, er hann umgekkst, töldu hann úr einhverju sérstöku, betra efni en aðra menn og kölluðu hann *L'immortel*.¹⁰³⁷

Frímann leysist í raun upp sem sá vísindamaður og hugsuður sem hann er í byrjun og eftir háskólanám í Bandaríkjunum, hann hverfur úr því hlutverki sem hann ætlaði sér að vera í, hrekest frá og endar Parísardvöl sína á því að iðka forn fræði, stúderar ekkert annað og skrifar ekkert annað en „þýðingar og skýringar á ýmsum Eddukvæðum á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og loks á frönsku“.¹⁰³⁸ Vegferðin er svipuð og hjá Jóni Óskari. Hann er módern maður sem hverfur inn í aðra veröld að lokum, því tíminn þjónar honum aldrei með réttum hætti. Hann er ætíð á skjön. Ef til vill kjarnast hér einmitt það sem Hutchinson heldur fram: „Seinkoman grefur undan og undirbyggir hið nútímalega samtímis.“¹⁰³⁹ Það gildir um Frímann það sama og Sölva: hann glímir endalaust við fjandsamleg öfl. Þá er það einnig líkt með Frímanni og Jóni Óskari, að ekki er alltaf greinanlegt hver þau öfl eru, sem við er að fást. Kannski er það þess vegna sem Frímann skilur svo vel *Inferno* Strindbergs?:

Að lifa er að vera annar en maður er. Það er ekki einu sinni mögulegt að finna til ef þú finnur til á sama hátt í dag og í gær. Það að finna til í dag með sama hætti og þú fannst til í gær er ekki að finna til – það er að muna í dag hvernig þér leið í gær, það er að vera lifandi lík gærdagsins.¹⁰⁴⁰

¹⁰³⁴ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 54-55. Blaðið sem Frímann talar um er *Daily Mail*, Parísarútgáfa, gefin út á ensku.

¹⁰³⁵ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 62. Leturbreyting GB.

¹⁰³⁶ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 137.

¹⁰³⁷ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 137.

¹⁰³⁸ Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*, bls. 140.

¹⁰³⁹ Ben Hutchinson. *Lateness and Modern European Literature*, bls. 6.

¹⁰⁴⁰ Fernando Pessoa. *The Book of Disquiet*, þýð. Richard Zenith. Penguin Books, London 2015, bls. 92.

Líðan gærdagsins vefst ekki fyrir Jóni Óskari og í raun nærast hann á minningum. Hann man hvað hann leið í gær og má með sanni segja að hann finni til með sjálfum sér í hverri minningu. Hann er því í ævitextum sínum „lifandi lík gærdagsins“. Þannig vefst ekki fyrir Jóni Óskari stemning sem Fernando Pessoa setur fram á svo fallegan hátt með þessum orðum: „Þessi dögur er heimsins fyrsta dagrenning.“¹⁰⁴¹ Enda hefur Jón Óskar ort ljóð sem, í fleiri orðum reyndar, innifelur sömu hugsun auk þess að gera grein fyrir fagurfræði hiksins, þeirri fagurfræði sem litar höfundarverk Jóns, óræði tímans sem hann velkist þó í:

Borgarljós

Svefnþungum augum horfi ég út um gluggann
á borgarljósinn titra fyrir neðan,
ég get ekki vakað, depurð sækir mig heim,
ó, borgarljós sem titra, þetta líf
sem hrærist fyrir neðan mig, ég spyr:
Ert það þú sem hreyfist, er það ég sem er kyrr?
því depurð sækir mig heim, mér finnst ég velkjast
á rekatimbri meðfram langri strönd,
og ég sé kyrr, en ströndin líði hjá;
því spyr ég: er það lífið sem er hjá?
er það ég sem er kyrr? og lífið svarar mér: já.¹⁰⁴²

Ljóðmælandinn finnur í stórborginni kennd sem minnir á náttúrulegt frelsi, en þó ekki meira frelsi en það að í þeirri mynd er hann að velkjast um. Það er einhver villa í gangi, borgarljósinn titra og það má ímynda sér að þeirra vegna sjái hann ekki niður í sjálft mannlífið, hann er illa vakandi og hann þarf að spyrja hvort heldur það sé hann sjálfur eða lífið sem hreyfist. Myndin af ljóðmælanda á rekadrumbi er sú sama, að breyttu breytanda, hvort er hann kyrr eða ströndin sem hann rekur úti fyrir? Í lokálínum ljóðsins afhúpast hluti þess tákn máls sem fram hefur komið, hér er verið að hugsa til lífsins, um kyrrstöðu manns í lífinu, um framvindu lífs. Hik ljóðmælanda framan af textanum er ótvírætt, lok ljóðsins skilja eftir stóra spurningu um tímans óvissa gangverk.

Það má vera ljóst að Jón Óskar hafði alla tíð augastað á mönnum sem hnýttu bagga sína ekki sömu hnútum og samferðamenn þeirra. Dæmið um Jón Eiríksson undirstrikar skilning hans á þeim mönnum sem hann metur mesta slíkra, hann er utangarðs en þó ekki óreglumáður,

¹⁰⁴¹ Fernando Pessoa. *The Book of Disquiet*, bls. 92.

¹⁰⁴² Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*, bls. 24. Ljóðið birtist fyrst í Birtingi 2/1956 á bls. 20. Jón gerði smávægilegar breytingar á ljóðinu: Í upphaflegu útgáfunni er fyrsta orðið „Syfjuðum“ sem Jón breytir í „Svefnþungnum“ og í annan stað er breyting í lokálínu ljóðsins og er hún veigameiri. Þar bætir Jón inn orðinu „mér“ en áður stóð lokálínan svona: „er það ég sem er kyrr? og lífið svarar: Já.“ – Þannig að Jón skiptir einnig hástaf J út fyrir lágstaf j í lokaorðinu.

hann er menntamaður. Í fyrstu virðist þessi áhugi ekki rista dýpra en gengur og gerist hjá fólki sem sem hefur næmt auga fyrir því sérstæða í mannlífinu. En þegar rýnt er betur í feril Jóns Óskars má sjá að hann hefur ekki aðeins augun á þessum mönnum, heldur mátar hann sig við þá, styrkir eigin sjálfsmynd í gegnum flokkun á þeim og jafnvel samsamar sig þeim með afgerandi hætti eins og í tilfelli Sölva Helgasonar. Hann skynjar að báðir eru þeir Sölvi í þeim sporum að hafa þurft að sækja, það sem Bourdieu kallar menningarlegt auðmagn, annað en í hefðbunda skólagöngu, og höfðu enga möguleika til að vinna það úr uppeldislegum aðstæðum sínum.¹⁰⁴³ Sölvi er, útlagi, jaðarmaður, en einnig listamaður. Jón vill gefa landsmönnum „réttá“ mynd af Sölva, eins og hann vildi með æviminningum sínum gefa „réttá“ mynd af sjálfum sér, líkt og Rousseau vildi gefa eftirlifendum, seinni kynslóðum, rétta mynd af sér. Glíma Jóns Óskars við Sölva Helgason felst ekki síst í því að ára heimspekingsins og flakkararns leysist upp þegar Jón endurvinnur Sölva, svo vísað sé í fræði Benjamins. Upplausn árunnar færir Sölva nær nútímanum, sem svo aftur gerir Jóni Óskari auðveldara með að ganga inn í hlutverk Sölva, með sama hætti og hann gekk inn í hlutverk frönsku sýmbólistanna áður. En hér liggur einnig undir mystík, rætur móðernismans í dulspekinni sem Faxneld bendir á og áður var getið. Jón hverfur í annan heim, upplausn höfundarins helst í hendur við hikið – það verður hik vegna þess að höfundurinn er nú fullkomlega fjarri, svo vitnað sé aftur í Mallarmé.

Staða Jóns Óskars sem bakfylkingarmanns styrkist þegar skoðað er hvernig hann les í þessa menn, stöðu þeirra í mannfélaginu og hlutskipti í lífinu. Skrif hans um Sölva Helgason eru til dæmis eins og einn þáttur seinkomu, í þeim kristallast óræði Jóns í tímalegu samhengi. Jón fylgir mörgum eftir, hikið í textum og lífhlaupi hans verður ljósara. Sjálfum finnst honum hann vera meira einangraður og vanmetinn. Þegar Jón Óskar er að lýsa gömlum dómsmálum kvenna kemst hann e.t.v. einna næst því að gerast hernaðarlegur bakvörður, því hann er að endurrita skjalfesta söguna, formlega lögpappíra – líkt og sá sem sýslar með mannkynssögu að stríði loknu.

Klassíkin í Jóni, í anda Hulmes, staðfestist í raun í fræðagrúski hans undir lok æviverksins. Hann slær þar tvær flugur í einu höggi – eða reynir í það minnsta að festa sjálfan sig í ákveðnum sessi með framsæknum skáldum og menningarvitum 20. aldar hérlendis án þess þó að slíta af sér þjóðlegar tengingar við gömul íslensk gildi og menningarsögu, íslenska klassík. Partur af þessu lífsverki Jóns Óskars er að skipa bóhemíu Reykjavíkur í fylkingar, draga fram hver stendur hvar, hver stendur með hverjum í hvaða hópi og hvers vegna – og í samanburði við

¹⁰⁴³ Pierre Bourdieu. *Distinction*, bls. 73-75.

hverja. Þannig nær hann líka að setja sig í það samhengi sem hann sjálfur vill vera í og stilla sér upp með þeim mönnum sem hann vill tilheyra.

Jón Óskar tjáir greinilega í skrifum sínum eina af hinum sérstæðu hugmyndum bóhemsins um eigin bóhemíu; það er að hann sé í flokki með þeim síðustu, allt er breytt og ekkert verður aftur samt. Hér er undirliggjandi eskatólógísk hugmynd, það er að koma að leiðarlokum sögunnar. Hér hefur verið rýnt í brot úr sögum nokkurra þeirra sem féllu undir hina íslensku bóhemíu, þar fæst, þó ekki væri annað, sönnun þess að hún varð æði snemma til og dafnaði fjölbreytt í höfuðborginni, en á stundum borin uppi af utanbæjarmönnum. Það er ljóst að Jón Óskar skrifar á margan hátt inn í hefð Rousseaus og greinist svo frekar í endurliti sínu með mönnum eins og Jóhannesi Birkiland, fremur en öðrum íslenskum höfundum – og Giovanni Papini ef viðmiðið er alþjóðlegt.

Hægt er að greina í höfundarverki Jóns, í arfleifð hans á ritvellingum, merkingarheim sem er óreiðukenndur en þó skipulagður hið ytra, líkt og bóhemían er hann sérstæður en veikur. Í þeim veikleika liggur þó einnig styrkur þessa höfundarverks. Veikindin eru *arrière-garde* í sjálfu sér, líkamleg veikindi, vanheilsa og vanmáttur. Þetta er, eins og sýnt hefur verið fram á, vanheilsa sem þolir ekki lækningu. Kvölin verður að hafa sinn gang því þjáningin er nauðsynlegur undanfari endalokanna.

Niðurlag

Við upphaf þessarar rannsóknar var því haldið fram að Jón Óskar væri líkt og eyland í íslenskrri bókmenntasögu; eyland sem hefur þó samskipti til allra átta. Það er einmitt stór þáttur rannsóknarinnar að greina samtal Jóns við t.d. evrópskar nútímabókmenntir og stöðu hans sem talsmanns, jafnvel umboðsmanns, þeirra áhrifa sem þær báru með sér.

Þá liggur fyrir að Jón Óskar verður ekki svo auðveldlega njörvaður niður í þau hólf sem hefðbundin bókmenntasaga hefur búið sér til og notað til skilgreininga. Það er mikill hreyfing í Jóni og afskipti hans af ólíkum tegundum bókmennta undirstrika það, svo sem þýðingar margskonar bókmenntatexta, skáldsaga, smásagnagerð, sagnfræðileg skrif, fílólogísk vinna, endurminningar og síðast en ekki síst yrkingar. Í öllum þessum greinum, og reyndar fleirum til, er síðstæð hreyfing í gangi á milli kerfa, ef svo má að orði komast. Það má hugsa sér að t.d. pólitíska kerfið sem Jón andæfir, svo sem hersetan eða auðvaldshyggja, slái sér saman við kerfi bókmenntanna þegar Jón notar skáldskapinn til að andmæla. Sömuleiðis stuggar Jón við efnahagskerfi kapítalismans í sumum af skrifum sínum og verður þá samgangur á milli efnahagskerfis og bókmenntakerfis. Þættir úr öðrum kerfum í hinu menningarlega umhverfi rata einnig inn í bókmenntakerfið, rökræður og deilur varðandi t.d. útgáfumál, sviptingar í kringum tímaritið *Birting* og hræringar í hinni íslensku bóhemíu skálda og listamanna og stéttskipting þar.

Það er ekkert launungarmál að hér er horft til hugmynda formalistans Júrijs Tynjanov og til skoðana hans á bókmenntakerfinu sem dálksskipuðu, og jafnvel óreiðukenndu og sem ekki styðst við hefðarhugtakið nema til þess eins að greina eitthvað sem á sér stað í augnablikinu. Hugmyndir Júrijs Tynjanovs um dýnamískar umbreytingar bókmenntakerfa nýtast til að varpa ljósi á þýðingar Jóns Óskars og samhengi þeirra. Mörg þeirra verka sem Jón þýðir berast inn í íslenskt bókmenntakerfi áratugum eftir ritunartíma sinn, þótt þær marki formbreytingu innan íslensks bókmenntavettvangs. Áhersla Tynjanovs á synkrónískan lestur gagnast vel til að varpa ljósi á hefðarhugmyndir og einkum skilgreiningarvanda þeirra manna sem voru spýrtir saman í eitt sem atómskáld.¹⁰⁴⁴ Reyndar er það svo að krónólógískur lestur á bókmenntasögunni virðist nánast til þess gerður að undirbyggja eða spá fyrir um þær nútímabókmenntir sem við í dag hugsum sem slíkar – annar tilgangur er óljós. Í skrifum sínum um *arrière-garde* er William

¹⁰⁴⁴ Jurij Tynjanov. „On Literary Evolution“, bls. 152-162; Jurij Tynjanov. „The Literary Fact“, bls. 29-49. Rétt er að taka fram að þótt hér sé bent á áherslu Tynjanovs á synkrónískan lestur þá les hann að öllu jöfnu – og telur nauðsyn – með synkrónískum (sam tímalegum) og díakrónískum (þvertímalegum) hætti.

Marx¹⁰⁴⁵ í raun að andæfa þessum afdráttarlausu krónólógíska lestri og þegar skrif Jóns Óskars hafa verið gerð upp með hugmyndina um *arrière-garde* að leiðarljósi þá verður ljóst að höfundarverk Jóns er einmitt af þeim toga að það gengur fullkomlega upp, ekki aðeins í ljósi hugmynda Marx, heldur einnig í ljósi hugmynda Tynjanovs um þróun bókmenntanna. Þannig má hugsa sér að *arrière-garde* kalli á andsögu, sögu sem að einhverju leyti hikar, staldrar við, í versta falli bakkar; í raun má segja að hún taki á tímamisgenginu í þróun bókmenntanna. Þessi andsaga er lykill að höfundarverki Jóns Óskars, með öllum töfum og hiki, staldri og frestun. Jón fer frá því að yrkja hefðubundin ljóð, yfir í tilraunir með móderníska ljóðagerð en þarf til þess að horfa aftur í tímann til frönsku sýmbólistanna. Það er ekki tilviljun að Paul Valéry og T.S. Eliot eru til umfjöllunar í grein Marx „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“. Við sjáum í þessari rannsókn að þessir þrír eru að fiska í sama vatni, hér er tímaskekkjan undir og eins spurningarmerkið við hefðarhugtakið og takmarkanir þess. Allt eru þetta þættir sem verða ljósir á ferli Jóns Óskars, hann er illa áttaður tímalega séð og honum hefur seinkað, svo vísað sé til hugmynda Valérys. Hann er auðvitað að skrifa inn í ákveðna hefð, líkt og allir sem skrifa, en hann nær ekki tengingu því hik er á, og því er óhætt að tilfæra aftur þessi orð Valérys: „Ögurstund í þróun listar er stundin þegar mikilvægast af öllu -, og hin æðsta köllun listamannsins, er þessi: ekki gera það sem þegar hefur verið gert.“¹⁰⁴⁶

Það er vegna þessa meðal annars sem Jón víkur af braut skáldskaparins og inn á braut sagnfræða og fílólogíu. Skilningur Jóns á hefðinni er sá að hann verði að hefja hana upp, taka hana eignarnámi – svo notað sé lagatæknilegt mál. Hér er Eliot nálægur, sú fullyrðing hans að menn taki ekki hefðina í arf. Jón Óskar færir Rimbaud og hin frönsku skáldin og setur þau inn í íslenska bókmenntahefð, hið íslenska bókmenntakerfi. Jón horfir þannig á málið að það þurfi að vinna fyrir söguskynjun og þar um leið fyrir einskonar „rétti“ til þess að fjalla um skáld úr fyrri tíma; og þá ekki síst þau sem hann telur marka varanleg spor í bókmenntasögunni og vera áhrifavalda til framtíðar. Þessi framtíðarsýn er mikilvægur hluti af fagurfræðilegri sýn Jóns á skáldskap yfirleitt, en þar er hann á því að skáldskapurinn skuli vera mannbætandi og vísa veginn í siðferðislegum eignum og í þjóðfélagslegum átakamálum og alltaf með það að leiðarljósi að færa til betri vegar, mennta og bæta. Þeir þræðir í afstöðu Jóns eru að hluta til raktir til þeirrar heimspeki sem ríkti í menntamálum á fyrri hluta síðustu aldar, en sú hugmyndafræði dregur svo aftur til sín fóður víða að; má í því sambandi nefna menn eins og

¹⁰⁴⁵ William Marx. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, bls. 59-71

¹⁰⁴⁶ Paul Valéry. *Cahiers / Notebooks 5*, bls. 38.

Jean-Marie Guyau, Henri Bergson og eins til þeirrar deiglu sem var í andlegum málefnum undir lok níttjándu aldar og upphafi þeirrar tuttugustu.

Eins og sýnt er fram á í ritgerðinni hefur fagurfræði Jóns Óskars sérstök einkenni sem í raun lita alla þætti hans sem rithöfundar, listamanns. Hér er um að ræða áhrif frá T.S. Eliot, sem hefur í raun tvöfalt erindi í þessari rannsókn, bæði sem áhrifavaldur og sem kenningasmiður. All ítarlega er rakið í rannsókninni hvernig Jón mótast af lestri á Eliot og nákvæmri skoðun á stílbrögðum hans. Í raun er hægt að tala um fagurfræði sem þeir eigi sér sameiginlega Eliot og Jón, fagurfræði sem fjallar um tímann og klassíska hugsun þar sem tregi og löngun til þess liðna er áberandi. Löngun eftir hinu liðna er í sjálfu sér ekki annað en bið, hik við að lifa, töf vegna þess óumflýjanlega – hér er á ferð eskatólógískt einkenni. Hér er hlutverk játninganna í höfundarverki Jóns undirliggjandi. Á það hefur verið bent að tímavitundin er lykilatriði í skrifum Jóns Óskars: Þetta er ekki stíleinkenni eða bragfræðilegt einkenni, heldur hugmyndalegt einkenni og kallar sem slíkt á þá hugmynda- og menningarsögulegu nálgunarleið (eskatólógía, útópían, endurlausnin o.s.frv.) sem hér hefur verið borin fram. Í þessu samhengi er óhætt að horfa á bóhemíuna sem einskonar rými þar sem eskatólógískar hugmyndir og endurlausnarhugmyndir dafna. Í þessu sambandi voru skoðaðar guðfræðilegar tengingar og þær mátaðar jafnt við hugmyndir um eskatólógíu sem og játningahefðina en þekkingarhefðir fortíðar og ræturnar úr játningahefðinni skipta meginmáli í því hvernig tengja má Jón við eskatólógíu. Undir liggur svo sú þrengri, trúarlega hugmynd um játninguna, að henni fylgi endurlausn, hún sé eitthvað sem nauðsynlegt sé að gera áður en hinn síðasti dagur rennur upp.

Tíminn hefur verið til rannsóknar bæði sem hinn eiginlegi veraldlegi tími sem við öll hrærumst í en ekki síður tími sem einkennist af frestun og hiki, og djúpri tímalegri spennu á milli tungumálsins og þeirrar reynslu eða upplifunar sem fjölmargir textar Jóns Óskars birta.¹⁰⁴⁷ Þetta er einkenni sem Rebecca Beasley sér liggja til T.E. Hulme – en í rannsókninni er því einmitt haldið fram að glögglega megi rekja þræði frá Hulme til Jóns Óskars.¹⁰⁴⁸ Þessi stíleinkenni og fagurfræði, er *arrière-garde* einkenni; það er dregið fram í rannsókninni að seinkoman og biðin, hik milli orðs og ljóðmáls séu dæmigerð bakfylkingareinkenni. Áhrifin frá T.E. Hulme liggja víðar og má þar nefna hugmynd Hulmes um klassíska ljóðskáldið, að það tapi ekki endanleikanum, gleymi ekki jarðtengingunni – en líka þar liggur hik.

¹⁰⁴⁷ Hér má nefna ljóðin „Faðir minn og hafið” og „Líf“ sem birtast hér frammar í ritgerðinni, þar sem greint er frá þessari togstreitu.

¹⁰⁴⁸ Rebecca Beasley. *Theorists Of Modernist Poetry*, bls. 64.

Enn einn áhrifavaldurinn er Tristan Corbière, sýnt er fram á það í rannsókninni hvernig fagurfræði hiksins er áhrifamikil í textum eftir Corbière en Frakkinn fæst einmitt við allt í senn hikið og tímaleysið eða tímaóreiðuna, sem svo er eins og rauður þráður í mörgum textum Jóns og eru tekin sterk dæmi þar um í rannsókninni. Þá hefur verið sýnt fram á það hvernig vera Jóns sjálfs er lituð af hiki eða seinkomu og það rakið til áðurnefndra höfunda og einnig sterklega til Albert Camus. Sýnt hefur verið fram á hvernig Jón er undir margvíslegum áhrifum frá Camus og undirstrikuð sú staðreynd að Jón gerir í því að aðgreina Albert Camus frá tilvistarstefnunni en þá um leið skipa honum í svipaðan flokk húmanískra hugsuða eins og hann sjálfur vildi tilheyra. Þýðingar á textum eftir Camus eru liður í því hjá Jóni að undirbyggja eigið mikilvægi í bókmenntaumræðu dagins, hann þýðir t.a.m. pólitíska texta eftir Frakkann og heldur um hann fyrirlestra, en Jón Óskar gerði alls ekki mikið af slíku. Reyndar vildi Jón sverja áhrif frá Camus af sér, en eftir að margvísleg tengsl hafa verið rakin á milli þeirra koma þeir svardagar fyrir lítið.

Líkast til er ástæða hiksins í veru bókmenntamannsins Jóns Óskars sú að hann er í senn byltingarmaður og borgari, borgari sem metur líf sitt sem slíkur með þeim hætti að hann slær byltingunni á frest, endalaust. Ein birtingarmynd bakfylkingarmannsins Jón Óskars er sú að hann tengir á stundum mjög ákveðið við kanóníseraða höfunda, t.d. Halldór Laxness, en gefur sig um leið út fyrir að vera framsækinn, er sannarlega í röðum Birtingsmanna og lendir í því að fá hinn kunna stimpil atómskáld. Hinn endinn á þessari leit að sjálfsmynd afhjúpast svo í því tímalega skælda verkefni að þýða frönsku sýmbólistana og nánast gefa það út að þeir séu nútíminn í skáldskap – þrátt fyrir að áratugir séu frá blómatíma þeirra, jafnvel nánast öld í sumum tilfellum; verum minnug þess að *Les Fleurs du mal* kemur út svo snemma sem 1857. Þannig dregur hann byltingamenn í ljóðlist inn á sviðið þegar íslensk ljóðbylting er að eiga sér stað meðal ungra manna á Íslandi, en það eru löngu dánir menn og löngu heimsþekkt ljóðskáld.

Í játningum, játningahefðinni, fer fram einskonar leit að sjálfi eða innri kjarna. Sem dæmi má taka að Ágústínus finnur sig í trúnni á Jesú Krist. Því er eðlilegt að spurt sé hvað það er sem Jón Óskar leitar að og hvað það er sem hann finnur. Í raun eru svörin við þessu ljós, hafa orðið æ ljósari eftir því sem rannsókninni hefur undið fram, en var næsta hulið þegar lagt var af stað. Í raun er grundvöllurinn „leit“ alls ekki ljós í skrifum Jóns fyrr en stór hluti æviverks hans er skoðaður sem játningarit. Jón Óskar finnur eða staðfestir, að því er virðist, það sem hann vildi finna og staðfesta: að hann sem rithöfundur og boðberi menningarstrauma sé aldrei metinn að verðleikum. Leit hans og svör verða til þess að staðfesta einlæga skoðun hans, þá að hann sé ekki maklega viðurkenndur, og þessi niðurstaða mótar feril hans æ meir eftir því sem á líður.

Þannig er leit Jóns tilgangsleit, líkt og segja má um leit Rousseaus, það fer fram sjálfsskoðun sem oft litast af hörmungahyggju og áhyggjum af sjálfsmýnd og stöðu.

Þegar Jón er að kortleggja bóhemíuna í Reykjavík er hann í raun að teikna upp það umhverfi sem tekur honum eins og hann er, þar sem hann fær að njóta sannmælis – að eigin mati –, þar sem hann sér sig ef til vill standa hærra, frammar, öðrum sem einnig tilheyra þessu hliðarsviði tilverunnar. Þetta verður greinilegt þegar hann nánast raðar utangarðsskáldum upp í tignarveldi, hvort heldur það er meðvitað eða ómeðvitað. Í byrjun þessarar rannsóknar var vikið að því að aðferðafræði hennar væri óhefðbundin, kallaði á önnur vinnubrögð en venjulega bókmenntafræðilega greiningu. Einn af þáttunum sem þar var hafður í huga var að hið miðlæga hlutverk æviskrifa Jóns kallaði á menningarsögulega greiningu, einmitt vegna þess að stór hluti höfundarverks Jóns Óskars er tilraun manns til þess að staðsetja sig innan bókmenntasögunnar og menningarvettvangsins – með öðrum orðum: það er viðfangsefni skrifa Jóns Óskars sjálfs sem kallaði á þessa nálgun.

Kortlagning bóhemíunnar sýnir í raun stöðu Jóns Óskars í íslensku bókmenntaumhverfi. Hjá Jóni dregst upp mjög trúverðug mynd, bæði sjálfsmýnd og mynd af samferðamönnum, en hann er ófeiminn við að nefna nöfn og talar um menn og málefni af einurð og alvöru. Hann beitir ekki undanbrögðum eins og margir aðrir íslenskir höfundar sem hafa með einhverju móti fjallað um bóhemíuna í Reykjavík, þ.e.a.s. talar ekki í hálfkæringi og/eða hefur menn nafnlausu eða undir fölskum nöfnum eins og til dæmis Þórbergur, Kristmann, Hannes Sigfússon og Halldór Laxness. Það er helst að Steindór Sigurðsson sé á svipuðum nótum í þessum efnum og Jón Óskar, en þó vantar þar talsvert upp á og einnig er höfundarverk hans minna og því eðlilega minna fjallað um þessa hluti. Þó er vert að nefna að Steindór veigrar sér síður við að nefna norsku bóhemana með nöfnum. Það að rannsaka sögu íslensku bóhemíunnar með ítarlegum hætti er verðugt verkefni sem þyrfti að ráðast í svo fyllri mynd þess menningarkima verði ljósari og þar með aðgengilegri.

Þegar líður á feril Jóns Óskars má segja að frestun eða hik taki yfir með fullkomnum hætti. Bakfylkingarhlutverkið verður greinilegra með hverju árinu sem líður og nær hámarki í því hvernig Jón vísar út úr þeirri bókmenntaiðkun, sem hann hafði mest ástundað, og hverfur til sagnfræðilegra skrifa um fólk sem verður að teljast utangarðs. Þar verður samsömun hans með þeim sem ekki fengu inni í hefðbundnu samfélagi algjör. Þar má segja að bóhemsk játningaskrif Jóns Óskars finni sína röklegu niðurstöðu.

Heimildaskrá

- Abbott, Lyman. „Ný heimspeki: Henri Bergson, prófessor í París“, þýð. ekki getið.
Nýtt kirkjublað 1. september 1913, bls. 196-201.
- Adamson, Natalie. „„The Serpent Eats Its Tail“: Avant-Garde and Arrière-garde in Paris, 1943-1953“, *Europa! Europa?: The Avant-Garde, Modernism and the Fate of a Continent*, ritstj. Sascha Bru o.fl. De Gruyter, Berlín, 2009.
- Agamben, Giorgio. „What Is the Contemporary?“, *What Is an Apparatus? And Other Essays*, þýð. David Kishik og Stefan Pedatella. Stanford University Press, Stanford 2009, bls. 39-54.
- Agnar Þórðarson. *Í vagni tímans*. Mál og menning, Reykjavík 1996.
- Agnar Þórðarson. *Kallað í Kremlarmúr*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1978.
- Alexander Jóhannesson. „Um málaralist nútímans“, *Eimreiðin* 28/1922, bls. 14-24.
- Alexander Jóhannesson. *Die Wunder in Schillers „Jungfrau von Orleans“*. Ehrhardt Karras, Halle 1915.
- Alexander Jóhannesson. *Menningarsamband Frakka og Íslendinga í ritröðinni Studia Islandica*. Útgefandi Sigurður Nordal, Reykjavík 1943.
- Allan, Kenneth R. „Marshall McLuhan’s Conterenvironment Within the Stream of Defamiliarization“, *Imaginations Journal* 2017, bls. 111-128.
- Allodoli, Ettore. *IL Domatore di Pulci: Ed Altri Fatti della Mia Vita*. La Nave, Flórens 1922.
- Amado, Jorge. *Ástin og dauðinn við hafið*, þýð Hannes Sigfússon. Mál og menning, Reykjavík 1957.
- American Harvest: Twenty Years of Creative Writing in The United States*, ritstj. Allen Tate og John Peale Bishop. Garden City Publishing Co., New York 1943.
- Amiel, Henri-Frédéric. *Amiel's Journal: The Journal Intime of Henri-Frédéric Amiel*, þýð. Humphry Ward. Macmillan and Co., London og New York 1885.
- Andrés Björnsson. „Frá Sölva Helgassyni“, *Andvari* 1/1976, bls. 140-149.
- Andrés Kristjánsson. „Lífið í sjónhendingu“, *Tíminn* 24. nóvember 1962, bls. 9, 13.
- Annadís Gréta Rúdólfsdóttir. „Í gegnum gler og þoku: Um sálfræðina í verkum Bjargar C. Þorláksson“, *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson*, ritstj. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, JPV-útgáfa, Reykjavík 2002, bls. 123-143.
- Anonymus [Jóhannes úr Kötllum]. „Kalt stríð“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1954,

- bls. 197.
- Apollinaire, Guillaume. „1909“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 124-125.
- Apollinaire, Guillaume. „Brottför“, þýð. Jón Óskar, *Birtingur* 2-3/1967 bls. 48.
- Apollinaire, Guillaume. „Kveðja“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 126.
- Apollinaire, Guillaume. „Skuggi“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 127-128.
- Apollinaire, Guillaume. „Skýjavofa“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 129-132.
- Apollinaire, Guillaume. „Trúðarnir“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 123.
- Aragon, Louis. „Aflið“ og „Ég hefði brátt“, í Jón Óskar, *Undir Parísarhimni*, bls. 79-82.
- Aragon, Louis. „Plainte pour le quatrième centenaire d'un amour“, *Les Yeux d'Elsa*. Seghers, París 1962.
- Aragon, Louis. „Tilbrigði“, í Jóhann Hjálmarsson. *Af greinum trjáanna*. Helgafell, Reykjavík 1960, bls. 39.
- Archambault, Paul. *Camus' Hellenic Sources*. University of North Carolina Press, Chapel Hill 1971.
- Arendt, Hannah. *Between Past and Future: Eight Exercises in Political Thought*, þýð. ekki getið. Penguin Books, Harmondsworth og New York 1985.
- Asher, Kenneth. „T.S. Eliot and Ideology“, *ELH* 4/1988, bls. 895-915.
- Auðunn Bragi Sveinsson. „Hafnarstræti við stríðslok“, *Lesbók Morgunblaðsins* 28. ágúst 1982, bls. 4-5.
- Auður Ingvars. *Hvenær kemur nýr dagur?: Örlagasaga fólks*. Fjölvi, Reykjavík 1991.
- Auður Ingvars. *Lúsamurlingar*, Félagsprentsmiðjan, Reykjavík 1995.
- Auður Ingvars. *Mefistö á meðal vor: Furðuskáldsaga*. Fjölvi, Reykjavík 1990.
- Ágúst H. Bjarnason. „Skáldspekingurinn Jean-Marie Guyau“, *Skírnir* 1912, bls. 97-110, 289-307.
- Ágúst H. Bjarnason. *Jean-Marie Guyau. En fremstilling og kritik af hans filosofi*. Gyldendal, Kaupmannahöfn 1911.
- Ágúst H. Bjarnason. *Saga Mannsandans*, 5. bindi: *Vesturlönd*. Hlaðbúð, Reykjavík 1954.
- Ágústínus. *Játningar*, I. og II. bindi, þýð. Sigurbjörn Einarsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006.

- [Án höfundar]. „144 nemendur fá styrki frá Men[n]tamálaráði“, *Morgunblaðið* 9. maí 1947, bls. 5.
- [Án höfundar]. „Andlát Þorsteinn Ó. Thorarensen“, *Morgunblaðið* 28. október 2006, bls. 2.
- [Án höfundar]. „Andlátsfregn“, *Morgunblaðið* 22. mars 2002, bls. 11.
- [Án höfundar]. „Andrés Kolbeinsson“, *Morgunblaðið* 27. janúar 2009, bls. 28.
- [Án höfundar]. „Átta nýjar bækur frá Ísafoldarprentsmiðju“, *Morgunblaðið* 10. september 1944, bls. 5.
- [Án höfundar]. „Ávarp“, *Nýtt Helgafell* 1/1956, bls. 3-4.
- [Án höfundar]. „Bókmennta- og listkynning á vegum Samvinnuskólans að Bifröst“, *Samvinnan* 1. apríl 1958, bls. 7.
- [Án höfundar]. „Bændur á Vatnsleysuströnd rísa upp gegn yfirgangi“, *Þjóðviljinn* 31. maí 1953, bls. 1.
- [Án höfundar]. „Carlo Levi“, *Cassell Dictionary of Italian Literature*, ritstj. Peter Bondanella og Julia Conway Bondanella. Cassell, London 1996, bls. 320-321.
- [Án höfundar]. „Charles Maurras og dagleg störf ritstjórans“, *Lögrjetta* 22. maí 1929, bls. 1-2
- [Án höfundar]. „Fyrir kjaftakerlingar“, *Líf og list*, 7/1950, bls. 15.
- [Án höfundar]. „Giovanni Papini um helga menn og listamenn“, *Lögrjetta* 29. júlí 1931, bls. 1.
- [Án höfundar]. „Hesketh Pearson: Samvinna mín við Bernhard Shaw: Tveir fyrirlestrar á vegum Kynningar“, *Morgunblaðið* 27. júní 1956, bls. 3.
- [Án höfundar]. „Hið hefðbundna ljóðform er nú loksins dautt“, *Líf og list* 7/1950, bls. 3-4.
- [Án höfundar]. „Hryllilegt morð“, *Framtíðin* 3. desember 1929, bls. 3.
- [Án höfundar]. „Hryllilegt morð“, *Morgunblaðið* 1. desember 1929, bls. 3-4.
- [Án höfundar]. „Íslendingur deyr voveiflega í Osló“, *Tíminn* 24. maí. 1961, bls. 3.
- [Án höfundar]. „Kristín Sigfúsdóttir sjötug“, *Embla* 1/1946, bls. 32-34.
- [Án höfundar]. „Kvikmyndir“, *Þjóðviljinn* 10. október 1946, bls. 5.
- [Án höfundar]. „Leikrit eftir Maupassant“, *Þjóðviljinn* 22. mars 1979, bls. 13.
- [Án höfundar]. „Lesendur“, *Samtíðin* 1/1934, bls. 1-2.
- [Án höfundar]. „Merkir Íslendingar“, *Morgunblaðið* 15. júlí 2013, bls. 23.
- [Án höfundar]. „Miklar styrjaldarminjar á Ítalíu. En Ítalir vinna af fullum krafti að

- endurreisnarstarfi. Viðtal við Eggert Stefánsson söngvara“, *Vísir* 3. nóvember 1947, bls. 2.
- [Án höfundar]. „Minningarathöfn og útför sjómanna sem fórust með Eyfirðingi“, *Nýji Tíminn* 13. mars 1952, bls. 1.
- [Án höfundar]. „Minningargreinar“, *Morgunblaðið* 14. janúar 1982, bls. 27.
- [Án höfundar]. „Ms. Eyfirðingur fórst við Orkneyjar s.l. mánudag“, *Vísir* 15. febrúar 1952, bls. 1.
- [Án höfundar]. „*Nashyrningurinn* kominn út í ísl. þýðingu“, *Vísir* 10. apríl 1961, bls. 6.
- [Án höfundar]. „Námstyrkir menntamálaráðs í ár“, *Alþýðublaðið* 16. apríl 1946, bls. 4.
- [Án höfundar]. „Noregur“, *Þjóðólfur*. 15. október 1886, bls. 182.
- [Án höfundar]. „Nýtt bókmennta- og útgáfufélag verður stofnað í Norræna húsinu á sunnudag „Hringskuggar“, *Tíminn*. 5. september 1991, bls. 5.
- [Án höfundar]. „Rannsókn morðmálsins“, *Morgunblaðið* 3. desember 1929, bls. 3-4.
- [Án höfundar]. „Ritfregnir“, *Hæfir* 20/1925, bls. 2.
- [Án höfundar]. „Ríkjakaflinn: Noregur“, *Skírnir* 1887, bls. 145-146.
- [Án höfundar]. „Sagan af Vatnsleysuströndinni“, *Virkið í norðri* október-desember 3/1953, bls. 97-106.
- [Án höfundar]. „Samsýning listamanna opnuð á fimmtudaginn“, *Vísir* 16. nóvember 1948, bls. 8.
- [Án höfundar]. „Stórslys á Akranesi í gær: Tveir drengir drukna, er holskefla sópar fjölda fólks og tveimur bifreiðum út af hafnargarðinum“, *Nýja dagblaðið* 23. september 1931, bls. 1.
- [Án höfundar]. „Straumhvörf“, *Mjólnir* 5-6/1934, bls. 49-55.
- [Án höfundar]. „Unga fólkíð í Reykjavík“, *Dvöl* 3/1934, bls. 1-2.
- [Án höfundar]. Bókmenntafélagið Hringskuggar“, *Alþýðublaðið* 6. september 1991, bls. 4.
- [Án höfundar]. „Viktoría Grandolet“, *Morgunblaðið* 25. apríl 1946, bls. 7.
- Árni Bergmann. „Húsabókin frá Fjölva“, *Þjóðviljinn* 7.-8. nóvember 1981, bls. 9.
- Árni Böðvarsson (ritstj.). *Íslensk orðabók*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1985.
- Árni Hallgrímsson. „Sundurlaust rabb um Þórberg Þórðarson“, *Helgafell* 3/1954, bls. 21-38.
- Árni Ibsen. „Frá stríðslokum til viðreisnarára“, *Íslensk bókmenntasaga*, 5. bindi, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 209-227.

- Árni Ibsen. „Leikritun eftir 1918“, *Íslensk bókmenntasaga*, 5. bindi, ritstj.
- Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 177-311.
- Árni Óla. *Strönd og Vogar*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1961.
- Ásgeir Hjartarsson. „Allir synir mínir“, *Þjóðviljinn* 29/10 1958, bls. 7.
- Ásgeir Hjartarsson. „Þjófar, lík og falar konur“, *Þjóðviljinn* 21. mars 1965, bls. 2.
- Ásta Kristín Benediksdóttir. *Facing the Heartbeat of the World Elías Mar, Queer Performativity and Queer Modernism* [óprentuð doktorsritgerð]. Háskóli Íslands og University College Dublin 2019.
- Ástráður Eysteinnsson. „Blik í dagsins auga: Um feril og ljóðagerð Einars Braga“, *Einar Bragi Ljóðasafn* 1. bindi. Dimma, Reykjavík 2021, bls. 5-72
- Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson. „Eftirmáli“, Franz Kafka. *Ameríka* þýð. Ástráður Eysteinnsson og Eysteinn Þorvaldsson. Mál og menning, Reykjavík 1998, bls. 237-250.
- Ástráður Eysteinnsson. „Mylluhjólið: um texta og textatengsl“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1993, bls. 73-85.
- Ástráður Eysteinnsson. „T.S. Eliot á Íslandi“, meðhöf. Eysteinn Þorvaldsson. *Skírnir* (haust) 2008, bls. 404-437.
- Ástráður Eysteinnsson. „Tóm til skrifa“, í Roland Barthes. *Skrifað við núllpunkt*, bls. 11-39.
- Ástráður Eysteinnsson. *Tvímæli. Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun / Háskólaútgáfan 1996.
- Ástráður Eysteinnsson. *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999.
- Babbitt, Irving. *Literature and the American College: Essays in Defence of the Humanities*. Houghton Mifflin Co., Boston og New York 1908.
- Bakhtin, Mikhail. „Form of Time and Chronotope in the Novel“, þýð. Caryl Emerson og Michael Holquist, *The Dialogic Imagination: Four Essays*, ritstj. Michael Holquist. UTP, Austin 1981, bls. 84-258.
- Bandle, Oskar. „„Íslenzkur aðall“ als Boheme-Roman“, *Minjar og menntir: afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn*, ritstj. Guðni Kolbeinnsson. Menningarsjóður, Reykjavík 1976, bls. 32-46.
- Barea, Arturo. „Lorca, skáldið og þjóð hans“, þýð. Hannes Sigfússon, *Tímarit Máls og menningar* 3/1959, bls. 265-281.
- Barthes, Roland. „La Mort de l’auteur“, *In Œuvres complètes*, 2. bindi. Seuil, Paris

- 2002.
- Barthes, Roland. „Réponses“, *Œuvres complètes*, 3. bindi, Seuil, París 2002.
- Barthes, Roland. *Skrifað við núllpunkt*, þýð. Gauti Kristmannsson og Gunnar Harðarson, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2003.
- Baudelaire, Charles. „Augu fátæklingana“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 42-44.
- Baudelaire, Charles. „Förumaðurinn“, í Einar Bragi. *Gestaboð um nótt*, Hólar, Reykjavík 1953, án blaðsíðutals.
- Baudelaire, Charles. „Glataður geislabaugur“, í Einar Bragi. *Hrafnar í skýjum*, Ljóðkynni, Reykjavík 1970, án blaðsíðutals.
- Baudelaire, Charles. „Hirðfílið og ástargyðjan“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 37-38.
- Baudelaire, Charles. „Hundurinn og ilmvatnsglasið“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 40.
- Baudelaire, Charles. „Hvor þeirra er sönn“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 41.
- Baudelaire, Charles. „Ölvið ykkur“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 39.
- Baudelaire, Charles. *The Complete Verse* [tvímálaútgáfa], þýð. Francis Scarfe. Anvil Press Poetry, London 2012.
- Bayley, J. *The Romantic Survival: A Study in Poetic Evolution*. Constable, London 1957.
- Beasley, Rebecca. *Theorists of Modernist Poetry: T.S. Eliot, T.E. Hulme, Ezra Pound*. Routledge, Abingdon, Oxon, 2007.
- Becker, Howard S. *Outsiders: Studies in the Sociology of Deviance*. The Free Press, New York 1963.
- Beckett, Carole. „Translating poetry: Creative art or semantic science? A case study“, *Literator* 3/2000, bls. 75-89.
- Bellamann, Henry. „Notes on the New Æsthetic of Poetry and Music“, *The Musical Quarterly* apríl 1923, bls. 260-270.
- Bellamann, Henry. *Viktoría Grandolet*, þýð. Jón Óskar. Skálholtsprentsmiðja, Reykjavík 1946.
- Benedikt Hjartarson o.fl. (ritstj.). *Yfirlýsingar: evrópska framúrstefnan*, þýð. Áki G.

- Karlsson, Árni Bergmann og Benedikt Hjartarson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2015.
- Benedikt Hjartarson. „„A New movement in poetry and art in the artistic countries abroad“: The Reception of Futurism in Iceland“, *The International Yearbook of Futurism Studies* 6/2016, bls. 220-249.
- Benedikt Hjartarson. „Af lifandi orðlist og skáldsögum“, í Mikhail M. Bakhtín, *Orðlist skáldsögunnar: úrval greina og bókakafla*, þýð. Jón Ólafsson, ritstj. Benedikt Hjartarson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2005, bls. 11-36.
- Benedikt Hjartarson. „Af úrkynjuðum, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi“, *Ritið* 1/2006, bls. 79-119.
- Benedikt Hjartarson. „Af þrálátum dauða og upprisum framúrstefunnar: Ótímabærar hugleiðingar um hefðarvitund og nýsköpun“, *Són: Tímarit um óðfræði* 8/2010, bls. 175-207.
- Benedikt Hjartarson. „Literature in a State of Crisis. Beat Poetry, the Modernist Establishment and the Avant-Garde in Iceland“, *Beat Literature in a Divided Europe*, ritstj. Harri Veivo, Petra James og Dorota Walczak-Delanois. Leiden og Boston: Brill / Rodopi, 2019, bls. 19-42.
- Benedikt Hjartarson. „Ímagismi og vortisismi: Stefnuyfirlýsingar í íslenskri þýðingu“, *Skírnir* (haust) 2005, bls. 49-73.
- Benedikt páfi XVI [Joseph Ratzinger]. *Jesús frá Nasaret*, þýð. Elín Guðmundsdóttir. Bókafélagið Ugly, Reykjavík 2010.
- Benjamin, Walter. „Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“, þýð. Árni Óskarsson og Örnólfur Thorsson. *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 549-587.
- Benjamin, Walter. „Saga ljósmyndarinnar í stuttu máli“, þýð. Hjálmar Sveinsson. *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 483-503.
- Benjamin, Walter. „Sögumaðurinn: Hugleiðingar um verk Nikolai Leskov“, þýð. Bergljót Soffía og María Kristjánsdætur. *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 247-278.
- Benjamin, Walter. „Um eftirhermuhæfnina“, þýð. Böðvar Yngvi Jakobsson og

- Guðrún Kvaran. *Fagurfræði og miðlun: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 243-246.
- Benjamin, Walter. „Um mynd Prousts“, þýð. Benedikt Hjartarson. *Fagurfræði og miðlun*, ritstj. Ástráður Eysteinnsson. Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2008, bls. 45-65.
- Benjamin, Walter. „Um söguhugtakið (Greinar um söguspeki)“, þýð. Guðsteinn Bjarnason. *Hugur* 2005, bls. 27-36.
- Benjamin, Walter. *The Arcades Project* þýð. Howard Eiland og Kevin McLaughlin. The Belknap Press of Harvard University Press, Cambridge MA og London 1999.
- Benn, Gottfried. „Fólk sem ég hef hitt“, þýð. Sigfús Daðason. *Ský* 4/1991, bls. 16-17.
- Benn, Gottfried. „Skuggi á steinvegg“, þýð. Hannes Pétursson. *Són* 7/2009, bls. 53.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. „„að predika dýraverndun fyrir soltnum hýenum““. Þættir um lífsspeki Þórbergs Þórðarsonar“, *Ritið* 1/2017, bls. 7-48.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. *Fræðaskjóða: Bókmenntafræði fyrir forvitna*. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík og Bókaútgáfan Sæmundur, Selfossi 2020.
- Bergson, Henri. „Um listir“, þýð. Guðmundur Finnbogason. *Skírnir* 1906, bls. 237-248.
- Bergson, Henri. *Creative Evolution*, þýð. Arthur Mitchell. Henry Holt and Company, New York 1911.
- Bergson, Henri. *Creative Evolution*, þýð. Arthur Mitchell. Random House, New York 1944.
- Bergson, Henri. *Essai sur les données immédiates de la conscience*. PUF, Paris 1970.
- Bergson, Henri. *Key Writings*, ritstj. Keith Ansell Pearson og John Mullarkey. Continuum, London og New York 2002.
- Bergson, Henri. *Le Rire. Essai sur la signification du comique*. Alcan, Paris 1924.
- Bergson, Henri. *Time and Free Will: An Essay on the Immediate Data of Consciousness* þýð. F.L. Pogson. Dover Publication, Inc. Mineola, New York 2001.
- Biblían. Hið íslenska biblíufélag og JPV-útgáfa. Reykjavík 2007.
- Björg C. Þorláksson „Ritsjá: Guðmundur Finnbogason: Hugur og heimur. Hannesar Árnasonar erindi“, *Eimreiðin* 3/1913, bls. 217-220.
- Björg C. Þorláksson. „Samúð, vanúð, andúð“, *Iðunn* 1/1928, bls. 48–61.
- Björg C. Þorláksson. „Um „eðli og hlutverk kvenna““, *19. júní* 1927, bls. 33–37,

51–55.

Björn Th. Björnsson. „Fegurð?“, *Birtingur* 3-4/1958, bls. 48-52.

Björn Þorsteinsson og Bergsveinn Jónsson. *Íslandssaga til okkar daga*. Sögufélag Reykjavíkur, Reykjavík 1991.

Bloch, Ernst. „Nonsynchronism and the Obligation to Its Dialects“, þýð. Mark Ritter. *New German Critique* 11/1977, bls. 22-38.

Bloch, Ernst. *Das Prinzip Hoffnung*, 3. bindi. Taschenbuch, Frankfurt am Main 1985.

Bloch, Marc. *Til varnar sagnfræðinni – eða starf sagnfræðingsins*, þýð. Guðmundur J. Guðmundsson. Sæmundur, Selfossi 2017.

Bloom, Harold. *The Anatomy of Influence: Literature as a Way of Life*. Yale University Press, New Haven og London 2011.

Bloom, Harold. *The Anxiety of Influence: A Theory of Poetry*. Oxford University Press, Oxford og New York 1997.

Bourdieu, Pierre. „Aðgreining. Félagsleg gagnrýni smekkvísinnar“, þýð. Gunnar Harðarson. *Almenningsálitið er ekki til*, ritstj. Davíð Kristinsson. Omdúrman/Reykjavíkur Akadémían, Reykjavík 2007, bls. 33-43.

Bourdieu, Pierre. *Distinction*, þýð. Richard Nice. Routledge, Abingdon 2010.

Bourdieu, Pierre. *The Rules of Art: Genesis and Structure of the Literary Field*, þýð. Susan Emanuel. Polity Press, Cambridge 2011.

Bowden, Henry Warner. *Dictionary of American Religious Biography*. Greenwood Publishing, Westport, CT og London 1993.

Bowler, Peter J. *Reconciling Science and Religion. The Debate in Early Twentieth-Century Britain*. The University of Chicago Press, Chicago og London 2001.

Bragi Ásgeirsson. „Alberto Giacometti“, *Morgunblaðið* 16. apríl 1988, bls. 4b-5b.

Bragi Ólafsson. „Max Jakob“, *Bjartur og frú Emilía* 13/1993, bls. 25-26.

Bragi Ólafsson. *Ytri höfnin*. Bjartur, Reykjavík 1993.

Brauer, Fae. *Rivals and Conspirators: The Paris Salons and the Modern Art Centre*. Cambridge Scholars Publishing, Cambridge 2014.

Braybroke, Neville. „Fyrstu skrif T.S. Eliots“, þýð. ekki getið. *Eimreiðin* 3/1965, bls. 228-233.

Brecht, Bertold. „Tveir synir“, þýð. Jón Eiríksson. *Birtingur* 2/1956, bls. 18-19.

Bronner, Eric. *Camus: Portrait of a Moralizer*. University of Chicago Press, Chicago og London 2009.

- Brooks, Peter. *Troubling Confessions: Speaking Guilt in Law and Literature*. University of Chicago Press, Chicago 2001.
- Burney, Frances. *Dr. Johnson & Fanny Burney: Being the Johnsonian Passages from the Works of Mme D'Arblay*, ritstj. Chauncey Brewster Tinker. Moffat, Yard and Company, New York 1911.
- Calinescu, Matei. *Five Faces of Modernity*. Duke University Press, Durham 1987.
- Camus, Albert. „Gesturinn“, þýð. Jón Óskar. *Nýtt Helgafell* 1/1959, bls. 19-25.
- Camus, Albert. „Jónas eða listamaðurinn við vinnu sína“, þýð. Jón Óskar. *Nýtt Helgafell* 3-4/1959, bls. 175-191
- Camus, Albert. „Lýðræði og alþjóðleg harðstjórn“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1958, bls. 14-15.
- Camus, Albert. „Þöglir menn“, þýð. Jón Óskar. *Nýtt Helgafell* 2/1959, bls. 110-117.
- Camus, Albert. „Öld óttans“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1958, bls. 13-14.
- Camus, Albert. *Christian Metaphysics and Neoplatonism*, þýð. Ronald D. Srigley. University of Missouri Press, Columbia 2007.
- Camus, Albert. *L'Exil et le Royaume*. Gallimard, París 1957.
- Camus, Albert. *Notebooks 1935-1942*, þýð. Philip Thody. Chicago, Ivan R. Dee, 2010.
- Camus, Albert. *Notebooks 1942-1951*, þýð. Justin O'Brien. Chicago, Ivan R. Dee, 2010.
- Camus, Albert. *Notebooks 1951-1959*, þýð. Ryan Bloom. Chicago, Ivan R. Dee, 2010.
- Camus, Albert. *Pesten*, þýð. Elsa Thulin. Bonnier. Stokkhólmi 1948.
- Camus, Albert. *Plágan*, þýð. Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1952.
- Camus, Albert. *Speech of Acceptance Upon the Award of the Nobel Prize for Literature. December 10, 1957*. Alfred A. Knopf. New York 1958, bls. x.
- Camus, Albert. *The Plague*, þýð. Stuart Gilbert. Hamish Hamilton. London 1948.
- Caragiale, Ion Luca. *Grímuleikur* [óprentað leikhandrit], þýðandi Jón Óskar. 1989.
- Casanova, Pascale. *The World Republic of Letters*, þýð. M.B. DeBevoise. Harvard University Press, Cambridge MA og London, 2007.
- Cavalcanti, Geraldo Holanda. „Impasses in the translation of poetry“, *Estudos Avançados* desember 2012, bls. 127-135.
- Cayrol, Jean. „Ljóð“, þýð. Thor Vilhjálmsson. *Birtingur* 1/1968, bls. 56.
- Cendrars, Blaise. „Óbundið ljóð um Síberíulestina og Jóhönnu litlu frá Frakklandi“,

- þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 1-4/1964 bls. 3-21.
- Charteris, Charlotte. „Inside Julian Maclaren-Ross’s Closet: Clothing as Communication in Wartime Britain“, *Journal of War & Culture Studies* 7/2014, bls. 320-335.
- Coleridge, Samuel Taylor. *Biographia Literaria: My Literary Life and Opinions*. Útg. ekki getið, London, 1817.
- Collins, James. *The Mind of Kierkegaard*. Princeton University Press, Princeton 1983.
- Corbière, Tristan. *Les Amours jaunes*. Glady frères, París 1873.
- Corbière, Tristan. *Tristan Corbière: Oysters, nightingales and cooking pots* þýð. Christopher Pilling, ritstj. Richard Hibbitt. White Rose University Press, Leeds, Sheffield og York 2018.
- Crassus [dulnefni]. „Mitt andlit og þitt“ [ritdómur]. *Helgafell* 1/1953, bls. 117-118.
- Craven, Thomas. „Síðasti Bóheminn: Modigliani“, þýð. ekki getið. *Líf og list* 2/1951, bls. 4-11.
- Cronin, Anthony. *Dead as Doornails*. Dublin, The Lilliput Press 1999.
- Curtis, Michael. *Three Against The Third Republic: Sorel, Barrès, and Maurras*. Greenwood Press, Westport Con. 1976.
- Curtiss, Frank Homer. *Personal Survival: With Physical Proofs*. Order of Christian Mystics, Washington, D.C. 1946.
- Dagný Kristjánsdóttir. „Árin eftir seinna stríð“ í *Íslensk bókmenntasaga*, 4. bindi, ritstj. Guðmundur Andri Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 419-662.
- Dagný Kristjánsdóttir. *Öldin öfgafulla: Bókmenntasaga tuttugustu aldarinnar*. Bjartur, Reykjavík 2011.
- Dagur Austan [skáldanafn Vernharðs Eggertssonar]. *Íslenskur ævintýramaður í styrjöldinni á Spáni*. Ísafold, Reykjavík 1938.
- Dan, Cristiano. *Veraldarsaga Fjölva: saga mannkyns frá steinöld til geimaldar*, Þorsteinn Thorarensen þýðir, endursegir og frumsemur. Fjölvi, Reykjavík 1974-1984.
- Datta, Venita. *Birth of a National Icon: The Literary Avant-Garde and the Origins of the Intellectual in France*. State University of New York, Albany 1999.
- Davíð Stefánsson. *Sólon Islandus*. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri 1940.
- de Beauvoir, Simone. *Allir menn eru dauðlegir*, þýð. Jón Óskar. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1982.
- Debray, Régis. *Félagi forseti*, þýð. Haraldur Jóhannsson. Mál og menning,

- Reykjavík 1973.
- Deerin, William-John. *Looking For Utrillo*. White Crow Publishing, Biggar 2014.
- Desnos, Robert. „Þrjú ljóð“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1955, bls. 7.
- Drouet, Minou. „Saungljóð“, þýð. Jóhann Hjálmarsson. *Birtingur* 2/1958, bls. 27.
- Dubois, Jacques. *Yves frændi: Íslandssjómaður*, þýð. Jón Óskar. Steinholt – Iðunn, Reykjavík 1981.
- Eakin, Paul John. *Fictions in Autobiography: Studies in the Art of Self-Invention*. Princeton University Press, Princeton 1985
- Eakin, Paul John. *Living Autobiographically: How We Create Identity in Narrative*. Cornell University Press, Ithaca og London 2008.
- Einar Bragi, Geir Kristjánsson, Hannes Sigfússon, Hörður Ágústsson, Jón Óskar, Thor Vilhjálmsson. „Ávarp“, *Birtingur* 1/1955, bls. 1-2.
- Einar Bragi. „Vel á minnzt“, *Birtingur* 3/1956, bls. 38-40.
- Einar Bragi. *Eskja 1-5*. Byggðasögunefnd Eskifjarðar, Eskifjörður 1971-1986.
- Eliot, T.S. „Ash-Wednesday“, *The Complete Poems & Plays*. Faber and Faber, London 2004, bls. 89-99.
- Eliot, T.S. „Brot úr Öskudegi“, í Jón Óskar, *Hernámsáraskáld*, bls. 184-185.
- Eliot, T.S. „Hefðin og hæfileiki einstaklingsins“, þýð. Matthías Viðar Sæmundsson. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar: Frá Shklovskij til Foucault*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 43-52.
- Eliot, T.S. „Kafli úr Öskudegi“, þýð. Anonymus [Jóhannes úr Kötlum] *Annarlegar tungur*. Heimskringla, Reykjavík 1948, bls. 7-8.
- Eliot, T.S. „Tradition and the individual talent“, *The Sacred Wood: Essays on Poetry and Criticism*. Methuen & Co Ltd. London 1920, bls. 47-59.
- Eliot, T.S. *Knowledge and Experience in the Philosophy of F. H. Bradley*. Columbia University Press, New York 1964.
- Elías Mar. „Þjóðlífsslýsing með skáldsögublæ“, *Þjóðviljinn* 20. desember 1959, bls. 7, 11.
- Elín Pálmadóttir. „Skipreka á Skeiðarársandi“, *Morgunblaðið* 30. nóvember 1980, bls. 74-77.
- Ellison, David R. *Ethics and Aesthetics in European Modernist Literature: From the Sublime to the Uncanny*. Cambridge University Press, Cambridge 2001.
- Enns, Anthony. „The Undead Author: Spiritualism, Technology and Authorship“,

- The Ashgate Research Companion to Nineteenth-Century Spiritualism and the Occult*, ritstj. Tatiana Kontou og Sarah Willburn. Routledge, London 2012, bls. 55-78.
- Erlendur Jónsson. „Bækur“, *Líf og list* 1/1953, bls. 13.
- Erlendur Jónsson. „Í minningaljósi“, *Morgunblaðið* 4. desember 1968, bls. 12-13
- Esslin, Martin. „Nú eru allir listamenn súrrealistar“, þýð. Heimir Pálsson, *Samvinnan* 3/1960, bls. 55-58.
- Esslin, Martin. *Theatre of the Absurd*. Methuen, London 2001.
- Even-Zohar, Itamar. „The Position of Translated Literature within the Literary Polysystem“, *The Translation Studies Reader*, ritstj. Lawrence Venuti. Routledge, New York og London 2000, bls. 192-197.
- Even-Zohar, Itamar. „The Position of Translated Literature Within the Literary Polysystem“, bls. 45-51 í *Polysystem Studies* [aukaefni *Poetics Today* 1990] bls. 47-50.
- Even-Zohar, Itamar. *Papers in Historical Poetics*. Porter Institute for Poetics and Semiotics, Tel Aviv 1978.
- Eysteinn Þorvaldsson. *Atómskáldin: Aðdragandi og upphaf móðernisma í íslenskri ljóðagerð*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1980.
- Éluard, Paul. „Gagnrýni skáldskapar“, þýð. Sigfús Daðason og Jón Óskar, *Erlend nútímaljóð*, ritstj. Einar Bragi og Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1958, bls. 56-58.
- Éluard, Paul. „Með þér“, og „Án þín“, þýð. Jón Óskar og Sigfús Daðason. *Tímarit Máls og menningar* 2/1949, bls. 183-184.
- Fallada, Hans. *Hvað nú - ungi maður?*, þýð. Magnús Ásgeirsson. Útgefanda ekki getið, Reykjavík 1934.
- Faxneld, Per. „„Only Poets and Occultists Believe in Them Just Now“: Fairies and the Modernist Crisis of Authorship“, *The Occult in Modernist Art, Literature, and Cinema* ritstj. Tessel M. Bauduin og Henrik Johnsson. Palgrave Macmillan, London 2018, bls. 93-110.
- Finch, Alison. *French Literature: A Cultural History*. Polity Press, Cambridge 2010.
- Finnbogi Guðmundsson. „Sigurður Nordal“, *Andvari* 1/1976, bls. 3-91.
- Finnur Sigmundsson, Steindór Steindórsson og Árni Bjarnarson (ritstj.). *Amma. Þjóðleg fræði og skemmtan*. Þjóðsaga, Reykjavík 1961.
- Foley, John. *Albert Camus: From the Absurd to Revolt*. Routledge, London og New York 2014.

- Foucault, Michel. „Hvað er höfundur?“, *Alsæi, vald og þekking*, þýð. Björn Þorsteinsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2005, bls. 69-94.
- Fóstbræðrasaga. Íslendingsögur*, 2. bindi, ritstj. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 1998, bls. 775-851.
- France, Anatole. „Herra Thomas“, þýð. Jón Eiríksson. *Andvari* 2/1959, bls. 166-169.
- Freud, Sigmund. „Hópsálarfræði og sálgreining sjálfsins“, *Ritgerðir*, þýð. Sigurjón Björnsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2002, bls. 153-235.
- Friðrik Rafnsson. „Fjölvi og RÚV“, *Morgunblaðið* 14. desember 1991, bls 50.
- Friedman, Melvin J. „The Symbolist Novel: Huysmans to Malraux“, *Modernism: A Guide to European Literature 1890-1930*, ritstj. Malcolm Bradbury og James McFarlane. Penguin Books, London 1976, bls. 453-466.
- Frímann B. Arngrímsson. *Minningar frá London og París*. Bókaútgáfan Edda, Akureyri 1938.
- Gardner, Brian (ritstj.). *Up the Line to Death: The War Poets 1914-1918*. Methuen, York 2007.
- Gauti Kristmannsson. *Literary diplomacy: Translation without an original*, 2. bindi. P. Lang, Frankfurt am Main/New York, 2005.
- Genet, Jean. *Journal du voleur*. Gallimard, París 1949.
- Genet, Jean. *Le Balcon*. L'Arbalète, Lyon 1956.
- Genet, Jean. *Les Bonnes*. L'Arbalète, Lyon 1947.
- Genet, Jean. *The Thief's Journal*, þýð. Bernard Frechtman, Grove Press, New York 2018.
- Genette, Gerard. *Paratexts: Thresholds of interpretation*, þýð. Jane E. Lewin. Cambridge University Press, Cambridge 1997.
- Gery, John o.fl. (ritstj.). *Imagism: Essays on Its Initiation, Impact and Influence*, UNO Press, New Orleans 2013.
- Gils Guðmundsson. „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari* 1/1985, bls. 78-96.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. *Því dæmist rétt vera: Afbrot, refsingar og íslenskt samfélag á síðari hluta 19. aldar*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991.
- Gísli Sveinsson. „Horfur í íslenskum skáldskap“, *Eimreiðin* 2/1905, bls. 85-92.
- Goodridge, Celeste. „Marianne Moore“, *The Cambridge Companion to American Poets*, ritstj. Mark Richardson. Cambridge University Press, New York 2015, bls. 242.
- Gramsci, Antonio. „Menntamenn“, þýðing Steinar Örn Atlason. *Ritið* 2-3/2009, bls.

- 144-153.
- Guðbergur Bergsson. *Skáldið er eitt skrípatól*. JPV-útgáfa, Reykjavík 2019.
- Guðbjörn Sigurmundsson. *Sigfús Daðason og umheimurinn* [óprentuð meistarpófráttirgerð í íslenskum bókmenntum], Háskóli Íslands 2013.
- Guðlaugur Bergmundsson. „Langaði að leiðrétta ýmsar missagnir“, [viðtal við Jón Óskar]. *Helgarpósturinn* 23. nóvember 1979, bls. 19.
- Guðmundur Böðvarsson. „Spánskt kvæði frá 17. öld“, *Kyssti mig sól*. Ragnar Jónsson, Reykjavík 1936, bls. 46-51.
- Guðmundur Daníelsson. „Nokkur orð um nýjar bækur af ýmsu tagi“, *Vísir* 29. júlí 1953, bls. 5.
- Guðmundur Finnbogason. „Guðmundur Friðjónsson“, *Vaka* 2/1929, bls. 129-160.
- Guðmundur Finnbogason. *Hugur og heimur*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík 1912.
- Guðmundur G. Hagalín. „Þegar Andréssynir stýra ...“, *Alþýðublaðið* 28. og 29. maí 1946, bls. 4 og 4, 6.
- Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2001.
- Guðmundur Jónsson Hoffell. *Skaftfellskar þjóðsögur og sagnir*. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri 1946, bls. 138-146.
- Guðmundur Kamban. „Oscar Wilde“, *Iðunn*: nýr flokkur 3/1929 bls. 193-228.
- Guðmundur Sveinsson. „Henri Bergson“, *Samvinnan* 9/1962, bls. 8, 24–25.
- Gunnar Árnason. *Socialisminn*, 1. bindi. Útgáfufélagið Edda, Reykjavík 1935.
- Gunnar Dal. „Henri Bergson“, *Gangleri* 1/2001, bls. 48-57.
- Gunnar Kristjánsson. „Kirkjan í keng“, *Andvari* 1/2000, bls. 69-80.
- Gunnar M. Magnúss. „Egill Hallgrímsson sjötugur“, *Þjóðviljinn* 14. febrúar 1960, bls. 2.
- Gunnar Stefánsson. „Læti í Lindarbæ“, *Tíminn* 25. október 1989, bls. 7.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „„Hvorki annálar né vísindaleg sagnfræði“: skyggst um í sjálfævisögu Kristmanns Guðmundssonar“, *Skírnir* (haust) 2012, bls. 396-404.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Becoming a Writer: Halldór Laxness and the Memoir“, *Scandinavica: An International Journal of Scandinavian Studies* 1/2003, bls. 95-107.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Líf á bók: um ævisögur og sjálfævisögur“, *Skíma* 2/2004, bls. 33-36.

- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Sjálf í frásögn: um Flökkulíf og Framhaldslíf förumanns eftir Hannes Sigfússon“, *Skírnir* 2007 (vor), bls. 180-197.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Skáldadraumar“, *Lesbók Morgunblaðsins* 27. nóvember 2004, bls. 6-7.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Skáldað líf: sjálfsævisögur sem bókmenntagrein á tímum póstmóðernisma“, *Skírnir* 2003 (vor), bls. 109-125.
- Gunnþórunn Guðmundsdóttir. „Writer’s Lives: The Modernist Group and Questions of Identity in Autobiographical Writing“, *Life Writing Matters in Europe*, ritstj. Alfred Hornung o.fl. Winter Verlag, Heidelberg 2012, bls. 133-143.
- Gylfi Gröndal. *Leit að ævi skálds*, 1. bindi. JPV, Reykjavík 2000.
- Gylfi Gröndal. *Leit að ævi skálds*, 2. bindi. JPV, Reykjavík 2001.
- Hallberg, Peter. „„Í túninu heima“: Lítil samantekt um æskusögu Halldórs Laxness“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1982, bls. 153-159.
- Halldór Guðmundsson. „*Loksins, loksins*“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Mál og menning, Reykjavík 1987.
- Halldór Guðmundsson. „Skrýtnastur er maður sjálfur“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1992, bls. 20-30.
- Halldór Laxness *Atómstöðin*. Helgafell, Reykjavík, 1948.
- Halldór Laxness. „Kringum ítalska bók“, *Morgunblaðið* 31. október 1923, bls. 2-3.
- Halldór Laxness. „Skáldskaparhugleiðingar um jólin 1950“, *Líf og list* 9/1950, bls. 12-13, 26.
- Halldór Laxness. „Um kvæðin“, *Kvæðakver*. Helgafell, Reykjavík 1956, bls. 141-148.
- Halldór Laxness. „Unglingurinn í skóginum“, *Eimreiðin* 1/1925, bls. 70.
- Halldór Laxness. *Grikklandsárið*. Helgafell, Reykjavík 1980.
- Halldór Laxness. *Í túninu heima*. Helgafell, Reykjavík 1975.
- Halldór Laxness. *Íslandsklukkan*. Helgafell, Reykjavík 1943.
- Halldór Laxness. *Sjömeistarasagan*. Helgafell, Reykjavík 1978.
- Halldór Laxness. *Úngur eg var*. Helgafell, Reykjavík 1976.
- Halldór Laxness. *Vefarinn mikli frá Kasmír*. Bókavinaútgáfa, Reykjavík 1927.
- Halldór Stefánsson. „Mitt andlit og þitt“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1952, bls. 321-322.
- Hamsun, Knut. *Að haustnóttum*, þýð. Jón Sigurðarsson frá Kaldaðarnesi. Bókasafn Helgafells, Reykjavík 1946.
- Hamsun, Knut. *Sultur*, þýð. Jón Sigurðson frá Kaldaðarnesi. Menningarsjóður,

- Reykjavík 1940.
- Hannes Pétursson. „Dveljum ekki“, *Tímarit Máls og menningar* 2-3/1953, bls. 119.
- Hannes Sigfússon. „Á hnotskógi“, *Birtingur* 4/1955, bls. 40-42.
- Hannes Sigfússon. Bréf til Jóns Óskars dagsett 15. maí 1952 í Stavanger. Bréfasafn Jóns Óskars. Landsbókasafn, Lbs. 166 NF.
- Hannes Sigfússon. *Flökkulíf*. Iðunn, Reykjavík 1981.
- Hannes Sigfússon. *Framhaldslíf förumanns*. Iðunn, Reykjavík 1985.
- Hansen, Martin A. „Bókin“, þýð. Jón Eiríksson. *Tímarit Máls og menningar* 2/1960, bls. 100-106.
- Haraldur Jóhannesson. „Minningargrein um Jón Óskar“, *Morgunblaðið* 28. október 1998, bls. 44.
- Haraldur Jóhannesson. „Um Jón Eiríksson cand. mag. látinn“, *Þjóðviljinn* 7. júní 1961, bls. 7.
- Haraldur Níelsson. „Bókafregn“, *Ísafold* 30. apríl 1913, bls. 133-135.
- Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, 1. bindi: *Prédikanir*. Kostnaðarmaður Pétur Oddsson. Reykjavík 1920.
- Haraldur Níelsson. *Árin og eilífðin*, 2. bindi: *Prédikanir*. Aðalbjörg Sigurðardóttir, Reykjavík 1928.
- Haraldur Ólafsson. „Minningarorð Jón Eiríksson cand. mag.“, *Alþýðublaðið* 2. júní 1961, bls. 2.
- Harmer, J.B. *Victory in Limbo: A History of Imagism 1908-1917*. St. Martin's Press, London 1975.
- Harnack, Adolf von. *Hvað er kristindómur?*, þýð. Ásmundur Guðmundsson. Fjallkonu-útgáfan, Reykjavík, 1916.
- Haukur Ingvarsson. *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu*. Sögufélag, Reykjavík 2021.
- Hedin, Sven. „Eyðimörkin Tatkla-Makan“, þýð. Jón Eypórsson. *Dvöl* 10. mars 1935, bls. 9-14; 24. mars 1935, bls. 9-16; 31. mars 1935, bls. 13-16.
- Heinesen, William. *Glataðir snillingar*, þýð. Þorgeir Þorgeirsson. Mál og menning, Reykjavík 1984.
- Heinesen, William. *Slagur vindhörpunnar*, þýð. Guðfinna Þorsteinsdóttir. Mál og menning, Reykjavík 1956.
- Helga Kress (ritstj.). *Fuglar á ferð: Tíu erindi um Thor Vilhjálmsson*, Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands - Háskólaútgáfan, Reykjavík 1995.

- Helgi Hálfðanarson. *Á hnotskógi: Ljóðaþýðingar*. Heimskringla, Reykjavík 1955.
- Helgi Jónsson. „Hljómsveit/ir Karls Jónatanssonar (1943-2003)“, <https://glatkistan.com/2015/11/28/hljomsveitir-karls-jonatanssonar/> (sótt 27/12 2019).
- Helgi Skúli Kjartansson. „Flínkur flakkari“, *Helgarpósturinn* 13. desember 1984, bls. 12.
- Helgi Sæmundsson. „Ungt skáld kemur gangandi“, *Alþýðublaðið* 30. desember 1953, bls. 4,7.
- Helgi Þorláksson. „Undir einveldi“, *Saga Íslands*, 7. bindi. Bókmenntafélagið – Sögufélagið. Reykjavík 2004, bls. 150-168.
- Hemingway, Ernest. *Einn gegn öllum*, þýð. Karl Ísfeld. Skálholtsprentsmiðja, Reykjavík 1946.
- Hermans, Theo. *Translation in System: Descriptive and System-oriented Approaches Explained*. St. Jerome, Manchester 2010.
- Hjalti Rögnvaldsson. „Við vorum helvíti óvinsælir“ [viðtal við Jón Óskar], *Dagur* 26. september 1983, bls. 6-7.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu. *Ljóðmæli*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1942.
- Hjörleifur Sigurðsson. *Listmálaþankar*. Mál og menning, Reykjavík 1997.
- Hjörtur Pálsson. „Sú gata er einn þú gengur...“, *Samvinnan* 9-10/1976, bls. 11-21 og 47-52.
- Hooper, Vincent F. og Grebanier, Bernard D. N. *World Literature: Essentials of World Literature*, 2. bindi. Barron's Educational Series, Inc. New York, London, Toronto og Sidney 1952.
- Hrafn Gunnlaugsson. „NB um Tímamann og Vatnið“, *Eimreiðin* 1/1975, bls. 49-50.
- Hulme, T.E. *Selected Writings*, ritstj. Patrick McGuinness. Routledge, New York 2003.
- Hyde, G.M. „The Poetry of the City“, *Modernism 1890-1930*, ritstj. Malcolm Bradbury og James McFarlane. Penguin Books, London 1976, bls. 337-348.
- Ibsen, Henrik. *Leikrit*, 2 bindi, þýð. Einar Bragi. Ibsensútgáfan, Reykjavík 1995.
- Ingi Sigurðsson. „Upplýsingin á Íslandi og áhrif hennar“, *Upplýsingin á Íslandi: Tíu ritgerðir*, ritstjóri Ingi Sigurðsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1990, bls. 9-42.
- Ingunn Jónsdóttir. „Sölvi Helgason“, *Eimreiðin* 1-2/1923, bls. 79-80.
- Ingunn Jónsdóttir. *Gömul kynni*. Þorsteinn M. Jónsson, Akureyri 1946.

- Ionesco, Eugene. *Nashyrningurinn: leikrit í þremur þáttum og fjórum myndum*, þýð. Jón Óskar. Menningarsjóður, Reykjavík 1961.
- Ivencsényi, Balázs. „The Challenge of Junimism“, *We, the People: Politics of National Peculiarity in Southeastern Europe*, ritstj. Diana Mishkova. Central European University Press, Búdapest og New York 2009, bls. 155-162.
- J. Stefánsson [Jóhannes Birkiland]. *Ameríka í ljósi sannleikans: Áreiðanlegar frásagnir um lífið í Vesturheimi*, útg. höfundur, Reykjavík 1927.
- J.H. „Ég hélt þetta yrði rífið í sundur“, *Vísir* 23. nóvember 1970, bls. 8-9.
- Jakob Ágúst Hjálmarsson. Útfararræða þann 28. október 1998 í Dómkirkjunni í Reykjavík. <http://www.jakobagust.is/?p=1010> (sótt 2.2. 2017).
- Jakob Benediktsson (ritstj.). *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands / Mál og menning, Reykjavík 1998.
- Jakob, Max. „Koddar í anda átjándu aldarinnar“, þýð. Bragi Ólafsson. *Bjartur og frú Emilía* 13/1993, bls. 23-36.
- Jakobína Sigurðardóttir. „Hugsað til Hornstranda“, *Nýi tíminn* 10. september 1953, bls. 5.
- Jakobína Sigurðardóttir. „Hugsað til Hornstranda“, *Þjóðviljinn* 26. júlí 1953, bls. 4
- John, Augustus. *Chiaroscuro*. Jonathan Cape, London 1952.
- Jóhann Árelíuz. „Aðfararorð“, í Jón Óskar, *Ljóð*. Valdimar Tómasson, Reykjavík 1995, bls. 7.
- Jóhann Hjálmarsson. „Garðyrkjumaður úthafanna“, *Morgunblaðið* 20. desember 1981, bls. 66.
- Jóhann Hjálmarsson. „Jón Óskar“, *Morgunblaðið* 22. október 1998, bls. 33.
- Jóhann Hjálmarsson. „Lífið er ekki draumur“, *Birtingur* 3-4/1959, bls. 1-4.
- Jóhann Hjálmarsson. „Rimbaud á íslensku“, *Morgunblaðið* 4. júní 1964, bls. 13.
- Jóhann Hjálmarsson. *Af greinum trjáanna* [ljóðapýðingar], Helgafell, Reykjavík 1960.
- Jóhann Hjálmarsson. *Íslensk nútímaljóðlist*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1971.
- Jóhann Páll Árnason. *Þættir úr sögu sósíalísmans*. Mál og menning, Reykjavík, 1970.
- Jóhanna Kristjónsdóttir. „Í glettinni dulmögnum“, *Morgunblaðið* 21. október 1989, bls. 10.
- Jóhanna Kristjónsdóttir. „Ætli við viljum ekki deyja?“, *Morgunblaðið* 23. janúar 1983, bls. 46.

- Jóhannes Birkiland. *Harmsaga ævi minnar: hvers vegna ég varð auðnuleysingi* (önnur útgáfa endurbætt). Jóhannes Birkiland, Reykjavík, 1948.
- Jóhannes Steinsson. *Nóttin langa: sjónleikur í 5 atriðum*. Útgefanda ekki getið, útgáfustaðar ekki getið, 1951.
- Jóhannes Steinsson. *Sáluhliðsmenn og veggverjar*. Hringskuggar, Reykjavík 1992.
- Jón Björnsson. „Tímaritið Líf og list“, *Morgunblaðið* 24. júlí 1951, bls. 2.
- Jón Eiríksson. „Um Franz Kafka“, *Birtingur* 3/1956, bls. 7-8.
- Jón Eiríksson. Bréf til Jóns Óskars dagsett í Levanger 27. nóvember 1960. Bréfasafn Jóns Óskars. Landsbókasafn, Lbs. 166 NF.
- Jón Helgason. „Sú þjóð ...“, í *Virkið í norðri* október-desember 3/1953, bls. 106.
- Jón Helgason. *Kvæðabók*. Mál og menning, Reykjavík 1986.
- Jón Jónsson. *Á mörkum mennskunnar: Viðhorf til förufólks í sögnum og samfélagi*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2018.
- Jón Karl Helgason. „Burðarvirki íslenskrar nútímamenningar“, *Saga Íslands*, 11. bindi, ritstj. Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2016, bls. 317-410.
- Jón Óskar og Österling, Maj-Siri. *Pierre qui chante (Steinn sem syngur / Sten som sjunger)*, þýð. á frönsku Régis Boyer, þýð. á sænsku Jóhann Árelúuz. Éditions Clémence Hiver, Gard 1993.
- Jón Óskar. „Á vori 1951“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1952, bls. 34-35.
- Jón Óskar. „Bókmenntir og kreddur“, *Birtingur* 1/1968, bls. 24-42.
- Jón Óskar. „Ég sagði við þig“, *Tímarit Máls og menningar* 1/1941, bls. 22.
- Jón Óskar. „Forleikur“, *Samtíðin* 2/1944, bls. 10-12.
- Jón Óskar. „Gömul heimspeki“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1941, bls. 250.
- Jón Óskar. „Ljóð um látinn bókmenntamann“, *Birtingur* 1-2/1961, bls. 88.
- Jón Óskar. „Ljós tendruð og slökkt í Guatemala“, *Tímarit máls og menningar* 3/1954, bls. 236-237.
- Jón Óskar. „Mikið skáld fær Nóbelsverðlaun“, *Birtingur* 4/1960, bls. 19-23.
- Jón Óskar. „Morgunstund“, *Vísir* 16. mars 1941, bls. 7.
- Jón Óskar. „Nokkur orð um Albert Camus“, *Birtingur* 4/1958, bls. 6-12.
- Jón Óskar. „Nokkur orð um franska ljóðagerð á 19. og 20. öld“, *Ljóðastund á Signubökkum*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1988, bls. 11-51.
- Jón Óskar. „Ofbeldismenn í Arizona“, *Þjóðviljinn* 15. janúar 1947, bls. 5-6.
- Jón Óskar. „Sjáandinn“, *Birtingur* 2/1960, bls. 7-8.

- Jón Óskar. „Sjöundi krossinn“, *Þjóðviljinn* 18. október 1946, bls. 5-6.
- Jón Óskar. „Sonata quasi una fantasia eða Kvöld í maí“, *Ritlist og myndlist 2/1947* bls. 38-40.
- Jón Óskar. „Speglun“ og „Bros í myrkri“, *Tímarit Máls og menningar 2/1952*, bls. 148.
- Jón Óskar. „Um franska ljóðagerð frá Victor Hugo til nútímans“, *Undir Parísarhimni*. Menningarsjóður, Reykjavík 1991, bls. 115-215
- Jón Óskar. „Útvarp Reykjavík! Hver er morðinginn?“, *Þjóðviljinn* 23. febrúar 1954, bls. 5.
- Jón Óskar. „Þá rísa þeir upp“, *Landneminn* 14-15/1953, bls. 10.
- Jón Óskar. „Þú og veröldin“, *Ljóð ungra skálda 1944-54*, ritstjóri Magnús Ásgeirsson. Helgafell, Reykjavík 1954, bls. 71.
- Jón Óskar. *Borg drauma minna*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1977.
- Jón Óskar. Formáli að *Sáluhliðsmenn og veggverjar*. Hringskuggar, Reykjavík 1992, bls. 7-14.
- Jón Óskar. *Fundnir snillingar*. Iðunn, Reykjavík 1969.
- Jón Óskar. *Gangstéttir í rigningu*. Iðunn, Reykjavík 1971.
- Jón Óskar. Grein án titils, *Birtingur* 2/1958, bls. 26.
- Jón Óskar. *Hernámsáraskáld*. Iðunn, Reykjavík 1970.
- Jón Óskar. *Hvar eru strætisvagnarnir?* Hringskuggar, Reykjavík 1995.
- Jón Óskar. *Konur fyrir rétti: frásagnir af átta dómsmálmum á nítjándu öld*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1987.
- Jón Óskar. *Kynslóð kalda stríðsins*. Bókaútgáfa Guðjóns Ó., Reykjavík 1975.
- Jón Óskar. *Laufin, trén og vindarnir: ljóðaúrval*. Mál og menning, Reykjavík 2012.
- Jón Óskar. *Leikir í fjörunni*. Helgafell, Reykjavík 1968.
- Jón Óskar. *Ljóð*. Valdimar Tómasson, Reykjavík 1995.
- Jón Óskar. *Ljóðastund á Sigjubökkum: þýðingar úr frönsku*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1988.
- Jón Óskar. *Ljóðapýðingar úr frönsku*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1963.
- Jón Óskar. Minningarorð um Jón Eiríksson, *Birtingur* 1-2/1961, bls. 87.
- Jón Óskar. *Mitt andlit og þitt*: sögur. Heimskringla, Reykjavík 1952.
- Jón Óskar. *Nóttin á herðum okkar*. Helgafell, Reykjavík 1958.
- Jón Óskar. *Næturferð: ljóð um frelsi*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1982.
- Jón Óskar. *Páfinn situr enn í Róm*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1964.

- Jón Óskar. *Skrifað í vindinn: ljóð*. Heimskringla, Reykjavík 1953.
- Jón Óskar. *Sögur 1940-1964*. Menningarsjóður, Reykjavík 1973.
- Jón Óskar. *Sölvi Helgason: listamaður á hrakningi*. Ísafold, Reykjavík 1984.
- Jón Óskar. *Söngur í næsta húsi: ljóð*. Helgafell, Reykjavík 1966.
- Jón Óskar. *Týndir snillingar*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1979.
- Jón Óskar. *Undarlegt ferðalag: Hugleiðingar um hugsjón friðarins meðan styrjaldir hellast inn á stofugólf*. Fjölvi, Reykjavík 1994.
- Jón Óskar. *Undir Parísarhimni: ljóðapýðingar*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík 1991.
- Jón Óskar. *Vitnað fyrir manninn*. Fjölva útgáfa, Reykjavík 1978.
- Jón Óskar. *Þú sem hlustar: ljóð*. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1973.
- Jón úr Vör „Finnska skáldkonan Edith Södergran“, *Lesbók Morgunblaðsins* 17. október 1981, bls. 12.
- Jón Þ. Þór. „Af frönskum duggurum við Ísland“, *Tíminn* 19. desember 1981, bls. 7.
- Jón Þórðarson. *Arfleifð kynslóðanna: Nokkrir þættir íslenzkrar bókmennatasögu fram til 1750*. Útgefandi höfundur, Reykjavík 1980.
- Jónas Jónsson. „Menntamálaráð og Menningarsjóður“, *Andvari* 1/1960, bls. 62-79.
- Jæger, Hans. *Fra Kristiania Bohemen*, 1. og 2. bindi. Den Norske Bokklubben A/S, Osló 1997.
- Kafka, Frans. „Fyrir dyrum lögmálsins“, þýð. Jón Eiríksson. *Ljóð og sögur ungra höfunda ritstj.* Kristján Karlsson. Helgafell, Reykjavík 1956, bls. 32-33.
- Kafka, Franz. „Ellefu synir“, þýð. Jón Eiríksson. *Birtingur* 3/1956, bls. 8-10.
- Karpeles, Eric. „Foreword“ í *Marcel Proust and John Ruskin, On Reading*, þýð. Damion Searls. Hesperus Press Ltd. London 2011.
- Kästner, Erik. *Emil og leynilögreglustrákarnir*, þýð. Haraldur Jóhannsson. Barnabókaútgáfan, Reykjavík 1948.
- Kelly, Christopher, Masters, Roger D. og Stillman, Peter G. „Introduction“ í *Jean-Jacques Rousseau, The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbs*, þýð. Christopher Kelly. University Press of New England, Hanover og London 1995, bls. xvii-xxxiv.
- Kermode, Frank. *The Sense of an Ending: Studies in the Theory of Fiction*. Oxford University Press, London/Oxford/New York 1973.
- Khayyám, Omar. „Ferhendur tjaldarans“, þýð. Einar Benediktsson. *Vogar*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík 1921, bls. 43-59.

- Khayyám, Omar. „Ferhendur“, þýð. Eyjólfur J. Melan. *Iðunn* 1921-1922, bls. 144-159.
- Khayyám, Omar. „Rubáiyát“, þýð. Páll Bjarnason. *Fleygar*. Páll Bjarnason, Winnipeg 1953, bls. 224-236.
- Khayyám, Omar. *Edward Fitzgerald, Rubáiyát of Omar Khayyám: A Critical Edition* þýð. Edward Fitzgerald, ritstj. Christopher Decker. University of Virginia Press, Charlottesville 1997.
- Khayyám, Omar. *Rubáiyát*, þýð. Skuggi [Jochum Eggertsson]. Lithoprent, Reykjavík 1946.
- Khitrova, Daria. „Introduction“ í Yuri Tynianov. *Permanent Evolution: Collected Essays on Literature, Theory and Film*, þýð. Ainsley Morse og Philip Redko. Academic Studies Press, Brookline 2019, bls. 1-24.
- Kierkegaard, Søren. *Uggur og ótti*, þýð. Jóhanna Þráinsdóttir. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2000.
- Kjartan Ólafsson. *Draumar og veruleiki: Stjórnámál í endursýn*. Mál og menning, Reykjavík 2020.
- Koch, Johan Peter. *Gennem den hvide ørken: den danske forskningsrejse tværs over Nordgrønland 1912-1913*. Kaupmannahöfn, Gyldendal 1913.
- Kormákur Bragason. „Við vorum líka atómskáld: 20 skáld og einu betur ortu atómljóð“, *Stína* 2/2007, bls. 60-149.
- Krehm, William. *Democracies and Tyrannies of the Caribbean*. Lawrence Hill & Company, Westport 1984.
- Krieger, Murray. *The New Apologists for Poetry*. University of Minnesota Press, Minnesota 1956.
- Kristeva, Julia. „Orð, tvíröddun og skáldsaga“, þýð. Garðar Baldvinsson. *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 93-128.
- Kristinn Reyr. *Að hugsa sér: útvarpsleikrit í þrem þáttum* [óútgefið leikhandrit]. 1968.
- Kristinn Reyr. *Ó trúboðsdagur dýr*. Letur, Reykjavík 1977.
- Kristinn Reyr. *Æsa Brá*. Letur, Reykjavík 1980.
- Kristján Árnason. „Hjá aldintrénu: Síðari grein um Kvæðabók Jóns Helgasonar“, *Tímarit Máls og menningar* 3/1988, bls. 263-277.
- Kristján Árnason. *Hið fagra er satt*. Reykjavík, Bókmenntafræðistofnun Háskóla

- Íslands 2004.
- Kristján frá Djúpalæk. „Dagur Austan“, *Nýji tíminn* 13. mars 1952 bls. 3.
- Kristján frá Djúpalæk. „Örlög bóka“, *Dagur* 5. nóvember 1982, bls. 4.
- Kristján Róbertsson. „Leyndarmál Lúkasar“, *Vísir* 5. júlí 1961, bls. 7.
- Kristmann Guðmundsson. *Dægrin blá*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1960.
- Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin gullna*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1962.
- Kristmann Guðmundsson. *Ísold hin svarta*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1959.
- Kristmann Guðmundsson. *Loginn hvíti*. Bókfellsútgáfan, Reykjavík 1961.
- La Bruyère, Jean de. „Skapgerðir“, þýð. Jón Eiríksson, *Birtingur* 4/1956, bls. 35-36.
- Laforgue, Jules. *Selected Writings*. Grove Press, New York 1956.
- Lagerlöf, Selma. *Gösta Berlings saga*, þýð. Haraldur Sigurðsson en Jóhannes úr Kötlum þýddi bundið mál. Reykjavík, Víkurútgáfan 1981.
- Lagerlöf, Selma. *Sveinn Elversson*, þýð. Axel Guðmundsson. Leiftur, Reykjavík 1945.
- Lausten, Martin Schwarz. *Kirkehistorie*. ANIS, Fredriksberg 2003.
- Lautréamont, Comte de. „Úr söngvum Maladors“ [brot úr], þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 4/1960 bls. 1-5.
- Lavery, Carl. *The Politics of Jean Genet's Late Theatre: Spaces of Revolution*. Manchester University Press, Manchester 2010.
- Leader, Zachary. „Introduction“ í *On Life-Writing*, ritstj. Zachary Leader. Oxford University Press, Oxford 2015, bls. 1-2.
- Lefèbvre, Henri. *Everyday Life In the Modern World*, þýð. Sacha Rabinovitch. Harper & Row, New York, Evanston, San Francisco og London 1971.
- Lefevere, André. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, þýð. María Vigdís Kristjánsdóttir. Reykjavík, Þýðingasetur Háskóla Íslands, 2013.
- Lejeune, Philippe. *On Autobiography*, þýð. Katherine Leary. Minnesota, University of Minnesota Press, 1989.
- Lemerre, Alphonse (ritstj.). *Anthologie des poètes français du XIXème siècle*, 3. bindi. París 1887-1888.
- Levi, Carlo. *Kristur nam staðar í Eboli*, þýð. Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1959.
- Lewis, Pericles (ritstj.). *The Cambridge Companion to European Modernism*. Cambridge University Press, Cambridge 2011.
- Lévi-Strauss, Claude. „Formgerð goðsagna“, þýð. Gunnar Harðarson, *Spor í*

- bókmenntafræði 20. aldar* ritstj. Garðar Baldvinsson o.fl. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 53-80.
- Lévi-Strauss, Claude. *Structural Anthropology*, þýð. Claire Jacobson og Brooke Grundfest Schoepf. Basic Books, New York 1963.
- Lodge, Oliver. *Vér lifum eftir dauðann*, þýð. Kristmundur Þorleifsson og Víglundur Möller. Bókabúð Braga Brynjólfssonar, Reykjavík 1939.
- London, Jack. *Óbyggðirnar kalla*, þýð. Ólafur Friðriksson. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1951.
- Lorca, Federico García. *Blóðbrullaup: harmleikur í þrem þáttum og sjö myndum*, þýð. Hannes Sigfússon. Þjóðleikhúsið 1993.
- Lord Byron. *Childe Harold's Pilgrimage*. The Floating Press, Auckland 2009.
- Lucie-Smith, Edward [höfundur stuttra æviatriða Lara Vinca Masini]. *Nútíma listasaga: frá tjáafstæðu til rosaraunsæis*, þýð. Þorsteinn Thorarensen. Fjölvi, Reykjavík 1979.
- Lunn-Rockliffe, Katherine. „Inngangur“, í *Tristan Corbière: Oysters, Nightingales and Cooking Pots*, þýð. Christopher Pilling, ritstj. Richard Hibbitt. White Rose University Press, Leeds, Sheffield og York 2018, bls. vii-ix.
- Lytard, Jean-François. „The Sublime and the Avant-Garde“, í *The Lyotard Reader* ritstj. Andrew Benjamin. Wiley-Blackwell. Oxford og Cambridge MA 1991, bls. 196-211.
- Magnús Eiríksson. „Sölvi Helgason“, á hljómplötunni *Í gegnum tíðina með hljómsveitinni Mannakorn*, Fálkinn 1977.
- Magnús Jónsson. *Saga kristinnar kirkju*. Útgefanda ekki getið, Reykjavík 1941.
- Malcolm, David. *A Companion to the British and Irish Short Story* ritstj. David Malcolm og Cheryl Alexander Malcolm. Blackwell, Oxford og Malden MA 2008.
- Mallarmé, Stéphane. „Crisis in Poetry“, þýð. Bradford Cook, í *Toward the Open Field: Poets on the Art of Poetry 1800-1950*, ritstj. Melissa Kwasny. Wesleyan University Press, Middletown CT 2004, bls. 151-159.
- Mallarmé, Stéphane. *Divagations*, ritstj. Eugène Fasquelle. Bibliothèque-Charpentier, París 1897.
- Marx, William. „The 20th Century: Century of the Arrière-Gardes“, þýð. Jane Blevins í *Europa! Europa? The Avant-Garde, Modernism and the Fate of a Continent*, ritstj. Sascha Bru o.fl. De Gruyter, Berlin 2009, bls. 59-71.
- Matthías Jochumson. „Fögur er foldin“, nr. 96 í *Sálmabók íslensku kirkjunnar*.

- Skálholtsútgáfan, Reykjavík 2001.
- Matthías Johannessen. *Í kompaníu við allífið*. Helgafell, Reykjavík 1959.
- Matthías Viðar Sæmundsson. „Sagnagerð frá þjóðhátíð til fullveldis“, *Íslensk bókmenntasaga*, 3. bindi, ritstj. Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 767-882.
- Maupassant, Guy de. *Fitubolla*, þýð. Jón Óskar [óprentuð útvarpsleikgerð smásögu]. Ríkisútvarpið 1979.
- Maurois, André. *From Proust to Camus. Profile of Modern French Writers*, þýð. Carl Morse og Renaud Bruce. Doubleday & Company Inc. New York 1966.
- Mayeur, Jean-Marie og Madeleine Rebiroux. *The Third Republic from Its Origins to the Great War, 1871-1914*, þýð. J.R. Foster. Cambridge University Press, Cambridge og New York 1987.
- Már Jónsson. „Inngangur“, í Jean-Jacques Rousseau, *Samfélagssáttmálinn*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2004, bls. 9-56.
- Már Jónsson. *Dulsmál á Íslandi 1600-1920* [cand. mag.-ritgerð í sagnfræði], Háskóli Íslands 1985.
- McGrath, Alister E. *Christian Theology an Introduction*. Blackwell Publishing, Malden/Oxford/Victoria 2006.
- McGuinness, Patrick. „Introduction“, *T.E. Hulme: Selected Writings*, ritstj. Patrick McGuinness. Routledge, New York 2003, bls. vii-xlii.
- Menand, Louis. *Discovering Modernism: T. S. Eliot and His Context*. Oxford University Press, New York 2007.
- Michaux, Henri. „Vindurinn“, þýð. Einar Bragi. *Erlend nútímaljóð*, ritstj. Einar Bragi og Jón Óskar. Heimskringla, Reykjavík 1958, bls. 60.
- Michaux, Henri. *Darkness Moves: An Henri Michaux Anthology, 1927-1984*, ritstj. og þýð. David Ball. University of California Press, LA og London 1997.
- Miller, Arthur. *Allir synir mínir*, þýð. Jón Óskar [óprentað leikhandrit], Reykjavík 1958.
- Miller, L. og Stanley J. Grenz (ritstj.). *Introduction to Contemporary Theologies*. Fortress Press, Minneapolis 1998.
- Mischiu, Bodgan. „Caragiale, Ion Luca“, í *The Cambridge Guide to Theatre*, ritstj. Martin Banham. University of Cambridge Press, Cambridge 1992, bls. 159.
- Moore, Marianne. „Poetry“, *American Harvest: Twenty Years of Creative Writing in*

- The United States*, ritstj. Allen Tate og John Peale Bishop. Garden City Publishing Co., New York 1943, bls. 196-197.
- Murger, Henri. *Scenes from the Latin Quarter*, þýð. ekki getið. Capuchin Classics, London 2010.
- Murger, Henry. *The Latin Quarter*, þýð. Ellen Marriage og John Selwyn. Grant Richards, London 1901.
- Mykle, Agnar. „Óvinur að næturþeli“, þýð. Jón Eiríksson. *Dagskrá* 3/1958, bls. 41-44.
- Neijmann, Daisy. „Hringsól um dulinn kjarna“, *Ritið* 1/2012, bls. 115-139.
- Nietzsche, Friedrich. *Handan góðs og ills*, þýð. Þröstur Ásmundsson og Arthúr Björgvin Bollason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2005.
- Nietzsche, Friedrich. *Untimely Meditations*, þýð. R. J. Hollingdale. Cambridge University Press, Cambridge 1997.
- Noe, Marcia. „Henry Bellamann“, í *Dictionary of Midwestern Literature*, 1. bindi: *The Authors*, ritstj. Philip A. Greasley. Indiana University Press, Bloomington og Indianapolis 2001, bls. 56-57.
- Nýja testamentið. Hið breska og erlenda biblíufélag, London 1914.
- Ohles, John F. (ritstj.). *Biographical Dictionary of American Educators*. Greenwood Press, CT og London 1978, bls. 65-66.
- Ory, Carlos Edmundo de. „Jósep í kirkjugarðinum“, þýð. Jón Eiríksson. *Birtingur* 2/1958, bls. 36-39
- Ólafur F. Hjartar. „Íslensk bókaútgáfa 1887-1966“, og viðauki í *Árbók Landsbókasafns Íslands* 1967. Landsbókasafn Íslands, Reykjavík 1968. Viðauki í töfluformi.
- Ólafur Gunnarsson. *Listamannalaun*. JPV-útgáfa, Reykjavík 2018.
- Ólafur Jónsson. „Atómskáld og módernismi“, *Skírnir* 1981, bls. 101-125.
- Ólafur Jónsson. „Ástin og dauðinn við hafið“, *Alþýðublaðið* 22. nóvember 1968, bls. 7.
- Ólafur Jónsson. „Frá kreppu og hernámi“, *Vísir* 14. janúar 1974, bls 7.
- Ólafur Rastrick. *Háborgin: Menning, fagurfræði og pólitík í upphafi tuttugustu aldar*. Háskólaútgáfan / Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2013.
- Ólafur Rastrick. „Af erlendu vogreki: Íslensk þjóðmenning, útlend ómenning og viðtaka „óæskilegra“ menningaráhrifa“, *Íslenska þjóðfélagið* 1/2020, bls. 22-40.
- Panichas, George A. „Introduction to the Transaction Edition“, bls. vii-xx í *Literature, Culture and Religion*, Transaction Publishers, New Brunswick og London 2006.

- Panichas, George A. „Introduction“ bls. xxi-liii (1981) í *Literature, Culture and Religion*, Transaction Publishers, New Brunswick og London 2006.
- Papini, Giovanni. *Gog*. Vallecchi, Flórens 1931.
- Papini, Giovanni. *Saint Augustine*, þýð. Mary Prichard Agnetti. Harcourt, Brace and Company, New York 1930.
- Papini, Giovanni. *The Failure*, þýð. Virginia Pope. Harcourt, Brace and Company, New York 1924.
- Papini, Giovanni. *Un Uomo Finito*. Libreria della Voce, Flórens 1913.
- Papini, Giovanni. *Æfisaga Krists* [sérprent úr *Lögréttu*], þýð. Þorsteinn Gíslason. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík 1925.
- Parrinder, Patrick. „Science and Knowledge at the Beginning of the Twentieth Century. Versions of the Modern Enlightenment“, *The Cambridge History of Twentieth-Century English Literature*, ritstj. Laura Marcus og Peter Nicholls. Cambridge University Press, Cambridge 2004, bls. 11-29.
- Pasqualini, Mauro. „Origin, Rise, and Destruction of a Psychoanalytic Culture in Fascist Italy, 1922-1938“, *Psychoanalysis and Politics: Histories of Psychoanalysis Under Conditions of Restricted Political Freedom*, ritstj. Joy Damousi og Mariano Ben Plotkin. Oxford University Press, New York 2012, bls. 7-34.
- Páll Eggert Ólason: *Saga Íslendinga*, 5. bindi: *Seytjándi öld*. Menntamálaráð og Þjóðvinafélagið. Reykjavík 1942.
- Pearson, Hesketh. *Hesketh Pearson by Himself*. Heineman, London 1965.
- Pearson, Hesketh. *Oscar Wilde: ævisaga*, þýð. Haraldur Jóhannsson og Jón Óskar. M.F.A. Reykjavík 1956.
- Perkins, David. *A History of Modern Poetry: From the 1890s to the High Modernist Mode*. The Belknap Press of Harvard University Press, Cambridge MA og London 1976.
- Perloff, Marjorie. „Writing as Re-Writing: Concrete Poetry as Arrière-Garde“, *Interdisciplinary Humanities* 1/2008, bls. 68-89.
- Perse, Saint-John. „Vindar“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 173-181.
- Perse, Saint-John. *Útlegð*, þýð. Sigfús Daðason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1992.
- Pessoa, Fernando. *The Book of Disquiet*, þýð. Richard Zenith. Penguin Books, London 2015
- Pétur Pétursson. „Sköpunarfræðin í Árin og eilífðin“, *Guðfræði, túlkun og þýðingar*:

- Afmælisrit Jóns Sveinbjörnssonar*, ritstj. Gunnlaugur A. Jónsson. Guðfræðistofnun – Skálholtsútgáfan. Reykjavík 1998, bls. 223-240.
- Pétur Pétursson. *Trúmaður á tímamótum*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2011.
- Pischel, Gina og Þorsteinn Thorarensen. *Listasaga*, 1.-3. bindi. Fjölvi, Reykjavík 1975-1977.
- Pound, Ezra. „How I Began“, í *T.P.'s Weekly* 6. júní 1913, bls. 707.
- Pound, Ezra. *Söngvarnir frá Písa*, þýð. Magnús Sigurðsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2007.
- Primeau, Ronald. „On the Discrimination of Hulmes: Toward a Theory of the „Anti-Romantic“ Romanticism of Modern Poetry“, *Journal of Modern Literature* 3/1974, bls. 1104-1122.
- Proust, Marcel. *Contre Sainte-Beuve précédé de Pastiches et mélanges et suivi d'Essais et articles*. Gallimard, Paris 1971.
- Puchner, Martin. *Poetry of the Revolution: Marx, Manifestos and Avant-Gardes*. Princeton University Press, Princeton og Oxford 2006.
- Quasimodo, Salvatore. „Nú, þegar lýsir af degi“, „Enginn“, „Og brátt er komið kvöld“, „Nú flýgur blómið granna“, „Anno Domini MCMXLVII“, þýð. Jón Óskar, *Tímarit Máls og menningar* 1/1960, bls. 3-4.
- Rae, Patricia M. „T. E. Hulme's French Sources: A Reconsideration“, í *Comparative Literature* (Winter) 1989, bls. 69-99.
- Ragnhildur Richter (ritstj.). *Íslenskar konur: ævisögur*. Mál og menning, Reykjavík 2002.
- Ragnhildur Richter. *Lafað í röndinni á mannfélaginu: um sjálfsævisögur kvenna*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1997.
- Rainey, Lawrence. *Institutions of Modernism: Literary Elites & Public Culture*. Yale University Press, New Haven and London, 1998.
- Renard, Jules. „Svanurinn“, í Einar Bragi. *Gestaboð um nótt*, Hólar, Reykjavík 1953, án blaðsíðutals.
- Richet, Charles. „Afæturnar“, í Gestur [Guðmundur Björnsson]. *Undir ljúfum lögum*, Þorsteinn Gíslason, Reykjavík 1918.
- Rigolat, François. „Louise Labé“ í *French Women Writers*, ritstj. Eva Martin Sartori og Dorothy Wynne Zimmerman. University of Nebraska Press, Lincoln 1994, bls. 262-271.

- Rilke, Rainer Maria. *Minnisblöð Maltes Laurids Brigge*, þýð. Benedikt Hjartarson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2020.
- Rimbaud, Arthur [ónefnt ljóð], í *Uppljómanir og Árstíð í Helvíti*, þýð. Sölvi Björn Sigurðsson. JPV-forlag, Reykjavík 2016.
- Rimbaud, Arthur. „Drukkna skipið“ [brot úr], þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 3/1967 bls. 6.
- Rimbaud, Arthur. „Dögun“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 3/1967 bls. 5.
- Rimbaud, Arthur. „Kveðja“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 3/1967 bls. 2-4.
- Rimbaud, Arthur. „Kveðja“, þýð. Sölvi Björn Sigurðsson. *Uppljómanir & Árstíð í helvíti*, bls. 117-118.
- Rimbaud, Arthur. „Ma Bohême (Fantaisie)“, í *Rimbaud Complete*. Modern Library, Random House of Canada Ltd., Toronto 2003, bls. 403-404.
- Rimbaud, Arthur. „Mitt bóhemlíf“, þýð. Sölvi Björn Sigurðsson, í *Uppljómanir og Árstíð í helvíti*, bls. 121.
- Rimbaud, Arthur. „Morgunn“ [rétt um hálf ljóðið], þýð. ekki getið, *Landneminn* 2/1955, bls. 10.
- Rimbaud, Arthur. *Arthur Rimbaud Complete*, 1. bindi, ritstj. og þýð. Wyatt Mason. The Modern Library. New York 2003.
- Rimbaud, Arthur. Kalfli úr „Bréfi sjáandans“, í Sölvi Björn Sigurðsson, „Skógurinn sem komst að því að hann var fiðla“, *Uppljómanir og Árstíð í helvíti*, þýð. Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson. JPV-útgáfa, Reykjavík 2016, bls. 129-155.
- Rimbaud, Arthur. „Fyrrum ef ég man rétt“, í Jón Óskar, *Ljóðabýðingar úr frönsku*, bls. 68-69.
- Ronsard, Pierre de. „Sonnetta til Helenu“, í Helgi Hálfðanarson. *Á hnotskógi*. Heimskringla, Reykjavík 1955, bls. 67.
- Rousseau, Jean-Jacques. *Émile* [brot úr], þýð. Jón Óskar í *Týndir snillingar*, bls. 29-30.
- Rousseau, Jean-Jacques. *Samfélagssáttmálinn*, þýð. Björn Þorsteinsson og Már Jónsson, ritstj. Ólafur Páll Jónsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2004.
- Rousseau, Jean-Jacques. *The Confessions and Correspondence, Including the Letters to Malesherbes*, þýð. Christopher Kelly, ritstj. Christopher Kelly, Roger D. Masters og Peter G. Stillman. University Press of New England, Hanover og London 1995.
- Rousseau, Jean-Jacques. *The Confessions of J.J. Rousseau with The Reveries of the Solitary Walker*, þýð. óþekktur. J. Bow. London 1783.
- Rousseau, Jean-Jacques. *The Confessions*, þýðandi óþekktur. Wordsworth, Ware

- 1996.
- S.V.F. „Hreykinn stendur stafur á bók“, *Þjóðviljinn* 3. apríl 1958, bls. 7, 9.
- Saba, Umberto. *The Stories and Recollections of Umberto Saba*. Sheep Meadow Press, New York 1993.
- Salómon Heiðar. „Nokkur þankabrot um músik“, *Akranes* 1/1957, bls. 16-18.
- Sand, George. *Litla Skotta*, þýð. Jón Óskar. Sögusafn heimilanna, Reykjavík: 1983.
- Saroyan, William. *Leikvangur lífsins*, þýð. Guðjón Guðjónsson. Akranesútgáfan: Hrappseyjarprent, Reykjavík 1946.
- Sartre, Jean-Paul. *Orðin*, þýð. Sigurjón Halldórsson. Ararit, Akureyri 1994.
- Sartre, Jean-Paul. *Saint Genet, comédien et martyr*. Gallimard 1952.
- Sassoon, Siegfried. *Counter-Attack, and Other Poems*. E.P. Dutton & Company, New York 1918.
- Schiller, Friedrich. *Um fagurfræðilegt uppeldi mannsins*, þýð. Arthúr Björgvin Bollason og Þröstur Ásmundsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2006.
- Scholes, Robert. *Paradoxy of Modernism*. Yale University Press, New Haven og London 2006.
- Schuré, Edouard. *Vígðir meistarar*, þýð. Björn Magnússon. Bókaförlag Odds Björnssonar, Akureyri 1958.
- Albert Schweitzer. *The mysticism of Paul the apostle*, þýð. William Montgomery. H. Holt and Company, New York 1931
- Searls, Damion. „Introduction“, *Marcel Proust and John Ruskin, On Reading*, þýð. Damion Searls. Hesperus Press Ltd. London 2011, bls. xi-xxii.
- Seigel, Jerrold. *Bohemian Paris: Culture, Politics, and the Boundaries of Bourgeois Life, 1830-1930*, JHU Press, Baltimore 1999.
- Sell, Mike. „Bohemianism, the Cultural Turn of the Avantgarde, and Forgetting the Roma“, *The Drama Review* 51:2 (sumar 2007), bls. 41-59.
- Sereni, Luca. *Eugenio Montale. Life and Work*. Mask Press, Oxford og London 2017.
- Shakespeare, William. *Hamlet*, þýð. Helgi Hálfðanarson. Mál og menning, Reykjavík 1983.
- Sherry, Vincent. *Modernism and the Reinvention of Decadence*. Cambridge University Press, New York 2015.
- Shklovskíj, Viktor. „Listin sem tækni“, þýð. Árni Bergmann. *Spor í bókmenntafræði*

20. *aldar*, ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1991, bls. 21-42.
- Sigfús Daðason. „Rilke“, *Ljóð 1947–1951*. Heimskringla, Reykjavík 1951, bls. 11-12.
- Sigfús Daðason. „Um Saint-John Perse“, í Saint-John Perse. *Útlegð*, þýð. Sigfús Daðason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1992, bls. 113-151.
- Sigfús Daðason. „Þórbergur Þórðarson“, *Andvari* 1/1981, bls. 3-42.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. „Að koma Björgu á kortið: Heimspeki Bjargar C. Þorláksson í evrópsku samhengi“, *Björg: Verk Bjargar C. Þorláksson*, ritstj. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir), JPV útgáfa, Reykjavík 2002, bls. 159-182.
- Sigrún Pálsdóttir Blöndal. „Eðli og hlutverk kvenna“ *Hlín* 1/1926, bls. 89–121.
- Sigurður A. Magnússon. „Bókabáttur: Nóttin á herðum okkar“, *Morgunblaðið* 19. mars 1958, bls. 8.
- Sigurður A. Magnússon. „Leyndarmál Lúkasar“, *Morgunblaðið* 20. ágúst 1961, bls. 11.
- Sigurður A. Magnússon. „Nokkur brezk ljóðskáld“, *Félagsbréf AB* 5/1957-1958, bls. 64-78.
- Sigurður Árni Þórðarson. *Liminality in Icelandic religious tradition*. Vanderbilt University. Ann Arbor, MI 1989.
- Sigurður Grímsson. „Allir synir mínir“, *Morgunblaðið* 29. október 1958, bls. 6.
- Sigurður Guðmundsson. „Þjóðrækni Stephans G. Stephanssonar“, *Ingólfur* 9. maí 1909, bls. 65-66.
- Sigurður Nordal. „Eftirmáli við aðra próförk“, *Líf og list* 1/1951, bls. 6.
- Sigurður Nordal. „Einar Benediktsson“, *Kvæðasafn*. Bragi h.f. Félag Einars Benediktssonar, Reykjavík 1964, bls. xv-lviii.
- Sigurður Nordal. „Lognöldur“, *Fornar ástir*. Þór. B. Þorláksson, Reykjavík 1919.
- Sigurður Nordal. „Viljinn og verkið“, *Vaka* 3/1929, bls. 257-269.
- Sigurður Nordal. *Einlyndi og marglyndi*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1986.
- Sigurður Nordal. *Íslensk lestrarbók 1400-1900*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík 1924.
- Sigurður Pálsson. „Nokkur orð um Arthur Rimbaud og *Uppljómanir*“ *Uppljómanir & Árstíð í helvíti*, þýð. Sigurður Pálsson og Sölvi Björn Sigurðsson. JPV útgáfa, Reykjavík 2016, bls. 5-13.
- Sigurður Pálsson. „Tilraun um textafrelsi og tvö ungmenni“, *Af jarðarinnar hálfu*:

- Ritgerðir í tilefni af sextugsafmæli Péturs Gunnarssonar.* Háskólaútgáfan / Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Reykjavík 2008, bls. 11-18.
- Sigurður Pálsson. *Táningabók.* JPV-forlag, Reykjavík 2014.
- Sigurður Stefánsson. „Prestarnir, nýja guðfræðin og þjóðkirkjan“, *Bjarmi* 7/1914, bls. 49-53.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Kristin siðfræði í sögu og samtíð.* Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2004.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson. *Trú, von og þjóð – Sjálfsmynd og staðleysur.* Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2014.
- Sigurjón Björnsson. „Sagnfræðingurinn Sölvi Helgason“, *Morgunblaðið* 19. nóvember 1998, bls. 37.
- Sigvaldi Hjálmarsson. *Eins konar þögn: ábendingar í hugrækt.* Hliðskjálfi, Reykjavík 1973.
- Silja Aðalsteinsdóttir. „Atómið sundrast“, *Íslensk bókmenntasaga*, 5. bindi. Guðmundur Andri Thorsson ritstj. o.fl. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 41-87.
- Silone, Ignazio. *Leyndarmál Lúkasar*, þýð. Jón Óskar. Almenna bókafélagið, Reykjavík 1961.
- Skúli Magnússon. „Keflavík á fyrri öldum“, *Sunnudagsblað Tímans* 3. nóvember 1973, bls. 659-663 og 670.
- Snorri Sturluson. *Ólafs saga helga í Heimskringlu*, 2 bindi, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík 1991.
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Samferðamenn mínir mega fylkjast um mig og hlýða á játningar mínar“, *Andvari* 1/2001, bls. 158-168.
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Skáldævisagan: tilraun til skilgreiningar á bókmenntagrein“, *Skíma* 2/2004, bls. 41-44.
- Soupault, Philippe. „Óánægja“, í Anonymus [Jóhannes úr Kötllum]. *Annarlegar tungur.* Heimskringla, Reykjavík 1948, bls. 28-29.
- Sowell, Thomas. „Um launakenningu Karls Marx“, þýð. Haraldur Jóhannsson. *Tímarit Máls og menningar* 5/1960, bls. 388-396.
- St. V. „Sauðagærunni svift“, *Mjölur* 6/1935, bls. 54-56.
- Starobinski, Jean. *Jean-Jacques Rousseau: Transparency and Obstruction*, þýð. Arthur Goldhammer. University of Chicago Press, Chicago / London 1971.
- Stefán Hörður Grímsson. „Vetrardagur“, *Tímarit Máls og menningar* 2/1952, bls. 174.

- Steinar Örn Atlason. Inngangur að „Menntamenn“, *Ritið* 2-3/2009, bls. 141-144.
- Steinbeck, John. *Ægisgata*, þýð. Karl Ísfeld. Helgafell, Reykjavík 1947.
- Steindór Sigurðsson. *Eitt og annað um menn og kynni*. Bókaútgáfa Pálma H. Jónssonar, Akureyri 1948.
- Steindór Sigurðsson. *Mansöngvar og minningar*. Bókaútgáfa Pálma H. Jónssonar, Akureyri 1945.
- Steinn Steinarr. „Kvæði um Krist“, *Rauðir pennar* 1/1935, bls. 114-115.
- Steinn Steinarr. *Kvæðasafn og greinar*. Helgafell, Reykjavík 1964.
- Storm, John. *The Valadon Drama: The Life of Suzanne Valadon*. Dutton, New York 1959.
- Strindberg, August. *Leikrit*, 2 bindi, þýð. Einar Bragi. Strindbergsútgáfan, Reykjavík 1992.
- Strindberg, August. *Rauða herbergið: Lýsingar úr lífi listamanna og rithöfunda*, þýð. Hjörtur Pálsson. Reykjavík, Almenna bókafélagið 1979.
- Svanur Jóhannesson. *Prentsmiðjubókin*. Svanur Jóhannesson, Reykjavík 2020, bls. 203.
- Sveinn Bergsteinson. „Sigfús Elíasson og atómskáldin“, *Líf og list* 6/1950, bls 16-17, 20.
- Sveinn Einarsson. *Ég er gull og gersemi* [óútgefið leikhandrit]. Akureyri 1984.
- Sveinn Skorri Höskuldsson. *Að yrkja á atómöld*. Reykjavík, Helgafell, 1970.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „Og handinn mig hreif upp á háfjallatind“ í *Skorrdæla*, ritstj. Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003.
- Sveinn Yngvi Egilsson. „The wild has no words“, *Modernisme i nordisk lyrikk 1*. Institutionen for nordiska språk och nordisk litteratur, Helsingfors Universitet. Helsingfors, 2005, bls. 148–170.
- Sverrir Kristjánsson. „Hortugur heimspekingur“, *Mannlífsmyndir*. Forni, Reykjavík 1969, bls. 115-146.
- Sölvi Helgason. *Frakklandssaga*, ritstj. Jón Óskar. Ólafur Jónsson, Reykjavík 1998.
- Thor Vilhjálmsson. „Helgarsyrpa“, *Þjóðviljinn* 19-20. desember 1981, bls. 4.
- Thor Vilhjálmsson. „Quasimodo og ítölsk nútíma ljóðlist“ í *Birtingur* 1/1960, bls. 9-16, 24-26.
- Tigerstedt, Örnulf. „Etervind“, *Modärn Finlandssvensk Lyrik*, ritstj. Rabbe Enckell. Fahlcrantz & Co., Stokkhólmi 1991, bls. 189.
- Tillich, Paul. „Politische Bedeutung der Utopie im Leben der Völker“ í *Gesammelte*

- Werke*, 6. bindi, Evangelisches Verlagswerk, Stuttgart 1963.
- Tillich, Paul. *The Courage To Be*. Yale University Press, New Haven og London 2000.
- Tolstoj, Leo. *A Confession and Other Religious Writings*, þýð. Jane Kentish. Penguin, London 1987.
- Tolstoj, Leó og Shaw, Bernhard. „Bréfaskipti Leós Tolstojs og Bernhards Shaw“, þýð. Haraldur Jóhannsson. *Tímarit Máls og menningar* 2-3/1956, bls. 235-140.
- Torfi Jónsson. *Æviskrár samtíðarmanna*, 3. bindi, Skuggsjá – Bókabúð Olivers Steins sf. útgáfistaðar ekki getið 1984.
- Tynjanov, Jurij. „On Literary Evolution“, þýð. C.A. Luplow, í *Twentieth-Century Literary Theory: An Introductory Anthology*, ritstj. Vassilis Lambropoulos og David Neal Miller. State University of New York Press, Albany 1987, bls. 152-162.
- Tynjanov, Jurij. „The Literary Fact“, þýð. Ann Shukman, í *Modern Genre Theory* ritstj. David Duff. Longman, London 2000, bls. 29-49.
- Tzara, Tristan. „Dada-söngur“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 203-205.
- Tzara, Tristan. „Kvöld“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 206-207.
- Tzara, Tristan. „Kvöld“, þýð. Jón Óskar. *Birtingur* 1-2/1957 bls. 3.
- Tzara, Tristan. „Marbendill“, í Jón Óskar, *Ljóðastund á Signubökkum*, bls. 201-202.
- Um ævi franska skáldsins og vísindamannsins Charles Richet:
<https://www.nobelprize.org/prizes/medicine/1913/ricet/biographical/> (sótt 4/11 2018).
- Ungaretti, Giuseppe. „Ljóð VI“, þýð. Guðbjörn Sigurmundsson. *Són* 9/2011, bls. 125.
- Valéry, Paul. *Cahiers / Notebooks 5*, ritstj. og þýð. Brian Stimpson, Paul Gifford, Robert Pickering og Norma Rinsler. Peter Lang, Frankfurt am Main 2010.
- Valéry, Paul. *Œuvres*, 1. bindi, ritstj. Jean Hytier. Gallimard Pléaide, París 1957.
- Valéry, Paul. *Outlook for Intelligence*, þýð. Denise Folliot og Jackson Mathews. Harper Torchbooks, New York 1963.
- van Stralen, Hans. *Choices and Conflicts: Essays on Literature and Existentialism*. Peter Lang, Brussel 2005.
- Varnarsamningur milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjana á grundvelli Norður Atlantshafssamningsins https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/varnarmal/varnarsamningur_isl.pdf (sótt á vefinn 23.2.2019).
- Verlaine, Paul. „Heimkoma“, í Magnús Ásgeirsson, *Þýdd ljóð*, 5. bindi, bls. 91.
- Verlaine, Paul. „Leiðsla“, í Magnús Ásgeirsson, *Þýdd ljóð*, 5. bindi, bls. 90.

- Verlaine, Paul. „Næturljóð“, þýð. Jakob Jóhannesson Smári, *Eimreiðin* 2/1933, bls. 352.
- Verlaine, Paul. „Svipir“, þýð. Sigurjón Friðjónsson, *Óðinn* 7-12/1932, bls. 50.
- Verlaine, Paul. „Tunglskin“, þýð. Sigurjón Friðjónsson, *Eimreiðin* 2/1933, bls. 173.
- Verlaine, Paul. „Tungsljós“, í Guðmundur Guðmundsson, *Erlend ljóð*. Reykjavík 1924, bls. 21.
- Verlaine, Paul. „Viðkvæm samræða“, í Jón Helgason. *Tuttugu erlend kvæði og einu betur*. Heimskringla, Reykjavík 1962, bls. 62-63.
- Verlaine, Paul. „Það allra bezta“, þýð. Sigurjón Friðjónsson. *Eimreiðin* 2/1933, bls. 174.
- Vernharður Eggertsson. *Því dæmist rétt vera ...*. Vernharður Eggertsson, Reykjavík 1936.
- Vésteinn Ólason. „Hetjukvæði utan Konungsbókar“, *Íslensk bókmenntasaga*, 1. bindi, ritstj. Vésteinn Ólason. Mál og menning, Reykjavík 2006, bls. 172-179.
- Victor, Paul-Émile. *Upp á líf og dauða*, þýð. Jón Óskar. Fróði, Reykjavík, 1962.
- Viðar Hreinsson. *Andvökuskáld: Ævisaga Stephans G. Stephanssonar*, 2. bindi. Bjartur, Reykjavík 2003.
- Vindsetmo, Björg. „Forord“, í Hans Jæger. *Fra Kristiania Bohemen*, 1. bindi, bls. i-iii.
- Wacker, Gabriela. *Poetik des Prophetischen: Zum visionären Kunstverständnis in der Klassischen Moderne*. De Gruyter. Berlín og Boston 2013.
- Waltå, Göran O:son. *Poet Under Black Banners: The Case of Örnulf Tigerstedt and Extreme Right-Wing Swedish Literature in Finland 1918-1944*. Almqvist & Wiksell International, Stokkhólmi 1993.
- Ward, Humphry. „Introduction“, *Amiel's Journal: The Journal Intime of Henri-Frédéric Amiel*, þýð. Humphry Ward. Macmillan and Co. London 1921, bls. vii-xliii.
- White, Roger. *The Contemporaries: Travels in the 21st-Century Art World*. Bloomsbury Publishing USA, New York 2015.
- Wilde, Oscar. *Myndin af Dorian Gray*, þýð. Sigurður Helgason. Helgafell, Reykjavík 1949.
- Wilde, Oscar. *Salóme*, þýð. Sigurður Einarsson. Bókasafn Helgafells, Reykjavík 1946.
- Wilde, Oscar. *Úr djúpunum*, þýð. Yngvi Jóhannesson. Útgefanda ekki getið, Reykjavík 1926.
- Wilson, Edmund. *Handritin frá Dauðahafi*, þýð. Haraldur Jóhannsson.

- Morkinskinna, Akranesi 1957.
- Wilson, Elisabeth. *The Glamorous Outcasts*. Tauris Parke Paperbacks, London 2009.
- Wolzogen, Ernst von. *Sterkur vilji*, þýð. Guðmundur Hagalín. Prentsmiðjufélag Austurlands, Seyðisfirði 1923.
- Woodward, Ralph Lee. *Central America: A Nation Divided*. Oxford University Press, New York og Oxford 1999.
- Woolf, Virginia. *Sérherbergi*, þýð. Helga Kress. Svart á hvítu, Reykjavík 1983.
- Wright, Georg Henrik von. *Framfaragoðsögnin*, þýð. Þorleifur Hauksson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2003.
- Yeats, William Butler. *Ideas of Good and Evil*. A.H. Bullen, London 1903.
- Yngvi Jóhannesson. *Ljóðabýðingar*, 1. bindi, Stafafell, Reykjavík 1973.
- Yngvi Jóhannesson. *Ljóðabýðingar*, 2. bindi, Stafafell, Reykjavík 1980.
- [Ýmsir höfundar, minningargreinar um Jón Óskar]. „Jón Óskar“, *Morgunblaðið* 28. október 1998, bls. 42-44.
- [Ýmsir höfundar, minningargreinar um Jón Óskar]. „Jón Óskar“, *Morgunblaðið* 29. október 1998, bls. 52.
- [Ýmsir höfundar, minningargreinar um Kristinn]. „Kristinn Guðsteinsson“, *Morgunblaðið*. 14. desember 2000, 59.
- [Ýmsir höfundar, minningargreinar um Sigurð]. „Sigurður Skúlason magister“, *Morgunblaðið* 26. maí 1987, bls. 72-73.
- Zaretsky, Robert. *Albert Camus: Elements of a Life*. Ithaca, Cornell University Press, 2010.
- Þorlákur A. Jónsson. *Dagur Austan: ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson*. Völuspá, Akureyri 2009.
- Þorleifur Hauksson. *Úr þagnarhyl: Ævisaga Vilborgar Dagbjartsdóttur*. Mál og menning, Reykjavík 2011.
- Þorsteinn Antonsson (ritstj.). *Einn plús einn: bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar og Jóns Ýngva*. Skrudda, Reykjavík 2012.
- Þorsteinn Antonsson. „Inngangsorð“, *Einn plús einn: bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar og Jóns Ýngva*, bls. 5-9.
- Þorsteinn Antonsson. *Á jaðrinum: Afmælisrit Þorsteins Antonssonar samið af honum sjálfum*. Skrudda, Reykjavík 2013
- Þorsteinn Thorarensen. „Athugasemd frá Fjölva“, *Morgunblaðið* C, 15. desember

- 1991, bls. 36.
- Þorsteinn Þorsteinsson. „Þankabrot um ljóðbyltingar“, *Són* 3/2005, bls. 87-138.
- Þorsteinn Þorsteinsson. *Fjögur skáld: Upphaf nútímaljóðlistar á íslensku*.
Reykjavík, JPV-útgáfa, 2014.
- Þorsteinn Þorsteinsson. *Ljóðhús: Þættir um skáldskap Sigfúsar Daðasonar*. JPV-
útgáfa, Reykjavík 2007.
- Þórbergur Þórðarson. *Íslenskur aðall*. Mál og menning, Reykjavík 1976.
- Þórbergur Þórðarson. *Sálmurinn um blómið*. Mál og menning. Reykjavík 1976.
- Þórbergur Þórðarson: „Endurfæðingarkróníkan“, *Þórbergur Þórðarson. fræðimaður, spámaður, skáld fimmtugur 1889 12. marz 1939*, samansafnað af Stefáni Einarssyni, Heimskringla, Reykjavík 1939.
- Þórhallur Þorgilsson. „Albert Camus og Sísifosargoðsögnin“, *Dagskrá* 1/1958, bls. 55-61.
- Þórunn J. Hafstein. „Alþjóðasáttmálar á sviði höfundaréttar“, *Tímarit lögfræðinga* 3/1985, bls. 183-190.
- Þröstur Helgason. *Opna svæðið: Tímaritið Birtingur og íslenskur móðernismi*.
Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands / Háskólaútgáfan, Reykjavík 2020.
- Örn Ólafsson. „Únglingurinn í skóginum og Alþingi. Viðtökur framúrstefnu“, *Skírnir* 1985, bls. 71-91.
- Örn Ólafsson. *Kóralforspil hafsins. Móðernismi í íslenskum bókmenntum*.
Skjaldborg, Reykjavík 1992.
- Örn Ólafsson. *Rit Thors Vilhjálmssonar. Útgefanda ekki getið, útgáfustaðar ekki getið*, 2016.